




3 1761 06929563 2







Islandingska - ogur
v. 1. 1. 1. 1. 1.

ÞÓRÐAR SAGA HRÆÐU.

BÚID HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMÆÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.
1900.

PT

7260

76A1

1891

5.6

FÉLAGSPRENTSMIDJAN.

FORMÁLI.

Þórdar sögu hræðu hefir Halldór Kr. Friðriksson gefið út í Kaupmannahöfn 1848 í sögum þeim, sem fornritafélag Norðrlanda gaf út um þær mundir (Nordiske Oldskrifter VI). Áðr hafði sagan verið gefin út í sögubók þeirri, sem prentuð var á Hólum 1756, og heitir: „Nokkrer margfrooder sögubætter Islendinga“.

Útgáfa Halldórs Kr. Friðrikssonar er gerð eftir skinnbókum, en þær eru allar ungar, frá 15. öld og ein frá 17. öld. Hann hefir líka haft pappírshandrit til samannburðar.

Í þessari útgáfu er eingöngu fylgt útg. H. Kr. Friðrikssonar, nema að því leyti, að framan við söguna er prentað upphaf sögunnar eins og það er í broti af sögunni í Vatnshyrnu. Þetta brot hefir dr. Guðbrandr Vigfússon gefið út 1860, aftan við Bárðarsögu Snæfellsáss (Nordiske Oldskrifter XXVII), og þar er einnig prentað niðrlag sögunnar eftir sama broti, enn það niðrlag er hér prentað í viðbæti aftan við söguna. Sögubrot þessi úr Vatnshyrnu eru svo algerlega ólík þeirri Þórdar sögu, sem er í heilu lagi, að ekki er hægt að steypa þeim saman við hana, enn þá verður heldr ekki hjá því komizt að gefa þau líka út.

Sagan er í prentuðu útgáfunum kölluð Þórdar saga hræðu, og nafnið er skrifað svo í mörgum handritum, enn í sumum handritum er það þó ritað hræða, og svo mun orðið hafa verið fram borið fram á þessa öld, sem sjá má

á ýmsum vísnum, þar sem hræða er rímað saman við önnur orð. Auk þess má nokkurn veginn sanna það, að orðið hræða sé sama orð og hræði, sem kemr fyrir í Elucidarius og merkir hræring eða óstöðugleik; hræða er því = hræra. Framburðrinn á orðinu hræða, sem er öðruvís enn á orðinu hræði, gat líka breytt í hreða.

Dr. Guðbrandr Vigfússon segir, að svo mikið verði sýnt, að Þórðr hræða hafi aldrei lifað á Íslandi. Hann ræðr það líklega af brotinu úr Þórðar sögu í Vatnshyrnu, en á það er ekki að treysta, því það er auðsjáanlega ekki fornt.

Enn Jón prófastr Jónsson að Stafafelli hefir í ritgerð í Tímariti Bókmentafélagsins XIX, 1898, fært góðar ástæður fyrir því, að Þórðar saga komi vel heim við tímatal, og að ættirnar í niðrlagi hennar muni styðjast við söguleg rök, en þær nefna allmörg nöfn, sem ekki eru nefnd annarsstaðar.

Frásagnirnar í sögunni eru auðvitað ekki áreiðanlegar. Hún er eflaust færð mjög seint í letur, enda getr hafa lifað lengi í munnmælum, því fremr sem fornsmíðar þær, sem eignaðar hafa verið Þórði hræðu, hafa haldið munnmælunum á lofti.

Þannig eru munnmæli um „leiði“ Þórðar hræðu á Miklabæ í Óslandshlíð, sem sagan getr þó ekki um. Í þetta leiði var grafið 1723 eða 1724, og segir Páll Vídalín, að það hafi reynzt forndys, en litlar menjar fundust þar.

Vísurnar í Þórðar sögu eru fremr óvandaðar og þar að auki eflaust aflagaðar. Hefir verið reynt að lagfæra þær nokkuð í þessari útgáfu.

Tímatali er hér slept, en viðburðir þeir sem sagan segir frá ættu að hafa gerzt eftir miðja tíundu öld.

Upphaf Þórðar sögu

(eftir Vatnshyrnu.)

Hrólfur í Bergi Upplendinga konungur var faðir Sölga konungs, föður Bödvars konungs, (föður) Kauns, föður Þóris konungs svíra, föður Ónars konungs, (föður) Arnar hyrnu; hans synir voru þeir Þorleifr hvalaskúfr, faðir Bödvars snæprimu, föður Þorleifs miðlungs; annarr Áslákr bifru-kári, faðir Ketils hörða-kára; hann var ágætr maðr. ok réð fyrir Upplöndum; hann lagði undir sik þrjá konunga af sinni hreysti ok harðfengi, ok eignaðist þeira ríki. Hann átti mörg börn, ok er frá honum kominn hinn gildasti ættbogi ok mart stórmenni. Þessi voru börn Hörðakára: Þorleifr hinn spaki, Ögmundur. Öl-móðr enn gamli, Þórðr hræða, Þóra móðir Úlf-ljóts, er lög hafði til Íslands. Ögmundur var faðir Þórólfs skjálgs, föður Erlings á Sóla. Öl-móðr enn gamli var faðir Áskels, föður Ásláks fitjaskalla, föður Sveins bryggjufóts, föður Bergþórs bukks, föður Sveins. Úlfjótr son Þóru Hörðakáradóttur hafði út lög til Íslands at ráði

Þorleifs ens spaka móðurbróður síns, þau er síðan váru kölluð Úlfjótsslög. Enn er hann kom út, var alþingi sett, ok höfðu allir menn síðan ein lög hér á landi. Enn lög þau váru sett flest at því sem þá váru Gulapingslög, og eftir ráði Þorleifs ens spaka hvar við skyldi leggja eða af taka. Þat var upphaf laga þeira, at menn skyldi eigi sigla at landinu með gínandi höfðum eða gapandi trjónum, svo að landvættir fældist við. Enn þá er landinu var skift í fjórðunga, skyldu vera þrjú þing í hverjum fjórðungi, enn þrjú höfuðhof í hverju þingi. Þar váru menn vandaðir til (at) varðveita hofin at hyggindi ok réttlæti. Þeir skyldu dómnefnur eiga á þingum ok stýra sakferli; þeir váru kallaðir hofgoðar. Hverr maðr skyldi gefa toll til hofs, svá sem nú er kirkjutíund. Baugr tvíeyringr eða meiri skyldi liggja á stalli í höfuðhofi hverju; þann baug skyldi hofgoði hafa á hendi til allra mannfunda ok rjóða hann þar í roðru blótnauts þess er hann blótadi. Hann skyldi vinna eið at baugi, ok nefna vátta í þat vætti, at hann ynni lögeið at baugi: — „hjálpi mér svo Freyr ok Njörðr ok Áss enn almatki, sem ek skal svá sök sækja eða verja, eða vætti bera, eða kviðu kveða, eða dóm dæma, ok öll lögmæt skil af hendi leysa, sem ek veit réttast ok sannast ok helzt at lögum, þau er undir mig koma“. Svá sagði vitr maðr Þormóðr, er þá var allsherjar-

goði, at með þessum orðum ok þingmörkum helguðu langfeðgar hans alþingi alla æfi. Gunnarr hét son laga-Úlfhljóts; hann átti Þóru, dóttur Helga ens magra; þeira son var Ketill í Djúpadal.

2. Þórðr hræða var fyrst kallaðr son Ketils hörða-kára; hann var ágætr maðr á Upplöndum; hans son var Klyppr hersir; annarr son hans var Steingrímr, þriði Eyjólfrr; Sigríðr hét dóttir hans. Klyppr hersir var enn ágætasti maðr af örvi sinni og atgervi, eftir sem foreldri hans var til; hann átti Ólofu Ásbjarnardóttur; þeira dóttir hét Guðrún, kvenna vænst ok vitrust ok skörungr enn mesti. Þórðr hræða kvángaðist í elli í annan tíma eftir er hin fyrri kona hans var dauð. Hann fekk þá Helgu Vémundardóttur jarðlokars, Þórólfssonar váganefs, Hrærekssonar slöngvanbauga, Haraldssonar hilditannar Danakonungs. Þá færði Þórðr byggð sína í ey þá er Hísing hét: hann var þá bæði gamall og sköllótt; var þá skift um viðrnefni hans, ok var hann þá kallaðr Þórðr Hísingarskalli.

3. Bárekr er maðr nefndr; hann réð fyrir eyjum þeim, er Brenneyjar heita; hann var berserkr, svá menn kölluðu hann eigi einhama; fjölkunnugr var hann, ok at flestu illa fallinn; hann hafði hár bæði stórt ok svart; því var hann Brenneyjarfaxi kallaðr. Bárekr gerði ferð sína til Hísingar ok bað Sigríðar dóttur Þórð-

ar, en hon vildi eigi gera at því; við þat reiddist Bárekr, ok kveðst því skyldu þann drepa er hennar bæði. Við þat reiddist Þórðr hræða ok skoraði á hólmi Báreki innan þriggja náttu; var Þórðr átræðr at aldri. Helga kona hans var kviðug at barni. Þórðr var svo búinn, er hann á hólminn gekk: hann hafði hjálm á höfði, enn sverð í hendi; refil hafði hann vafit um enn vinstra armlegg sér; ekki hafði hann hlífar fleiri, enn Bárekr hafði hjálm á höfði, ok brynju, enn sverð í hendi, skjöld á hlið; hann átti fyrri at höggva. Enn er hann hjó til Þórðar, brá hann við sverðinu hendinni, ok bar svá af sér höggit, enn hjó annarri hendi til Báreks ok stefndi á höfuðit, enn Bárekr bar upp fyrir skjöldinn. Þórðr lét skjótt síga sverðit ok slæmdi til niðri, ok undan honum fótinn þar er kálfinn var mestr. Fell Bárekr þá ok mælti: „Nú munu vit skilja, því ek em sárr vorðinn“. Leysti Bárekr sik þá af hólmi sem lög stóðu til, ok helt heim síðan. Enn er Þórðr kom heim, sá menn, at hann var sár á vinstri hendi ok eigi mjök. Þat sár greri illa svá at blástr hljóp ok illendi í, ok þat varð honum at bana, því at eitr hafði verit í sverðseggjum Báreks. Síðan fæddi Helga sveinbarn; þat var vatni ausit ok nafn gefit, ok skyldi heita Þórðr eftir feðr sínum. Þat var merki á sveininum, at hann hafði ör á vinstra armlegg, þar sem faðir hans

hafði særðr verit; tók hann þá þegar auknefni föður síns, þat er hann hafði fyrri, ok var kallaðr Þórðr hræða. Móðir hans andaðist af sængrför, enn Þórðr óx þar upp í Hising þar til er hann var tólf vetra; var hann þá hverjum manni stærri ok sterkari, vænni ok vílegri, ok vel at íþróttum búinn. Allir váru þeir bræðr hans miklir menn ok sterkir, vænir ok stórmannlegir sem þeir áttu kyn til. Sigríðr systir þeira var kvenna vænst ok högust þeira er þar uxu upp henni samtíða: þau váru öll fulltíða menn þegar Þórðr var tólf vetra. Nú býr Þórðr ferð sína ór Hising ok vill hitta Bárek föðurbana sinn. Þeir vóru tólf á skipi jafnaldrar hans, ok kunnir engi árarlag. Enn er þeir kómu skamt fram með landi, sá þeir skip stórt sigla í móti sér; þar var þá kominn Bárekr, ok ætlaði að nema burt Sigríði. Hann spurði hverir á bátinum væri. Þórðr sagði til sín, ok spurði Bárek at erendum, enn hann sagði fyrirætlan sína. Þórðr svarar: „Fyrr vil ek skora þér á hólm ok hefna svá föður míns, ef þess verðr auðit, enn at þú hertakir systur mína“. Bárekr kvað þat eigi barnafæri. Þó varð svá at vera sem Þórðr vildi. Þórðr bar af sér hit fyrsta högg Báreks með skildi, enn hjó undan Báreki fótinn fyrir ofan kné þann er heill var, enn í öðru höggi hjó hann höfuðit af Báreki.

Fór Þórðr heim síðan í Hising, ok þótti hann mikit hafa vaxit af verki þessu.

5. Í þann tíð réð fyrir Noregi Eiríkr konungr blóðöx; hann átti Gunnhildi konungamóður; þeira synir váru þeir Haraldr gráfeldr, Gamli, Guthormr, Guðröðr, Sigurðr slefa, Ragnfröðr, Hrærekr, Eyvindr ok Tosti. Ok er Þórðr vóx upp, lysti hann til Gamla konungs hirðar Gunnhildarsonar, er allra manna var vinsælastr í Noregi ok réðst til fylgðar við konung. Litlu síðar varð höfðingjaskifti í Noregi; kom í land Hákon Adalsteinsfóstri, enn Eiríkr konungr ok Gunnhildr urðu útrekin með sonum sínum ok landflótta. Varð Eiríkr konungr at Norðymbra-landi. Hann tók skírni á Englandi ok fell í viking. Enn þegar synir hans höfðu þroska til, lögðust þeir í hernað, ok váru enir mestu stríðsmenn.

6. Dvaldi Þórðr hræða nú með Gamla konungi; hann var þá tólf vetra sem fyrr er sagt, ok virðist konungi hann afbragðsmaðr um alt þat er hann skyldi reyna. Hann var með honum þrjá vetr; gekk hann jafan í mannhættu fyrir konungi í hverjum háska, þegar konungr var í bardögum, ok var enn röskvasti í öllum mannraunum, bæði at hug ok hjartaprýði; fekk hann því mikla virðing ok metorð. Var hann af slíku víðfrægr ok dvaldist þar vel lengi í góðu yfirlæti. Ok er hann hafði verit þrjá vetr með

Gamla konungi, gekk hann fyrir konung ok beiddi hann orlofs at vitja frænda sinna ok fara til Upplanda. Gamli konungr svarar: „Leyfa skal þér, Þórðr, at fara þangat sem þú vilt, enn ósýnt þykki mér um fundi okkra; enn vel hefir þú með oss verit. Nú skulu vit eigi skildir at vináttu, þó vit skiljum at samvistum. Hér er eitt sax, er ek vil gefa þér; vilda ek at þú lógaðir eigi, nema þú eigir lífi þínu að forða „— ok segir at gæfa hefir fylgt saxinu. Þórðr segir: „Þykki þér þat sýnna, fóstri minn“. at þat muni þurfa. „Eigi þykkir mér þat ólíklegt“, segir Gamli, „því at þú ert eigi ávalt jafnforsjáll ok fyrirleitinn um þinn hag ef þér býðr við horfa“. Ok skildu þeir Gamli með hinni mestu vináttu ok fór Þórðr til Upplanda ok fundust þeir Gamli aldri síðan. Litlu síðar fell Gamli konungr sem segir í æfi Noregskonunga, ok gerði Haraldr gráfeldr með bræðrum sinum enn mesta ófrið í Noregi. Enn ena síðustu orrustu áttu þeir á Hörðalandi í Stord í Fitjum, ok fekk Hákon konungr sigr ok banasár. Hann andaðist við Hákonarhelli; þar hafði hann ok fæddr verit, ok er hann heygðr á Sæheimi. Eiríkssynir lögðu land undir sik. ok létu þeir öllum mönnum lögum, þeim sem Hákon konungr hafði sett í landinu. Þeir gáfu ok höfðingjum nafnbætr, sem áðr höfðu haft feðr þeira ok svá ríki. Enn er þeir vóru seztir í ríki ok

festir í landi. Þá þótti þeim ofmikit vald hafa Sigurðr jarl í Þrándheimi; þeir kómu norðr til hans um nótt, tóku hús á honum ok brendu hann inni. Þeir drápu ok Guðröð konung ok Tryggva föður Óláfs konungs, ok marga aðra ágæta menn tóku þeir af lífi. Á þeira dögum var í Noregi hallæri mikit bæði á sjó ok landi, svá margir göfgir menn þoldu eigi vanrétti ok rangendi, ok drápu bændr ríkismenn





Þórðar saga hræðu.

Þórðr hét maðr, son Hörða-Kára, mikill at virðingu. Hann var höfðingi yfir þeim heruðum, er honum váru nálæg. Hann var hersir at nafnbót, enn jörlum var hann frammar at mörgum hlutum. Hann hafði fengit göfugt kvánfang. Hann átti við húsfreyju sinni þrjá sonu ok eina dóttur; hét hinn elzti Steingrímur, annarr Klyppur, þriðji Eyjólfur, enn dóttir Sigríðr. Öll váru börn þeira mannvænleg. Klyppur var þó fyrir þeim bræðrum. Allir váru þeir miklir menn ok furðulega sterkir, vænir ok stórmannlegir, sem þeir áttu kyn til. Sigríðr systir þeira var allra kvenna vænst, ok ofláti mikill ok skapstór. Hon var allra kvenna högust, þeira er þar uxu upp henni samtíða. Ok sem þeir bræðr váru nær fulltíða menn, tók Þórðr faðir þeira sótt ok andaðist, ok var útferð hans vegleg ger eftir fornum sið. Ok er erit

var drukkit, fæddi húsfreyja Þórðar sveinbarn, bæði mikit ok frítt. Því var nafn gefit, ok vildi húsfreyja, at Þórðr hétu eftir föður sínum; kveðst þat hyggja, at verða myndi mikilmenni, ef í ætt brygði. Ok er Þórðr óx upp, var hann mikill ok sterkr, vænn ok stórmannlegr, harðgerr, óvæginn við alla þá, sem honum var lítt við, enn vinsæll við alþýðu; hann var mildr af fé ok blíðr viðmælis, vinfastr; hann var gleðimaðr mikill, ok manna fimastr við alla leika; syndr var hann hverjum manni betr ok skáld gott. Í þann tíma réðu Gunnhildarsynir ríki í Noregi, er þetta var tíðenda. Ok er Þórðr óx upp, fýsti hann til hirðar Gamla konungs Gunnhildarsonar, er allra manna var vinsælastr í Noregi af öllum konungum, þegar leið Hákon Aðalsteinsfóstra. Þá var Þórðr tólf vetra, er hann réðst til hirðar Gamla konungs, og virðist konunginum hann afbragðsmaðr um alt þat, sem hann skyldi reyna, ok var með honum þrjá vetr; gekk hann jafnan fyrir konunginum í hverjum háska eða mannhættu, þegar konungurinn var í bardögum, ok fekk hann því mikla virðing ok metnað; var hann af slíku viðfrægr. Ok er Þórðr hafði verit þrjá vetr með Gamla konungi, sagði hann konungi, at hann fýstist at vitja eigna sinna. Konungr mælti: „Góða fylgd hefir þú oss veitta, ok mikils háttar maðr mantu verða“. Kon-

ungr spretti af sér saxi, er hann var vanr at bera daglega, og mælti til Þórðar: „Hér er eitt sax, er ek vil gefa þér. ok ek hygg, at gifta muni fylgja; þar með skal fylgja vinátta mín“. Þórðr þakkaði honum þenna sóma ok allan annan, er hann gerði til hans. Konungr mælti: „Þess bið ek, at þú gefir engum manni eða lógir, nema þú eigir höfuð þitt at leysa; ok er eigi ólíklegt, at þess munir þú ok við þurfa“. Þá svarar Þórðr: „Ek ætla mér, herra, ekki álangdar frá yðr at vera, meðan ek á kost yðr at fylgja“. Þá segir konungr: „Þat man eigi vera; því at vit munum aldri sjást, síðan vit skiljum nú“. Þórðr varð fár við orð konungs ok svaraði engu, ok tók síðan orlof af konunginum, ok fór heim til búa sinna, ok urðu frændr hans honum fegnir. Hafði Klyppr bróðir hans tekit undir sik allar eignir þeira bræðra, ok gerzt höfðingi yfir þeim heruðum, sem fadir þeira var áðr yfir skipaðr; var hann ok hersir at nafnbót. Enn litlum tíma síðar enn Þórðr fór í braut frá Gamla konungi, börðust þeir Hákon konungr hinn góði ok Gamli konungr; ok í þeiri orrustu fell Gamli konungr, sem segir í sögum Noregskonunga.

2. Sigurðr konungr slefa, Gunnhildarson, var óeirðarmaður mikill um kvennafar. Hann lagði í rekkju hjá sér Álöfu, dóttur Skeggja á Yrjum. Hon var húsfreyja Klypps hersis Þórðarsonar.

Þórðr eggjar Klypp bróður sinn til hefnda oftlega. Ok einn tíma kom Þórðr at máli við bróður sinn ok mælti: „Hvernin er þetta? Hvárt viltu ekki reka þá svívirðing af höndum þér, sem á liggr við Sigurð konung, ok verða svá at undri ok hafa hvers manns á-mæli, ok þykkja aldri mega heita slíkr maðr sem þínir fyrri frændr, ef þú skalt sitja Sigurði konungi þvilíka vanvirðing, at hann leggi í rekkju hjá sér þína eiginkonu, svá at þú leitar eigi til hefnda? Þó at við nökkurn liðsmun sé at eiga, þá er betra at láta líf sitt við sæmd, ef þess verðr auðit, heldr enn þola atgerðalaust þvilíka vanvirðing. Vil ek bjóðast til ferðar með þér, ok vér allir bræðr, heldr enn þola lengr, svá vér leitum eigi til nökkurra hefnda með þér, hversu sem tákast vill“. Þá svarar Klyppr: „Satt segir þú þat, bróðir, at nóg væri nauðsyn at reka þessarrar vanvirðingar, ef færi gæfi á, ok fullfúss em ek til at hefna honum minnar vanvirðingar“. Eftir viðrtal þeira bræðra gera þeir allir bræðr heiman ferð sína með mikinn flokk manna og stefna á Upplönd, þangat sem þeir spurðu at Sigurðr konungr var á veizlu. Ok er þeir kómu á þann bæ, sem konungr var fyrir ok sat yfir drykkjuborðum, skipa þeir bræðr sínum mönnum til inngöngu; bað Þórðr, at sá skyldi fyrstr út ganga, er síðast gekk inn; skal Klyppr ganga

fyrstr inn, þar næst Þórðr, þá Steingrím, þá Eyjólf, síðan hverr sem skipat var. Allir höfðu þeir alvæpni, með hjálmum ok skjöldum ok brugðnum sverðum. Ok er Klyppr hersir kom fyrir Sigurð konung, reidir hann upp sverðit ok höggr konung í höfuðit ok klauf hann í herðar niðr; hné hann dauðr á borðit fram. Eftir þetta snúa þeir bræðr utar eftir höllinni; ok í því heyrði Þórðr brest á bak sér aftr, ok sér hann, at Klyppr bróðir hans var höggvinn banahögg. Þat gerði sá maðr, er hét Hróaldr Ögmundarson, Hörða-Kárasonar; hann var náskyldr þeim Þórdarsonum. Hann stóð fyrir konungsborðinu, er þeir kómu inn, ok því vörðust þeir hann ekki. Þann mann vá hann annan, er hét Ögmundr ok var Valþjófsson. Ok er Þórðr sá fall bróður sins, hjó hann til hans Hróalds, ok sneið hann í sundr fyrir ofan mjadmirnar. Síðan hlupu menn upp um alla stofuna ok brugðu vápnum, ok veittu þeim bræðrum mikla atsóka; enn þeir vörðust vel ok hreystimannlega; neytir Þórðr þá vel saxins er Gamli konungr hafði gefit honum, ok varð margs manns bani, áðr enn hann kóms út. Fór þar sem jafnan, ef menn missa skjótlega sinna höfðingja, at flestum verðr bilt eftir at sækja sínum óvinum; ok fór þar ok svá, ok fóru þeir bræðr heim til búa sinna. Þessi tíðendi fréttir Haraldr konungr skjótlega: fall Sigurðar kon-

ungs bróður síns, ok ætlar at gera menn til þeira bræðra ok láta drepa þá. Þá var konungrinn norðr í landi, ok því varð seinna gert til þeira enn ella myndi; stefndi hann þing ok lét gera þá bræðr útlaga fyrir endilangan Norveg, enn kastaði sinni eign á þeira eignir.

3. Nú er frá því að segja, at þeir bræðr kómu heim ok sögðu fall Sigurðar konungs ok Klypps bróður síns. Þá kvað Þórðr vísu:

- (1) Ek segi víg, þau er vágu
virðendr þrimugirðis.
Klyppr rauð brand í blóði
burs ilda Gunnhildar.
Þar fell hjalms í höllu
hlaut Klyppr bana af gauti.
Þar vák þolla fjóra
þremjalax með saxi.

Þóttust þeir bræðr nú vita, at þeir myndi eigi mega haldast við innanlands fyrir ríki Haralds konungs og Gunnhildar. Frændr þeira ok vinir fýstu þá at selja jarðir sínar til lausafjár, ok lögðu þat til, at Þórðr skyldi leita til Íslands; sögðu þangat mart stórmenni komit, ok hafa landflóttu orðit fyrir Noregskonungum. Þá svarar Þórðr: „Ekki hafða ek ætlat at flýja ódul mín; enn með því at margir göfgir menn hafa sér þetta látit nægja, at byggja Ísland, þá má vera, at slíkt nökkut liggi fyrir“. Síðan bjóst Þórðr til Íslandsferðar ok með honum bræðr hans, Steingrímur ok Eyjólfur, ok Sigríðr systir hans. Þau höfðu of lausafjár. Hann

hafði níttján menn á skipi með sér. Síðan lét hann í haf. Þat var öndvert sumar. Þeir váru mánuð í hafi ok kómu við Vestmannaeyjar, ok sigldu svá vestr fyrir landit, ok svá norðr fyrir Strandir, ok lögðu þar inn á flóann ok nær hinu nyrðra landinu, ok sigldu inn í einn fjörð, ok tóku þar land nær vetrnóttum. Skjótt kómu menn til þeira. Þeir spurðu, hvat fjörðr sá héti, er þeir váru at komnir. Þeim var sagt, at þeir váru komnir í Miðfjörð. Þeir lendu í Miðfjarðarósi. Þá var Miðfjörðr albygðr. Skeggi bjó at Reykjum, er kallaðr var Miðfjarðar-Skeggi. Hann var son skinna-Bjarnar. Því var skinna-Björn kallaðr, at hann var vanr at sigla í Austrveg kaupferð, ok færa þaðan gráskinn, bjór ok safala. Skeggi var garpr mikill ok einvígismaðr. Hann var lengi í vikingu. Ok eitt hvert sinn kom hann við Danmörk ok fór til Hleiðrar, þangat sem haugr Hrólfs konungs kraka var, ok braut hauginn ok tók á braut sverðit Hrólfs konungs, Sköfnung, er bezt sverð hefir komit til Íslands, ok öxina, er Hjalti hafði átt hinn hugprúði; enn hann náði eigi Laufa af Bödvari bjarka; því at hann fekk hvergi sveigt hans armlæggi. Síðan bar Skeggi Sköfnung. Miðfjarðar-Skeggi var höfðingi mikill ok auðigr. Hann var frændstórr. Allir Miðirðingar heldu hann fyrir höfðingja. Hafði Björn faðir hans

numit allan Miðfjörð. Var hann goðorðsmaðr yfir Miðfirði ok víða annarsstaðar. Eyjólfr hét góðr bóndi. Hann bjó á Ósi ok var ríkr maðr. Annarr bóndi er nefndr Þorkell. Hann bjó á þeim bæ, er á Söndum heitir, fyrir vestan fjörðinn, gegnt Ósi. Hann var litilmenni, enn auðigr at penningum, ok vinr Skeggja at Reykjum. Þorkell hafði boðit Skeggja barnfóstr, ok var Eiðr sonr Skeggja at fóstri á Söndum í þann tíma, er Þórðr kom í Miðfjörð. Eyjólfr bóndi frá Ósi kom fyrstr manna til kaupmanna. Hann hafði tal við kaupmenn. Þórðr spurði, því bændr myndi svá seinir til skips. Eyjólfr kvað þat vana, at Skeggi kæmi jafnan fyrstr til skips, ok tæki þat af varningi, sem honum líkaði; svá tæki hann ok þat af kaupmönnum til sín, sem hann vildi, til vistar. Þórðr kvað mikit um ríkilæti hans — „ok er mér hitt sagt hér landsmanna vani, at finna kaupmenn af hafi komina ok fréttu tíðenda“. Eyjólfr svarar: „Föru vit til fundar við Skeggja, ok man hann vel fagna þvílíkum manni sem þú ert“. Þórðr segir: „Heima man ek vera við skip mitt, ok biða svá þess er at höndum kemr“. Þá mælti Eyjólfr: „Ek mun fara at finna Skeggja ok segja honum skipkvámuna“. Þórðr segir: „Mantu eigi gera sem þér líkar?“ Síðan skildu þeir; fór Eyjólfr til Reykja at finna Skeggja, ok sagði honum skipkvámuna ok svá

hverr stýrimaðr var. Skeggi kveðst gerla þekkja Þórð ok hans foreldra; kvað hann gegnan mann — „ok hefir ekki komit hingat til lands göfgari maðr né fremri“ — ok lét vel yfir honum. Eyjólfur bað Skeggja ríða til skips ok kjósa þat sem hann vildi af kaupmönnum heim til sín. Skeggi svarar: „Jafnan hefi ek raun af því, at þér unnið mér sæmdar af öllum hlutum, enn nú vil ek unna yðr einn tíma þeirrar virðingar, at kjósa þat af kaupmönnum, sem þér vilið, því at engan vil ek til mín taka af þessum skipverjum. Enn þat ræð ek þér, at þú heitir því einu Þórði, at þú efnir vel, því at litit man honum fyrir þykkja, at láta einnhvern til jarðar hniga, ef honum riss við“. Síðan skildu þeir. Reid Eyjólfur til skips ok fann stýrimann ok sagði Þórði tal þeira Skeggja. Þórður svarar: „Bezta ferr þér; enn sjá þykkjumst ek á slíku, at Skeggi vill yfast við mér; þykkir mér ok meiri ván, at litit tillæti veita ek honum“. Eyjólfur mælti: „Þat væri minn vili, at vér fyndim Skeggja“. Þórður svarar: „Hvergi man ek fara; enn með því at Skeggi vill engan kaupmann til sín taka, at sita á aðra hönd honum í vetr, þá fæði hann strúg sinn á aðra hönd sér, meðan honum líkar“. Eyjólfur bað Þórði til vetrvistar með sér heim til Óss, enn hann bað hann vista kaupmenn sína þar um fjörðinn. Þórður þakkaði honum

boð sitt, enn kvaðst eigi vilja með honum vist hafa. Þórðr beiddist at Eyjólftr seldi honum á leigu landit um vetrinn, ok þat gerði Eyjólftr, enn hann fór bygðum á Torfustaði, því at hann átti þar annat bú, enn Þórðr tók við búi at Ósi. Síðan lét hann flytja heim farm allan, enn réð skipinu til hlunns. Með Þórði fóru heim bræðr hans ok systir ok allir skipverjar. Sitr Þórðr um kyrt þann vetr. Ekki lét Skeggi til sín taka; mælast þeir Þórðr ekki við, þótt þeir finnist. Eigi lætr Skeggi sem hann viti um kaup þeira Þórðar ok Eyjólftr eða breytni. Þórðr hafði fjölment ok var hinn mesti gleðimaðr, ok svá váru þeir allir bræðr. Þórðr varð skjótt vinsæll af heraðsmönnum. Heldr líkaði Skeggja þat lítt; þótti líklegt, at hann myndi vilja verða höfðingi yfir Miðfirði. Ok því öfundaði hann Þórð; því at hann var harðlyndr ok þoldi eigi at aðrir væri látnir jafnfram honum. Þórðr hafði leika um vetrinn, ok váru þeir bræðr at leikum ok Bæjarmenn. ok váru þeir engir at jafnbíði Þórði um allan finleik ok afl. Þórðr var umsýslumaður mikill ok hinn mesti þjóðsmiðr. Um vetrinn reisti Þórðr ferju niðr við Miðfjarðarárós, ok var þar löngum um dagana: ætlaði hann at ferjan skyldi ganga til stranda at vári til fangs. Leið svá fram til jóla. Ok er kom at jólum, sendi Skeggi mann til Þorkels á Sanda, ok bauð

honum til jólaveizlu ok húsfreyju hans; bað hann ok at sveinninn Eiðr skyldi fara með þeim. Hann var þá ungr. ok þó nökkut á legg kominn. Síðan bjuggust þau heiman frá Söndum atfangadag fyrir jól, ok með þeim sveinninn Eiðr. Svá var veðri farit, at gerði á þey með regni, enn Miðfjarðará ófær. ok tók at leysa ána köflum lit efra, enn við fjörðinn var fært með skip. Ok er Þorkell setti fram skipit, kallaði Þórðr á hann ok mælti: „Ófær er áin, maðr!“ segir hann. Þorkell svarar: „Gættu smíðar þinnar, ek man ferðar minnar“. Ræð Þorkell nú til árinna: váru þau þrjú á skipinu. Ok er þau kómu á megin árinna, leysti sem óðast ána ok fórst þeim seint: rak þau nú eftir ánni fyrir ísinum ok straumi: ok eigi létti fyrr enn hvelfði skipinu; höfðu þau kaffarar ok helt við druknan. Enn með því at þeim var lengra lifs auðit, kom Þorkell þeim á kjöl; rak nú skipit til sjávar, ok gegnt því sem Þórðr var at smíðinni ok Steingrímr bróðir hans hjá honum. Þá kallaði Þorkell á hann Þórð til bjargar þeim. Þórðr segir: „Ek man gæta smíðar minnar, enn þú ferðar þinnar“. Steingrímr mælti: „Ger vel, bróðir minn, ok hjálpa mönnunum: því at nú liggir lif þeira við, ok sýn ment þína“. Þórðr kastar þá hinum yztum klæðum; síðan kastar hann sér til sunds ok legst út til skipsins, ok varð hann

at brjóta ísinn ok hrinda frá sér ýmsa vega. Ok er hann kom at bátnum, tók hann fyrst sveininn Eið ok lagði í millum herða sér, knýtti þar at utan einu snæri ok legst til lands með hann, ok bað Steingrim bróður sinn hjálpa við sveininum, svá honum ornaði, því at honum var kalt orðit. Síðan leitar hann út til skipsins ok tók konu Þorkels — ok var hon mjök dösuð — ok flutti hann hana til lands. Hit þriðja sinn legst hann til skipsins ok flytr Þorkel til lands. ok var hann at bana kominn af kulda. Steingrimr spurði: „Því fluttir þú sveininn fyrst?“ Þórðr segir: „Því flutta ek Eið fyrstan, at mér segir svá hugr um, at mér verði at þessum hinum unga manni mikit gagn, ok hann muni gefa mér lif; enn því flutta ek Þorkel síðast, at mér þótti hann mest mega við kuldinum; enda þótti mér at honum minstr skaði“. Síðan tók Þorkell klæðaskifti: enn hann hrestist ok kona hans. Eftir þat fara þau hjón til Reykja, enn Þórðr bauð Eiði heim með sér til Óss. Eiðr kveðst þat gjarna vilja þiggja, ok var þar langan tíma. Enn nú er at segja frá því, at Þorkell kemr til Reykja ok sagði sínar eigi sléttar. Skeggi kvað hann mikla óhamingjuför farit hafa — „enn látið son minn eftir hjá þeim manni, sem mestr ofsamaðr er“ — kveðst svá hugr um segja, at þar myndi koma, at mikit væri gef-

anda til, at Eiðr hefði þar aldri komit til Þórðar. Enn er jólin liðu, fór Þorkell heim, ok kom um leið til Óss, ok bað Eið með sér fara. Eiðr svarar: „Eigi man ek með þér fara; skaltu eigi oftast setja mér fjörráð“. „Eigi vilda ek þér heldr bana ráða enn sjálfum mér“, segir Þorkell. Fór Þorkell heim, ok er hann ór sögunni.

4. Eiðr var Þórði jafnan fylgjusamr; enda var Þórðr alltillátssamr við hann. Þórðr var löngum at ferjusmiðinni niðri við ósinn ok Eiðr hjá honum. Þat var einn dag, at Þórðr var at skipsmiðinni ok sveinninn Eiðr hjá honum. Þórðr hafði jafnan hjá sér saxit Gamlanaut, ok svá var enn. Eiðr tók upp saxit ok lék at. Þetta sér Þórðr ok mælti: „Lízt þér vel á saxit, fóstri minn?“ Hann svarar: „Allvel“, segir hann. Þórðr mælti: „Þá vil ek gefa þér saxit“. Eiðr mælti: „Aldri man ek geta launast þér jafngóðan grip, enn vináttu mína vil ek gefa þér, fóstri minn, ok man hon þykkja lítills verð“. Þórðr svarar: „Haf þú þökk fyrir, fóstri minn, ok mantu bæði launa oft ok stórum“. Síðan fóru þeir Þórðr heim, ok sýndi Eiðr saxit öllum heimamönnum ok þótti allvænt um. Litlum tíma síðar kom Eiðr til Reykja at finna föður sinn. Skeggi tók honum ekki blítt ok spurði: „Því þótti þér þat fóstur betra, at vera með Þórði, enn þat fóstur, er ek

fekk þér með Þorkeli?“ Eiðr svarar: „All-ólíkt er þetta fóstr fyrir alls sakir; því at Þórðr er mikils háttar maðr, ok má af honum gott hljóta; enn Þorkell er litilmenni ok heimskr; hann vildi bana mér fyrir sakir óvizku ok forsjáleysis; enn Þórðr gaf mér líf; ok hann hefir gefit mér hinn bezta grip“. Skeggi mælti: „Af umsjá Þorkels mundi þat, er þú fekt líf; mundi hann eigi heldr vilja þér bana enn sjálfum sér eða konu sinni. Enn sjá vil ek þann grip, er þú lætr svá mikillega yfir, hvárt mér þykkir svá mikils um vert“. Eiðr sýndi honum þá saxit. Skeggi brá saxinn, ok leizt allvel á ok mælti: „Auðsét er þat, at þenna grip hafa átt tígnir menn, ok er þetta allmikil gersemi, ok eigi trúi ek, at hann hafi þvílíkan grip, svá fágætan, þér gefit“. Þá svarar Eiðr: „Eigi þykki mér þá líklegt, at þú munir styrkja mik til launanna, ef þú vilt eigi trúa, at hann hafi gefit mér“. Skeggi mælti: „Gjarna vilda ek at þú hefðir þenna grip eigi þegit“. Eiðr svarar: „Eigi lízt okkr þetta einninn“. Eftir þetta ferr Eiðr heim til Óss, ok varð fátt af kveðjum með þeim feðgum í því sinni. Þórðr fagnaði vel fóstra sínum ok spurði eftir tali þeira feðga. Eiðr sagði alt sem farit hafði. Þórðr svarar: „Slíks var mér at ván; ok allmjök vill faðir þinn ýfast við mér. Ok svá segir mér hugr, sem fleira muni til vand-

ræða með okkr föður þínum ok hans frændum enn sjá megi fyrir, hvern enda eiga man, ok mantu jafnan með miklum vanda verða í milli at ganga“. Eidr svarar: „Gott væri, ef ek mætta nökkut gott at vinna í millum ykkar“.

5. Ásbjörn hét maðr. Hann var son Þorsteins hvíta ok Sigríðar systur Miðfjarðar-Skeggja. Hann kom út hingat til Íslands þetta sumar í Blönduósi í Langadal. Ok er Skeggi frétti útkvámu frænda síns, reið hann til skips, ok fagnar vel Ásbirni frænda sínum, ok býðr honum heim með sér við svá marga menn sem hann vildi. Þetta boð þiggr Ásbjörn, ok reð skipi sínu til hlunns, ok fór síðan heim til Reykja við þriðja mann. Ásbjörn var manna mestr ok hinn fríðasti maðr ok vel látinn. Hann var rammr at afli, svá varla fanst hans jafningi fyrir afis sakir. Hann var gleðimaðr mikill. Hann gekk jafnan til laugar at skemta sér. Ok einn dag gengu þeir Skeggi til laugar eftir vanda, ok lágu við laugina ok töludust við. Þenna dag gekk Sigríðr frá Ósi til laugar með léreft sin, ok bjóst í þann tíma heim. Hon gekk þar hjá sem þeir lágu. Ásbjörn var drambmaðr mikill at klæðabúnaði. Þeir sáu hvar konan gekk. Hon var í rauðum kyrtli ok hafði blá yfirhöfn: var konan bæði fríð ok mikil ok at öllu allvaskleg. Ásbjörn reis upp við olnboga ok leit um öxl til

hennar. Hon nam staðar ok leit til hans ok gekk síðan heim. Þá spurði Ásbjörn, hvat konu þat væri — „þykki mér ván, at sjá kona myndi geta ástir af mér“. Skeggi svarar: „Hon heitir Sigríðr ok er dóttir Þórðar Hörða-Kárasonar; enn þat ræð ek þér, at þú skiftir þér þar engu af við hana“. Ásbjörn spurði, því þat skyldi vera. Skeggi svarar: „Þeir bræðr hennar eru fullir ofrkapps ok hinir mestu óeirðarmenn. Hygggr þú, at þeir muni þér hlífa, ef þeim ríss við, þar sem þeir drápu Sigurð konung slefu, son Eiríks konungs?“ Ásbjörn svarar: „Þat hafða ek ætlat, at vera sjálfráði fyrir hverjum manni hér í landi“. Skeggi segir: „Þat ferr sem reynist, hvárt þú ert einhlítr áðr þér skilið, ef þú leitar nökkut á þá, frammar enn þeim likar“. Eftir þat gengu þeir heim.

6. Nú er frá því at segja, at Sigríðr kom heim til Óss; gekk Þórðr bróðir hennar í móti henni. Hann mælti: „Því ertu svá litverp, systir? ok lízt mér sem hann hafi fengit þér litar, Ásbjörn veisugalti; enn mart man verða í leikum, áðr enn hann fær þín“. Svá fór fram um vetrinn, at alt var kyrt. Aldri gat Ásbjörn Sigríðar. Knattleikar váru í millum Reykja ok Óss á Miðfjarðarísi; því at snimma lagði fjörðinn. Þá var gott til knárra manna í Miðfirði. Þórðr var knástr at leikum ok

Ásbjörn frændi Skeggja. Ekki var Skeggi at leikum, því at hann var af hinu mesta æskuskeiði, enn þó sem hraustastr til vápns; sat hann hjá ok þótti allmikit gaman at. Aldri mæltust þeir Þórðr við ok heldr var þar fátt í milli. Þat var einn dag, at Þórðr var at leik ok Ásbjörn, ok skyldu þeir á leikast. Ok einn tíma feldi Þórðr hann Ásbjörn allmikit fall, svá bops kvað í skrokkinum á honum. „Ok fell nú veisugaltinn“, sagði Þórðr. Hann svarar fá um. Ok annat sinn, er þeir tókust til, þrífir Ásbjörn til Þórðar, svá at hann fell á kné. „Ok fór þar meyjarkinninn“, sagði Ásbjörn, „ok væri þér varla kvæmt í leik með röskum mönnum“. Þórðr segir: „Svá fremi veiztu þat, veisugalti, er vit reynnum vápna-skifti, hvárr þá á upp til annars at sjá, er vit skiljum þann leik“. Ásbjörn kveðst þess albúinn þá þegar ok hljóp til vápna; gengu menn þá í millum þeirra ok váru þeir skildir. Líðr nú af vetrinn. Reið Ásbjörn til skips síns um várit ok bjó þat til hafs. Skeggi reið til skips með Ásbirni við marga menn, því at honum þótti einskis ills örvænt fyrir Þórði. Sitr Þórðr heima ok lætr eigi sem hann viti. Ásbjörn kemr at máli við Skeggja: „Svá er mál með vexti, frændi, at mér leika kvánföng í hug, ok vil ek ráða ráði mínu“. Skeggi segir: „Hvar er kona sú, er hugr þinn horfir

helzt á?“ Ásbjörn segir: „Ekki er því at leyna, at þat er Sigríðr, systir Þórðar at Ósi; hon er sú kvenna, at minn hugr stendr mest til at fá“. Skeggi svarar: „Ekki þykki mér þetta líklegt, at okkr muni þetta tjá; ok ófúss er ek til at flytja þetta mál við Þórð, at þeim óþokka, sem millum ykkar er áðr“. Ásbjörn kvað þat eina hafa í millum borit, at lítills var vert, ok kveðst eigi vilja hins bezta kvenkostar missa fyrir þat — „ef ek kann at fá“. Þar kom, at Skeggi hét at biðja konunnar fyrir hans hönd. „Þykki mér ráð“, segir Skeggi, „at ekki bregðir þú utanför þinni fyrir þetta“. Reið Skeggi heim, enn Ásbjörn fór utan þat sumar. Eigi miklu síðar enn Skeggi kom heim spurðist skipkváma í Hvítá í Borgarfirði. Ok er menn fréttu þat, fór fjöldi manns norðan ór sveitum til kaupa við kaupmenn, bæði ór Miðfirði ok annarsstaðar. Skeggi bjóst ok til skips at riða með marga menn. Ok er Eiðr spurði, at faðir hans ætlaði til skips, mælti hann við Þórð: „Etlar þú nökkut til skips, fóstriminn?“ Þórðr segir: „Því man ek síðr þurfa varning enn aðrir bændr? ok skal ek at vísu fara“. Eiðr mælti: „Ek vil riða með þér ok heyra á mál manna, ok kynna mér svá kaupstefnu“. Þórðr segir: „Bæta man þat vára ferð, fóstri minn, at þú farir; segir mér svá hugr, at í þessarri ferð man ek þín mest þurfa, ef mínir

draumar vita nökkut“. Eiðr mælti: „Hvat dreymdi þik, fóstri minn?“ Þórðr segir: „Þat dreymdi mik, at ek þóttumst kominn til Hvítár í Borgarfirði ok eiga tal við útlenda menn, eigi sít um kaup nökkur; ok í því kómu í búðina vargar margir, ok var mér mikill viðbjóðr við þeim; síðan réðu þeir á mik ok vildu drepa mik ok rifu af mér klæðin, enn ek brá sverðinu ok hjó ek í sundr einn varginn í miðju ok höfudit af öðrum; síðan hlupu at mér vargarnir öllum megin, enn ek þóttumst verjast, ok varð ek mjök móðr, ok eigi þóttumst ek vita, hversu mér myndi vegna. Í því hljóp fram fyrir mik einn bjarnhúnn ok vildi verja mik, ok í því vaknaða ek. Nú þykki mér draumrinn tíðendavænlegr“. Eiðr mælti: „Auðsét er þat, at þetta eru mannahugir illir til þín. Nú væri þat mitt ráð, at þú riðir jafnsnimma heiman ok faðir minn, þó at þit mælist ekki við“. Þórðr mælti: „Gera má ek þat, fóstri minn, fyrir bæn þína“. Nú bjóst Þórðr til ferðar ok Eiðr með honum. Ok er Þórðr bjóst, mælti Sigríðr systir hans: „Þat vil ek, bróðir minn, at þú kaupir mér skikkju mjök vandada“. Þórðr svarar: „Svá skal vera, systir; enn svá segir mér hugr, at skikkjan verði fullkeypt áðr lúki“. Þeir Þórðr ok Eiðr riðu til skips jafnfram Skeggja: því at Eiðr bað Þórð

þess. Ok er þeir kómu til skips, tjölduðu þeir eina búð báðir.

7. Sá maðr kemr til sögunnar, er Jón hét. Hann bjó at Hvassafelli í Norðrárdal. Hann var vel fjáðr ok engi jafnaðarmaðr ok óvin-sæll. Guðrún hét kona hans, ofláti mikill ok metnaðarfull. Bróðir hennar hét Auðólfr. Glúmr hét faðir þeira. Hann bjó at Skarðs-hömrum. Þeir ætluðu að ríða til skips í þann tíma er þeir Þórðr ok Skeggi váru við skip. Ok er þeir ríðu heiman, mælti Guðrún við bónda sinn, at hann skyldi kaupa henni skikkju nökkura góða, því at hon var áburðarkona. Þessu heitr bóndi. Þeir ríða nú leið sína, þar til er þeir koma á Hvítárvöllu; þá var kaupstefna sem mest. Þeir Jón ok Auðólfr gengu um búðir. Þeir kómu í búð þess manns, er Þórir hinn auðgi hét, ok föluðu skikkju, ef til væri. Hann segir, kvað til vera skikkju — „ok man ykk, bóndi, þykkja dýr“. Jón svarar: „Lát heyra, hvat gjalda skal“. Austmaðr mat skikkjuna. Jóni þótti of dýr. Auðólfr vildi kaupa láta, ok bauð at leggja til af sínu. Jón gekk frá. Ok er þeir kómu út, eggjaði Auðólfr at kaupa skikkjuna — „ok hét ek því systur minni“. „Því skaltu eigi ráða?“ segir Jón, „ok göngum heim eftir verðinu“ — ok varð þetta dvöl nökkur. Þat er sagt, at þeir Þórðr ok Eiðr gengu um búðir ok föluðu

varning. Þeir kómu í búð Þóris ríka ok föluðu skikkjuna at Þóri. Þórir kveðst kenna Þórð ok hans foreldra — „ok vil ek eigi meta við þik; heldr vil ek, at þú þiggir skikkjuna“. Þórðr þakkaði honum — „ok vil ek þetta þiggja, ok láta hér liggja meðan ek geng eftir verðinu“. „Þat vilda ek“, segir Þórir, „at þú hefðir með þér“. „Engu man þat varða“, segir Þórðr, ok gengu þeir Eiðr at sækja verðit. Ok er Þórðr var í braut, koma þeir Jón ok Auðólfr inn í búðina ok báðu austmanninn þá láta til skikkjuna. Hann kvað þá selda skikkjuna — „því at þú vildir eigi þvilíkt við gefa, sem ek mat“. Jón kveðst þá hafa skyldu. Ok í því kómu þeir Þórðr ok Eiðr í búðina með skikkjuverðit. Þórðr greip til skikkjunnar. Auðólfr brá sverði ok vildi höggva til Þórðar. Jón hljóp ok at honum Þórði ok vildi höggva til hans. Þórðr brá skjótt sverðinu ok snerist at Auðólfi ok hjó í höfuðit; fell hann þegar dauðr á gólfít. Eiðr hljóp fyrir hann Þórð, er hann sá tilræðit Jóns, ok brá fyrir hann skildinum, enn tók skikkjuna undir hönd sér. Þetta sér Þórðr ok slæmir til Jóns með sverðinu, ok kom á hann miðjan, ok tók í sundr fyrir ofan mjadmirnar. Förunautar þeira Jóns sóttu þá at honum. Þórðr hopaði út ór búðinni ok hljóp á einn raftabulung, ok varðist þaðan vel ok skörulega. Drifu þá til her-

aðsmenn ok Borgfirðingar, ok vildu hefna þeira Auðólfs. Eiðr ferr þá at finna föður sinn, ok biðr hann at veita Þórði lið með sínum mönnum. Skeggi segir: „Hvat hefir Þórðr at hafzt þess, at hann er eigi einblítr?“ Eiðr segir: „Hann hefir vegit tvá menn“. „Hverir eru þeir?“ segir Skeggi. „Auðólfr ok Jón“, segir Eiðr. „Hvat varð til?“ segir Skeggi. Eiðr segir: „Þeir vildu ræna hann skikkju þeiri, er hann hafði keypt, ok annarr þeira vildi drepa hann, áðr enn ek hlífða honum; ok láttu eigi þá fæð, sem á millum ykkar hefir verit, svá ríkt ganga, at þú virðir meira enn þat, at hann er ór því heraði, sem þú ert; hann er ok minn lifgjafi ok fóstri“. Þá svaraði Skeggi engu. Eiðr gekk þá á braut ok þar til sem þeir sóttu at Þórði ok brá saxinu. Ok er Þórðr sá Eið föstra sinn mælti hann: „Hafðu þik ekki í hættu fyrir mik“. Enn er Eiðr var út genginn ór tjaldi föður síns, þá stóð Skeggi upp ok mælti: „Rýta man göltrin ef gríssinn er drepinn“. Tók hann þá Sköfnung ok gekk þangat til sem þeir sóttu at Þórði; hafði hann varizt svá drengilega, at þeir höfðu engu sári á hann komit; enn hann hafði sært marga menn. Ok er Skeggi kom til, gekk hann svá hart at, at þeir hrukku frá, er áðr höfðu sótt at Þórði. Síðan kom Skeggi á sættum með þeim; skyldi hann einn gera um

öll málin. Hann lauk þegar upp gerðinni. Skyldi Þórðr greiða tvau hundruð silfrs fyrir víg Jóns, enn Auðúlfr falla óheilagr fyrir fjör-ráð ok tilræði við Þórð. Þeir menn, sem sár-ir höfðu orðit fyrir Þórði, skyldu hafa sár sín bóttalaus fyrir fjör-ráð ok atsókn; ok með þessu skildu þeir. Reið Skeggi heim, þá er hann var búinn. Þórðr, reið jafnfram norðr, ok Eiðr með honum, ok töluðust þeir Skeggi ok Þórðr ekki við á allri þessarri leið. Þeir riða þar til, er þeir koma at Miðfjarðará. Þá mælti Skeggi: „Hér munu vér af baki stíga; því at ek á við þik, Þórðr, erendi“; ok svá gerðu þeir. Þá mælti Skeggi: „Ásbjörn frændi minn bað mik vekja bónorð fyrir hans hönd, ok vill hann láta biðja Sigríðar, systur þinnar; ok vil ek nú vita hversu þú vilt þessum málum svara“. Þórðr segir: „Litla vináttu á ek við Ásbjörn: hefir þú ok mér verit engi vin hér til; ok ekki kom mér þat í hug, at þú myndir hingat leita tengda fyrir frændr þína; enn veit ek, at Ásbjörn er stórborinn maðr og ríkr, ok mikilmenni af sjálfum sér; enn eigi veit ek, hversu bræðrum mínum eða henni er þetta kaup gefit“. Skeggi svarar: „Því kveð ek þik at málinu, heldr enn bræðr þína, at ek veit, at þeir vilja þínum ráðum hlíta, bæði um þetta ok alt ann-at“. Þórðr svarar: „Líklegir þykki mér þeir til vera at gera eftir mínum vilja; enn ekki gef

ek hana nökkurum manni, utan hennar samþykki sé til; enn ván þykki mér, at ekki brjóti hon þat á bak, er ek ræð“. Þá segir Eiðr: Þat vilda ek, fóstri minn, at vel svarir þú föður mínum um bónorðit, ok virðir mikils hans flutning“. Þórðr segir: „Svá skal vera; því at mikla liðsemd veitti Skeggi mér í þessarri ferð ok þat man ek nú láta á sjá; því at ek man gera kost á um bónorðit fyrir þinn flutning, Skeggi. Hon skal sitja í festum þrjá vetr; ok ef Ásbjörn kemr eigi út innan þeirra þriggja vetra, þá eru laus þessi mál; kemr hann fyrr til lands, þá er hann kominn til ráðahags með Sigríði“. Þessu játar Skeggi. Réttir Þórðr þá fram höndina, ok tekr Skeggi handsöl; váru þegar váttar at heitorði. Þá mælti Skeggi: „Nú hefir þér vel farit, Þórðr, enn hagskifti var þat, er systir þín fekk skikkjuna, heldr enn kona Jóns; þykki mér ok meiri ván, at Borgfirðingar megi miuni til reka, hverr yðarr fundr varð; man ek lengja nafn þitt ok kalla þik Þórð hræðu“. Þórðr sagði: „Vel líkar mér þat, þó þeir hafi nökkurar menjar minnar þarkvámu, ok svá þykki mér ok engi forþokki á nafni þessu; enn svá segir mér hugr um, at sjaldan muni hrædulaust í þessu heraði“. Eftir þetta riðu þeir heim. Ok er Þórðr kom heim, var honum vel fagnat. Hann var spurðr tíðenda. Hann sagði af hit ljósasta. Síðan kallaði hann

systkin sín til tals við sik, ok sagði þeim heitordit. Sigríðr svarar: „Bráðráðit þykki mér þú, bróðir, gert hafa um heitordit mitt, er ek var ekki at frétt áðr“. Þórðr segir: „Þat kaup skal ekki framar, enn þú vilt samþykkja“. „Þess var mér ván at þér; vil ek ok þinni forsjá hlíta hér um“. „Þórðr bað hana hafa þökk fyrir andsvörin; síðan fekk hann henni skikkjuna, ok sagði henni um viðskifti þeira Jóns ok Auðúlfs, ok kvað vísu:

- (2) Tvá lét ek Fáfnis fitjar
falla þar til jarðar
ýta, leifnis lautar
lind fagrviða, kindar;
áðr vildu þeir öldu
eit þvengs bana veita
brands með þenja vöndum
bingis, mæri, skerðendr særi.

„Sliks var at ván“, segir hon. Hér eftir sitr Þórðr heima um kyrt, ok var Eiðr jafnan með honum.

S. Þetta sama sumar kom skip í Blönduós í Langadal. Þar kom út Ormr, systurson Skeggja ok bróðir Ásbjarnar. Enn er Skeggi frétti útkvámu frænda síns, ríðr hann til skips, ok býðr Ormi heim með sér til vetrvistar, ok fór Ormr heim með honum. Ormr var svá háttaðr, at hann var hverjum manni meiri ok sterkari, rammr at afli ok hinn vasklegasti, ok fullr af ofrkappi, ok þótt engi sinn jafningi. Hann var hinn mesti vígamaðr, ok fullr upp ójafnaðar.

Þat var einn dag, at Ormr gekk til laugar, at Sigríðr frá Ósi var þar fyrir, ok ein kona með henni. Honum fanst mikit til hennar, ok spurði eftir, hvat kona hon væri. Honum var sagt, hvat hon hét, ok svá ætt hennar. Hann kom at máli við Skeggja ok mælti: „Svá er mál með vexti, at ek vilda, at þú bæðir Sigríðar frá Ósi til handa mér“. Skeggi svarar: „Þat man ek eigi gera við þessa konu; enn biðja vil ek hverrar annarrar konu sem þú vilt til handa þér“. Ormr svarar: „Annathvært vil ek at þú biðir Sigríðar, ellegar engrar“. Skeggi segir: „Því mynda ek biðja festarkonu Ásbjarnar bróður þíns?“ Ormr segir: „Þat hirði ek aldri, þó hon sé hans festarkona; viltu eigi biðja hennar fyrir mína hönd, þá man verða róstumikit í heraði; því at þá skal ek fifla hana, ok munu bræðr hennar þat banna, enn ek man ekki þat hirða; mantu þá verða til at hlutast“. Þá sagði Skeggi: „Eigi man Sigríðr fyrir þér fiflast láta; ok ætlar þú þér mikla dul, at fá hennar svá ósæmilega; ok man þér þetta draga til skammæðar; því at velta hefir Þórðr látið þyngra hlass, þar þeir bræðr drápu Sigurð konung slefu Gunnhildarson“. Ormr segir: „Verðr þat sem má; á þetta skal hætta, ef þú vilt eigi biðja konunnar mér til handa“. Skeggi segir: „Heldr vil ek fara með þessum orðum, enn vandræði standi af; ok mantu þó

illa við una, hversu sem svarat verðr“. Eidr varð þessa varr, er hann var á kynnisvist at Reykjum með föður sínum. Þeir feðgar gera Þórði orð, at hann komi til Reykja. Þórðr fór til Reykja, ok bræðr hans með honum. Skeggi heilsar Þórði glaðlega. Hann tók því vel. ok hvat undir orðsendingu hans væri. Skeggi segir: at Ormr frændi hans vildi fá Sigfrétti, ríðar systur hans. Þórðr segir: „Undarleg málaleitan er slíkt af þinni hendi; því at mér lízt Ormr, frændi þinn, meira eiga varit í fors ok óvizku, enn hamingju: er ok eigi ólíklegt, at þat reyni af bragði; eða veit hann eigi áðr, at konan er föstnuð bróður hans?“ Skeggi mælti: „Ormr er eigi heima, ok er ríðinn út í Langadal til skips“. Eidr mælti: „Þat vilda ek, föstri minn, at þú gerðir á nökkurn kost fyrir flutning föðurmíns“. „Svá skal vera, sem þú biðr“, segir Þórðr. „at á skal gera kostinn fyrir bænarstaðinn þinn ok flutning Skeggja; enn engan mynda ek á gera, ef Ormr hefði sjálfr beðit konunnar. Þau andsvör vil ek, Skeggi, gefa þínu máli, at þat er fyrst, at ek vil engu því bregða við Ásbjörn, sem ek hef honum lofat; ek vil, at Ormr fari utan í sumar, ok veri utan tvá vetr, enn eigi ván ráða, ef Ásbjörn kemr eigi til“. Skeggja þótti allvel svarat, ok höfðu hér við vátta. Reid Þórðr heim til Óss ok Eidr með honum. Lítit

gaf Sigríðr sér um þetta. Líðr nú þar til, er Ormr kemr heim, ok hafði búit skip sitt. Ormr spurði Skeggja at um erlendislok kvánbænanna. Skeggi sagði alt sem farit hafði. Ormi þótti Skeggi hafa laust fylgt. Skeggi bað hann þá virðing á leggja, sem hann vildi. Ormr bað hann hafa af sér enga þökk fyrir málalokin, ok varð reiðr mjök; kveðst aldri hirða, hvárt Þórði líkaði vel eða illa — „skal hon þá vera friðla mín“. Skeggi kvað hann furðu óvitran mann, er hann talaði slíkt. Eigi hafði Ormr heima verit, svá at nóttum skifti, áðr hann reið til Óss. ok settist á tal með Sigríði. Hon bað hann eigi þat gera; kvað Þórði mundu þykkja verr — „ok mantu finna skjótt mismiði á, ef þú gerir eigi at“. Ormr kvaðst hvergi varbúinn við Þórði, hvat sem þeir skyldi reyna. Hon sagði þat ok líkast, — „at þat reynir þú, ef þú venr hingat kvámur þínar; máttu til þess ætla, at ek man mér engu af skifta um þat, er til þín heyrir, meðan ek spyr ekki til Ásbjarnar, bróður þíns“. Skildu þau talit. Þórðr var at ferjusmið niðri við ósinn, ok ætlaði at halda henni til Stranda eftir skreið, ok fara sjálfr með. Ormr kom þrjá daga í samt til Óss. Ok þá talaði Þórðr við Orm: „Þat vil ek, Ormr, at þú hafir eigi hingat kvámur þínar til óþyktar við mik, enn ósæmdar við systur mína“. Ormr svarar um heldr illa

ok kveðst sjálfráði verit hafa ferðar sinnar fyrir hverjum manni, ok kveðst hyggja, at svá skyldi enn vera. Þórðr kvað þá eigi báða uppi skyldu, ef hann kæmi hinn fjórða daginn. Ormr lét af kvámum nökkurar nætr. Þórðr bjó ferjuna. Ok er hann var búinn, var þat einn morgin, at veðr var gott; þá ætlaði Þórðr at sigla út ór ánni. Heimakona gekk inn at Ósi, ok kvað gott veðr at þvá léreft sír. Sigríðr var vön at þvá léreft sín í læk þeim, er fellr hjá garði at Ósi. Hon fór með léreftin ok konan með henni. Þenna morgin hefir Ormr njósu af, at Þórðr man brátt sigla. Hann lætr taka sér hest. Ekki veit Skeggi til þessa. Síðan tók hann vápn sín. Hann reið út til Óss. og þangat í hvamminn, sem Sigríðr var. Hann sté af hestinum ok batt hann; síðan leggr hann af sér vápnin, ok gengr til hennar Sigríðar, ok setr hana niðr, ok leggr höfuð í kné henni ok leggr hennar hendr í höfuð sér. Hon spurði því hann gerði slíkt,— „því at þetta er á móti mínum vilja; eða mantu eigi ályktarorð bróður míns? ok man hann þat efna; sjá þú svá fyrir þínum bluta“. Hann segir: „Ekki hirði ek um grýlur yðrar“. Ok er Ormr kom í hvamminn, brá hon við heimakona, ok hljóp ofan til ferjunnar, ok sagði Þórði, at Ormr var kominn í hvamminu til Sigríðar. Þórðr brá skjótt við, ok tók sverð sitt ok skjöld. Hann hljóp upp

í hvamminn. Ormr lá í knjám Sigríði. Þórðr hljóp at Ormi ok mælti: „Statt þú upp og ver þik; er þat nú eigi verra, enn krjúpa at konum ok hörfa við mér“. Ormr brá við, ok seildist til sverðs síns, ok í því hjó Þórðr til Orms ok í sundr hinn hægra handlegginn. Í því brá Ormr sverðinu; ok í viðbragði hans brotnaði fótleggr hans. Þá hjó Þórðr höfuð af Ormi, ok gekk síðan heim til Óss, ok lýsti vígi Orms á hönd sér. Sigríðr bað Þórð bróður sinn forða sér. Hann brosti at orðum hennar ok sagði: „Hvergi man ek fara; því at ek kann engar leiðir; man ek senda mann til Reykja at segja Skeggja vígit Orms“. Hon segir: „Undarleggr maðr ertu, bróðir, því at Skeggi man skjótt hér koma, ok hefna frænda síns, með fjölmenni, ok hefir þú ekki megn at standa í stríði við hann, þó at þú sér garpr mikill“. Þórðr kveðst ekki at því fara. Síðan fann hann sauðamann sinn, ok bað hann fara til Reykja, ok segja Skeggja vígit. Hann kveðst þessa ófúss, enn lézt þó fara mundu, ef Þórðr vildi. „Seg ok þat með, at Skeggi láti færa í braut afglapa sinn“. Sveinninn fór sem hann bað, ok sagði Skeggja vígit Orms frænda síns. Skeggi varð reiðr mjök. Sveinninn mælti: „Þat bað Þórðr mik segja þér, at þú skyldir láta flytja í brautu afglapa þinn“. Skeggi safnar nú mönnum at sér, ok riðr út til Óss. Enn Þórðr var

heima við hinn tíunda mann, ok býst til varnar, þegar hann sér ferð Skeggja. Þar váru þeir bræðr báðir. Allir váru þeir velvápnaðir. Kveðst Þórðr nú hvergi mundu vægja fyrir Skeggja; kvað nú vel, at þeir reyni með sér. Þat er at segja, at þenna morgin hafði Eiðr farit til stóðhrossa sinna í Línakradal; þau hafði Þórðr gefit honum. Ok er hann frétti vigit Orms, skundaði hann heim til Óss, og vildi koma fyrr enn faðir hans; ok þat gekk honum. Enn er hann kom heim, sá hann viðrbúnað þeira, og tók vápn sín, ok gekk í lið með Þórði fóstura sínum. Þórðr mælti: „Eigi vilda ek, fóstri minn, at þú værir at þessum fundi; því at ek man nú ekki hlífa föður þínum, heldr enn öðrum manni ef hann sækir at“. Eiðr segir: „Hjá þér man ek vera, fóstri minn. hvat sem í gerist; því at eitt skal yfir okkr ganga; var mér þat þá í hug, er þú gaft mér líf, at ek skylda mitt líf leggja við þitt líf“. Þórðr segir: „Þá mantu mér bezt gefast, er mér liggr mest á“. Ok þá er þeir höfðu við talast, kom Skeggi við marga menn. Skeggi var hinn reiðasti. Ok er hann sér Eið, son sinn, í liði Þórðar, stöðvaði hann flokk sinn. Þórðr kastaði orðum á Skeggja ok bað hann at sækja; „því at nú er ek alþúinn at höggva uxann, þó feitr sé; því at nú er helzti gamall orðinn“. Þá segir Skeggi: „Eigi man ek at

sækja; því at ek vil eigi berjast við Eið; enn oft mantu til glæpa stefna“. Þórðr segir: „Meirrætla ek þér til koma hræðsla, enn huggæði, ef þú sækir nú eigi at“. Skeggi svaraði engu, ok reið frá ok heim. Ormr var heygðr í Miðfjarðarnesi.

9. Nú verðr að nefna fleiri menn til sögunnar. Þorvaldr hét maðr, góðr bóndi. Hann bjó í Langadal á þeim bæ, er heitir í Engihlíð. Hann var læknir góðr. Hann átti tvá sonu; hét annarr Einarr, enn annarr Bjarni. Indriði hét maðr, ok félagi Orms. Hann var mikill maðr, ok vígr hverjum manni betr, ok hinn beztu drengur. Hann var kominn út í Kolbeinsárósi. Hann var þá búinn til siglingar, er þetta var tíðenda. Özurr hét maðr. Hann bjó í Skagafirði á þeim bæ, er á Grund heitir. Hann var Arngrímsson. Jórunn hét móðir hans, ok var systir Miðfjarðar-Skeggja. Özurr var höfðingi mikill, því at hann hafði goðorð um hinn efra hlut Skagafjarðar ok út til móts við Hjaltasonu. Hann var ódældarmaðr, ok ekki var hann vinsæll; meiri ok sterkari, enn flestir menn ótrúr og undirhyggjufullr. Þórhallr hét maðr. Hann bjó á Miklabæ í Óslandshlíð. Ólof hét kona hans. Hon var væn kona, ok hinn mesti skörungr. Þórhallr var vellauðigr at fé; engi var hann kempa kallaðr ok heldr hræddr, ok at öllu hit mesta lítilmenni. Hann var hælinn ok hinn mesti skrumari, ok þóttist flest ráð

kunna. Ólof húsfreyja hans var Hrolleifsdóttir, þess er nam Hrolleifsdal upp af Sléttahlíð. Hon var fyrir þeim um alla hluti. Hafði hon verit gefin honum til fjár. Hon var ung, enn Þórhallr við aldr. Hon var læknir góðr. Kálfr hét bóndi einn í Hjaltadal. Hann bjó á Kálfsstöðum. Hann var mikilhæfr bóndi.

10. Nú er þar til at taka at Ósi, er Skeggi hefir heygja látið Orm, frænda sinn. Hann sendir mann norðr til Indriða, féлага Orms. at segja honum vigit; biðr hann búast norðan. ef hann vill nökkut leita til hefnda eftir féлага sinn; því at hann hafði svarizt í föstbræðralag við Orm, áðr þeir fóru til Íslands. Indriði brá við skjótt ok tók vápn sín. Hann hafði hjálm ok skjöld rauðan. mikit krókasþjót í hendi, gyrðr bitrlegu sverði. Honum fylgdu tveir austmenn ok aðrir tveir íslenzkir menn. Indriði reið frá skipi, þá er hann var búinn. Nú er þar til að taka, er þeir Þórðr ok Skeggi skildu at Ósi, at Eiðr talaði við Þórð: „Þat vilda ek fóstri minn, at þú riðir af heraðinu fyrst, en ek man annast um bú þitt, meðan þú ert á braut“. Þórðr segir: „Þú skalt ráða; enn ekki er mér mikit um að flýja bólstað minn“. „Svá hlýtr nú at vera at sinni“, sagði Eiðr, „því at eigi kenni ek kapp föður míns, ef þér dugir at sitja samtýnis við hann við svá búit“. Síðan bjóst Þórðr at heiman. Hann tók vápn

sín, skjöld ok hjálm, sverð ok spjót. Bræðr hans buðust til ferðar með honum. „Eigi vil ek þat“, sagði Þórðr, „því at ek vil ykkur í engi vandræði leiða með mér; enn hafid áðr í engum vígaferlum staðit með mér; ok haldið kyrru fyrir með fóstura mínum, þar til fleira verðr til tíðenda“. Síðan sté hann á bak ok bað alla heimamenn vel lifa. Síðan reið hann upp á háls til Línakradals ok einn maðr með honum til leiðsagnar. Hann léttir eigi fyrr leið, enn hann kemr út í Langadal til Engihlíðar síð um kveldit. Hann hafði grímu yfir hjálminum ok duldist. Synir Þorvalds þóttust kenna hann ok sögðu föður sínum. „Ok ef hann er, man tíðendum gegna, er hann ferr huldu höfði um heraðit“. Bóndi spurði hinn mikla mann at nafni. Hann sagðist Þórðr heita. „Ok ertu Þórðr hræða?“ Hann segir: „Kalla máttu svá, ef þú vilt; sá er maðrinn“. Bóndi segir: „Hverju geguir um ferðir þínar?“ Þórðr segir vígit Orms ok allan tilganginn, ok kvað vísu:

(3) Fátt kann ek fleygi hrotta,
 fegring um vák, segja;
 áðr vildi sá öldu
 ósæma Gná ljósa.
 Því varð ek bráðr, at brúði
 blakkrennir nam spennu
 váge; eun vildi eigi
 Vár unna blíks dára.

Þorvaldr sagði: „Mikil tíðendi segir þú, víg

Orms, frænda Skeggja, ok munu margir frændr eftirsjá veita með Skeggja“. Þórðr kvað vísu:

(4) Veitk at eftir ýti
ormreitar munu leita
frændr, ok vilja vendi
vápnðöggvar mik höggva.
Eigi veitk, þót ýti
egg reiði fram Skeggi
ríkr, hvárt ek renn frá leiki
reinarelds fyr einum.

Þorvaldr segir: „Eigi er þat ok vist: eða hvert ætlar þú nú at ríða?“ Þórðr svarar: „Norðr ætla ek fyrst til skips, er uppi stendr í Kolbeinsárósi, hvat sem þá legst fyrir“. Þorvaldr bauð honum Einarr son sinn til fylgdar, því at Þórði váru leiðir ókunnigar; skyldi hann fylgja honum norðr ór Vatnsskarði, þar til sem leiðir skildust. Þórðr þakkaði honum, ok dró fingr-gull af hendi sér ok gaf Þorvaldi. Bóndi þakkaði, ok bað hann sín vitja, ef honum líkaði. „Segir mér svá hugr, at þú munir í þessarri ferð verða reyndr um vápnfimi ok karlmensku; mantu svá eiga við at sjá, at Özurr frændi Orms man sitja um líf þitt, þá hann fréttir; því at hann er höfðingi mikill ok ódeildar-maðr“. Þórðr kvað þat fram koma um sinn hag, sem lagit yrði — „ok er ekki mark at mínum ættarfylgjum, ef eigi týna nökkurir frændr Orms fyrir mér lífi, áðr enn ek lýk nösum; enn vel ferr þér, bóndi, ok haf þökk

fyrir; man ek þiggja þína vináttu, ef ek þarf til at taka“. Síðan reið Þórðr á braut ok Einarr með honum; skildu þeir Þorvaldr með vináttu. Þeir ríða upp eftir Langadal ok norðr Vatnsskarð. Ok er þeir kómu norðr ór skarðinu, skildi þá á um leiðir; vildi Þórðr ríða um Grindarhóla, ok hann réð. Þeir riðu til Arnarstapa ok áðu þar. Þórðr kvað sér svefnhöfugt, ok kvað sækja at sér ófriðarfylgjur.

11. Nú er þar til at taka, er Indriði fréttir víg Orms félaga síns. Hann reið frá skipi ok með honum fjórir menn: tveir norrænir; hét annarr Sigurðr, enn annarr Þorgrímr; þeir váru hinir víglegustu menn. Aðrir tveir váru íslenzkir menn; hét annarr Bárðr, enn annarr Þorfiannr, miklir menn ok sterkir. Þeir váru vel vápnaðir. Þeir riðu sem leið liggr upp eftir Skagafirði til Vatnsskarðs þenna hinn sama dag sem Þórðr reið um skarðit. Nú sjá þeir Þórðr reið fim manna með vápnum. Þórðr spurði förunaut sinn, hverja hann kendi þar ríða. Hann sagði: „Eigi kann ek mann at kenna, ef þat er eigi Indriði stýrimaðr, fóstbróðir Orms, með rauðan skjöld ok allmiklit krókaspjót í hendi“. Þórðr svarar: „Vera má svá, at Indriði vili hafa minn fund. Eða hvers liðs á ek þar ván sem þú ert?“ Hann sagði: „Eigi er ek vígamaðr, ok eigi má ek mannsblóð sjá; ok er þat ilt at vita, ef þú skalt

látast fyrir þeim“. Þórðr kvað eigi víst, — „hverr skipstjórnarmaðr man vera í kveld at skipi Indriða“. Eftir þetta býst Þórðr til varnar; enn mein kvað Þórðr þat, at félagi hans var huglauss, ok kvað visu:

- (5) Eigi skal ek fyr ýti flýja
 undalogs at þessum fundi
 — gegnir skulu þat fleygjendr fregna
 flæðabáls — á þessum hálsi;
 heldr ætla ek hjálmi faldinn
 hrottasöng at fremja löngum,
 eikikráks þót at mér sæki
 ýtar at þessi vápnamessu.

Ok er þeir fundust, frétti Indriði hvat Orm dveldi. Þórðr segir, ok kvað Orm hafa keypta sér staðfestu á Miðfjarðarnesi. Síðan sagði hann honum vígit — „ok hefndu hans nú; því at ekki mantu í betra færi komast við mik enn nú“. Indriði kvað svá vera skyldu. Síðan sækja þeir allir at honum. Sigurðr austmaðr leggr til Þórðar með spjóti, ok kom í skjöldinn ok rendi út af ok niðr í völlinn. Hann laut eftir laginu. Ok er Þórðr sá þat, hjó hann til hans; kom þat á Sigurð miðjan, ok tók í sundr fyrir ofan mjaðmirnar. Í þessu hjó Þorfinnr til Þórðar, ok kom í skjöldinn, ok sneið af mikinn mána at skildinum. Þórðr hjó á fótinn Þorfinni fyrir ofan kné ok tók af fótinn. Þórðr bað Indriða betr at sækja — „ef þú vilt hefna félaga þins“. Indriði hleypr at

Þórði ok veitir honum mikla atsókn. Þeir sóttust lengi; enn svá lauk, at Indriði fell fyrir Þórði, ok flakti allr í sundr af sárum. Þá hljóp Þórðr at förunautum Indriða, ok var eigi langt þeira vápnaviðskifti áðr Þórðr drap þá báða. Eftir þetta settist Þórðr niðr ok batt sár sín, því at hann hafði fengit mörg sár ok stór. Hann gengr at Indriða ok spurði, ef hann myndi vera græðandi. Hann segir: „Þess þykki mér ván, ef læknað koma til“. Þá tók Þórðr til Indriða ok kipti honum ór blóði, ok lætr hann á bak hesti sínum. Eftir þat tekr Þórðr hest sinn ok ríðr vestr í Bólstaðarhlið ok segir þar tíðendin. Síðan reið hann með Indriða í Engihlið. Þorvaldr fagnar vel Þórði, ok býðr honum allan þann greiða, sem hann vill þiggja, ok spyrr tíðenda. Hann segir bardagann at Arnarstapa ok fim manna lát — „enn því er ek hér kominn, at ek vilda, at þú græddir Indriða; því at aldri fær vaskara mann“. Þorvaldr kvað þat skylt vera. Tók hann við Indriða, ok bjó honum kerlaug ok fægði sár hans, ok hafði hann engi banvænleg sár. Þorvaldr býðr Þórði lækning. Hann kveðst eigi þat vilja — „man ek norðr leita á landit, hvat sem fyrir verðr“. Indriði tók til orða: „Nú er svá komit, sem þér megid vita, at ek hefi leitit til hefnda við Þórð eftir Orm; enn því skifti svá til, at fellu fyrir Þórði fjórir mínir félagar,

enn ek sárr til ólífis; ok fór þat sem ván var með okkr Þórði, því at hann er engum manni líkr um vápnfimi. Nú er ráð mitt, Þórðr, at þú riðir norðr til skips míns, ok bið mín þar. Ólof heitir húsfreyja á Miklabæ. Hon er kven-skörungr ok hinn beztí læknir: beið hana við-töku, þar til sem ek kem norðr, ok lækningar. Özurr heitir bóndi, er býr at Þverá í Skaga-firði. Hann er frændi Orms, er þú vatt. Hann man sitja um líf þitt“. Þórðr bað hann hafa þökk fyrir tillögin — „enn fara man ek ferða minna fyrir Özuri, sem ek hefi ætlat“. Eftir þetta reið Þórðr norðr yfir Skarð til Skaga-fjarðar ok alt til skips. Hann kom til Mikla-bæjar síð um kveldit, ok fann bónda ok spurði bóndi hann at nafni. Þórðr nefndi sik. Þór-hallr segir: „Heyrt hefi ek þín getit oft. Hvat heldr þik til hérkvámu?“ Hann sagði honum fundinn þeira Indriða ok vígin, ok kvað vísu:

- (6) Háðak víst í víðu
 Vatnskarði sókn harða:
 þar lét ek fjóra fjörvi
 fleinsýnendr týna;
 enn Indriði unninn
 ítr varð í byr rítar;
 þeim gafk líf, er Leifa
 láðdýri kann stýra.

Þórhallr kvað hann mikinn afbragðsmann — „ok lízt mér svá, sem þú munir vera sárr mjök“. Þórðr kvað ekki mikit bragð at því,

enn lézt þó hafa skeinur nökkurar. Í þessu kom húsfreyja út. Hon mælti: „Hverr er þessi hinn mikli maðr, er hér er kominn?“ Þórðr segir til sín. Hon kveðst heyrð hafa hans getit jafnan, ok bað hann af baki stiga ok dveljast þar náttlangt. Þórðr bað húsfreyju hafa þökk fyrir. Þórhallr mælti: „Vandhæfi þykki mér á viðtöku þessa manns; ratat í mikil vandræði í vígaferlum, enn maðrinn mjök sárr ok þarf lækningar; eru ok miklir menn til eftirsóknar og hefnda eftir Orm; þykki mér svá, sem sá muni hvártki sjá fyrir fé eða fjörvi, sem honum veitir nökkura hjálp“. Þá segir húsfreyja: „Eigi lízt okkr þetta einn veg; þykki mér, sem sá muni betr hafa, er honum veitir nökkura hjálp; vil ek bjóða þér, Þórðr, at vera hér svá lengi, sem þú vilt, ok at binda sár þín ok græða þik, ef þess verðr auðit“. Þórðr þakkaði henni, ok kveðst þetta þiggja mundu, ef bóndi samþykkir. Þórhallr sagði nú enn fara — „sem vant er, at þú mant vilja ráða; man ek heita Þórði, at vera honum trúr í öllum hlutum; má ek halda tungu minni um hérvist Þórðar“. Síðan sté Þórðr af baki, ok fylgdi húsfreyja honum í eitt útibúr, enn bóndi tók af hesti hans. Húsfreyja setti borð fyrir Þórð, ok fór hann til matar. Eftir þat bjó hon honum kerlaug ok fægði sár hans; hafði hann mörg sár ok stór. Þórðr var á Miklabæ á laun,

þar til sem hann var heill orðinn allra sára sinna. Þá talaði Þórðr við Þórhall bónda ok húsfreyju: „Svá er nú komit, at ek er heill orðinn sára minna, ok vil ek ekki lengr fara huldu höfði, eða vera hér lengr enn ykkrhjónum líkar vel“. Húsfreyja segir: „Þat er minn vili, at þú sér hér, þar til sem einnhvern veg slítr ór málum þessum“. Þórhallr segir: „Þat vil ek, at Þórðr sé hér í vetr; enn þó er mér sagt, at Özurr at Þverá muni ætla at sjá eftir hefndum við þik“. Þórðr kveðst eigi þat hirða; má þat eigi víst vita, hvárr hellum hleðr at höfði öðrum“. Einn dag reið Þórðr til skips; var þat lagit út undir Elínarhólm. Ok í þann tíma kom Indriði til skips. Höfðu hásetar búit skipit meðan Indriði var í Engihlíð. Indriði bauð Þórði at fara utan með sér; enn ekki kveðst hann mega austr halda fyrir frændum Orms, er bæði váru margir ok ríkir — „ena sætt hefi ek um víg öll fyrir þína hönd, þau sem urðu á fundi okkrum; hefi ek bætt þau mínum penningum“. Þórðr þakkaði honum alt þetta, ok dró gullhring af hendi sér ok gaf honum; enn ekki lézt hann utan fara at sinni. Eftir þetta skildu þeir með vináttu; ok fór Indriði utan, ok er hann ór sögunni. Þórðr reið á Miklabæ. Þórhallr tók allvel Þórði, ok kvað þat vel, at hann fór eigi utan — „hefir þú hér dvalizt um hrið,

ok líkar mér vel við þik; veit ek ok, at húsfreyja vill, at þú sér hér þeim stundum, sem þú vilt; er ek ok maðr barnlauss; ok er gott, at gera slíka menn sér at vinum ok styrkja þá með penningum, þótt í nökkut falli; vantar mik hvártki hug né vit til ráðagerða, ef Özurr slæst á fjandskap við þik“. Þórðr tók vel undir þetta. Þá segir húsfreyja: „Eigi vilda ek, Þórðr, at þú tryðir mjök á vísdóm Þórhalls né brautargengi; enn vel ætla ek, at þú reynir um sinnsakir, ef þú þarft til at taka, um garpskap Þórhalls“. Þórðr dvelst með Þórhalli um vetrinn.

12. Ketill hét bóndi. Hann bjó inn frá Óslandi. Hann hafði gefit Þórði hest góðan, er Sviðgrímr hét; við hann eru kendir Sviðgrímshólar. Kálfr bóndi á Kálfsstöðum bauð þeim Þórði ok Þórhalli til jólaveizlu. Þat þektist Þórðr. Enn áðr þeir riðu heiman, mælti húsfreyja við Þórð: „Þat vilda ek, at þú færir varlega: því at Özurr at Þverá sitr um líf þitt; hann hefir heitazt, at hefna Orms frænda síns“. Þá sagði Þórhallr: „Ætla þú til þess, húsfreyja, at vér erum eigi uppgefnir, hvártki í ráðagerðum né harðfengi, þó at reyna þurfi, þó nökkurr liðsmunr sé, eigi allítill“. Húsfreyja sagði: „Þrifist aldri þitt hól. Ræð ek þér, Þórðr, at þú treystir ekki á harðfengi Þórhalls“. Þórðr segir: „Vel man gefast“.

Síðan riða þeir á Kálfsstaði, ok er þeim þar vel fagnat; var þar veizla góð um jólin. Nú er at segja frá Özuri at Þverá, at hann heldr njósnnum til um ferð Þórðar, þá hann ferr frá jólaveizlunni. Safnar hann at sér mönnum, ok riðr heiman við hinn nítjándan mann um nóttina fyrir affaradag jólanna út til Hjaltadals, ok nam staðar nær Viðvík, þar sem heitir Garðshvammr, skamt frá bænum í Viðvík. Snemma um morguninn eftir jól bað Þórðr menn búast til heimferðar, ok kvað mart hafa fyrir sik borit um nóttina. Kálfr bóndi spurði, hvat hann hafði dreymt. „Þat dreymdi mik“, segir hann, „at mér þótti vér félagar riða upp eftir Hjaltadal; ok er vér komum nær Viðvík, þá hlupu upp fyrir oss átján vargar; einn var miklu mestr, ok hljóp at mér með gapanda munninn, ok réð á mik ok mína menn; þótti mér þeir bita menn mína til bana. Ek þóttumst drepa marga vargana, ok hinn mesta varginn þóttumst ek særa; ok þá vaknaða ek“. Kálfr bóndi kvað vera ófriðvænlegt, -- „ok eru þetta manna hugir“, ok bauð honum at sitja þar um daginn, ok láta njósna ofan til Viðvíkr. Þórðr vildi þat eigi. „Þá vil ek“, sagði Kálfr, „fá þér menn fleiri, at fylla flokk þinn“. Þórðr segir: „Eigi skal þat spyrjast, at Þórðr hræða hrædist eina saman drauma, ok fyrir þat auki hann fjölmenni, at hann þori eigi fyrir þeim sökum

um herað at fara“. Þeir ríða nú frá Kálfsstöðum sjau saman, Þórðr ok Þórhallr ok heimamenn þeira fim. Kálfr bóndi fekk til fylgdar við Þórð húskarl sinn, er Hallr hét, sterkr maðr. Eyvindr hét bóndi, er bjó í Ási í Hjaltadal. Hann hafði verit á Kálfsstöðum um jólin. Hann hafði gefit Þórði spjót gullrekit, ok heitit honum sínu liði, hvar sem Þórðr þyrfti manna við. Eyvindr fór með Þórði. Þeir fóru ofan eftir dalnum, ok eigi langt, áðr maðr kom í mót þeim, er Kálfr hafði gert á njósn, ok sagði þeim, at eigi færri menn myndi sitja fyrir þeim enn átján niðr í Garðshvammi. Þórhallr spurði, hverir þeir væri. Hann kvað Özur frá Þverá vera formanninn. Þórðr sagði þá kost á at reyna hvatleik manna ok vápnfimi. Þórhallr segir: „Þat er ekki ráð, at halda til fundar við þá við slíkan liðsmun; ok man ek gefa til annat ráð“. „Hvert er þat?“ segir Þórðr. Þórhallr segir: „Vér skulum snúa hér yfir í tunguna, ok svá í Kolbeinsdal ok svá heim, at ekki verði þeir varir við oss“. Þórðr segir: „Lítill þykki mér liðsmunr, þó þeir sé átján, enn vér níu; veit ek oft mönnum vel hafa vegnat við slíkan liðsmun; ok eigi myndi Hörða-Kári láta eltast, frændi minn, þó nökkuru meiri liðsmunr væri; man ek eigi minna hafa af honum eða öðrum göfgum frændum mínum, enn renna eigi at öllu óreyndu. Nú vil ek fara ok

finna Özur, hversu sem gengr; enn þú, Þórhallr, skalt ekki vera á þessum fundi; vil ek ekki launa svá húsfreyju þinni ykkar velgerning, at hafa þik í nökkrum lífsháska“. Þórhallr bað hann ráða — „enn mæla munu þat óvinir mínir, at ek skiljumst ódregilega við þik“. Þórðr bað ok Eyvind heim ríða. Hann sagði: „Illa helda ek þá félagsskap við góðan dreng, ef ek skylda þá renna frá þér, er þú þyrftir helzt manna við; skal þat ok aldri verða, at mik hendi þá skömm“. Síðan fara þeir þar til er þeir sá fyrirsát Özurar. Þórðr mælti: „Vér skulum snúa hér upp á brekkuna hjá oss; þar er vígi gott“. Þeir gera svá, ok brjóta þar upp grjót. Ok er þeir Özurr sjá þat. hlaupa þeir upp at brekkunni. Þórðr spurði: „Hverir eru þessir, er svá láta ófríðlega?“ Özurr nefndi sik — „eða er Þórðr hræða þar á hólnum?“ Hann svaraði: „Sá er maðrinn; ok er þér nú ráð, at hefna Orms, frænda þíns, ef nökkur er dáð með yðr; því at nógan hafið þér liðsmun“. Özurr bað sína menn at sækja. Tókst þar harðr bardagi. Þórðr varð skjótt mannsbani. Báru þeir Þórðr grjót á þá Özur, enn þeir hlífðu sér með skjöldum. Létust þá nokkurir menn af Özuri meðan grjótit vanst. Síðan hlupu þeir Þórðr ofan af brekkunni; tókst þá mannfallit. Sá maðr hjó til Þórðar, er Örn hét, ok kom í lærit, er hann horfði undan, því at sá maðr sótti

at honum framan, er Hafþórr hét frændi Özurar, ok er Þórðr fekk lagit, brást hann ok hjó til hins annarri hendi með sverðinu, ok kom á hann miðjan, ok tók í sundr í miðju. Hann hjó annat högg til Hafþórs, ok kom á öxlina: klauf hann niðr frá síðunni höndina, ok fell hann dauðr til jarðar. Nú hefir Þórðr drepit þrjá menn. Þetta sér Özurr, ok biðr þá sína menn at sækja. Hann sækir nú at Þórði, ok með honum fim menn, enn aðrir sóttu at mönnum Þórðar. Enn svá líkr þessum fundi, at Þórðr varð sex manna bani, enn særði Özur, svá at hana var óvigr. Níu menn létust af Özuri, enn fim af Þórði. Eftir fundinn gekk Þórðr at Özuri, ok kipti honum ór blóði, ok skaut yfir hann skildi, svá eigi rífi hann hrafnar; því at hann mátti sér enga hjálp veita. Allir flúðu undan menn Özurar. Eigi váru menn Þórðar færir til eftirferðar; því at engi kom ósárr af fundi þessum. Þórðr bauð Özuri at láta græða hann. „Eigi þarftu at bjóða mér lækning“, segir Özur; „því at jafnskjótt skal ek drepa þik, sem ek komust í færi við þik“. Þórðr kveðst ekki at því fara, ok sendi Þórhall yfir í Ás, til Þorgríms, er þar bjó, at hann sækti Özur ok græddi hann. Hann gerði svá, ok flutti hann heim; lá hann lengi í sárum, ok varð heill um síðir. Dysjar váru gervar at líkum þeira manna, er þar fellu. Eftir fundinn

í Garðshvammi fór Þórðr heim með Þórhalli; hafði hann fengið mörg sár, enn engi banvæn. Ólof spurði Þórð at fundinum. Hann kvað vísu:

(7) Fellu í fleina sköllum
fímtán víðir mána
lenda leifnis grundar
lungs báru, enn sjau sárir.
Þar vá ek sex — enn særða
sigrhuggna þar duggu;
Özurr hét sá ýtir
eldbands Þrumu sanda.

„Þetta er mikil tíðendi“, sagði hon. Húsfreyja græddi Þórð. Líðr af vetrinn, svá ekki bar til tíðenda.

13. Um várit reið Þórðr upp í herað; því at bóndi sá er Þorgrímr hét hafði sent honum orð, at smíða skála sinn; því at Þórðr var manna hogastr. Þorgrímr bjó í Flatatungu. Þat er ofarlega í Skagafirði. Þórðr er at skála-smíðinni um sumarit. Ok er mjök var algerr skálinn, kom skip af hafi at Gásum í Eyjafirði. Þórðr segir bónda, at hann vill riða til skips, ok kaupa þá víðu, er honum þótti mest þurfa. Bóndi biðr hann ráða, ok fær honum þrjá húskarla, at flytja heim víðinn. Síðan fara þeir norðr, ok eru í kaupstefnu þá stund, er þeir þurfa, ok bera norðan víð á mörgum hestum. Þórðr riðr jafnfram þeim. Hann hafði alvæpni: hjálm ok skjöld, gyrðr sverði, ok spjót hit góða. Þeir riðu Hörgárdalsheiði, ok ofan eftir Norðr-árdal, svá yfir á fyrir framan Egilsá ok ofan

eftir eyrunum. Þá sjá þeir tólf menn spretta upp fyrir sér með vápnum. Þar var kominn Özur frá Þverá. Þórðr hleypr þegar af baki, ok setr fyrir sik skjöldinn. Förunautar hans verða við hit vasklegasta, ok stíga af baki, ok bregða vápnum sínum. Þórðr bað þá hafa sik í engri hættu. Þeir báðu þann aldri þrifast, er staði hjá, er hann þyrfti manna við. Þá mælti Þórðr við Özur: „Eigi ertu enn horfinn í fyrirsátunum við mik; þætti mér, sem þér myndi minnissamr fundr okkarr; mantu nú eigi fara betrum förum enn næst, áðr vit skiljum“. Özurr svaraði: „Þat sagða ek þér, at ek skylda þér aldri trúr, ef ek lifnaða; ok þat skal ek efna. Sækjum nú at honum, ok njótum nú liðsmunar“. Þórðr segir: „Eigi er ek enn uppgefinn; þykki mér eigi víst, hvat þér myndið á vinna, þótt ek væra einn, enn nú hálfu síðr, er þessir menn fylgja mér“. Síðan rann Þórðr fram at Özuri, ok lagði spjótinu í gegnum þann mann, sem fremstr stóð. Þórðr mælti: „Fell þar nú einn, ok er eigi öðrum at firr“. Þeir sækja nú at Þórði Özurr, ok með honum sex menn, enn förunautar Özurar fjórir sóttu þrjá féлага Þórðar; lýkr þar svá, at þar falla hvárirtveggja. Enn frá þeim Þórði ok Özuri er þat at segja, at Þórðr drepr fjóra menn af Özuri, enn særði hann mörgum sárum. Nú er þar til að taka, er smalamaðr Þorgríms bónda

sér fundinn af hálsinum, ok þykkist vita, hverir mennirnir munu vera; veit ok, at Þórðr þarf manna við. Hleypr hann heim í Flatatungu, ok sagði bónda fundinn, ok biðr hann skunda at veita lið Þórði. Bóndi bregðr við skjótt, ok riðr upp á eyrarnar við hinn tíunda mann. Ok er Özurr sér mannaferðina, skundar hann til bests síns, ok kemst á bak við illan leik, ok riðr undan sem mest getr hann, unz hann kemr heim til Þverár, ok unír illa við sína ferð; látit menn sína, enn er sjálfr sárr mjök. Þrír menn létust af Þórði; váru þeir dysjaðir í hólunum, sem fundrinn var. Þorgrímr bóndi spurði Þórð at tíðendum. Hann kvað vísu:

- (8) Tólf vildu mér moldar
meiðendr bana seiða
veita vafðra brauta;
vann ek þeim skaða saunan.
Sendak sjau með skunda
sækjendr vápnalækjar
ells til ítrar hallar
Óðins með brynglóðu.

Þórðr var nú í Flatatungu, og lauk við skála-smíðina; var þat furðusterkt hús. Stóð sá skáli alt til þess, er Egill biskup var at Hólum. Ok er Þórðr vill á braut fara, fylgir Þorgrímr bóndi honum við hinn tíunda mann, ok riða ofan eftir Skagafirði. Ok er Özurr sá ferð þeira, þóttist hann eigi hafa mannafla, at riða eftir þeim. Riða þeir leið sína, unz þeir koma

á Miklabæ í Óslandshlíð; tekr Þórhallr vel við Þórði, enn húsfreyja betr. Þorgrímr bóndi reið heim, ok skildu þeir Þórðr góðir vinir. Þórðr verðr nú frægr mjök víða um landit. Þetta fréttir Miðfjarðar-Skeggi, ok lætr, sem hann viti eigi, hvat fram ferr með Özuri, frænda hans, ok Þórði. Sitr Þórðr um kyrt framan mjök til jóla. Þat var einn morgin fyrir jól, at Þórðr vildi fara at sjá hest sinn, Sviðgrím. Hann stóð með fjörum hrossum. Þórhallr bað Þórð bíða ok fara þrimr náttum síðar — „því at ek vilda færa hey mín ér stakkgörðum“. Þórðr bað hann ráða — „enn ekki kemr mér á óvart, at vér munum mönnum eiga at mæta“. Þórhallr kvað þá eigi uppgefna, þótt nökkurr líðsmunr sé. Þórðr brosti að orðum hans, ok mælti: „Svá man vera, ef þú stendr á aðra hönd mér“. Húsfreyja mælti: „Aldri þrifist þitt hól; þótti mér sem Þórði yrði lítit lið að þér á þeim fundi, sem þú vart á; ok er sú kona illa gefin, er þik á; því at þú ert bæði hælinn ok huglauss“. Þórðr segir: „Ekki er þat svá at skilja. Þórhallr er engi áhlaupamaðr ok forsjáll, enn man vera hinn vápndjarfasti, ef reyna skal“. Þórhallr segir: „Ekki þarftu, húsfreyja, at vera svá hardorð; því at ekki ætla ek mér á hæl at hopa fyrir einshverjum, ef vit erum jafnbúnir til“. Skildu þau nú talit. Við tal þeira var staddr einn umrenningr. Hann kast-

ar fótum undir sik, ok kemr um kveldit til Þverár. Özurr spurði hann tíðenda, eða hvaðan hann væri at kominn. Hann kveðst engi kunna tíðendi at segja — „enn á Miklabæ í Óslandshlíð var ek í nátt“. Özurr segir: „Hvat hafðist Þórðr hræða at kappinn?“ Sveinninn segir: „Víst máttu þat til segja, at hann sé kappi, svá sneypilega sem þú hefir fyrir honum farit; enn ekki sá ek hann gera, utan hann hnauð högggró á sverði sínu. Enn þat heyrða ek Þórhall segja, at þeir myndi færa hey ór gördum innan þriggja nátta“. Özurr segir: „Hversu margmennir mundu þeir vera?“ Sveinninn svarar: „Eigi fleiri enn Þórðr ok Eyvindr ok Þórhallr“. „Vel segir þú, sveinn“, segir Özurr. Síðan kvaddi hann til ferðar með sér tólf menn, og reið út í Óslandshlíð. Þenna sama morgin ríða þeir Þórðr heiman ok Eyvindr ok Þórhallr. Þórðr bað Eyvindr hafa vápn sín; kvað því ekki of aukit. Hann gerði svá. Þeir ríða út í Sviðgrímshóla. Þá mælti Þórðr: „Þat vil ek, Þórhallr, at þú sér hér eftir; enn vit Eyvindr, skulum leita hrossanna upp á hálsinn“. Þórhallr bað hann ráða. Þeir gengu upp í hlíðina. Snjór var í hlíðinni ok harðfenni víða. Özurr kemr at garðinum, ok þeir tólf saman, ok slá hring um Þórhall, ok brugðu vápnum sínum, ok báðu mannfýluna segja til Þórðar. Þórhallr varð ógurlega

hræddr, ok heyktist niðr undir garðinn, ok kvað Þórð genginn upp í hliðina við annan mann. Özurr mælti: „Ilt er at eiga þræl at einka vin“, ok laust hann öxarhamarshögg, svá (at) hann lá í svíma. Síðan runnu þeir upp í hliðina. Þá mælti Þórðr við Eyvind: „Menn koma neðan í hliðina, ok kenni ek þá gerla; þar er Özurr kominn, ok vill enn hafa minn fund. Nú skulu vit leitast at komast á Skeggjahamar ok þaðan í Sviðgrímshóla; þar er vígi gott“. Eyvindr svarar: „Vel megu vit komast á hamarinn“. Þeir hlaupa nú á hamarinn. Í því koma þeir Özurr at. Þórðr gengr á fram-anverðan hamarinn. Skafl var lagðr af hamrinum niðr á jöfnu ok ákaflega brattr; var þar hia mesta mannhætta ofan at fara. Síðan settu þeir spjótin í milli fóta sér, ok riðu svá ofan af hamrinum alt niðr á jöfnu; kómust þeir nú á Sviðgrímshóla. Bar þá Özurr nú skjótt at. Þórðr mælti: „Mikit kapp leggr þú á at hafa líf mitt, Özurr; væri þat ok eigi illa, at þú fyndir sjálfan þig fyrir; skulu vit ok eigi báðir af þessum fundi með fjörvi braut komast“. Özurr kveðst þat ok ætlat hafa, að Þórðr skyldi eigi lengr undan draga. Sækja þeir nú at þeim Þórði ok Eyvindi. Þórðr skaut spjóti til Özurar; ok í því hljóp einn hans maðr fram fyrir hann, og flaug spjótit í gegnum hann. Einn maðr hjó til Þórðar. Hann brá við skildinum,

ok kom þar í höggit, ok varð hann ekki sárr. Þórðr hjó til þessa manns, og veitti honum banasár. Hann hjó þegar annan: þat högg kom á hálsinn ok rendi niðr í brjóst; fell hann dauðr á jörð. Hinn þriðja lagði hann í gegn með sverðinu. Eyviudr drap hinn fjórða. Sótti Özurr nú at í ákafa; fellu þá enn tveir menn hans. Þá bárust og sár á Eyvind: mæddi hann þá blóðrás, ok settist hann þá niðr, ok var ákaflega móðr. Sóttu þeir þá sex at Þórði; varðist hann svá, að þeir komu engu sári á hann. Þórðr mælti þá til Özurar: „Illu sækist yðr sex. Hvat ek vilda siðr, enn þykkjast vera formaðr þessara manna, enn hafa þá at skildi einum í dag; ok er nú hitt ráð, at sækja ok hefna Orms, frænda þins, ok allra þeira svaðilferða, er þú hefir fyrir mér farit“. Özurr verðr nú reiðr mjök við alt saman: skapraunarorð Þórðar, ok þá heift, sem hann hafði á honum; hleypr nú at honum, ok höggr tveim höndum til hans. Þat kom í skjöldinn, og rendi niðr í skjöldinn, svá aftók mána mikinn. Í því hjó Þórðr til Özurar, ok kom þat högg undir hina vinstri höndina, ok rendi niður með hrygnum, svá hann leysti frá ok rifin; hljóp sverðit þar á hol; fell hann þegar dauðr niðr. Enn þeir förunautar Özurar, sem eftir lifðu, runnu undan, ok sögðu vig Özurar. Þórðr lét flytja Eyvind heim, og var hann mjök sárr, ok lá lengi í sárum, ok varð heill. Haugr

var orpinn eftir Özur. Þórðr sagði víg Özur-
ar á Miklabæ, ok kvað vísu:

- (9) Eær hefík sex, hin svinna
— sveillr móðr af því — þella
goldit gálgavaldi,
gullbaugs jöru drauga,
Grund, létk Özurr öndu,
armssýnar, þar týna;
lundr var löns enn sjaundi
láðfells veginn, þella.

Ílla líkaði Ólofu við Þórhall, er hann hafði sagt til Þórðar; ok var við sjálft búit, at hon myndi skilja við hann fyrir þessum sökum. Þórðr átti jafnan hlut at með þeim, at betr færi, ok kvað várkunu, at hann leysti líf sitt, ok kvað einskis ils örvænt fyrir Özuri. Líðr nú svá fram um jólin, at ekki bar til tíðenda. Sítr Þórðr nú um kyrt.

14. Þar er frá at segja, at Miðfjarðar-Skeggi frétti norðan fall Özurar frænda síns; þykkir Þórðr nær sér höggvit hafa, ok fylltist upp við hann mikillar reiði; berr þat þó upp fyrir engum manni; því at hann vildi eigi, at Eiðr son hans ok bræðr Þórðar hefði nökkurn grun af hans ráðagerðum fyrr enn framkæmi. Hann lætr setja inn tólf hesta sína á laun, ok ætlar at ríða at Þórði þegar eftir jólin. Ríðr hann nú leynilega heiman frá Reykjum við hinn tólfta mann. Hann reið norðr Vatnsskarð, ofan um Hegranes, svá út með bygð um náttina, ok

koma nökkuru fyrir dag til Miklabæjar. Tunglsljós var mikit. Þeir drepa högg á dyrr. Maðr gekk til hurðar. Hann spurði, hverir komnir væri. Skeggi sagði til sín, ok spurði, hvárt Þórðr hræða væri þar. Maðrinn svarar: „Hvat viltu honum?“ Hann sagði: „Spyr þú hann, hvárt hann vill úti eða inni þola högg undir Sköfnungi“. Og er inn kom sögnin, hver erendi hans váru, stendr Þórðr upp, ok tók vörn sín. Þá mælti Ólof húsfreyja: „Standi menn upp ok vápnist, ok verið góðan dreng; því at hér er mart röskra manna fyrir, ok látið illa verða för Skeggja hingat“. Þá svaraði Þórhallr: „Þat fyrirbýð ek heimamönnum mínum öllum, at veita Skeggja mótgang, ok geri sik eigi at hýbýlaskömm við utanhera-shöfðingja“. Húsfreyja segir: „Löngu vissa ek, at þú vart ónýtr til vápns, enda dáðlaus til drengskapar“. Þórðr mælti: „Bóndi á hýbýlum at ráða, húsfreyja“, ok gekk út i dyrnar. Skeggi bað hann út ganga og gefa sér högggrúm. Þórðr kvað þá vísu:

- (10) Kost görík þér á þessu,
þar þú eggjar mik, Skeggi,
at ek skunda út undir
eggfránan hjör seggja,
ef færa mik fúra
festendr þagat hesta
Yggs, er Özur vágum —
afrendr — fegius hendi.

„Og man ek ganga út með þeim skilmála“, segir Þórðr, „at ek fylgja þér þangat, sem ek drap Özur frænda þinn; má þér þá minnissamara verða, hvílikt ættarhögg ek hefi höggvit þér“. Skeggi mælti: „Ekki munu bityrði þín nú veita þér lið; enn viðrkvæmilegt þykki mér, at þar fram komi hefndin“. Síðan fór Þórðr með þeim þar til, sem Özur var dysjaðr; hurfu þeir nú um hauginn. Þórðr kvað þá vísu:

(11) Nú er þér ráð at rjóða,
ríkr, egg á mér, Skeggi;
ef stýrir hvárt ek heyri
heldr þá tekr at kvelda;
ok minnist svá manna
morðeggjandi tveggja,
þeira er Þundar sessa
þér nána vá ek mána.

Skeggi brá þá sverðinu, Sköfnungi, ok mælti: „Hér skal eigi öðrum at hlíta, at vega at Þórði, enn mér“. Þórðr brá sverði ok mælti: „Engi ván er þér, Skeggi, at ek standa kyrr fyrir höggum þínum, meðan ek er óbundinn“. Í þessu hleyptu at þeim átján menn, allir með brugðnum sverðum. Þar var komian Eiðr, Eyjólfur ok Steingrímur, bræðr Þórðar. Eiðr spurði, hvárt Þórðr lifði. Þórðr sagði sér eigi nær dauða. Allir hlupu þeir af baki. Bauð Eiðr föður sínum tvá kosti, hvárn hann vildi heldr: selja Þórði grið, svá hann mætti ríða heim til Óss, ok sitja í friði, ella mundi hann veita fóstra

sínum lið ok berjast með honum. Skeggi segir: „Löngu hefða ek drepit Þórð, ef færi hefða ek til sét, ef eigi fynda ek, at þú mætir meira, Eiðr, fóstrneyti Þórðar enn frændsemi við mik“. Eiðr kvað Þórð þess alls maklegan — „hefir Þórðr þau ein víg vegit, er hann átti hendr sínar at verja, utan vigit Orms; ok var þó várkunn á“. Skeggi svaraði: „Þat er líkast, Eiðr, at þú munir verða at ráða; því at eigi man ek berjast við þik“. Eftir þetta riðr Skeggi á Miklabæ um náttina, ok gengr inn með brugðnu sverði, ok at hvílu Þórhalls, ok bað húsfreyju upp standa; kvað hana helzti lengi hafa sæmt við klækismann þann. Hon gerði svá. Hon bað Þórhalli griða. Hann kvað mannfýlu þá helzti lengi lifat hafa. Síðan tók hann í hár honum ok kipti honum fram á stokkinn, ok hjó af honum höfuðit, ok mælti: „Miklu er þetta nær, at slíðra Sköfnung í þínu blóði enn Þórðar; því at honum er mikill skaði, ef hann létist, enn at þér er engi með öllu, ok launada ek nú Sköfnungi þat, at honum var brugðit“. Skeggi riðr nú á braut ok heim til Reykja ok unnr illa við sína ferð. Þeir Þórðr ok Eiðr kómu á Miklabæ í þann tíma, er Skeggi reið í braut. Ólof sagði þeim víg Þórhalls. Eiðr kvað eigi minna at váu,— „miklu var faðir minn reiðari, er vit skillum“. Ólof bað þá svá lengi sitja þar, sem þeir vildi.

Eiðr kvað henni vel fara, ok váru þar vikuok hvildu hesta sína. Þjuggust þeir þá í brant. Þórðr gekk at Ólofu ok mælti: „Þess vil ek biðja þik, at þú giftist engum manni innan tveggja vetra, ef þú spyrir mik á lífi; því þú ert sú kvenna, at helzt myndi ástir af mér geta“. Hon svarar svá: „Þessu vil ek heita þér; því at ek vænti mér eigi framár gjaforðs, enn þvilíks“. Riða þeir nú vestr til Miðfjarðar ok heim til Óss. Eyvindr fór með Þórði, enn setti mann fyrir bú sitt; því at hann vildi eigi við Þórð skilja, meðan hann var eigi sáttr um vígaferlisin. Núliðr af vetrinn. ok er alt kyrt.

15. Þat er nú sagt, at skip kom af hafi í Blönduösi; þar var á Ásbjörn stýrimaðr, frændi Skeggja. Skeggi riðr til skips, ok biðr Ásbirni heim með sér. Fóru þeir til Reykja átján saman. Var Ásbjörn ekki kátr um vetrinn. Þórðr hræða sat heima at Ósi, ok hafði mart röskra manna með sér; var Eiðr þar við tíunda mann. Litla hrið hafði Ásbjörn verit á Reykjum, er hann sagði Skeggja, hverja ætlan hann hefði á við Þórð um málaferli; kveðst þungt þykkja, at hafa bóta laust víg Orms, bróður síns, enn hafa nógan atla til hefnda. Skeggi kvað vandhæfi á málinu— „því at Eiðr stendr jafnan með Þórði, ok skil ek eigi, hvat drjúgast verðr um skifti vár Óssmanna“. Hættu þeir nú talinu. Þetta sama sumar kom skip í Hvítá í Borgar-

firði. Ríðu menn til kaupa norðan ór sveitum, bæði ór Miðfirði ok annarsstaðar. Þórðr hræða reið til skips við tólfta mann, ok allir vel vápnadir. Þar váru bræðr hans báðir, Eyjólfur ok Steingrímur. Fór þat orð af, at hann ætlaði at ríða upp eftir Borgarfirði at erendum sínum, ok sunnan Arnarvatnsheiði. Þetta fréttir Skeggi, ok býst heiman við hinn átjándan mann á laun svá Eiðr varð ekki varr við, ok ætlar at sitja fyrir Þórði, er hann ríðr sunnan. Þar var Ásbjörn í ferð. Ríða þeir norðr yfir háls í Víðidal, fyrir framan bygð alla, ok svá suðr á heiði þar sem skiljast götur, ok ofan hallar af í Víðidal. Sá maðr fór með Skeggja, er Þorbjörn hét ok kallaðr vesalingr. Hann bjó á landi Skeggja, ok hafði gerzt arfsalsmaðr hans. Hann átti auð fjár, ok tímdi hvártki at hafa sjálfr, né láta aðra hafa, ok því var hann vesalingr kallaðr. Fátt hafði hann manna hjá sér utan konu sína. Eiðr var ríðinn út á Miðfjarðarnes, at annast um bú þess manns, er Þorbjörn hét ok kallaðr aumingi. Hann var arfsalsmaðr Þórðar hræðu, ok hafði hann farit með Þórði. Hann átti allra handa gangandi fé; bjó hann á utanverðu Miðfjarðarnesi; gekk sjálfala fé hans þar í skógunum. Hafði Þórðr þat af hans penningum, sem hann vildi. Eiðr var þar nökkurar nætur, ok reið síðan heim til Óss, ok fréttir nú, hvat um var at vera. Safnar hann nú

at sér mönnum, ok riðr við fimtánda mann suðr á heidi eftir föður sínum. Nú er þar til at taka, at Þórðr hræða er í kaupstefnu þvílíka stund, sem hann þurfti, ok riðr hann síðan upp eftir Borgarfirði, ok svá norðr á heidi alt þar til, er þeir sjá fyrirsátina. Þórðr mælti: „Hverja menn kenni þér hér?“ Eyjólfr segir: „Eigi veit ek það gerla, enn Skeggja þætti mér líkast“. Þórðr mælti: „Lengi halda þeir frændr á fyrirsátunum við mik; enn þó liðsmunr sé mikill, þá skulu þeir þó fá viðnám“. Riða þeir nú fram at þeim með brugðnum sverðum. Skeggi stökr þá upp ok mælti: „Sækjum nú at þeim, Ásbjörn frændi, ok látum þá nú kenna liðsmunar, ok hefn nú Orms bróður þíns“. „Svá skal vera“, segir Ásbjörn. Þórðr svarar: „Eigi er enn sopit kálit, þó í ausuna sé komit“. Sækja þeir nú at Þórði ok hans mönnum. Þórðr skaut spjóti til Skeggja, ok stefndi á hann miðjan. Sámaðr hljóp fyrir Skeggja, er Halldórr hét, náfrændi Skeggja: kom spjótit á hann miðjan ok í gegnum hann, ok svá í brjóst á þeim manni, er stóð á baki honum, ok fellu þeir báðir dauðir. Hinn þriðja hjó hann með sverðinu á hálsinn, svá af fauk höfuðit. Verðr nú sókn hin hardasta. Berjast þeir, Þórðr ok Skeggi, lengi dags, svá engi skakkar með þeim. Þeir Eyjólfr ok Ásbjörn sóttust í ákafa; mátti þar eigi fyrir sjá, hvárr drjúgari mundi verða; veitti hvárr

öðrum stór sár. Steingrímur barðist alldjarflega, ok varð fjögurra manna bani. Skiftist nú svá til, at Steingrímur er í móti Skeggja, enn Þórður berst við menn þeirra með sínum mönnum; drap hann nú enn fim menn. Þeir nafnar sóttust í ákafa, Þorbjörn aumingi og Þorbjörn vesalingr, ok lauk svá, at þeir fellu báðir dauðir. Í þessu hleypti Eiður þar at þeim, ok þeir fimtán saman. Eiður hljóp þegar af baki, ok gekk í milli, ok skildi þá. Skeggi var hinn reiðasti, ok reið heim til Reykja. ok þeir Ásbjörn, ok undu illa við sína ferð. Ásbjörn lá lengi í sárum, ok varð þó heill. Þórður ok Eiður riðu heim til Óss af fundinum. Þrettán menn fellu af Skeggja á fundinum, enn sjau af Þórði; sitja nú hváirtveggja um kyrt. Líður nú á vetrinn. Þat var einn dag, at Eiður reið til Reykja við hinn tíunda mann. Faðir hans tók vel við honum. Eiður kvaðst vilja leita um sættir. Skeggi kvað langt tóm at því — „ok vert hér í vetr“. Eiður kvað svá vera skyldu. Fátt var með þeim Eiði ok Ásbirni um vetrinn. Jafnan hafði Eiður grun á um tal þeirra, Skeggja ok Ásbjarnar, at þeir sæti um líf Þórdar fóstura síns. Hann sendi Þórði orð, at hann væri varr um sik.

16. Þat var einn tíma um vetrinn, at Eiður varð varr við, at faðir hans reið heiman á laun ok upp í hérað; þóttist hann víta, at hann ætl-

aði til stórræða nökkurra; því reið hann eftir honum við hinn tíunda mann. Fundust þeir uppi við Króksstaðamela. Skeggi spurði Eið, hvert hann ætlaði. Eiðr segir: „Ek vilda fylla flokk þinn, faðir minn“. „Vel man þér þat fara, frændi, enn ek man riða heim aftr; því at mér er krannt“. „Svá má vera at sé“, sagði Eiðr; enn ek man riða til Torfustaða; því at ek á þangat erendi“. Síðan skilja þeir. Þenna sama dag hafði Ásbjörn gengit til laugar, ok sex menn með honum. Nú er at segja frá Þórði hræðu. Hann vaknar þann sama morgin, ok mælti við bræðr sína: „Svá hafa mér draumar gengit, sem þeir Miðfjarðar-Skeggi ok Ásbjörn muni sitja um líf mitt; man ek nú fara frá húsi í dag ok gildra til veiða nökkurra, ef færi gefst á; því at ek vil eigi lengr eiga þá báða yfir höfði mér, Ásbjörn ok Skeggja. Skulu vér fara sjau saman, bræðr mínir ok Eyvindr ok þrír menn aðrir“. Síðan taka þeir vörn sín, ok riða til Reykja. Í þann tíma gekk Ásbjörn frá laugu, ok sá mannareiðina. Ásbjörn mælti við sína menn: „Þar ferr Þórðr hræða, ok láta ófriðlega, ok man hann vilja hafa minn fund; skulu vér snúa upp á hólinn ok biða þar“. Þeir gera nú svá. Kemr Þórðr nú at, ok slær þegar í bardaga; váru hvárirtveggja hinir áköfustu; því at engi var liðsmunr. Þórðr varð skjótt mannsbani. Þar fellu þrír menn af Ás-

birni, enn einn af Þórði. Þá sótti Þórðr at Asbirni, ok veitti honum mörg sár, svá hann var nær óvígr. Í því kom Skeggi at með brugðnum Sköfnungi. Hann mælti til Ásbjarnar: „Því rennr þú eigi, hinn armi“. Hann svaraði, ok kvað vísu:

- (12) Læt ek í hug mér hvíta,
 — hart mót er nú spjóta —
 lind, þarf ek liðs þíns, frændi,
 —leggfarms koma, Skeggi;
 eigi renn ek, því't innan
 ek minnumst Gnár tvínna;
 hörd man vörn, sú er vörðum
 vit frændr saman, litnir.

Settist Ásbjörn nú niðr; því at hann mæddi blóðrás, svá hann var yfirkominn. Skeggi hjó til Þórðar, ok kom þat á öxlina; var þat svöðusár. Ok í því kom Eiðr at með tíunda mann ok hljóp þegar á millum, ok kvað þá eigi lengr berjast skulu. Hann kveðst ok skylda drepa Ásbjörn, nema hann gerði einn um. Ásbjörn segir: „Þat var mitt erendi út hingat, at sækja festarmey mína; enn er ek fréttá víg bróður míns, þá var víst með mér at hefna hans; enn nú er svá orðinn fundr várr, at ek kýs heldr frið við Þórð“. Þórðr svaraði: „Fóstra mínum vil ek unna virðingar af málum þessum; enn ekki hirta ek ella um sættir; færi þá enn leikar, sem verða mætti“. Svá lýkr, at þeir sættast, ok skal Eiðr gera um öll mál þeira ok vígaferli. Gengu þeir til handsala, Þórðr ok Ásbjörn ok Skeggi.

Hönd Þórðar þrútnaði ok blés upp. Eiðr skar ór eggfarveginn ór sárinu; tók þá ór verkinn allan. Eiðr stefnir nú heraðsfund. Kómu þeir þar allir, Skeggi ok Ásbjörn ok Þórðr. Lauk Eiðr þá upp sættargerð með þeim. „Þat er gerð mín“, segir Eiðr, „at fyrir víg Özurar geri ek tvau hundruð silfrs, enn hit þriðjaskal falla niðr fyrir fjörráð við Þórð ok allan fjandskap; enn menn Özurar allir óhelgir fyrir tilför við Þórð; enn fyrir víg Orms geri ek tvau hundruð silfrs; enn fyrir áverka þann, er faðir minn veitti Þórði, geri ek hundrað silfrs; síðan skal Ásbjörn fá Sigríðar, sem ætlat var í fyrstu; skal Þórðr hafa inni brúðhlaupit. Hér er ok hundrað silfrs. Ásbjörn. er vit fóstri minn viljum gefa þér í frændbætr“. Allir þökkudu honum fyrir. Skeggja fanst fátt um, enn kvaðst mundu halda sættir ok grið. Þórðr þakkaði fósttra sínum sættargerð; „enn ekki vil ek hafa þat hundrað, er þú gerðir mér til handa; skal Skeggi þetta fé ekki út greiða: því at ekki myndi Þórðr, faðir minn, eða Hörða-Kári taka fémuðu á sér, ok eigi skal ek taka“. Þetta mæltist vel fyrir; hafði Þórðr virðing af málum þessum. Nú býst Þórðr við brúðhlaupi, ok býðr til mörgum mönnum. Ok um kveldit skipar Eiðr mönnum í sæti. Skeggi sat í öndvegi á hinn æðra bekk, ok Þórðr næst honum. Gegnt Skeggja í öðru öndvegi sat Ásbjörn brúðgumi,

ok Eiðr hit næsta honum. Brúðkonur sátu á þverpallinn. Var þar veitt vel um kveldit. Allir menn váru þar kátir, nema Skeggi; hann var heldr ófrýnn. Gengu menn til svefnis um kveldit. Um morgininn gengu menn til drykkju eftir vanda. Þunglift var Skeggja, ok sofnaði hann undir borðinu. Hann hafði lagt Sköfnung at baki sér. Illa líkaði Þórði, er Skeggi var ókátr um veizluna, ok tók hann sverðit Sköfnung ok brá. Eiðr mælti: „Þetta er þarfleysa, fóstri minn“. Þórðr svarar: „Hvat man saka“? Eiðr segir: „Þat er náttúra sverðsins at nökkurt verðr at höggva með því hvern tíma er brugðit er“. Þórðr segir: „Þat skal prófa“, ok hljóp út, ok kvað hann skyldu görtra við merarbeinin, ok höggr hross eitt, er stóð í túninu. Eiðr kvað þetta illa orðit. Nú vaknar Skeggi, ok saknar bæði sverðsins ok Þórðar. Hann varðr reiðr ok hljóp út, ok spurði, hvárt Þórðr hefði tekit sverðit. Eiðr segir: „Ek veld því, faðir minn, er Þórðr hjó hrossit; því at ek sagða náttúru sverðsins“. Þórðr kvaðst sjálfr valda. Þá mælti Skeggi reiðr mjök: „Ek vil nú at vit reynum með okkr“. Þórðr kvaðst þess albuinn. Þeir Eiðr ok Ásbjörn gengu á milli, svá þeir náðu eigi at berjast. Þá mælti Þórðr: „Með því at þeir vilja eigi, at vit reynum með okkr, þá ætla ek vel fallit, at Skeggi geri einn um, ef honum þykk-

ir sér nökkur svívirðing gerr hafa verit“. Eiðr mælti: „Þetta er vel boðit, faðir, at taka sjálf-dæmi af slikum manni, sem Þórðr er“. Þetta þiggr Skeggi, ok gerði tíu kýr til handa sér. Þórðr svaraði: „Þetta skal vel greiða“. Líkaði nú hvárumtveggja allvel, ok skildu með vin-áttu.

17. Skjótt eftir brúðhlaupit kom Þórðr at máli við Eið, ok mælti: „Þat vilda ek, fóstri minn, at þú riðir með mér norðr á Miklabæ, at biðja Ólofar Hrelleifsdóttur til handa mér“. Eiðr segir: „Skylt er þat, fóstri minn, at ek riða, hvert er þú vilt“. Síðan riða þeir heiman, Þórðr ok Eiðr, Ásbjörn, Eyjólfir ok Steingrímur. Þeir riða þar til, er þeir koma á Miklabæ. Var þeim þar vel fagnað. Um morgininn bar Þórðr upp erendi sín, ok hóf bónorðit við Ólofu. Hon tók því vel, ok gekk kaupit skjótt fram; váru vátтар at heitorði, ok riða þeir heim. Ólof húsfreyja hafði brúðhlaup iani. Þórðr bauð Eiði til veizlunnar ok Áslárni mági sínum, ok leysti þá út með virðulegum gjöfum. Um várit setti Þórðr bú á Miklabæ; enn þeir bræðr hans, Eyjólfir ok Steingrímur, bjuggu á Ósi í Miðfirði. Þórðr varð skjótt auðigr maðr af smíðum sínum.

18. Maðr er nefndr Þorgils, góðr bóndi. Hann bjó at Hrafnagili í Eyjafirði. Hann gerði Þórði hræðu orð, at hann skyldi koma norðr til hans

ok smíða skála hans. Þórðr hét ferðinni, ok reið heiman, þá er hann var búinn, við annan mann, upp eftir Skagafirði ok norðr Öxnadalsheiði. Í þann tíma kom skip af hafi at Gás-um í Eyjafirði. Þar var á sá maðr, er Sörli hét ok kallaðr Sörli hinn sterki. Hann var allra manna sterkastr, ok vígr hverjum manni betr. Hann var vel at sér; hverjum manni líkaði vel við hann. Hann var föðurbróðir Orms, er Þórðr hræða drap, ok Ásbjarnar. Sörli fær sér hesta, ok ætlar at ríða vestr til Miðfjarðar, til frænda sinna. Frétt hafði hann víg Orms bróður síns. Hann reið frá skipi við átjándan mann, upp eftir Öxnadal, ok svá fram á heiði til Lurkasteins. Þenna sama dag reið Þórðr hræða yfir heidina, alt þar til hann kom norðr á hólana fyrir ofan Lurkastein. Hann sá þá hvar átján menn ríða í móti honum, ok þykkist eigi vita hverir væri ok stígr af baki. Þessa menn berr brátt at. Þórðr heilsar mönnum þessum, ok spyr foringja þeira at nafni. Hann kvaðst Sörli heita. „Ertu kallaðr Sörli hinn sterki“? segir Þórðr. „Kalla máttu mik þat, sem þú vilt“, segir Sörli; „eða hvern erstu“? „Ek heiti Þórðr“, segir hann. „Ertu Þórðr hræða, er drepit hefir Orm, frænda minn“? „Sá er maðrinn hinn sami“, segir Þórðr, „ok máttu nú hefna hans, ef þú vilt; enu ekki hefi ek nú búizt við þínum fundi; því at ek víska eigi, at

þú vart út kominn; enn heyrt hefi ek þín getið, ok bætt hefi ek víg bróður þíns“. „Engu hefir þú mér bætt“, segir Sörli, „ok skal ek ekki níðast á þér. Allir mínir menn skulu sitja hjá, enn vit skulum berjast tveir einir; svá þó at ek falla fyrir þér, þá banna ek hverjum manni at gera þér mein nökkurt“. Síðan ganga þeir saman, ok berjast alldjarflega. Fann Þórðr þat brátt at Sörli var afbragðsmaðr sakir vápnfimi, ok eigi þóttist hann hraustara mann fyrr hafa fundit. Veitti hvárr öðrum stór sár ok mörg; enn svá lauk, at Sörli fell dauðr til jarðar; enda var Þórðr svá yfirkominn, at hann komst eigi sjálfr á bak utan förunautr hans styddi hann, ok þurfti þó alls við, ok riðu ofan í Öxnadal til þess bæjar er Þverá hét. Þar bjó bóndi sá, er Einarr hét. Hann tók vel við Þórði; lá hann þar lengi í sárum, ok varð heill. Sörli var heygðr þar í hólum, sem fundrinn var, ok þótti at honum hinn mesti skaði. Menn hans riðu vestr í Miðfjörð, til Reykja, ok sögðu Ásbirni ok Skeggja víg Sörla, frænda þeira. Þótti þeim þat mikit at fréttu, enn þótti þó várkunn á við Þórð, at hann verði hendr sínar.

19. Nú er þar til at taka, at Þórði batnar sára sinna, ok riðr þaðan inn til Hrafnagils, ok smíðaði þar skála um sumarit, þann sem enn stendr í dag. Hann hefir ok gert skálann út í Höfða í Höfðahverfi. Eftir þat reið Þórðr

vestr í sveitir ok sættist á víg Sörla við Ásbjörn mág sinn ok Skeggja; reið síðan norðr til Miklabæjar til bús síns. Ásbjörn keypti Bakka-land í Miðfirði ok bjó þar þrjá vetr. Hann var uppvöðslumaðr í skapi, svá hann mátti eigi vera hér með frændum sínum; því seldi hann landit, ok fór ntan, ok staðfestist í Noregi ok jók þar ætt sína. Góðar váru samfarir þeira Sigríðar, ok þótti hon hinn mesti kvenskör- ungr, sem kyn hennar var til. Eiðr var löng- um í kaupferðum. ok var á hendi tígnum mönn- um, ok jafnan mikils virðr. Enn er honum leidd- ist þat, settist hann í búnað. Hinn efra hlut æfi Skeggja fór hann suðr í Ás, í Borgarfjörð, til Eiðs, sonar síns, ok andaðist þar; var hann heygðr fyrir norðan garð. Má þar sjá bein hans í náttmálavörðunni. Eiðr bjó í Ási til elli. Jafnan fundust þeir fósttrar, Eiðr ok Þórðr, ok gáfust gjöfum; skildi aldri þeira vináttu, meðan þeir lifðu. Ekki kom Þórðr til Noregs síðan hann fór þaðan, því at hann var útlægr gerr, ok bræðr hans fyrir aftöku Sigurðar kon- ungs slefu Eiríkssonar. Mikil ætt er komin frá Þórði hræðu, ok margir göfgir menn, bæði í Noregi ok á Íslandi. Þat er mál manna. at þat hafi orðit at áhrinsorðum, er Þórðr mælti at jafnan myndi vera nökkurar hræður í Mið- firði; hefir þar jafnan verit deilugjarnara, enn í öðrum heruðum. Þórðr hræða varð sóttandr.

Höfum vér ekki fleira heyrt með sannleik af honum sagt. Ok líkr hér nú sögu Þórðar hræðu.

Viðauki.

...ga sínum. Þat annat, at ek vilda firrast vandræði við Skeggja sakir þín, fóstri minn. Hitt þriðja, at ek sé, at Skeggi er bæði mann-*margr ok þingríkr*. Þat hið fjórða, er fyrir bítr, at ek má eigi mönnum þeim trúa, er í Miðfirði vinir mínir látast; ok sé ek, at mér dugir þat eigi, ef þú ert í brautu, ef nökkut skerst í með okkr föður þínum; enn mér þykkir þat eigi ólíklegt sakir beggja okkar skapsmuna; hefi ek nökkut reynt ótrúleika þeira við mik, sem er Börkr hinn gamli á Barkarstöðum ok Svertingr á Svertingsstöðum ok þeir bræðr, Þórveigar-synir. á Steinsstöðum, ok Grímr Skárason á Ská-rastöðum í Austrárdal“. Nú búast þeir allir brott ór Miðfirði; reið Eyvindr með þeim. Ok er þeir kómu á þá borg, er Bessaborg heitir, þá sneri Þórðr aftr, ok leit á fjörðinn ok mælti: „Fagr ertu þó Miðfjörðr, þó ek verði nú við þik at skilja; man þeim nú höfðingjunum þykkja af einn hinn ólmasti, er ek em á braut. Enn þat læt ek um mælt, at þeir sem mestir menn

eru í Miðfirði verði aldri samhuga, svá at árum skifti. Ok þat annat, at þat haldist, sem mér þykkir nú vera, ok hefi raun í hendi mér um, at hér er fólk orðslungra, meira ok ósannorðara, enn í flestum sveitum öðrum. Þat hit þriðja, at af takist hafskipalægi í Miðfirði. Þat mæli ek ok um, sakir þess, at mér er vel við sveitina, at hér sé menn gestrisnari enn annars staðar *ok búandi þó betr*. Þat annat, at hér sé bóndaval betra, enn víða annarsstaðar, ok komi sjaldan óár. Þat hit þriðja, at sá maðr, er hér vex upp, verði hér aldri hengdr“. Síðan riðu þeir allir norðr til Miklabæjar ok fagnaði Ólof þeim vel ok býðr þeim vel þar at vera; ok svá gerðu þeir. Þeir segja henni sín erendi. Hon tók því vel, enn vill þó gera þetta við ráð þeira feðga, Kálfs ok Eyvindar. Fór nú þetta fram, at Ólof var gefin Þórði ok bjoggu þau á Miklabæ lengi síðan; enn þeim bræðrum sínum, Eyjólfí ok Steingrími, gaf hann jörðina at Ósi í Miðfirði ok búit með. Síðan fekk hann þeim sæmileg kvánföng, sem þeim sómdi; því at þeir váru hinir beztu bændr. Bjoggu þeir at Ósi til elli, ok er margt manna frá þeim komit, ok hinn mesti ættbogi. Þeir Eiðr ok Þórðr skildu með hinni mestu vináttu, ok helzt þeira *vinfengi meðan þeir lifðu báðir*.

Þat sama sumar, er Þórðr reisti bú á Miklabæ í Óslandshlíð, ok hann hafði fengit

Ólofar, sigldu þeir Eiðr ok Eyvindr Kálfsson; fóru þeir landa í milli um bríð, ok váru með tignum mönnum, ok reyndust hinir röskustu menn í öllum mannaunum. *Eiðr varð* ok manna vitrastr til lögmáls ok allra ráðagerða. Eyvindr var hinn bezti drengr, ok kunni vel at vera með tignum mönnum, ok var áburðarmaðr mikill, ok því var hann kallaðr Eyvindr þrúði. Heldu þeir Eiðr ok Eyvindr sínum félagsskap alla stund, meðan þeir váru í kaupferðum. Enn er þeir léttn förum, fór Eyvindr norðr til Mikla-bæjar, til móts við Þórð mág sinn ok vin. Þau Þórðr ok Ólof tóku við honum með hinni mestu virðingu, ok buðu honum með sér at vera, ok þat þá Eyvindr, ok var þar um vetrinn. Enn um várit spurði Þórðr, hvat Eyvindr vildi ráða taka. Hann svarar: „Þat hefi ek helzt staðfest með mér, at leggja af kaupferðir ok staðfesta ráð mitt; því at svá hefir Eiðr gert nú, félagi minn“. Þórðr segir: „Skal ek hlut í eiga, sem þú vilt at snúa, ok ekki þar til spara, hvártki penninga né mannskap; eða hvar viltu at snúa“? Eyvindr mælti: „Eyjólfur heitir maðr, er býr norðr í Ólafsfirði, á Gunnólfsstöðum, son Þorbjarnar þjóts ór Sogni. Eyjólfur vá Végeir, föður Vébjarnar sygnakappa. Hann á þá konu, er Gróa heitir, dóttir Þorvarðs frá Urðum. Þau eiga fjögur börn. Synir þeira eru þeir: Steinólfr, Þórir ok Þorgrímr, enn dóttir þeira heitir

Þórarna, kvenna bezt ment; hennar vil ek fá mér til handa“. „Svá skal vera“, segir Þórðr. Búast þeir heiman við tólfta mann, ok ríða norðr til Gunnólfsstaða, ok verðr þeira erendi hit bezta. Fekk Eyvindr Þórörnu, ok fór hon með honum. Reistu þau bú um várit á Óslandi ok bjoggu þar síðan. Er mart manna frá þeim komit. Eftir skilnað þeira Eyvindar ok Eiðs fór Eiðr suðr til Borgarfjarðar bónorðsför, til Grímsegils. Þar bjó sá maðr, er Grímr hét, ok átti þá dóttur, er Ingibjörg hét. Hennar fekk Eiðr. Bræðr Ingibjargar váru þeir Þorgils auga á Augastöðum, ok Hrani á Hranastöðum, faðir Stafngríms, er bjó á Stafngrímsstöðum. Þat heitir nú á Sigmundarstöðum. Segja þat sumir menn, at Eiðr ætti aðra konu síðar. Eiðr átti mörg börn. Þórhallr hét son hans, Eysteinn ok Illhugi. Björn var ok son hans, er þeir vágu, synir Helga frá Kroppi, Grímr ok Njáll. Njáll druknaði litlu síðar í Hvítá; enn Grímr varð sekr skógarmaðr um vígit, ok lá hann úti á fjöllum meðan hann var í sektinni. Hann var mikill maðr ok sterkr. Eiðr var þá gamlaðr mjök, ok var at þessu gerr engi reki. Í þenna tíma var í förum Þorkell Eyjólfsson. Hann var hinn frægsti maðr ok kynstórr. Hann var mikill vin Snorra goða. Hann var ok jafnan með Þorsteini Kuggasyni, frænda sínum, þá er hann var út hér. Þorkell var náfrændi Eiðs.

Hródný var systir Eiðs, móðir Eyjólfss, föður Þorkels. Menn lágu mjök á hálsi Þorkeli Eyjólfssyni. er hann rak eigi þessa réttar. Um vetrinn, er Þorkell bjó skip sitt, er uppi stóð í Vaðli á Barðaströnd, ferr hann suðr til Borgarfjarðar, ok fær sér þar hest, ok riðr einn samt, ok léttir eigi fyrr ferðinni, enn hann kemr í Ás til Eiðs frænda síns. Eiðr tók við honum feginsamlega. Þorkell segir honum sitt erendi, at hann vill leita til hefnda við Grím, skógarmann hans. Þorkell spyr þá Eið, ef hann vissi nökkut til, hvar bæli hans væri. Eiðr svarar: „Ekki er ek þess fúss; þykki mér þú of miklu til hætta, hversu ferðin tekst, at eiga við heljarmann slíkan, sem Grímur er. Enn ef þú vilt fara, þá farðu við svá marga menn at þú eigir alt undir þér“. „Þat þykki mér eigi frami“, segir Þorkell, „at draga fjölmenni at einum manni; enn þat vilda ek, at þú léðir mér sverðit Sköfnung, ok vænti ek þá, at ek muna bera af einum einhleypingi, þótt hann sé vel at sér búinn“. „Nú muntu ráða“, segir Eiðr, „enn eigi kemr mér á óvart, þó at þú iðrist eitthvert sinn þess aeinræðis þíns; enn með því at þú þykkist þetta fyrir mínar sakir gera. þá skal eigi þess varna, er þú beiðir; því at ek ætla þetta sverð vera vel niðr komit, þó at þú berir þat. Enn sú er náttúra sverðsins, at eigi skal sól skína á hjöltin, ok eigi skal því bregða,

svá at konur sé hjá. Ef maðr fær sár af sverðinu, þá má þat sár eigi græða, nema lyfsteinn sá sé riðinn á, er þar fylgir“. Þorkell kveðst þessa skyldu vandlega gæta, ok tekr við sverðinu. Eiðr kveðst ætla, at Grímr ætti bæli norðr á heidum við Fiskivötn. Síðan riðr Þorkell norðr á heidina, þá leið, er Eiðr hafði vísat honum. Ok er hann sótti á heidina, sér hann við vatn eitt mikinn skála, ok sækir hann þangat til. Enn er hann kemr til skálans, sér hann, hvar maðr sitr við vatnit við einn lækjarós, ok dró fiska. Hann hafði feld á höfði. Þorkell stígr af baki, ok bindr hestinn undir skálanum; síðan gengr hann fram at vatninu, þar sem maðrinn sat. Grímr sá skuggann mannsins ok spratt upp skjótt — því at skuggann bar í vatnit. — Þorkell var þá kominn at honum, ok högggr til hans, ok kemr á höndina fyrir ofan úlflið, ok var þat ekki mikit sár. Grímr rann þegar á Þorkel, ok takast þeir fangbrögðum. Þar kendi brátt aflsmunar, ok fell Þorkell, enn Grímr á hann ofan. „Hverr er maðr þessi“? segir Grímr. Þorkell kvað hann þat engu skifta. Grímr mælti: „Nú hefir öðruvísi orðit, enn þú mundir ætla; því at nú er þitt líf í mínu valdi“. Þorkell kveðst eigi mundu sér griða biðja. Grímr segir: „Vaxa mín óhöpp, þó ek drepi þik; því at mér lízt vel á þik ok gæfusamlega; man þér ok annarra

forlaga audit verða, enn þú látist af okkrum fundi. ok vil ek þér líf gefa, enn þú launa sem þú vilt“. Standa þeir nú upp, ok ganga nú heim til skálans. Þorkell sér, at Grim mæðir blóðrás. ok tekr steininn Sköfnungs, ok rýðr honum í sárit, ok bindr höndina, ok tók þegar allan þrota ok sviða ór sárinu. Þar eru þeir um náttina. En um morguninn býst Þorkell brott, ok spyrr, hvárt Grímr vill fara með honum. Hann kveðst þat at visu vilja. Þorkell snýr þegar vestr, ok kemr ekki á fund Eiðs; léttir eigi fyrr, enn hann kemr í Sælingsdals-tungu. Eiðr fréttir þetta, ok þótti hafa farit at getu sinni, ok unír nú illa við. ok verðr þó svá búit at vera. Þórhallr Eiðsson átti tvá sonu, Skeggja ok Eið. Skeggi átti Guðrúnu Þorkelsdóttur, Brandssonar, Þorgrímssonar, Kjallakssonar hins gamla. Þeira börn váru þau Úlfr ok Halldórr, Þorleikr ok Þórarna. Úlfr átti Helgu, dóttur Eyjólfis Snorrasonar goða. Þessi váru börn þeira: Snorri ok Eyjólf, Sigurðr ok Sumarliði. Þórðr ok Einarr, Hallbera ok Kolþerna, er Loftr átti Þorgrímsson; enn Hallberu átti Þormóðr Lýtingsson. Þeira son var Lýtingr. Eiðr Þórhallsson var faðir Þórhalls. Hann átti Hallbjörgu Hafþórsdóttur. Þessi váru börn þeira: Steinn ok Eiðr, Þorgeirr ok Oddný. Hana átti Árni, sonr Víga-Gunnars. Þeira dóttir var Geirlaug. Hana

átti Högni auði í Bæ. Þeira dóttir var Snjálaug, er átti Þórðr prestur Bööðvarsson. Þeira son var Bööðvarr í Bæ, ok Þorleifr í Görðum, ok Markúss á Melum. Hans son var Mela-Snorri. Hann átti Helgu Ketilsdóttur prests. Þorlákssonar, Ketilssonar, Þorsteinssonar. Þeira son var Þorsteinn böllóttur, er var ábóti á Helgafelli.

Skeggi lifði litla stund síðan eftir viðskifti þeira Þórðar, ok var þó gamall maðr, ok þótti vera mikill höfðingi, ok hinn mesti garpr ok fullhugi. Þórðr hræða bjó á Miklabæ í Óslands-
hlíð til elli, ok var hinn mesti garpr, ok jafnan ófyrirleitinn, ok hinn hagasti, bæði á tré ok járn. Hann smíðaði skála at Hrafnagili, þann er enn stendr í dag, ok mörg stór hús önnur á Íslandi, þau er eftir eru vel standandi. Hann gipti Guðrúnu Klyppsdóttur hersis, bróðurdóttur sína, Einari þveræing Eyjólfssyni, ok váru þessi börn þeira: Járnkeggi, Klyppr, Þorleifr ok Áslákr, Halldóra, Hallfríðr, Helga, Jórunn, Valgerðr ok Vigdís. Járnkeggi átti Jórinni dóttur Hjalta Skeggjasonar. Halldóru Einarsdóttur átti Þórarinn sælingr. Hallfríði Einarsdóttur átti Snorri goði. Þeira sonr var Halldórr, faðir Guðrúnar, er átti Kjartan Ásgeirsson. Þeira son var Þorvaldr, faðir Ingiríðar, er átti Guðlaugr Þórðarson, Auðunnarsonar. Þeira dóttir var Vigdís, er átti Óli Þorvarð-

arson af Söndum ór Dýrafirði. Þeirra son var Oddr hinn auðgi faðir herra Hrafns ok Herðisar, móður Bjarnar, föður Gizurar galla, föður Hákonar, föður Jóns. Helgu Einarsdóttur átti Ljótr, son Halls af Síðu. Þeira dóttir var Guðrún, móðir Hallberu, móður Þorgils Oddasonar. Jörunni Einarsdóttur átti Þorkell Geitisson. Þeira dóttir var Ragnheiðr, er átti Loft Þórarinsson, Loftssonar hins gamla af Eyrum. Þeira dóttir var Þuríðr, er átti Þórðr Klængsson, Örnólfssonar, Þórólfssonar; ein móðir Þórðar Klængssonar var Hallgríma Þorbjarnardóttir, Eiríkssonar ór Guddölum örðigskeggja. Margrét var dóttir þeira Þuríðar ok Þórðar Klængssonar. Hana átti Bárðr hinn svartí ór Selárdal, faðir Sveinbjarnar, föður Hrafns, föður Steinunnar, móður Herðisar, móður Bjarnar, föður Gizurar galla, föður Hákonar, föður Jóns. Valgerði Einarsdóttur átti Grímr Oddason, Ásólfssonar. Þeira dóttir var Hallbera, móðir Markúss lögsögumauns, föður Valgerðar, er átti Þórðr Skúlason, Egilssonar, Hríflusonar, Þorsteinssonar, Egilssonar skalla-Grímssonar, kveld-Úlfssonar. Böðvarr var sonr Þórðar ok Valgerðar, faðir Guðnýjar, er átti Hvamm-Sturla. Þeira son var herra Sigvatr, faðir Þórðar kakala, föður Kolbeins, föður Þórðar, föður Árna, föður Ingileifar.

Vísaskýringar.

1 (Þórðr hræða). Ek segi þau víg er virðendr Þrumu girðis ilda vágu. Klyppr rauð brand í blóði burs² Gunnhildar. Þar fell Klyppr í höllu; hlaut bana af hjálms gauti³; þar vá ek fjóra þremja lax þolla⁴ með saxi.

1. *virðendr þrumugirðis ilda*, menn. — 2. *burr*, sonr. — 3. *hjálm gautr*, maðr. — 4. *þremja lax*, sverð; *þremja lax-þollr*, maðr.

Þruma ey, eyjar-girði *r*, sjór; sjávar-ildi? gull. Svð. Eg. hyggi að *ilda* sé af *ildi*, hvk. = eldr. Etti það því að eiga við 2. vo.

Að öðru leyti er vísan auðakilin.

2 (Þórðr hræða). Ek lét tvær Fáfnis fitjar ýta kindir falla þar til jarðar, Leifnis lautar fagrvíta lind. Áðr vildu þeir öldubrands skerðendr⁴ veita eitrvengs bings særi⁴ bana með benja vöndum.

1. *Fáfnis fitjar ýta kindir*, menn. — 2. *Leifnis laut*, sjór; sjávar *fagrvíta lind*, kvenmaðr. — 3. *öldubrands skerðendr*, menn. — 4. *eitrvengr ormr*; orms *bingr*, gull. — 5. *benja vendir*, sverð.

Eg lét tvo menn falla þar til jarðar, kona. Áðr vildu þeir veita mér bana með sverðum sínum.

3 (Þórðr hræða). Fátt kann ek segja um hrotta fleysi¹. Ek vá fegring². Sá vildi áðr ósæma öldu ljósa

Gná³. Ek varð því bráðr at vágs blakk-rennir⁴ nam spenna brúði; ean vildi eigi unna dára blikis Vár⁵.

1. *hrotta fleygir, mannkenning.* — 2. *fegringr, ormr* = Ormr. — 3. *öldu ljóss Gná, kona.* — 4. *vágs blakkr, vágs hestr, skip, skiprennir, maðr.* — 5. *blikis Vár, kvenkenning.*

Eg kann fátt að segja um manninn. Eg vá Orm. Sá vildi áðr smána konuna. Ek reiddist af því að þessi farmaður hafði systur mína í faðmlögum, enn vildi eigi unna honum hennar.

4 (Þórðr hræða). Ek veit at frændr munu leita eftir ormreitir yti¹ ok vilja höggva mik vápndöggvar vendi². Ek veit eigi, hvárt ek reun frá leiki fyrir hánum³ Skeggja, þótt rikr ýtir Ránar elds⁴ reiði fram egg.

1. *ormreitir ýtir, gulls ýtir, maðr.* — 2. *vápndögg blóð, vápndöggvar rúndr, sverð.* — 3. *hánum tg. fyrir einum.* — 4. *ýtir tg. fyrir ýti og Ránar elds tg. fyrir reinarelds; ýtir Ránar elds, mannkenning.*

Eg veit að margir frændr Orms munu leita eftir mér og vilja vega mig. Enn eg veit eigi, hvort eg renn frá bardaga fyrir honum Skeggja, þótt hinu mikli maðr reiði upp sverðið.

5 (Þórðr hræða). Eg skal eigi flýja fyrir ýti undalogs¹ at þessum fundi (ok) á þessum hálsi — gegnir flæða báls fleygjendr² skulu tregna þat —; heldr ætla ek faldinn hjálmi at fremja löngum hrottasöng³, þótt eikikráks ýtar⁴ sæki at mér at þessi⁵ vápnamessu⁶

1. *undalog, sverð; sverða ýtir, maðr.* — 2. *fleygjendr tg. fyrir fyrðar sem getr ekki staðizt hér.* — 3. *hrottasöngr, bardagi.* — 4. *eikikrákr, skip; skipa ýtar, menn.* — 5. *at þessi tg. fyrir sex (nýtar sex at vápnamessu)*

sem getr ekki verið rétt. — 6. *vápnamessa*, bardagi.

Eg mun eigi flýja fyrir þessum bardagamanni á þessum fundi hér á hálsinum, heldr ætla eg að berjast, þótt kapparnir sæki að mér.

6 (Þóroðr hræða). Ek háða víst harða sókn í víðu Vatnsskarði; þar lét ek fjóra fleinsýnendr¹ týna fjörvi; enn ítr Indriði varð unninn í rítar² byr; ek gaf þeim líf er kann stýra Leifa láðdýri.³

1. *fleinsýnendr*, menn. — 2. *rít*, skjöldr; rítar *byr*, bardagi. — 3. *Leifi*, sækonungr; Leifa *láð*, sjór; Leifa *láðdýr*, skip.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

7 (Þóroðr hræða). Fellu fimtán viðir mána Leifnis grundar¹ í fleinasköllum,² enn sjau sárir . . . Þar vá ek sex, en særða . . . Sá ýtir eldbands Þrumu³ sanda hét Özurr.

1. *Leifnis grund*, sjór; *viðir mána Leifnis grundar*, menn; enn annars er óvíst hvernig 3. og 4. vo. á að greinast. — 2. *fleinasköll*, bardagi. — 3. *Þruma*, ey, *Þrumu sanda band*, sjór; *Þrumu sanda bands eldr*, gull; *gulls ýtir*, maðr.

5. *visuorð* verðr ekki skýrt.

Fimtán menn fellu í bardaganum. en sjau urðu sárir. Þar vó eg sex, en særði marga? Özurr hét sá maðr (er fyrir þeim var).

8 (Þóroðr hræða). Tólf meiðendr vafðra moldar seiða brauta¹ vildu veita mér bana; ek vann þeim sannan skaða. Ek senda með skunda² sjau sækjendr vápnalækjar ells³ til ítrar Óðins hallar með brynglóðu.⁴

1. *seiðr*, físksheiti, ufsi (sei á norsku); *moldar seiðr*, moldar fiskr. ormr; *vafðar brautir orma*, gullhringar; *meiðendr gullhringa*, menn. — 2. *með skunda*, skyndilega. — 3. *ells* = elds; *vápnalækr*, blóð; *vápnalækjar eldr*, sverð; *sækjandi sverðs*, maðr. — 4. *brynglóð*, sverð.

Tólt menn vildu veita mér bana, enn eg gerði þeim mikið tjón. Eg sendi sjö þeirra bráðlega til hinnar frægu Valhallar með sverði mínu.

9 (Þórðr hræða). Hin svinna gullbaugs þella,¹ ek hefi enn goldit gálgavaldi² sex jöru drauga.³ Móðr svellr af því. Armsýnar Grund,⁴ ek lét Özur týna þar öndu; enn sjaundi láðfells logs lundr⁵ var veginn, þella.⁶

1. *gullbaugs þella*, kona. — 2. *gálgavaldr*, Óðinn. — 3. *jara*, orrusta; *jöru draugar*, bardagamenn. — 4. *sýn*, sól; *arms sýn*, armhringr; *armhrings grund*, kona. — 5. *logs*, tg. f. *lóns*; *láðfells* = láðfelds; *láðfeldr*, sjór; *láðfelds logs lundr*, maðr. — 6. *þella* verðr þá hálfkenning. Annars verðr ekki síðari helmingr þessarar visu skýrðr, og óvíst, að hér sé rétt skýrt.

Hygna kona, eg hefi goldið Óðni sex bardagamenn. Þar feldi eg Özur; og þar var líka veginn hinn sjöundi maðr.

10 (Þórðr hræða). Ek geri þér kost á þessu, afrendr¹ Skeggi, þar er þú eggjar mik, at ek skunda út undir eggfránan² seggja hjör,³ ef Yggs fúra festendr⁴ færa mik þagat er vágum Özur fegins hendi.

1. *afrendr* = afarhendr, afarsterkr. — 2. *eggfránn*, með fagri egg, bitreggjaðr. — 3. *hjörr*, sverð. — 4. *Yggs fúr*, Óðins eldr, sverð; *sverðsfestendr*, menn.

11 (Þórðr hræða). Nú er þér, ríkr Skeggi, ráð at rjóða egg á mér . . . þá (er) heldr tekr at kvelda, ok minnst morðeggjandi svá þeira tveggja manna . . . er ek vá nána þér.

3. og 4. vo. verða ekki skýrð, og 7. og 8. vo. verða heldr ekki fyllilega skilin, því orðin „Þundar sessa“ og „mána“ eru eitthvað úr lagi færð, eða þeim verðr ekki komið heim við annað.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

12 (Ásbjörn Þorsteinsson). Ek læt hvíta leggfarms lind¹ koma í hug mér; nú er hart spjóta mót: ek þarf liðs þíns, Skeggi frændi; ek renn eigi, því at ek minnumst innan tvinna Gnár;² man hörð sú vörn er vit frændr vörðum litnir³ saman.

1. *leggfarmr*, armband; armbands *lind*, kona — 2. *tvinna gná*, kona. — 3. *litnir saman*, sénir saman.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

Nöfn.

Talan merkir kapitula; va. = viðauki

- Álöf Skeggjadóttir á Yr-
jum 2.
Arnarstapi (nú Arnstapi)
örnefni í Skagafirði 11.
Arnarvatnsheiðr 15.
Árni sonr víga-Gunnars,
va.
Árni Þórðarson, va.
Ás, bær í Borgarfirði 19, va.
Ás, bær í Hjaltadal 12.
Ásbjörn Þorsteinsson hvíta
5—8, 15—19.
Áslákr Einarsson, va.
Auðólfur Glúmsson 7.
Austrvegr 3.
Bakkaland í Miðfirði 19.
Bárðr 11.
Bárðr hinn svartí ór Selár-
dal, va.
Bessaborg, örnefni á Mið-
fjarðarhálsi, va.
Bjarni Þorvaldsson 9.
Bjarni faðir Gizurar galla
va.
Björn Eidsson, va.
Blönduóss í Langadal 5, 8,
15.
Borgarfjörðr 15, va.
Borgfirðingar 7.
Bólstaðarhlíð, bær í Húua-
vatnssýslu 11.
Brandr Þorgrímsson, va.
Böðvarr bjarki 3.
Böðvarr Þórðarson, va.
Börkr hinn gamli á Bark-
arstöðum, va.
Danmörk 3.
Egilsá bær í Skagafirði 13.
Egill biskup á Hólum 13.
Egill Hrifluson, va.
Egill Skalla-Grímsson, va.
Eiðr Skeggjason 3, 4, 6, 7,
8, 10, 14, 15, 16, 17,
19, va.
Eiðr Þórhallason, va.
Einarr bóndi Eyjólfsson á
Þverá = Einar þveræingr
18, va.
Einarr Hlífason va.
Einarr Þorvaldsson 9, 10.

- Eiríkr ór Goðdölum, örðig-
skeggi, va.
- Elínarhólmr í Skagafirði 11.
- Engihlíð, bær í Langadal
9, 10, 11.
- Eyjafjörðr 13, 18.
- Eyjólfr bóndi á Gunnólfs-
stöðum í Óláfsfirði, va.
- Eyjólfr bóndi á Ósi 2.
- Eyjólfr Snorrason goði, va.
- Eyjólfr Úlfsson, va.
- Eyjólfr Þórðarson 1, 2, 3,
14, 15, 17.
- Eyvindr bóndi á Ási í Hjalta-
dal 12, 13, 16, va.
- Eysteinn Eiðsson, va.
- Eyvindr prúði Kálfsson va.
- Fiskivötn á Arnarvatns-
heiði, va.
- Flatatunga bær í Skagafirði
13.
- Gamlanautr, sax 4.
- Gamli Gunnhildarson 1, 2.
- Garðshvammr, örnefni í
Skagafirði 12.
- Gásar í Eyjafirði 13, 18.
- Geirlaug Árnadóttir, va.
- Gizurr galli Bjarnarson, va.
- Grindarhólar, örn. í Skagaf.
10.
- Grímr bóndi á Grímsegili í
Borgarf. va.
- Grímr son Helga frá Kroppi
va.
- Grímr Oddsson, va.
- Grímr Skárason á Skára-
stöðum í Austrárdal, va.
- Grímsegil í Borgarfirði, va.
- Gróa Þorvarðsdóttir frá
Urðum, va.
- Grund, bær í Skagafirði 9.
- Guðlaugr Þórðarson, va.
- Guðný Böðvarsdóttir, va.
- Gunnhildarsynir 1. 3.
- Gunnhildr konungamóðir 3.
- Gunnólfsstaðir, bær í Óláfs-
firði, va.
- Guðrún Glúmsdóttir 7.
- Guðrún Halldórsdóttir, va.
- Guðrún Klyppsadóttir hersis
va.
- Guðrún Ljótsdóttir, va.
- Guðrún Þorkelsdóttir, va.
- Hafþórr** frændi Özurar 12.
- Hallbera Úlfsdóttir, va.
- Hallbjörg Hafþórsdóttir, va.
- Halldóra Einarsdóttir, va.
- Hallfríðr Einarsdóttir, va.
- Halldórr frændi Skeggja 15.
- Halldórr Skeggjason, va.
- Halldórr Snorrason, va.
- Hallgríma Þorbjarnardóttir,
- Hallr húskarl 12.
- Hallr af Síðu, va.
- Haraldr konungr gráfeldr
2, 3.
- Hákon Aðalsteinsfóstri 1.
- Hákon Gizurarson, va.
- Hákon konungr hinn goði 1.
- Hegranes í Skagafirði 14.

- Helga Einarsdóttir, va.
 Helga Eyjólfsdóttir, va.
 Helgafell, bær á Snæfellsnesi, va.
 Helga Ketilsdóttir, va.
 Herdis Oddsdóttir, va.
 Hjaltadalr í Skagafirði 9, 12.
 Hjalti hugprúði 3.
 Hjalti Skeggason, va.
 Hjaltasynir 9.
 Hleiðr 3.
 Hrafnagil, bær í Eyjafirði 18, 19, va.
 Hrafn Oddseon, va.
 Hrafn Sveinbjarnarson, va.
 Hrani Grímsson á Hranastöðum va.
 Hrífu-Þorsteinn, va.
 Hrolleifsdalr upp af Sléttahlíð, 9.
 Hróaldr Ögmundars. Hörðakárasonar 2.
 Hróðný Skeggjadóttir, va.
 Hrólfur konungur kraki 3.
 Hvamm-Sturla, va.
 Hvassafell, bær í Norðrárdal 7.
 Hvítá í Borgarfirði 6, 15, va.
 Hvítárvellir, bær í Borgarfirði 7.
 Höfði, bær í Höfðahverfi 19.
 Högni auðgi í Bæ, va.
 Hörða-Kári 12, 16.
 Hörgárdalsheiðr 13.
 Illugi Eiddsson, va.
 Indriði félagi Orms 9, 10, 11.
 Ingibjörg Grímsdóttir, va.
 Ingileif Árnadóttir, va.
 Ingiríðr Þorvaldsdóttir, va.
 Ísland 3, 5, 10, 19, va.
 Járnkeggi Einarsson, va.
 Jón bóndi á Hvassafelli á Norðrárdal 7.
 Jón Hákonarson, va.
 Jórunn Einarsdóttir, va.
 Jórunn Hjaltadóttir, va.
 Jórunn skinna-Bjarnardóttir 9.
 Kálfsstaðir bær í Hjaltadal 9, 12.
 Kálfr bóndi á Kálfsstöðum í Hjaltadal 9, 12, va.
 Ketill bóndi 12.
 Ketill prestur Þorláksson, va.
 Ketill Þorsteinsson, va.
 Kjallakr hinn gamli, va.
 Kjartan Ásgeirsson, va.
 Klyppr Einarsson, va.
 Klyppr hersir Þórðarson 1, 2, 3.
 Klængur Örnólfsson, va.
 Kolbeinn Þórðarson, va.
 Kolbeinsáróss í Skagafirði 9, 10.
 Kolbeinsdalr í Skagafirði 12.

- Kolperua Úlfadóttir, va.
 Króksstaðamelar í Miðfirði
 16.
 Langidalr í Húnavatnssýslu
 8, 9, 10.
 Laufi, sverð 3.
 Línakradalr 8, 10.
 Ljótr Hallsson, va.
 Loftr hinn gamli af Eyrum,
 va.
 Loftr Þorgrímsson, va.
 Loftr Þórarinsson, va.
 Lurkasteinn, örnefni í Öxna-
 dal 18.
 Lýtingr Þormóðsson, va.
 Margrét Þórðardóttir, va.
 Markús lögsögumaðr, va.
 Markús Þórðarson á Mel-
 um, va.
 Miðfirðingar 3.
 Miðfjarðará í Húnavatns-
 sýslu 3, 7.
 Miðfjarðarnes í Húnavatns-
 sýslu 8, 11, 15.
 Miðfjörðr 3, 6, 14, 15, 18,
 19, va.
 Miklibær í Óslandshlíð 9,
 11, 13, 14, 17, 19, va.
 Njáll Helgason frá Kroppi
 va.
 Norðrárdalr í Skagafirði 13.
 Noregr 1, 2, 3, 19.
 Oddi Ásólfsson, va.
 Oddný Þórhallsdóttir, va.
- Oddr Ólason hinn auðgi,
 va.
 Óli Þorvarðsson af Sönd-
 um ór Dýrafirði, va.
 Ólof Hrolleifsdóttir kona
 Þórhalls í Miklabæ 9, 11,
 12, 13, 14, 17, va.
 Ormr Þorsteinsson hvíta 8,
 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15,
 16, 18.
 Ósland, bær í Skagafirði
 12, va.
 Óslandshlíð í Skagafirði 9,
 13.
 Óss, bær í Miðfirði í Húna-
 vatnssýslu 3, 4, 5, 6, 8,
 10, 14, 15, 17, va.
 Ragnheiðr Þorkelsdóttir,
 va.
 Reykir, bær í Miðfirði 3, 5,
 6, 8, 14, 15, 16, 18.
 Sandar, bær í Hrutafirði 3.
 Sigmundarstaðir (áðr Stafn-
 grímsstaðir), va.
 Sigríðr skinna-Bjarnardóttir
 5.
 Sigríðr Þórðardóttir 1, 3,
 5, 6, 7, 8, 16, 19.
 Sigurðr konungr slefa
 Gunnhildarson 2, 3, 5, 8,
 19.
 Sigurðr (norrænn maðr) 11.
 Sigurðr Úlfsson, va.
 Sigvatr Sturluson, va.
 Skagafjörðr 9, 11, 13, 18.

- Skalla-Grimr kveld-Úlfsson, va.
- Skarðhamrar, bær í Norðr-árdal 7.
- Skeggi = Miðfjarðar-Skeggi skinnu-Bjarnarson 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 13, 14, 15, 16, 18, 19, va.
- Skeggi Þórhallsson, va.
- Skeggjahamarr 13.
- Skiona-Björn 3.
- Skúli Egilsson, va.
- Sköfnungr, sverð 3, 7, 14, 16, va.
- Sléttahlíð í Skagafirði 9.
- Snjálang Högnadóttir, va.
- Snorri goði, va.
- Snorri Markússon = Mela-Snorri, va.
- Snorri Úlfsson, va.
- Stafngrimr Hranason á Staingrímstöðum, va.
- Steingrímur Þórðarson 1, 2, 3, 14, 15, 17, va.
- Steinn Þórhallsson, va.
- Steinólfr Eyjólfsson, va.
- Steinunn Hrafnadóttir, va.
- Strandir (nú Hornstrandir) 8.
- Sumarliði Úlfsson, va.
- Sveinbjörn Bárðarson, va.
- Svertingr á Svertingsstöðum, va.
- Sviðgrímur, hestr 12.
- Sviðgrímshólar, örnefni í Skagafirði 12, 13.
- Sælingsdalstunga bær í Dalasýslu, va.
- Sörli hinn sterki 18 19.
- Torfustaðir, bær í Húnavatnssýslu 3, 16.
- Upplönd í Noregi 2.
- Úlfr Skeggjason, va.
- Vaðill á Barðaströnd va.
- Valgerðr Einarsdóttir, va.
- Valgerðr Markúsdóttir, va.
- Vatnsskarð í Húnavatnssýslu 10, 11, 14.
- Vestmanneyjar 3.
- Vébjörn Végeirsson sygnakappi, va.
- Végeirr, va.
- Viðvík, bær í Skagafjarðarsýslu 12.
- Vigdís Einarsdóttir, va.
- Vigdís Guðlaugsdóttir, va.
- Viðidalr í Húnavatnssýslu 15.
- Þorbjörn aumingi (Miðfjarðarnesi) 16.
- Þorbjörn Eiríksson, v. a.
- Þorbjörn vesalingr 15.
- Þorbjörn þjótr ór Sogni, v. a.
- Þorfinnr, II.
- Þorgeirr Þórhallsson, v. a.
- Þorgils auga Grímsson á Augastöðum, va.
- Þorgils bóndi á Hrafnagili í Eyjafirði, 18.

- Þorgils Oddason, va.
 Þorgrímur bóndi á Ási 12.
 Þorgrímur bóndi í Flatatungu
 í Skagafirði, 13.
 Þorgrímur Eyjólfsson, va.
 Þorgrímur Kjallaksson, va.
 Þorgrímur (norraenn) 11.
 Þorkell bóndi á Söndum
 3, 4.
 Þorkell Brandson, va.
 Þorkell Geitisson, va.
 Þorlákur Ketilsson, va.
 Þorleifr Einarsson, va.
 Þorleikr Skeggjason, va.
 Þorleifr Þórðarson í Görð-
 um, va.
 Þormóður Lýtingsson, va.
 Þorsteinn bölléttr Snorra-
 son, ábóti á Helgafelli,
 va.
 Þorsteinn Egilsson á Borg,
 va.
 Þorsteinn Kuggason í Ljár-
 skógum, va.
 Þorvaldr bóndi í Engihlið
 í Langadal 9, 10, 11.
 Þorvaldr Kjartansson, va.
 Þórarinn Loftsson, va.
 Þórarinn sælingr, va.
 Þórarna Eyjólfsdóttir, va.
 Þórarna Skeggjadóttir, va.
 Þórður Auðunarson, va.
- Þórður hræða Þórðarson 1—
 19, va.
 Þórður Hörða-Kárason 1,
 5, 16.
 Þórður kakali Sigvatsson, va.
 Þórður Klængsson, va.
 Þórður Kolbeinsson, va.
 Þórður prestur Bööðvarsson,
 va.
 Þórður Skúlason, va.
 Þórður Úlfsson, va.
 Þórir Eyjólfsson, va.
 Þórir hinn aðgi, 7.
 Þórhallr bóndi á Miklabæ
 í Óslandshlið, 9, 11, 12,
 13, 14.
 Þórhallr Einarsson, va.
 Þórveigarsynir á Steins-
 stöðum, va.
 Þuríður Loftsdóttir, va.
 Þverá, bær í Skagafirði,
 11, 13.
 Þverá, bær í Öxnadal, 18.
 Ögmundur Valþjófsson, 2.
 Örn, 12.
 Örnólfur Þórólfsson, va.
 Öxnadalshéiði 18.
 Özurr Arngrímsson á Grund
 í Skagafirði 9, 10.
 Özurr bóndi á Þverá í
 Skagafirði, 11, 12, 13,
 14, 16.



BANDAMANNA SAGA.

BÚÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMAÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1901.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

Formáli.

Bandamanna saga hefir fyrst verið prentuð í bók þeirri sem Björn Markússon lét prenta á Hólum 1756 og heitir „Margfrooder Sögu Dættur Islendinga“. Þar næst hefir H(alldór) Friðriksson gefið hana út í Kaupmannahöfn 1850. Þriðja útgáfan var gefin út af Gustaf J. Chr. Cederschiöld í Lundi 1874 sem doktorsrit. Í fjórða sinni er sagan gefin út af Heusler og prentuð í Berlín 1897 ásamt Hænsa-Þóris sögu.

Bandamanna saga er af tvenskonar gerð, lengri og skemmri. Lengri sagan hefir verið gefin út þrisvar sinnum, enn skemmri sagan að eins einu sinni, af Cederschiöld.

Skemmri sagan er í Konungsbók, nr. 2845 í bókhöfðu konungs, enn lengri sagan í skinnbókinni 132 í Árnasafni.

Flestum þer saman um það að skemmri sagan sé fyrr rituð og mun mega telja það víst. Hún segir einfaldlega frá atburðunum eins og góðar sögur gera, enn í hinni lengri eru miklu meiri málalengingar til þess að gera hana sögulegri. Þó er hún vel rituð, og hefir þann kost fram yfir hina, að í henni eru minni misritanir; þær eru nokkurar í hinni styttri sögu. Líklegt er og, að þau sögulegu atriði, sem lengri sagan hefir fram yfir hina, geti stuðst við sannindi, svo sem einkum ýmislegt í enda sög-

unnar. Þar er t. d. sagt frá sögustöðum, sem vel koma heim, meðal annars bærinn á Borgarhóli, sem handritin svo nefna, enn heitir á Hörgshóli, eins og hér hefir verið leiðrétt, enn er misritað Borgarhóli í hinum fyrri útgáfum (Horgshole *mislesid* Borg^whole).

Skemmri sagan er rituð í Borgarfirði, eða vestanlands, enn hin norðanlands, sem sjá má á upphafi þeirra. Skemmri sagan hefst svo: Ófeigr hét maðr; hann bjó norðr í Miðfirði, enn lengri sagan: Ófeigr hét maðr er bjó vestr í Miðfirði. Í rauninni hefði líka svo átt að standa í þessari útgáfu, því í henni er fylgt hinni skemmri sögu að mestu leyti, nema á fáeinum stöðum hefir verið farið eftir hinni sögunni, þar sem frásögn hennar virðist réttari eða skilmerkilegri. Einn réttara þótti að fylgja aðallega hinni skemmri sögu, bæði af því, að hún mun vera eldri, og af því, að hún fer með öllu ókunn hér á landi, og því nauðsynlegt að gera hana aðgengilega almenningi.

Efnið er að kalla hið sama í báðum sögunum, og flestir hinir sömu sögumenn. Þessara manna er margra getið í öðrum sögum, og sérstakr þáttur er til af Oddi Ófeigssyni, sem ekki kemr við Bandamanna sögu. Aðalmaðr sögunnar, Ófeigr Skíðason, kemr ekki við aðrar sögur. Styrmir at Ásgeirsá er nefndr í Landnámu, og Þórarinn spaki er ókunnr með þeirri ættfærslu, sem hér er talin; hann er kallaðr hér Óspaks son Höskolds sonar (dala-) Kolls sonar, og í handr. er hann kallaðr Laxdælagóði. Þetta getr víst ekki staðist, og hefir því eftir lengri sögunni verið breytt í Langdælagóði (sbr. Landnámu), þó

óvíst sé að það sé rétt. Gellir Þorkelsson á Helgafelli er hér nefndr svo, enn ekki Þórðarson, eins og í hinni sögunni, og er það eflaust rangt. Þorgeirr Halldóruson er ókunnr af öðrum sögum. Óspakr Glúmason er nefndr í Eyrbyggju og Grettis sögu, og má sjá það á þessari sögu, að hann hefir verið nokkuð svipaðr Gretti frænda sínum.

Með viðaukum þeim sem prentaðir eru hér aftan við er að mestu greint það sem sögurnar báðar skilr. Viðaukarnir eru prentaðir eftir útgáfu Halldórs Friðrikssonar án nokkurra breytinga.

Tímatál.

Sagan hefir farið fram um miðja elleftu öld.



Bandamanna saga.

Ófeigr hét maðr, er bjó vestr í Miðfirði, á þeim bæ, er at Reykjum heitir. Hann var Skíðason, enn móðir hans hét Gunnlaug, dóttir Ófeigs norðan ór Skörðum. Hann var kvángaðr maðr, ok hét Þorgerðr kona hans ok var Váladóttir, ættstór kona og hinn mesti kvenskörungr. Ófeigr var spekingr mikill og mestiráðagerðamaðr. Hann var í öllu mikilmenni, enn ekki var honum fjárhagrinn hægr. Hann átti lendum miklar enn minna lausafé. Hann sparði við engan mann mat, enn þó var mjök á föngum þat er til búsin þurfti at hafa. Hann var þingmaðr Styrmis frá Ásgeirsá Þorgeirssonar, er þá þótti mestr höfðingi vestr þar. Ófeigr átti son við konu sinni, er Oddr hét. Hann var vænn sýnum ok vel mannaðr; ekki hafði hann ást mikla af föður sínum; engi var hann verksmiðarmaðr. Váli hét maðr, er þar óx upp heima hjá Ófeigi. Hann var vænn maðr ok vinsæll. — Oddr óx upp heima

með föður sínum, þar til er hann var tólf vetra gamall. Ófeigr var fálátr löngum við Odd ok unni honum lítit. Sá orðrómr lagðist á, at engi maðr þar í sveitum væri betr mannaðr enn Oddr. Þat var einn dag, at Oddr kemr at máli við föður sinn ok beiðir hann fjárframlaga — „ok vil ek fara á brott heðan. Er á þá leið“, sagði hann, „at þú leggr til mín litla sæmd; em ek ok ekki nytsamlegr yðru ráði“. Ófeigr svarar: „Ekki mun ek mikla tillögu veita þér, ór því sem þú hefir til unnit; mun ek ok því næst gera, ok muntu þá vita, hvert fullting þér er at því“. Oddr sagði, at lítt mátti hann við þat styðjast mega, ok skilja við þat talit. Annan dag eftir tekr Oddr vað af þili ok öll veiðarfæri ok tólf álnar vaðmáls. Hann gengr nú í brott ok kveðr engan mann. Hann ferr út á Vatnsnes, ok ræðst þar í sveit með vermönnum; þiggr at þeim hagræði þau sem hann þarf nauðsynlegast at láni ok leigu. Ok er þeir vissu ætt hans góða, enn hann var vinsæll sjálfr, þá hætta þeir til þess at eiga at honum. Kaupir hann nú alt í skuld, ok er með þeim þau missari í fiskiveri; ok er svá sagt, at þeira hlutr væri beztr er í fangi váru með Oddi. Hann var þar þrjá vetr ok þrjú sumur, ok var þá svá komit, at hann hafði þá aftr goldit hverjum þat er átti, enn þó hafði hann aflat sér góðs kaupeyris. Aldri vitjaði hann föður síns, ok svá láta þeir

hvárir, sem engu ætti við aðra at skylda. Oddr var vinsæll af sínum félögum. Þar kemr enn, at hann ræðst til flutninga norðr til Stranda ok á í ferju ok flytr farma norðan, viðu ok hvali ok fiska; aflast nú mjök féit; gengr nú svá um hríð. Þangat kom hann á nesit tólf vetra gamall, enn nú var hann fimtán vetra. Græðist nú svá skjótt féit, at hann á einn ferjuna ok heldr nú milli Miðfjarðar ok Stranda hvert sumar. Ok nú leiðist honum þessi athöfn. Nú kaupir hann sér skreið, ok ferr utan ok tekst enn vel til þessa ok liðmannlega; verðr honum nú enn gott til fjár ok mannheilla. Þessa iðn hefir hann nú fyrir stafni þar til hann á einn knörrinn ok mestan hluta áhafnarinnar; er nú í kaupferðum ok gerist stóruauðgr maðr ok ágætr, ok er hann oftast á hendi tignum mönnum ok vel virðr utan lands. Nú gerir hann svá auðgan, at hann á tvá knörru í kaupferðum, ok svá er sagt, at engi maðr væri í þann tíma í kaupferðum, sá er jafnauðgr væri sem Oddr. Hann var ok farsælli enn aðrir menn. Aldrei kom hann norðar skipi sínu enn í Eyjafjörð, ok aldri vestar enn í Hvítá, enn oftast í Hrútafjörð.

2. Þess er getit eitthvert sumar, at Oddr kemr skipi sínu í Hrútafjörð við Borðeyri, ok ætlar at vera hér um vetrinn. Þá var hann beðinn af vinum sínum, at staðfestast hér ok

gerði hann þat at bæn þeira; kaupir land á Mel í Miðfirði. Hann eflir þar mikinn búnað ok gerist rausnarmaðr í búinu, ok er svá sagt at eigi þótti um þat minna vert enn um farar hans. Ok nú var enginn maðr jafnágætr sem Oddr var fyrir norðan land. Hann var betri af fé enn flestir menn aðrir; góðr órlausna við þá sem hans þurftu ok i nánd honum váru, enn föður sinum gerði hann aldri hagræði ok lét sem hann sæi hann eigi. Skip sitt setti hann upp í Hrutafirði. Engi maðr hér á landi var jafnauðigr sem Oddr; heldr var hitt sagt, at hann mundi eigi minna fé eiga enn þær kirkjur, er auðgastar váru hér á landi. Í öllu lagi var hans fé mikit, gull ok silfr, ok ganganda fé ok jarðir. Váli frændi hans var með honum, hvárt sem hann var hér á landi eða utan lendis.

3. Maðr er nefndr Glúmr. Hann bjó á Skriðsenni; þat er milli Bitru ok Kollafjarðar. Hann átti þá konu er Þórdís hét, dóttir Ásmundar hærulangs, systir Grettis. Óspakr hét son þeira. Hann var mikill maðr vexti ok sterkr, ódæll ok uppivöðslumikill. Hann var brátt í flutningum milli Stranda ok norðrsveita. Hann var gervilegr maðr ok gerist rammr at afli. Eitt sumar kom hann í Miðfjörð ok seldi fang sitt. Um haustit, er á leið, einn dag, riðr Óspakr upp á Mel ok hittir Odd. Þeir kvöddust ok

spurdust almæltra tíðenda. Óspakr mælti: „Á þá leið er, Oddr, at góð frétt ferr um yðvart ráð; ertu mjök lofaðr af mönnum ok allir þykkjast þeir vel komnir er með þér eru. Nú vænti ek at mér muni svá gefast; vilda ek hingat ráðast til þín“. Oddr svarar: „Ekki ertu mjök lofaðr af mönnum, ok eigi ertu vinsæll, ok þykkir þú hafa brögð undir brúnum, svá sem þú ert ættborinn til“. Óspakr svarar: „Haf við raun þína, enn eigi sögn annarra, því að fátt er betr látit, enn efni eru til; beiði ek þik ekki forlags; vilda ek hafa hús þín, enn fæða mik sjálfr, ok sjá þá hversu þér gezt at“. Oddr svarar: „Miklir eru þér frændr borði ok tor-sóttir, ef yðr býðr við at horfa; enn við þat, er þú skorar á mik til viðtöku, þá megu vit á þat hætta vetrangt“. Óspakr tekr þat með þökkum; ferr um haustit á Mel með feng sinn; gerist brátt hollr Oddi; sýslar vel um búit ok vinnr sem tveir aðrir. Oddi likar vel við hann; líða þau missari. Ok er vórar, býðr Oddr honum heima at vera, ok kveðst svá betr þykkja. Hann vill nú ok þat; annast Óspakr um búit, ok ferr þat stórvel fram; þykkir mönnum mikils um vert, hversu þessi maðr gefst. Hann er ok vinsæll sjálfr, ok stendr nú búit með miklum blóma, ok þykkir einskis manns ráð virðulegra vera enn Odds. Einn hlut þykkir mönnum at skorta, at eigi sé ráð hans með allri

sæmd, at hann er maðr goðorðslauss. Var þat þá mikill siðr, at taka upp ný goðorð eða kaupa. Ok nú gerði hann svá; söfnuðust honum skjótt þingmenn; váru allir til hans fúsir, ok er nú kyrt um brið.

4. Oddi hugnar vel við Óspak; lét hann mjök ráða fyrir búinu. Hann er bæði hagvirkr ok mikilvirkr ok þarfr búinu. Líðr af vetrinn; ok hugnar Oddi nú betr við Óspak enn fyrr; því at nú hefst hann at fleira. Á haustum heimtir hann fé af fjalli ok urðu góðar heimtur. Oddr var fészelli hverjum manni. Óspakr átti ok nökkut fé, ok var hann ok hugall at því, at missa einskis sauðar. Líðr nú af vetrinn ok várar; lýsir Oddr því, at hann ætlar utan um sumarit, ok segir, at Váli frændi hans skal taka þar við búu. Váli svarar: „Þat er ofráð, þótt nú flytist vel fram, er þú ert sjálfr við, frændi, ok vil ek fara með þér“. Oddr spyr nú at Óspak, ok beiðir hann taka við búinu. Óspakr segir: „Ekki hefi ek vit til þess, at vera fyrir slíkum stóreignum“. Oddr sækir nú eftir, enn Óspakr ferr undan ok er þó ódfúsi til, ok þar kemr at hann vikr til ráða Odds, ef hann heitr honum sinni ásjá ok trausti. Oddr segir, at hann skal svá fara með hans eigna, sem hann verðr mestr maðr af og vinsælastr; sagðist þat reynt hafa, at hann vildi ok kynni bezt hans fé at

varðveita. Óspakr kvað svá vera skyldu. Oddr býr nú ferð sína ok skip, ok lætr færa til vöru, er gnóg var til. Þetta fréttist brátt ok var tíðrætt um. Eigi þurfti Oddr langan búning. Váli ferr með honum. Ok er Oddr var búinn, leiða menn hann til skips, ok leiddi Óspakr hann í lengra lagi, því at hann átti mart at tala við Odd. Ok er þeir áttu skamt til skips, þá mælti Oddr: „Nú er einn hlutr sá er óskipaðr er“. „Hvat er þat?“ segir Óspakr. „Ekki er sét fyrir goðorði mínu, vil ek at þú takir við“. „Á þessu er engi gegning“, segir Óspakr, „ok em ek eigi til þessa fær, ok hefi ek þó meira á hendr tekizt enn ek mega vel valda; er þar engi maðr jafn-vel til fallinn sem faðir þinn, skilamaðr enn mesti ok forvitri“. Oddr kveðst eigi mundu honum í hendr fá — „ok vil ek at þú takir við“. Óspakr ferr undan ok vildi þó feginn. Oddr segir á reiði sína, ef hann tekr eigi við, ok at skilnaði þeira tekr Óspakr við goðorðinu. Ferr Oddr nú utan og greiðist vel hans ferð sem vandi hans var til. Óspakr ferr heim, ok var margtalat um þetta mál; þykkir Oddr mikit vald hafa þessum manni í hendr fengit. Óspakr ríðr til þings um sumarit með flokk manna, ok tekst honum þat vel ok liðmannlega; kann þat alt vel af höndum at leysa, er hann skylda lög til, ok ríðr af þingi með sæmd. Hann helt kappsamlega þingmenn

sína ok lét ekki mál þeira fyrir borð bera. Hann er góðr og greiðr. við alla sína nágranna. Hvergi þykkir nú minni rausn né risna á búinu enn áðr; eigi skortir umsýslu ok fara ráðin vel fram; liðr nú á sumarit; riðr hann til leiðar ok helgar hann leiðir ok kann þat vel. Ok er á leið haustit ferr hann á fjall, er menn ganga at geldfé, ok verða heimtur góðar; er ríkt fylgt ok missir engis sauðar, hvárki fyrir sína hönd né Odds.

5. Svá bar til um haustit, at Óspakr kom norðr í Viðidal á Svölustaði; þar bjó kona sú er Svala hét. Þar var honum veittr beinleiki. Hún var væn kona ok ung. Hon talar til Óspaks ok biðr hann sjá um ráð sitt — „hefi ek þat frétt, at þú ert búmaðr mikill“. Hann tók því vel ok tala þau mart; felst hvárt öðru vel í geð ok litust þau vel til ok bliðlega, ok þar kemr tali þeira, at hann spyr, hverr ráða eigi fyrir kosti hennar. Hon segir: „Engan mann á ek skyldara, enn Þórarinn Langdælagóða enn spaka“. Hann var son Óspaks Höskollssonar, Kolls sonar, enn móðir hans var Þorgerðr, dóttir Egils skalla-Grimssonar, kveld-Ulfs sonar. Síðan riðr Óspakr til fundar við Þórarin, ok er þar tekit við honum vel at eins. Hann hefir nú uppi sitt erendi ok biðr Svölu. Þórarinn svarar: „Ekki kann ek at girnast mægis þíns; eru margar umræður á hag þín-

um, ok er þat ekki mitt ráð; sé ek ok, at ekki má í tveim höndum hafa við þik; verðr annat-hvært at taka umboð hennar ok láta hana fara hingat, eða hitt ella. at þit munuð gera sem ykkur líkar. Nú vil ek mér engu af skifta, ok kalla ek þat mitt ráð“. Eftir þetta ferr Óspakr á brott, ok kemr á Svölustaði, ok segir henni svá búit. Nú gera þau ráð sitt ok fastnar hon sik sjálf; síðan var gert brullaup þeira ok ferr hon heim á Mel, enn þau eiga bú á Svölustöðum ok fá menn til fyrir at vera. Nú er Óspakr á Mel ok helt rausn í búinu; hann þótti þó vera ódældarmaðr mikill. Nú liðr vetrinn, ok er vórar, kemr Oddr út í Hrutafjörð; honum hafði vel farizt ok orðit gott til fjár; hann kom heim ok lítr yfir eignir sínar ok þótti vel varðveizt hafa ok var allkátr. Ok liðr nú á sumarit. Þat var eitt sinn, at Oddr mælti, at vel mundi fallit, at hann seldi honum goð-orð sitt. Óspakr svarar: „Já“, segir hann „þar er sá hlutr, er ek em fúss laust at láta, ok var ek ekki til færri með at fara, þótt ek hafa með farit“. Oddr segir: „Hitt heyri ek, at þér hafi vel tekizt ok liðmannlega“. Óspakr segir: „Þat ætla ek þó tíðast, at selja goðorð af hendi á lögmótum eða helguðum leiðum eða þingum. Oddr kvað þat vel fallit. Liðr nú á sumarit at leiðinni fram. Ok leiðar morgininn, er Oddr vaknar, litast hann um ok sér fátt manna í

skála; hefir hann sofit fast ok lengi, sprattupp ok veit at menn eru gersamlega ór skálanum. Honum þótti þetta undarlegt, ok talar þó fátt. Hann býst nú ok nökkurir menn með honum. Þeim þótti þetta undarlegt, ok ríða nú til leiðarinnar. Ok er þeir kómu þar, þá var þar mart manna fyrir, ok váru þá mjök í brottbúnir, ok var helguð leiðin. Oddi bregðr nú í brún, ok þykkir undarleg þessi tiltekja; fara menn heim ok líða þaðan nökkurir dagar. Nú gerist fátt með þeim; virðir Oddr svá sem Óspakr vili áhald nökkut veita hans sæmd, ok gera sik at meira manni enn honum sómi, ok þykkir hann eigi launa sér með réttu mikit yfirlæti. Þat var einn dag, er Oddr sat undir borði, ok Óspakr gegnt honum, ok er minst varir hleypr Oddr undan borðinu ok at Óspaki ok hefir reidda öxi í hendi sér; biðr hann nú laust láta goðorðit. Óspakr segir: „Þegar er þér er alhugat at taka við, þá skaltu hafa goðorð þitt, þótt þú leitir eigi með heitun eftir, ok annat væri sannlegra fyrir mitt starf“, segir hann, ok rétti fram höndina ok seldi honum goðorðit. Oddr segir: „Svá mun ek virða, sem haft hafir þú þvilikan sómann, at ærit sé goldit fyrir starfit“. Nú þykkir mjök sinn veg hvárum þeira. Verðr nú ekki af bús umsýslu, og lætr Oddr eigi sem hann viti. Var nú kyrt um hrið, ok heðan af gerist fátt með þeim Oddi ok Óspaki;

er Óspakr heldr ýgr viðskiftis; grunar menn um, at Óspakr mundi hafa ætlat sér goðorðit at hafa, enn eigi Oddi, ef eigi hefði verit kúg-at af honum, at hann mætti undan komast. Oddr kveðr hann at engu; mæltust þeir ok ekki við. Þat var einn dag, er Óspakr býr sig til brottferðar; bindr klyfjar sínar ok ferr á burt ok kona hans, ok hitta ekki Odd; fara á Svölu-staði ok búa þar. Oddr lætr sem ekki sé í orðit.

6. Þat er at segja um haustit, er menn fóru á fjall af Mel, at mjök skaut í tvau horn um heimtur Odds sem verit hafði. Honum var vant nú fjögurra tiga geldinga, þeira er beztir váru. Er nú leit at um fjöll. Kynlegt þótti mönnum þetta, því at Oddr var fésælli hverjum manni; váru þá ýmsar getur á. hvárt gengit mundu hafa til annara heraða, eða farizt í snænum, eða mundi vera af manna völdum. Nú dofna yfir um síðir, ok var mart um rætt, hve gegna mundi, enn þó vantar Odd ekki slátrfé. Hann er hljóðr jafnan um vetrinn. Váli frændi hans frétti, hví þat sætti, er hann var svá ógláðr: -- „hvárt þykki þér mikit fjárhvarfít? enn eigi ertu mikill borði, ef þik hryggir þat“. Oddr segir: „Eigi hryggir mik þat; hitt þykki mér verra, er ek veit eigi hvern stólit hefir“. Váli segir: „Þykkir þér brýnt fyrir liggja, eða hvar horfir þú á?“ „Ekki er því at leyna“, segir Oddr,

„þar er Óspakr er“. Váli segir: „Ferst nú vinátta ykkur nökkut þaðan er þú settir hann fyrir fé þitt“. Oddr segir: „Þat hefir verit glæræði, enn þó hefir nú betr gefizt“. Váli segir: „Margra manna mál var þat, at þat þótti kynlegt. Enn þá leið er nú“, segir Váli, „at vér vildum, at þú snerir eigi svá skjótt málinu til áfalls honum; er þat hélzt við orði manna, at gylfrum gangi vináttan. Nú skulu vit kaupa saman“ segir Váli, „at þú skalt mik ráða láta, enda skal ek viss verða, hvárt hann hefir stólit sauðum eða eigi“. Oddr segir: „Hversu máttu þat vita?“ Váli segir: „Ek á at heimta varning víða, ok mun ek fara um heraðit ok sækja heim Óspak“, segir hann. Oddr segir: „Far þú sem þér likar, ok er þetta ekki svá margra at gera, enn meiri ván, at eigi verði góð ráðin“. Nú kaupa þeir þessu saman. Býst Váli nú til ferðar út um heruð, Vatnsdal ok Langadal, ok þykkir öllum mikit veitt í hans kvámu. Hann kemr á einu kveldi til Óspaks ok tekr hann vel við honum. Óspakr er allkátr. Váli ferr þaðan um daginn. Óspakr leiðir hann ór garði, ok spyr at Oddi ok hans ráði. Váli kvað gott hans ráð. Óspakr lét vel yfir Oddi, ok kvað hann mikinn rausnarman vera — „eða hversu er þat, er hann fyrir sköðum orðinn í vetr?“ Váli kvað svá vera. „Hverjar getur eru þar á?“ segir Óspakr, „Oddr

er þó fésæll maðr vanr at vera“. Váli segir: „Nökkut er þat á ýmsum tungum; sumir ætla, at í foruð muni hafa gengit, sumir ætla, at reknir munu hafa verit til annarra heraða, enn sumir ætla af mannavöldum muni vera“. „Mikit er orðit bragðit“, segir Óspakr. „Já“, segir Váli, „mikit er ok ilt, enn margar eru getur á um þetta mál“. „Þat er ván“, segir Óspakr. „Á þá leið er“, segir Váli, „er þó höfum vit um þetta rætt, þá er því ekki at leyna, at þat vilja sumir menn ekki kalla óván, at nökkut muni af þínum völdum. Minnast menn á þat alt saman, er þit Oddr skilduð stutt, ok þat, er hvarfit varð litlu síðar“. Óspakr segir: „Eigi varði mik, at þú mundir þetta mæla, ok ef eigi værum við svá miklir vinir, þá munda ek þessa máls sárlega hefna“. Váli segir: „Eigi þarftu þessa at dylja, Óspakr, því at meiri ván er at eigi beri af þér, fyrir því at ek hefi sét yfir ráð þitt, ok kann ek þat at sjá, at miklu hefir þú meiri tilbrigði um atföng enn líklegt er“. „Eigi mun at því gefast“, segir Óspakr, „ok eigi veit ek hvat fjánskapar menn várir munu tala, er slíkt tala vinir várir“. „Já“, segir Váli, „þetta er ekki af fjánskap mælt af minni hendi, fyrir því at ek hefi við þik einn talat nú; er þú gerir sem ek vil ok gengr við, þá mun þér eigi þungt falla, fyrir því at ek mun setja ráð til þessa. Ek hefi selt varning minn víða um herað, ok

mun ek segja at þér hafið við tekit ok keypt með slátrfé, ok mun þat engi maðr gruna, ok svá mun ek til haga, at þér skal engi svívirðing at verða, ef þú hlýðir ráðum mínum“. Óspakr kveðst eigi mundu við ganga. „Þá mun fara verr“, segir Váli, ok skiljast þeir. Ferr Váli heim. Oddr spyr, hvers hann varð afviss. Enn Váli varð fár um. „Já“, sagði Oddr; „nú þarf eigi við at dyljast; mundir þú dylja, ef föng væri á, ok veit ek þat, at Óspakr hefir stolit“. Ok er nú kyrt um vetrinn. Ok er várar ok stefnudagar kómu, þá ferr Oddr með hinn tuttuganda mann, unz hann kemr skamt frá bæ þeim er Óspakr býr á. Þá mælti Váli: „Nú skulu þér Oddr hér láta niðrtaka hesta yðra ok æja. Enn ek mun til húss ríða ok hitta Óspak, ok vita, ef hann vill sættast. Þarf þá eigi málit fram at hafa, ok virðir þú til þess fornt vinfengi yðart“. „Ekki veit ek, hversu skylt þetta er“, segir Oddr. Váli ferr þegar ok kemr á Svölustaði. Þar var ekki manna úti. Opnar stóðu dyrnar, ok gengr Váli inn ok var myrkt í anddyrinu; finnr eigi fyrr enn maðr hleypr at honum ok rekr öxi milli herða honum. Þat var Óspakr. Váli mælti: „Þú ert ógæfumaðr mikill; veitir mér áverka saklausum manni; far í burt ok forða þér; hér stendr þé bani fyrir, ef þú biðr hér. Oddr er skamt frá garði ok vill drepa þik; forða þér ok send konu

þína á fund Odds, ok segi hon honum, at vit séim menn sáttir; sé ek farinn at fjárreiðum mínum út um heruð“. Þá mælti Óspakr: „Þetta hefir it versta verk orðit; Oddi hafði ek þetta ætlat“. Enn þó sendi hann konu sína til fundar við Odd, ok sagði hon honum þá Vála ok Óspak menn sátta, ok þat at Óspakr hafði gengit við málinu ok lagit alt á hans vald,— „ok bað at þú skyldir aftr hverfa“. Oddr gerir svá, ok ríðr heim á Mel, ok trúir þessu sem honum var sagt. Annan dag eftir sá þeir at menn mjök margir fóru þar at garði á Mel. Gengr Oddr út í mót þeim ok sér hvers efni í eru; þar fóru menn með lík Vála.

7. Nú kemr upp alt málit, ok verðr Oddr varr við; hann unnr við svá illa at stóru bar; hefir setit hjá garði, enn fóstbróðir hans drepinn; liggr hann undir ámæli af mörgum manni. Óspakr er horfinn ok spyrst ekki til hans. Oddr býr málit til þings ok kvaddi heiman níu búa. Enn þat var tíðenda, at búinn einn andast ór kvöðinni; enn Oddr kveðr annan í staðinn. Fara nú síðan til þings, ok er sú virðing manna á, sem ærin nauðsyn heldi honum til at halda fram máli eftir fóstbróður sinn. Oddr tjaldar bú sína, ok hefir mart manna með sér. Líðr fram at dómum. Gengr Oddr at dómi ok hefir fram málit, ok er hann býðr til varna, þá sátu þeir skamt í frá með flokka sína Styrmir ok Þórar-

inn. Þá mælti Styrmir til Þórarins: „Heyrir þú nú hvat fram ferr um málit Óspaks?“ „Heyri ek“, segir hann. „Já“, segir hann Styrmir, „viltu nokkur svör veita fyrir Óspak?“. „Nei“, segir Þórarinn, „engu mun ek mér þar af skifta, ok er Oddi várkunn ok full nauðsyn at mæla eftir slíkan mann. Enn ek hygg Óspak eigi góðan mann“. „Já“, segir Styrmir, „eigi er maðrinn góðr, enn þó er yðr enn nökkur vandi á við hann“. „Já“, segir Þórarinn, „ekki hirði ek um þat“. Styrmir segir: „Á hitt máttu líta, at vart vandræði mun verða, ef hann verðr sekr, ok er þetta bótamál, því at báðir megum vit sjá vörn í málinu, at hann hefir rangt til búit ok kvatt þar búa heiman ór heraði í stað þess er andaðist, enn hann átti þat á þingi at gera, ok eru spjöll á málinu“. Þórarinn segir: „Fyrir löngu sá ek þat, enn svá mikil þykki mér nauðsyn á um málit Odds, at ek veit eigi, hvárt ek nenni at vera í mót honum“. Styrmir segir: „Til þín þykki mér mest koma málit, ok svívirðing er þér í þessu, ef þú sér brýna vörn, enn fram sé haft málit. Ok er þat mála sannast, at eigi skiftir, þótt Oddr viti at fleiri eru enn nökkurs verðir norðr þar enn hann einn. Treðr hann oss undirfótum ok vára menn, ok er hans eins getit. Dregr hann af því þingmenn sína ok sitr yfir metorðum várum“ — ok sprettr upp ok gengr at

dómum ok mælti: „Hér eru þeir menn, er svara munu málinu fyrir Óspak, ok hefir þú rangt til búit ok eru spjöll á máli. Eru nú tveir kostir til; annathvært at þú látir lokna niðr málit, þar sem nú er komit, eða vér munum hafa fram vörnina ok njóta þess er vér kunnum nokkut heldr í lögmálinu“, — ok segir honum hver á váru spjöllin. Oddr verðr nú fár um, ok þykkir nú í óvæn efni komit, ok gengr á burt ok heim til búðar, ok í búðasundunum gengr maðr einn í mót þeim, gamall ok hrumr, ok hafði kápu svarta ok ein ermr á. buðstaf í hendi ok broddr í; hafði síða hettuna. ok rak undan skygnur, stappaði niðr stafnum ok fór heldr bjúgr. Þar var kominn Ófeigr karl faðir hans. Þá mælti Ófeigr: „Snemmagangi þér frá dómum“. sagði hann. „ok er yðr eigi einn hlutr vel gefinn, at svá er alt snarlegt og snöfurlengt um yðr, eða er hann sekr Óspak?“ „Nei“, sagði Oddr. „eigi er hann sekr“. Ófeigr mælti: „Eigi er þat höfðinglegt“ at ginna mik gamlan, eða hví mundi hann eigi sekr? var hann eigi sannr at sökinni?“ „Sannr vist“, segir Oddr. „Hvat er þá?“ segir Ófeigr. „ek hugða at hann mætti bíta sökin, eða var hann eigi banamaðr Vála?“ „Engi mælir því í mót“, sagði Oddr. Ófeigr mælti: „Hví er hann þá eigi sekr?“ Oddr svarar: „Vörn fanst í málinu, ok fell niðr“. Ófeigr mælti: „Hví mundi

vörn finnast í máli svá auðigs manns?“ „Þat kölluðu þeir at rangt væri heiman búit“, segir Oddr. „Eigi mun þat vera, er þú fórt með málit“, sagði Ófeigr, „enn vera kann at þér sé meir lagit til handa farar ok fésnuðr enn lögkæni, ok hefnir þér dul þín, er þú þóttist þér einn ærinn, ok leitaðir ekki eftir við aðra menn. Vissa ek, at þú hafðir rangt tilbúit málit, enn þú þóttist ofgóðr mik at spyrja, enn ek vissá at þú mundir óvirðing af hljóta. Hefir þú hvern mann annan meira virt enn mik“. Oddr segir: „Nú mun þér at óskum ganga“. Ófeigr spyr: „Hversu mundi ef ek vilda nökkut enn at gera með þér? Muni þér spara fét, ef nökkut vildi leiðréttast?“ Hann segir: „Ekki munda ek féit þar til spara, ef ek fenga eigi slíka svívirðing af sem áhorfist. Enn kynlegt þykki mér, ef þú leiðréttir, því at af þér hefi ek aldregi gagn fengit“. Ófeigr segir: „Til máttu hætta, ef þú vilt, um nökkut fét; næsta sperða ek þik ekki til at fá svá mikla óvirðing af sem áhorfist, eða hvar var þá komit málinu, er þú skildist við?“ Hann segir honum, at — „vörnin fór eigi fram, er vér gengum burt frá dómnum“. Ófeigr segir: „Þat dugir þá helzt at, er þú gerðir óvitandi, ok sú ein var hjálp í málinu“. Nú gengr Oddr heim til búðar, enn Ófeigr ferr upp til dómanna ok gengr hjá dómnum Norðlendinga, ok spyr hvat þar færi fram, enn honum var sagt, at sum

mál váru dæmd, sum búin til reifingar. Ófeigr segir: „Munu þér leyfa mér at ganga í dóm-inn?“ Þat var honum veitt, ok settist hann niðr ok mælti: „Hvat ferr fram um málit Odds? Hvárt er Óspakr sekr?“ Þeir svöruðu oksögðu at hann var eigi sekr. Ófeigr spurði: „Hví gegnir þat?“ Þóttu eigi sakir til vera; drap hann eigi Vála, enn stal áðr?“ Þeir svöruðu: „Engi þrætir þess, ok eigi er af því svá orðit, at mönnum þykki þannig betr, heldr váruspjöll á málinu, ok var rangt tilbúit“. Ófeigr segir: „Hvat spjöllum var þat er meira er vert enn sakir þessar? Hvárt hafi þér unnit eiðana?“ Þeir sögðu at unnir væri. „Svá mun vera, eða hversu unnu þér eiðana? Eigi svána: 'at ek vinn eið at bók, sem ek veit réttast ok sannast ok helzt at lögum?' Svá munu þér mælt hafa. Eða hvat er sannara eða réttara, enn dæma enn versta mann útlaga, ok án allri björg, þann er til þess hefir gert. Enn — 'helzt at lögum', svá munu þér mælt hafa. Þat bagir helzt nökkut við. Enn hyggið at, hvárt meira er vert, þetta eitt orðit, er at fellr eið-stafnum, eða hin tvau. Enn svá mundi mér sýnast, sem ráðlegra væri, að taka þann kost-inn, er bæði væri at vel sæmdi fyrir guði ok mönnum. Enn þá er þat sýnzt, 'ef þér gerid svá, at vinna þá eiðana, er góðir eru, ok dæma þar eftir þeim áfallið, er til þess hefir gert.

Enn þat er ábyrgð, at dæma þá eigi útlæga, er dæmingar eru verðir, ok munu menn þat vel ræma fyrir yðr. Vil ek gefa hverjum yðrum eyri silfrs, er í dómi sitr, enn hálfra mörk þeim er reifir, fyrir því at slík eru mest nauðsynjamál, at eigi gangi illmenni þau yfir, er drepit hafa saklausu menn ok sannreynd eru at þjófskap. Enn þótt hér verði nökkur umræða, þá mun ek fyrir því sitja“. Svá fær hann um talat, at þeir heita honum at dæma málit, ef Oddr kemr til. Nú er eftir Oddi sent ok kemr hann til dómsins, enn þá váru flokkar á burt farnir ok heim til búða, ok grunaði engan mann um þetta. Þeir halda málinu fram, ok gera Óspak sekan, ok fara heim til búða, ok liðr af nóttin. Ok um morgininn ganga þeir til lögbergs, ok stendr Oddr upp ok mælti: „Hér varð maðr sekr í nótt, er Óspakr heitir, í Norðlendingadómi, um víg Vála. Enn þat er at segja til sektar marka hans, at hann er mikill vexti ok karlmannlegr; hann hefir brúnt hár ok stór bein í andliti, svartar brýnn, miklar hendr, digra leggi, ok allr hans vöxtr er afburðar mikill, ok er maðr hinn glæpamannlegsti.

8. Nú þykkir mönnum undarlega skipazt hafa. Tekr hann til orða Styrmir ok mælti: „Heyrir þú, Þórarinn, hvat mælt er?“ Hann segir: „Heyri ek“. Styrmir segir: „Nú erum vér við brögð komnir, ok hafa hér nökkurir snotrir

menn um vélt með honum“. „Svá er þat“, segir Þórarinn, „ok er þó nökkur í eið hjálpin“. „Hver er sú?“ segir hann Styrmir. Þórarinn segir: „Þeir hafa borit fé í dóm, ok er þat sök við þá er gert hafa ok til hafa fengit“. Styrmir segir: „Þá er vænt um, ef vér skulum réttast“. „Þat mun ekki svá brátt; liða munu þessir tólf mánuðir áðr. Er nú ráð at hitta vini sína ok frændr ok ganga heim til búða“. Ok heimtast á hjal þessir menn: þar var einn Styrmir, annarr Þórarinn. Þriði Hermundr, fjórði Járnскеggi frá Þverá, son Einars Eyjólfssonar, fimti Skeggbroddi austan ór Vápnafirði, sexti Gellir Þorkelsson frá Helgafelli, sjaundi Egill frá Borg Skúlason, átti Þorgeirr Halldóruson ór Laugardal. Þessir átta menn ganga á tal, ok váru tengdir allra á milli, frændsemi eða mægðir. Þeir gera nú ráð sitt með fortölum ok áeggjan þeira Styrmis ok Þórarins, ok sögu þeiri. er þeir létu at eigi væri sýnt, at sú févænin mundi fyrir, er jafnmikil mundi vera, sem komast að auðnum Odds. Þeir váru sumir í því máli. er félitlir váru. ok þóttust þurfa fjárins; sumir þeir er þó vildu féit, þótt mikit ætti áðr, enn þótti sökin brýn, er fé Odds hefir til farit. Lúka svá málinu. at þeir ganga í band höfðingjarnir, at veitast svá at, (at) hér skyldi fyrir koma annathvært sektir eða sjálfðæmi. Þessu er leynt á því þingi,

ok fara menn heim af þingi, ok hefir Oddr af virðing málunum ok liða misserin.

9. Nú riðr Oddr oft til laugar ok hittir föður sinn, ok batnar frændsemin með þeim. Ok um várit eitt sinn, er þeir feðgar fundust, mælti Ófeigr: „Hvat hefir þú tíðenda spurt, Oddr?“ Hann svarar: „Ekki hefi ek frétt“. „Spurt hefi ek“, segir Ófeigr, „at þeir Styrmir ok Þórarinn safna liði, ok ætla hingat stefnuför á hendr þér um þat, er fé þitt fór í dóm fyrra sumar“. Oddr segir: „Ekki þykkir mér ofreffli at ganga í mót þeim báðum“. Ófeigr svarar: „Meira mun þér á þykkja liggja; margir eru í málinu vafðir með þeim“ — ok nefnli mennina. Oddr þagnaði. Ófeigr spurði: „Hvert er nú ráðit til?“ Oddr segir: „Fara til þings ok krefja höfðingja liös ok gefa þeim fé til“. Ófeigr svarar: „Ekki sýnist mér þat ráð; mun þar engi til verða, at veita þér í mót þessum höfðingjum, ok engi hefir ok föng til; sýnist mér ráð til annat, at þú búir skip þitt; þat er þér vel hent; búst um þingit ok halt í burt; leita til annarra landa, enn þat máttu, at láta koma í hendr mér fé nökkut, ef þér þykkir þat eigi verr komit enn hitt er þeir taka“. Oddr segir: „Ek ætla at þú munt við taka nökkuru fé; nú ætla ek þat skára, at þú hafir“. Þeir skilja nú. Fara þeir stefnuför Styrmir ok Þórarinn, ok verðr þar engi saga um. Fóru

mál þau til alþingis. Oddr býr sik til utanfarar, enn þeir ríða norðan höfðingjarnir, ok er Ófeigr í þingför með Styrmi ok Þórarni. Þeir Hermundr hittast nú með flokka sína á Bláskógaheiði, ok þar koma til móts við þá Egill ok Gellir; fara svá suðr um heiðina. Þeir ríða austan ór Fjörðum, ok hittast þeir Skeggbroddi ok Járnскеggi ok Þorgeirr Halldóruson við Reyðarmúla. Hittast nú allir flokkarnir á völlum fyrir ofan búðir, ok ríða þeir allir saman á þingit, ok er hér nú mjök tíðrætt um mál þessi. Hyggja nú allir, at Oddr mun vera fyrir lagðr, er allir höfðingjar þeysast á hendr honum, ok hörmuðu þat margir, er Oddr var svá fyrir lagðr. Einn dag um þingit, er á leið, gengr Ófeigr frá búð ok kemr til Mýramanna búðar, ok var hann Egill úti í virkinu ok talar við mann einn. Ófeigr beið þess. Ok er hann vill snúa inn Egill í búðina, tekr Ófeigr í skikkju hans ok mælti: „Heill þú. Egill“. Hann tók kveðju hans. „Ek vil at þú settist niðr ok ræðumst við“. Egill segir: „Ekki þurfum við at ræðast við. þú munt tala vilja málit Odds sonar þíns; enn þú þarft ekki við mik um þat at ræða; miklu er þat fargat meir áðr, ok eru þar aðrir meiri fyrir því enn ek, þeir Hermundr ok Styrmir“. Ófeigr segir: „Mart sé ek mér annat til skemtunar ok tals enn ræða um málit Odds; þykki mér gott at tala við þik“. Eg-

ill segir: „Eigi skal synja þér tals“ — ok settist niðr. Ófeigr mælti: „Ertu búmaðr, Egill?“ „Svá er“, segir hann. „Býr þú á Borg í Borgarfirði?“ segir Ófeigr. „Þar bý ek“, segir Egill. Ófeigr mælti: „Vel er þér farit, at frásögn“, segir Ófeigr, „at þú sért mikilmenni ok garpr ok góðr af fénu, enn mæla þat sumir menn, at vit séum nökkut skaplíkir, hvárrtveggi maðr ekki fémikill, enn þykkir gott at veita vinum sínum“. Egill mælti: „Vel þætti mér, at ek væra þér líkr, enn þar sem þú ræðir, at ek sé ekki fémikill, þar hyggjum vér nú brátt til annars, eða hve fémikill maðr er Oddr? þú munt gerla vita“. Ófeigr segir: „Sagðir þú at vit þyrftum ekki þar um at ræða, enn kunnigt er mér um fé hans, ok eigi mun þar meira frá sagt enn er, eða er þér nökkur forvitni á, hve mikit þú munt hljóta af fénu?“ Egill segir: „Þar er mér allmikil forvitni á, ok ertu góðr karl“. „Þat ætla ek“, segir Ófeigr, „at þú munt hljóta enn sextánda hlut ór Mels landi“. Egill mælti: „Ekki þykki mér hann þá svá auðigr sem þú sagðir“. Ófeigr segir: „Ekki er þat, aldregi skortir hann auð; þetta muntu af hljóta fénu; hafid þér eigi svá mælt, at þér skyldid hafa helming fjárens, er þér bjugguð málit til, enn fjórðungsmenn hálf, er sektarfé eigu taka at lögum. Þá telst mér sem þú munir eiga enn sextánda hlut í Melslandi, ef þér eruð átta.

Eða var þér þess ván, at Oddr muni sitja fyrir gæmsi yðru, er þér farið af þingi? Hann mun nú vera í hafi með alt sitt, nema landit er eftir, ok væntir mik, at knörrinn skriði eigi at síðr undir honum, þótt þér hafið með meirum fádæmum at farit, enn dæmi sýnist til. Gat hann þess. ef hann kæmi á Borgarfjörð, at eigi væri all-löng sævargata til Borgar, ok hann mundi hitta bæ þinn; svá ok, ef hann kæmi á Breiðafjörð, at hann mundi finna bæinn Gellis at Helgafelli, ok ef hann kemr norðr, at honum kom í hug, at eigi væri langt til Þverár, ef hann kæmi í Eyjafjörð, ok ef hann kæmi í Vápnafjörð, kvaðst hann hitta mundu bæinn at Hofi. Væntir mik, at hann mun vel kominn í öðrum löndum, þótt þér hafið sýnt yðr í ójafnaði; mun yðr fara at hæfilega; þér munuð hafa fé ekki, enn líklegt, at þér munuð hljóta af óvirðing“. Egill segir: „Þetta mun vera satt, at Oddr mun hafa ráð fyrir sér, enn sá er einn maðrinn í málinu, er ek ann ens versta hlutarins af, þar sem er Hermundr af Gilsbakka; illa hefir lengi með okkr verit“. Ok er þeir talast við, þá lætr hann Ófeigr siga niðr undan kápunni fésjóð, ok rennir hann augum til Egill, ok finnr hann þat Ófeigr, ok kippir hann undir skikkjuna, ok mælti hann þá Ófeigr: „Hvi er sem þú verðir utan veggjar við hjalit“. Hann segir: „Ekki er þat“. „Nei“, segir hann Ófeigr,

„Þat er og nú eigi vélar; þú sér hvers þér missið í fénu“ — vindr upp sjóðnum, ok hellir silfrinu í kné honum, ok hefir í höndina ok tjár fyrir honum — „ok hér eru nú tvau hundruð silfrs, er ek vil at þú hafir til þess at (þú) gangir eigi í mót málinu, því at þér einum ann ek góðs hlutar af þeim sem hér eigu hlut í. Enn ek veit, at þú ert svá vitr maðr, at þú munt sjá kunna, at þér er betra at þiggja sæmdar hlut, enn hafa alls ekki af sem aðrir munu“. Egill segir: „Þat ætla ek, at þú sért enn versti karl; ætlar þú at ek muna ganga á eiða mína við fégjafir þínar“. Ófeigr segir: „Eigi beiði ek þess, at þú haldir eigi eiða þína; hafid þér eigi svá mælt, at annathvært skuluð þér fyrir hafa sektir eða sjálfðæmi. Nú mætti svá vera, at svá kæmi málinu Odds, at oss frændum væri þess af unt, at bandamenn tæki sjálfðæmi, ok ef sjálfðæmit verðr yðr selt, enda bæri svá til, at þú verðir um at gera, þá hefir þú þess eigi svarit, hve mikit þú skyldir gera, eða hve lítit. Nú mættir þú svá stilla, at þat væri sómi, er þú gerðir, ok heldr þú þá svardaga þína, enda hefir þú af mér þökkina“. Egill segir: „Allslægr karl ertu; sé ek at svá má vera sem þú segir, enn eigi ber ek þrek til einn at ganga í mót þessum öllum“. Ófeigr segir: „Hversu mun þá, ef ek fæ annan til at koma í málit með þér; viltu þá til ráða?“ Eg-

ill segir: „Nær mun þá fara“. Ófeigr segir: „Láttu svá sem ek eiga allra kost, enn öllum unna ek ills hlutar af nema þér“. Egill segir: „Tveir eru til; annarr Hermundr, hann er mér næst, enn þó mun ek hann eigi til kjósa, enn annarr er Gellir Þorkelsson; hann mun ek til kjósa“. Ófeigr segir: „Þá er vel; nú mun ek hitta hann, enn ek mun segja þér hver skiln aðrinn verður, enn féit sé hér eftir“. „Láttu svá vera“, segir Egill. Skilja þeir at því. Ófeigr gengr til búðar Gellis ok heimti hann út. Hann var maðr lítillátr. Gengr hann út ok heilsar Ófeigr honum ok kveðst vilja tala við hann. Gellir segir: „Vita þykkjumst ek, at þú munt ræða vilja um málit Odds“. „Já, kvað hann Ófeigr, „mart þykki mér nú skemtilegra at ræða enn um málit Odds; var þat teygilegra enn nú gerist. Er þat gaman mitt helzt, at tala við vitra meðn; er mér þat sagt, at þú sért vitr maðr“, segir hann. Gellir segir: „Ek vil eigi synja þér viðtals, Ófeigr“. Setjast þeir þá niðr. Ófeigr mælti: „Hvat er þeira manna vestr þar, er þér þykki vænstir til höfðingja i herudum?“ Gellir segir: „Þar er gott mannaval. Þar tel ek fyrst sonu Snorra goda eða syni Þorgils Arasonar, eða þá Eyrarmenn, syni Steinþórs“. „Já“, sagði Ófeigr, „vel er til sagt, eða hvat er kvenna þeira er þér þykkir beztr kostr i“. Gellir segir: „Þar leikr á hinu sama,

at ek tek þar til dætr Snorra goða eða Þorgils Arasonar, eða Steinþórs. Þær eru konur með virðingu mestri“. Ófeigr segir: „Áttu nökkurar dætr? „Á ek“, sagði hann. „Eru þær giftar?“ „Nei“, segir hann. „Hví sætir þat“, segir Ófeigr. „Því“, kvað hann Gellir, „at eigi hafa þeir menn til orðit, er bæði sé vel ættadir ok fémiklir ok hefði staðfestur góðar. Enn ek em ekki fémikill maðr þær heiman at gera, — ok mun ek nú eigi ávalt láta spyrjast — hvat er þeira manna norðr þar, er þér þykkja vænstir til höfðingja?“ „Já“, kvað hann Ófeigr. „þar er gott manna; þar tek ek fyrst til Einarr Járnskeggjason ok Hall son Styrmis frá Ásgeirsá. Mæla menn þat, at Oddr son minn væri með þeim mönnum at telja, er heldr váru með enum stærum mönnum, ok koma skal nú erendinu, er Oddr bauð ef ek hitta þik, at hann vill biðja Ragneiðar dóttur þinnar, ok eru hér nú fjögur hundruð silfrs, er hann lét at vera skyldi hennar heimanfylgja; hygg at, hverr þér býðr svá annarr, at hann geri sjálfr heiman konuna til handa sér, slíkr maðrinn, ok þat lét hann fylgja, at hann mundi þat aldri forverkum gera meðan þit lifðið bádir“. Gellir segir: „Verit mundi þat hafa, at ek munda eigi synja honum konunnar, enn þó enn at svá búnu, þá ætla ek at ekki verði af því, meðan þat mál váfir yfir, sem nú er mjök tíðrætt“.

Ófeigr segir: „Getr þú vitleysu þessar, er einskis er verð“. Gellir segir: „Eigi þykki mér ráðit, hvárt at því verðr, enn ekki hefi ek þessa svá fúss verit; meir hefi ek gert at bæn ok vilja annarra“. Ófeigr segir: „Várkunn er á við þik, er þú ert félitill, at þú ætlir þér til hægenda fjárupptökuna“. „Já“, segir hann Gellir, „til þess ætla menn“. Ófeigr segir: „Forvitni mun þér á, hve mikit þú munt af hljóta fénu“. „Mikil forvitni er mér á“, segir Gellir, „ok seg mér“. Ófeigr segir: „Þér átta munuð hljóta hálf Mels land, ok mun eigi til meiri gæða koma, enn meiri ván, at Oddr sé í hafi, ok mun hann vel kominn í öðrum löndum, þótt þér farið með ósóma yðrum“. Gellir segir: „Þá eru brögð í, ok kann vera at satt sé, ok er þat eigi illa í sumu lagi“, segir hann. Ófeigr mælti: „Gat hann þess, at eigi væri örvænt, at hann hitti bæ þinn, ef hann kæmi á Breiðafjörð, ok væri eigi tilgengilegt, er þú kæmir heim“. Gellir segir: „Ekki uggi ek þat“, segir hann. Ófeigr segir: „Nú máttu sjá, hversu þessu máli er komit, at þetta horfir eigi til virðingar né fjár, enn í öðru lagi þetta, sem ek hefi rætt málit Odds; vilda ek þú tækir við fénu ok litir á málit ok sæir, hversu ólíkr hlutrinn er þinn eða þeira annarra, er í eru málinu; er ok at segja þér, at aldri verðr þér féfátt, meðan þit lifið báðir, enn eiga enn

virðulegsta máginn, enn leggja ekki til sjálfr“, segir hann. Gellir segir: „Sannlegt er þat er þú segir, ok sé ek, at eigi mun fjarri því ganga sem þú mælir, enn aldri hefi ek at því kendr verit. at vera svikari. Hefi ek svarit eiða bandamönnum, at hér skal ekki fyrir koma nema sektir eða sjálfðæmi“, kvað hann. Ófeigr segir: „Eigi beiði ek þess, at þú haldir eigi eiða þína, enn verða má svá, at undir þik komi málit, ok hefðim vér frændr þat at ráði, at taka þann kostinn, at selja yðr sjálfðæmi, ok vera má svá, at eigi sé þér svá bölfengnir, at láta oss eigi því ná, at gjalda féin upp, ok verði maðrinn eigi sekr. Enn ef svá verðr, ok komi undir þik málit, þá máttu eigi gera ósóma. ok heldr þú þá eiðana. enn sýnir drengskap, ok hefir þá þetta féit ok gerir sóma til dóttur þinnar“. Gellir segir: „Vitr maðr ertu, enn eigi hefi ek föng á at ganga einn í mót þeim öllum, er í eru málinu, þótt mér væri hugr á“. Ófeigr segir: „Hversu mundi, ef ek kæma öðrum manni í málit?“ „Þá mun nær liggja“, segir Gellir. „Hvern kýs þú til?“ segir Ófeigr, „láttu sem ek eiga allra vól“. „Egil munda ek helzt til kjósa“. Ófeigr segir: „Þat er mikit, er þú kýs þann maninn til, er verstr er í máli þessu, ok eigi hirðir hvat til fjárens vinnr, enn er hann svá vitr, at skilja mun hann, at þat er ráðlegra, at hafa nökkurn sóma enn engan“.

Gellir segir: „Til mun ek ráða, ef þú kemr honum í málit“, kvað hann. Ófeigr segir: „Nú mun ek ganga í burt ok hitta Egil, ok ef ek fæ af honum, þá skuluð þit talast við um málit hjá kirkju. Flokkar ykkir standast nær; mun ok engum undarlegt þykkja, þótt ykr sé tíðrætt; gerið þá ráð með ykkir“. Nú skiljast þeir ok hittir hann Egil, ok ferr þetta mál svá sem Ófeigr stefndi til. Annan dag eftir gekk Ófeigr yfir brú ok hittir frændr sína Skarðamenn, ok biðr at þeir gangi með honum til lögbergs, ok svá gera þeir. Ok er menn höfðu mælt málum sínum, þá stendr Ófeigr upp ok mælti: „Ekki hefi ek mart rætt um málit Odds sonar míns, enn nú vil ek leita eftir, ef nökkut skal sættum koma fyrir“. Hermundr segir: „Alls ekki skal á sættast“, segir hann. Ófeigr mælti: „Þá er stutt um, enn hvárt skulu frændurnir kost eiga at kjósa um, hvárt fyrir skulu koma sektir eða sjálfðæmi“. Hermundr segir: „Þess skuluð þér kost eiga, því at þat eitt mun sjálfðæmit, er eigi mun undir, hvárt er eða sektirnar“. Ófeigr segir: „Hvárt skulu frændr þá eiga kost at kjósa af yðru liði þá er þeir vilja, eða skuluð þér allir gera, þótt þat sé ótíðara“. Hermundr segir: „Þess skuluð þér kost eiga, at kjósa til þá er þér viljið; eigi þykkir oss undir, hvárir eru af váru liði“. Ófeigr segir: „Þá er hóf á, ok mun þat várt

ráð heldr, at kjósa at hann sé eigi sekr gerr, ok munu menn verða til handsala, þeir sem þér vilid. Enn þér handsalit niðrfall at sökum, enn ek mun kjósa menn af yðru liði, þá er mér sýnist, einn eða tvá, eða fleiri“. Hermundr segir: „Láttu svá vera“. Þórarinn spaki segir: „Játum því einu í dag, er vér iðrumst eigi á morgin“. Hermundr segir: „Þessu munu vér játa“. „Göngum nú til handsala“, segir Ófeigr, ok svá var gert, ok handsöluðu þeir niðrfall at sökum, enn hann fésátt slíka sem þeir vildu gert hafa, er hann kerir til, ok nú mælti Ófeigr: „Göngum nú upp á völlu, ok mun ek þar til kjósa þá er mér sýnist“. Þeir gera svá. Drífr upp þangat á völlum mikill mannfjöldi. Þeir fóru báðir saman, Gellir ok Egill, með flokka sína, ok kómu upp á völlu. Þá mælti Ófeigr: „Setist þér nú niðr, bandamenn í hring, ok mun ek ganga fyrir yðr ok kjósa þá til míns máls er mér sýnist“. Ok þeir gera svá. Hann gengr at Styrmi, ok lyftir aftr kápuhettinum á herðarnar, ok stóð á knjám ok mælti: „Öllum mun þat líklegt þykkja, at ek muna þik til kjósa til míns máls, er ek em þinn þingmaðr, ok gefit þér góðar gjafir, ok væri þat líklegt, at því máli mundi þykkja vel komit, er þú gerðir, enn engi hefir þó jafnæstr at farit ok öllum upphöfum valdit um þetta mál at þat felli þyngra enn léttara Oddi syni mínum, ok

kýs ek þik frá. Þar sitr þú, Þórarinn, ok er eigi þat þar at, at þér sé vitfátt at gera um málit, enn alt vit þitt hefir þú til þess lagt, at þetta mál felli þyngra enn áðr Oddi syni mínum, ok kýs ek þik frá. Þá sitr þú, Hermundr, höfðingi mikill“ — hann yppist við mjök ok ætlaði at hann mundi hann til kjósa, — „þat er víst nú“, segir Ófeigr, „at þik hefir ekk til haldit nema fégirni ok ranglæti ok ójafnaðr; engi hefir ok jafn-óðr at verit sem þú; skortir þik ok eigi féit, ok hefir þú dregist til fyrir ágirni sakir; nú kýs ek þik frá. Þar sitr þú Járnскеggi; þat er mér sagt, at þú létir bera merki fyrir þér norðr á Vöðla þingi, sem fyrir konungum; nú skil ek eigi, hvar koma mun metnaði þínum, ef þú hefir af þessu virðing, ok kýs ek þik frá, ok verð ek fyrir þínum hlut at sjá, at eigi geysist þú ór virðingunni. Þar sitr þú, Skeggbroddi, hvárt var satt, at Haraldr konungr mælti þat, at (þú) værir bezt til konungs fallinn á Íslandi“. Hann segir: „Eigi veit ek þat, mart mælti Haraldr konungr þat til mín, er ek veit eigi, hverr alhugi því fylgdi“. Ófeigr segir: „At siðr munda ek því samþykkest, at þú værir konungr á Íslandi, at eigi skaltu konungr yfir þessu máli, ok kýs ek þik frá. Þar sitr þú Gellir, þú ert kallaðr góðr höfðingi ok réttlátr; þó hefir þér þetta ódrengilega orðit, enn várkunn er á við þik, er þú

ert félitill, ok þat annat, at Skeggbroddi vinr þinn hefir komit í málit, ok nú þótt mér sé litit um allra mál, þá mun nú verða at atsnúa nökkurum. Nú kýs ek ekki þik til, enda ekki frá. Þar sitr þú Þorgeirr; skamma dvöl mun ek hér eiga fyrir því at þú hefir aldregi um þat mál gert, er nökkut er undir, af því at þú hefir ekki vit til. - Nú litast hann um er hann kemr fyrir Egil, ok þokar kápuhettinum ok mælti: „Dat ætla ek, at mér verði vargsins dæmi: þeir finnast eigi fyrr enn þeir hafa etizt, ok þeir koma at halanum. Svá er mér ok gengit fyrir margra göfga menn hér nú, ok kerit frá mínu máli, enn nú er sá einn eftir, er öllum er kunnigt, at eigi hirðir hvat til fjárens vinnr, sem Egill er; verðr nú annat hvárt at ganga aftr ok kjósa þá til er áðr eru frakosnir, eða kjósa þik til, er öllum er kunnigt, at eigi mun vel gefast. Nú ætla ek þó ráð, at kjósa þik til“. Hann spratt upp ok mælti: „Dat er mjök oft, at þangat vill virðingin, þótt aðrir unni oss eigi. Göngum Gellir, ok hyggjum at málinu“. Þeir gera svá. Egill mælti: „Hvat skulum vit gera? Enn þat ræð ek, at vit gerum litit, því at ekki mun tjá, ef vit gerum allmikit“. „Þó mun fjándskapr á liggja, segir hann Gellir, eða hve mikit skal gera?“ Egill segir: „Gerum þrettán aura“, kvað hann. Gellir segir: „Eigi em ek fúss at segja upp

sættina“. Egill segir: „Hvært viltu segja upp gerðina eða sitja fyrir svörum?“ „Nei“, kvað hann Gellir, „heldr vil ek segja upp sættina, enn þú sit fyrir svörunum“. Ganga (þeir) at fram þar er þeir sátu. Hermundr stóð upp ok mælti: „Hlýðum til ósómans“. Þá mælti Gellir: „Þat er gerð okkur Egils, á hendr Oddi, at vit gerum þrettán aura“. Hermundr segir: „Hvært skildist mér rétt, at þú gerðir þrettán aura“. „Nei“, segir Egill, „eigi var þat nú at þú sætir á hlustinni er þú stóðt upp, þrettán aura þeirra er engum óvesalla manna væri viðtækir eða í gjöld mælt, baugabrot og liarkagripir“. Þá segir Hermundr: „Sviknir erum vér nú“. Egill segir: „Telst þú svikinn“. „Já“, segir hann, „svikinn teljumst ek, ok hefir þú svikit mik, svikarinn“. Egill segir: „Þat geri ek svá at mér þykki bezt at svikja þann er engum trúir; þú trúir engum manni; eigi trúir þú vinum þínum né frændum, börnum né konum, ok eigi trúir þú sjálfum þér. Því trúir þú eigi þér, at þú fért í þoku svá mikilli at fela fé, at eigi veiztu heblr enn aðrir hvar þat er nú komit. Ean þótt þér ljái nú annarshugar, ok vilir þú nú féit hafa, þá muntu nú eigi finna“. Hermundr svarar: „Þetta er lygi þín sem mörg önnur; þú lýgr ávalt. Fyrra vetr bauð ek þér ór hrakbúinu ok yðr sjau saman; váruð þér þá á Gilsbakka, ok er þú

komt heim, þá sagðir þú þat, at þar væri farn-
ir þrír tigr klaka hesta ok etnir allir“. Egill
segir: „Enginn mun meira segja frá vanhöld-
um þínum enn verit hefir, enn eitt ætla ek,
at annathvært hað etnir verit fáir eða engir.
Hermundr segir: „Eigi skulum vit báðir á
þingi annat sumar“. Egill segir: „Nú mun ek
þat mæla, er ek ætlaða, at frestast mundi at
þú lykir heill munninn í sundr; þat var snemma
spáð, at ek munda verða allra manna elztr;
mun þat við bera, ef vit erum eigi báðir á
þingi, at þú munt fara allr í tröllendr. Þá
mælti Styrmir: „Þat er sem ván er, at oss
genist illa at taka hinn versta manninn til sam-
lags með oss; hann er allra manna verstr hér
á landi, ok er þat öllum kunnigt“. Egill seg-
ir: „Þess betr er þú kallar mik verra mann,
því at þat vitu menn, at þú hefir tekit mik til
jafnaðarmanns þér. Nú munu vera nökkur
stór klæki at þér, þau er aðrir munu eigi vita,
er þér þótti þess af vert sjálfum, at taka enn
versta manninn þér til jafnaðar, enn þat er
ekki enn svá líkt í sumu lagi. Þú ert mat-
gæðingr mikill ok áttu kana þann er matsæll
heitir; aldregi koma svá margir göfgir menn
til þín, at þat viti, hvat í honum býr, nema
þú einn, enda er þat kunnigt öðrum mönnum,
at þú rennr þegar er svartleggjan kemr á
loft, enn ek þori at veita vinum mínum lið,

enn eigi er þat all-ólíkt, at hvárirtveggi okkarr gerir vistina illa. Þá vill Þórarinn upp standa, maðrinn feitr mjök ok þungr á sér, ok studdi höndum á kné sér. Þá mælti Egill: „Seztu niðr, Þórarinn, því mun ek þér svara, at allr þingheimr mun hlæja at þér“. Hann settist niðr. Þá mælti Egill: „Nú gerðir þú vitrlega, sem þú ert vanr; mér þykkir ekki til koma at sveinar hlæi at þér, þótt þú sitir mjótt við eld eða gnúir ölnboga þína“. Þá segir Þorgeirr: „Heimsklega er gert at gera þrettán aura“. Þá segir Egill: „Enn ek hugða at þér mundi þykkja vel gert. Mantu þat eigi þú vart lostinn austr á Árness leið; laust þik hesta-sveinn nökkurr ok kómu npp þrettán kúlur í höfði þér, ok þáttu lambá fyrir kúlu hverja“. Þá mælti Skeggbroddi: „Járnskeggi“, sagði hann, „göngum frá ok skiftum ekki orðum við hann“. Ok gengu þeir braut, ok því næst allir þeir, enn fé þat lá eftir, ok vill engi hafa, ok gerist fjándskapr í milli þeirra, ok lýkr þar þinginu.

9. Ófeigr ríðr norðr ok kemr hann á fund Odds sonar síns. Var hann þá albúinn. Hann spyr, hversu málit hefði farit. „Ek selda þeim sjálfðæmi“, segir Ófeigr. Oddr segir: „Lúk þú manna armastr máli“, segir hann. Ófeigr segir: „Eigi skaltu svá skjótt dæma frændi“— segir honum nú alt málit. „Eigi mátti mér í

hug koma, at svá skyldi fylgja mega þessu máli, ok þykkjumst ek þér eiga bezt at launa“, segir hann. Ófeigr segir: „Brúðlaup ykkart skal vera at sex vikum hér á Mel“. Oddr segir: „Þetta er svá ráðit, at ek vilda helzt mér kjósa, enn þó mun ek halda fram ferðinni ok vita, hve farsæll ek vera eða hvárt ek kem aftr at ákveðinni stundu“. Ófeigr segir: „Ekki kann ek þess at letja; mikit áttu undir fargæfunni“. Hann tekr nú byr og siglir norðr á Þorgeirsfjörð. Þá tók af byrinn ok lágu þar nökkurar nætr. Þar var fyrir kaupskip. Nú leiðist Oddi þar, ok biðr róa til lands báti ok gengu upp á hátt fjall, ok sér Oddr, at annat er veðrið úti fyrir, ok logn var á firðinum. Oddr biðr þá flytja út skipit. Þeir mæltu, kaupmennirnir, at þeim mundi drjúgt verða at róa yfir hafit. Oddr segir: „Svá hæðilegt sem yðr þykkir at vér róum, þá munda ek þat ætla, at hér mundu þér vár bíða“. Þeir taka byr ok sigla til Orkneyja, ok lögðu eigi fyrr segl; váru þar nökkurar vikur; fóru aftr síðan með góðum byr ok lágu þar kaupmennirnir er þeir kómu aftr; sigla norðr ok létta eigi fyrr enn þeir koma í Miðfjörð, ok ferr Oddr heim til bús síns ok býst við veizlu ágætlegri; skortir eigi efnin til. Kemr Gellir þar með dóttur sína, ok þar kom Egill ok fjöldi manna; fór veizlan sem vinir mundu kjósa. Egill var

ekki kátr. Oddr leysir menn þaðan með góðum gjöfum. Þá mælti Ófeigr: „Þat vilda ek, at þú leystir Egil virðulega á burt; honum eigum vér gott at launa“, segir hann. Oddr segir: „Mér lízt sem þú hafir hann áðr af leyst“. Ófeigr segir: „Ekki er svá; ger góðan sóma til hans“. Annan dag eftir mælti Oddr til Egils: „Ek lét reka upp eftir Hrútafirði fjóra tigu geldinga ok yxn tvau; mun þat nú heima fyrir þér, ok skal eigi forverkum gera við þik meðan vit erum uppi. Egill þakkaði honum ok hóf honum upp augu. Gellir olli mjök gjöfum við Egil. Skiljast þeir þar.

10. Líðr af vetrinn, ok er vára tekr ferr Hermundr til Hvamms leiðar, ok er hann ætlaði utan, þá segir hann at þeir munu snúa ofan til Borgar ok brenna Egil inni. Ok er þeir koma utan í Valfell, þykkir þeim sem strengr gjalli upp í skörðin, ok því næst kennir Hermundr, at stingi kemr undir höndina ok æðiverkr; verðr nú heim at snúa, ok ferr frá honum liðit; ferr verkrinn um síðuna ok því meira er um sóttina sem meir líðr upp í heraðit ferðinni. Ok er þeir koma á Höggvandastaði, var þar alt þakt af hröfnum, ok er hann kemr heim var hann hafðr í rekkju ok varfarit eftir Þórði presti í Reykjaholt Sölvasyni, ok er hann kom at honum mátti hann ekki mæla. Ok er hann kom til hests sins prestrinn, var

sent eftir honum, ok kom hann öðru sinni ok mátti hann ekki mæla við hann. Þá fór prest-rinn ofan til gils, ok var þá hleypt eftir hon-um et þriðja sinn, ok lýtr hann at honum Her-mundi, ok heyrir hann at lét í vörrunum: „Fim í gili, fim í gili“. Síðan andast hann.

11. Þat er sagt at Már hét maðr; hann fekk Svölu ok áttu þau búit. Ölver hét bróð-ir hans, ok var afglapi. Ok einn morgin, er þau Már ok Svala lágu í rekkju sinni, kom þar inn maðr mikill ok kvað vísu:

Brák ór slíðrum
skalm nýbrýndri
þeiri létk Mávi
á maga hvátat.
Unnak eigi
arfa Hildis
fagrvoxinnar
faðmlags Svölu,

ok lagði hann í gegnum. Ok er hann vill út, þá hleypr hann upp Ölver ok leggr í gegnum hann knífi miklum. Þat er einn morgin, at menn kómu út á bæ þeim er reift hafði verit málit á hendr Óspaki. Þar vóru færð naut tólf til bana. Stóðhross vóru ok drepin sjau fyrir Oddi Ófeigssyni. Nú finst Óspakr dauðr hjá helli einum í Línakradal, ok mundlaug hjá, ok var blóðlifr í farit; grandaði honum ok bjargleysi. Oddr var mikill maðr fyrir sér ok

átti son, er Ófeigr hét, ok þaðan átti skamt at telja Snorri Kálfsson ok þeir Miðfirðingar. Ok lýkr hér sögunni.

Viðauki.

I.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 22—23; sbr. bls. 23—24 í þessari útgáfu.)

Þat var einn dag, er Ófeigr karl gekk frá búð sinni, ok var áhyggjumikit; sér enga liðveizlumenn sína, en þótti við þungt at etja; sér varla sitt færi einum við slíka höfðingja, en í máli váru engar verndir; ferr hækilbjúgr; hvarflar í milli búðanna, ok reikar á fótum; ferr þannig lengi; kemr um síðir til búðar Egils Skúlasonar. Þar váru þá menn komnir til tals við Egil. Ófeigr veik hjá búðardyrnum, ok beið þar til þess, er mennirnir gengu í brott. Egill fylgdi þeim út; en er hann ætlar inn at ganga, þá snýr Ófeigr fyrir hann, ok kvaddi Egil. Hann leit við honum, ok spurði, hvern hann væri. „Ófeigr heiti ek“, sagði hann. Egill mælti: „Ertu faðir Odds?“ Hann kvað svá vera. „Þá muntu vilja tala um mál hans; enn þat þarf ekki við mik at tala; miklu er því meirr fyrir komit, en ek mega þar neitt til leggja; eru ok aðrir meirr fyrir því máli enn

ek: Styrmirok Þórarinn; láta þeir mest til sín taka, þó at vér fylgjum þeim at“. Ófeigr svarar, ok varð staka á munni:

Fyrr var sæmra
til sonar hugsæ.
Gekk ek aldregi
Odds at sinni;
sá hann lítið
til laga, gassi,
þótt fjár hafi
fullar gnóttir.

Ok enn kvað hann:

Þat er nú gömlum
gleði heimdraga,
at spjalla helst
við spaka drengi.
Muntu eigi mér
máls of synja,
því at virðar þik
vitran kalla.

„Mun ek fá mér annat til skemtanar, enn tala um mál Odds; hefir þat verit rífligra en nú; muntu eigi vilja synja mér máls. Er þat nú helst gaman karls, at tala við þess háttar menn, ok dvelja svá af stundir“. Egill svarar: „Eigi skal varna þér máls“.

II.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 24—25; sbr. bls. 25—25 í þessari útgáfu.

„Þat er satt“, kvað Egill, „ok ertu góðr karl

ok vitr, ok muntu vita görla um fé Odds“. Hann svarar: „Þess vænti ek, at þat sé eigi öðrum kunnigra, en mér, ok kann ek þat at segja þér, at engi segir svá mikit frá, at eigi sé þó meira; en þó hefi ek hugsat um áðr fyrir mér, hvat þú munt af hljóta“, ok varð honum vísa á munni:

Satt er at sækir átta
seims ágirni heima
— orð görast auðar njörðum
ómæt — ok ranglæti.
Ynna ek yðr fyrir mönnum
iðja hlátr at láta,
þundum þykkra randa
þeys, ok sæmdarleysis.

„Hratt mundi þat ólíkligt“, segir Egill, „ok ertu skáld gott“.

III.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 34—35; sbr. bls. 84—85 í þessari útgáfu).

„Þar sitr þú, Þorgeirr Halldóruson“, segir Ófeigr, „ok er þat sýnt, at þat mál hefir aldregi komit undir þik, er málskifti liggja við; því at þú kant eigi mál at meta, ok hefir eigi vit til, heldr en uxi eða asni, ok kýs ek þik frá“. Þá litast Ófeigr um, ok varð staka á munni:

Illt er ýtum
elli at biða;
tekr hún seggjum frá
sýn ok vizku.

Átta ek næsta völ
 nýtra drengja;
 nú er úlfshali
 einn á króki;

„ok hefir mér farit, sem varginum; þeir etast þar til, er at halanum kemr, ok finna eigi fyrr“.

IV.

Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 38—39; sbr. bls. 39 í þessari útgáfu).

Þorgeirr þagnaði; en þeir, Skeggbroddi ok Járnскеggi, vildu engum orðum skifta við Egil. Þá mælti Ófeigr: „Nú vil ek kveða yðr vísu eina, ok hafa þá fleiri at minnum þing þetta ok málalok þessi, er hér eru orðin:

Flestr mun — áms ok austrá
 ek vátta þat sáttar —
 málma runnr um minna
 — mik gælir þat — hælást.
 Gat ek höfðingjum hringa
 hattar land, en sandi
 æst í augun kastað,
 úríkr vaft flikum.

Egill svarar: „Vel máttu hælást um þat, at engi einn maðr mun meirr hafa siglt á veðr jafnmörgum höfðingjum“.

V.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 41—43; sbr. bls. 39—41 í þessari útgáfu).

Þetta haust hit sama safnar Hermundr liði,

ok ferr út til Hvammsleiðar, ok ætlar til Borgar, at brenna Egil inni. Ok er þeir koma út með Valfelli, þá heyra þeir, sem strengr gjalli upp í fellit, ok því næst kennir Hermundr sér sóttar ok stinga undir höndina, ok verða þeir at vikja aftr ferðinni, ok elnar honum sóttin. Ok er þeir koma fyrir Þorgautsstaði, þá verðr at hefja hann af baki; er þá farit eftir presti í Síðumúla. Ok er hann kemr, þá mátti Hermundr ekki mæla, ok var prestr þar hjá honum. Ok einn tíma, er prestr lýtr at honum, þá lætr í vörrunum: „Tvau hundruð í gili, tvau hundruð í gili“, ok síðan andast hann, ok lauk svá hans æfi, sem hér er nú sagt. Oddr sitr nú í búi sínu með mikilli rausn, ok unnr vel konu sinni. Alla þessa stund spyrst ekki til Óspaks. Sá maðr fekk Svölu, er Már hét, ok var Hildisson, ok réðst til bús á Svölustaði. Bjálfi hét bróðir hans, hálfafglapi, ok rammr at afli. Bergþórr hét maðr, er bjó í Bööðvarshólum. Hann hafði reift málit, þá er Óspakr var sekr gerr. Svá bar til eitt kveld í Bööðvarshólum, þá er menn sátu við elda, at þar kom maðr ok drap á dyrr, ok bað bónda út ganga. Bóndi verðr þess varr, at Óspakr er þar kominn, ok sagðist eigi mundu út ganga. Óspakr eggjar hann mjök út at ganga, en hann ferr eigi því heldr út, ok bannar öllum mönnum út at ganga, ok skilr svá með þeim. En um

morgininn, er konur koma í fjós, þá eru þar særðar níu kýr til bana. Þetta fréttist víða. Ok enn er fram liða stundir, berr svá til, at maðr gengr inn á Svölustöðum, ok í hús þat, er Már hvílir í. Þat var snemma um morgun. Sá maðr gengr at sænginni, ok leggr Má með saxi, svá at þegar gekk á hol. Þetta var Óspakr. Hann kvað vísu:

Brá ek ór slíðrum
skálm nýbrýndri;
þeirri lét ek Máv,
á maga hvatað.
Unna ek eigi
arfa Híðlis
fagræxianar
faðmlags Svölu.

Ok í því, er hann snýr til dyranna, hleypr hann upp, Bjálfi, ok rekr á honum tálgukníf. Óspakr gengr til þess bæjar, er heitir á *Hörgshóli*, ok lýsir þar víginu; ferr síðan á brott, ok spyrst nú ekki til hans um hríð. Vig Mús fréttist víða, ok mæltist illa fyrir. Þat bar til nýlundu, at stóðhross hin beztu, er Oddr átti, fim saman, fundust dauð öll, ok ætluðu menn Óspaki þat verk. Nú er þat langa hríð, at ekki spyrst til Óspaks. Ok um haustið, at menn gengu at geldingum, fundu þeir helli í hömrum nökkurum, ok þar í mann dauðan, ok stóð hjá honum mundlaug full af blóði, ok var þat svá svart sem tjara. Þar var Óspakr, ok hugðu menn,

at sárit mundi hafa grandat honum, þat er Bjálfi veitti honum, enda farit síðan af bjargleysi. Ok lauk svá hans æfi. Ekki er þess getið, at eftirmál yrði um víg Más, né um víg Óspaks. Oddr býr á Mel til elli, ok þótti hinn mesti ágætismaðr. Eru Miðfirðingar frá honum komnir, Snorri Kálfsson, ok mart annat stórmenni. Jafnan síðan hélzt vinátta þeirra feðga með góðri frændsemi. Ok lýkr þar þessari sögu.



Vísaskýringar.

Vísa Óspaks Glúmssonar „Brák ór slíðrum“ þarf engar skýringar við.

Í stað orðsins *hvatað* í útg. Halld. Friðrikssonar hefi eg sett *hvátat*, sem eflaust er rétt, því í Konungsbók stendr „huotad“, sem bersýnilega er í staðinn fyrir „hvátat“. Að öðru leyti hefi eg lagfært vísuna svo rétt kveðandi haldist.

Hinar vísurnar eftir Ófeig Skíðason, sem að eins eru í lengri sögunni, þurfa heldr engar skýringar við. Í vísunni „Satt er at sækir átta“ á *heima* í 2 vo. eflaust að vera *beima*; 1—2 vo. í vísunni á 39. bls. í þessari útgáfu eru líklega eitthvað aföguð.

Vísurnar virðast vera ortar síðar enn hin eldri saga; þær eru að vísu allvel ortar, enn varla nógu fornlegar, nema vísa Óspaks, enn hún ein er í skemmri sögunni.

Dr. Guðbrandr Vigfússon heldr að mál þau sem Bandamanna saga skýrir frá hafi ekki farið fram á alþingi, heldr í héraði, og er það trúlega.

N ö f n .


- Árness leið 37.
 Ásgeirsá, bær í Húnav.s. 1.
 Ásmundr hærulangr 4.
 Austfirðir 23.
 Bergþórr í Böðvarshólum 46.
 Bitra, sveit í Strandasýslu 4.
 Bjálfi bróðir Más 46—48.
 Bláskógaheiðr 23.
 Borðeyrr við Hrútafjörð 3.
 Borgarfjörðr sunnanlands 24, 29.
 Borg, bær á Mýrum, nú prestsetr 21, 24, 39, 46.
 Breiðafjörðr 25.
 Böðvarshólar, bær í Vestrhópi 46.
 Egill skalla-Grímsson 8.
 Egill Skúlason at Borg 21, 23—27, 30—32, 34—39, 42.
 Einarr Eyjólfsson Þveræingr 21.
 Einarr Járnskeggjason frá Þverá 28.
 Eyjafjörðr 3, 25.
 Eyrarmenn, synir Steinþórs 27.
 Gellir Þorkelsson at Helgafelli 21, 23, 25, 27—35, 38, 39.
 Gilsbakki, bær í Hvitársiðu, nú prestsetr 35.
 Glúmr á Skriðinsenni 4.
 Grettir Ásmundarson 4.
 Gunnlaug Ófeigsdóttir ór Skörðum 1.
 Hallr Styrmisson frá Ásgeirsá 28.
 Haraldr konungr Sigurðarson 33.
 Helgafell, bær á Snæfellsnesi 21, 25.
 Hermundr Illugason á Gilsbakka 21, 23, 25, 27, 31, 32, 34, 39, 40, 45, 46.
 Hildir, faðir Más 46, 47.
 Hof, bær í Vopnafirði, nú prestsetr, 25.
 Hrútafjörðr 3, 4, 9, 39.
 Hvamms leið 39, 46.
 Hvítá í Borgarfirði 3.
 Höggvandastaðir, eyðibýli í Mýrasýslu 39.

- Hörgshóll, bær í Vestrhópi í Hv.s. 47.
- Höskuldr (dala-) Kollsson 8. Ísland 33.
- Járnskeggi frá Þverá Einarsson 21, 23, 33, 37, 45.
- Kveldulfr, faðir Skalla-gríms 8.
- Kollafjörðr, sveit í Strandasýslu 4.
- Langidalr í Húnavatnsýslu 12.
- Laugardalr í Árnessýslu 21.
- Línakradalr í Húnav.s. 40.
- Már (Hildisson) á Svölustöðum 40, 46—48.
- Melr, bær í Miðfirði, síðar prestsetr = Melstaðr 4, 5, 9, 11, 24, 29, 38, 48.
- Miðfirðingar 40, 48.
- Miðfjörðr 1, 3, 4, 38.
- Mýramannabúð 23.
- Norðlendingar 18.
- Oddr Ófeigsson 1—2, 9, 32, 37—44, 47—48.
- Ófeigr Oddsson 41.
- Ófeigr í Skörðum 1.
- Ófeigr Skíðason á Reykjum 1, 2, 17—19, 22—35, 37—40, 42—45.
- Orkneyjar 38.
- Óspakr Glúmsson, systursonr Grettis, 4, 5—20, 40, 46—48.
- Óspakr Höskuldsson, kallaðr faðir Þórarins Langdælagöða 8.
- Ragneiðr Gellisdóttir 28.
- Reyðarmúli í Árness. 23.
- Reykir, bær í Miðfirði 1.
- Síðumúli, bær í Hvitársíðu, prestssetr að fornu, 46.
- skalla-Grímr Kveldulfsson 8.
- Skiði faðir Ófeigs 1.
- Skeggbroddi á Hofi í Vápnafirði 21, 23, 33—34, 45, Skriðinsenni, bær í Strandasýslu 4.
- Skörð, bær í Þingeyjars. 1.
- Snorri goði Þorgrímsson 27.
- Snorri Kálfsson 41, 48.
- Steinþórr á Eyri 27.
- Strandir (=Hornstrandir) 3, 4.
- Styrmir goði Þorgeirsson at Ásgeirsá 1, 15, 16, 20, 21—23, 32, 36, 43.
- Svala á Svölustöðum 8, 40, 46.
- Svölustaðir, eyðibýli í Víðidal í Húnavatnssýslu 8, 9, 11, 46, 47.
- Valfell, fjall í Mýrasýslu 39, 46.
- Váli, faðir Þorgerðar á Reykjum 1.
- Váli, frændi Odds 1, 4, 9,

- 11, 12, 13, 14, 15, 17, 19.
- Vápnafjörðr 21.
- Vatnsdalr í Húnavatnssýslu 12.
- Vatnsnes í Húnavatnss. 2.
- Viðidalr í Húnavatnssýslu 8.
- Vöðlaþing 33.
- Þórarinn** Langdælagóði enn spaki 8, 15, 16, 20, 21—23, 32—33, 37, 43.
- Þórðr prestur Sölvason í Reykjaholti 39.
- Þórdís Ásmundardóttir hærulangs, systir Grettis 4.
- Þorgautsstaðir, bær í Hvitársíðu 46.
- Þorgeirr, faðir Styrmissgoða, 1.
- Þorgeirr Halldóruson ór Laugardal 21, 23, 34, 37, 44, 45.
- Þorgeirsfjörðr í Þingeyjar-sýslu 38.
- Þorgerðr Egilsdóttir 8.
- Þorgerðr Váladóttir á Reykjum, 1.
- Þorgils Arason á Reykjahólum 27—28.
- Þverá (= Munkaþverá) 21, 25.
- Ölvér bróðir Más 40.
-

HALLFREDAR SAGA.

BÚÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMÁÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.
1901.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Hallfreðar saga er ekki áðr prentuð sérstök nema í útgáfu Guðbrands Vigfússonar, sem nefnist Fornögur, Leipzig 1860, en hún er í hinni löngu Óláfs sögu Tryggvasonar, sem prentuð er í Fornmannasöggunum og í Flateyjarbók, og á báðum þessum stöðum er sagan lengri en sú sem hér er prentuð.

Handritið er 132 A. M.

Þessi styttri saga sem hér er prentuð er álitin eldri en hin, en að efninu til eru þær mjög líkar. Hin er að eins orðfleiri. Þessi Hallfreðar saga er eldri en Vatnsdæla saga, sem sjá má af því, að til hennar er vitnað í Vatnsdælu.

Aftan við söguna eru hér prentuð kvæði Hallfreðar, Hákonar drápa og Óláfs drápur tvær, og eru þær færðar í laust mál og skýrðar að því er þörf virtist í vísna-skýringunum aftan við söguna, en þær skýringar eru með stytta móti, af því að þessar drápur eru fremr ljósar.

Hallfreðr hefir verið eitthvert bezta skáldið í fornöld, og er flest af kveðskap hans víst nokkurn veginn óafbakað.

TÍMATAL.

Óttarr og Ávaldi koma til Íslands	eftir 960.
Fæddr Hallfreðr	um 967.
Utanför Hallfreðar hin fyrsta	um 987.
Hallfreðr er í sjóförum	um 988—996.
Kemr til Óláfs konungs Tryggvasonar	
og er skirðr	996.
Fór til Danmerkr og Svíþjóðar	997.
Kvæntist í Svíþjóð	997.
Fór út til Íslands	1000.
Mál Hallfreðar á alþingi og utanferð	1001.
Útkoma Hallfreðar til Íslands	1005.
Utanför og dauði Hallfreðar	um 1007.



Hallfreðar saga.

Þorvaldr hét maðr ok var kallaðr skiljandi. Hann bjó í eyggi Ylfi á Hálogalandi. Hann átti konu þá er Þorgerðr hét ok var Hallfreðardóttir. Galti hét bróðir hennar; hann var ríkr maðr ok bjó í Sogni. Synir Þorvalds váru þeir Óttarr ok Þorkell silfri, ok var Þorkell laungetinn. Ingjaldr hét maðr, er þar bjó enn í eyggi; hans son hét Ávaldi. Óttarr var með Ingjaldi. Sokki hét vikingr einn mikill ok illr viðreignar; hann fór víða meðr hernaði ok var vinr Gunnhildarsona, því at þeir váru þá yfir Noregi. Hann kom um nótt á bæ Þorvalds, ok segir mönnum sínum at þar muni gott fang í hendr bera, er auðigr maðr bjó fyrir — „ok skulu vér bera eld at bænum.“ Ok svá gera þeir. Þorvaldr gekk til dyra ok spyr hvern fyrir eldinum réði. Sokki sagði til sín. „Hvers gjöldum vér at?“ segir Þorvaldr, „ek man eigi mótgerðir mínar við þik“. Sokki segir: „Ekki

föllum vér víkingar at því; viljum vér hafa líf þitt ok fé“. „Á því mun þér nú vald eiga at sinni“, segir Þorvaldr. Nú sækja víkingar at bænum með eldi ok vápnum, ok lýkr svá at Þorvaldr brann þar inni við fimtánda mann, enu nökkurir kómust brott ór eldinum. Víkingar tóku fé þat alt er þeir máttu með komast. Sumt lið Sokka fór til bæjar Ingjalds ok lögðu þar eld í hús. Hann gekk til dyra ok beiddi mönnum útgöngu, enn þess var engi kostr. Þá gekk Ingjaldr at sveinunum Óttari ok Ávalda ok mælti: „Þat er líkast, at liðin sé mín örlög, enn gjarna vilda ek koma ykkur ór eldinum ok mætti þið njóta lengri forlaga; skal ek skjóta ykkur út um laundryrr, ok væri ykkur nóg efni til seld at hefna þessa, ef þit fengið nökkura uppreist“. Þeir svára at vera mundi vilinn til, — „enn eigi sjám vit efni okkur til þess at svá búnu“. Síðan var þeim skotit út um laundryrr einar ok kómust þeir með reykr í brott, ok hlaupa út á cyna, enn fyrir gný ok eldsgangi, ok þat er þeir váru eigi feigir, þá komast þeir undan ok til eins bónda, er þar bjó í eyggi. Óttarr mælti þá: „Viltu flytja okkr til lands?“ Bóndi kendi þá ok flutti þá til lands. Þar kómu þeir er síldferja var ok menn á norðan ór Vágum. Þeir sögðust vera fátækir sveinar ok kómu sér þar í þjónustu. Þeir fara þar til er þeir koma suðr um Sognsæ; þá segja

sveinarnir, að þeir vilja þar inn í fjörðu — „eigu vit hér frændr fyrir“. Stýrimaðr mælti: „Þat skal nú sem þit vilið, eða munu þit hér eigi verr komnir enn þar sem vér tókum ykk? hafi þit vel þjónat ok munu þit brátt brugðnir við meira.“ Síðan skildu þeir. Síð dags kómu þeir til Galta móðurbróður Óttars ok settust utarlega. Galti gekk at þeim ok spurði hverir þeir væri. Óttarr sagði satt til þeira. „Þá er skapleg kváma ykkar“, segir Galti, „ok gangið til sætis“. Þar váru þeir í góðu yfirlæti sjau vetr eða átta, ok gerðust gervilegir menn. Þá var orrosta á Fitjum, er Hákon konungr fell, enn Gunnhildarsynir tóku ríki. Þat var einn dag er Galti mælti: „Svá virði ek Óttarr, sem þú sér fyrir ykk fóstbræðrum, ok vænti ek, at þú verðir framkvæmdarmaðr, enn nú er sú öld í Noregi, at ek treystumst eigi að halda ykk hér með mér. Nú vil ek fá ykk kaupeyri, ok skulu þit sigla vestr til Englands ok vita hveru veg þat vill takast.“ Óttarr kvaðst hans ráðum hlýða vilja. Selt hafði Galti jarðir þeira ok tekit fyrir lausafé. Nú fara þeir ór landi fóstbræðr, Óttarr ok Ávaldi, vestr til Englands ok afla sér fjár. Þrjá vetr eða fjóra váru þeir í siglingum til Englands ok áttu þá stórfé. Þeir fóru þá til Orkneyja ok váru þar vel metnir af góðum mönnum. Óttarr mælti þá til Ávalda: „Þat leikr mér í skapi, at kaupa Íslandsfar

ok ráðast þangat, enn þó vilda ek at vit hefndim áðr feðra okkarra enn vit losnaðim brott með öllu.“ Ávaldi bað hann fyrir sjá. Síðan keyptu þeir sér skip gott ok réðu þar menn til, ok sigla nú til Noregs, ok kómu í Sogn til Galta, ok sögðu honum sína ætlan. Galti segir: „Þat berr vel til, Sokki liggr heðan skamt í brott á einu skipi, ok sefr á landi um nætr í einu lofti; skal ek fá ykkir mann þann er alt er kunnugt fyrir ok Sokki mun sízt varast.

2. Nú fóru þeir frá skipi sínu Óttarr ok Ávaldi, ok sá maðr með þeim er Steinn hét. Þeir kómu síð um kveld at bæ þeim er Sokki svaf at um nætr ok Sóti bróðir hans. Steinn fór einn til bæjar ok kom sér brátt í tal við þá Sóta ok drakk með þeim um kveldit, ok er þeir gengu til svefns ok upp í loftit, þá gerði Steinn þeim Óttari vísbending. Þeir Sóti váru sjau saman í göngu ok kómu í loftit ok ætluðu at afklæðast; þá kómu þeir Óttarr at, ok leggr hann þegar með sverði til Sokka neðan undir brynjuna ok svá upp í smáþarmana, ok fekk Sokki þegar bana. Ávaldi hjó með sverði til Sóta ok af honum báða þjóhnappana. Síðan hljópu þeir út allir ok létu myrkrit gæta sín. Þeir kómu til skips síns ok heldu þegar í haf ok fengu góðan byr, ok þótti þeira ferð allsköruleg orðit hafa. Gunnhildr spyr þetta ok kvað þat mein, at hon hefði þá menn augum leitt,

er vini hennar höfðu drepit ok skammt — „enn ek veit þó“, segir hon, „hverir gert hafa.“ Þeir Óttarr kómu í Blönduós fyrir norðan land, ok váru þá numin löad öll. Óttarr keypti land í Grímstungum í Vatnsdal at þeim manni er Einarr hét, ok gaf honum við kaupskipit. Óttarr gerði bú. Ávaldi var með Óttari hinn fyrsta vetr. Um várit keypti hann land at Knjúki í Vatnsdal; hann fekk þeirar konu, er Hildir hét, dóttir Eyvindar sörkvis; dóttir þeira hét Kolfinna; hon var væn kona ok ofláti mikill. Óláfr hét maðr, er bjó at Haukagili; hann var auðigr maðr ok átti þá konu er Þórhalla hét ok var dóttir Ævars ens gamla. Aldís hét dóttir þeira ok var sköruleg kona; hennar bað Óttarr ok fekk með miklu fé; son þeira hét Hallfreðr enn annarr Galti; dóttir þeira hét Valgerðr, ok var allra kvenna fríðust. Óláfr at Haukagili fóstaði Hallfred, ok var hann vel haldinn þar. Hann var snemma mikill ok sterkr, karlmannlegr ok skolbrúnn nökkut ok heldr nefljótr, jarpr á hár ok fór vel; skáld var hann gott ok heldr niðskárr ok margbreytinn; ekki var hann vinsæll. Þorsteinn Ingimundarson var þá höfðingi í Vatnsdal. Hann bjó at Hofi, ok þótti mestr maðr þar í sveitum. Hann var vinsæll ok mannheilamaðr mikill. Ingólfr ok Guðbrandr váru synir hans. Ingólfr var vænstr maðr norðanlands; um hann var þetta kveðit:

(1) Allar vildu meyjar
 með Ingólfi ganga
 þær er vaxnar váru,
 vesl emk æ til lítil.
 Ek skal ok, kvað kerling,
 með Ingólfi ganga
 meðan mér tvær of tolla
 tenur í efra gómi.

Haustboð var efnat í Grímstungum ok knatt-leikar. Ingólfr kom til leiks ok mart manna með honum neðan ór dalnum. Veðr var gott ok sátu konur úti ok horfðu á leikinn. Valgerðr Óttarsdóttir sat upp í brekkuna frá ok konur hjá henni. Ingólfr var at leiknum ok fló knöttrinn upp þangat. Valgerðr tók knöttinn ok lét koma undir skikkju sína ok bað þann sækja, er kastat hafði. Ingólfr hafði þá kastat; hann bað þá leika, enn hann settist niðr hjá Valgerði ok talaði við hana allan þann dag.

3. Nú var slitit leiknum ok fóru menn heim þeir er eigi váru í boði. Síðar vandi Ingólfr kvámur sínar í Grímstungur til tals við Valgerði. Óttarr kom at máli við Ingólf ok mælti: „Eigi gezt mér at kvámum þínum, ok spurt muntu þat hafa, at vér höfum eigi setit um skapraunir eða skanmir; muntu komast at ráðahag við hana ef þú vill. Hann kvaðst mundu vera sjálfráði ferða sinna hvat sem Óttarr sagði; kvað svá at eins skipaðan dalinn, at hann kvaðst eingis manns nauðarmaðr vera skulu. Síðan hitti

Óttarr Þorstein ok bað hann halda svá son sinn, at hann fengi enga ósæmd af honum — „því at þú ert vitr maðr ok góðgjarn“. Þorsteinn segir: „Víst gerir hann slíkt í móti mínum vilja, ok heita vil ek þér mínu umtali“. Ok skilja þeir við þat. Þorsteinn mælti til Ingólfs: „Annan hátt hafi þér enn vér höfðum á unga aldri, gerið yðr at ginnungum, er höfðingja efni eruð; lát af tali við dóttur Óttars bónda“. Ingólfr kvað við hans umtal batna skyldu ok lét þá af kvámum fyrst í stað. Síðan orti Ingólfr mansöngsdrápu um Valgerði. Óttarr reiddist því mjök; ferr enn at hitta Þorstein, ok kvað sér nú leitast mikillar skapraunar. „Nú bið ek at þú lofir mér at stefna syni þínum, því at ek nenni eigi at kyrt sé“. Þorsteinn segir: „Meðalagi er þat ráðlegt, enn eigi vil ek banna þér“. Þá mælti Jökull bróðir Þorsteins, þvíat hann var þar hjá: „Heyr á endimi, þú mundir stefna oss frændum hér í sveit, skaltu fá ófagnat“. Jökull bjó upp í Tungu í Vatnsdal. Þorsteinn sýndi enn góðvild sína ok setti menn til með þeim á Húnavatnspingi, enn bauð handsöl fyrir son sinn. Þorsteinn bað þess, at Óttarr yndi því, at hann dæmdi um drápumálit ok þat er milli þeira var; þessa fýstu menn Óttar, ok varð þat at sættum, at Þorsteinn skyldi einn gera. Síðan mælti Þorsteinn: „Skjót eru hér mín ummæli; mun ek sjá fyrir hvárumtveggjum,

hverðu sem ykkur líkar; ek geri hálf hundrað silfrs til handa Óttari, enn hann skal selja jarðir sínar og ráðast í brott ór þessi sveit“. Óttarr kvaðst eigi vara, at honum mundi slíkr ójafnaðr gerr vera. Þorsteinn kvaðst eigi síðr fyrir hans hlut sét hafa við skaplyndi hvárra tveggju, ok eftir þat réðst Óttarr suðr í Norðr-árdal ok bjó fyrst á Óttarsstöðum. Þá var Hallfreðr son hans nær tvítugum manni. Hann lagði hug á Kolfinnu Ávaldadóttur, enn Ávalda var lítit um þat ok vildi gifta honum dóttur sína, enn Hallfreðr vildi eigi kvænast. Ávaldi ferr at hitta Má vin sinn, er bjó á Másstöðum, ok sagði honum til vandræðasinna. Hann segir: „Hér mun fást ráð til. Ek skal fá mann til at biðja hennar. Maðr heitir Gríss, ok er Sæmingsson. Hann er vinr minn ok býr at Geitaskarði í Langadal. Hafði hann verit út alt í Miklagarð, ok fengit þar miklar sæmdir. Hann er auðigr maðr ok vinsæll“.

4. Nú sendi Már orð Grísi, ok kemr hann á Másstaði. Már mælti: „Ráð hefi ek hugat fyrir þér, þú skalt biðja Kolfinnu dóttur Ávalda; þar skortir eigi fé, ok er hon kostr góðr. Enn mér er sagt, at Hallfreðr Óttarsson eigi tal við hana jafnan“. Þetta var áðr enn Óttarr fór norðan. Nú koma þeir Már ok Gríss til Ávalda, ok váru sjau saman. Þeir settu úti spjót sín. Gríss átti gullrekit spjót. Nú sátu

þeir at málunum, ok fylgdi Már fyrir hönd Gríss. Ávaldi kvað Más forsjá á skyldu vera, — „ef yðr lízt svá, ok mun yðr eigi frá vísat“. Ok í þat mund kómu þeir Hallfreðr ok förunautar hans ok sá spjótin. Hallfreðr mælti: „Komnir munu hér menn nökkurir um langan veg, ok gættu hesta okkarra, enn ek mun fara til dyngju Kolfinnu“ — ok svá gerir hann. Hann settist hjá henni og spurði hvat komit væri, — „enn engi þekt mun mér á þeim vera, því að þeir munu biðja þín, ok trúi ek at þat man eigi vel verða“. Kolfinna segir: „Láttu þá fyrir því sjá, er ráða eigu“. Hann segir: „Finn ek at þér þykkir nú þegar biðill þinn betri enn ek“. Hallfreðr setti hana í kné sér út hjá dyngjuveggjunum og talaði svá við hana, at allir sá þeir er út gengu. Hann sveigir hana at sér, ok verða þá einstaka kossar. Nú koma þeir Gríss út. Hann mælti: „Hverir eru þessir menn, er hér sitja á dyngjuveggjunum ok látast svá kunnlega við?“ Gríss var heldr óskygn ok síureygr. Ávaldi segir: „Hallfreðr er þar ok Kolfinna dóttir mín“. Gríss mælti: „Er þetta vandi þeira?“ „Oft berr svá til“, kvað Ávaldi. „enn þú verðr nú þetta vandræði af at ráða, er hon er þín festarkona“. Gríss segir: „Audsætt er þat, at við mik vill hann nú ilt eiga, ok er slikt tíj hræsni gert“. Nú ganga þeir Gríss til hesta

sinna. Þá mælti Hallfreðr: „Vita skaltu þat, Gríss, at þú skalt fjándskap minn hafa, ef þú ætlar þér þenna ráðahag“. Már mælti: „Engis munu þín orð metin, Hallfreðr, um þetta mál, ok mun Ávaldi eiga ráð dóttur sinnar“. Þá kvað Hallfreðr vísu:

(2) Svá nökkvi verðr sökkvis
 sannargs troga margra
 ægileg fyr angum
 allheidins mér reiði,
 sem ólítill úti
 alls mest við för gesta
 — stærík brag fyr brúði —
 búrhundr gamall stúri.

„Ok hirði ek eigi, blót-Már“, segir Hallfreðr, „hvat er þú leggr til“. Már sagði, ef hann flimtaði hann, at hann skyldi hart í móti taka. Hallfreðr kvaðst ráða mundu orðum sínum. Hann kvað þá vísu:

(3) Ráða rækimeidar
 randaliðs at biðja
 — ótti — eingadóttur —
 Ávalds — es þat skaldi;
 síð mun Surts um beiða
 — svá gæta menn hennar —
 kvánar byrr af kyrrri
 Kolfinnu mér rinna.

Hallfreðr reið þá í brott ok var reiðr. Már mælti þá: „Ríðum eftir þeim“ — ok svá gera þeir, ok váru níu saman; fekk Ávaldi þeim

tvá menn. Ólaf fóstur Hallfreðar grunaði um ferð þeira Gríss ok Más. Hann sendir þegar eftir Óttari, ok er þeir finnast, segir Óláfr honum, at Hallfreðr mun manna þurfa. Nú er at segja frá Hallfreði, at þeir riða tveir undan, enn níu eftir. Hallfreðr sér eftirreiðina ok mælti: „Rennum eigi lengra undan“. Þeir váru þá komnir hjá holti einu; þjuggust þeir þar við ok brutu upp grjót. Nú koma þeir Gríss at ok sækja at þeim, enn þeir verjast alldrengilega, enn þó kom þar sem mælt er, at „ekki má við margnum“, ok verða þeir Hallfreðr handteknir ok bundnir báðir. Þá mælti Gríss: „Menn riða hér at oss ok eru eigi færri enn þrír tígir, ok má vera, at sigrinn verði skammærr“. Þeir Gríss sneru aftr, ok riðu þá undan hart ok yfir ána, ok var þar götuskarð í bakka ok vígi gott. Þar nema þeir staðar. Þá koma þeir Óttarr at ánni. Gríss kvaddi Óttarr ok spurði hvat hann vildi. Óttarr mælti: „Hvar er Hallfreðr frændi minn?“ Gríss segir: „Hann er bundinn, enn eigi drepinn, hjá holti því, er vér fundumst“. Óttarr segir: „Óvirðulega hafi þér við hann búit, eða viltu unna mér eindæmis fyrir þetta?“ Gríss kvaddst hans orð mikils virða skyldu, ok at því sættust þeir ok skildu við svá búit. Óttarr riðr nú aftr á veg, ok finnr Hallfreð ok leysir þá féлага. Óttarr mælti: „Eigi er ferð þessi

virðuleg orðin, frændi“. Hallfreðr kvað eigi lofa mega, — „ok eigi hirði ek, faðir, hversu þú gerir gerð þessa, ef Gríss á eigi Kolfinnu“. Óttarr segir: „Gríss skal konu eiga, alls hann trúir mér til, enn þú, frændi, skalt fara utan ok leita þér meiri sæmdar“. Hallfreðr segir: „Hverr mun mér þá trúr, ef faðirinn bregzt. Nú skal þat fyrri at hendi berast, at ek bjóða Grísi hólmgöngu, þegar ek sé hann“. Nú riðr Óttarr heim, enn Hallfreðr til Haukagils. Óláfr þótti illa orðit hafa, ok þótti Hallfreðr ótrúlegr at halda sættir, ok sendi orð Óttari at honum leizt vandræðalíklegt. Þá kómu orð til Hallfreðar, at faðir hans væri sjúkr, ok kvaðst vilja finna hann ok gera skipan sína. Hallfreðr kom, ok þegar lét Óttarr taka hann ok fjötra, — „eru nú tveir kostir, annathvært at sitja í fjötrum, eða láta mik einn ráða fyrir þína hönd“. Hallfreðr segir: „Eigi hefir þú þó í tveim höndum við mik, enn heldr muntu ráða enn ek sitja hér í fjötrum“. Þá var fjötrinn af Hallfreði látinn. Már hafði inni boð þeira Gríss ok Kolfinnu, ok fór hon til bús með Grísi út til Geitaskarðs. Ekki váru miklar ástir af hennar hendi við Grísi. Óláfr at Haukagili fýsti mjök Hallfreð frænda sinn utan at fara, — „skal ek fá þér fé, svá at þú megir vel fara með góðum mönnum“. Faðir hans fýsti hann mjök utan at fara. Óttarr

lauk upp gerð með þeim Grísi ok gerði hundr-
að silfrs Hallfreði til handa. Hallfreðr vildi
þat eigi hafa ok mælti svá: „Sé ek elsku þína
við mik, faðir; munu þér þessu ráða, enn svá
segir mér hugr um, at vár vandræði verði
löng“. Þá fór Óttarr einum vetri síðar suðr
til Norðrárdals.

5. Þetta sumar ferr Hallfreðr suðr til
Hvítár, ok er hann kom til skips, kvað
hann vísu :

- (4) Fúsa emk enn þótt ossu
áföll drepi stáli,
— mjök skýtr Mörnar vakri —
minnask við Kolfinnu,
þvít álgrundar endisk
áttgóðrar mér tróðu
betr unnum nú nytja
nærr enn heitit væri.

Hallfreðr fór utan ok til Noregs. Hann sótti
á fund Hákonar jarls ens ríka, er þá réð
Noregi, gekk fyrir hann ok kvaddi hann.
Jarl spurði hverr hann væri. Hann kvaðst
vera íslenzkr maðr, — „enn erindi mitt er
þat, herra, at ek hefí kvæði ort um yðr, ok
vilda ek hljóð fá“. Jarl segir: „Líklegr ertu
til at vera höfðingjadjarfr maðr; þann veg ertu
í bragði, ok skaltu víst hljóð fá“. Hallfreðr
kvað kvæðit, ok var þat drápa, ok flutti vel
ok skörulega. Jarl þakkaði honum ok gaf
honum exi mikla silfrrekna ok góð klæði, ok

baud honum með sér at vera um vetrinn, ok þá Hallfreðr þat. Um sumarit ferr Hallfreðr til Íslands, ok kemr fyrir sunnan land, ok hafði þá mikit fé; síðan var hann í förum nokkura vetr ok var aldri fyrir norðan land. Ok eitt sumar, er hann kom af Íslandi, þá lágu þeir við Agðanes. Þar hittu þeir menn at máli ok spurðu tíðinda. Þeim var sagt, at höfðingjaskifti var orðit í Noregi; var Hákon jarl dauðr, enn Óláfr Tryggvason kominn í staðinn með nýjum sið ok boðorðum. Þá urðu skiparar á þat sáttir, at slá í heit, ok skyldu gefa Frey fé mikit, ef þeim gæfi til Svíþjóðar, enn Þór eða Óðni, ef til Íslands kæmi, enn ef þeim gæfi eigi í brott, þá skyldi konungr ráða. Þeim gaf aldri í brott, ok urðu at sigla inn til Þrándheims, ok kómu við höfn þá er á Flagða hét. Þar lágu fyrir mörg landskip. Veðr gerði mikit um nóttina af hafi, svá at eigi brifu akkerin við. Þá mælti einn af langskipamönnum: „Þessir menn eru illa staddir á kaupskipinu, ok mun þeim eigi duga, er veðrit stendr þar á sem þeir liggja, ok skulum vér róa til þeira“. Þeir gengu á skip þrír tigur manna ok sat einn í stafni, ok er þeir kómu til kaupskipsins, mælti sá er í stafninum sat: „Þér eruð illa komnir, ok er hér óhreint fyrir, ok skulum vér greiða ferð yðra“. Sjá var mikill vexti. Hallfreðr mælti: „Hvat heitir þú?“

Hann segir: „Ek heiti Akkerisfrakki“. Ok er þeir töluðust þetta við, þá gekk í sundr akkerisstrenginn, enn sá er í stafninum sat kastaði sér þegar fyrir borð ok kafaði eftir strengnum í storminum ok náði þegar; var þá upp dregit akkerit. Þá kvað Hallfreðr stöku þessa:

- (5) Færum festar várar,
ferr sjóroka at knerri,
svörð tekr heldr at herða, —
hvar's Akkerisfrakki?

Ólpumaðr segir: .

- (6) Enn í ólpu grænni
ek fæ drong til strengjar
þanns hnakkmiða hnykkir, —
hér's Akkerisfrakki.

Þeir reru fyrir skipinu í gott lægi. Ekki vissu kaupmenn, hverr þar hafði verið, enn síðar var þeim sagt, at konungrinn sjálf hefði hjálpað þeim. Eftir þat lögðu þeir inn til Hlaða. Þar var Óláfr konungr fyrir, ok var honum sagt, at þessir menn mundu vera heiðnir ok nýkomnir af Íslandi. Hann stefnir þeim á sinn fund, ok er þeir kómu þar, taldi konungr trú fyrir þeim, ok bað þá kasta forneskju ok illum átrúnaði, enn trúa á sannan guð skapara himins ok jarðar. Hallfreðr svarar máli konungs: „Eigi man þat kauplaust konungr, at ek taka þann sið, er þú boðar.“ Konungr mælti: „Hvat er til mælt?“ Hallfreðr.

segir: „Þú skalt mik aldri láta þér af höndum, hvat ilt sem mik hendir“. Konungr segir: „Þann veg værir þú í bragði, at fás mundir þú svífast ok mart láta þér sóma“. Þá gekk Hallfreðr í brott ok vildi síðar við konung tala. Konungr spyr þá, hvar Íslendingr væri, ok bað ganga eftir honum. Nú kom Hallfreðr til konungs annan tíma. Þá mælti konungr: „Tak þú skírn, ok skal þat nú til vinna, er þú beiðist, eða hvat heitir þú?“ Hann kvæðst Hallfreðr heita. „Þú ert einarðlegr maðr ok sköruligr, ok þjóna eigi lengr fjáandanum“. Hallfreðr segir: „Sú er bæn mín önnur, herra, at þú haldir mér undir skírn“. Konungr segir: „Þú beiðist svá margs, at eigi má við þik fást“. Þá mælti biskup: „Ger þetta sem hann beiðist; því meira gerir guð fyrir þína skyld sem þú gerir fleira til eflingar kristni guðs“. Eftir þetta heldr konungr Hallfreði til skírnar, ok fær hann síðan í hendr Þorkatli nefju bróður sínum ok Jósteini, ok lét þá kenna honum heilög fræði. Þetta sannar Hallfreðr í kvæði því einu, er hann orti um Óláf konung:

(7) Hlautk þanns æztr vas einna,
 ek sanna þat, manna
 und niðbyrði Norðra
 norðr guðföður orðinn.

6. Nú var Hallfreðr með konungi, um hrið ok orti um hann flokka ok bað sér hljóðs.

Konungr kvaðst eigi hlýða vilja. Hallfreðr segir: „Þú munt því ráða, enn týna mun ek þá þeim fræðum, er þú lézt mér kenna, ef þú vill eigi hlýða kvæðinu, ok eru þau fræði eigi skáldlegri, er þú lézt mér kenna, enn kvæðit er, það er ek hefi um þik ort“. Óláfr konungr mælti: „Sannlega máttu heita vand-ræðaskáld, ok skal heyra kvæðit“. Hallfreðr flutti skörulega kvæðit ok var þat drápa, ok er lok-it var mælti konungr: „Þetta er gott kvæði, og þigg af mér sverð búið, enn vandgætt mun þér til þess, því at engi fylgir umgerðin, ok haf svá þrjá daga ok þrjár nætur, at eng-um verði mein at. Þá kvað Hallfreðr vísu:

- (8) Veitk at vísu skreyti
 víðlendr konungr sendi
 nekðan brand af nökkvi.
 Nú ák Sýrar mey dýra.
 Verða hjött fyr herði
 — höfum gramr kera framðan —
 — skelkving of þák — skjalga
 skrautleg konungsnauti.

Vel gat Hallfreðr varðveitt sverðit, ok allmjök lofaði hann goðin, ok kvað mönnum það illa takast er menn löstuðu þau. Hann kvað þetta svá at konungr heyrði einn tíma:

- (9) Fyrr vas hitt at harra
 Hliðskjalfar gatk sjalfan
 — skift's á gumna giftu —
 geðskjótan vel blóta.

Konungr mælti: „Allill vísa, ok bæt yfir“. Hallfreðr kvað enn:

- (10) Öll hefr átt til hylli
 Óðins skipat ljóðum
 — algilda mank aldar
 iðju — váttra niðja.
 Enn trauðr, þvít vel Viðris
 vald hugnaðisk skaldi,
 legg ek á frumver Friggjar
 fjón þvít Kristi þjónum.

Þá mælti konungr: „Allmikinn hug leggur þú á goðin, ok er þat illa virðanda fyrir þér“. Þá kvað Hallfreðr vísu:

- (11) Höfnum, hölda reifnir,
 hrafnblóts goða nafni
 þess's ól við lof lýða
 lóm, ór heiðnum dómi.

Konungr segir: „Ekki batnar um, ok kveð vísu til yfirbóta“. Hallfreðr kvað vísu:

- (12) Mér skyli Freyr ok Freyja
 fjarðlæt ek öðul Njarðar,
 líknist gröm við Grímní
 gramr, ok Þórr enn rammi;
 Krist vilk allrar ástar
 —erumk leið sonar veiði—
 vald es á frægt und foldar
 feðr, einn ok guð kveðja.

Þá mælti konungr: „Slíkt er vel kveðit, ok betra enn eigi, ok yrk enn“. Hallfreðr kvað vísu:

- (13) Sás með Sygla ræsi

siðr, at blót eru kviðjuð.
 Verðum flest at forðask
 fornhaldin sköp norna.
 Láta allir ýtar
 Óðins kyn fyr róða.
 Verð ek neyddr frá Njarðar
 niðjum Krist at biðja.

Óttarr hét maðr upplenzkr. Kálfr hét bróðir hans. Þeir váru hirðmenn konungs, ok vasklegir menn ok vel metnir af konungi. Þeir öf- unduðu Hallfred, ok þótti þeim hann hafa ofmikinn gang af konungi; ok eitt kveld er þeir drukku, slógu þeir í deilu mikla, ok var konungr hjá, ok bar konungr viðtal þeira í hag Óttari, því at hann sá at honum endist eigi þrætan við Hallfred, ok gekk brott síðan. Ok eftir þat sló í kappmæli með þeim, enn svá lauk með þeim, at Hallfredr hljóp upp ok hjó Óttarr banahögg með exinni Hákonar naut. Kálfr þreif Hallfred, ok menn með honum, ok settu í fjötur; enn þat váru lög, at þannmann skyldi drepa, er mann vægi í konungs herbergi. Síðan fundu þeir konung, ok kváð: þá sýnast hvat mánna Hallfredr var, ok sögðu hann bleðja mundu ætla hirðina, ok rægðu hann nú sem mest máttu þeir, til þess at konungr bað láta drepa hann um morguninn eftir. Kálfr varð við þetta glaðr; ok um daginu eftir leiddu þeir hann út ok til dráps. Hallfredr mælti: „Hvar er konungr?“ Þeir svara: „Hvat mundi þik þat

skifta, dæmðr ertu nú til dauða“. Þá mælti Hallfreðr: „Er sá dauðr er ek vann á? Þeir kváðu svá vera. Hallfreðr mælti: „Ef sá^o er nökkurr hér við staddr, er ek hefi vel til gert, þá launi þat svá, at leiði mik þar í nánd sem konungr er, ok vil ek þakka hérvist mína“. Þá kom þat fram sem mælt er, at hvern á sér vin með óvinum, ok váru þeir þar, at við þat kendust, at hann hefði vel til gert, ok leiddu hann þar hjá er konungr var ok biskup. Ok er Hallfreðr kom gegnt þeim þá mælti hann: „Minnist þess herra er þér hétuð, at segja mik yðr aldri afhendan ok verðið eigi heitrofa við mik. Sá annarr hlutr at þú ert guðfaðir minn“. Sigurðr biskup mælti við konung: „Lát hann njóta slíkra hluta“. „Svá skal vera“, segir konungr, ok bað þá þegar leysa hann. Nú var svá gert, ok likaði Kálfi allþungt. Nú var Hallfreðr enn með hirðinni, ok kom sér brátt vel, enn þó var konungr færri við hann enn áðr, ok bætti þó víg þetta fyrir hann. Þat var einn dag, at Hallfreðr gekk fyrir konung ok fell til fóta honum. Konungr sá at hann feldi tár, ok spurði, hvat honum þótti svá mikit. Hann segir: „Nær fellr mér reiði þín ok henni vilda ek af mér koma“. Konungr segir: „Svá skal vera; þú skalt fara sendiför mína eftir jól, ok skulu við þá sáttir, ef þú kemr ferðinni fram, eða hvárt áttu sverð þat er ek gaf þér?“ „Á ek víst

herra, ok aldri hefir þat komið í umgerð“. Konungr mælti: „Þat samir vel at vandræðaskáldið eigi vandræðagripinn, eða muntu kunna at nefna sverð í hverju visuorði?“ Hallfreðr segir: „Við man ek leita ef þér vilið, ok alt mun ek til vinna at koma af mér yðvarri reiði“. Konungr mælti: „Kveð nú þá“. Hallfreðr kvað þá visu:

(14) Eitt es sverð þats sverða
 sverðauðgan mik gerði.
 Fyr svip-Njörðum sverða
 sverðótt mun nú verða.
 Muna vansverðat verða
 — verðr emk þriggja sverða —
 jarðarvaldr, ef yrði
 umgerð at því sverði.

Konungr þakkaði honum ok kvað honum mikla íþrótt í skáldskap sínum, ok gaf honum umgerð mjök vandaða, — „ok þó at svá beri til“, segir konungr, „at þik hendi þat viti, at þú komir eigi undir borð eða til kirkju, þá skal þér frammar uppgefa enn öðrum“. Hallfreðr þakkaði konungi. Eitt sinn var þat at konungr spurði, hvar Hallfreðr væri. Kálfr segir: „Hann mun enn hafa vanda sinn at blóta á laun, ok hefir hann líkneski Þórs í pungi sínum af tönn gert, ok ertu of mjök dulinn at honum, herra, ok fær hann eigi sannreyndan“. Konungr bað Hallfreð þangat kalla ok svara fyrir sik. Hallfreðr kemr þar. Konungr mælti: „Ertu sannr

at því, er þér er kent, at þú blótir?“ „Eigi er þat satt herra“, segir Hallfreðr; „skal nú rannsaka pung minn; hefi ek hér ekki undanbragð mátt hafa, þó at ek vilda“. Nú fanst enginn sá hlutr í hans valdi er til þess væri. „Þetta er dauða róg“, segir Hallfreðr, „ok mun Kálfi at illu verða ef ek nái svá til hans; hann kom mér enn fyrri til dauða“. Konungr mælti: „Eigi er ykkir saman vært, ok skal Kálfr fara til búa sinna, enn þú Hallfreðr skalt fara sendiför mína til Upplanda til Þorleifs hins spaka. Hann vill eigi við kristni taka ok skaltu drepa hann eða blinda ella. Hann er dótturson Þorleifs Hörða-Kárasonar; skal ek til leggja mína giftu, ok haf menn svá marga sem þú vill“. Hallfreðr kvað ferðina óriflega—„enn alt at einu skal fara sem þér vilið, enn Jósteinn móðurbróðir yðvarr vil ek at fari með mér ok bekkjunautarmínir þeir sem ek kys til, svá at vér séim saman fjórir ok tuttugu“. „Ger sem þér líkar“, segir konungr, „enn sent hefi ek fyrri menn til Þorleifs ok hafa þeir engu til leiðar komit því er ek vilda at væri“. Síðan riðu þeir Hallfreðr brott frá konungi ok til þess er þeir kómu í skóg þann er skamt var frá bæ Þorleifs. Þá stigu þeir af hestum sínum í rjóðri einu. Þá mælti Hallfreðr: „Hér skulu þér biða mín til hinnar þriðju sólar, enn fara þá aftr, ef ek kem eigi hér“. Jósteinn bauð at fara með honum; hann vildi

þat eigi. Hallfreðr tók þá stafkarls-gervi; hann lét leggja lit í augu sér ok sneri um á sér hvörmunum ok gerði mikla breytni á yfirlitum sínum; langan bagga hafði hann á baki ok var þar í sverð hans konungsnautr. Hann gekk nú at bæ Þorleifs ok at haugi þeim er hann sat á ok var þat snemma dags. Þorleifr heilsaði honum ok spurði hverr hann væri. „Ek em fá-tækr maðr einn“, segir hann. „Kom ek til konungs, ok vildi hann mik til trúar brjóta, enn ek hljóp á brott leynilega ok drap ek áðr einn konungsmann. Nú vilda ek biðja þik nökk-urrar ásjá“. Þorleifr svarar fá um þat, enn spyr hann margs um lönd eða hafnir. Hann leysti ór öllu fróðlega. Þorleifr mælti: „Var nökkurr sá maðr með konungi er Hallfreðr heitir?“ Hann svarar: „Heyrða ek hans getit, ok sjaldan at góðu“. Þorleifr mælti: „Sá maðr dreymir mik jafnan, enn þó er þat ómerkilegt, enn koma munu konungsmenn hingat brátt, enn hann Hallfreðr er svá manna, at ek skil sízt hvat manna at er, at frásögu manna, ok horfin heilla er mér hvat sem eftir kemr“. Þá grunar Þorleif hverr maðrinn var ok vildi upp standa, enn Hallfreðr þreif til hans ok rak hann undir sik er hann var miklu sterkari. Þeir ultu ofan fyrir hauginn ok varð Hallfreðr efri; hann setti hæl á augat Þorleifi ok hleypti ór honum auganu. Þorleifr mælti þá: „Konungs-

gifta fylgir þér, enn við þik hefi ek lengi áhugafullr verit, enn nú er þat fram komit. Enn veit ek at þú gerir konungs boðskap, at blinda mik eða drepa, enn nú vil ek biðja þik at þú gefir mér annat auga, enn ek vil gefa þérkníf ok belti, ok er hvártveggja góðr gripr, ok koma þér þó at liði, ef svá berr til, ok ertu ekki ólíkleggr at þurfa þess við“. Hallfreðr kvaðst eigi vilja svá brjóta konungs boðskap at þiggja af honum góðgripi til þess; kvaðst heldr vilja taka þat á sik, at gefa honum annat augat. Þorleifr þakkaði honum ok skildu þeir at því. Ferr Hallfreðr til manna sinna ok varð þar fagnafundr. Þorleifr gekk heim til bæjar ok sagði engum manni áverkann fyrr enn þeir váru langt á brottu. Þeir Hallfreðr riðu leið sína þar til er þeir kómu til Kálfs um farinn veg. Þá mælti Hallfreðr: „Drepa skal þenna enn illa mann“. Jósteinn mælti: „Ger eigi þat; blöndum eigi giftu við ógiftu“. Hallfreðr segir: „Eigi hefir hér at høgum verit til skift, góðr drenggr er meiddr, enn mannfýlan lifir“ — ok þreif hann höndum ok stakk ór honum augat. Kálfr varð hryggr við. Hallfreðr mælti: „Nú sýnir þú enn greyskapinn“. Síðan fóru þeir brott, ok kómu til konungs, ok sat hann at tafli. Þeir kvöddu hann. Konunggr spurði tíðinda. Hallfreðr segir alla sögu konungi. Konunggr mælti: „Vel hefir þú gert ok sýn mér augat“. Síðan tók

Hallfreðr augat Kálfs. Konungr mælti: „Hvar fektu slíkt auga?“ — „Þetta er Þorleifs auga“. — „Nei“, segir konungr, „fleira muntu unnit hafa enn ek bauð þér“. Síðan sýndi hann auga Þorleifs. Þá mælti konungr: „Þetta er hans auga, ok er enn ekki betr enn hálfgerð“. Hallfreðr mælti: „Nú galt ek Kálfi er hann stangaði mik spjótsoddinum þá er hann leiddi mik til bana“ — ok segir nú alt sem farit hafði. Konungr mælti: „Viltu nú fara til Þorleifs í öðru sinni“. Hallfreðr segir: „Eigi vil ek þangat fara, enn fara vil ek til Kálfs ok stinga ór honum annat augat“. Konungr kvað þar standa skyldu. Tók Hallfreðr þá sæmdir með konungi.

7. Þat var eitt sinn, er Hallfreðr var fyrir konungi, at hann mælti: „Leyfi vilda ek hafa í sumar at sigla austr til Eyrar kaupferð“. Konungr segir: „Eigi skal þat banna þér, enn svá segir mér hugr um, at eigi sé þér óáunnara aftr til mín enn þér er í brott ok margt man yfir þik líða“. Hallfreðr segir: „Til þess verðr nú at hætta“. Síðan fór Hallfreðr á brott. Hann spurði at Sigvaldi jarl var höfðingi mikill. Hallfreðr kemr á fund hans ok kveðst hafa ort kvæði um hann. Jarl spyrr: „Hverr ertu?“ Hann segir nafn sitt. Jarl segir: „Ertu skáld Óláfs konungs?“ „Svá er“, segir Hallfreðr, „ok vilda ek hljóð fá“. Jarl mælti: „Hvi mun mér þat eigi vel sama, er Óláfi konungi líkar

vel“. Hallfreðr kvað kvæðit ok var þat flokkr. Jarl þakkaði honum kvæðit ok gaf honum gullbring þann er vá hálfá mörk ok bauð honum þar at vera með sér. Hallfreðr þakkaði honum boð — „enn til Svíþjóðar skal nú fyrst fara“. Jarl bað hann ráða. Þat sama haust fór Hallfreðr í Vik austr ok brutu þar skipit austanfjarðar ok týndu miklu fé. Þaðan fór Hallfreðr til Konungahellu ok dvaldist þar um hrið. Ok einn dag, er Hallfreðr gekk úti at kaupstefnu, þá gekk maðr í móti honum; þeir kvöddust ok spurði Hallfreðr hverr hann væri. Hann kvaðst Auðgisl heita ok kominn vestan af Englandi, ok skortir mik eigi fé, eða er þetta Hallfreðr vandræðaskáld?“ Hann kvað svá vera. „Ek hefi frétt“, kvað Auðgisl, „at þú hefir hitt í fjártjón, eða viltu slá kaupi við mik at fara austr til Gautlands með mér til vetrvistar enn ek skal gefa þér tíu merkr silfrs til fylgdar, því at mér er sagt at þín fylgd sé fé kaupandi?“ Hallfreðr kvaðst þat vilja. Vegrinn var óhreinn ok hurfu margir aftr. Þeir Hallfreðr höfðu fim klyfjahesta ok einn at riða; fóru nú austr á markirnar. Ok einn dag sá þeir at maðr fór móti þeim. Þeir spurðu, hverr hann væri. Hann kvaðst Önundr heita; hann var mikill vexti ok kvaðst vildu fara með þeim ef þeir gæfi honum leigu nökkura; — „eru mér hér vegir allir kunnigir“. Auðgisl kvaðst

lítit um hann; lézt eigi vita, hvern þegn hann væri. Hallfreðr var eggjandi, at við honum væri tekit, ok þat varð, ok skyldi hann hafa tólf aura silfrs. Hallfreðr var þá sem gildastr, enn Auðgisl var við aldr. Nú fóru þeir sem leið lá. Önundr fór fyrir um daginn ok kómu at sæluhúsi um kveldit. Þá mælti Hallfreðr: „Nú munu vér eiga þrenn verk, ok skaltu, Önundr, víða heim, þú hefir öxi mikla. Auðgisl skal eld gera, enn ek skal vatn sækja“. Þá mælti Önundr: „Þat er þá bezt, at víða ótæpalega til húss, því at margir þurfa eldiviðinn, þeir er hér koma“. Hallfreðr kvað þat vel sagt. Þá mælti Auðgisl: „Fúsari væra ek at taka vatnit, enn þú gerðir eld, Hallfreðr“. „Látum þá svá vera, segir hann. Síðan kveikti hann eldinn, enn Önundr fór með byrði, ok gerði þat hvern er boðit var. Hallfreði þótti þeim seint verða. Hann grúfði at eldinum ok hafði kastat belti sínu á háls sér, ok var þar knífr mikill er mönnum var þá titt at hafa, ok var knífrinn á bak honum. Nú kemr Önundr inn með byrði; hann hleypr þegar at honum Hallfreði ok hjó til hans tveim höndum með exinni, ok kom í tygilknífinn, enn Hallfreðr greip til fóta honum ok hét á guð ok mælti: „Dugi þú mér hvíta-Kristr, ef þú ert svá máttugr, sem Óláfr konungr segir; lát eigi þenna mann stíga yfir mik“. Síðan réttist Hallfreðr upp undir

honum með fulltingi guðs ok giftu Óláfs konungs; tók hann þá Önund upp ok rak niðr svá mikit fall, at hann var í óviti ok hraut exin ór hendi honum. Hallfreðr hafði sax eitt lítit ok brá því, ok þá vitkaðist Önundr. Hallfreðr spyr: „Hefir þú drepit Auðgisl?“ Hann kvað svá vera. Þá lagði Hallfreðr saxinu í gegnum hann ok dró hann út ór skálanum enn byrgði síðan fast. Ok um nóttina brauzt Önundr á hurðina, enn Hallfreðr stóð við innan ok gekk því til dags. Um morgininn fann Hallfreðr Auðgisl dauðan við lækinn, ok tók af honum knif ok belti ok hafði með sér; hann bjó um Auðgisl eftir siðvenju. Sá hann nú at Önundr mundi verit hafa illvirki ok drepit menn til fjár sér, ok þat at hér var auðigt at fé ok varningi. Hallfreðr kvað þá vísu:

(15) Ólk þars aldri véla
 auðgildanda vildak,
 byrjar njót á hvítu
 brafuvins féi mínu.
 Vannk til góðs við grenni
 gunnmás sem ek kunna.
 Enn friðskerðir færði
 fjörtál at mér hjörva.

Síðan reið hann austr á fjallit ok hitti illa leiðir.

8. At kveldi eins dags heyrði hann við feldan, ok reið þangat eftir. Þá varð rjóðr fyrir honum, ok var þar maðr ok hjó við. Hann

var búandlegr ok rauðskeggjaðr, skolbrúnn ok heldr illmannlegr. Sjá maðr heilsar honum. Hallfreðr spyr hvern hann væri. Hann kvaðst Björn heita, — „ok far með mér til gistingar“. Hann þiggr þat. Björn var allbeinn við hann. Bóndi lá í lokhvílu enn Hallfreðr í annarri. Hann grunar Björn ok stóð upp undir tjaldit með brugðit sverðit konungsnaut, ok í því lagði Björn í rúmit, enn Hallfreðr hjó hann banahögg. Húsfreyja bað menn upp standa ok taka þenna glæpamann. Menn báru klæði á vápn Hallfreðar ok var hann handtekinn ok bundinn. Síðan váru send orð þeim manni er Ubbi hét. Hann átti sér bróður, er Þórir hét; hann var þar höfðingi; hann átti dóttur er Ingibjörg hét; Hana hafði átt Auðgisl ok var hinn mesti kvenskörungur. Nú koma menn til fundar þessa at dæma Hallfreð. Þar kom Þórir ok Ubbi ok Ingibjörg, ok kom þat ásamt með þeim at hafa Hallfreð til blóta. Hann gekk at Ingibjörgu ok kvaddi hana, ok kvaðst hafa þar gripir er Auðgisl hefði sent henni. Hon svarar: „Kenni ek gripina“. Hann segir henni alla söguna ok kvað hann vísu:

(16) Svá hefkr hermila harma

— hnígr-Baldr — í gny skjalda

— baugs erumkr svift at sveigi —

— sárlinns — rekit minna:

at lofhnugginn liggja

létkr sunnr í dyn Gunnar

— ek of hefnda svá okkar —
 Auðgiels bana dauðan.

Ingibjörg spurði vandlega um atburði. (Hallfreðr kvað vísu):

(17) Ek brá elda stekkvi
 ölnaskeiðs af reiði
 — lagðak hendir at hundi
 hundgeðjaðum undir.
 Stendr eigi sá sendir
 síðan Hlakkar skiða
 — bál rauðk Yggjar éla —
 éls við þjóð á vélum.

Ingibjörg mælti: „Sé ek at þú munt með sönnu fara ok skaltu fara heim með mér“. Fór Hallfreðr heim með henni ok var þá stirðr afböndum ok lét hon næra hann. Þau Þórir ok Ingibjörg sendu menn á fjallit, ok fundu þar þau merki öll, er Hallfreðr hafði sagt. Var þat allmikít fé, er þaðan var flutt. Var þat allra samþykki landsmanna, at Hallfreðr tæki fé þat er Önundr hafði átt, ok heldu þeir mikít tal af honum. Hallfreðr lagði hug á Ingibjörgu ok bað hennar. Hon segir: „Eigi mun þá vel fyrir öllu sét, er þú ert kristinn ok hér útlendr, enn þú skalt finna föður minn ef þú vill“. Hann gerir svá, ok tjár þetta fyrir Þóri, ok verða þeir vel ásáttir. Gekk svá til, at Hallfreðr fekk

Ingibjargar ok unni mikit; þar stóð saman auðr mikill, ok hafði Hallfreðr þar virðingar miklar. Þat hafði hann helzt til trúar, at hann blés í kross yfir drykk sínum áðr hann drakk, enn fátt söng hann. Eitt sinn talaði hann fyrir Ingibjörgu: „Ek ætla mér at fara á fund Óláfs Sviakonungs ok færa honum kvæði, er ek hefi ort um hann“. Hon kvaðst ætla at hann mundi heyra vilja lofit.

9. Þat sumar fór Hallfreðr til Svipjóðar ok kom á fund konungs ok kvaddi hann. Konungr spyr hvern hann væri. Hann segir til sín. Konungr mælti: „Viða ertu nefndr ok skáld göfugra manna“. Hallfreðr segir: „Kvæði hefi ek ort um yðr ok vilda ek hljóð fá“. Konungr játti því. Síðan flutti hann kvæðit. Konungr bauð honum með sér at vera ok gaf honum góðar gjafir. Hallfreðr kvaðst eiga bú ok konu í hans skattlandi, — „ok vilek þangat vitja“. Konungr bað hann vel fara. Hallfreðr kom aftr til konu sinnar; þar var hann tvá vetr, ok á hinum þriðja vetri var þat eina nótt. at honum þótti Óláfr konungr koma til sín ok var reiðulegr ok kvað hann mjök kasta kristni sinni, — „far á fund minn ok lið þitt“. Hallfreðr andvarpaði mjök er hann vaknaði. Ingibjörg spyr, hvat hann hefði dreymt. Hann segir henni, — „eða hversu mun þér um gefit, viltu

nökkut fara með mér? á ek þér mikit gott at launa, ok þá fenga ek þér helzt ömbunat, ef þú tækir við trú“. Hon svarar: „Þess er ván at þik muni þangat langa, ok skil ek at sá mun vera siðr miklu betri ok mun ek með þér fara“. Auðgisl hét son þeira ok var hann þá tvævetr. Þau fara á fund Óláfs konungs ok tók hann vel við Hallfredi, ok ávitaði hann þó mjök ok bað prest skrifta honum. Ingibjörg fæddi þá sveinbarn, ok hét sá sveinn Hallfreðr, ok gaf faðir hans honum nafn sitt. Var þá Ingibjörg skírð ok synir hennar báðir. Óláfr konungr mælti þá við Hallfreð: „Nú skaltu bæta yfir við guð, er þú hefir lengi verit með heiðnum mönnum ok gengit mjök af trúnni“. Hann kvaðst það gjarnan vilja, ok orti Uppreistar-drápu, gott kvæði. Þann vetr andaðist Ingibjörg, ok þótti Hallfredi þat allmikill skaði. Um várit sagði hann konungi, at hann lysti at sjá Ísland. Konungr sagði at þat skyldi sem hann vildi, — „hefi ek þik reynt at góðum dreng, enn koma mun þar at þú mundir heldr vilja með mér vera at því skaplyndi, sem þú hefir, enn þessa gripí skaltu þiggja af mér, pells-skikkju, hring ok hjálm, því at óvíst er um fundri okkra; lóga eigi gripunum“, segir konungr, „því at þeir skulu með þér til kirkju fara, enn í kistu leggja hjá þér, ef þú andast

á hafi“. Hringurinn stóð þrjá aura. Hallfreði þótti mikit fyrir skilnaði við konung. Auðgisson Hallfreðar fór austr til Þóris móðurföður síns; Hallfreði syni sínum fekk hann föstur gott. Hallfreðr lét í haf; hann kom skipi sínu í Kolbeinsárós eftir þing. Hann mælti til skipara sinna: „Ferð liggr fyrir mér suðr um heiði at finna föður minn, ok skulu vit riða tólf saman“. Nú var skip upp sett, enn þeir riða á brott tólf saman ok sneru vestr til Langadals. Þeir váru allir í litklæðum ok stefndu til selja Gríss. Kolfinna var þar ok konur nökkurar hjá henni. Þar váru fleiri sel ok stóðu selin í Laxárdal, milli Langadals ok Skagafjarðar. Sauðamaðr Kolfinnu sagði, at tólf menn riðu at selinu ok váru allir í litklæðum. Hon segir: „Þeir munu eigi kunna leiðina“. Hann segir: „Kunnlega riða þeir þó“. Nú koma þeir til seljanna. Kolfinna fagnar vel Hallfreði ok frétti tíðinda. Hann segir: „Tíðindi eru fá, enn í tómi munu sögð vera, ok viljum vér hér í nótt vera“. Hon svarar: „Þat vilda ek at þú riðir til vetrhúsa, ok mun ek fá þér leiðsögumann“. Hann kvaðst þar vera vilja. „Gefa munu vér yðr mat“, sagði hon, „ef þér vilið þetta eitt“. Nú stiga þeir af hestum sínum, ok um kveldit, er þeir váru mettir, sagði Hallfreðr: „Þat ætla ek mér at

liggja hjá Kolfinnu, enn ek lofa félögum mínum að breyta sem þeir vilja“. Þar váru fleiri sel, ok er svá sagt, at hverr þeira fengi sér konu um nóttina. Enn er þau kómu í sæng Hallfreðr ok Kolfinna, spyr hann, hversu mart væri um ástir þeira Gríss. Hon kvað vel vera. Hallfreðr segir: „Vera má at svá sé, enn annat þykkir mér finnast á vísu þeim, er þú hefir kveðit til Gríss“. Hon kvaðst engar kveðit hafa. Hann segir: „Ek hefi litla stund hér verit, ok hefi ek heyrt vísurnar“. „Lát mik heyra“, segir Kolfinna, „hvernin verki sá er, at mér er kendr“. (Hallfreðr kvað vísu:)

- (18) Leggr at lýsibrekku
 leggjariss at Grísi
 — kvöl þolir Hlín hjá hánun —
 heitr ófremdar sveiti:
 enn dreypileg drúpir
 dýnu-Rán hjá hánun,
 — leyfik ljósra vífa
 lund — sem alft á sundi.

„Ekki er slíkt bót annars, ok mikit undr, at hraustr maðr vill slíkt gera“. Hallfreðr segir: „Enn hefi ek heyrt aðra“:

- (19) Drammar svá sem svimmi
 sílafullr til hvílu
 fúrskerðandi fjarðar
 fúlmár á tröð báru,
 áðr enn orfastríðir

ófríðr þorir skríða
 — hann era blaðs við Gunni
 hvílubráðr — und váðir.

Kolfinna segir: „Ekki mun Gríss yrkja um þik, ok semdi þér betr at óvingast eigi svá við hann, því at eigi veit hvar manni mætir“. Hallfreðr kvað vísu:

(20) Lítt mun halr enn hvíti
 hjalmgrand fyr búr skalmask
 hann mun aura eyrar
 án ok Strútr enn gráni
 þót orþægir eigi
 ófríðr stöðul viðan
 hirðandi nýtr hjarðar
 hjörfangs ok kví langa.

Kolfinna stygðist þá við. Hallfreðr kvað vísu:

(21) Kolfinna lézk kenna
 — kveðk enn of blut þenna
 — hvat kveða vífi vitru
 valda? — fúlt af skaldi,
 enn af ungum svanna
 auðhnykkjanda þykkir
 — óð emk gjarn at greiða —
 ganga dýrligr angi.

Smalamaðr reið brott um nóttina ok sagði Grís hvat komit var, enn hann reið heiman með tuttugu menn. Snemma um morgininn búast þeir Hallfreðr, ok áðr hann steig á hest kvað hann vísu:

(22) Lítt hirði ek — lautar —

lundr hefr hætt til sprunda
 viggs — þót verðak höggvinn
 — varr — í höndum svarra :
 efk næða Sif slæðu
 sofa karmu meðal arma.
 Mákat láss um ljósa
 Lind ofrækðar bindask.

Síðan hljóp hann á bak og brosti. Kolfinna mælti: „Hví brosir þú nú?“ Hann kvað vísu:

(23) Veitkat hitt hvat verða
 verglóðar skal trúðu
 — rennum ást til unnar
 unnardags — á munnni,
 ef fjölgegnir fregna
 — faguendr jötuns sagna
 flók af galtar-Grísi
 geitbelg — hvat mik teitir.

Hallfredr vildi gefa Kolfinnu skikkjuna konungsnaut, enn hon vildi eigi þiggja, ok áðr þeir riðu brott kvað hann vísu:

(24) Heim koma hirði-Naumur
 — hams es góðr á fljóðum —
 sævarbáls frá seljum
 sléttfjallaðar allar.
 Nú selk af þót ýfisk
 ölbekkjar Syn nekkvat
 — hverr taki seggr við svarra
 sínum — ábyrgð mína.

Eftir þat ríða þeir á brott.

10. Nú kemr Gríss til seljanna. Kolfinnu var skapþungt. Gríss sá þat. Hann kvað vísu:

- (25) Nú þykkir mér nökkurr
 námskorð vera orðinn
 — litk á sumt um sveitir —
 sveimr meðan ek var heiman.
 Hér hafa gestir görva
 — gengr út kona þrútin ;
 þerrir sjálegr svarri
 — slaug þunglega -- augu.

Þar var með Grísi Einarr son Þóris Þrándarsonar. Gríss vill eftir riða, enn Kollfonna latti ok kvað eigi víst, hvárt hans hlutr batuði við. Gríss vill þó eftir riða. Þeir riðu fram hjá Auðólfstöðum til Blöndu. Þá váru þeir Hallfreðr komnir á miðja ána. Þá skaut Gríss spjóti til Hallfreðar, enn hann tók á lofti ok skaut aftr til Gríss, enn Einarr brá við exi; spjótit kom fyrir brjóst Einari ok fekk hann bana. Gríss kvað Hallfreð renna. Hann kvaðst eigi mundu fara lengra enn af ánni, ok bað þá at sækja, enn Gríss reið eigi at. Þá lögðu menn þat til, at Hallfreðr skyldi bæta Grísi fyrir ósóma þann allan, er hann hafði gert honum. Hallfreðr spyr, hvers hann beiddist. Gríss svarar: „Því munda ek una, ef ek hefða hringa báða, jarlsnaut ok konungsnaut“. Hallfreðr segir: „Fyrir mun annat at berast“. Ok skildu við þat. Hallfreðr reið suðr til bróður síns, enn þá var faðir hans andaðr, ok var þar um vetrinn. Ok um várit, er hann fór norðr, þá rak á fyrir þeim hrið.

Hallfreðr kvað þat vera gerningaveðr. Þeir riðu ofan eftir Vatnsdal þar til at fyrir þeim varð einn garðr, ok spruttu þar upp tuttugu menn. Þar var kominn Már af Mässtöðum. Hann hleypr fyrir Hallfreð, enn Hallfreðr höggr þegar til hans, enn Már brá við blóttrygli ok varð hann ekki sárr. Hallfreðr reið þá ór garðshliðinu. Már kallaði: „Sækjum at þeim“. Hallfreðr kvað vísu:

(26) Mjök tegask seima sekkvir,
 — snót, verðk þegns fyr hótum —
 — vér munum dag hvern dýrra —
 dulrækinn mik sækja;
 heldr mun hæli-Baldri
 hrælinns fyr því minna
 — ván erumk sliks — at sleikja
 sinn blóttrygil innan.

Skildu þeir við svá búit.

Húnröðr hét maðr, er bjó at Móbergi. Gríss var þingmaðr hans. Þorkell krafla bjó þá at Hofi, enn Ingólfr var dauðr. Þenna vetr orti Hallfreðr vísur um Grís, ok er Gríss frá þat, fór hann til móts við Húnröð ok bað hann ráðagerðar, því at Hallfreðr herðir að eins fjándskap við mik. Húnröðr mælti: „Þess fýsi ek þik, at þú búir mál til ok stefnir Hallfreði til Húnavatnsþings. Gríss gerði svá, reið suðr um várit til Hreðuvatns, því at þeir Galti ok Hallfreðr bjuggu þar þá. Gríss stefndi Hallfreði um víg Einars til Húnavatnsþings. Ok er

þeir vǫru brottu, mælti Galti við Hallfred: „Hver er tilætlan þín um mál þetta?“ Hallfredr svarar: „Ek ætla at sækja traust Þorkels mágs míns“. Þeir riðu sunnan um vǫrit ok vǫru saman þrír tigr; þeir gistu at Hofi. Hallfredr spurði Þorkel, hvert traust hann skyldi þar eiga. Þorkell kvaðst mundu veita at málum, ef boðin væri nökkur sæmd. Nú koma menn til þings, ok á þinginu gengu þeir Hallfredr ok Galti til búðar Þorkels ok fréttu hvar koma skyldi. Hann segir: „Ek mun bjóðast til gerðar, ef þér vilið þat hvárirtveggju, ok mun ek þá leita um sættir“. Ganga þeir nú út ór búðinni, enn Brandr Ávaldason, bróðir Kolfinnu, lá á búðarveggnum. Hann hjó Galta banahögg í því er hann gekk út. Hallfredr sagði Þorkatli vígit. Þorkell gekk með honum til búðar Gríss ok bað hann fram selja manninn, — „ella munu vér brjóta upp búðina“. Þá hljóp Hildir með Brandi í dyrnar ok spyrr hvat Þorkell vildi. Hann segir erendit. Hildir mælti: „Eigi mundi þér þat í hug, at drepa son minn, þá er ek skaut þér undan skikkju-skauti mínu ok firða þik bana eftir víg Glæðis, þá er þeir Þorgils ok Þorvaldr vildu drepa þik“. Þorkell mælti: „Líðit er nú þat. Gangi konur út ór búðinni ok vilja vér leita mannsins“. Brandr var faldinn, ok komst hann svá út ok hittist hann eigi. Þorkell kvað hann

farinn mundu til búðar Húnröðar. Hallfreðr mælti þá: „Grunr er mér nú á um liðveizluna, ok býð ek nú Grísi hólmgöngu“. Gríss kvað hann þat boðit hafa fyrr sem hann átti at beiða. Þá kvað Hallfreðr vísu:

(27) Þá mun reyndr und röndu
 róghnykkjandum þykkja
 manus við málmásennu
 minu hugr við Kolfinnu,
 ef svá's at örr á eyri
 uppsátr's boði máta
 vei hyggjum þat viggjar
 vísar mér at Grísi.

Gríss hafði í hendi sverðit þat er Garðskonungur hafði gefit honum. Hallfreðr sá einn dag hvar Kolfinna gekk. Hann kvað vísu:

(28) Þykki mér es ek þekki
 þunnisunga Gunnis
 sem fleybrautar fljóti
 fley meðal tveggja eyja,
 enn þá's sér á Ságu
 saums í kvennaflaumi
 sem skrautbúin skriði
 skeið með gylfum reiða.

Þat var um nóttina áðr þeir skyldu berjast, at Hallfreðr svaf í sæng sinni; honum þótti Óláfr konungur koma at sér, ok þóttist hann verða feginn ok þó hræddr. Konungur mælti: „Svefns er þér, enn þó mun þér sem þú vakir; þú ætlast ógott ráð fyrir, at berjast við Grís

við ill málaefni, enn hann hefir svá fyrir mælt ok beðit guð, at sá ykkarr skyldi sigr fá, er betri málaefni hefði. Haf ráð mitt, tak með þökkum at engi hólmganga verði ok bæt fé. Enn á morgin, er þú ert klæddr, gakk út á holt þat er hjá þingstaðnum er, þar sem götur mætast; menn muntu sjá ríða ok haf við þá tal, ok kann vera at þér þykki þá annat meira vert enn hólmganga Gríss, ok hirð eigi þótt honum þykki sem þú hræðist“. Hallfreðr vaknar ok ihugar, hvat fyrir hann hefir borit, ok segir þeim manni er hjá honum var. Sá svarar: „Hræðist þú nú grísinn, og væri betra at hafa tekit fyrr gott ráð, þá er hann mælti vel til, enn nú mun virt af óvinum þínum sem þú þorir eigi at berjast“. Hallfreðr mælti: „Virði þat hverr sem vill; hafa skal ek ráð Óláfs konungs; þau munu mér bezt gefast“. Um morgininn gekk hann út á holtit ok sá menn ríða í litklæðum at sér. Hann spurði þá tíðinda, enn þeir sögðu fall Óláfs konungs. Hallfreðr varð svá við hann sem hann væri steini lostinn, ok gekk þegar heim til búðar með miklum harmi ok lagðist þegar niðr í rúm sitt. Þá mæltu Gríss menn, at honum yrði lítilmannlega. Gríss svarar: „Þat er ekki á þá leið; minna sóma hafða ek af Garðs-konungi, ok þóttu mér þau mest tíðindi, er ek mista höfðingja míns; er heit lánardrottins ást,

ok er gott, er ek skal eigi berjast við konungsgiftuna; vil ek enn at Þorkell dæmi sem ætlat var“. Þorkell mælti: „Ek mun nú taka máli fyrir Hallfred ok sætta ykk“. Þessu jätti Hallfredr. „Þat er gerð mín“, segir Þorkell, „at víg Einars komi fyrir víg Galta ok þar með heimsókn við Kolfinnu fyrir manna mun, enn fyrir Gríss vísur skal Hallfredr gefa Grísi grip einn góðan. Þá kvað Hallfredr vísu:

- (29) Auðs hefk illrar tíðar
 alldrengila fengit
 — mik hefir gjöllu gulli
 gramr. ok jarl of framðan —,
 ef glapskyldir gjalda
 gjalfreigs ok hefk eigi
 mörk fyr minstan verka
 matvísam skalk Grísi.

Þorkell bað hann hætta verkanum, — „ok lát fram grip nökkurn, þótt eigi sé af konungsnautum“. Þá lét Hallfredr fram hringiun Sigvaldanaut ok skildu at því.

11. Síðan fór Hallfredr suðr um heiði ok fekk búit í hendr Valgerði systur sinni, enn hann fór utan í Kolbeinsárósi ok kom við Orkneyjar; þaðan fór hann til Noregs ok kom á Sognsæ um vetrnáttu skeið, ok spurði þá at um fall Óláfs konungs. Hann orti þá Óláfs drápu ok er þetta stef í:

- (30) Norðr eru öll of orðin
 auð lönd at gram dauðan,

allr lemsk friðr af falli
flugstyggs sonar Tryggva.

Honum þótti svá mikit um fall Óláfs konunga, at hann undi engu ok ætlaði suðr til Danmerkr eða austr til Svíþjóðar. Þeir lögðu í einn leynivág. Þat spurði Hallfreðr, at Eiríkr jarl var þaðan eigi langt á brott á land upp. Þat gerði hann sér í hug, at drepa jarl, þótt þegar væri hann drepinn. Ok um nóttina dreymdi hann at Óláfr konungr kæmi at honum ok mælti: „Þetta er ónýtt ráð er þú ætlast fyrir; yrk heldr drápu um jarl“. Um morgininn eftir gekk Hallfreðr á bæ þann er jarl var ok at þeiri er jarl drakk inni. Hallfreðr var kendr; hann var tekinn ok færðr jarli. Jarl vildi láta drepa hann fyrir þat, er hann meiddi Þorleif spaka, ok bað fjötra hann; enn er fjötrinn var borinn at honum, þá þreif hann til ok hnykti af þeim er á hann skyldi leggja ok laust í höfuðit, svá at sá hafði þegar bana. Jarl bað þegar drepa hann, at hann gerði eigi fleira ilt. Gamall maðr reis upp utar á bekkinn ok gekk fyrir jarl ok bað hann gefa Hallfreði líf, ok var þat Þorleifr enn spaki. Þá mælti jarl: „Þat er ómaklegast, at þú biðir honum griða, eða mantu eigi, at hann meiddi þik“. Þorleifr svarar: „Þat vil ek, herra, at Hallfreðr hafi grið“. Jarl kvað svá vera skyldu sem hann vildi. Þorleifr tók Hallfreð

í sveit sína. Hann mælti við Hallfred: „Viltu at ek dæma með jarli ok þér“. Hallfredr kvaðst þat gjarna vilja. „Þá skaltu yrkja kvæði um jarl ok haf gert innan þriggja náttá“. Ok er þrjár nætr váru liðnar, þá færði Hallfredr kvæðit ok er þetta upphaf á:

(31) Bærr es hróðr at heyra
 bjaldrörr um þik görvan.

Jarl launaði honum vel kvæðit, — „enn ekki vil ek þik með mér hafa sakir Óláfs Tryggvasonar“. Þorleifr bauð Hallfredi til sín ok þangat fór hann. Þorleifr reyndist honum hinn beztu drengur. Ok at sumri fór Hallfredr út til Íslands ok kom skipi sínu í Leiruvág fyrir sunnan laud. Þá bjó Önundr at Mosfelli. Hallfredr átti at gjalda hálfu mörk silfr húskarli Önundar ok svaraði heldr harðlega. Kom húskarlinn heim ok sagði sín vandræði. Hrafn kvað slíks ván, at hann mundi lægra hlut bera í þeira skiftum. Ok um morgininn eftir reið Hrafn til skips ok ætlaði at höggva strengina ok stöðva brottferð þeira Hallfredar. Síðan áttu menn hlut í at sætta þá, ok var goldit hálfu meira enn húskarl átti ok skildu at því. Annat sumar eftir áttu þeir Hallfredr ok Gunnlaugr ormstunga ferð saman ok kómu á Melrakkasléttu, enn þá hafði Hrafn fengit Helgu. Hallfredr sagði Gunnlaugi hversu vel honum hafði vegnat ok Hrafni. Hallfredr var

lengstum í ferðum ok undi sér engu eftir fall Óláfs konungs. Hann fór til Svíþjóðar at vitja Auðgils sonar síns ok fjár síns; hann ætlaði þar at festast. Þá var Hallfreðr nær fertugum manni, er hann ætlaði til Íslands at sækja fé sitt. Hallfreðr son hans var þá með honum. Þeir höfðu útivist harða. Hallfreðr jós at sínum hlut ok var þó sjúkr mjök. Ok einn dag, er hann gekk frá austri, settist hann niðr á ásinn, ok í því laust áfall hann niðr í skipit ok ásinn ofan á hann. Þá mælti Þorvaldr: „Er þér, bróðir, erfitt við orðit“. Hallfreðr kvað vísu:

(32) Hnaud við hjarta ok síðu
 hreggblásnum mér ási;
 svá hefr yðr at öðru
 áfall tekit valla;
 marr hnaud mínum knerri,
 mjök emk vátr of látinn,
 muna úrþvegin eira
 aldan sínu skaldi.

Þeir þóttust sjá sótt á honum ok leiddu hann aftr eftir skipinu ok bjuggu um hann ok spurðu hversu honum segði hugr um sik. Hann kvað vísu:

(33) Grund mun hvítri hendi
 hörðúks um brá mjúka
 — fljóð gat fremdaræði —
 fjölerin sér þerra
 ef dauðan mik meiðar
 morðheggs skulu leggja

— áðr vask ungu fjóði —
 út of borð — at sítum.

Þá sá þeir konu ganga eftir skipinu; hon var mikil ok í brynju; hon gekk á bylgjum sem á landi. Hallfreðr leit til ok sá at þar var fylgjukona hans. Hallfreðr mælti: „Í sundr segi ek öllu við þik“. Hon mælti: „Viltu, Þorvaldr, taka við mér?“ Hann kvaðst eigi vilja. Þá mælti Hallfreðr ungi: „Ek vil taka við þér“. Síðan hvarf hon. Þá mælti Hallfreðr: „Þér, son minn, vil ek gefa sverðit konungsnaut, enn aðra gripi skal leggja í kistu hjá mér, ef ek öndumst hér á skipinu“. Þá kvað hann vísu þessa:

(34) Ek munda nú andask
 — ungr vask harðr í tungu —
 senn, ef sálu minni
 — sorglaust — vissak borgit;
 veitk at vætki of sýtumk,
 — valdi guð hvar aldri
 — dauðr verðr hverr — nema hræðumk
 helvíti — skal slíta.

Litlu síðar andaðist hann, ok var í kistu lagðr ok gripir hans með honum, skikkja, hjálmr ok bringr, ok skotið fyrir borð öllu saman. Kistan kom í eyrna helgu í Suðreyjum ok fundu sveinar ábóta. Þeir brutu upp kistuna ok stálu féinu ok söktu líkinu í fen mikit. Ábóta dreymdi þegar um náttina, at Óláfr konungr kæmi at honum; hann var reiðulegr ok kvað

hann illa sveina eiga, — „hafa þeir brotit skip skálds míns ok stólit fé hans, enn bundit stein við háls honum; nú haf þú sannar sögur af þeim, ella munu yðr henda hver undr“. Síðan váru sveinar teknir ok gengu þeir við ok var þeim gefit frelsi. Lík Hallfreðar var flutt til kirkju ok var grafit virðulega; kalekr var gerr af hringinum, enn altarisklæði af skikkjunni, enn kertastikur ór hjálminum. Þeir Þorvaldr tóku land ok fóru á Óttarsstaði ok váru þar um vetrinn. Þorvaldr fór utan um sumarit, enn Hallfreðr gerði bú á Óttarsstöðum; hann var kallaðr vandræðaskáld; hann var mikilmenni ok gæfumaðr; ér mart manna frá honum komit. Lýkr þar at segja frá Hallfreði.

Viðauki.

(Úr Heimskringlu, Ólafs sögu Tryggvasonar, 90. kap.).

90. Óláfr konungr gekk einn dag úti á stræti, enn menn nökkurir gengu í móti honum, ok sá er fyrstr gekk fagnaði konungi. Konungr spurði þann mann at nafni; sá nefnd-

ist Hallfreðr. Þá mælti konungr: „Ertu skáld-
it?“ Hann sagði: „Kann ek yrkja“. Þá
mælti konungr: „Þú mant vilja taka kristni
ok gerast síðan minn maðr“. Hann segir:
„Kostr skal á því vera, at ek man skírast
láta, ef þú, konungr, veitir mér sjálfr guðsifjar;
af engum manni öðrum vil ek þat þiggja“.
Konungr svarar: „Ek vil þat gera“. Var þá
Hallfreðr skírðr, ok hélt konungr honum undir
skírn. Síðan spurði konungr Hallfreð: „Viltu
nú gerast minn maðr?“ Hallfreðr sagði: „Ek
var fyrr hirðmaðr Hákonar jarls; nú vil ek
eigi gerast þér handgenginn ok engum öðrum
höfðingjum, nema þú heitir mér því, at mik
hendi enga þá hluti, er þú rekir mik frá þér“.
„Svá at einu er mér sagt“, segir konungr, „at
þú er eigi svá vitr eða spakr, at mér er ör-
vænt, at þú gerir þá hluti, er ek vil fyrir
engan mun við sæma“. „Dreptu mik þá“, segir
Hallfreðr. Konungr mælti: „Þú ert vandræða-
skáld, enn minn maðr skaltu nú vera“. Hall-
freðr svarar: „Hvat gefr þú, konungr, mér at
nafnfesti, ef ek skal heita vandræðaskáld?“
Konungr gaf honum sverð ok fylgdi engi um-
gerð. Konungr mælti: „Yrk nú vísu um
sverðit, ok lát sverð vera í hverju vísuorði“.
Hallfreðr kvað:

Eitt es sverð þats sverða.

Þá fekk konungr honum umgerð ok mælti: „Eigi er sverð í hverju visuorði“. Hallfreðr svarar: „Tvau eru ok í einu“. „Svá er þat“, segir konungr. — Af Hallfreðar kvæðum tókum vér helzt vísindi ok sannindi þat er sagt er frá Óláfi konungi Tryggvasyni.

113. . . . Hallfreðr vandræðaskáld hafði komit um sumarit austan af Gautlandi; hafði hann verit með Rögnvaldi jarli Úlfssyni, er þá var kominn til ríkis í vestra-Gautlandi. Úlfr faðir Rögnvalds var bróðir Sigríðar hinnar stórráðu; váru þeir systkinasynir Óláfr konungr sænski ok Rögnvaldr jarl. Segir Hallfreðr Óláfi konungi mart af jarli, sagði at hann var hraustr höfðingi og stjórnsamr, örr af penningum, drenglyndr ok vinhollr; sagði Hallfreðr þat ok með, at jarl vildi hallast til vináttu við Óláf konung, ok hafði þat talat, at hann vildi biðja Ingibjargar Tryggvadóttur. Á þeim vetri kómu austan af Gautlandi sendimenn Rögnvaldsjarls, ok fundu Óláf konung norðr í Niðarósi; báru þar fram erindi jarls fyrir konung, öll slik sem Hallfreðr hafði áðr orði á komit, at jarl vildi vera fullkominn vin Óláfs konungs, og þar með mælti jarl til mægða við konung, ok vildi fá Ingibjargar systur hans.

Kvæði

eftir

Hallfreð vandræðaskáld.

I.

DRÁPA UM HÁKON JARL

(ort um 998).

- (1) Askþollum stendr Ullar
austr at miklu trausti
rækilundr hinn ríki
randfars brumaðr hári.
- (2) Grams rúni lætr glymja
gunnríkr, hinns hvöt líkar,
Högna hamri slegnar
heiftbráðr um sík váðir.
- (3) Ráð lukusk at sá síðan
snjallráðr konungs spjalli
átti eingadóttur
Ónars viði gróna.
- (4) Breiðleita gat brúði
Báleygs und sig teygja

stefnir stöðvar-hrafna
stála ríkismálum.

- (5) Því hykk fleygjanda frægjan,
ferr jörð und menþverri,
ítra eina at láta
Auðs systur mjök traudan.
- (6) Sannyrdum spenr sverða
snarr þiggjandi viggjar
barrhaddaða byrjar
biðkván und sik Þriðja.
- (7) Ok geirrótu götvar
gagls við strengjar hagli
hungreyðundum hanga
hlöðut jární söðar.
- (8) Ólítit brestr úti
unndýrs sumum runnum
hart á Hamðis skyrtum
hryngráp Egils vápna.
- (9) Þaðan verða föt fyrða,
fregn ek görla þat, Sörla
rjóðask björt — í blóði —
benfúr meeilskúrum.

II.

ÓLÁFSDRÁPA

(ort veturinn 996—997).

- (1) Hilmir lét at Holmi
 hræskóð roðin blóði —
 hvat of dylði þess höldar? —
 hörð ok austr í Görðum.
- (2) Svá fráð hitt at háva
 hörgbrjótr í stað mörgum
 — oft kom hrafn at heifta —
 blóð valköstu — blóði.
- (3) Endr lét lamta kindir
 allvaldr í styr falla,
 vandisk hann, ok Vinda,
 végrimmr, á þat snimma:
 hættr vas hersa dróttinn
 hjördjarfr Gota fjörvi,
 gullskerði fráð görðu
 geirþey á Skáneyju.
- (4) Böðserkjar hjó birki
 barklaust í Danmarku
 hleypimeidr fyrir Heiða-
 hlunnviggja -bæ sunnan.
- (5) Tiðhöggvit lét tyggi
 Tryggvasonr fyr styggvan

Leiknar hest á lesti
ljótvaxin hræ Saxa;
vinbróðigr gaf víða
vísi margra Frísa
blökku brúnt at drekka
blóð kveldriðu stóði.

(6) Rógs bar rekka lægir
ríkr valkera líki,
herstefnir lét hröfnum
hold Flæmingja goldit.

(7) Gerðisk ungr við Engla
ofvægr konungr bægja;
naddskúrar réð nærir
Norðimbra því morði:
eyddi ulfa greddir
ógnbliðr Skotum víða;
görði seims með sverði
sverðleik í Mön skerðir.

(8) Ýdrauga lét ægir
eyverskan her deyja
— Týr var tjörva dýrra
tíragjarn — ok Íra;
barði brezkrar jarðar
byggvendr ok hjó tyggvi:
— gráðr þvarr geira hríðar
gjóði — kumbrskar þjóðir.

III.

ERFIDRÁPA UM ÓLÁF TRYGGVASON

(ort haustið og vetrinn 1001—1002).

Stef:

- (1) Norðr eru öll of orðin
 auð lönd at gram dauðan,
 allr glepsk friðr af falli
 flugstyggs sonar Tryggva.
- (2) Flugþverrir nam fyrri
 frægr aldrigi vægja,
 heldr kvað hauka skyldir
 hugrekki sér þekkja.
- (3) Geta skal máls þess's mæla
 menn at vápna sennu
 dolgafangs við drengi
 dáðöflgan gram kváðu;
 þaðat hertrygðar hyggja
 hnekkir sína rekka
 — þess lifa þjóðar sessa
 þróttarorð — á flótta.
- (4) Þar hykk víst til mjök mistu,
 mörg kom drótt á flótta,
 gram þann's gunni framði
 gengis þrænzkra drengja;
 næfr vá einn við iöfra
 allvaldr tvaa snjalla,

— frægr's til slíks at segja
siðr — ok jarlinn þriðja.

- (5) Heft vas lítt á lofti,
líðu örvar fram görva,
brodda flaug áðr bauga
brjótendr skyti spjóti;
orð vas hitt at harðast,
hvarkunnr fyr lög sunnan,
mest í málma gnaustan
minn dróttinn fram sótti.
- (6) Sótti herr þars hætti
hundmargr drasil sunða,
enn hjalmsprotum hilmir
harðfengr Dönum varði;
fellu þar með þolli
þeim skævaðar geima
— mein hlautk af því — mínir
meir hollvinir fleiri.
- (7) Herskerðir klauf harðan ---
hann gekk reiðr of skeiðar —
svarðar stofn með sverði
sunnr eldviðum kunnum;
kunni gramr at gunni,
gunnþings á hjör þunnum
margr lá heggr of höggvinn —
hold barkat rásarka.
- (8) Varð um Vinda myrði

vigskýs, enn þat lýsik,
 ramr und randar himni
 rymr, knáttu spjör glymjja;
 hirðir stóðsk við harðan
 hnitvegg með fjöld seggja
 víðis veltireyðar
 varghollr þrimu marga.

- (9) Upp sögðu lög, lagðisk
 líf skjótt firum, hlífa,
 gnóg til gumna feigðar
 galkn við randar balkni.
- (10) Leitt hykk Leifa brautar
 lognárungum váru
 geirs við gumna stjóra
 geigurþing at eiga,
 þás fákhlæðendr fræknir
 farlegs at vin jarla
 húfs með hamri þæfðar
 bringskyrtur fram gingu.
- (11) Sukku niðr af Naðri
 naddfárs í böð sárir
 baugs, görðut við vægjask,
 verkenðr meginserkjar;
 vanr man Ormr, þót Ormi
 alldýrr konungr stýri,
 hvars skríðr með lið lýða
 lengi elikra drengja.

- (12) Eigi látask ýtar
 enn þeirs víða nenna
 fremra mann of finna
 fólkreifum Óleifi.
- (13) Firðisk vætr sás varði
 við lönd Breta stríðir
 bleyði-firðr við bráðan
 bekkdóm Heðins rekka;
 hann lét of sök sanna,
 sverðjalnr óx þar, verða,
 skilit frá, fyr Skylja,
 skóð mæ røðin blóði.
- (14) Hverr vas hræddr við örvan,
 hugdyggvan son Tryggva
 — óðusk malmþings meiðar —
 maðr und sólar jaðri.
- (15) Mundit lung hit langa
 læsíks und gram ríku.
 — blóð kom á þröm þíðan —
 þjóð varlega hrjóða;
 meðan ítrs vinir áttu
 innan borðs at morði
 sú gerðisk vel varða
 verðung jöfurs sverðum.
- (16) Harðgervan lét hjörvi
 Holms verða Týr sverða

vind á víðu sundi
 vígþey Hedins meyja,
 áðr enn Ormi næði
 Eiríkr eða blut meira
 — mörg óð bitr í blóði
 benkneif — fyr Óleifi.

- (17) Ítrfermdum réð Ormi
 orðsæll jöfurr norðan,
 — snörp varð at þat sverða
 snót — Eiriki á móti,
 en hjjöfnum hefnir
 hlýrs þeim gota stýrði,
 áðr óx um gram góðan
 gunnr, Hákonar sunnan.

- (18) Gott es gerva at fréttu,
 — gunnr óx fyr haf sunnan,
 sverð bitu feigra fyrða
 fjörrönn — at því mönnum,
 hvern rakklegast rekka
 randláðs viðir kváðu
 — Surts ættar vinn'k sléttan
 sylg — Óláfi fylgja.

- (19) Ógræðir sá auða
 armgrjóts Trönnu fljóta
 — hann rauð geir at gunni
 glaðr — ok báða Naðra;
 áðr hjaldrþorinn heldi

hugframr ór böð ramri
 snotr af snæris-vitni
 sunds Þorketill undan.

- (20) Veitkat ek hitt hvárt Heita
 hungrdeyfi skalk leyfa
 dynsæðinga dauðan
 dýrbliks eða þó kvikvan:
 alls sannlega segja
 — sárr mun gramr at hváru,
 hætt's til hans at fréttu —
 hvárttveggja mér seggir.

- (21) Sagðr var mér, enn meira
 munuma stríð of biða,
 lýðum firðr ok láði
 landvörðr fyr sjá handan;
 væri oss, þót ærir
 elds þeim svikum beldi,
 heila-likn, ef hauka
 háklifs jöfurr lifði.

- (22) Sumr var árr of ævi
 oddbragðs hinn's þat sagði,
 at lofða gramr lifði
 læstyiggs sonar Tryggva;
 vera kveðr öld ór eli
 Áláf kominn stála,
 menn geta máli sönnu,
 mjök er verr enn svá, ferri.

- (23) Mundut þess, alls þegnar
 þróttharðan gram sóttu
 frákk með lýða liði
 landherr þar sköp verða:
 at mundjökuls mundi
 margdýrr koma stýrir
 — geta þykkjat mér gotnar
 glíklígs — ór styr slíkum.
- (24) Enn segir auðarkenni
 austr ór malma gnaustan
 seggr frá sárum tyggja
 sumr eða brott of kumnum;
 nú's sannfregit sunnan
 sikling's ór styr miklum,
 kannkat mart við manna,
 morð veifanar-orði.
- (25) Norðmanna hykk nenninn
 — nú's þengill fram genginn;
 dýrr hné dróttar stjóri —
 dróttin und lok sóttan.
 Grams dauði brá gleði
 góðs ófárar þjóðar,
 allr glepsk friðr af falli
 flugstygg's sonar Tryggva.
- (26) Ilt vas ulfa sultar
 of þverri stóðk ferri
 mest þars malmar gnustu

mein, þót smátt sé und einum;
 skiliðr em ek við Skylja,
 skalmaldr hefir því valdit;
 vættik virða dróttins;
 vil's mest ok dul flestum.

(27) Hefk þanns hverjum jöfri
 heitfiknum varð rikri
 und niðbyrði Norðra
 norðr guðföður orðinn;
 biða mank þess's breiðan
 barðmána vann skarðan
 margaukanda mækis
 mót aldrigi bótir.

(28) Fyrr man heimr ok himnar,
 hugreifum Óleifi —
 hann var menskra manna
 mest gott — í tvau bresta
 áðr enn glíkr at góðu
 gæðingr muni fæðask.
 Kæns hafi Krístr enn hreini
 konungs önd ofar löndum.

LAUS VÍSA

(úr Ólafsdrápu annari hvorri).

Tolf vas elds at aldri
 ýsetrs hati vetra

braustr þá's herskip glæsti
Hörða vinr ór Görðum;
blóðu Hamðis klæðum
hjørva gnýs ok skýjum
hilmis menn með hjalmum
hlýrvigg unnmós stýris.

Vísaskýringar.

1 (Ónefndr höf.). Þessi vísa þarf engrar skýringar við.

2 (Hallfreðr). Svá nökkvi verðr mér reiði sannargs allheidins margra troga sökkvis¹ ægileg fyr augum, sem ólitill gamall búrhundur stári úti fyrir búri² alls mest við för gesta. Ek stæri brag.

1. tg. K. G. fyrir brúði. — 2. *sannargr allheidinn troga sökkvir* er óvirðingarnafn um Grís.

Annars er vísan auðskilin.

Svo hræðist eg reiði (Gríss) hins raga og heidna (troga sökkvis) búra, sem eg sæi gamlan búrhund sitja og spangóla úti fyrir búri þegar gestir eru á ferð.

3 (Hallfreðr). Rækimeidar randaliðs¹ ráða at biðja eingadóttur Ávalds; skaldi es þat ótti. Sið mun ek um heiða Surts kvánar byrr² rinna mér af kyrrri Kolfinnu. Svá gæta menn hennar.

Síðasta vísuorð ætti að vera:

svá menn gæta hennar.

1. *rækimeidar randaliðs*, menn. — 2. *Surts kvánar byrr*, hugr.

Menn ráða mér að biðja eingadóttur Ávalds; mér (skáldinu) stendur stuggr af því. Eg mun seint óska að

hinni kyrru Kolfinnu renni hugr til mín. Svo gæta menn hennar.

4 (Hallfreðr). Enn em ek fúss at minnask við Kolfinnu, þót álföll¹ drepi ossu stáli,² — Marnar vakri³ skýtr mjök — þvit nú unnum nýtri⁴ álgrundar elda⁵ tróðu⁶ betr enn heitin væri.

I. álföll, tg. K. G. fyrir áföll, og sömu merkingar. — 2. stál, kinnungr,³ skipi. — 3. Marnar (eða Mörnis) vakr, skip (Mörnar rangt; Marnar ef. af Mörn, fljót). — 4. nýtri (eftir Flateyjarbók) betra en nytja, sem ekki verðr skilið. — 5. elda, tg. K. G. í stað endisk, sem verðr ekki skilið. — 6. álgrundar elda tróða, kona (Kolfinna).

Enn væri eg fús að minnast við Kolfinnu, þó sjór skelli á kinnung vorn, því nú ann eg hinni velættuðu og góðu konu betr enn hún væri heitkona min. Skipið skriðr mjög.

5 (Hallfreðr). Þessi vísa þarf ekki skýringar við. — svörðr = svarðreip.

6 (Ólpumaðr). Þessi vísa þarf ekki skýringar við. — hnakkmiði = akkerisdufl.

7 (Hallfreðr). Ek hlaut þann guðföður, es vas orðinn einna æztr manna norðr und niðbyrði Norðra.¹

1. Norðra niðr, dvergr; niðbyrði Norðra, himininn; norðr und (eða und norðr-) niðbyrði, undir norðrhimni, á Norðrlöndum.

8 (Hallfreðr). Ek veit at víðlendr konungr sendi vísuskreyti¹ nekðan brand af nökkvi. Nú ák dýra Sýrar mey.² Verða hjölt skrautleg konungsnauti.

1. *vísuskreytir*, skáld. — 2. *Sýr*, Freyja, *Sýrar mæ*r, Hnoss; ek á *Sýrar me*y, eg á *Hnoss*, hnoss, dýrmætan grip. Hjölt verða skrautleg á konungsnauti.

Eg veit að hinn víðlengi konungr sendi skáldinu beran brand í einhverjum tilgangi. Nú á eg þennan dýrgrip (þessa hnoss). Skrautleg hjölt munu verða á konungsnauti.

Síðari helmingur visunnar verður ekki fullskýrðr.

9 (Hallfreðr). Fyrr vas hitt, at ek gat vel blóta geðskjótan Hlíðskjalfar harra.¹ Skift es á gumna giftu.

1. *Hlíðskjalfar harri*, Óðinn.

Að öðru leyti þar^c vísan ekki skýringar við.

10 (Hallfreðr). Öll átt¹ várra niðja² hefr ekipat ljóðum til hylli Óðins; ek man allgilda aldar iðju. Eun því at vald Viðris³ hugnaðisk skaldi vel, legg ek trauðr fjón⁴ á frumver Friggjar⁵, því at þjónum Kristi.

1. *átt* = ætt. — 2. *niðjar*, (hér) forfeðr. — 3. *Viðrir*, Óðinn. — 4. *fjón*, hatr. — 5. *frumver Friggjar*, Óðinn.

Alt kyn feðra vorra hefir kveðið til hylli Óðins. Eg þekki réttmæta iðju allra manna. Enn af því að mér hugnaðist vel vald Óðins, legg eg trauðr hatr á hann, þó eg þjóni Kristi.

11 (Hallfreðr). Hölda reifnir,¹ (vér) höfnum goðanafni Hrafnblóts² ör heiðnum dómi, þess es ól lóm³ við lof lýða.

1. *Hölda reifnir*, konungr. — 2. *Hrafnblótr*, Óðinn. — 3. *lóm*, svik.

12. (Hallfreðr). Freyr ok Freyja ok enn rammi Þórr við¹ Grimni skyli mér gröm. Ek læt fjarð² öðul³ Njarðar. Líknist gramr⁴. Ek vil kveðja Krist ok Guð allrar ástar; reiði sonar erumk⁵ leið, es á frægt vald und foldar feðr⁶.

1. við = með. — 2. fjarð = firð. — 3. öðul, börn — 4. Líknist gramr, konungr verði líknsamr. — 5. erumk = er mér. — 6. und foldar feðr, undir guði.

Visu þessa má annars skýra á fleiri vega.

13 (Hallfreðr). Sá siðr es með Sygna ræsi¹ at blót eru kviðjut². Verðum at forðask flest fornholdin norna sköp³. Allir ýtar⁴ láta Óðins kyn fyrir róða⁵. Ek verð neyddr frá Njarðar niðjum at biðja Krist.

1. Noregskonungr. — 2. bönnuð. — 3. sköp, lög, getur varla verið kaup. — 4. menn. — 5. láta fyrir róða, gefa upp á bátinn, láta sigla sinn sjó; úr þessu hefir myndast fyrir ódal.

14 (Hallfreðr). Eitt es þat sverð sverða, es gerði mik sverðauðgan; nú mun verða sverðótt sverða svip-Njörðum. Muna verða vansverðat, jarðarvaldr, ef umgerð yrði at því sverði. Ek em verðr þriggja sverða.

Visu þessi þarf engrar skýringar við.

15 (Hallfreðr). Ek ól hrafnvins hyrjar njót¹ á mínu hvítu² fé, þars ek vilða aldri véla auðgildanda³. Ek vann til góðs við gunnmás grenni⁴ sem ek kunna. Enn hjörva friðskerðir⁵ færði at mér ljörtál.

1. hrafnvín, blóð, hyrr, sverð, sverðsnjótr, maðr. — hvítu fé, silfr. — 3. auðgildandi, maðr. — 4. gunnmás grennir, bardagamaðr. — 5. hjörva friðskerðir, maðr.

16 (Hallfreðr). Sárlinns hnig-Baldr¹, erumk svift² at baugs sveigi³. Hefk rekit svá hermila⁴ harma minna í skjaldagný, at ek lét lofhnugginu⁵ Auðgisls bana liggja dauðan í Gunnar dyn⁶ sunor⁷; ek of hefnda svá okkar.

1. sárlinnr (sárormr), sverð, sverðahnig-Baldr, maðr. — 2. svift, eftirsjá. — 3. baugs (bog-) sveigir, maðr. — 4. grimmelega. — 5. lofhnugginn, lofi sviftr. — 6. Gunnr, valkyrja; Gunnar dynr, bardagi. — 7. sunnr = suðr.

17 (Hallfreðr). Ek brá af reiði hundgeðjaðum ölna skeiðs elda stekkví¹ undir; ek lagða hendr at hundi. Sá Hlakkar skíða els sendir² stendr eigi síðan á vélum við þjóð. Ek rauð Yggjar éla hál³.

1. öluun fiskr, fiska skeið sjór, sjávar eldr, gull; gullstekkvir, maðr. — 3. Þ. e. Eg barðist.

18 (Hallfreðr). Heitr ófremdar¹ sveiti leggr at lýsbrekku leggjjar íss² af Grísi; Hlin³ þolir kvöl hjá hánum. Enn dreypileg⁴ dýnu-Rán⁵ drúpir hjá hánum sem allt á sunði.

1. ofremdar stendur í útg., en ófremdar er líklega rétt lesið. — 2. leggjjar íss gull, gulls-lýsibrekka, kona. — 3. Hlin er hálfkonning, gæti verið hún? — 4. dreypileg, hrygg. — 5. dýnu-Rán, kvenkenning.

19 (Hallfreðr). Fjarðarfúrskerandi¹ þrammar til hvílu svá sem sila fullir fúlmárr² svimmi³ á báru tröð⁴ áðr enn ófriðr orfastríðir⁵ þorir skriða und váðir. Hann era hvíluþráðr við hlaðs Gunnr⁶.

1. fjarðarfúrskerðandi, gullskerðandi, maðr. — 2. fúlmárr, fýlungi (mástegund). — 3. svimma = synda. — 4. báru tröð, sjór. — 5. orfastríðir, karlkenning (á að vera háðuleg). — 6. hlaðs Gunnr, kona.

20 (Hallfreðr). Hin hvíti halr hjálmgrands¹ og Strútr eon gráni mun lítt skalmask fyrir búr, — hann muna án aura eyrar² — þót ófriðr orfpægir eigi víðan stöðul ok langa kví. Hirðandi nýtr hjarðar-hjörfangs⁴.

1. *hjálmgrands* er tg. f. *hjálmgrand*; *halr* er ókent mannsheiti, og á því ekki við *hjálmgrands*, gæti það verið *hlynr* eða eitthvað annað. — 2. *aura eyrr*, er líklega fé. — 3. *orfpægir* = *orfastráðir*. — 4. *hjarðar hjörfang* er óvíst hvað er, síðara orðið líklega afbakað

Öll virðist vísan meira og minna afbökud. Hugsunin virðist vera:

Hinn hvíti (fölleiti) maður og Strútur hinn gráni munu lítt ganga fyrir búr eða frá buri — hann mun ekki skorta fé — þó hann eigi víðan stöðul og langa kví. Hirðandi nýtr hjarðar

21 (Hallfreðr). Ko'finna læzk kenna fúlt af skaldi. Ek kveð enn of þenna hlut. Hvat kveða vitru vífi valda? Enn auðhnykkjanda¹ þykkir ganga dýrlegr angi² af ungum svænna. Ek em gjarn at greiða óð.

1. *auðhnykkjandi*, mannkenning. — 2. *angi*, ilmr.

22 (Hallfreðr). Varr lautar viggs lundr¹ hefr hætt til sprunda². Ek hirði lítt þót verðak höggvinnu í höndum svarra³, ef ek næða sofa meðal arma slæðu karms Sif⁴. Mátat ek bindask ofræktar⁵ við ljósa láss lind⁶.

1. *lautar vigg*, skip; *skips lundr*, mannkenning. — 2. *sprund*, kona. — 3. *svarri*, kona. — 4. *slæðu karmr*, fatabúr; fatabús *Sif*, kvenkenning. — 5. *ófrækt*, ást. — 6. *láss lind*, kona.

23 (Hallfreðr). Verglódar tróða¹, ek veitkat hitt, hvat (mér) verða skal á munn, ef fjölgegnir fagnendr

jötuns sagna² fregna hvat mik teitir. Reunum ást til unnardags Unnar³. Ek fló geitbelg af galtargrísí (Grísí).

1. kvenkenning. — 2. *fagnendr jötuns sagna*, gulls-fagnendr, menn. — 3. *unnardagr*, gull; gulls *Unnr* mun eiga að vera kvenkenning.

24 (Høllfreðr). Hirdinaumur sævarbáls¹ koma allar sléttfjallaðar² heim frá seljum; góðr hams³ es á fljóðum. Nú sel ek af ábyrgð mína þót ölbekkjjar Syn⁴yfisk nökkut; hverr seggr taki við sínum avarra⁵.

1. konur. — 2. hörundsmjúkar. — 3. góðr corpus. — 4. Kolbrún eða þær allar. — 5. konu.

25 (Gírss Sæmingsson). Námskorð¹, nú þykkir mér nökkur sveimr² vera ordinn meðan ek var heiman; lít ek hví sumt mun sæta³. Hér hafa gestir gerv: tjándlega⁴ elaug⁵: Grátin kona gengr út; sjálegr svari þerrir augu.

1. kona. — 2. ófriðr. — 3. leiðrétting K. G. — 4. *fjándlega* er í Flateyjarbók. — 5. *slaug*, slag, yfírgangur.

26 (Hallfreðr). Seima sökqvír¹ tegaæk² mjök dulrækinn³ (at) sækja mik — vér munum hvern dýrra dag —, snót, ek verð fyr hótum þegns. Hæli-Baldri hrælinns⁴ mun heldr minna fyr því at sleikja sian blóttrygil munu. Ván erumk slíks⁵.

1. maðr. — 2. tjáist. — 3. sérhlifinn. — 4. mannekning. — 5. eg á von á slíku.

27 (Hallfreðr). Þá mun róghnykkjandum¹ þykkja mannhugr minn við Kolfinnu reyndr und röndu at málma sennu², ef svá (er) at örr uppsátrs viggjar boði³ vísar mér á eyri⁴ at Grísí. Hyggjum því⁵ mátavel.

1. mannekning. — 2. í bardaga. — 2. *uppsátrs vigg*, skip, skipsboði maðr. — 4. *á eyri við* = á hölm við. — 5. *því leshátt* fyrir 'þat'.

28 (Hallfreðr). Mér þykkir es ek þekki Gunnri þunnisunga¹ sem fley fljóti fleybrautar² meðal tveggja eyja, enn sem skrautbúin skeið skriði með gyldum reiða, þás sér á Ságu saums³ í kvennaflaumi.

1. *þunnisungur*, þunnur faldr. *Gunnr þunnisunga*, kona. — 2. *fleybrautar* (fl.) sjór. — 3. *saums Sága*, kona (Kolbrún).

29 (Hallfreðr). Ek hef illrar tíðar¹ fengið auðs alldrengila² — gramr ok jarl hefr of framdan mik gjöllu gulli —, ef ek skal gjalda matvísium Grísi glapskyldir³ fyr minstan verka, ok hefki eigi mörk gjalfrteigs⁴.

1. illu heilli. — 2. = alldrengilega. — 3. *glapskyldir*, rangar skuldir. — 4. *gjalfrteigr*, sjór. Hér vantar helm-ing kenningarinnar, sem ætti að tákna gull, og er vísan því líklega úr lagi færð.

30 (Hallfreðr). Þessi víshelmingr þarf engrar skýringar við.

fríðr er hér gleði, *flugstygggr*, hugrakk.

31 (Hallfreðr). Þessi vísuþjórdungr þarf engrar skýringar við.

Hjaldrörr, hermaðr.

32 (Hallfreðr). Hreggblásnum ási hnauð mér við hjarta ok síðu; áfall hefr varla tekit yðr svá at öðru. Marr hnauð mínum knerri; ek em látinn mjök vátr; úrþvegin aldan muna eira¹ sínu skaldi.

1. *eira*, vægja.

33 (Hallfreðr). Fjölerinn¹ hördúks Grund² mun þerra sér hvíttri hendi um mjúka brá — fljóð gat fremdaræði³ — ef meiðar morðheggs⁴ skulu leggja mik dauðan út um borð. Ek vas ungu fljóði áðr at sítum⁵.

1. *fjöleirrin* er hér annaðhvort sama sem viðkvæm eða ötul. — 2. *hördúks Grund*, kona. — 3. *gat fremdaræði*, var öðrum fremri í háttum. — 4. *morðheggr*, sverð: *morðheggs meiðar*, menn.^c — 5. til hryðvar.

34 (Hallfreðr).¹ Ek mynda nú senn andask sorglaust, ef ek vissa sálu minni borgit. Ungr vas ek harðr í tungu. Ek veit at ek of sýtik vætki¹. Valdi guð hvar aldri skal slíta. Dauðr verðr hverr. Ne hræðumk helvíti.²

1. að eg sýti ekki. — 2. *ne hræðumk helvíti*, þ. e. eg hræðist eigi helvíti t. g. fyrir *nema hræðumk helvíti*, sem er bæði oflangt og í ósamkvæmni við vísuna að öðru leyti og við hugsunarhátt Hallfreðar. Enda er líklegt, að klerkar þeir, er söguna hafa í letr fært, hafi rangfært þessa andlátsvísu Hallfreðar.

Drápa um Hákon jarl.

1. Hinn ríki rækilundr randfárs¹ hári brumaðr stendr at miklu trausti askþollum Ullar² austr.

1. *rækilundr randfárs*, bardagamaðr. — 2. *askþollr Ullar*, mankenning.

2. Gunnríkr grams rúni,¹ hinn es líkar hvöt,² lætr heiftbráðr glymjá um sik hamri slegnar Högna váðir.³

1. *Grams rúni*, konungsmaðr eða konungmenni. — 2. *hvöt*, eggjan. — 3. *hamri slegnar Högna váðir*, brynjur.

3. Ráð lukusk síðan, at sá snjallráðr konungs spjalli átti eingadóttur Ónars¹ viði gróna.

1. *einga(einka)dóttir Ónars*, jörð, land.

4. Stöðvar hrafna stefnir¹ gat teygja und sik Báleygs brúði² með ríkismálum stála.

1. *stöð*, lending, vik; *stöðvar hrafur*, skip; *skips stefnir*, mannkennning. — 2. *Báleygr*, Óðinu; *Óðins brúðr*, jörð, land.

5. Því hykk frægjan fleygjanda¹ mjök traundan at láta itra Auðs systur;² jöið ferr und menþverri.³

1. *fleygjandi* virðist vera (hálf) mannkennning. — 2. *Auðs systir*, jörð, land. — 3. *menþverrir*, mannkennning.

6. Snarr byrjar viggjar¹ þiggjandi spenr und sig barrhaddaða² biðkván Þriðja³ með sveiða sannyrðum.⁴

1. *byrjar vigg*, skip. — 2. *barrhödduð*, skógi vaxin. — 3. *Þriði*, Óðinn; *biðkván* Óðins, jörð, land. — 4. *sveiða sannyrði* = 'rikismái stála' í 4. er., bardagar.

7. Ok jarni sæðar¹ geirrotu götvar² hlæðut³ hangagagls hungreyðendum⁴ við strengjar hagli.

1. *sæðar* (hdr. sæðar), saumadar. Þetta orð hefir aldrei verið borið fram eððar, né aðalhendingin á móti hefir verið fram borin hlæðut. — 2. *geirrotu götvar*, brynjur. — 3. *hlæðut* (hdr. hlœðnt), hlæðu eigi, hlífðu eigi. — 4. *hangagagls* (hrafus) *hungreyðendr*, bardagamenn. — 5. *strengjar hagl*, örvar.

8. Ólítit hryngráp¹ Egils vápna brestr hart úti á Hamðis skyrtum² sumum unndýrs runnum.³

1. *hryngráp*, högg. — 2. *Hamðis skyrtur*, brynjur. — 3. *unndýrs* (skips) *runnar*, menn.

9. Þaðan verða í blóði Sörla fót¹ fyrða, ek fregn þat gerla; björt benfúr² rjóðast meelskúrum.³

1. *Sörla fót*, herklæði. — 2. *benfúr*, sverð. — 3. *meelskúrir*, blöð.

Óláfsdrápa.

1. Hilmir lét hörð hræskóð¹ roðin blóði at Holmi ok austr í Görðum. Hvat of dyldi höldar þess?

1. *hræskóð*, sverð.

2. Svá frá ek hitt at hörgbrjótr¹ hlóð háva valköstu í mörgum stað. Oft kom hrafn at heifta blóði.

1. *hörgbrjótr*, Óláfr konungr, sem braut eða lét brjóta hörga.

3. Végrimmr¹ allvaldr lét kindir² Jamta ok Vinda falla endr í styr.³ Hann vandisk á þat snimma. Hjörðjarfr hersa dróttinn var hættr fjörvi Gota; ek frá gullskerði⁴ gerðu geirþey⁵ á Skáneyju.

1. *vé*, helgistaðr, þar sem blót eru framin; *végrimmr*, sá sem ekki hlífir blótstöðum. — 2. *kindir*, niðjar. — 3. *styr*, bardagi. — 4. *gullskerðir*, mannkennng. — 5. *geirþeyr*, ófriðr.

4. Hleypimeidr hlunnviggja¹ hjó böðserkjar birki² barklaust í Danmarku fyr suanan Heiðabæ.

1. *hleypimeidr hlunnviggja* (skipa), farmaðr. — 2. *böðserkjar birki*, bardagamenn.

5. Tyggi¹ Tryggvasonr lét á lesti² tíðhöggvit ljót-vaxin Saxa hræ fyr styggvan Leiknar hest,³ vinhróðugr visi gaf blökku kveldriðu stóði⁴ at drekka brúnt blóð margra Frísa.

1. *tyggi*, konungr. — 2. *á lesti*, að síðustu. — 3. *Leikn*, tröllkona; *Leiknar hestr*, úlfr. — 4. *kveldriðu stóð*, úlfar.

6. Ríkr lægir rógs rekka¹ bar valkera liki,² herstefnir³ lét hröfnum goldit Flæmingja hold.

1. sá sem lægir róg, ófrið, þ. e. konungr. — 2. *valkeri*, sverð, *valkera líki*, sverðshamr, slíðr. — 3. sá sem stefnir saman her.

7. Ungr konungr gerðisk ofvægr¹ bægja við Engla; nærir naddskúrar² réð því Norðimbra morði; ógnbliðr ulfa greddir³ eyddi víða Skotum; seimskerðir⁴ gerði með sverði sverðleik í Mön.

1. *ofvægr* = ofþungr. — 2. *nærir naddskúrar*, bardagamaðr. — 3. *úlfa greddir*, bardagamaðr. — 4. *seimskerðir*, manntenning.

8. Ægir ýdrógar¹ lét eyverskan her ok Íra deyja; Týr dýrra tjörva² var tírargjarn; tyggvi³ barði byggvendr brezkrar jarðar ok hjó kumbskrar þjóðir; gjóði geira hríðar þvarr gráðr.

1. *ýdróg*, ör eða boginn sjálfir; *ægir ýdrógar*, bardagamaðr. — 2. *tjörvar*, sverð; *Týr tjörva*, manntenning. — 3. *tyggvi* = tyggi, konungr. — 4. *gjóðr*, arnartegund; *geira hríðar gjóðr*, hræfugli; gráðr, græðgi.

Erfidrápa um Óláf Tryggvason.

1. Öll Norðrlönd eru orðin auð at¹ dauðan gram; allr friðr glepsk af falli flugstyggs² Tryggvasonar.

1. *at*, hér s. s. eftir. — 2. *flugstyggr*, sem verðr styggr, ef menn leggja á flug (flótta), ógjarn að flýja.

2. Frægr flugþverrir¹ nam aldrigi vægja fyrri, heldr kvað haukaskyldir² sér þekkja hugrekki.

1. *flugþverrir*, sá sem stöðvar flótta. — 2. *haukaskyldir*, manntenning. Hvorttveggja á við Óláf konung.

3. Geta skal máls þess, es dolgafangs¹ menn kváðu dáðöflgan gram mæla við drengi at vápnasennu. Hertygðar hnekkir² bað-at sína rekka hyggja á flótta; þróttarorð³ þess þjóðar sessa⁴ lífa.

1. *dolgafangs menn*, menn sem eiga fang við dólga = óvini, bardagamenn. — 2. *hertygð*, hertygi; *hnekkir hertygðar*, bardagamaðr. — 3. *þróttarorð*, hreystiorð. — 4. *þjóðar sessi*, konungr.

4. Hykk¹ gram þann es guuni framdi mistu þar víst til mjök² gengis þrænzkra drengja; mörg drótt kom á flótta; næfr³ allvaldr⁴ vá einn við tvaa snjalla jöfra ok jarl inn þriðja; frægr síðr es at segja til slíks.

1. *hykk* = eg hygg. — 2. *til mjök*, of mjög. — 3. *næfr* (knæfr), knár. — 4. *allvaldr*, konungr. — 5. *tvaa* = tvá, en verðr að vera í tveim samstöfum, ef kveðandi á að halda.

5. Örvar liðu görva fram á lofti; broddaflaug vas lítt heft, áðr brjóttendr banga¹ skyti spjótum. Hitt vas mest orð, at minn hvarkunnr² dróttinn sótti harðast fram í malma gnaustan³ fyr sunnan lög.

1. menn. — 2. *hvarkunnr*, alþektr. — 3. í bardaganum.

6. Hundmargr¹ herr sótti drasil sunða² þar es harðfengr hilmir hætti, enn varði Dönum hjalmsprotum.³ Þar fellu meir fleiri hollvinir mínir með þeim geima skævaðar polli.⁴ Ek hlaut mein af því.

1. *hundmargr*, fjölmargr. — 2. *drasill* (hestr) *sunða*, skip. — 3. sverð. — 4. *geimi*, sjór; *skævaðr*, hestr; *geima skævaðr*, skip; *skips pollr*, mannkenning.

7. Herskerðir¹ klauf kunnnum eldviðum² harðan svarðar

stofn³ með sverði. Hann gekk reiðr of skeiðar. Gramr kunnir rásarka⁴ barkat⁵ hold at gunni; margr gunnþings heggri⁶ lá of höggvinn á þunnum hjör.

1. *herskerðir*, liðsforingi. — 2. *eldviðir*, bardagamenn; en er ekki full kenning. — 3. *svarðar stofn*, höfuð. — 4. *rásarka*, sarga (berja) með rám (á skipum). — 5. *barkat*, brynjad? — 6. *gunnþings heggri*, bardagamaðr.

8. Ramr vígskýs rymr¹ varð um Vinda myrði² und randa himni — en þat lýsik; spjör³ knáttu glymja. Varghollr hirðir víðis velti-reiðar⁴ með fjöld seggja stóðsk marga þrimu við harðan hnitvegg.

1. *vígský*, skjöldr; skjalda rymr, skjaldahljómr. — 2. Ólaf konung. — 3. *spjör*, spjót. — 4. *víðis velti reið*, sjávar vagn, skip. — 5. *hnitveggr*, skjöldr.

9. Hlifa galkn,¹ gnóg til gumna feigðar, sögðu upp lög við randar balkni;² líf lagðisk firum skjótt.

1. *hlifa galkn*, sverð. — 2. *randar balkn*, skjöldr.

10. Hykk Leifa brautar lognárungum¹ váru leitt at eiga geigrþing geirs² við gumna stjóra, þá es fræknir fákhláðendr farlegs³ húfs gingu meðr hamri þæfðar hriungs skyrtur⁴ at vin jarla.

1. *Leifi*, sækonungr; sjávar lognárungur, mannkenning. — 2. bardagi. — 3. *farlegr* = fagrlegr; *fákhláðendr* fallegs húfs, hláðendr fallegs húfs fáks, skips, farmenn. — 4. hringabrynjur.

11. Verkendr Heðins baugs meginserkjar¹ görðu-t² við vægjask í naddfárs böð;³ sukku sárir niðr af Naðri.⁴ Þó at alldýr konungr stýri Ormi, mun Ormr lengi vanr⁵ slíkra drengja hvars⁶ hann skríðr með lið lýða.

1. *verkendr Heðins baugs meginserkjar*, (brynju) bardagamenn. — 2. *görðu-t*, gerðu eigi. — 3. *naddfárs böð*, orrusta. — 4. *Naðr*, ormr, Ormrinn langi. — 5. *vanr*, án. — 6. *hvars* = hvar sem.

12. Þeir ýtar es víða nenna¹ látast enn eigi finna fremra manni fólkreifum Óleifi.

1. *nenna*, fara.

13. Bleyði firðr Breta stríðir,¹ sá es varði við lönd, firðisk vætr² við bráðan bekkdóm Heðins rekka;³ hann lét mær skóð⁴ of verða roðin blóði of⁵ sanna sök; þar óx sverðjalmr fyr Skylja.⁷ Ek frá⁶ skilit.⁹

1. Óláfr konungr. — 2. *vætr*, ekki. — 3. *bekkdómr Heðins rekka*, orrusta. — 4. *mær skóð*, fögr vopn. — 5. *of*, fyrir. — 6. *sverðjalmr*, sverðaglamr. — 7. *Skyli*, konungr. — 8. *frétti*. — 9. *skilit*, skil, grein (ina) (á e-u).

14. Hverr maðr und sólar jaðri¹ vas hræddr við örvan hugdyggvan Tryggva son; malmþings meiðar² óðusk.³

1. *sólar jaðarr*, himinn. — 2. *malmþings meiðar*, bardagamenn. — 3. *óðusk*, óðust.

15. Þjóð mundit¹ varlega hrjóða hit langa lung² und læsiks ríku³ gram — blóð kom á þíðan þröm⁴ — meðan vinir ítra jöfrs áttu verða sverðum innan borðs at morði Sú verðung⁵ gerðisk vel.

1. *mundit*, mundi eigi. — 2. *lung*, skip. — 3. *læsiks ríkr*, ríkr af gulli. — 4. *þrömr*, borðstokkr. — 5. *verðung*, herflokk (sá herflokk gekk vel fram).

16. Týr sverða¹ lét harðgervan vind Heðins meyja,² vígþey,³ verða (með) hjörvi á víðu Holms sundi, áðr enn

Eiríkr næði Orminum fyrir Óleifi eða meira blut. Mörg bitr benkneif⁴ óð í blóði.

1. *Týr sverða*, Óláfr konungr. — 2. *vindr Heðins meyja*, bardagi. — 3. *vígþeyr*, bardagi. — 4. *benkneif*, vopn.

17. Orðsæll jöfurr réð ítrferindum¹ Ormi norðan á móti Eiríki; snörp sverða snót² varð at³ þat. Enn hefnir Hákonar⁴ stýrði sunnan þeim hjjöfaum⁵ hlýrs gota.⁶ Áðr óx guun um góðan gram.

1. *velhlöðnum*. — 2. *sverða snót*, orrusta. — 3. *varð at þat*, varð eftir það. — 4. *hefnir Hákonar*, sonr Hákonar, Eiríkr jarl. — 5. *hýjafn*, á líkl. að vera s. s. *húfjafn*, með jöfnum húfi, velbyggt skip. — 6. *hlýrs goti*, skip.

18. Gunnar¹ óx fyrir sunnan haf; sverð bitu fjörrönn² frægra fyrða. Gott es mönnum at fréttu gerva³ at því, hvern randláða víðir⁴ kváðu fylgja Óláfi rakklegast. Ek vinn sléttan Surts ættar sylg.⁵

1. *gunnr*, orrusta. — 2. *fjörrönn* (flt. af rann), brjóst. — 3. *gerva*, fullkomlega. — 4. *randláð*, skjöldr; *randláðs víðir*, mannkennung. — 5. *sylgr*, drykkur; *Surts ættar* (jötna) drykkur, skáldskapr.

19. Ógræðir ærgrjóts¹ cá Trönu fljóta auða ok báða Naðra.² Hann rauð glaðr geir at gunni, áðr hjaldrþorinn,³ hugfrámr Þorketill heldi snotr undan ór rammi böð⁴ af snærisvitni sunds.⁵

1. *ógræðir ærgrjóts*, eyðir gulls, hér Þorkell nefja. — 2. *báðir Naðrar*, Ormriann langi og skammi. — 3. *hjaldrþorinn*, vopndjarfr. — 4. *böð*, orrusta. — 5. *snærisvitnir sunds*, sunds úlfr, skip.

20. Veitkat hitt, hvárt ek skal leyfa hungredeyfi

Heita dýrbliks dynsæðinga¹ dauðan eða þó kvikvan: alls seggir segja mér hvárttvegðja saunlega; at hváru² mun gramr sárr; hætt es at fréttu til hans.

1. *sæðingr*, fuglsnafn, hér s. s. hrafn; *Heiti*, sækungr; *Heita dýr*, skip; *Heita dýrblik*, skildir; skjalda *dýr*, orrusta; orrustufuglar, hrafnar. — 2. *at hváru*, hvort sem er.

21. Landvörðr¹ vas sagðr mér firðr lýðum fyrir handan sjá — enn munum-a biða of meira atrið² — væri oss heila líkn, ef jöfurr lifði, þó at ærir hauka úáklifs elds beldi þeim svikum.

1. *konungr*. — 2. *eg mun eigi rata í meiri raunir*. — 3. *ærir*, þjónar; *hauka háklif*, hönd; *handar eldr*, gull; *þjónar gulls*, mannkenning.

22. Hinn es þat sagði, at lofða gramr lifði, vas of ævi samr¹ oddbragðs árr² læstygg³ Tryggvasonar; öld kveðr Álaf vera kominn ór stála eli. Mann geta ferri⁴ sönnu máli, mjök es verr enn svá.

1. *samr*, hér s. s. stöðugr. — 2. *oddbragðs árr*, heraðarþjónn, hermaðr. — 3. *læstygg*, sem er styggur við lævisi, hrekklau, góðr. — 4. *ferri* = tjarri.

23. Er þegnar sóttu þróttharðan gram með liði lýða mundu-t¹ landherðar² verða þess sköp,³ at margdýrr mundjökuls rýrir⁴ myndi koma ór slikum styr. Mér þykkjat⁵ gotnar geta glíklega.

1. *mundu-t* = mundi eigi. — 2. *landherðar* = landher þar. — 3. *verða þess sköp*, ávinna þá auðnu. — 4. *mundjökull*, gull; *gulls rýnir*, mannkenning. — 5. *þykkja-t*, þykir eigi.

24. Enn segir sumr seggr auðarkenni¹ frá sárum

tyggja² eða brott of kumnum ór malma gnanstan austr.³ Nús sannfregit siklings⁴ morð sunnan ór miklum styr; ek kannkat mart við veifanarorði⁵ manna.

1. mér. — 2. konungs. — 3. á Vindlandi. — 4. konungs. — 5. óareiðilegar sagnir.

25. Ek hygg nenninn Norðmanna dróttin sóttan und lok — þengill er nú fram genginn —, dýrr dróttarstjóri hné. Dauði góðs grams brá gleði ófárar¹ þjóðar. Allr friðr glepsk af falli flugstyggs Tryggvasonar.

1. ófá, ekki fálát.

Til þess að kveðandi haldist, vilja sumir lesa: Grams brá geði dauði, eða gleði.

26. Ilt mein vas (at) ek stóð of ferri ulfa sultar þverri¹ þars malmar gnustu mest, þót smátt sé und einum; ek em skiliðr² við Skylja;³ skalmaldr⁴ hefr valdit því. Ek vætti⁵ virða dróttins; flestum er mest vil ok dul.⁶

1. Óláfi konungi. — 2. skilinn. — 3. *Skyli* eða *skyli*, konungr. — 4. stríðið eða bardaginn. — 5. vænti. — 6. flestir óska margs, en vita jafnfátt.

27. Ek hef guðföður, þannus vas orðinn ríkri hverjum heiftfíknum¹ jöfri norðr undir niðbyrði Norðra.² Ek man aldrigi bíða bótir þess mækis mót-margaukanda,³ es vann skarðan barðmána.⁴

1. *heiftfíkinn*, hergjarn. — 2. *Norðra niðr*, dvergr; *byrðr* (byrði) hans, himininn. — 3. *mækismót-margaukandi*, bardagamaðr, Óláfr konungr. — 4. *barðmáni*, ekjöldr; *vann skarðan barðmána*, hjó skildi.

28. Fyrr man heimr ok himnar bresta í tvau, áðr

enn gæðingr muni fæðast glíkr hugreifum Óláfi at góðu.
Hann vas mest gott menskra manna. Enn hreini Kristr
hafi önd kæns konungs ofar löndum.

Darf engrar skýringar.

Laus vísa.

Ýsetrs elds hati¹ vas tolf vetra at aldri, þás hraustr
Hörða vinr² glæsti herskip ór Görðum; menn hilmis,
unnmós stýris,³ hlóðu hlýrvigg⁴ klæðum Hamðis⁵ ok
skýjum hjörva gnýs⁶ sem hjalmum.

1. *ýr*, bogi; *ýsetr*, hönd; handareldr, gull; gulls *hati*,
mannkenning. — 2. *Hörða vinr*, vinr Norðmanna, Óláfr
konungr. — 3. *unnmór*, hestr; *unnmós stýrir*, farmaðr.—
4. *hlýrvigg*, skip. — 5. *Hamðir*, herkonungr; *Hamðis
klæði*, herklæði. — 6. *hjörva gnýs* (bardaga) *ský*,
skildir.

N Ö F N.

- Agðanes í Noregi 5.
 Aldis = Ásdís Óláfsdóttir
 frá Haukagili 2.
 Auðgísl enn gauzki 8.
 Auðgísl Hallfreðarson 9, 11.
 Auðólfstaðir, bær í Húna-
 vatnss. 10.
 Ávaldi Ingjaldsson = skegg-
 Ávaldi.
 Björn á Gautlandi 8.
 Blanda, á í Húnavatnss. 10.
 Brandr Ávaldsson 10.
 Danmörk 11.
 England 1, 6.
 Einarr í Grímstungum 2.
 Einarr Þórisson 10.
 Eiríkr jarl Hákonarson 11.
 Fitjar í Noregi 1.
 Flagði (= Flaðki), fjörðr í
 Noregi 5.
 Freyr, Áss 5.
 Galti Hallfreðarson 1.
 Galti Óttarsson 2, 10.
 Gautland 6.
 Geitaskarð, bær í Húna-
 vatnss. 3, 4.
 Grímstungur, bær í Vatns-
 dal í Húnavatnss. 1.
 Gríss Sæmingsson 4, 9, 10.
 Guðbrandr Þorsteinsson 2.
 Gunnhildr kóngamóðir 1
Hákon jarl 5.
 Hallfreðr . vandræðaskáld
 Óttarsson 1—11.
 Hallfreðr Hallfreðarson 9, 11.
 Hálogaland 1.
 Haukagil, bær í Vatnsdal í
 Húnavatnss. 4.
 Hildr Hermundard. = Hildr
 Eyvindard. sörkvis 1, 10.
 Hof, bær í Vatnsdal í
 Húnavatnss. 2, 10.
 Húnavatnsþing 10.
 Hvítá í Borgarfirði 5.
 Ingólfr enn fagri Þorsteins-
 son 2.
 Ísland 5.
 Josteinn Eiríksson 5, 6.
Kálfr upplenzkr maðr 6, 7.
 Kolfinna skegg-Ávaldadótt-
 ir 1, 3, 4, 9, 10.
Langidalr í Húnavatnss. 3.

- Már Jörundarson** (blót-Már) 3, 4.
Másstaðir, bær í Húnavatnss. 3, 4.
Mikligarðr (= Konstantinopel) 3.
Noregr 1, 5, 11.
Óðinn 5.
Óláfr konungr Tryggvason 5—11.
Orkneyjar 11.
Óttarr í Grímstungum 1—5.
Óttarr upplenzkr maðr 6.
Óttarsstaðir, eyðijörð í Húnavatnss. 3.
Sigvaldi jarl strút-Haraldsson 7.
Skagafjörðr 9.
Skegg-Ávaldi Ingjaldsson 1—4.
Sogn í Noregi 1, 2.
Sognsær 1.
Sokki víkingr 1.
Sóti bróðir Sokka víkings 1.
Steinn, norrænn maðr 2.
Svíþjóð 5, 9.
Tunga, bær í Vatnsdal 3.
Upplönd í Noregi 6.
Vágar í Noregi 1.
Valgerðr Óttarsdóttir 2, 3.
Vatnsdalr í Húnav.s. 2, 10.
Vik(in) í Noregi 7.
Ylfr, ey á Hálogalandi 1.
Þorgerðr Hallfredardóttir 1.
Þorgils gjallandi á Svínavatni 10.
Þórhalla Ævarsdóttir ens gamla 2.
Þórir, bróðir Ubba 8.
Þorkell nefja Loðinsson 5.
Þorkell krafla Þorgrímsson 10.
Þorkell silfri á Helgavatni 1.
Þorleifr enn spaki Hörða-Kárason 6, 7.
Þórr, Áss 5, 6.
Þorsteinn Ingimundarson ens gamla 2, 3.
Þorvaldr Þorgilsson gjallanda 10.
Þorvaldr skiljandi 1.
Þrándheimr 5.
Önundr stigamaðr 7, 8.
-

ÞORSTEINS SAGA HVÍTA.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMAÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1902.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Þorsteins saga hvíta er gefin út ásamt Vápnfirðinga sögu, eða öðru nafni brodd-Helga sögu, af fornritafélagi Norðrlanda 1848 og hefir Gunnlaugr Þórðarson búið undir prentun. Þar er sagan kölluð Þáttur af Þorsteini hvíta, en „saga“ er þó fult eins algengt nafn í handritunum. Sagan er þar gefin út eftir pappírshandriti í A. M. safni 144 í arkarbroti. Hún er líka í pappírshandritum í sama safni 156 og 158 í arkarbroti.

Sögunni ber að mestu saman við Landnámu, nema að því leyti, að misritanir munu vera í nokkurum stöðum; t. d. segir Landnáma, að Þorsteinn hvíti hafi keyptland af Eyvindi vápna, enn eigi af Steinbirni bróður hans. Ólöf er nefnd Ásvör í Ldn., og mun það vera réttara, enda eru líkur fyrir því í sumum handr. Þorsteins sögu. Fleiri misritanir eru í mannanöfnum, svo sem þar sem bróðir Þorsteins er nefndr Einarr, enn Heðinn í Vápnfirðinga sögu og Landnámu. Þessir gallar eru að kenna afskriftum, enda er sagan ekki til á skinni.

Að öðru leyti er sagan víst sögulega sönn og vel rituð.

TÍMATAL.

Útkoma Þorsteins hvíta	um 900
Fæddr Þorgils Þorsteinsson	— 915
Brodd-Helgi fæddr	— 942
Lát Þorsteins hvíta	— 960



Þorsteins saga hvíta.

Maðr hét Ölver hinn hvíti. Hann var Ásvalds-son, Öxna-Þórissonar. Hann var lendr maðr í Noregi ok bjó í Naumudal; hann stökk fyrir ófriði Hákonar jarls á Yrjar ok dó þar. Hann átti einn son barna, er Þorsteinn hét, ok var kallaðr Þorsteinn hvíti. Hann fór þegar eftir andlát föður síns út til Íslands með alla fjárhluti sína ok kom skipi sínu í Vápnafjörð; enn þá var lokit landnámum á öllu Íslandi. Sá maðr bjó þá at Hofi í Vápnafirði, er Steinbjörn hét, ok var kallaðr körtr, ok hafði honum þar land gefit Eyvindr föðurbróðir hans, allt á milli Vápnafjarðarar ok Vestrdalsár. Steinbjörn var eyðslumaðr mikill í búinu. Enn er Þorsteinn vissi, at lönd váru öll numin áðr, fór hann á fund Steinbjarnar, ok kaupir hana af honum land ok reisir bæ at Tóftavelli ok bjó þar nökkura vetr, ok varð honum gott til fjár ok metnaðar. Hann hafði skamma stund

í búi verit, áðr hann fór ok leitaði sér ráðs, ok bað konu þeirar, er Ingibjörg hét, ok var hon dóttir Hróðgeirs hins hvíta Hrafnssonar; hennar fekk hann. Við þessarri konu átti hann fim börn: sonr hans hét Önundr, annarr Þórðr, þriði Þorgils; dætr þeira hétu Þorbjörg ok Þóra. Þorgils var hinn mannvænlegasti maðr. Þorsteinn græddi fé í ákafa. Steinbirni kört varð féfátt ok fór á fund Þorsteins ok beiddist fjárláns af honum. Þorsteinn er ok góðr af fjárláninu, ok þangat til tekr hann lán af Þorsteini, at harðla mjök eyðist fé Steinbjarnar, ok þykkir Þorsteini versna skuldunautrinn, ok þykkir óviss skuldastaðrinn at Steinbirni; ok nú heimtir hann féit, ok lýkst með því þeira fjárreiður, at Steinbjörn geldr Þorsteini Hofsland, ok fór Þorsteinn bygðum til Hofa ok kaupir sér goðorð, ok gerðist hinn mesti sveitarhöfðingi. Hann var allra manna vinsælastr. Ok er Þorsteinn hafði búið marga vetr á Hofi, þá gerðust þau tíðendi at herbergjum hans, at Ingibjörg tók sótt ok andaðist. Þorsteini þótti þetta skaði mikill, enn helt þó búi sínu sem áðr.

2. Maðr hét Þórir, hann var sonr Atla, sem bjó í Atlavík fyrir vestan vatn; þar eru nú sauðhús. Atli var kvongaðr; kona hans hét Áslang, ok var dóttir Brynjólfs hins gamla. Þau Þórir áttu tvau börn; hét sonr þeira Ein-

arr. enn Ólof dóttir. Einarr var vasklegr, enn eigi stór maðr, hávaðamaðr mikill, ok í meðal-lagi vinsæll. Ólof var kvenna vænst ok vinsælust. Þat gerðist til tíðenda á hag Þorsteins hvíta, at hann tók augnaverk svá mikinn, at þar fyrir misti hann sjónina, ok þykkist vanfærr til umsýslu; ræðir nú um við Þorgils, ok biðr hann at taka við liðinu. Þorgils sagði þat skylt, at hann veitti slíkt fulltingi, er hann má. Faðir hans ræðir við hann, at hann fái sér kvánfang ok biði Ólofar Þórisdóttur, ok þat varð, ok fór hon með honum til búsinis ok tókust með þeim ástir góðar, ok áttu tvau börn; sonr þeira hét Helgi, enn dóttir Guðrún. Þorgils var þá vel tuttugu vetra.

3. Hrani hét maðr, ok var kallaðr gullhött; hann var fóstri Þorgils, enn frændi Ólofar. Hann var hávaðamaðr mikill ok var heima-maðr at Hofi, ok var kallaðr grályndr. Þor-kell hét maðr ok var kallaðr fleytir; hann var heimamaðr at Hofi ok frændi þeira Hofsverja, mikill ok sterkr. Þorbjörn hét maðr, hann bjó í Sveinungsvík; þat er á milli Mel-rakkaslétu ok Þistilsfjarðar. Þorbjörn var drengr góðr ok rammr at afli, vinr Þorsteins hvíta. Maðr er nefndr Þorfinnr; hann bjó á Skeggjastöðum í Kræfildal; hann átti ok enn annat bú. Þorgerðr hét kona hans; þau áttu þrjá sonu; hét einn þeira Þorsteinn ok var

kallaðr hinn fagri, annarr Einarr, þriði Þorkell; allir váru þeir mannvænlegir. Þorsteinn var fyrir þeim bræðrum; hann var fullkominn at aldri, er hér er komit sögunni. Kraki hét maðr, er bjó á bæ þeim, er heitir á Krakalæk. Kraki var vel auðigr maðr ok kvángaðr, ok hét kona hans Guðrún; þau áttu dóttur eina barna, er Helga hét, ok var allra kvenna fríðust, ok þótti sá kostr beztr í öllu Fljótsdalsbéraði. Þess er getit, at Þorsteinn fagri beiddist fjárlánstillaga af föður sínum, ok kvaðst vilja af laudi braut. Þorfinnr kvað svá vera skyldu; leggr hann til slíkt sem hann beiddist. Hefir hann verit í förum nökkur sumur; verðr honum gott til fjár ok metnaðar, ok hvert sinn, er hann var utan, lagði hann eftir nökkut af fjárhlut þeim, er hann þóttist þurfa ok faðir hans. Ok eitt vár, er Þorsteinn var út hér um vetrinn, kemr Einarr Þórisson at máli við föður sinn, ok beiddist af honum tillags, ok segist vilja fara til félags við Þorstein. Þorsteinn kvaðst eigi mundu synja Einari félags, ok gefr honum skip hált; telr þó, at honum segi meðallagi hugr um félag þeira, fyrir sakir óvinveitts skæplyndis Einars. Þeir fóru utan, ok lögðu félag saman. Þorsteinn heldr öllu til virðingar Einari, ok virti hann í öllu mest, ok þó lagðist svá á, at Þorsteinn var meira virðr enn Einarr af öðrum mönnum, fyrir þess sakir, at hann reynd-

ist góðr drengr ok vinveittr í skaplyndi. Fór vel um stund félag þeira.

4. Þat er sagt einn vetr, er þeir váru út hér fóstbræðr, at Þorfinnr kemr at máli við Þorstein. ok spyrr, hvern hann ætlaði sinn ráðahag at sumri. Þorsteinn kvaðst utanætla. Þorfinnr kvaðst heldr vilja, at hann tæki við búi með honum. Þorsteinn sagðist engan hug hafa á því, enn kvað hann slikt hafa skyldu af sínu góðsi, er hann vildi. Þorsteinn hafði mikit fé í förum. Þorfinnr lézt hugsat hafa ráð fyrir honum, ok lézt vilja biðja honum til handa Helgu Krakadóttur. Þorsteinn kvað sér þat ofráð, er hon stóð ein til alls arfs eftir Kraka. Þorfinnr kvað hann vera jafnræði, bæði fyrir ættar sakir ok mannanar. Fara þeir nú ok vekja þetta mál við Kraka. Hann kvað sér þetta vel at skapi; var þetta mál upp borit fyrir Helgu, ok fundust eigi afsvör í hennar máli; váru þar váttar at heitorði Þorsteins. Þorsteinn vildi fara utan fyrst, en ráð skyldu takast, þegar hann kæmi aftr. Fóru þeir Þorsteinn ok Einarr utan, ok tekr Þorsteinn skyrbjúg í hafn, er þeir svá kalla, ok varð hann eigi liðfærr. Menn hlógu at honum, ok var Einarr upphafsmaðr at því; ok er þeir kómu til Noregs, leigðu þeir þar skemmu eina, enn gáfu engan gaum at Þorsteini. Hann lá þar allan vetrinn. Einarr spottar hann mjök, ok

lét kveða um hann. Eitt sinn um várit hittir Einarr Þorstein ok biðr hann fjárskiftis; lézt vilja hafa einn skipit, ok kvað sér þykkja Þorsteinn ólíklegr til utanferðar. Þorsteinn kvað eigi fjarri því farit hafa, sem hann gat um skaplyndi Einars. Þeir skifta um várit fjárluta svá at Einarr kaus, enn Þorsteinn skifti ór rúmi sínu. Einarr hlaut skipit, ok helt til Íslands um sumarit; ok er hann kom út. var hann spurðr tíðenda. Hann kvaðst engi tíðendi kunna at segja greinilega; kvað Þorstein eigi dauðan hafa verit sérlega, enn þó hefði hann eigi ólíklegr verit, at hann myndi eigi aftr koma. Einarr reið til föður síns, ok svívirðir mjök Þorstein í allri frásögn. Um haustit kom skip af hafi í Reyðarfjörð. Einarr reið til skips, ok keypti at austmanni, at hann segði andlát Þorsteins, ok svá gerði hann ok allir skipmenn. Einarr kom heim ok sagði andlát Þorsteins, ok kvað hann hefði fengit herfílegan dauða.

5. Þann vetr bað Einarr föður sinn, at hann skyldi biðja Helgu Krakadóttur. Þórir kvað svá vera skyldu. Nú fara þeir heiman ok koma til Kraka, ok vekja bónoð við hann fyrir hönd Einars. Kraki kvaðst áðr vilja vita til viss andlát Þorsteins, enn lézt þó mundu gefa Einari konuna, ef þat væri áðr til viss vitat. Þórir kvað þat eigi sannlegt, at Einarr væri vauðbiðill konu þeirar, er skjótt var heitin Þor-

steini. Eigi lét Kraki gangast svör þessa máls. Fara þeir feðgar heim við svá búit, ok litlu síðar ríðr Einarr norðr til Hofs ok segir Þorgilsi bónorðit, ok kveðr sér hafi verit neit-at. Hrani var hjá ok svaraði svá: „Illa koma þér, Einarr, í hald góðir frændr, ef þú skalt eigi fá konu þessa; kvað honum ok lítit stoða at vera í vináttu við Þorgils, ef hann skyldi einskis meta þessa sneypu, er Einari var ger“. Þorgils svarar: „Mér virðist Kraki vitrlega með fara, ok munda ek svá gert hafa, ef ek ætta hans hlut“. Satt eitt sagði Einarr frá orðum Kraka, enn þó eggjaði Hrani Þorgils at fara með honum. Þorgils kvað sér eigi létt hug um segja, þó at þessu ráði yrði komit í hendr honum. Síðan fóru þeir ok hittu Kraka. ok hafði hann hin sömu svör fyrir sér sem fyrr. Þorgils mælti þá: „Vera má, at þú ráðir dóttur þinni, enn eigi muntu svá undan setja, at þú fáir eigi sakargiftir um annat“. Kraki mælti: „Eigi mun ek til þess hætta“. Hann fastnaði þá dóttur sína Einari, ok hafði sjálfr brúðkaup inni. Kraki skyldi vera ór öllum vanda um kaupbrigði við Þorstein.

6. Þat er nú frá Þorsteini at segja, at honum batnaði ok bjó hann skip sitt til Íslands. ok kom út næsta sumar eftir brúðkaupit í Reyðarfjörð, ok hafði selt austmönnum skipit, ok ætlaði til ráðahagsins við Helgu ok láta af

förum. Ok er hann kom til Íslands, frétti hann alla þessa ráðabreytni; fór hann þá til fundar við föður sinn, ok lét þó haldast skip-söluna eigi at síðr. Þorsteinn lét lítt á sér finna um þetta mál, enu keypti sér skip um vetrinn, er uppi stóð í Bolungarhöfn, ok bjó þat at öllu. Bræðr hans ætluðu með honum utan, ok urðu eigi búnir svá skjótt sem hann, því at þeir fóru at fjárheimtingum sínum um heradit. Austmenn vesudust illa, er þeira þyrfti að biða, bræðra Þorsteins, ef byrr kæmi á. Þorsteinn mælti þá: „Ek mun ríða frá skipi váru, ok hitta þá ok biðja þá, at þeir flýti sér, enn þér skuluð biða mín hit skemsta sjau nætr“. Þorsteinn reið utan eftir Öxarfirði ok í Bolungarhöfn, ok upp á Möðrudalsheiði ok ofan til Vápnafjarðar, ok svá austr yfir Smjörvatnsheiði ok svá yfir Jökulsá at brú ok svá yfir Fljótsdalsheiði ok austr yfir Lagarfljót ok upp með fljótinu, unz hann kom í Atlavík snemma morgins. Þórir var farinn í skóg og húskarlar hans með honum ofan á Buðlungavöllu. Einarr var heima ok eigi upp risinn, er Þorsteinn kom at dyrum. Kona var úti, er Ósk hét; hon spurði, hvern hinn komni maðr væri. Þorsteinn segir: „Sigurðr heiti ek, ok á ek at gjalda Einari skuld, ok vil ek nú afhenda honum; gakk þú inn ok vek Einar ok bið hann út ganga“. Þorsteinn hafði spjót

í hendi ok ullhött á höfði. Konan vakti Einar. Hann spurði, hvern kominn væri. Hon sagði hann nefndist Sigurðr. Einarr stóð þá upp ok kipti skóm á fætr sér ok tók skikkju yfir sik ok gekk út síðan. Ok er hann kom út, kendi Einarr, at þar var kominn Þorsteinn, ok varð Einarr nökkut fár við. Þorsteinn mælti: „Þvi em ek hér kominn, at ek vil vita, hverju þú vilt bæta mér, er þú gabbaðir skyrbjúg minn í hafi, og hlótt at mér með hásetum þínum, ok mun ek vera alltilþægri at“. Einarr mælti: „Heimtu fyrst at öllum, er hlógu at þér, ok man ek bæta þér, ef allir bæta aðrir“. Þorsteinn segir: „Ek em eigi svá fépurfi, at ek nenna alla at hitta, enn ek vil, at þú bætir fyrir þik“. Einarr kvaðst eigi bæta mundu, ok sneri hann undan til svefnskemmunnar. Þorsteinn bað hann bíða, ok hrapa eigi svá skjótt til rekkjunnar Helgu. Einarr gaf engan gaum at því sem hann mælti. Síðan lagði Þorsteinn á Einar með spjótinu ok í gegnum hann. Einarr fell dauðr inn í skemmuna. Þorsteinn bað griðkonuna at greiða ferð Einars. Þorsteinn ríðr þá hina sömu leið aftr, er hana reið fram; hann reið vestr yfir háls til sels Þorbjarnar, er stóð á milli Melrakka-sléttu ok Ormsár. Hann spurði Þorbjörn, ef bræðr hans hefði þar komit; enn Þorbjörn kvað þat eigi vera. Þorsteinn segir honum

tíðendingin, ok bað hann segja bræðrum sínum, at þeir flýti sér til skips. Reið Þorsteinn þá til skips. — Gridkonan gerði Þóri orð, ok lét segja honum víg Einars sonar síns, ok brá Þórir skjótt við ok fór norðr til Vápnafjarðar með tvá húskarla sína, ok fór á skipi yfir fljót ok til Hofs. Segir hann þeim Hofsmönnum víg Einars. Þorgils kvað sér eigi vel hafa hug um sagt, þegar er Einarr fekk Helgu. Þeir báðu hann eftir riða; hann lét taka hesta sína. Hrani frýði honum áðr hugr, ef hann seinkaði ferðinni. Þórir hvarf aftr, ok gerði þat at ráði Þorgils, enn húskarlar hans fóru með Þorgilsi ok váru þeir sjau saman, ok fóru síðan leið sína.

7. Bræðr Þorsteins riðu til sels Þorbjarnar annan morgin eftir. er Þorsteinn hafði þar riðit; þeir höfðu þar dagverð, enn lögðust síðan niðr til svefus. Þorbjörn latti þá þessa mjök, því at hann sagði þeim víg Einars ok orðsending Þorsteins; enn Þorbjörn var vinr hvárra tveggja. Litlu síðar kom Þorgils ok þeir sjau saman. Þorbjörn sagði þeim bræðrum, at þeir Þorgils váru þar komnir, ok vakti þá; hvergi máttu þeir komast undan. Þorbjörn réð þeim, at þeir græfi þar djúpa gröf í selinu fyrir dyrunum, — „enn ek man standa í dyrunum“, ok svá gerðu þeir. Þeir Þorgils koma þá at selinu; þóttust þeir vita, at þeir bræðr myndi

þar inni, er hrossin váru þar mædd ok nýkomin undan klyfjum. „Veit ek“, segir Þorgils, „at þeir eru hér“. Þorbjörn svarar: „Þú ert manna giöggvastr. enn þó eru þeir bræðr eigi hér, sem þú segir, enn ek lét fara eftir viðum hross mín, ok höfum nýtekit af þeim klyfjarnar; eru þau nýkomin frá vetrhúsum. enn áðr gengu þau af rekaströndum til skála-gerðar í Sveinungsvík. ok á ek hrossin“. Þorgils kvaðst eigi þessu trúa mundu, — „ok far þú ór dyrunum, ok viljum vér rannsaka selit“. Þorbjörn kvaðst þat eigi gera mundu, — „síðan þér trúid eigi minni tilsögn“. Hrani mælti: „Drepum hann þá, ef hann vill eigi fara ór dyrunum“. Þorgils svarar: „Þá þykk-ir föður mínum illa“. Þá bauð Þorkell fleytir að fara á bak húsunum ok hlaupa af veggnum ofan milli Þorbjarnar ok dyranna, ok bera hann svá frá dyrunum ofan fyrir brekkuna. Þorgils bað hann svá gera. Síðan breytti Þorkell svá. Þorbjörn barst með þessarri atferð frá seldyrnunum; síðan bundu þeir hann. Eftir þat gengu þeir at dyrunum, ok möttust þeir um, hverr þeira skyldi fyrstr inn ganga. Enn er Þorgils fann þetta, mælti hann: „Eigi verðr oss nú hugmannlega, er vér þorum eigi inn at ganga“. Þorgils hleypr þá inn. Þorbjörn aftraði honum, ok sagðist letja hann inn at ganga; enn hann gaf engan gaum at orðum

hans. Hann hafði skjöldinn yfir höfði sér, ok snarar þá inn ok hljóp í gröfina, ok drápu þeir bræðr hann þar í gröfinni. Síðan rufu förunautar Þorgils selit, ok sóttu þá bræðr um stundar sakir. Hrani gullhötr lá þá á selsveggnum ok kögglaði þann veg inn. Þá var hann lagðr spjóti í höndina. Þeir bræðr vörðust bæði vel ok drengilega, enn fellu báðir þar at síðustu með góðan orðstír. Þar fellu ok báðir húskarlar Þóris ok hinn þriðji maðr, Þorgils Þorsteinsson, er þá var þritugr at aldri. Þorbjörn var leystr síðan eftir fundinn; hann færði alla vöru þeira bræðra í Bolungarhöfn til skips, ok sagði þar Þorsteini tíðendia. Þorsteinn kvað Þorbjörn þetta vel gert hafa, ok skildu með mikilli vináttu.

8. Þorsteinn fór utan um sumarit ok var á braut fim vetr; kom hann sér vel við höfðingja ok þótti hinn röskvasti maðr. Hrani gullhötr kom heim til Hofs ok sagði Þorsteini hvíta, at synir Þorfinns tveir væri fallnir ok húskarlar Þóris tveir. Þorsteinn spurði hann: „Enn hvar er Þorgils sonr minn?“ Hrani svarar: „Hann er ok fallinn“. Þorsteinn mælti: „Fjándlega segir þú frá tíðendum; ilt hefir jafnan af þér hlotizt ok þínum ráðum“. Þetta þóttu mönnum mikil tíðendi, þá er spurðust. Um sumarit eftir váru mál til búin á hendr Þorsteini Þorfinnsyni, ok varð hann

sekr um víg Einars. Brodd-Helgi var þá þrévetr, er faðir hans var drepinn, ok var þá þegar efnilegr maðr at jöfnum aldri. Þorsteinn Þorfinnsson fór til Íslands at fim vetrum liðnum ok kom skipi sínu í Miðfjörð; hann reið þegar norðr til Hofs við annan mann. Brodd-Helgi var þá átta vetra gamall, ok lék sér á hlaði úti, ok bauð þeim þar at vera. Þorsteinn spurði, hví hann laðaði gesti. Hann kvaðst þar alt eiga með afa sínum. Þeir Þorsteinn Þorfinnsson gengu inn eftir þat. Þorsteinn hvíti kendi farmannadaun, ok spurði, hverir komnir væri. Þorsteinn Þorfinnsson segir hit sanna. Þorsteinn hvíti mælti: „Hvárt þótti þér of lítill mín skapraun, ef þú sóttir mik eigi heim blindan karl ok gamlan“. Þorsteinn Þorfinnsson svarar: „Eigi gekk mér þat til, heldr hitt, at ek vil bjóða þér sjálf-dæmi fyrir Þorgils son þinn, ok hefi ek ærit góðs at bæta hann, svá at eigi hafi annarr maðr dýrri verit“. Þorsteinn hvíti kvaðst eigi vilja bera Þorgils son sinn í sjóði. Þorsteinn Þorfinnsson, er kallaðr var hinn fagri, sprettr upp ok leggr höfuð sitt í kné Þorsteini hvíta nafna sínum. Þorsteinn hvíti svarar þá: „Eigi vil ek láta höfuð þitt af hálsi slá; munu þar eyru sæmst, er uxu; enn þá geri ek sætt okkar á millum, at þú skalt fara hingat til Hofs til umsýslu með alt þitt ok ver hér

meðan ek vil; enn þú sel skip þitt“. Þessarri sætt játar Þorsteinn fagri, ok er þeir kumpánar komu út, lék sveinninn Helgi Þorgilsson sér at gullreknu spjóti, er Þorsteinn fagri hafði sett hjá dyrunum, þá er hann gekk inn. Þorsteinn fagri mælti við Helga: „Viltu þiggja af mér spjótit?“. Helgi réðst þá um við Þorstein hvíta fóstura sinn, hvárt hann skyldi þiggja spjótit af Þorsteini fagra. Þorsteinn hvíti bað hann þiggja víst ok launa sem bezt. Þorsteinn fagri var eina nótt á Hofi í þat sinn. Þorsteinn fagri fór þá til skips síns ok seldi þat; síðan færði hann sik til Hofs í Vápnafjörð ok alt sitt. Hann færði mjök fram kvikfé Þorsteins hvíta nafna síns. Enn er hann hafði þar verit nökkura stund, þá vildi Þorsteinn hvíti, at Þorsteinn fagri bæði Helgu Krakadóttur, ok svá gerði hann. Þorsteinn hvíti var með honum í ferð, ok gengu þau mál vel fram, ok þótti Kraka þetta gert eftir sínu skaplyndi. Fór Helga þá til Hofs með Þorsteini fagra, því at Þorsteinn hvíti vildi brúðkaupit inni hafa, því hann þóttist hrumr til at sækja brúðkaupit annars staðar; ok af því var svá gert. Boðit fór vel fram; váru samferðir þeira góðar. Átta vetr var Þorsteinn fagri á Hofi með nafna sínum, ok var honum í sonar stað í allri umsýslu; ok þá svá var komit tímum, mælti Þorsteinn hvíti til nafna

síns: „Vel hefir þú gefizt mér, ok ertu röskr maðr ok drengr góðr um alla hluti ok vel at þér búinn. Nú vil ek, at þú bregðir þessu ráði, ok svá föður þíns ok Kraka mágs þíns, ok ráðist allir til utanferðar með alt þat, er þér eigit, því at ek ætla Helga frænda mínum gerast mjök þungt til þin, enn hann er nú átján vetra gamall, enn þat er líkast, at ek verða maðr eigil anglifr heðan af, enn ek vilda, at vit skildimst vel, enn Helgi frændi minn man verða ofsamaðr mikill, ok engi jafnaðarmaðr. Nú haf þú mitt ráð um þetta, ok ver eigi lengr hér, enn ek legg til“. Þorsteinn fagri kvað svá vera skyldu, ok keypti tvau skip ok fór utan með þau, ok alt sitt skuldalið. Þorfinnr faðir hans fór ok utan ok Kraki mágr hans. Þeir kvámu norðarlega við Noreg, ok fóru um sumarit eftir norðr á Hálogaland, ok ilendust þar með öllu liði sínu. Bjó Þorsteinn fagri þar, meðan hann lifði, ok þótti hinn vaskasti maðr.

9. Helgi óx upp með Þorsteini hvíta, föstra sínum; hann gerðist mikill maðr ok sterkr, bráðgerr, vænn ok stórmannlegr, ok eigi máligr í barnæsku, ódæll ok óvæginn þegar á unga aldri; hann var hugkvæmr ok margbreytinn. Þat var einn dag at Hofi, er naut váru á stöðli, at þar var griðungr einn með nautunum, mikill ok ógurlegr. Annarr griðungr var heima fyrir, mikill ok stórr, er þeir frændr áttu. Helgi


var úti staddr, ok sá at gridungarnir gengast at ok stöngudust, ok varð heima-gridungr r vanhluta fyrir búigríðunginum. Enn er Helgi sá þat, gengr hann inn ok sækir mannbrodda stóra, ok bindr þá traman í enni á heima-gridunginum. Síðan taka þeir til at stangast, seu áðr, alt þar til er heima-gridungrinn stangar hinn til dands; höfðu mannbroddarnir gengit á hol. Þótti flestum þetta bellibragð vera, er Helgi hefði gert; fekk hann af þessu þat viðrnefni, at hann var kall ðr brodd-Helgi, enn þat þótti þá mönnum miklu heillavænlegra, at hafa tvau nöfn. Var þat átrúnadr manna, at þeir menn myndi lengr lifa, sem tvau nöfn hefði. Skjótt var þat andsét á Helga, at hann myndi verða höfðingi mikill, ok engi jafnadrmaðr. Einn vetr lifði Þorsteinn hvíti síðan þeir Þorsteinn lagri skildu, ok þótti hann verit hafa hit mesta mikilmenni. Geitir í Krossavík átti Halikötlu dóttur Þiðranda hins gamla Ketilssonar þryms, sonar Geitis ok Hallkötlu. Með þeim Geiti ok brodd-Helga var vinátta mikil í fyrstu enn minkadist svá sem á leið, ok verðr fullr fjándskapr, sem segir í Vápnfirðinga sögu, og lýkr hér sögu Þorsteins hins hvíta.

N O F N.

- | | |
|---|---|
| <p>Áslaug Brynjólfsdóttir hins gamla 2.</p> <p>Ásvaldr öxna-Þórisson 1.</p> <p>Atlávik við Lagarfljót 2, 8.</p> <p>Atli í Atlavík 2.</p>
<p>Bolungarhöfn (í Núpasveit) 8.</p> <p>Brodd-Helgi = Helgi Þorgilsson.</p> <p>Brynjólfr hinn gamli 2.</p> <p>Buðlungavellir við Lagarfljót 8.</p>
<p>Einarr Þorfinnsson 4.</p> <p>Einarr Þórisson 2—10.</p> <p>Eyvindr vápni, landnáma-maðr 1.</p>
<p>Fljótsdalsheiðr 8.</p> <p>Fljótsdalsherað 4.</p>
<p>Geitir í Krossavík 16.</p> | <p>Guðrún húsfreyja að Krakalæk 4.</p> <p>Guðrún Þorgilsdóttir 3.</p>
<p>Hákon jarl 1.</p> <p>Hallkatla Þiðrandadóttir 16.</p> <p>Hálogaland í Noregi 15.</p> <p>Helga Krakadóttir 4—7, 9, 10, 14.</p> <p>Helgi Þorgilsson = Brodd-Helgi 3, 13—16.</p> <p>Hof, bæir í Vápnafirði, nú prestsetr 2, 3, 7, 10, 13—15.</p> <p>Hofsmenn 10.</p> <p>Hofverjar 3.</p> <p>Hrani gullhöttir 3, 7, 10—12.</p> <p>Hróðgeirr Hrafnsson 2.</p>
<p>Ingibjörg Hróðgeirsdóttir 2.</p> |
|---|---|

- Ísland 1, 5, 8, 13.
- Jökulsá** at brú 8.
- Ketill þrymr** 16.
Knefilsdalr (afdalr úr Jökul-
dal) 4.
Krakalæk, bær í Fljóts-
dalshéraði (nú eyðibýli)
4.
Kraki at Krakalæk 4—7,
15.
Krossavík, bær í Vápnafirði 16.
- Lagarfljót** 8.
- Melrakkaslétta** 3, 9.
Miðfjörðr 13.
Mödrudalsheiðr 8.
- Naumudalr** í Noregi 1.
Noregr 1, 5, 15.
- Ólöf Þórisdóttir** 3.
Ormsá, milli Melrakkasléttu
og Þistilsfjarðar 9.
Ósk, kona í Atlavík 8.
- Reyðarfjörðr** 6.
- Sigurðr** = Þorsteinn fagri
8, 9.
- Skeggjastaðir, bær í Knefils-
dal 3.
Smjörvatnsheiðr 8.
Steinbjörn körtr 2.
Sveinungsvík, bær í Þistils-
firði 3, 11.
- Toftavöllr, eyðibýli í Vápnafirði 1.
- Vápnafjörðr** 1, 14.
Vápnafirðinga saga 16.
Vestradalsá í Vápnafirði 1.
Vápnafjarðará (nú Hofsá)
1, 6.
- Yrjar** í Noregi 1.
- Þiðrandi** hinn gamli 16.
Þistilsfjörðr 3.
Þóra Þorsteinsdóttir 2.
Þorbjörn í Sveinungsvík 3.
9—12.
Þórðr Þorsteinsson 2.
Þorfinnr á Skeggjastöðum í
Knefilsdal 3—4, 5, 12, 15.
Þorgerðr húsfreyja á Skegg-
jastöðum í Knefilsdal 3.
Þorgils Þorsteinsson 2, 3,
7, 10, 11, 13.
Þórir í Atlavík 2, 6, 8, 10,
12.

Þorkell fleytir á Hofi 3, 11.	Ölver hinn hvíti 1.
Þorkell Þorfinnsson 4.	Önundr Þorsteinsson 2.
Þorsteinn hinn fagri Þor- finnsson 3—10, 12—16.	Öxarfjörðr 8.
Þorsteinn hvíti 1, 12, 16.	Öxna-Þórir 1.



ÞORSTEINS SAGA

SÍÐU-HALLSSONAR.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMADUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON

1902.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Þorsteins saga Síðu-Hallssonar er áður gefin út í „Analecta norroena“, Leipzig 1859, af Theodor Möbius, og í „Sýnisbók íslenzkrar tungu og íslenzkra bókmennta í fornöld“, Kaupmannahöfn 1860, af Konráði Gíslasyni. Með útgáfu Möbiusar er draumur Þorsteins gefinn út aptan við söguna, en í útgáfu Konráðs er honum sleppt. Báðar útgáfur sögunnar, sem nú voru greindar, eru gefnar út eptir pappírshandriti, nr. 142, fol. í safni Árna Magnússonar; hefir Ásgeir Jónsson skrifari Árna ritað það, um 1700, eptir skinnbók, sem nú er með öllu týnd. Þegar Ásgeir afritaði skinnbókina, hefir upphaf sögunnar vantað í hana, og á nokkrum stöðum sýnast hafa verið göt á bókinni, eða hún hefir verið máð mjög og litt lesandi; eru því á þeim stöðum eyður í útgáfum sögunnar, er ekki verða fylltar með neinni vissu, þó skal þess getið, að í útg. Möbiusar er eyðan á bls. 11. línu 2 (neðan frá) fyllt að nokkru, og má að líkindum, samkvæmt því, fylla hana svo, að á eptir orðunum: „Hann bjó á“, komi: [Kárastöðum, (*hann var sonr?*) Þorkels]. o. s. frv.

Mestr skaði er að því, sem týnt er aptan af frásegningni um síðustu viðskipti þeirra Þorsteins og Þórhadds (bls. 23, hér í útgáfunni), en þó virðist auðráðið af frásegn sögunnar á undan, að Þorsteinn hafi — í för þeirri, er ræðir um þar sem sagan er nær á enda, — drepið Þórhadd og sonu hans alla. Um uppruna Þórhadds verður fátt ráðið af Þorsteins sögu, en þó er það

auðséð, að hann hefir verið göfugra manna, og sjálfr eigi all-litill fyrir sér. Mun mega telja efalaust, að hann sé sá, er Landnámabók (Hauksb. k. 243; Sturlub. k. 282) nefnir *Þórhadd skál*, og telur 4. mann frá Ásrödi landnámsmanni á Ketilsstöðum á Völlum, en þrimenning Þórarins í Seyðarfirði (sem uppi var um og eptir 1000), afa (föður-föður) Kolskeggs hins fróða. Að visu getr Þorsteins saga ekki þessa kenninafns Þórhadds, en þess ber að gæta, að Þórhaddr virðist fyrst koma til sögunnar einmitt þar sem nú vantar framan af henni. Hitt kemr aptr beinlínis heim við Þórhadd skál, þar sem sagan (k. 5) getr þess, að Órækja Hólmsteinsson, Bersasonar, Özurarsonar, Brynjólfssonar hins gamla, væri frændi Þórhadds, því að samkvæmt Landnámabók verða þeir Órækja og Þórhaddr skál að 5. og 6. að frændsemi frá Þorgeiri Vestarssyni að telja:

Þorgeirr Vestarson.

1. Brynjólfur hinn gamli Þorgeirsson.	1. Herjólfur hinn gamli Þorgeirsson.
2. Özur Brynjólfsson.	2. Ásvör Herjólfsdóttir ~ Ásrödr á Ketilsstöðum.
3. Bersi (Spak-Bersi) Özurarson.	3. Þorvaldr holbarki Ásröðarson.
4. Hólmsteinn Bersason.	4. Þorbergur Þorvaldsson.
5. Órækja Hólmsteinsson.	5. Hafjótur Þorbergsson.
	6. Þórhaddr (skál) Hafljótsson.

Þorsteins saga er talin rituð á síðara helmingi 13 aldar, eða jafnvel um 1250. Er ekki ólíklegt að einhver Haukdæla hafi lagt hönd á hana, því að til þeirra

(Gizurar jarls Þorvaldssonar) er ættin frá Síðu-Halli einkum rakin í enda sögunnar. Þess má geta að ann-álar telja, að Teitr lögsögumaðr Einarsson hafi verið veginn 1258, og Sturlunga saga (²II, 248) getr þess, að víg hans hafi gerzt austr í Fjörðum; mætti því ætla, að hann hefði húið þar eystra. Teitr hefir verið bróðursonr Gizurar jarls, og er ekki ólíklegt, að hann hafi ritað Þorsteins sögu. Sagan er vel rituð og fornleg að stýl, en einkum er hún merkileg fyrir það, að hún getr viðburða þeirra á Austfjörðum, sem ella mundu með öllu ókunnir, því að þeirra er hvergi annarsstaðar getið; er þar til að telja víg Þórhadds og sona hans og orsakirnar til þess. Sagan lýsir merkilega trú þeirri, er menn í þann tíma höfðu á draumum; kemr það fram í draumsögum Þórhadds, sem gefa sögunni eun forneskjulegri blæ en ella. Annars mun sagan sönn og áreiðanleg, að því er snertir aðalatriðin, en tímatalið er allmjög brjáláð, því að hirðmennska Þorsteins hjá Magnúsi konungi góða gat eigi átt sér stað fyrr en eptir 1035, þar sem Magnús kom eigi fyrr til ríkis í Noregi, en eptir söguuni (k. 2) hefði Þorsteinn átt að gerast hirðmaðr hans fyrir 1015, eða eptir að Þorsteinn kom úr Brjánsorrustu (1014), en þá réð Eiríkr jarl Hákonarson enn fyrir Noregi (1000—1016); hafi því Þorsteinn farið til Noregs 1014, hefir hann þá gerzt hirðmaðr Eiríks jarls, en síðar Ólafs konungs hins helga. En sagan blandar hér saman tveim utanferðum Þorsteins, og hefir hin fyrri orðið 1012, því að Njálssaga getr hans í Orkneyjum 1013, og 1014 er hann í Brjánsorrustu með Sigurði jarli Hlödverasyni. Síðan hefir Þorsteinn komið til Íslands um 1015, en litlu síðar farið utan í annað sinn, og hefir þá gerzt hirðmaðr Ólafs konungs helga, og er líkast að hann hafi þá, áðr hann fór utan, fengið Þórhaddi godorð sitt til meðferðar, því að þá hefir Síðu-Hallr, faðir Þorsteins, verið andaðr fyrir nokkru; — hann er enn á lífi 1013 (Njáls saga k.

147), en sýnist hafa andast um 1015; — víg Þórhadda og sona hans mun því hafa orðið litlu eptir 1020, eptir að Þorsteinn kom út öðru sinni. Af sögu Ólafa helga (Flateyjarbók II, 241) má sjá að Þorsteinn hefir verið með Ólafi fyrir 1024, því að Ólafr konungur sendir honum þá orð til Íslands, ásamt öðrum höfðingjum, sem hann kallar vini sína; hafa þeir því verið hirðmenn hans ádr. Þriðja utanför Þorsteins hefir orðið eptir 1035, og í þeirri för hefir hann gerzt hirðmaðr Magnúss konungs góða; segir helzt frá viðskiptum þeirra í þætti Þorsteins í Flateyjarbók (III, 318—321 og 330), og gerist þátrinu um 1040.

Ættartalan í lokum sögunnar er mjög merkileg, því að hún getr nokkurra manna, sem hvergi er getið annarsstaðar, og eptirtektavert er það, að hún telr Ólofu systur Halls á Síðu, móður Kolbeins Flosasonar, Þórðarsonar Freysgoða, en Njálssaga (k. 95, 124, 153) segir Flosa hafa átt Steinvöru dóttur Halls; þetta getr því að eins verið rétt hvorttveggja, að Flosi hafi fyrr átt Steinvöru, en Ólofu síðar, — því að Njálssaga getr eigi Ólofar. Konu Kols Hallssonar finnst hvergi getið nema hér, og eigi geta önnur rit en ættartalan í niðrlagi Þorsteins sögu um Gróu Hallsdóttur, eða um Teit mann hennar, son Gizurar hins hvíta; er þó eigi ástæða til að rengja söguna um þetta; en hitt er skakkt, að Hallr í Haukadali († 1150) hafi verið sonr þessa Teits, eins og ættartalan í Þorst.æ. virðist telja, því að hann var sonr Teits prests († 1111), sonar Ísleifs biskups, Gizurarsonar hins hvíta. Langfeðgatal Gizurar jarls er því komið inn í ættartöluna í Þorsteins s. á rangan stað, og má vera, að þetta hafi ruglazt í afskríptum handritanna síðar en ættartalan var fyrst rituð. Á þessi hlutr ættartölnnar að koma síðar inn í hana, þar sem getið er um Teit Ísleifsson og konu hans. Snorri Kálfsson, annar

maðr Gróu Hallsdóttur, mun vera í ætt við Snorra Kálfs-son á Mel í Miðfirði († 1175), mág Þorgils Oddasonar.

Draumr Þorsteins Síðu-Hallssonar er áðr gefinn út, með Þorsteins sögu, í „Analecta Norrœna“, Leipzig 1859 (184—186. bls.), af Theodor Möbius, og í „Nordiske Oldskrifter“ XXVII (130—132 bls.) af Guðbrandi Vigfússyni; eru þær útgáfur báðar prentaðar eptir handritinu Á. M. 564, 4^{to}, sem er skinnbók frá c. 1400 (brot af Vatnshyrnu). Draumrinn fyllir að nokkru eyðu þá, sem verður í niðrlagi Þorsteins sögu, og er hann því merkilegr, einkum vegna þess, að frásögnina um dauða Þorsteins er hvergi að finna annarsstaðar, en svo sýnist, sem draumrinn hafi upphaflega fylgt Þorsteins sögu, og má það einkum ráða af orðum Þórhaddis við Þorstein, að sagan hafi getið um andlát Þorsteins, þar sem Þórhaddr er látinn spá Þorsteini að „vændismaðr muni standa yfir höfuðsvörðum hans“. Blærinn á frásögninni í drauminum er og svo svipaðr sögunni, að hvorttveggja sýnist geta verið ritað af sama manni upphaflega, jafnvel þó að draumrinn fylgi nú eigi sögunni í handritum. Reyndar hafa menn ætlað að draumrinn væri síðar ritaðr en sagan (eða c. 1300), en fyrir þeirri ætlan eru eigi næg rök. Visurnar í drauminum eru afar fornlegar, þótt þær verði naumast með vissu skýrðar, enda munu þær vera nokkuð afbakaðar frá hinu upphaflega. Hér er að mestu fylgt skýringum Dr. Guðbrands. Saga Þorsteins og draumr eru í fárra manna höndum á Íslandi, og er því hvorttveggja lítt þekkt áðr.

TÍMATAL.

Fæddr Þorsteinn Síðu-Hallsson	994
Þorsteinn fer utan, og gerist hirðmaðr Sigurðar jarls Hlökkverssonar í Orkneyjum	1012
Þorsteinn fer til Írlands með Sigurði jarli, berzt með honum við Brján konung (á páskum), og fer síðan aptr til Orkneyja (um vorid eða sumarið)	1014
Andlát Síðu-Halls	1014—1015
Þorsteinn Síðu-Hallsson kemr úr utanför til Íslands, tekr við goðorði eptir föður sinn látinn, um . .	1015
Þorsteinn fær Þórhaddi goðorð sitt, fer utan í annað sinn og gerist hirðmaðr Ólafs konungs hins helga, um	1017
Útkoma Þorsteins (um haust); tilkall hans til goðorðs síns, á hendr Þórhaddi, um	1019
Þorsteinn tekr við goðorði sínu á vorþingi, Þórhaddr gerr brottu af Rannveigarstöðum; hann fer þaðan á Stræti (eptir sögunni: 1016) um	1020
Sættafundr þeirra Þorsteins og Þórhadds, á Berunesi (um haust?) um	1020
Þorsteinn vegr Þórhadd og sonu hans (um vor) um	1021
[Orðsending Ólafs konungs helga til Þorsteins og annara höfðingja á Íslandi, að þeir komi á fund hans	1024]
[Þorsteinn fer utan í þriðja sinni og er með Magnúsi konungi hinum góða hirðmaðr hans, um 1040—1047]	
Draumr Þorsteins austr á Svínafelli, víg hans og dráp Gilla þræls um	1050.



Þorsteins saga Siðu-Hallssonar.

hverfingunni ok váru þar drepin bæði. Þetta sumar ætlaði Þorsteinn utan með Þorleifi, ok váru búinir fyrir þing. Þá var um rætt, hverjum hann mundi fá i hendr goðorð sitt. Þorsteinn svaraði: „Verit myndi þat hafa. at ek myndi eigi leitast hafa víða, ef Þórhaddr væri jafnnær . . . enn nú veit ek eigi at þessum málavöxtum, sem nú eru . . .; hefir hann ok flesta hluti til, bæði vit ok harðfengi . . . er nú fæð með okkr“. Svá er sem mælt er, at ,ferr orð er um munn líðr' ok koma þessi orð til Þórhadds. Hann ferr þegar á fund Þorsteins ok mælti: „Vel gezt mér at orðum þeim, sem ek hefi spurt, ok gerum svá vel ok setjum niðr fæð þá sem á hefir verið með okkr, enn tökum upp nýtt vinfengi, ok ef þér sýnist þat ráð at ek taka við goðorði þínu, þá skal ek boðinn ok búinn til þess starfs sem þú vilt

mik til nýta“. Þorsteinn kvað þetta vel mælt, ok tók Þorhaddr við goðorðinu á þingi ok skildu með vináttu. Fór Þorsteinn utan ok kom við Orkneyjar. Þá réð fyrir eyjunum Sigurðr jarl Hlöðvésson. Hann fagnaði vel Þorsteini ok bauð honum til sín, ok hann var með jarlinum of vetrinn vel metinn, ok er váraði, þá spurði jarl Þorstein, hvárt hann vildi fara með honum í hernað eðr vildi hann eftir vera. Þorsteinan kaus at fara ok var stafnbúi á skipi jarls ok var hinn hraustasti maðr á skipi sem hann væri vanr því starfi. Þorsteinn var maðr ráðugr ok vitr ok frækn, ok bað jarl hann lengi með sér vera síðan hann kannaðist við ætt hans ok hann vissi frændsemi þeira í milli, því at Þórey Özurardóttir var móðir Halls á Síðu, enn Özurr var son Hrollaugs Rögnvaldssonar af Mæri. Torf-Einarr jarl var son Rögnvalds jarls af Mæri, enn faðir Þorfinns jarls hausakljúfs, föður Hlöðvés jarls, föður Sigurðar jarls. Enn Sigurðr jarl herjaði víða um sumarit um Skotland ok frýði engi maðr Þorsteini framgöngu ok hugar. Flutti þetta hvárttveggja fram mál Þorsteins ætt hans ok hraustleiki. Jarl drap margt óþjóðafólk, enn sumt flýði undan í skóga ok fór jarl víða um Vestrlönd ok brendu. Síð um haustit fór hann heim til Orkneyja ok hafði þá kyrsetu þrjá mánuði ok gaf þá vinum sínum góðar gjafir. Jarl mælti

þá við Þorstein: „Góða fylgd hefir þú mér veitta ok drengilega ok þigg af mér öxi gullrekna; hana samir þér at bera“. Þorsteinn þakkar jarlí, því at þat var en mesta gersemi. Þetta haust kom brennu-Flosi til Orkneyja ok hans menn, ok fóru skifti þeira Sigurðar jarls sem segir í Njálssögu.

2. Þenna vetr bjóst Sigurðr jarl til Írlands ok þá barðist hann við Brján konung, ok hefir sú orrusta frægst verit fyrir vestan haf, bæði at fjölmenni ok stórtíðindum þeim sem þar urðu. Ok er jarl bjóst heiman, spurði hann Þorstein hvárt hann vildi fara. Þorsteinn kvað sér eigi annat sama enn fara, ok fylgja honum í háskanum — „er oss þykkir gott at hafa hóglifi með yðr í fríðinum“. Jarl þakkaði honum orð sín. Þeir fóru síðan til Írlands ok börðust við Brján konung ok urðu þar mörg tíðindi í senn, sem segir í sögu hans. Þar fellu þrír merkismenn Sigurðar jarls, ok þá bað jarl Þorstein bera merkit. Þá mælti Þorsteinn: „Ber sjálfr krák þinn, jarl“. Þá mælti einn maðr: „Rétt gerir þú, Þorsteinn, því at af því hefi ek mist þrjá sonu mína.“ Jarl tók merkit af stönginni ok lét koma milli klæða sér ok barðist þá alljarflega. Ok litlu síðar heyrðu menn mælt í loftinu: „Ef Sigurðr jarl vill sigr hafa, þá sæki hann á Dumazbakka með lið sitt.“ Þat — —

fylgdi jafnan jarli ok svá var þá. Þar fell jarl í þeirri atlögu ok margt lið með honum, ok í þessu drap Bróðir Brján konung. Enn Óspakr bróðir hans tók hann ok hleypti út þörmunum ok leiddi hann of eik eina ok dó hann svá. Þá urðu mörg tíðindi senn í mannalátum. Þorsteinn ok þeir nökkurir saman námu staðar við skóginn. Þá mælti einn maðr: „Hví flýr þú eigi Þorsteinn?“ Hann svaraði: „Því at ek tek eigi heim í kveld, þó at ek flýja“. Þorsteini váru grið gefin ok fór hann aftr til Orkneyja ok þaðan til Noregs, ok kom til hirðar Magnúss konungs Óláfssonar ok gerðist hans hirðmaðr, ok var ólíkr þeim er heima spyrja tíðindin at búum sínum. Hann var með mörgum ríkum mönnum ok vel virðr, ok þótti hinn mesti ágætismaðr. Hann var ok hinn mesti rausnarmaðr á búu, ok vel mátti bær hans jafnast við ríkra manna herbergi. Þorsteinn var vinhollr ok glaðr ok lítillátr, vitr og þolinmóðr, djúpsær ok langrækr; enn grimmr mótgerðamönnum sínum. góðr við ölmusur ok alla þá er hans þurftu, enn hina stærri menn bar hann oft ofríki, þá er hann var hér á landi. Uppruni hans var merkilegr; hann fekk sér ok góða mægð ok traust þeira Vápnfirðinga, enn er hann hafði þrjá vetr utan verit ok var orðinn frægr mjök, þá fór hann út hingat. Þá var Þorsteinn tvítugr, er hann var í Brjáns

orrustu; hann kom út í Fjörðum austr fyrir leið ofhaustit, ok fór heim til bús síns ok urðu honum fegnir frændr hans ok vinir, ok allir hans þingmenn. Enn meðan Þorsteinn var utan, þá helt Þórhaddr vel þingmenn hans. Þar með fekk hann mikið af fé Hauks, ok hit fyrsta sumar, er hann tók fjárheimtuna, var honum goldinn ketill mikill ok góðr. Ok er þeir fundust um skiftin urðu þeir vel ásáttir, þar til er ketillinn kom upp. Þá mælti Þórhaddr: „Þenna grip vil ek hafa til míns bús, enn þú haf annat fé í móti“. Haukr kvaðst eigi missa mega ok kvað hann þó mega vel við una, er honum var gefit alt ok eigi sannlegt í móti at mæla at hann hefði. Þórhaddr kvað svá vera, enu lét þó fleirum mönnum nauðsyn til kalla enn honum einum. Reid hann í brott. Þá kom Guðleif at í því ok mælti: „Eigi myndir þú á katlinum hafa haldit, ef ek hefða ráðit, ok mun þat illa gefast, við ofsa föður míns, ok riði eftir honum ok biði hann hafa ketilinn“. Haukr mælti: „Engi þörf er þess ok mun heimt annat, ef annat er veitt“. Hon mælti: „Eigi vilda ek hætta til órræða föður míns, ok kaupu heldr þér annan ketil. Þá var riðit til fundar við Þórhadd ok boðinn honum ketillinn. „Hitt er ráð“, sagði hann“, at Haukr hafi ketil, enn vér munum fara með váru máli sem oss líkar“. Haukr spyr þetta ok þótti honum vel.

Guðleif kvað ilt mundu afleiða, ok et næsta haust lét Þórhaddr reka af fjalli yxn fim er Haukr átti ok þrjá tigu geldinga, ok lét drepa ok mælti, at svá skyldi segja Hauki, at þetta væri nökkurr hlutr af ketilverðinu. Hauki þótti ósæmilega til sín gert, enn mátti ekki at hafa meðan Þorsteinnu var í brottu ok þótti sér illa launat fjártillagit. Guðleif kvað mikit at gert, enn kvaðst vilja hætta til þess at þá væri kyrt. Vel var Þórhaddr til annarra manna þar um sveitir ok hugsaði rétt milli manna. Ok annat haust lét Þórhaddr reka fé jafnmargt af fjalli þat er Haukr átti ok drepa í bú sitt, ok bað enn segja Hauki, at þat var nökkurr hlutr af ketilsverðinu. Haukr kvaðst eigi vita, hvat hann ætlaði til um rán við sik; kvaðst sakna Þorsteins vinar síns. Nú liðu þau missiri, ok et þriðja haust bjóst Þórhaddr til fjallgöngu ok allir synir hans ok lét þá reka af fjalli hundrad geldinga ok tíu yxn, er Haukr átti, ok lét slátra í bú sitt. Þetta mæltist illa fyrir. Í öðru lagi helt hann sér til ýmissa skulda. Haukr leitaði ráða við Guðleifu, hversu með skal fara. Hon kvað óhægt um at ráða ofbeldi hans at svá búnu, — „muu Þorsteinn brátt til koma“.

3. Þetta sumar kom Þorsteinn út sem sagt var, ok leið framan til leiðar ok ríðr Þorsteinn með marga menn til leiðar. Þar kom Þórhaddr ok fjölmenni mikit ok ræddu menn um

mál sín ok heraðsstjórn; kvaðst Þorsteinn spurt hafa, at Þórhaddr hefði vel fylgt fyrir utan mál Hauks. Þat kvað hann ónýtt standa svá búit. Þórhaddr kvað þá mága mundu á þat sættast sjálfa, enn kvað þó fleirum hafa gagn at orðit. Þorsteinn kvað þat maklegt, at hvárr réði sínu—„nú mun ok vel fundit at ek taka við goðorði mínu“. Þórhaddr svaraði: „Þetta skyldir þú fyrri talat hafa enn lögskil færi fram, enn nú samir betr at selja goðorð af hendi á várþingi, áðr lögskil fara fram, enda þarftu ekki goðorð í vetr“. Þorsteinn reiddist mjök er hann náði eigi goðorðinu. ok skildu við þat. ok leið sumarit ok vetrinn ok leið at várþingi, ok áðr Þorsteinn reið heiman mælti Yngvildr kona hans: „Eigi er maklega með ykkur Vápnfirðingum, ef þú skalt eigi bera hærra nafn enn einn bóndi“. Ok er þeir Þorsteinnu nálgast þingit, mælti Þorsteinn: „Hér munum vér nema staðar ok bíða Þórhadds, ok eigi skulum vit Þórhaddr báðir koma á þetta þing, ef ek næ eigi goðorði mínu“. Litlu síðar kom Þórhaddr ok synir hans ok riðull manna. Þorsteinn spratt upp ok bað hann at selja af höndum goðorðit ok rétti fram höndina — „eða ella skulum vit reyna með okkr“. Kvað eigi hæfa at bændr væri rændir, enn höfðingjar svivirðir, ok taldi mjög á hann um skifti þeira Hauks. ok kvað hann eigi Hauk svivirða heldr ok dóttur sína.

Þórhaddr kvað hann djarfan,— „heldr er sann-
 ara, at meiri svívirðing gerir þú Hauki, er þú
 gengr í sömu sæng hjá konu hans, hvert sinn
 er þú gistir þar ok launar svá Hauki góðar
 gjafir“. Þorsteinn svaraði: „Vel lýgr sá er með
 vitnum lýgr, ok vænti ek at eigi fáir þú vitni
 til at ek hafa né eina mannskönu tekit; er þat
 bæði at ek em vel kvæntr, enda em ek henni
 trúr“. „Ger nú skjótt um, at þú sel fram goð-
 orðit, eðr annarr skal verri“. Þórhaddr svar-
 aði: „Ákafr maðr ertu ok eigi mjök stiltr, ok
 muntu ná goðorði þínu, þó at þú heitist eigi
 til, ok eigi gerði faðir þinn svá, er hann misti
 ljóts sonar síns á alþingi; þá mælti hann þó alt
 vægilega, ok var þat þó manna-raun enn þetta
 engin“. Nú áttu margir hlut í, ok tók Þor-
 steinn við goðorði sínu. Á þingi fóru framlög-
 skil, ok at þinglausnum í þingbrekku stóð Þor-
 steinn upp ok mælti: „Kunnigt er mönnum um
 skifti þeira Hauks ok Þórhadds, ok ef slíku
 skal fram fara, þá eru bændr mjök forystu-
 lausir; skal ok Þórhaddr brátt vita, at ek em
 rikari enn hann, ok lýsa ek því. Þórhaddr, at
 þér er ætlaðr bústaðr á þeim bæ er á Stræti
 heitir á Berufjarðarströnd, ok skaltu á brottu
 verða af Rannveigarstöðum með alt þitt áðr
 hálfmánaðr sé liðinn, ella skal ek færa þik
 á brott með engri vægð, enn eigi skaltu flýja
 ór heraði at mínu ráði né synir þínir, því at

vér erum maklegastir, Austfirðingar, at hræra um ykkur vandræði, enn ef þér farið ór heraði án mínu ráði, þá skal ek verja innihöfn ykkra, ok segja þá upp, er yðr taka“. Þórhaddr kvað óráðmannlega til orðs tekit ok — „mætti svá á standa, at litil gæði stæðu af minni innivist, ef oss er allmjök til þrengt, enda hefi ek sjálfr ráðit bústað mínum hér til“. Þorsteinn kvað nú svá vera skyldu sem hann hafði mælt, ok skildu at því. Fór Þórhaddr heim ok gussaði ekki. Leið svá fram um nökkurar stundir. Mælti Þórhaddr at Þorsteinn myndi eigi kunna dagatal — — — haugi hans um nóttina. Nú leið sú nótt, ok er hann ætlaði kyrru fyrir at halda, kom þar Þorsteinn með fimtán menn ok kvaðst því einu hafa heitit Þórhaddi, er hann skal efna, ok þennan morgin snemma kom inn smalamaðr Þórhadds ok ssgði honum at fimtán menn riðu at bænum, — „enn þú sagðir að Þorsteinn myndi eigi dagatal, enn mér lízt sem hann mun koma nú“. Þórhaddr mælti: „Stöndum upp ok neytum vápna: margt mun í gerast áðr vér erum drepnir“. Ok er Þorsteinn kom at garði, þá stigu þeir at baki ok kvað Þorsteinn eigi skildu spilla túni Hauks. Gengu þeir þá til bæjar, ok var þeim sagt at Þórhaddr myndi inni biða ok synir hans enn hurðir váru aftr. Þorsteinn gekk at dyrum ok mælti: „Ef Þórhaddr má heyra mál mitt þá býð ek

engan ófrið, ef hann gengr út ok vill í brott fara“. Þórhaddr bað hann at sækja, enn Þorsteinn kvaðst spara menn sína til þess at ganga á vápn þeira,— „skulum vér bera eld at húsum, enn bæta Hauki húsbruna“. Þeir gerðu svá ok báru eldinn at. Þorsteinn leyfði konum út-göngu. Nú gerðist brátt svæla mikil í húsum ok reykr tók at vaxa. Þá mælti Helgi: „Illr dauði þykki mér at brenna inni sem melrakkar, ok vil ek heldr út ganga til griða, eða þola járn at öðrum kosti“ — ok svá gerði hann. Ok svá sem þeir kvámu út, þá lét Þorsteinn binda þá, enn gera þeim ekki annat. Síðan var bú þeira í brott fært, ok rekið fé á Stræti. Lét Þorsteinn skifta fé til helminga, ok varð svá at vera sem Þorsteinn vildi, ok bjó Þórhaddr á Stræti, enn Þorstein: fór heim til Hofa. Váru nú orð ger Hauki, ok tók hann þar við fé sínu. Varð nú af nýju fjándskapr með Þórhaddi ok Þorsteini ok mest af Þórhaddi. er hann var svá mjök nauðigr. Gerist nú orðflaug mikil af Þórhaddi ok sonum hans til Þorsteins, ok váru þeir hinir mestu fársmenn í orðum. Einn aftann kom þar maðr til gistingar, sá er Grím-kell hét. Hann var flökkunarmaðr ok hróps-tunga mikil. Þórhaddr gerði sér tíðhjalat við hann, ok dvaldist hann þar um hríð. Þórhaddr kaupir at honum, at hann skal fara á vestan-vert land ok bera þar upp rógmæli um Þor-

stein Hallsson með því móti, at Þorsteinn væri kona hina níundu hverja nótt, ok átti þá viðskifti við karlmenn ok yfir þessa flugu gein Grímkell, ok fór yfir landit vestr ok hrópaði Þorstein, ok fór síðan svá vestan yfir rógmælit. Þetta fór svá, at rógmælit kom nær í hvers manns hús, ok lögðu óvinir Þorsteins á hann óvirðingu mikla hér fyrir, enn vinir haas hörmuðu. Kolr bróðir hans gekk fyrst í berhögg við hann um þetta mál. Var hann þá á vist með honum ok hafði komit út um sumarit. Kolr mælti eitthvert sinn við Þorstein: „Finnr þú nökkut til, frændi, hverr fjándskapr við þik er hafðr ok fáheyrð ok undarleg upplostning; eru ok því vinir þínir færri við þik enn verit hafa, enn sumir gera glott at. Er ok þetta mál með miklum fjándskap, ok látit sem vestan at sé atkomit, enn eg hygg at nær þér mun boðinn upp rísa, ok má slíks eigi of hefnt vera“. Þorsteinn svaraði: „Klækisefni eru í höfð; er ok likast at illar enda eigi, ok alls fjándskapar varði mik annars af Þórhaddi ok sonum hans, heldr enn þessa. — — — hét maðr er bjó í Breiðdal at Kleif. Með honum var á vist sá maðr er Steinn hét ok var kallaðr *drauma-Steinn*. Hann réð betr drauma enn aðrir menn; hann tefdi ok manna bezt — — — uppí Hlíð í Lóni. Ingaldr hét maðr. Hann bjó í — — — þess er bjó á Berunesi á Aðalbóli. Hann var

góðr bóndi . . . dvaldist meðan at Kleif. Þórhaddr var þá kátr mjök, ok mælti at þeir mundi tefla, — „því mér er sagt at þú teflir manna bezt, enn ek hendi ok gaman at því“. Steinn bað hann ráða. Þeir tefldu, ok hafði Þórhaddr ekki við. Hann mælti þá: „Eigi er of mikit sagt af þessi íþrótt þinni, ok munum vit nú hætta at tefla, því ek á önnur erindi við þik“. Steinn spurði, hver þau væri. Þórhaddr mælti: „Þat er mér sagt, at þú ráðir manna bezt drauma, ok vil ek þat reyna, því at mik hefir margt dreymt undarlegt, og er mér forvitni á at vita, hversu þú ræðr“. „Ógerla kann ek drauma at ráða, enn eigi er ólíklegt at þik dreymi mart, því at þú mælir mart“. Þórhaddr mælti: „Þat dreymdi mik, at ek þóttumst hlaupa með stögg upp at fjallinu frá Stræti ok yfir gryfjur nökkvarar ok götur, enn ek þóttumst þar niðr koma, er heitir á Hvarfi“. Steinn sagði: „Þat ætla ek at þá ráða ek rétt draum þinn, at yfirhlaup muni verða á ráði þínu um réttar götur. Þat er þá er þú hverfr frá réttu ok tekr upp rangt. Enn þat má verða at þér ljái þess hugar, at hverfa aftr, ok em ek þar hræddr um“. Þórhaddr mælti: „Litt ræðr þú í hag mér“. Steinn svaraði: „Seg mér þá eina drauma, at þú vill at ek ráða eftir því sem ek ætla at vera muni“. „Sá var annarr draumr minn“, sagði Þórhaddr, „at ek sá tungl tvau ok

fór annat at venju, enn annat var í fjalli at húsbaki, ok þóttumst ek taka þat ok eta, ok þóttumst eg leifa af lítinu mána ok hirða í þússi mínum“. Steinn mælti: „Undarlegr er draumur þinn, enn sjá þykkjumst ek hvat hann er. Þar hefir þú etit heims undr, ok merkir þat glæpyrði þín, þau er fram fara af munni þínum, ok munu enn eigi öll mælt, þau sem þú hirðir í hjarta þínu, er þú hirðir sumt af tunglinu“. Þórhaddr mælti: „Eigi er munlikt um þat er mik má henda, enda má vera at eigi sé góðs efni í. Sá var enn þriði draumur, at ek þóttumst vera í smiðju ok gera spjót, enn synir mínir blésu at, ok þótti mér aldri soðit verða til loks, enn spjót varð ávalt ór“ Steinn mælti: „Þat eru gómaspjót yðr, ok orð sem þér mælit ok tindrar af of alt land, ok mun yðr þykkja aldri fullger, ok ert þú upphafsmaðr at, enn synir þínir fylgja því“. Þórhaddr mælti: „Sá er enn fjórði draumur minn, at ek þóttumst ganga í aðra smiðju, ok þá brá því við er mér þótti undarlegt, at ek þóttumst þar finna mik fyrir“. Steinn svaraði: „Svá er ok, at í aðra smiðju er komit um ráð þitt enn verit hefir. Þá er þú hafðir mannvirðing ok góðaheill, enn nú hefir þú fjándskap margra manna, ok er eigi ólíklegt at þú finnir sjálfan þik fyrir at lyktum“. Þórhaddr svaraði: „Sá var draumur minn enn fimti, at ek þóttumst

ganga til sjávar, þar sem var saltsviða mikil, ok synir mínir með mér ok þóttumst ek eta glóandi salt ok drekka sjáinn við“. Steinn mælti: „Þat merkir svívirðingar orð þín“. Þórhaddr mælti: „Allítt hlífir þú mér í draumaráðningunni“. Steinn kvaðst ráða eftir því sem hann ætlaði at vera mundi. Þórhaddr mælti: „Sá er enn sétti draumr minn, at ek þóttumst ganga frá bæ mínum ok synir mínir með mér ok koma milli bjargs ok sjávar, ok þótti mér sem boði nökkurr lysti oss í bjargskoru nökkura, ok þótti mér mjök þröngt at oss. Þá þótti mér svá löng höndin á mér, at ek þóttumst seilast upp á bjargit ok svá komumst ek upp á, ok síðan tók ek á móti sonum mínum ok heimta ek þá til mín, ok stóðum vér þá allir saman á bjarginu“. Steinn svaraði: „Þar sem hendr þínar vóru lengri enn at hætti ok eðli, þat sýnist í því, at langar muni verða fyrir þínar tiltekjur, ok draga þar eftir þér sonu þína á þat óráð, ok þar sem þér stóðuð á bjargi þá munu þér alla yðra björg undir fótum troða“. Þórhaddr mælti: „Þenna draum ætla ek góðan“. Steinn kvað svá ganga mundu sem hann sagði. Þórhaddr mælti: „Sá var enn sjaundi draumr, at ek þóttumst fara leiðar minnar, ok fara hjástig hjá götunni, ok koma á brekkur nökkurar á bak bænum á Stræti, enn mér þótti Þorsteinn Hallsson ganga undir niðri rétta

götu“. Steinn kvað þat auðsætt, at Þorsteinn gengi réttan stíg — „enn þú rangan í ykkrum skiftum, ok mun hann koma upp undir þér at lyktinni“. Þórhaddr mælti: „Sá var draumr minn enn átti, at mér þótti tungan svo löng í mér, at ek þóttumst krækja henni aftr á hnakkann ok fram í munninn öðrum megin“. Steinn svaraði: „Þat er auðsætt, at þér mun tungan um höfuð vefjast í helzta lagi“. Þórhaddr mælti: „Sá er hinn níundi draumr minn, at ek þóttumst vera á fjalli því er Gerpír heitir. Þat fjall er í Austfjörðum, ok þaðan sá ek um mörg lönd, enn hvergi í nánd mér, því at myrkri laust yfir alt“. Steinn mælti: „Þar er þú vart á fjalli því er Gerpír heitir, þat sýnist mér at ráð þitt var gerpílegt, þá er þú vart með goðorð Þorsteins, ok veittir mörgum bæði í fjártillögum ok málafylgjum, enn nú gefr þér glámsýni, er þú hefir ilt ráð upp tekit ok þú sér eigi satt um þat, er hjá þér er, enn þat sér þú glögt er fjarri þér er“. Þórhaddr mælti: „Sá var enn tíundi draumr minn, at ek þóttumst koma á mót fjölment, ok þótti mér sem kastat væri í fyrirskyrtu mér járnum þeim er rær heita, enn hinir stærri menn járnútum þungum . . . ok fellu niðr rærnar“. Steinn mælti: „Þess get ek til, at sættarfundr muni lagðr með ykkir Þorsteini, ok væntir mik at smærri menn ok alþýða muni gott til leggja með þér

ok láta þik njóta þess er þú vart þeira formælandi, enn hinir stærri menn munu því öllu niðr slá, er þér er til gagns, ok virða meira fjándskaparorð þín“. Þórhaddr mælti: „Sá er hinn ellefti draumur minn, at ek þóttumst fara upp eftir Breiðdal ok hafa svo mikinn faðm, at ek þóttumst vöndla upp alt heraðit“. Steinn svaraði: „Þar muntu hafa alla heraðsmenn í fangi þér ok í móti þér í sínum ráðum“. Þórhaddr svaraði: „Sá var enn tólfti draumur minn, at ek þóttumst fara ór Breiðdal Hjarðarskarð, ok til bæjar þess er í Þroti heitir, ok þótti mér sem ekkja nökkur byggi þar ok þóttumst ek drepa fótum í þúfu ok falla, enn mér þótti Þorsteinn ríða um þvera götuna í móti mér“. Steinn mælti: „Eigi kemr mér þat óvart, at þú farir Hjarðarskarð ok drepir fótum í banapúfu ok þrotnir þar“. Þórhaddr kvað eigi ólíklegt, at hann yrði eigi langær ok hættu nú talinu. Síðan fór Þórhaddr heim.

5. Nökkuru síðar áttu heraðsmenn hlut í, ef nökkurar vánir væri sátta, ok báðu Þorstein til koma. Hann kvaðst ætla að til lítils mundi koma, at tala mál þeira Þórhadds — „enn ef tala skal um heraðsstjórn, þá mun ek koma, þótt Þórhaddr sé þar ok synir hans.“ Þessi fundr var á Berunesi. Kom þar Þorsteinn ok fjöldi bónda, ok létu fyrst talat um félagsstjórn, ok hversu fara ætti, ok urðu á þat vel sáttir.

Þá mælti Órækja Hólmsteinsson, Bersasonar, Özurarsonar, Brynjólfssonar ens gamla, — hann var frændi Þórhadds: — „Þik kveð ek at þessu, Þorsteinn, ef nökkut skal mega til sætta tala með ykkur Þórhaddi; viljum vér þar allan hlut í eiga ok ekki til spara hvárki fé né annat. Máttu á þat líta, at þeir frændr væri þér til margs vel fallnir, enn þetta mun þér at engri svivirðu verða ok eigi minkar höfðings- skap þinn orð þeirra ferleg.“ Þá fylgdu at aðrir héraðsmenn ok túlkuðu mál Þórhadds, ok kváðu Þorstein af því mundu fá frama. Segja Þórhadd góðan hug hafa á lagt at fylgja hans málum, þá er hann var eigi við. Þá svaraði Kolr bróðir Þorsteins: „Undarleg er slik eftir- leitan fyrir hönd Þórhadds, þess manns er svá illa hefir fyrir sér gert ok allir þeir feðg- ar“ ok svá svöruðu þá þegar margir til, frændr Þorsteins ok vinir.“ Þá mælti Þorsteinn: „Eigi þarf hér margt um at tala; eigi munum vit Þórhaddr sættast“. Ok fór sættarfundurinn sem Steinn gat. Þórhaddr mælti: „Eigi skulum vér þar ok mörg orð til leggja, enn vita skaltu þat Þorsteinn, at ek em draumamaðr mikill, ok eigi ólíklegt at brátt ræsi suma, enn allir munu eiga nökkurn stað. Mik dreymdi þat, at hvítabjörn mikill fór af hafi utau ok hljóp yfir höfuð oss feðgum hér á Berunesi ok rauu síðan á braut með brekkum nökkurum löngum,

enn síðan sá ek at refr nökkurr skauzt úr urðum ok banaði birninum, ok ráð þú Þorsteinn.“ Þorsteinn kvaðst eigi ráða mundu draum hans ok ekki tal eiga við hann. Þórhaddr svaraði: „Ek skal þá ráða, at slíkt sem flýgr yfir at öðrum mönnum, þá veit ek, at þú hefir þungan hug á mér ok kann verða, at þér verði auðit at verða minn skaðamaðr ok sona minna, ok er þat gott at taka dauða af slíkum manni sem þú ert, hjá því sem af vændismanni, sem standa mun yfir þínum höfuðsvörðum,— enn sá var annarr draumr, at mér þótti Þorsteinn sem vit ættim mat saman, ok synir mínir, ok var hverjum várum deildir hálfir hleifir brauðs, enn öllum saman suflit, ok þótti mér sem vér ættim vára hleifa loks feðgar, enn Þorsteinn hefði etit brauðsuflit alt frá oss ok halfan sinn hleif, ok ráð þú Þorsteinn þenna draum“. Þorsteinn spratt upp ok kvaðst eigi ráða mundu drauma hans. Þórhaddr kvað sér sparat mundu at ráða,— „ok skal svá vera, ok ræð ek svá at vér feðgar munum brátt lúka várum lífdögum ok muntu Þorsteinn nema frá oss lífsbjörgina, ok kann þó vera at þú eigir skamt ólífat,“ ok skildu síðan fundinn ok fóru menn heim ok óx ávalt ópokki með þeim. Þenna vetr átti Þorsteinn heimanferð norðr til Vápnafjarðar at hitta skegg-Brodda mág sinn. Kolr bróðir hans fór með honum ok nökkurir menn aðrir ok

váru þar um hrið, ok váru þeir mágar jafnan á tali. Broddi leysti Þorstein í brott með göðum gjöfum, ok er þeir fóru norðan um Smjörvatnsheiði, þá hrapaði maðr þeira fyrir brekku nökkura ok hló Þorsteinn at, ok margir menn aðrir, er manninn sakaði eigi. Þá mælti Kolr: „Undarlegt þykkir mér, bróðir, er þú mátt hlæja, slíkt orðtak sem Þórhaddr hefir mælt við þik, ok muntu aldri hefna vilja, ok beint er þér farit, sem ólmum dýrum er smá-dýrum verða at skada ok ferr — — — — — slokr þeira víða ok fýkr fyrir vindi ok mun ek hefna verða.“ Þorsteinn kvað eigi betr at meir væri eggjat, enn kvaðst sjaldan setit hafa svi-virðingar, ok eigi annarra við þurft að hefna. Kvámu heim ok váru heima of vetrinn enn of vórit öndurt fór Þorsteinn suðr at fjárfari sínu, ok at hitta þingmenn sína. Þar var á mikil ok kvámust þeir þó vel yfir, ok hittu Þórhadd öðrum megin, er þeir kvámu af ánni. Hann fór með klyfjahross ok spurði hversu yfir ána væri. Þorsteinn kvað honum ófært einum saman— „ok skal ek fá til kná menn at fylgja þér.“ Þórhaddr lézt þat þiggja mundu, ok þótti þó undarlegt, er hann veitti honum þenna forbeina, ok komst Þórhaddr yfir, enn er Þorsteinn var at spurðr, hví hann gerði þetta, þá svaraði hann: „Þeir hafa fáir hlutir verit, er mér hafa meira um verit, enn at koma Þórhaddi heil-

um yfir ána, því at ek ætla honum annan dauða enn drukkna“. Þorsteinn fór heim ok litlu síðar dreymdi Þorstein, at Jóreiðr móðir hans kom at honum; hon var Þiðrandadóttir, enn hon var þá önduð. Hon spurði: „Ætlar þú nú brátt til sættarfundar við Þórhadd?“ Hann kvaðst eigi þat hafa í hug sér. „Viltu hefna þá?“ sagði hon. Hann kvaðst þat hugsat hafa. Hon mælti: „Eigi þarftu þá lengr at fresta, því at eigi mun fyrri niðr falla illmælit enn hefndin fer fram, ok kvað þá vera ráð um daginn eftir, — tak ok öxar þínar báðar, Jarlsnaut ok Þiðrandanaut, ok haf þá í hendi til hefndanna, er þyngri er í hendi, því at Þiðrandanautr hefir oft vel gefizt. Þótt hon sé eigi jafn-fögr sem hin.“ Síðan vaknar hann, ok þóttist sjá svipinn hennar, er hon gekk í braut. Þann dag var ofviðri mikit. Þorsteinn tók öxarnar ok jafnvætti í hendi sér, ok var Þiðrandanautr þyngri, ok þótti honum eigi þó þess ván. Síðan bjóst hann til ferðar ok stígr á ferju; fóru til Hofshólma. ok tóku þar langskip gott ok reru út ór Álftafirði snemma of morgin. Þeir váru átján saman ok fóru svá norðr til Landsness. Þorsteinn var heldr ókátr áðr enn boði fell yfir skipit hjá Æðasteini ok fyldizt skipit undir þeim ok jósu þeir upp ok gladdist Þorsteinn síðan, ok þótti þetta vel verða, er þeir stýrðu undan háskanum. Ok er Þorsteinn var heiman far-

inn, varð varr við austmaðr hans, er á vist var með honum. Hann hafði verit fyrr með Þórhaddi. Þat varð hans tiltæki, at hann hljóp á fjörðinn, ok er hann kom til fjarðar botnsins ok hitti menn, þá spurði hann tíðinda. Þá var hann svá móðr, at hann fekk eigi mælt meira enn þetta. Þá fell hann niðr. Þeir Þorsteinn koma norðr undir Bakka á Berunesi ok hittu sauðamann Ingjalds, ok spurði Þorsteinn, hvat þar væri gesta. Hann mælti: „Mér er eigi laun á; þeir eru hér Helgi Þórhaddsson ok bræðr hans, Þorvarðr ok Naddr, enn ek hygg at Þórhaddr sé at Þorkels á Berunesi, ok Ásbjörn með honum.“ Þorsteinn mælti: „Vel ferr þér frá-sögnin.“ Ok skildust at því.

6. Nú skal segja frá Þorsteini ok mönnum hans, at þeir sneru til bæjar á Kársstaði, ok gengu undir húsgafl allir saman. Þá mælti Þorsteinn: „Vitu þér þann málavöxt um ferð vára at ek ætla til hefnda minna harma, enn ek vil at engi yðvarr veiti mér lið í móti Þórhaddi, nema líf mitt liggi við, því at ek vilda allra þeira bani verða. Vara ek yðr því við, at reiði mín liggr við, ef eigi er svá gert.“ Þorsteinn gekk til dyra ok kvaddi hurðar, ok kom Ingjaldr út ok heilsar Þorsteini. Hann spurði, hvat þar væri gesta. Ingjaldr varð fárr við ok sagði þó. Þorsteinn svaraði: „Er eigi þat, at þeir gerist mágar

þínir synir Þórhaddis, ok hitti dætr þínar; bið þá út koma, ef þeir vilja at vér talim um sættir várar; er nú eigi fjölmenni boðit.“ Bóndi kvað gett, ef svá væri at þeir sættist. Hann gerði svá, gekk inn ok sagði þeim at Þorsteinn væri kominn úti ok vildi tala við þá. Helgi kvaðst eigi vita, hvárt honum væri þat nökkut í hug. Þorvarðr kvaðst vilja út ganga, ef Þorsteinn væri einn, ok gekk hann út ok Naddr, enn Helgi var hóti seinni, ok er þeir kómu út, bað Þorsteinn þá niðr at setjast ok tala. Þorsteinn gekk frá at jörva nökkvarum ok þeir eftir, ok kvað hann eigi mundi allskamt talit ok kvað því hæfa at sitja. Þorvarðr settist niðr, ok var hinn vörpulegasti maðr, ok í því er hann settist niðr, hjó Þorsteinn Nadd banahögg, enn í því er Þorvarðr vildi upp standa, hjó Þorsteinn hann banahögg, áðr hann kæmist á fætr. Í því kom Helgi út, ok hljóp undir stein einn, er þar var í túninu, ok varðist þaðan; hann var bæði mikill ok sterkr ok garpr enu mesti. Þorsteinn sótti at honum ok áttust við um hrið. Enn Sigurðr enn auðgi hét maðr er í ferð var með Þorsteini. Hann hljóp at Helga ok lagði til hans með sverði, enn í þessu hjó Þorsteinn til Helga með öxi ok veitti honum bana, enn kvað Sigurð illa hjá sitja, enn kvað við hann mesta várkunn, ok kvað engum öðrum skyldu hlýtt hafa, — „enn þó veitta ek honum

bana.“ Sigurðr kvaðst eigi lengr þolat hafa atgang þeira enn — — — — —
 — (Þorvaldr var) bróðir Jóreiðar, faðir Helga ok Gríms Droplaugar sona; Hallkatla var móðir Þorkels Geitissonar í Krossavík. Ólof hét systir Halls á Síðu; hon var móðir Kolbeins Flosasonar, Þórðarsonar Freysgoða at Svínafelli. Ljótr son Halls átti Helgu dóttur Einars frá Þverá, ok var þeira dóttir Guðrún er átti Ari Þorgilsson af Reykjanesi. Annarr son Halls var Þorsteinn, er nú hefir verit frá sagt um hrið. Þriði son Halls var Egill. Hann átti Þorlaugu dóttur Þorvalds ór Ási ór Hjaltadal; þeira dóttir var Þorgerðr, móðir Jóans biskups ens helga. Kolr var enn fjórði son Halls. Hann átti Álofu dóttur Özurar frá Breiðá. Dóttir Halls var Gróa, er átti Teitr son Gizurar hvíta; þeira son var Hallr, faðir Gizurar, föður þeira Magnúss biskups ok Þorvalds, föður Gizurar. Ingvildr hét dóttir Halls; hana átti Eyjólfur son Guðmundar ens ríka af Möðruvöllum. Þeira dóttir var Þórey móðir Sæmundar ens fróða, föður Lofts, *jöður Jóns*, föður Sæmundar í Odda. Teitr Ísleifsson átti Jórinni hennar móðir var Þórdís dóttir Þorvalds Hallssonar af Síðu. Þorgerði dóttur Halls á Síðu átti Þorgrímr son digr-Ketils. Gró dóttur Halls átti síðan Snorri Kálfsson, enn eftir hann átti Gró Þorvarðr krákunef. Þórdísi dóttur Síðu-

Halls átti Þórðr Halldórsson ór Forsárskógum. Ok lýkr svá þessi sögu er frá Þorsteini er sögd.

Draumr Þorsteins Síðu-Hallssonar.

Draum þenna dreymdi Þorstein son Halls á Síðu austr at Svínafelli áðr hann væri þar veginn. Konur þrjár kvámu at honum ok mæltu við hann: „Vaki þú, Þorsteinn“, sögðu þær, „Gilli þræll þinn vill svíkja þik fyrir þat er þú lézt gelda hann, ok er þetta eigi lygi; láttu drepa hann“, sögðu þær. Þá kvað ein þeira, sú er fyrst gekk, vísu þessa ok var harmþrungin:

- (1) Allskörpu hefr orpit
 ævinhildr með lævi
 fyrir herðundum hurðar
 heinar, ægisbeini;
 gumnum stendr fyrir gamni
 Gerðr með brugðnu sverði.
 Vill ei enn með öllu
 eykvæn Héðins þeyjar
 eykvæn Héðins þeyjar

. . . . Þá vaknaði Þorsteinn ok lét leita þrælsins ok fanst hann eigi. Þá sofnaði Þorsteinn aðra nótt; þá kvámu draumkonurnar með hina sömu sögu, ok gekk sú fyrst, er áðr var í miðju, ok kvað sú þetta, er fyrst gekk:

- (2) Fram gekk dóms at dómi
 dómþakr hinn er lög rakti,
 unni guð þess er inui
 óþekk skyli slekkja;
 áðr febringiu(n) fengi
 fangsæl(l) Dvalins hanga
 baldr sá er blóðs of eldi
 biðkvæn und lok riðnar,
 biðkvæn und lok riðnar

æfi þinnar, Þorsteinn!“ Þorsteinn vaknaði ok var leitat þrælsins ok fanst hann eigi. Hin sömu tíðindi gerðust hina þriðju nátt, at þær kvámu enn ok váru þá grátandi allar; gekk sú þá fyrst, er áðr hafði síðast gengit. Sú mælti þá: „Hvert skulum vér þá hverfa eftir þinn dag, Þorsteinn?“ sagði hon. Hann svarar: „Til Magnúss sonar míns“, sagði hann. „Litla stund munu vér þar mega vera“, sagði hon ok kvað þá visu:

- (3) Flugvörna sitr Fjörnis
 fakund megin-unda
 hvöss yfir höggnum vísa
 hjálma Guðr at jálmi;
 þess es endr fyrir enda
 andþings um sjöt banda,

þat man ógurlegt, ægis
 óks ský máni tóku,
 óks ský máni tóku

lifit frá þér, Þorsteinn!“ Eftir þetta lét Þorsteinn ok Yngvildr kona hans leita Gilla, enn hann hittist eigi. Þá gerði á veðr ilt, ok vildi bóndi eigi at þau færi á brott, er veðrit var svá ilt. Enn hina næstu nátt eftir gekk Gilli þræll inn um leynidyr, er menn sváfu, ok brá saxi, enn Þorsteinn hvildi svá, at hann lagði hönd sína í höfuð sér. Gilli brá saxinu á barka Þorsteini, enn hann spratt upp við ok brá sverði ok fell þegar á bak aftr ok var þá dauðr, enn þrællinn hljóp utar í eldhúsit ok varðist þar ór horni einu, því at heimamenn Þorsteins sóttu eftir honum. Síðan báru þeir föt á vápn hans; þá kastaði hann saxinu ok mælti: „At lokum er nú komit æfi minnar“. Þá mælti Yngvildr: „Hverr réð þér þetta hið illa verk at gera?“ Hann svarar: „Einkis manns ráð eru þetta annars enn mín“. Þá var sett á kvið Gilla glóandi munnlaug. Þá mælti Gilli: „Kvelið mik ekki lengr, ella mun ek mæla þat orð, Yngvildr, at uppi man vera alla æfi í knérinni yðrum ok mun á hrína“. Þá spyrndi Yngvildr á munnlaugina, enn kviðrinn Gilla sprakk af bruna. Síðan var hann færðr niðr um garð ok sökt í fen eitt ok sér þess enn merki. Gilli þessi var son Jathguðs,

Gillasonar, Bjaðachssonar, Kjarfalssonar konungs af Írlandi, hins gamla, er þar ríkti lengi.

Vísaskýringar

eða tilraun til að skýra vísurnar í draumi Þorsteins
Síðu-Hallssonar.

1. Efnihildr¹ hefir [með lævi² orpit³ allskörpu ægisbeini⁴ fyrir [heinar hurðar herðundum⁵. Gerðr⁶ stendr gumnum⁷ fyrir gamni með brugðnu sverði. Héðins þeyjar eykvæn⁸ vill ei(gi) enn með öllu . . .

1. Efnihildr, æfidís. — 2. með lævi, með svikum. — 3. orpit, kastað. — 4. allskörpu ægisbeini, hörðum steini. — 5. heinar hurðar herðundum, mönnum. — 6. Gerðr, tröllkona, hér = dís (o: æfidísin). — 7. gumnum, mönnum. — 8. Héðins þeyjar eykvæn, valkyrja, hér = dís(in).

Æfidís(in) hefir með svikum kastað hörðum steini fyrir mönnum; hún stendr þeim fyrir gamni (o: ógnar þeim) með brugðnu sverði, en vill eigi enn með öllu . . .
(framhald efnisins í vísunni vantar, þótt vísuorðin sé nægilega mörg samkvæmt bragarhætti).

2. Hinn, er rakti lög¹, gekk fram at dómi, er skyli² slekkja³ óþekk inni⁴; unni dómsþakr guð⁵ þess dóms, áðr fébringinn⁶ dvalins hanga baldr⁷ fengi und lok riðnar⁸ of eldi⁹ biðkvæn¹⁰ (æfi þinnar, Þorsteinn); sá er fangsæll blóðs.

1. rakti lög, hugði at lögum. — 2. skyli, skyldi. — 3. slekkja, slökkva, sæfa. — 4. óþekk inni, illa hugi(?). — 5. dómsþakr gu

Óðinn?— 6. *fébringinn* (t.g. óviss, fyrir „febringin“, sem finnst í handritunum, en verður eigi skilið), er hér tekið sem fémildr (fégjöf full), en er þó eigi viðfeldið í þessu sambandi.—7. *dvalins hanga baldr*, Óðinn.—8. *fengi und lok riðnar*, fengi færðar til heljar(?)—9. *of eldi*, með eldi(?) — 10. *biðkvæn*, dís, hér: dísir (æfidísir).

Hinn er hugði at lögum, gekk fram at dómi er skyl(d)i sæfa illa hugi; þess dóms unni dómspakr guð, áðr (hann) fengi færðar til heljar með eldi dísir æfi þinnar, Þorsteinn o. s. frv. [Skýring þessi er þó alls eigi viss, enda hafa þeir Dr. Guðbr. og Möbius látið síðara helming vísunnar með öllu óskýrðan].

3. Þessi vísa er svo mjög úr lagi færð, að hún verður eigi skýrð, svo að gagn sé að, og með því að skýringarnar geta eigi orðið annað en tilgátur einar, þegar um svo affærðan kveðskap er að ræða, er þeim sleppt hér með öllu, því að þótt hinar tvær vísur, sem hér að framan hefir verið reynt að skýra, sé mjög óvissar, eru þær þó nokkuru líkari til að verða skýrðar, en þessi er. Dr. Guðbrandr hefir í „*Draumvitrunum*“ reynt að skýra fáein orð í fyrra helmingi vísunnar, en telr þó vafasamt, að þær skýringar sé réttar. Síðara helmingi vísunnar hefir hann sleppt með öllu.

N Ö F N.

- Aðalból**, bær í Suðr-Múlasýslu 11.
- Álftafjörðr** í Suðr-Múlasýslu 20.
- Álof** sjá Ólof.
- Ari Þorgilsson** (Arasonar) á Reykjahólum 23.
- Ás** „í Hjaltadal“ (*réttara*: í Holtum, í Rangárþingi) 23.
- Ásbjörn Þórhaddsson** 21.
- Austfirðir** 15. — Austfirðingar 8.
- Bakki**, bær í Suðr-Múlasýslu 21.
- Baldr** (Dvalins hanga Baldr = Óðinn?) 25.
- Bersi** (Spak-Bersi) Özur arson 17.
- Berufjarðarströnd** í Suðr-Múlasýslu 8.
- Berunes** á Berufjarðarströnd 11, 16—17, 21.
- Bjadhachr Kjarfalsson** 27.
- Breiðá**, bær í Austr-Skaftafellssýslu 23.
- Breiðdalr** í Suðr-Múlasýslu 11, 16.
- Brennu-Flosi**, sjá Flosi Þórðarson.
- Brjánn konungr** 3—4.
- Brjáns-orrusta** (1014) 4—5.
- Broddi** (Skegg-Broddi) [Bjarnason, á Hofi í Vápnafirði] 18—19.
- Bróðir víkingr**, banamaðr Brjáns konungs 4.
- Brynjólfr hinn gamli** [Þorgeirsson, Vestarssonar; landnámsmaðr] 17.
- Digr-Ketill**, sjá Ketill.
- Drauma-Steinn**, sjá Steinn.
- Droplaugarsynir** 23.
- Dumazbakki** (á Írlandi) 3.
- Dvalinn** (dvergs heiti) 25.
- Egill Hallsson** (Síðu-Halls) 23.
- Einarr** (Þveræingr, Eyjólfsson) á Þverá í Eyjafirði 23.
- Einarr** (Torf-Einarr) Rögnvaldsson, jarl 2.

- Eyjólfur (halti) Guðmundarson, á Möðruvöllum 23.
- Firðir (= Austfirðir) 5.
- Fjörnir (hjalms heiti) 25.
- Flosi (brennu-Flosi) Þórðarson 3, 23.
- Forsárskógar, undir Eyjafjöllum 24.
- Geitir (Lýtingsson, í Krossavík) 23.
- Gerður (tröllkonu heiti) 24.
- Gerpur, fjall í Suðr-Múlasýslu 15.
- Gilli Bjaðachsson 27.
- Gilli Jathguðsson, þræll 24—26.
- Gizurr Hallsson (í Haukadali, lögsögumaður † 1206) 23.
- Gizurr hinn hvíti (Teitsson) 23.
- Gizurr Þorvaldsson jarl († 1268) 23.
- Grimkell, förumaður í Austfjörðum 10—11.
- Grimr Droplaugarson 23.
- Gróa Hallsdóttir (Síðu-Halls) 23.
- Guðleif (Þórhaddsdóttir) kona Hauks 5—7.
- Guðmundr hinn ríki (Eyjólfsson) á Möðruvöllum 23.
- Guðr (valkyrja) 25.
- Guðrún Ljótsdóttir 23.
- Haldórr (Örnólfsson) í Forsárskógum 24.
- Hallkatla (Þiðrandadóttir) móðir Þorkels Geitissonar 23.
- Hallr Teitsson (Ísleifssonar biskups) prestur í Haukadali († 1150) 23.
- Hallr (Síðu-Hallr) Þorsteinson („af Síðu“) 2, 8, 11, 14, 23—24.
- Haukr á Rannveigarstöðum, mágr Þórhaddis 5—10.
- Héðinn (Hjarandason, fornkönungur) 24.
- Helga Einaradóttir, Þveræings 23.
- Helgi Droplaugarson 23.
- Helgi Þórhaddsson 10, 21—22.
- Hjaltadalr (nyðra) 23.
- Hjarðarskarð, örnefni í Suðr-Múlasýslu 16.
- Hlíð, bæur í Lóni í Austr-Skaftafellssýslu 11.
- Hlödver Þorfinnsson, jarl í Orkneyjum 2.
- Hof í Álftafirði 10.
- Hofshólmr, örnefni í Álftafirði 20.
- Hólmsteinn Bersason, Özurarsonar 17.

- Hrollaugr Rögnvaldsson, landnámsmaðr 2.
- Hvart í Suðr-Múlasýslu 12.
- Ingjaldr á Kársstöðum 11, 21.
- Írland 3, 27.
- Ísleifr (Gizurarson, hins hvíta, biskups) 23.
- Jarlsnautr** (öxi Þorsteins Hallssonar) 3, 20.
- Jathguð Gillason 26.
- Jón (Jón) biskup hinn helgi (Ogmundarson, † 1121) 23.
- Jón Loftsson í Odda († 1197) 23.
- Jóreiðr Þiðrandadóttir (móðir Þorsteins Hallssonar) 20, 23.
- Jórunn (Einarsdóttir, og) dóttir Þórdísar, kona Teits prests Ísleifssonar 23.
- Kálfr** faðir Snorra (c. 1000; = Kálfr Ásgeirson æðikolls?) 23.
- Kárastaðir, bær í Suðr-Múlasýslu 21.
- Ketill (digr-Ketill) 23.
- Kjarfalar hinn gamli, Írakonungr 27.
- Kleif, bær í Breiðdal, í Suðr-Múlasýslu 11—12.
- Kolbeinn Flosason (brennu-Floza), Þórðarsonar [án efa = Kolbeinn lögsögumaðr, 1066—1071] 23.
- Kolr Hallsson (Síðu-Halls) 11, 17—19, 23.
- Krossavík, bær í Vápnafirði 23.
- Landanes**, í Suðr-Múlasýslu 20.
- Ljótr Hallsson af Síðu († 1212) 8, 23.
- Lón, í Austr-Skaftafellssýslu 11.
- Loftr Sæmundarson, prestur í Odda 23.
- Magnús** Gizurarson biskup í Skálholti (1216—†1236) 23.
- Magnús (hinn góði) Ólafsson, Noregskonungr (1035—†1047) 4.
- Magnús Þorsteinsson, Hallssonar af Síðu 25.
- Mæri, í Noregi 2.
- Möðruvellir í Eyjafirði 23.
- Naddr Þórhaddsson 21—22.
- Njáls saga 3.
- Noregr 4.

- Oddi**, bær á Rangárvöllum 23.
- Ólafr** (hinn helgi Haraldsson) faðir Magnúss konungs 4.
- Ólof** (Þorsteinedóttir) systir Halls af Síðu 23.
- Ólof** (Álof) Özurardóttir, frá Breiðá 23.
- Orkneyjar** 2—4.
- Órækja Hólmsteinsson, Bersasonar** („frændi Þórhadds“) 17.
- Óspakr** vikingr 4.
- Rarnveigarstaðir**, bær í Suðr-Múlasýslu 8—10.
- Reykjanes**, í Barðastrandarsýslu 23.
- Rögnvaldr** (Eysteinson) jarl á Mæri 2.
- Sigurðr** auðgi, fylgdarmadr Þorsteins Hallssonar 22—23.
- Sigurðr Hlödvarsson**, jarl í Orkneyjum (†1014) 2—3.
- Síða**, í Austfirðingafjórðungi 2, 23—24.
- Síðu-Hallr**, sjá Hallr Þorsteinsson.
- Skegg-Broddi**, sjá Broddi Bjarnason.
- Skotland** 2.
- Smjörvatnsheiðr** í Austfjórðum 19.
- Snorri Kálfsson** († um 1040?) 23.
- Steinn** (drauma-Steinn) 11—17.
- Stræti**, bær í Suðr-Múlasýslu 8, 10, 12, 14.
- Svínafell**, bær í Öræfum í Skaftafellssýslu 23, 24.
- Sæmundr Jónsson** í Olda († 1222) 23.
- Sæmundr hinn fróði** (Sigfússon), prestur í Odda († 1133) 23.
- Teitr** Gizurarson, hins hvíta 23.
- Teitr Ísleifsson** (biskups, prestur í Haukadali; † 1111) 23.
- Torf-Einarr**, sjá Einarr Rögnvaldsson.
- Vápnafjórðr**, í Norðr-Múlasýslu 18. — Vápnfirðingar 4, 7.
- Vestrlönd** 2.
- Yngvildr** (Bjarnadóttir [Viga-Bjarna] Brodd-Helgasonar) kona Þorsteins Hallssonar 7, 26.
- Yngvildr Halladóttir** af

- Síðu, kona Eyjólf's halta á Möðruvöllum 23.
- Þórandanautr (öxi Þorsteins Hallssonar) 20.
- Þiðrandi (hinn spaki, Ketilsson, í Njarðvík) 20.
- Þórdís Hallsdóttir (Síðu-Halls) 23—24.
- Þórdís Þorvaldsdóttir, Hallssonar 23.
- Þórdr Halldórsson úr Forsárskógum 24.
- Þórdr Freysgoði (Özurarson) 23.
- Þórey Eyjólfadóttir, móðir Semundr hins fróða 23.
- Þórey (Landa.: Þórdís) Özuradóttir (keiliselgs), móðir Halls á Síðu 2.
- Þorfinnr hauskjúfr Einarsson, Orkneyjajarl 2.
- Þorgerðr Egilsdóttir, Hallssonar 23.
- Þorgerðr Halledóttir (Síðu-Halls) 23.
- Þorgils (Arason, Mássonar, á Reykjahólum) faðir Ara 23.
- Þorgrímr digr-Ketilsson 23.
- Þórhaddr [skál, Hafjótsson] á Ranuveigarstöðum 1—2, 5—22 (sbr. formálan).
- Þórhaddssynir (Ásbjörn, Helgi, Naddr og Þorvarðr) 7, 10, 14, 16, 21—22.
- Þorkell bóndi á Berunesi 21.
- Þorkell Geitisson í Krossavík 23.
- Þorlaug Þorvaldsdóttir úr Ási 23.
- Þorleifr 1 (= Þorleifr hinn kristui?)
- Þorsteinn Hallsson (Síðu-Halls) á Hofi í Álftafirði 1—11, 14—26.
- Þorvaldr (Skeggjason) í Ási í Holtum (ekki „í Hjaltadal“) 23.
- Þorvaldr Gizurarson í Hruna (†1235) 23.
- Þorvaldr Hallsson (Síðu-Halls; Landn.: Þorvarðr) 23.
- Þorvaldr Þiðrandason 23.
- Þorvarðr krákunef (á 11.öld) 23.
- Þorvarðr Þórhaddsson 21—22.
- Þrot, bær á Austfjörðum(?) 16.
- Þverá í Eyjafirði 23.
- Æðasteinn, í Suðr-Múla-sýslu 20.
- Özurr (Hróaldsson) frá Breiðá 23.
- Özurr Brynjólfsson, hins gamla 17.
- Özurr (keiliselgr) Hrollaugsson 2.

Prentvillur og leiðréttingar, o. s. frv.

Bls. 1¹: váru þar, les: váru þau. — Bls. 1⁶: myndi eigi, les: mynda eigi. Bls. 1⁷: eigi, les: ei(gi). — Bls. 2²: Þorhaddr, les: Þórhaddr. — 2¹⁶: Þórey (Özurardóttir) stendr í útgáfum sögunnar, en Þórdís, er líkl. réttara (sbr. Landnámabók). — Bls. 2²⁶: í skóga, les: á skóga. — Bls. 3₃: heyrðu menn mælt, les: heyrðu (menn) mælt. — Bls. 4₁₂: á búi, les: í búi. — Bls. 4₁₀: vinholtr. les: vinhalir. — Bls. 4₉: mótgerða, les: mótgerðar. — Bls. 7₆: ok bað hann at selja, les: ok bað hann selja. — Bls. 7₅: rétti, les: rétta. — Bls. 8₇: lýsa, les: lýsi. — Bls. 9₅: óráðmannlega, les: óráðamannlega. — Bls. 9₆: standa, les: standzt. — Bls. 9₆: stæðu, les: stæði. — Bls. 9¹⁴: haugi, er í hinum fyrrum útgáfum lesið: höggi, en óvíst að það sé réttara. — Bls. 10¹⁴: rekið, les: reka. — Bls. 10¹⁵: skifta fé til helminga, les: skifta þar öllu í helminga. — Bls. 10²¹: Gerist, les: Gerðist. — Bls. 11⁵: óvirðingu, les: óvirðing. — Bls. 11₇: kapitulatalan: 4., á að standa á undan eyðunni, og með tölunni á að byrja ný lína. — Bls. 11^{29—30}: Hann bjó í — — — þess, les: Hann bjó á (Kársstöðum) — — — (Þorkels) þess, osfrv, (sbr. formálan). — Bls. 12¹⁹: á Hvarfi, les: í Hvarfi. — Bls. 12²³: verða at þér, les: veiða (at) þér. — Bls. 13¹⁷: tindrar, les: sindrar. — Bls. 14³: glóandi, les: glóanda. — Bls. 15^{6—7}: á hnakkann, „í hnakkaun“, stendr í útgáfum þeirra Konráðs og Möbiusar, og mun það samkvæmt handriti sögunnar. — Bls. 16⁷: þóttumst vöndla, les: þóttumst mega vöndla. — Bls. 16¹⁶: þat óvart, les: þat á óvart. — Bls. 16²¹: at tala mál, les: at tala um mál.

— Bls. 16²⁹—³⁰: félagsstjórn, ok hversu fara ætti, les: héraðsstjórn, hversu fara ætti, o. s. frv.

Jósafrat Jónasson hefir samið formálan fyrir sögu þessari, tímatalið, tilraunir til visuaskýringa, registr og leiðréttingar. Hann hefir og samið registr og leiðréttingar við Viglundarsögu.

EIRÍKS SAGA RAUÐA

OK GRÆNLENDINGA ÞÁTTTR.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMAÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1902.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN,

FORMÁLI.

Eiríks saga rauða er áður út gefin í „Grönlands historiske Mindesmærker“, í „Antiqvitatia Americanæ“, í Flateyjarbók og Hauksbók.

Í Hauksbók er sagan lengri enn hér, því þar er frásögnin öll um Vínlands fundinn í einu lagi. Ean með því að sagan er ekki rétt nefnd Eiríks saga rauða, af því að hann kemr lítt við söguna, og aðrir miklu meira, eins og Þorfinnr karlsefni, hefir hér verið farið eftir Flateyjarbók, sem hefir þáttinn af Eiríki út af fyrir sig, enn Þorfinns saga karlsefnis er prentuð hér sér í lagi. Enda hefir sá kafli sögunnar verið kallaðr því nafni um langan aldr.

Eiríks saga og Þorfinns munu vera ritaðar snemma á 13. öld.

Aftan við Eiríkssögu er hér prentaðr Grænlendinga þáttur. Hann er talinn ekki eldri en frá 1300 og því yngri en sagan og ekki eins áreiðanlegr.

Líklega eru sögur þessar um Vínlands fundinn ritaðar eftir sama handriti, sem nú er ekki til í upphaflegri mynd. og hafa því frásagnirnar ruglað nokkuð, enn yfirleitt mun þó mega ætla að rétt og skilmerkilega sé trá atburðunum sagt.

TÍMATAL.

Fæddr Snorri Þorbrandsson	um 964
Fæddr Leifr heppni	um 965
Fæddr Þorfinnr karlsefni	um 972
Eirike randi fer að nema Grænland	986
Bjarni Herjólfsson kom til Ameríku	um 885
Snorri Þorbrandsson fer til Grænlands og Leifr heppni finnr Vínland	1000
Leifr heppni kemr aftr til Grænlands	1001
Þorvaldr Eiríksson fer til Vínlands	1002
Þorfinnr karlsefni kemr til Grænlands	1006
Þorfinnr karlsefni og Guðríðr fara til Ameríku	1007
Þorfinnr og félagar hans verzla við Skrælingja. Snorri Þorfinnsson fæddr á Vínlandi	1008
Þorfinnr fer aftr frá Vínlandi til Grænlands	1011
Þorfinnr kemr til Íslands	1014



Eiríks saga rauða ok Grænlandinga þátr.

Þorvaldr hét maðr, son Ásvalds Úlfssonar, öxna-Þórissonar. Þorvaldr ok Eiríkr hinn rauði son hans fóru af Jaðri til Íslands fyrir víga sakir. Þá var víða bygt Ísland. Þeir bjuggu fyrst at Dröngum á Hornströndum; þar andaðist Þorvaldr. Eiríkr fekk þá Þórhildar dóttur Jörundar ok Þorbjargar knarrar-bringu, er þá átti Þorbjörn hinn haukdælski; réðst Eiríkr þá norðan ok bjó á Eiríksstöðum hjá Vatnshorni. Son Eiríks ok Þórhildar hét Leifr. Enn eftir víg Eyjólfss saurs ok hólm-göngu-Hrafns var Eiríkr gerr brott ór Haukalal. Fór hann vestr til Breiðafjarðar ok bjó Öxney á Eiríksstöðum. Hann léði Þorgesti etstokka ok náði eigi; hann kallaði til; þaðan f gerðust deilur ok bardagar með þeim Þorvesti, sem segir í sögu Eiríks. Stýrr Þorrimsson veitti Eiríki at málum ok Eyjólfir ór viney, ok synir Brands ór Álftafirði ok Þorbjörn Vífilsson, enn Þorgestlingum veittu synir Þórðar geillis ok Þorgeirr ór Hítardal. Eiríkr arð sekr á Þórsnesþingi; bjó Eiríkr þá skip

sitt til hafs í Eiríksvági. Enn er hann var búinn, fylgdu þeir Styrr honum út um eyjar. Eiríkr sagði þeim, at hann ætlaði at leita lands þess, er Gunnbjörn son Úlfs kráku sá, er rak vestr um haf, þá er hann fann Gunnbjarnarsker; kveðst hann aftr mundu leita til vina sinna, ef hann fyndi landit. Eiríkr sigldi undan Snæfellsjökli; hann fann landit, ok kom utan at því, þar sem hann kallaði Miðjökul; sá heitir nú Bláserkr. Hann fór þá þaðan suðr með landinu at leita ef þaðan væri byggjanda landit. Hann var hinn fyrsta vetr í Eiríksey, nær miðri hinni eystri bygð. Um várit eftir fór hann til Eiríkسفjarðar ok tók sér þar bústað. Hann fór þat sumar í hina vestri bygð og gaf víða örnefni. Hann var annan vetr í Hólmum við Hrafnsgnípu; enn hit þriðja sumarit fór hann til Íslands ok kom skipi sínu í Breiðafjörð. Hann kallaði landit, þat er hann hafði fundit, Grænland, því at hann kvað þat mundu fýsa menn þangat, er landit hétí vel. Eiríkr var á Íslandi um vetrinn, enn um sumarit eftir fór hann at byggja landit. Hann bjó í Brattahlíð í Eiríkسفirði. Svá segja fróðir menn, at á því sama sumri, er Eiríkr rauði fór at byggja Grænland, þá fór hálfir fjórði tögr skipa ór Breiðafirði ok Borgarfirði, enn fjórtán kvámust út þangat; sum rak aftr, enn sum týndust. Þat var fimtán vetrum fyrr enn kristni var

lögtekin á Íslandi. Á því sama sumri fór utan Friðrekr biskup ok Þorvaldr Kódrásson. Þessir menn námu land á Grænlandi, er þá fóru út með Eiriki: Herjólfur Herjólfssjörð, hann bjó á Herjólfssnesi; Ketill Ketilsfjörð, Hrafn Hrafnssfjörð, Sölvi Sölvadal, Helgi Þorbrandsson Álftafjörð, Þorbjörn glóra Siglufjörð, Einarr Einarsfjörð, Hafgrímur Hafgrímsfjörð ok Vatnahverfi, Arnlaugr Arnlaugsfjörð; en sumir fóru til Vestribygðar.

2. (Leifr hepnir var skírðr). Þá er sextán vetr váru liðnir frá því er Eiríkr rauði fór at byggja Grænland, þá fór Leifr son Eiríks utan af Grænlandi til Noregs; kom hann til Þrándheims um haustit, þá er Óláfr konungur Tryggvason var kominn norðan af Hálogalandi. Leifr lagði skipi sínu inn til Niðaróss, ok fór þegar á fund Óláfs konungs. Boðaði konungur trú honum sem öðrum heidnum mönnum, er á hans fund kómu: gekk konungi þat auðveldlega við Leif; var hann þá skírðr ok allir skipverjar hans. Var Leifr með konungi um vetrinn vel haldinn.

3. (Bjarni leitaði Grænlands). Herjólfur var Bárðarson Herjólfssonar. Hann var fænrdi Ingólfs landnámsmanns. Þeim Herjólfu gaf Ingólfr land á milli Vágs og Reykjaness. Herjólfur bjó fyrst á Dreptokki. Þorgerðr hét kona hans, enn Bjarni son þeira, ok var hann efnilegasti maðr. Hann fýstist utan þegar á unga aldri;

varð honum bæði gott til fjár ok mannvirðingar, ok var sinn vetr hvárt utan lands eða með feðr sínum. Brátt átti Bjarni skip í förum; ok hinn síðasta vetr, er hann var í Noregi, þá brá Herjólfur til Grænlandsferðar með Eiríki ok brá búi sínu. Með Herjólfri var á skipi suðreyskr maðr kristinn, sá orti Hafgerðingadrápu. Þar er þetta stef í:

Mínar bið ek munka reyni
meinalausan farar beina;
heiðis heldi hárar foldar
hallar dróttinn yfir mér stalli.

Herjólfur bjó á Herjólfssnesi; hann var hinn göfgasti maðr. Eiríkr rauði bjó í Brattahlíð. Hann var þar með mestri virðingu, ok lutu allir til hans. Þessi váru börn Eiríks: Leifr, Þorvaldr ok Þorsteinn, enn Freydis hét dóttir hans; hon var gift þeim manni, er Þorvarðr hét, ok bjoggu þau í Görðum, þar sem nú er biskupsstóll. Hon var svarri mikill, enn Þorvarðr var lítilmenni; var hon mjög gefin til fjár. Heiðit var fólk á Grænlandi í þann tíma. Þat sama sumar kom Bjarni skipi sínu á Eyrar, er faðir hans hafði brott siglt um várit. Þau tíðindi þóttu Bjarna mikil ok vildi eigi bera af skipi sínu. Þá spurðu hásetar hans, hvat er hann bærisk fyrir; enn hann svarar, at hann ætlar að halda síðvenju sinni, ok þiggja af föður sínum vetrvist, — „ok vil ek halda

skipinu til Grænlands, ef þér vilið mér fylgd veita“. Allir kváðust hans ráðum fylgja vilja. Þá mælti Bjarni: „Óvitrleg mun þykja vár ferð, þar sem enginn vár hefir komit í Grænlandshaf“. Enn þó halda þeir nú í haf, þegar þeir váru búnir, ok sigldu þrjá daga, þar til er landit var vatnat, enn þá tók af byrinn ok lagði á norrænur ok þokur, ok vissu þeir eigi hvert at þeir fóru, ok skifti þat mörgum dægum. Eftir þat sá þeir sól, ok máttu þá deila ættir. Vinda nú segl, ok sigla þetta dægr, áðr þeir sá land, ok ræddu um með sér, hvat landi þetta mun vera, enn Bjarni kvaðst hyggja, at þat mundi eigi Grænland. Þeir spyrja hvárt hann vill sigla at þessu landi eðr eigi. „Þat er mitt ráð at sigla í nánd við landit“, segir hann, ok svá gera þeir, ok sá þat brátt, at fjallit var fjöllótt og skógi vaxit, ok smár hæðir á landinu, ok létu landit á bakborða, ok létu skaut horfa á land. Síðan sigla þeir tvau dægr áðr þeir sá land annat. Þeir spyrja, hvárt Bjarni ætlaði þat enn Grænland; hann kvaðst eigi heldr ætla þetta Grænland enn hit fyrri, — „þvi at jöklar eru mjök miklir sagðir á Grænlandi“. Þeir nálgudust brátt þetta land, ok sá þat vera slétt land ok viði vaxit. Þá tók af byr fyrir þeim. Þá ræddu hásetar þat, at þeim þótti þat ráð, at taka þat land; enn Bjarni vill þat eigi. Þeir þóttust

bæði þurfa við ok vatn. „Af engu eru þér því óbirgir“. segir Bjarni; enn þó fekk hann af því nökkut ámæli af hásetum sínum. Hann bað þá vinda segl, ok svá var gert, ok settu framstafn frá landi ok sigla í haf útsynnings byr þrjú dægr, ok sá þá landit þriðja; enn þat land var hátt ok fjöllótt, ok jökull á; þeir spyrja þá, ef Bjarni vildi at landi láta þar, enn hann kveðst eigi þat vilja, — „því at mér lízt þetta land ógagnvænlegt“. Nú lægðu þeir eigi segl sitt, halda með landinu fram, ok sá at þat var eyland; settu einn stafn við því landi; ok heldu í haf hinn sama byr; enn veðr óx í hönd, ok bað Bjarni þá svifta, ok eigi sigla meira enn bæði dygði vel skipi þeira ok reiða; sigldu nú fjögr dægr. Þá sá þeir land hit fjórða. Þá spurðu þeir Bjarna, hvárt hann ætlaði þetta vera Grænland, eðr eigi. Bjarni svarar: „Þetta er líkast því, er mér er sagt frá Grænlandi; ok hér munu vér at landi halda.“ Svá gera þeir ok taka land undir einhverju nesi at kveldi dags; ok var þar báttr á nesinu; enn þar bjó Herjólftr, faðir Bjarna, á því nesi, ok áf því hefir verit nafn tekit, ok er síðan kallat Herjólfnes. Fór Bjarni nú til föður síns, ok hættir nú siglingu, ok er með föður sínum meðan Herjólftr lifði, ok síðan bjó hann þar eftir föður sinn.

Hér hefir Grænlandinga þátt.

4. Þat er nú þessu næst, at Bjarni Herjólfsson kom utan af Grænlandi á fund Eiríks jarls; ok tók jarl við honum vel. Sagði Bjarni frá ferðum sínum, er hann hafði lönd sét, ok þótti mönnum hann hafa verit óforvitinn, er hann hafði ekki at segja af þeim löndum, ok fekk hann af því nökkut ámæli. Bjarni gerðist hirðmaðr jarls, ok fór út til Grænlands um sumarit eftir. Var nú mikil umræða um landaleitan. Leifr, son Eiríks rauða ór Brattahlíð, fór á fund Bjarna Herjólfssonar, ok keypti skip af honum, ok réð til háseta, svá at þeir váru hálfir fjórði tögr manna saman. Leifr bað föður sinn Eirík, at hann mundi enn fyrir vera förinni. Eiríkr taldist heldr undan, kvaðst þá vera hniginn í aldr, ok kvaðst minna mega við vási öllu enn var. Leifr kveðr hann enn mundi mestri heill stýra af þeim frændum; ok þetta lét Eiríkr eftir Leifi, ok riðr heiman, þá er þeir eru at því búnir; ok var þá skamt at fara til skipsins. Drepr hestrinn fæti, sá er Eiríkr reið, ok fell hann af baki, ok lestist fótr hans. Þá mælti Eiríkr: „Ekki mun mér ætlat at finna lönd fleiri enn þetta, er nú byggjum vér; munu vér nú ekki lengr fara allir samt. Fór Eiríkr heim í Brattahlíð, enn Leifr réðst til skips, ok félagar hans með honum, hálfir fjórði tögr manna. Þar var suðrmaðr einn í ferð, er

Tyrker hét. Nú bjuggu þeir skip sitt ok sigldu í haf, þá er þeir váru búnir, ok fundu þá þat land fyrst, er þeir Bjarni fundu síðast. Þar sigla þeir at landi, ok köstuðu akkerum, ok skutu báti, ok fóru á land, ok sá þar eigi gras. Jöklar miklir váru alt hit efra, enn sem ein hella væri alt til jöklanna frá sjónum, ok sýndist þeim þat land vera gæðalaust. Þá mælti Leifr: „Eigi er oss nú þat orðit um þetta land sem Bjarna, at vér hafim eigi komit á landit; nú mun ek gefa nafn landinu, ok kalla Hellu-land“. Síðan fóru þeir til skips. Eftir þetta sigla þeir í haf ok fundu land annat; sigla enn at landi, kasta akkerum, skjóta síðan báti, ok ganga á landit. Þat land var slétt ok skógi vaxit, ok sandar hvítir víða, þar sem þeir fóru, ok ósæbratt. Þá mælti Leifr: „Af kostum skal þessu landi nafn gefa, ok kalla Markland“; fóru síðan ofan aftr til skips sem fljótast. Nú sigla þeir þaðan í haf landnyrðingsveðr, ok váru úti tvau dægr, áðr þeir sá land, ok sigldu at landi, ok kómu at ey einni, er lá norðr af landinu, ok gengu þar upp, ok sást um í góðu veðri, ok fundu þat at döggr var á grasinu, ok varð þeim þat fyrir, at þeir tóku höndum sínum í döggina, ok brugðu í munn sér, ok þóttust ekki jafnsætt kent hafa, sem þat var. Síðan fóru þeir til skips síns, ok sigldu í sund þat, er lá milli eyjarinnar ok ness þess, er norðr

gekk af landinu; stefndu í vestrætt fyrir nesit. Þar var grunnsævi mikit at fjöru sjávar; ok stóð þá uppi skip þeira, ok var þá langt til sjávar at sjá frá skipinu. Enn þeim var svá mikil forvitni á at fara til landsins, at þeir nentu eigi þess at biða, at sjór felli undir skip þeira, ok runnu til lands, þar er á ein fell ór vatni einu; enn þegar sjór fell undir skip þeira, þá tóku þeir bátinn, ok raru til skipsins, ok fluttu þat upp í ána, síðan í vatnit, ok köstuðu þar akkerum, ok báru af skipi húðföt sín, ok gerðu þar búðir; tóku þat ráð síðan, at búast þar um þann vetr ok gerðu þar hús mikil. Hvárki skorti þar lax í ánni né í vatninu, ok stærra lax enn þeir höfðu fyrr sét. Þar váru svá góðir landskostir, at því er þeim sýndist, at þar mundi engi fénaðr fóðr þurfa á vetrum; þar kómu engi frost á vetrum; ok lítt rénuðu þar grös. Meira var þar jafndægri enn á Grænlandi eða Íslandi; sól hafði þar eyktar stað ok dagmála stað um skamdegi. Enn er þeir höfðu lokit húsagerð sinni, þá mælti Leifr við föruneyti sitt: „Nú vil ek skifta láta liði váru í tvá staði, ok vil ek kanna láta landit; ok skal helmingrliðs vera við skála heima, enn annarr helmingr skal kanna landit, ok fara eigi lengra enn þeir komi heim at kveldi, ok skilist eigi. Nú gerðu þeir svá um stund. Leifr gerði ýmist, at hann fór með þeim eðr var heima at

skála. Leifr var mikill maðr ok sterkr, manna skörulegastr at sjá, vitr maðr ok góðr hófsmaðr um alla hluti.

5. (Leifr hinn hepní fann menn í skeri á hafi). Á einhverju kveldi bar þat til tíðinda, at manns var vant af liði þeira, ok var þat Tyrker suðrmaðr. Leifr kunní því stórilla, því at Tyrker hafði lengi verit með þeim fedgum, ok elskat mjög Leif í barnæsku; taldi Leifr nú mjök á hendr förunautum sínum, ok bjóst til ferðar, at leita hans, ok tólf menn með honum. Enn er þeir váru skamt komnir frá skála, þá gekk Tyrker á móti þeim, ok var honum vel fagnat. Leifr fann þat brátt, at fóstra hans var skapfátt; hann var brattleitr ok lauseygr, smáskitlegr í andliti, litill vexti ok vesallegr, enn íþróttamaðr á alls konar hagleik. Þá mælti Leifr til hans: „Hví varstu svá seinn, fóstri minn, ok fr:skili föruneytinu“. Hann talaði þá fyrst lengi á þýzku og skaut marga vega augunum, ok gretti sik; enn þeir skildu eigi, hvat er hann sagði. Hann mælti þá á norrænu, er stund leið: „Ek var genginn eigi miklu lengra, enn þó kann ek nökkur nýnæmi at segja; ek fann vínvið ok vínber“. „Mun þat satt? fóstri minn“, kvað Leifr. „At vísu er þat satt, kvað hann, „því at ek var þar fæddr, er hvárki skorti vínvið né vínber“. Nú sváfu þeir af þá nátt, enn um morguninn mælti Leifr við háseta sína:

„Nú skal hafa tvennar sýslur fram, ok skal sinn dag hvárt lesa vinber, eða höggva vínvið ok fella mörkina, svá at þat verði farmr til skips míns“, — ok þetta var ráðs tekit. Svá er sagt, at eftirbátr þeira var fylldr af vínberjum. Nú var höggvinn farmr á skipit. Ok er vátar, þá bjuggust þeir ok sigldu burt, ok gaf Leifr nafn landinu eftir landkostum, ok kallaði Vínland. Sigla nú síðan í haf, ok gaf þeim vel byri, þar til er þeir sá Grænland, ok fjöll undir jöklum. Þá tók einn maðr til máls ok mælti við Leif: „Hví stýrir þú svá mjök undir veðr skipinu?“ Leifr svarar: „Ek hygg at stjórn minni, enn þó enn at fleira, eðr hvat sjái þér til tíðinda?“ Þeir kváðust ekki sjá þat er tíðindum sætti. „Ek veit eigi“, segir Leifr, „hvárt ek sé skip eðr sker“. Nú sjá þeir ok kváðu sker vera. Hann sá því frammar enn þeir, at hann sá menn í skerinu. „Nú vil ek, at vit beitim undir veðrit“, segir Leifr, „svá at vér náum til þeira, ef menn eru þurftugir at ná várum fundi, ok er nauðsyn á at duga þeim; enn með því at þeir sé eigi friðmenn, þá eigum vér allan kost undir oss, enn þeir ekki undir sér“. Nú sækja þeir undir skerit, ok lægðu segl sitt, ok köstuðu akkerum ok skutu litlum báti öðrum. er þeir höfðu haft með sér. Þá spurði Tyrker, hvern þar réði fyrir liði. Sá kveðst Þórir heita, ok vera norrænn maðr að

kyni: „Eða hvert er þitt nafn?“ Leifr segir til sín. „Ertu sou Eiríks rauða ór Brattahlíð?“ segir hann. Leifr kvað svá vera. „Nú vil ek“, segir Leifr, „bjóða yðr öllum á mitt skip, ok fémunum þeim, er skipit má við taka. „Þeir þágu þann kost, ok sigldu síðan til Eiríksfjarðar með þeim farmi, þar til er þeir kómu til Brattahlíðar. Báru farminn af skipi. Síðan bauð Leifr Þóri til vistar með sér, ok Guðríði konu hans, ok þremr mönnum öðrum, enn fekk vistir öðrum hásetum. bæði Þóris ok sínum félagum. Leifr tók fimtán menn ór skeriuu. Hann var síðan kallaðr Leifr hinn hepni. Leifi varð nú bæði gott til fjár ok mannvirðinga. Þann vetr kom sótt mikil í lið Þóris, ok andist hann Þórir ok mikill hluti liðs hans. Þann vetr andaðist ok Eiríkr rauði. Nú var umræða mikil um Vínlandsför Leifs, ok þótti Þorvaldi bróður, hans of óviða kannat hafa verit landit. Þó mælti Leifr við Þorvald: „Þú skalt fara með skip mitt, bróðir, ef þú vilt, til Vínlands; ok vil ek þá at skipit fari áðr eftir viði þeim er Þórir átti á skerinu — ok svá var gert.

6. (Þorvaldr fór til Vínlands). Nú bjóst Þorvaldr til þeirrar ferðar með þrjátígi manna, með umræði Leifs bróður síns. Síðan bjuggu þeir skip sitt, ok heldu í haf, ok er engi frásögn um ferð þeira fyrr enn þeir kómu til Vínlands til Leifs búða ok bjuggu þar um skip sitt, ok

sátu um kyrt þann vetr, ok veiddu fiska til matar sér. Enn um várit mælti Þorvaldr, at þeir skyldu búa skip sitt ok skyldi eftirbátar skip-sins, ok nokkurir menn með, fara fyrir vestan landit, ok kanna þar um sumarit. Þeim sýndist landit fagrt ok skógótt, ok skamt milli skógar og sjóvar, ok hvítir sandar. Þar var eyjótt mjök ok grunnævi mikit. Þeir fundu hvergi manna vistir né dýra; enn í ey einni vestarlega fundu þeir kornhjálms af tré. Eigi fundu þeir fleiri mannaverk, ok fóru aftr ok kómu til Leifsbúða at hausti. Enn at sumri öðru fór Þorvaldr fyrir austan með kaupskipit, ok hit nyrðra fyrir landit. Þá gerði at þeim veðr hvast fyrir andnesi einu, ok rak þá þar upp, ok brutu kjölinn undan skipinu, ok höfðu þar langa dvöl ok bættu skip sitt. Þá mælti Þorvaldr við förunauta sína: „Nú vil ek at vér reisum hér upp kjölinn á nesinu ok köllum Kjalarnes“. — Ok svá gerðu þeir. Síðan sigldu þeir þaðan í braut ok austr fyrir landit, ok inn í fjarðarkjafta þá er þar váru næstir, ok at höfða þeim er þar gekk fram. Hann var allr skógi vaxinn. Þá leggja þeir fram skip sín í lægi, ok skjóta bryggjum á land, ok gengr Þorvaldr þar á land upp með alla förunauta sína. Hann mælti þá: „Hér er fagrt, ok hér vilda ek bæ minn reisa“. Ganga síðan til skips, ok sjá á sandinum inn frá höfð-

anum þrjár hæðir, ok fóru til þangat, ok sjá þar húðkeipa þrjá, ok þrjá menn undir hverjum. Þá skiftu þeir liði sínu, ok höfðu hendr á þeim öllum nema einn komst á burt með keip sinn. Þeir drepa hina átta, ok ganga síðan aftr á höfðann, ok sjást þar um, ok sjá inn í fjörðinn hæðir nökkurar, ok ætluðu þeir þat vera bygðir. Eftir þat sló á þá höfga svá miklum, at þeir máttu eigi vöku halda, ok sofna þeir allir. Þá kom kall yfir þá, svá at þeir vöknudu allir svá; segir kallit: „Vaki þú Þorvaldr, ok alt föruneysi þitt, ef þú vill líf þitt hafa; ok far þú á skip þitt ok allir menn þinir, ok farit frá landi sem skjótast“. Þá fór innan eftir firðinum ótal húðkeipa, ok lögðu at þeim. Þorvaldr mælti þá: „Vér skulum færa út á borð vígfleka, og verjast sem bezt, enn vega lítt í mót“. Svá gera þeir, en skrælingjar skutu á þá um stund, enn flýja síðan burt sem ákafast hverr sem mátti. Þá spurði Þorvaldr menn sína, ef þeir væru nökkut sárir; þeir kváðust eigi sárir vera. „Ek hefi fengit sár undir hendi“, segir hann „ok fló ör milli skipsborðsins ok skjaldarins undir hönd mér, ok er hér örin, eun mun mik þetta til bana leiða. Nú ræð ek, at þér búit ferð yðra sem fljótast aftr á leið, enn þér skulut færa mik á höfða þann, er mér þótti byggilegastr vera; má þat vera, at mér hafi

satt á munn komit, at ek mundi þar búa á um stund; þar skulu þér mik grafa. ok setja krossa at höfði mér ok at fótum, ok kallit þat Krossanes jafnan síðan“. Grænland var þá kristnat, enn þó andaðist Eiríkr rauði fyrir kristni. Nú andaðist Þorvaldr, enn þeir gerðu alt, eftir því sem hann hafði mælt, ok fóru síðan, ok hittu þar förunauta sína, ok sögðu hvárir öðrum slík tíðindi, sem vissu, ok bjoggu þar þann vetr, ok fengu sér vínber ok vínvið til skipsins. Nú búast þeir þaðan um várit eftir til Grænlands, ok kómu skipi sínu í Eiríksfjörð, ok kunnu Leifi at segja mikil tíðindi.

4. (Þorsteinn Eiríksson andaðist í vestri bygd). Þat hafði gerzt til tíðinda meðan á Grænlandi, at Þorsteinn í Eiríkshfirði hafði kvángast ok fengit Guðríðar Þorbjarnardóttur, er átt hafði Þórir austmaðr, er fyrr var frá sagt. Nú fýstist Þorsteinn Eiríksson at fara til Vinlands eftir líki Þorvalds bróður síns ok bjó skip hit sama, ok valdi hann lið at afli ok vexti, ok hafði með sér hálfan þriðja tug manna, ok Guðríði konu sína, ok sigla í haf, þegar er þau eru búin, ok ór landsýn. Þau velkti úti alt sumarit, ok vissu eigi hvar þau fóru. Ok er vika var af vetri, þá tóku þeir land í Lýsufirði á Grænlandi í hinni vestri bygd. Þorsteinn leit-
aði þeim um vistir, ok fekk vistir öllum há-

setum sínum. Enn hann var vistlaus ok kona hans. Nú váru þau eftir at skipi tvau nökkurrar nætr. Þá var enn ung kristni á Grænlandi. Þat var einn dag, at menn kómu at tjaldi þeira snemma; sá spurði, er fyrir þeim var, hvat manna væri í tjaldinu. Þorsteinn svarar: „Tveir menn“, segir hann, „eða hvern spyrst at?“ „Þorsteinn heiti ek, ok er ek kallaðr Þorsteinn svartr; enn þat er erindi mitt hingat, at ek vil bjóða ykkur báðum hjónunum til vistar til mín“. Þorsteinn kveðst vilja hafa umræði konu sinnar, enn hon bað hann ráða, ok nú játar hann þessu. „Þá mun ek koma eftir ykkur á morgin með eyki, því at mik skortir ekki til, að veita ykkur vist, enn fásinni er mikit með mér at vera, því at tvau eru vit þar hjón, því at ek em einþykkr mjök; annan sið hefi ek ok, enn þér hafit, ok ætla ek þann þó betra, er þér hafit“. Nú kom hann eftir þeim um morgininn með eyki, ok fóru þau með Þorsteini svarta til vistar, ok veitti hann þeim vel. Guðríðr var sköruleg kona at sjá, ok vitr kona, ok kunní vel at vera með ókunnnum mönnum. Þat var snemma vetrar, at sótt kom í lið Þorsteins Eiríkssonar, ok önduðust þar margir förunautar hans. Þorsteinn bað gera kistur at líkum þeira er önduðust, ok færa til skips, ok búa þar um, — „því at ek vil láta flytja til Eiríkssfjarðar at sumri

öll líkin“. Nú er þess skamt að bíða, at sótt kemr í híbýli Þorsteins, ok tók kona hans sótt fyrst, er hét Grímhildr; hon var ákaflega mikil, ok sterk sem karlar, enn þó kom sóttin henni undir. Ok brátt eftir þat tók sóttina Þorsteinn Eiríksson, ok lágu þau bæði senn; ok andaðist Grímhildr, kona Þorsteins svarta. Enn er hon var dauð, þá gekk Þorsteinn fram ór stofunni eftir fjöl, at leggja á líkit. Guðríðr mælti þá: „Vertu litla hríð í brott, Þorsteinn minn“, segir hon; hann kvað svá vera skyldu. Þá mælti Þorsteinn Eiríksson: „Með undarlegum hætti er nú um húsfreyju vára, því at nú örglast hon upp við ölnboga, ok þokar fótum sínum frá stokki, og þreifar til skúa sinna“. Ok í því kom Þorsteinn bóndi inn, ok lagðist Grímhildr niðr í því, ok brakaði þá í hverju tré í stofunni. Nú gerir Þorsteinn kistu at líki Grímhildar, ok færði í brott ok bjó um. Hann var bæði mikill maðr ok sterkr, ok þurfti hann þess alls áðr hann kom henni burt af bænum. Nú elnaði sóttin Þorsteini Eiríkssyni, ok andaðist hann. Guðríðr kona hans kunni því litt. Þá váru þau öll í stofunni. Guðríðr hafði setit á stóli frammi fyrir bekknum, er hann hafði legit á Þorsteinn bóndi hennar. Þá tók Þorsteinn bóndi Guðríði af stólinum í fang sér, ok settist í bekkinn annan með hana, gegnt líki Þorsteins, ok

taldi um fyrir henni marga vega, ok huggaði hana, ok hét henni því, at hann mundi fara með henni til Eiríksfjarðar með líki Þorsteins bónda hennar, ok förunauta hans. „Ok svá skal ek taka hingat hjón fleiri“, segir hann, „þér til hugganar ok skemtanar“. Hon þakkaði honum. Þorsteinn Eiríksson settist þá upp, ok mælti: „Hvar er Guðriðr?“ Þrjá tíma mælti hann þetta, enn hon þagði; þá mælti hon við Þorstein bónda: „Hvárt skal ek svör veita hans máli, eða eigi“. Hann bað hana eigi svara. Þá gekk Þorsteinn bóndi yfir gólfít ok settist á stólinn, enn Guðriðr sat í knjám honum; þá mælti Þorsteinn bóndi: „Hvat viltu, nafni?“ segir hann. Hann svarar, er stund leið: „Mér er ant til þess, at segja Guðriði forlög sín, til þess at hon kunni þá betr andláti mínu, því at ek em kominn til góðra hvíldarstaða; enn þat er þér at segja, Guðriðr, at þú munt gift verða íslenzkum manni, ok munu langar vera samfarir ykkar, ok margt manna mun frá ykkur koma, þroskasamt, bjart ok ágætt, sætt ok ilmat vel; munu þit fara af Grænlandi til Noregs, ok þaðan til Íslands, ok gera bú á Íslandi; þar munu þit lengi búa, ok muntu honum lengr lifa; þú munt utan fara, ok ganga suðr, ok koma út aftr til Íslands til bús þíns, ok þá mun þar kirkja reist vera, ok muntu þar vera, ok taka nunnu vígslu

ok þar muntu andast". Ok þá hnigr Þorsteinn aftr, ok var búit um lík hans, ok fært til skips. Þorsteinn bóndi efndi vel við Guðríði alt þat er hann hafði heitit. Hann seldi um vart jörð sína, ok kvikfé, ok fór til skips með Guðríði með allt sitt: bjó skipit ok fekk menn til, ok fór síðan til Eiríksfjarðar. Váru nú líkin jörðuð at kirkju. Guðríðr fór til Leifs í Brattahlíð, enn Þorsteinn svartir gerði bú í Eiríksfirði, ok bjó þar meðan hann lifði, ok þótti vera hinn vaskasti maðr.

5. (Frá Vinlandsferðum Þorlúns ok þeira félagar). Þat sama sumar kom skip af Noregi til Grænlands. Sá maðr hét Þorfinnr karlsefni, er því skipi stýrði. Hann var son Þórðar hesthöfða Snorrasonar, Þórðarsonar frá Höfða. Þorfinnr karlsefni var stóru-
 audigr at fé, ok var um vetrinn í Brattahlíð með Leifi Eiríkssyni. Brátt feldi hann hug til Guðríðar, ok bað hennar, enn hon veik til Leifs svörum fyrir sik. Síðan var hon honum föstnuð, ok gert brúðhlaup þeira á þeim vetri. Hin sama var umræða á Vinlandstör sem fyrr, ok fýstu menn Karlsefni mjök þeirar ferðar, bæði Guðríðr ok aðrir menn. Nú var ráðin ferð hans, ok réð hann sér skipverja sextigi karla ok konur fim. Þann máldaga gerðu þeir Karlsefni ok lásetar hans, at jöfnum höndum skyldi þeir hafa alt þat er þeir fengi til gæða. Þeir höfðu með sér allskonar fénað, því

þeir ætluðu at byggja landit, ef þeir mætti þat. Karlsefni bað Leif húsa á Vinlandi, enn hann kvaðst ljá mundu húsin, enn gefa eigi. Síðan heldu þeir í haf skipinu, ok kómu til Leifsbúða með heilu ok höldnu; ok báru þar upp húðföt sín. Þeim bar brátt í hendr mikil föng ok góð, því at reyðr var þar upprekin bæði mikil ok góð; fóru til síðan ok skáru hvalinn; skorti þá eigi mat; fénaðr gekk þar á land upp, enn þat var brátt at graðfé varð úrigt, ok gerði mikit um sik. Þeir höfðu haft með sér griðung einn. Karlsefni lét fella við, ok telgja til skipsins, ok lagði viðinn á bjarg eitt til þurkunar. Þeir höfðu öll gæði af landskostum, þeim er þar váru, bæði af vinberjum ok allskonar veiðum ok gæðum. Eftir þann vetr hinn fyrsta kom sumar; þá urðu þeir varir við Skrælingja, ok fór þar ór skógi fram mikill flokkur manna; þar var nær nautfé þeira, enn graðungr tók at belja ok gjalla ákaflega hátt; enn við þat hræddust Skrælingjar ok lögðu undan með byrðar sínar, enn þat var grávara ok safali ok allskonar skinnvara, ok snúa til bæjar Karlsefnis, ok vildu þar inn í húsin; enn Karlsefni lét verja dyrnar. Hvárigir skildu annars mál; þá tóku Skrælingjar ofan bagga sína, ok leystu ok buðu þeim, ok vildu vápn helzt fyrir; enn Karlsefni bannaði þeim at selja vápnin; ok nú leitar hann ráðs með

þeim hætti, at hann bað konur bera út búnyt at þeim, ok þegar er þeir sá búnyt, þá vildu þeir kaupa þat, enn ekki annat. Nú var sú kaupför Skrælingja, at þeir báru sinn varning í brott í mögum sínum, enn Karlsefni og förnautar hans höfðu eftir bagga þeira ok skinnvöru; fóru þeir við svá búit. Nú er frá því at segja, at Karlsefni lætr gera skiðgarð rammlegan um bæ sinn, ok bjoggust þar um. Í þann tíma fæddi Guðríðr sveinbarn, kona Karlsefnis, ok hét sá sveinn Snorri. Á öndverðum öðrum vetri þá kómu Skrælingjar til móts við þá, og váru miklu fleiri enn fyrr, ok höfðu slíkan varnað sem fyrr. Þá mælti Karlsefni við konur: „Nú skulu þér bera út slíkan mat, sem fyrr var rífastr, enn ekki annat“. Ok er þeir sá þat, þá köstuðu þeir böggum sínum inn yfir skiðgarðinn, enn Guðríðr sat í dyrunum inni með vöggu Snorra sonar síns; þá bar skugga í dyrin, ok gekk þar inn kona í svörtum námkyrtli heldr lág, ok hafði dregil um höfuð, ok ljósjörp á hár, fülleit ok mjök eygð, svá at eigi hafði jafnmikil augu sét í einum mannshausi. Hon gekk þar at, er Guðríðr sat, ok mælti: „Hvat heitir þú?“ segir hon. „Ek heiti Guðríðr eðr hvert er þitt heiti?“ „Ek heiti Guðríðr“, segir hon. Þá rétti Guðríðr húsfreyja hönd sína til hennar, at hún sæti hjá henni, enn þat bar alt saman,

at þá heyrði Guðriðr brest mikinn, ok var þá konan horfin, ok í því var ok veginn einn Skrælingja af einum húskarli Karlsefnis, því at hann hafði viljað taka vápn þeira. Ok fóru nú brott sem tíðast, enn klæði þeira lágu þar eftir ok varningr. Engi maðr hafði konu þessa sét utan Guðriðr ein. „Nú munum vér þurfa til ráða at taka“, segir Karlsefni, „því at ek hygg at þeir muni vitja vár hit þriðja sinn með ófriði ok fjölmenni. Nú skulum vér taka þat ráð, at tíu menn fari fram á nes þetta, ok sýni sik þar; enn annat lið várt skal fara í skóg, ok höggva þar rjóður fyrir nautfé várt, þá er liðit kemr fram ór skóginum. Vér skulum ok taka graðung várn, ok láta hann fara fyrir oss“. Einn þar var svá háttat, er fundr þeira var ætlaðr, at vatn var öðrum megin, enn skógr á annan veg. Nú váru þessi ráð höfð, er Karlsefni lagði til. Nú kómu Skrælingjar í þann stað, er Karlsefni hafði ætlat til bardaga. Nú varð þar bardagi ok fell fjöldi af liði Skrælingja. Einn maðr var vænn í liði Skrælinga; þótti ok Karlsefni, sem hann mundi vera höfðingi þeira. Nú hafði einn þeira Skrælingja tekit upp öxi eina, ok leit á um stund, ok reiddi at félaganum sínum, ok hjó til hans; sá fell þegar dauðr. Þá tók sá hinn mikli maðr við öxinni, ok leit á um stund, ok varp henni síðan á sjóinn, sem lengst mátti

hann; enn síðan flýja þeir á skóginn, svá hverr sem fara mátti, ok lýkr þar nú þeira viðskiftum. Váru þeir Karlsefni þar þann vetr allan; enn at vári þá lýsir Karlsefni, at hann vill eigi þar vera lengr, ok vill fara til Grænlands. Nú búa þeir ferð sína, ok höfðu þaðan mörg gæði í vínvið ok berjum ok skinnvöru. Nú sigla þeir í haf, ok kómu til Eiríksfjarðar skipi sínu heilu, ok váru þar um vetrinn.

6. (Freydis lét drepa þá bræðr). Nú tekst umræða at nýju um Vínlandsferð, því at sú ferð þykir góð bæði góð til ljár ok virðinga. Þat sama sumar kom skip af Noregi til Grænlands, er Karlsefni kom af Vínlandi. Því skipi stýrðu bræðr tveir. Helgi og Finnbogi, ok váru þann vetr á Grænlandi. Þeir bræðr váru íslenzkir at kyni, ok ór Austfjörðum. Þar er nú til at taka at Freydis Eiríksdóttir gerði ferð sína heiman ór Görðum, ok fór til fundar við þá bræðr, Helga og Finnboga, ok beiddi þá at þeir færi til Vínlands með farkost sinn, ok hafa helming gæða allra við hana, þeira er þar fengist. Nú játtu þeir því. Þaðan fór hon á fund Leifs bróður síns, ok bað at hann gæfi henni hús þau er hann hefði gera látit á Vínlandi. Enn hann svaraði hinu sama, kvaðst ljá mundu hús enn gefa eigi. Sá var máldagi með þeim bræðrum ok Freydisi, at hvárir skyldu hafa þrjá tigi vígramma á skipi ok konur um fram. Enn Frey-

dís brá af því þegar, ok hafði fim mönnum fleira ok leyndi þeim; ok urðu þeir bræðr eigi fyrr við þá varir en þeir kómu til Vínlands. Nú létu þau í haf, ok höfðu til þess mælt áðr, at þau mundu samflota hafa, ef svá vildi verða; ok þess var litill munr; enn þó kómu þeir bræðr nökkuru fyrri, ok höfðu upp borit föng sín til húsa Leifs. Enn er Freydís kom at landi, þá ryðja þeir skip sitt, ok bera upp til húss föng sín. Þá mælti Freydís: „Hvi báru þér hér inn föng yðr?“ „Því at vér hugðum“, segja þeir, „at haldast mundu öll ákveðin orð með oss“. „Mér léði Leifr húsanna“, segir hon, „enn eigi yðr“. Þá mælti Helgi: „Þrjóta mun okkr bræðr ilsku við þik“; báru nú út föng sín, ok gerðu sér skála, ok settu þann skála firr sjónum á vazströndu, ok bjuggu vel um. Enn Freydís lét fella viðu til skips síns. Nú tók at vetra, ok töluðu þeir bræðr, at takast mundu upp leikar ok væri höfð skemtan. Svá var gert um stund, þar til er menn bárust verra í milli; ok þá gerðist sundrþykki með þeim, ok tókust af leikar, ok öngvar gerðust komur milli skálanna, ok fór svá fram lengi vetrar. Þat var einn morgin snemma, at Freydís stóð upp ór rúmi sínu ok klæddist, ok fór eigi í skóklæðin; enn veðri var svá farit, at dökk var fallin mikil. Hon tók kápu bónda síns, ok fór í; enn síðan gekk hon til skála

þeira bræðra, ok til dyra; enn maðr einn hafði út gengit litlu áðr, ok lokit hurð aftr í miðjan klofa; hon lauk upp hurðinni ok stóð í gátt um stund þá ok þagði; enn Finnbogi lá instr í skálanum ok vakti; hann mælti: „Hvat viltu hingat, Freydís?“ Hon svarar: „Ek vil at þú standir upp, ok gangir út með mér, ok vil ek tala við þik“. Svá gerir hann; þau ganga at tré, er lá undir skálaveggnum, ok settust þar niðr. „Hversu líkar þér?“ segir hon. Hann svarar: „Góðir þykki mér landskostir, enn illr þykki mér þústr sá, er vár á milli er, því ek kalla ekki hafa til orðit“. „Þá segir þú sem er“, segir hon, „ok svá þykki mér; enn þat er erendi mitt á þinn fund, at ek vilda kaupa skipum við ykkur bræðr, því at þit hafit meira skip enn ek, ok vilda ek í brott heðan“. „Þat mun ek láta gangast“, segir hann, „ef þér líkar þá vel“. Nú skilja þau við þat; gengr hon heim, enn Finnbogi til hvílu sinnar. Hon stígr upp í rúmit köldum fótum ok vaknar hann Þorvarðr við, ok spyr, hví at hon væri svá köld ok vát; hon svarar með miklum þjósti: „Ek var gengin“, segir hon, „til þeira bræðra, at fala skip af þeim, ok vilda ek kaupa meira skip; enn þeir urðu við þat svá illa, at þeir börðu mik ok léku sárlega; enn þú, vesall maðr, munt hvárki vilja reka minnar skammar né þinnar, ok mun ek þat nú finna at ek er í brottu af

Grænlandi, ok mun ek gera skilnað við þik, utan þú hefnir þessa“. Ok nú stóðst hann eigi átölur hennar, ok bað menn upp standa sem skjótast ok taka vápn sín, ok svá gera þeir ok fara síðan til skála þeira bræðra ok gengu inn at þeim sofandum, ok tóku þá, ok færðu í bönd ok leiddu svá út hvern sem bundinn var; enn Freydis lét drepa hvern sem út kom. Nú váru þar allir karlar drepnir, enn konur váru eftir, ok vildi engi þær drepa. Þá mælti Freydis: „Fái mér öxi í hönd“; svá var gert; síðan vegr hon at konum þeim fim, er þar váru, ok gekk af þeim dauðum. Nú fóru þau til skála síns eftir þat it illa verk; ok fanst þat eitt á, at Freydis þóttist allvel hafa um ráðit, ok mælti við félagaga sína: „Ef oss verðr auðit at koma til Grænlands“, segir hon, „þá skal ek þann mann ráða af lífi, er segir frá þessum atburðum: nú skulu vér þat segja, at þau búi hér eftir, þá er vér fórum í brott“. Nú bjoggu þeir skipit snemma um várit, þat er þeir bræðr höfðu átt, með þeim öllum gæðum, er þau máttu til fá, ok skipit bar; sigla síðan í haf, ok urðu vel reiðfara, ok kómu í Eiríksfjörð skipi sínu snemma sumars. Nú var þar Karls-efni fyrir, ok hafði albúit skip sitt til hafs, ok beið byrjar; ok er þat mál manna, at eigi mundi auðgara skip gengit hafa af Grænlandi, enn þat er hann stýrði.

7. (Frá Freydísi). Freydís fór nú til búss síns, því at þat hafði staðit meðan óskatt; hon fekk mikinn feng fjár öllu föruneysi sínu, því at hon vildi leynd láta ódádum sínum; sitr hon nú í búi sínu. Eigi urðu allir svá haldinorðir, at þegði yfir ódádum þeira eða illsku, at eigi kæmi upp um síðir. Nú komst þetta upp um síðir fyrir Leif bróður hennar, ok þótti honum þessi saga allill. Þá tók Leifr þrjá menn af liði þeira Freydisar, ok þindi þá til sagna um þennan atburð allan jafnsaman, ok var með einu móti sögn þeira. „Eigi nenni ek“, segir Leifr, „at gera þat við Freydísi systur mína, sem hon væri verð, enn spá mun ek þeim þess, at þeira afkvæmi muni litt at þrifum verða“. Nú leið þat svá fram, at öngum þótti um þau vert þaðan í frá nema illt. Nú er at segja frá því, er Karlsefni býr skip sitt ok sigldi í haf. Honum fórst vel, ok kom til Noregs með heilu ok höldnu, ok sat þar um vetrinn, ok seldi varuing sinn, ok hafði þar gott yfirlæti, ok þau bæði hjón, af hinum göfgustum mönnum í Noregi, enn um várit eftir bjó hann skip sitt til Íslands; ok er hann var albúinn, ok skip hans lá til byrjar fyrir bryggjunum, þá kom þar at honum suðrmaðr einn, ættaðr ór Brimum á Saxlandi; hann falar at Karlsefni húsasnotru hans. „Ek vil eigi selja“, sagði hann. „Ek mun gefa þér við hálfu mörk

gulls“, segir suðrmaðr. Karlsefni þótti vel við boðit, ok keyptu síðan. Fór suðrmaðr í burt með húsasnotruna, enn Karlsefni vissi eigi hvat tré var; enn þat var mösurr, kominn af Vinlandi. Nú siglir Karlsefni í haf, ok kom skipi sínu fyrir norðan land í Skagafjörð, ok var þar uppsett skip hans um vetrinn. Enn um várit keypti hann Glaumbæjarland, ok gerði bú á, ok bjó þar meðan hann lifði, ok var hit mesta göfugmenni, ok er margt manna frá honum komit ok Guðriði, konu hans, ok góðr ættbogi. Ok er Karlsefni var andaðr, tók Guðriðr við búsvæðveizlu, ok Snorri son hennar, er fæddr var á Vinlandi. Ok er Snorri var kvángaðr, þá fór Guðriðr utan ok gekk suðr, ok kom út aftr til búsvæðs Snorra, sonar síns, ok hafði hann þá látit gera kirkju í Glaumbæ. Síðan varð Guðriðr nunna ok einsetukona, ok var þar meðan hon lifði. Snorri átti son þann er Þorgeirr hét; hann var faðir Ingveldar, móður Brands biskups. Dóttir Snorra Karlsefnissonar hét Hallfriðr; hon var móðir Runólfs, föður Þorláks biskups. Björn hét son Karlsefnis ok Guðriðar; hann var faðir Þórunnar, móður Bjarnar biskups. Fjöldi manna er frá Karlsefni kominn, ok er hann kynsæll maðr orðinn. Ok hefir Karlsefni gerst sagt allra manna atburði um farar þessar allar, er nú er nökkut orði á komit.

NÖFN.

- | | |
|--|--|
| <p>Álftafjörðr vestra 1.
 Álftafjörðr á Grænlandi 3.
 Arnlaugr landnámamaðr á Grænlandi 1.
 Arnlaugsfjörður á Grænlandi 3.
 Ásvaldr Úlfason 1.
 Bárðr Herjólfsson 3.
 Bjarni Herjólfsson 3—8.
 Björn biskup 28.
 Björn Karlsefnisson 28.
 Bláserkr, jökull á Grænlandi = Miðjökull 2.
 Borgarfjörður 2.
 Brandr ór Álftafirði 1.
 Brandr biskup 28.
 Brattahlíð bær í Eiríkafirði á Grænlandi 2, 4, 7, 12, 19.
 Breiðafjörðr 12.
 Drepestokkr (= Refstokkr röngu nafni, eyðibýli, var við Ölfusárós vestanverðan) 3.
 Drangar., bær á Hornstöndum 1.</p> | <p>Einar landnámsmaður á Grænlandi 3.
 Einarstjörðr á Grænlandi 3.
 Eiríkr jarl 7.
 Eirík hinn rauði 1—4, 7.
 Eiríksey á Grænlandi 2.
 Eiríksfjörður á Grænlandi 2, 12, 15, 19, 23, 26.
 Eiríksstaðir hjá Vatnshorni í Haukadál 1.
 Eiríksstaðir í Oxney 1.
 Eiríks vágr 2.
 Eyjólfur saurr
 Eyjólfur ór Svíney 1.
 Finnbogi ór Austfjörðum 23, 25.
 Friðrikr biskup 3.
 Freyðis Eiríksdóttir rauða 4, 23, 27.
 Garðar, bær á Grænlandi 23.
 Glaumbær 28.
 Grímhildr, kona Þorsteins svarta 17.
 Grænland 2, 6, 9, 10, 15, 18, 19, 23, 26.</p> |
|--|--|


- Guðríðr Þorbjarnardóttir 15,
19, 21, 22, 28.
- Gunnbjarnarsker 2.
- Gunnbjörnu Úlfsson kráku 2.
- Hafgerðingadrápa kvæði 4.
- Hafgrímur landnámamaðr á
Grænlandi 3.
- Hafgrímsfjörðr á Grænlandi
3.
- Hallfríðr Snorradóttir 28.
- Halogaland í Noregi 3.
- Haukadalur í Dalas. 1.
- Helgi ór Austfjörðum 23,
24.
- Helgi Þorbrandsson land-
námamaðr á Grænlandi 3.
- Helluland 8.
- Herjólfur 3.
- Herjólfur Bárðarson 3, 4, 6.
- Herjólfsfjörðr á Grænlandi
3.
- Herjólfssnes á Grænlandi 3.
- Hólmar í Grænlandi 2.
- Hólmgöngu-Hrafn 1.
- Hornstrandir 1.
- Hrafn landnámsmaðr á
Grænlandi 3.
- Hrafnfjörðr á Grænlandi 3.
- Hrafnagnípa á Grænlandi 2.
- Ingólfr landnámsmaðr Arn-
arson 3.
- Ingveldr, móðir Brands
biskups 28.
- Ísland 1—3, 9, 18, 27.
- Jaðarr í Noregi 1.
- K**etill landnámamaðr á
Grænlandi 3.
- Karlsefni = Þorfinnr.
- Ketilsfjörðr á Grænlandi 3.
- Kjalarnes 13.
- Krossanes 15.
- Leifr hinn heppni 1—4, 7
—12, 15, 19, 20, 23, 24,
27.
- Leifsbúðir 13, 20.
- Lýsufjörðr á Grænlandi 15.
- Markland 9.
- Miðjökull á Grænlandi =
Bláserkr 2.
- Niðaróss í Noregi 3.
- Noregr 3, 18, 23, 27.
- Óláfr konungur Tryggvason
3.
- Reykjanes sunnan lands 3.
- Runólfr faðir Þorláks bis-
kups 28.
- Síglufjörðr á Grænlandi 3.
- Skrælingjar 20, 21.
- Snorri Karlsefnisson 28.
- Snæfellsjökull 2.
- Styrr Þorgrímsson (= víga
Styrr) 1, 2.
- Sölvadalr á Grænlandi 3.
- Sölvi landnámamaðr á Græn-
landi 3.
- Tyrker „suðrmaðr“ 8, 10, 11.
- Úlfr kráka 2.
- Vágr (= Vogar í Gull-
bringusýsla) 3.
- Vatnahverfi á Grænlandi 3.

- Vatnshorn bær í Haukadal
í Dalasýslu 1.
- Vestribygð 2, 15.
- Vínland 11, 12, 19, 20, 23
28.
- Þorbjörg knarrarbringa 1.
- Þorbjörn glóra landnáma-
maðr á Grænlendi 3.
- Þorbjörn hinn haukdælaki 1.
- Þorbjörn Vigfússon 1.
- Þórðr frá Höfða 19.
- Þórðr gellir 1.
- Þórðr hesthöfði Snorrason 19.
- Þorgeirr ór Hitardal 1.
- Þorgeirr Snorrason 28.
- Þorgerðr, kona Herjólfis 3.
- Þorfinnr karlsefni Þórðar-
son 19—23, 26—28.
- Þorgestr 1.
- Þorgestlingar 1.
- Þórhildr Jörundardóttir 1.
- Þórðr biskup 28.
- Þórir, norrænn maðr 11.
12, 15,
- Þorvaldr Ásvaldason 1.
- Þorvaldr Eiríksson rauða
4. 12—15
- Þorvaldr Koðrásson 3.
- Þorsteinn Eiríksson rauða
4, 15—18.
- Þorsteinn svartr 16—19.
- Þórsnesþing 1.
- Þórunn móðir Bjarnar bisk-
ups 28.
- Þrándheimr 3.
- Öxney á Breiðafirði 1.



ÞORFINNS SAGA KARLSEFNIS.

BÚÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMANUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1902.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Þorfinns saga karlsefnis er áðr prentuð í „Grönlands historiske Mindesmærker“. „Antiquitates Americanæ“ og í Flateyjarbók og Hauksbók. Sagan hefir auk þess verið gefin út sérstaklega og í þýðingum, einkum enskum.

Hún er mjög lítt kunn hér á landi, því hér hefir hún ekki verið fáanleg nema í afardýrum útgáfum, sem auk þess eru flestar útseldar fyrir löngu.

Sagan er skemtilega rituð, og eflaust rituð snemma á söguöldinni.

Aðalefnið í henni er Vinlandsfundrinn, eða um ferðir Þorfinns Karlsefnis og Snorra Þorbrandssonar til Vinlands.

TÍMATAL.

Fæddr Snorri Þorbrandsson.	um	964
Fæddr Leifr heppni	um	965
Fæddr Þorfinnr karlsefni	um	972
Eiríkr rauði fer að nema Grænland . . .		986
Bjarni Herjólfsson kom til Ameríku .	um	885
Snorri Þorbrandsson fer til Grænlands og Leifr heppni finnr Vinland		1000
Leifr heppni kemr aftr til Grænlands. .		1001
Þorvaldr Eiríksson fer til Vinlands . .		1002
Þorfinnr karlsefni kemr til Grænlands .		1006
Þorfinnr karlsefni og Guðríðr fara til Ameríku		1007
Þorfinnr og félagar hans verzla við skrælingja. Snorri Þorfinnsson fæddr á Vinlandi		1008
Þorfinnr fer aftr frá Vinlandi til Græn- lands		1011
Þorfinnr kemr til Íslands		1014



Þorfinns saga karlsefnis.

Óláfr hét konungr, er kallaðr var Óláfr hvíti. Hann var son Ingjalds konungs Helgasonar, Ólafssonar, Guðröðarsonar, Hálfðanarsonar hvítbeins Upplendingakonungs. Óláfr herjaði í vestrvíking, ok vann Dyflinni á Írlandi ok Dyflinnarskíri. Þar gerðist hann konungr yfir. Hann fekk Auðar djúpúðgu, dóttur Ketils flatnefs, Bjarnarsonar bunu, ágæts manns ór Norégi. Þorsteinn rauðr hét son þeira. Óláfr fell á Írlandi í orrustu, enn Auðr ok Þorsteinn fóru þá í Suðreyjar. Þar fekk Þorsteinn Þuríðar dóttur Eyvindar austmanns, systur Helga hins magra; þau áttu mörg börn. Þorsteinn gerðist herkonungr; hann réðst til lags með Sigurði jarli hinum ríka, syni Eysteins glumru. Þeir unnu Katanes ok Suðrland, Ros ok Mærhæfi ok meir enn hálf Skotland; gerðist Þorsteinn þar konungr yfir, áðr Skotar sviku hann ok fell hann þar í orrustu. Auðr var þá á Katanesi,

er hon spurði fall Þorsteins. Hon lét þá gera knör í skógi á laun, ok er hon var búin, helt hon út í Orkneyjar. Þar gifti hon Gró, dóttur Þorsteins rauðs; hon var móðir Grelaðar, er Þorfinnr jarl hausakljúfr átti. Eftir þat fór Auðr að leita Íslands; hon hafði á skipi tuttugu karla frjálsa. Auðr kom til Íslands, ok var hinn fyrsta vetr í Bjarnarhöfn með Birni bróður sínum. Síðan nam Auðr öll Dalalönd, milli Dögurðarár ok Skraumuhlaupsár. Hon bjó í Hvammi. Hon hafði bænahald í Krosshólum; þar lét hon reisa krossa, því at hon var skírð ok vel trúuð. Með henni kvámu út margir göfgir menn, þeir er herteknir höfðu verit í vestríking, ok váru kallaðir ánauðgir. Einn af þeim hét Vífill. Hann var ættstórr maðr ok hafði verit hertekinn fyrir vestan haf, ok var kallaðr ánauðigr áðr. Auðr leysti hann. Ok er Auðr gaf bústaði skipverjum sínum, þá spurði Vífill, hví Auðr gæfi honum engan bústað sem öðrum mönnum. Auðr kvat þat engu mundu skifta; kallaði hann þar göfgan mundu þykkja sem hann var. Hon gaf honum Vífildal ok bjó hann þar. Hann átti þá konu er hét Þeira synir váru þeir Þorbjörn ok Þorgeirr; þeir váru efnilegir menn. ok óxu upp með feðr sínum.

2. (Eiríkr rauði sann Grænland), Þorvaldr hét maðr. Hann var son Ásvalds Úlfssonar, Öxna-Þóris-

sonar. Eiríkr hét son hans. Þeir feðgar fóru af Jaðri til Íslands fyrir víga sakir, ok námu land á Hornströndum, ok bjuggu at Dröngum. Þar andaðist Þorvaldr, enn Eiríkr fekk þá Þórhildar dóttur Jörundar Atlasonar ok Þorbjargar knarrarbringu, er þá átti Þorbjörn enn hankdælski, ok bjó á Eiríksstöðum síðan, er Eiríkr réðst norðan; þat er hjá Vatnshorni. Þáfeldu þrælar Eiríks skriðu á bæ Valþjófs á Valþjófsstöðum. Eyjólfur saurr, frændi hans, drap þrælana hjá Skeiðsbrekkum upp frá Vatnshorni. Fyrir þat vá Eiríkr Eyjólf saur; hann vá ok hólmgöngu-Hrafn at Leikskálum. Geirsteinn ok Oddr á Jörfa, frændr Eyjólfs, vildu eftir hann mæla; þá var Eiríkr gerr brott ór Haukadal; hann nam þá Brokey ok Öxney, ok bjó at Tröðum í Suðrey enn fyrsta vetr. Þá léði hann Þorgesti setstokka; síðan fór Eiríkr í Öxney ok bjó á Eiríksstöðum. Hann heimti þá setstokkana ok náði eigi. Eiríkr sótti þá setstokkana á Breiðabólsstað, enn Þorgestr fór eftir honum. Þeir börðust skamt frá garði at Dröngum; þar fellu tveir synir Þorgests ok nökkurir menn aðrir. Eftir þat höfðu hvarirtveggju setu fjölmenna. Styrr veitti Eiríki, ok Eyjólftr ór Svíney, Þorbjörn Vífilsson ok synir Þorbrands í Álftafirði, enn Þorgesti veittu synir Þórðar gellis ok Þorgeirr ór Hítardal, Áslákr ór Langadal ok Illugi son hans. Þeir

Eiríkr urðu sekir á Þórsnessþingi. Hann bjó skip í Eiríksvági, enn Eyjólfur leyndi honum í Dimunarvági meðan þeir Þorgestr leituðu hans um eyjarnar. Hann sagði þeim, at hann ætlaði at leita lands þess, er Gunnbjörn, son Úlfs kráku, sá, er hann ræk vestr um haf, ok hann fann Gunnbjarnarsker. Hann kveðst aftr mundu leita til vina sinna ef hann fyndi landit. Þeir Þorbjörn ok Eyjólfur ok Styrr fylgdu Eiríki út um eyjarnar; skildust þeir með hinn mestu vináttu; kveðst Eiríkr þeim skyldu verða at þvílíku trausti, ef hann mætti sér við koma, ok kynni þeir hans at þurfa. Sigldi Eiríkr á haf undan Snjófellsjökli. Hann kom utan at jökli þeim er heitir Bláserkr; fór hann þaðan suður at leita, ef þar væri byggjanda. Hann var hinn fyrsta vetr í Eiríksey nær miðri hinn vestri byggð; um várit eftir fór hann til Eiríksfjarðar, ok tók sér þar bústað. Hann fór þat sumar í vestri óbyggð ok var þar lengi; hann gaf þar víða örnefni. Hann var annan vetr í Eiríks-hólmum fyrir Hvarfsgnúpi; enn hit þriðja sumar fór hann alt norður til Snjófells, ok inn í Hrafnfjörð. Þá kveðst hann kominn fyrir botn Eiríksfjarðar. Hverfr hann þá aftr, og var hinn þriðja vetr í Eiríksey fyrir minni Eiríksfjarðar. Enn eftir um sumarit fór hann til Íslands ok kom í Breiðafjörð. Hann var þann vetr

með Ingólfi á Hólmlátri. Um várit börðust þeir Þorgestr, ok fekk Eiríkr ósigr. Eftir þat váru þeir sættir. Þat sumar fór Eiríkr at byggja land þat sem hann hafði fundit ok kallaði Grænland, því at hann kvað menn þat mjök mundu fýsa þangat, ef landit hétí vel.

3. (Af Þorbirni). Þorgeirr Vífilsson kvángaðist ok fekk Arnóru dóttur Einars frá Laugarbrekku, Sigmundarsonar, Ketilssonar þistils, er numit hafði Þistilsfjörð. Önnur dóttir Einars hét Hallveig. Hennar fekk Þorbjörn, ok tók með Laugarbrekkuland á Hellisvöllum. Réðst Þorbjörn þangat bygðum ok gerðist göfugmenni mikit. Hann var góðr bóndi ok hafði rausnar ráð. Guðríðr hét dóttir Þorbjarnar; hon var kvenna vænst ok hinn mesti skörungr í öllu athæfi sínu. Maðr hét Ormr, er bjó at Arnarstapa. Hann átti konu er Halldis hét. Ormr var góðr bóndi, ok vinr Þorbjarnar mikill, ok var Guðríðr þar löngum at fóstri með honum. Þorgeirr hét maðr; hann bjó at Þorgeirsfelli. Hann var auðigr at fé ok hafði verit leysingi. Hann átti son, er Einarr hét; hann var vænn maðr ok vel mannaðr; hann var ok skartsmaðr mikill. Einarr var á siglingum meðal landa, ok tókst honum þat vel; var hann jafnan sinn vetr hvárt á Íslandi eða í Noregi. Nú er frá því að segja eitt haust, þá er Einarr var á Íslandi, fór hann með varn-

ing sinn út eftir Snjófellsströnd, ok vildi selja. Hann kemr til Arnarstapa. Ormr býðr honum þar at vera, ok þat þiggr Einarr, því at þar var vinátta með þeim. Var borinn inn varningr hans í eitt útibúr. Einarr braut upp varning sinn, ok sýndi Ormi ok heimamönnum ok bauð honum af at hafa slíkt er hann vildi. Ormr þá þetta, ok taldi Einarr vera góðan fardreng ok auðnumann mikinn. Enn er þeir heldu á varninginum, gekk kona fyrir útibúrsdyrin. Einarr spurði Orm, hver væri sú hin fagra kona, — „er þar gekk fyrir dyrin; ek hefi eigi hana hér fyrri sét.“ Ormr svarar: „Þat er Guðríðr fóstira min, dóttir Þorbjarnar at Laugarbrekku“. Einarr mælti: „Hon mun vera kostr góðr, eða hafa nökkurir menn til komit at biðja hennar.“ Ormr svarar: „Bedit hefir hennar vist verit, ok liggr þat eigi laust fyrir; finst þat á, at hon mun vera mannvönd, ok svá faðir hennar.“ „Svá með því“, sagði Einarr, „at hér er sú kona er ek ætla mér at biðja, þá vilda ek at þessa mála leitaðir þú við Þorbjörn föður hennar, ok legðir allan hug á, at þetta mætti framgengt verða; skal ek þér fullkomna vinátta fyrir gjalda, ef ek get ráðit. Má Þorbjörn bóndi þat sjá, at okkr væri vel hendar tengdir, því at hann er sómamaðr mikill, ok á staðfestu góða, enn lausafé hans er mér sagt heldr á förum; enn mik skortir hvárki land né

lausafé, ok okkr feðga, ok mundi Þorbirni verða at þessu hinn mesti styrkr ef þetta tækist“. Ormr svarar: „Víst þykjumst ek vinr þinn vera, enn þó em ek eigi við mitt ráð fúss, at vit berum þetta upp, því at Þorbjörn er skapstórr ok þó metnaðarmaðr mikill.“ Einarr kveðst ekki vilja annat enn upp væri borit bónorðit. Ormr kvað hann ráða skyldu. Ferr Einarr suðr aftr, unz hann kemr heim. Nökkuru síðar hafði Þorbjörn haustboð sem hann átti vanda til, því at hann var stórmenni miklit; kom þar Ormr frá Arnarstapa ok margir aðrir vinir Þorbjarnar. Ormr kom at máli við Þorbjörn, ok sagði at Einarr var þar skömmu frá Þorgeirsfelli, ok gerðist hinn efnilegasti maðr; hefir Ormr nú upp bónorðit fyrir hönd Einars, ok segir þat vel hent fyrir sumra hluta sakir — „má þér bóndi verða at því styrkr mikill fyrir fjárskorta sakir“. Þorbjörn svarar: „Eigi varði mik slíkra orða af þér, at ek mundi gifta þrælssyni dóttur mína; ok þat finni þér nú, at fé mitt þverr, er slíkt ráð er gefit mér; ok eigiskal hon með þér vera lengr, er þér þótti hon svá lítills gjaforðs verð“. Síðan fór Ormr heim ok hverr annarr boðsmanna til síns heimilis. Guðriðr var eftir með föður sínum ok var heima þann vetr. Einn at vári hafði Þorbjörn vinaboð, ok kom þar mart manna, ok var hin bezta veizla. Ok at veizlunni krafði Þorbjörn sér

hljóðs, ok mælti: „Hér hefi ek búit langa æfi, ok hefi ek reynt góðvilja manna við mik ok ástúð; kalla ek vel farit hafa vár skifti; enn nú tekr hagr minn at óhægjast fyrir lausafjár sakir, enn hér til hefir kallat verit heldr virðingarráð. Nú vil ek fyrri búinu bregða, enn sæmdinni týna; ætla ek ok fyrr af landi fara, enn ætt mína svivirða, ok vitja heita Eiríks hins rauða, vinar mins, er hann hafði, þá er vit skildum á Breiðafirði; ætla ek nú at fara til Grænlands í sumar, ef svá ferr sem ek vilda. Mönnum þótti mikil þessi ráðabreytni, því at Þorbjörn var vinsæll maðr, enn þóttust vita, at Þorbjörn mundi svá fremi þetta upp hafa kveðit, at ekki mundi tjóa at letja hann. Gaf Þorbjörn mönnum gjafir, ok var brugðit veizlunni; síðan fór hverr til síns heima. Þorbjörn selr lönd sín ok kaupir sér skip er uppi stóð í Hraunhafnarósi. Réðust til ferðar með honum þrir tígir manna; var þar í ferð Ormr frá Arnarstapa, ok kona hans, ok aðrir vinir Þorbjarnar, þeir er eigi vildu við hann skilja. Síðan létu þeir í haf, ok er þeir váru í hafi, tók af byri; fengu þeir hafvillur, ok fórst þeim ógreitt um sumarit. Því næst kom sótt í lið þeira, ok andaðist Ormr ok Halldís kona hans, ok helmingr liðs þeira. Sjá tók at stæra, ok þoldu menn hit mesta vás ok vesöld á marga vega, enn tóku þó Herjólfssnes á Grænlandi við

vetr sjálfan. Sá maðr hét Þorkell, er bjó á Herjólfnesi; hann var hinn bezti bóndi; hann tók við Þorbirni ok öllum skipverjum hans um vetrinn. Þorkell veitti þeim skörulega. Í þenna tíma var hallæri mikit á Grænlandi; höfðu menn fengit litit fang, þeir er í veiðiferðir höfðu farit, enn sumir ekki aftr komnir. Sú kona var þar í bygð er Þorbjörg hét; hon var spákona, ok var köllut lítil vólva; hon hafði átt sér níu systr, ok váru allar spákonur, enn hon ein var þá á lífi. Þat var hátttr Þorbjargar um vetrum, at hon fór at veizlum, ok buðu þeir menn henni mest heim, er forvitni var á að vita forlög sín eða árferð. Ok með því at Þorkell var þar mestr bóndi, þá þótti til hans koma at vita, nær létta mundi óáranum þessu, sem yfir stóð. Byðr Þorkell spákonunni heim, ok er henni þar vel fagnat, sem siðr var til, þá er við þess háttar konum skyldi taka. Var henni búit háseti, ok lagt undir hana hægindi; þar skyldi í vera hænsna fiðri. Enn er hon kom um kveldit, ok sá maðr er móti henni var sendr, þá var hon svá búin, at hon hafði yfir sér tuglamöttul blán ok var settr steinum alt í skaut ofan; hon hafði á hálsi sér glertölur, ok lambskinnskofra svartan á höfði ok við innan kattsinn hvít, ok hon hafði staf í hendi, ok var á knappr; hann var búinn með mersingu, ok settr steinum ofan um knappinn; hon hafði um sik hnjósku-

linda, ok var þar á skjóðupungr mikill, ok varðveitti hon þar í töfr sín, þau er hon þurfti til fróðleiks at hafa; hon hafði á fótum kálfskinsskúa loðna, ok í þvengi langa, ok á tinknappar miklir á endunum; hon hafði á höndum sér kattskinnsglófa, ok váru hvítir innan ok loðnir. Enn er hon kom inn, þótti öllum mönnum skylt at velja henni sæmilegar kveðjur; hon tók því sem henni vóru menn geðjaðir til. Tók Þorkell bóndi í hönd henni, ok leiddi hana til þess sætis, sem henni var búit. Þorkell bað hana þá að renna þar augum yfir hjú ok hjörð, ok svá híbýli. Hon var fámálug um alt. Borð váru upp tekin um kveldit, ok er frá því at segja, hvat spákonunni var matbúit. Henni var gerr grautr á kiðjamjólk ok matbúin hjórtu ór öllum kykvendum, þeim er þar váru til; hon hafði mersingarspón ok kníf tannskeftan, tvihólkaðan af eiri, ok var brotinn af oddrinn. Enn er borð váru upp tekin, þá gengr Þorkell bóndi fyrir Þorbjörgu, ok spyrr, hversu henni þykki þar um at litast, eða hversu skapfeld henni eru þar híbýli eða hættir manna, eða hversu fljótlega hon mun vís verða þess, er hann hefir spurt hana, ok mönnum er mest forvitni at vita. Hon kallast ekki muni segja, fyrr enn um morgininn eftir, er hon hafði áðr sofit um nóttina. Enn um morgininn, at áliðnum degi, var henni veittr sá umbúningr, sem

hon þurfti at hafa til at fremja seiðinn. Hon bað ok fá sér konur, þær er kunnu fræði þat sem til seiðsins þarf, ok Varðlokkur hétu, enn þær konur fundust eigi; þá var leitat at um bæinn, ef nökkur kynni; þá segir Guðríðr: „Hvárki em ek fjölkunnig né vísindakona, enn þó kendi Halldís, fóstura mín, mér á Íslandi þat kvæði, er hon kallaði Varðlokkur“. Þorkell segir: „Þá ertu happfróð“. Hon segir: „Þetta er þat eitt atferli, er ek ætla í engum beina at vera, því at ek em kristin kona.“ Þorbjörg segir: „Svá mætti verða, at þú yrðir mönnum at liði hér um, ena þú værir þá kona ekki verri enn áðr; enn við Þorkel mun ek leita at fá þá hluti til, er hafa þarf.“ Þorkell herðir nú á Guðríði, enn hon kveðst gera mundu sem hann vildi. Slógu þá konur hring um hjallinn, enn Þorbjörg sat á uppi; kvað Guðríðr kvæðit svá fagrt ok vel, at enginu þóttist heyrt hafa með fegri rödd kvæði kveðit, sá er þar var hjá. Spákonan þakkar henni kvæðit, ok kvað margar þær náttúrur nú til hafa sótt, ok þykkja fagrt at heyra, er kvæðit var svá vel flutt,—“ er áðr vildu við oss skiljast ok enga hlýðni oss veita; enn mér eru nú margar þeir hlutir auðsýnir, er áðr var ek dulin ok margar aðrir. Enn ek kann þér þat at segja, Þorkell, at hallæri þetta mun ekki haldast lengr enn í vetr, ok mun batua árangr sem vórar; sóttarfar þat sem á hefir

legit, man batna ván bráðara. Enn þér. Guðriðr, skal launa í hönd liðsinni þat, er oss hefir af þér staðit; því at þín forlög eru mér nú allglögg-sæ; þú munt gjaforð fá hér á Grænlandi, þat er sæmilegt er, þó at þér verði þat eigi til langgæðar, því at vegar þínir liggja út til Íslands, ok man þar koma frá þér bæði mikil ætt ok góð, ok yfir þínum kynkvíslum skína bjartari geislar, enn ek hafa megin til at geta slikt vandlega sét, enda far þú nú heil og vel. dóttir.“ Síðan gengu menn at vísinda-konunni, ok frétti þá hvern þess, er mest forvitni var á að vita. Hon var ok góð at frásögnum; gekk þat ok lítt í tauma er hon sagði. Þessu næst var komit eftir henni af öðrum bæ; fór hon þá þangat. Þá var sent eftir Þorbirni, því at hann vildi eigi heima vera, meðan slik hindravitni var framit. Veðrátta batnaði skjótt, sem Þorbjörg hafði sagt. Býr Þorbjörn skip sitt, ok ferr þar til er hann kemr í Brattahlíð. Eiríkr tekur vel við honum með bliðu ok kvað þat vel, er hann var þar kominn. Var Þorbjörn með honum um vetrinn, ok skuldalið hans, enn þeir vistuðu háseta með bóndum. Eftir um várit gaf Eiríkr Þorbirni land á Stokkanesi, ok var þar gerr sæmilegr bær, ok bjó hann þar síðan.

4. Af Leif hinum þegna ok kristni kom á Grænland). Eiríkr átti þá konu, er Þórhildr hét ok við henni tvá.

sonu. Hét annarr Þorsteinn enn annarr Leifr; þeir váru báðir efnilegir menn, ok var Þorsteinn heima með föður sínum, ok var eigi sá maðr á Grænlandi, er jafnmannvænn þótti sem hann. Leifr hafði siglt til Noregs ok var með Óláfi konungi Tryggvasyni. Enn er Leifr sigldi af Grænlandi um sumarit urðu þeir sæhafa til Suðreyja. Þaðan byrjaði þeim seint, ok dvöldust þeir þar lengi um sumarit. Leifr lagði þokka á konu þá er Þórgunna hét; hon var kona ættstór, ok skyldi Leifr at hon mundi vera margkunnig. Enn er Leifr bjóst brott, beiddist Þórgunna at fara með honum. Leifr spurði hvárt þat væri nökkut vili frænda hennar; hon kveðst þat ekki hirða. Leifr kveðst eigi þat kunna sjá at sínu ráði, at gera her-tekna svá stórættaða konu í ókunnu landi, — „enn vér liðfáir.“ Þórgunna mælti: „Eigi er víst, at þér þykki því betr ráðit.“ „Á þat mun ek þó hætta“, sagði Leifr. „Þá segi ek þér“, sagði Þórgunna, „at ek man fara kona eigi ein saman, ok em ek með barni; segi ek þat af þínum völdum; get ek at þat mun vera sveinbarn, þá er fæðist; enn þóttu vilir engan gaum at gefa, þá man ek upp fæða sveininn ok þér senda til Grænlands, þegar fara má með öðrum mönnum, enn ek get at þér verði at þvílíkum nytjum sonareignin, sem nú verðr skilnaðr okkarr til, enn koma ætla ek mér til

Grænlands áðr lýkr.“ Leifr gaf henni fingurgull ok vaðmálmöttul grænlenskan ok tannbelti. Þessi sveinn kom til Grænlands ok nefndist Þorgils. Leifr tók við honum at faðerni, ok er þat sumra manna sögn, at þessi Þorgils hafi komit til Íslands fyrir Fróðárundr um sumarit, enn sjá Þorgils var síðan á Grænlandi, ok þótti þar enn eigi kynjalaust um hann verða, áðr lauk. Þeir Leifr sigldu brott ór Suðreyjum, ok tóku Noreg um haustit. Fór Leifr til hirðar Óláfs konungs Tryggvasonar. Lagði konungr á hann góða virðing, ok þóttist sjá at hann mundi vera vel mentr maðr. Eitt sinn kom konungr at máli við Leif ok segir: „Ætlar þú út til Grænlands í sumar?“ „Þat ætla ek“, sagði Leifr, „ef þat er yðvarr vili.“ Konungr svarar: „Ek get at þat mun vei vera, ok skaltu þangat fara með erindum mínum, ok boða þar kristni“. Leifr kvað hann ráða skyldu, enn kvaðst hyggja, at þat erindi mundi torflutt á Grænlandi. Konungr kveðst eigi þann mann sjá, er betr væri tilfallinn enn hann — „ok muntu giftu til bera“. „Þat mun því at eins“, segir Leifr, „ef ek nýt yðvar við.“ Lætr Leifr í haf, ok er lengi úti ok hitti á lönd þau er hann vissi áðr enga ván til. Váru þar hveitiakrar sjálfsánir ok vínviðr vaxinn; þar váru þau tré er mösur hétu, ok höfðu þeir af þessu öllu nökkur merki; sum tré svá mikil,

at í hús váru lögð. Leifr fann menn á skipflaki ok flutti heim með sér; sýndi hann í því hina mestu stórmensku ok drengskap sem mörgu öðru, er hann kom kristni á landit, ok var jafnan síðan kallaðr Leifr enn hepni. Leifr tók land í Eiríksfirði, ok fór heim síðan í Brattahlíð ok tóku þar allir menn vel við honum. Hann boðaði brátt kristni um landit ok almennilega trú, ok sýndi mönnum orðsending Óláfs konungs Tryggvasonar, ok sagði hversu mörg ágæti ok mikil dýrð fylgdi þessum sið. Eiríkr tók því máli seint at láta sið sinn, enn Þjóðhildr gekk skjótt undir, ok lét gera kirkju eigi allnærri húsunum; þat hús var kallað Þjóðhildarkirkja; hafði hon þar fram bænir sínar, ok þeir menn sem við kristni tóku. Þjóðhildr vildi ekki samræði við Eirík síðan hon tók trú, enn honum var þetta mjök móti skapi. Á þessu gerðist orð mikit, at menn mundu leita lands þess, er Leifr hafði fundit; var þar formaðr at Þorsteinn Eiríksson, fróðr maðr ok vinsæll. Eiríkr var ok til beðinn ok trúðu menn hans gæfu framast ok forsjá. Hann var lengi fyrir, enn kvað eigi nei við, er vinir hans báðu hann til; bjoggu síðan skip þat, er Þorbjörn hafði út haft, ok váru til ráðnir tuttugu menn, ok höfðu ítít fé, eigi meira enn vápn ok vistir. Þann myrgin reið Eiríkr heiman; tók hann einn kistil, ok var þar í gull ok silfr;

fal hann þat ok fór síðan leiðar sinnar. Ok bar svá til, at hann fell af baki ok brotna rifin í síðunni, enn lesti höndina í axlarliðnum. Af þeim atburði sagði hann Þórhildi, konu sinni, at hon tæki féit á brott; lézt þess hafa at goldit, er hann hafði féit fólgit. Síðan sigldu þeir út ór Eiríksfirði með gleði mikilli; þótti þeim allvænt sitt efni. Þá velkti all-lengi úti í hafi, ok kvámu þeir ekki á þær slóðir sem þeir vildu. Þeir kvámu í sýn við Ísland, ok svá höfðu þeir fugl af Írlandi; rak þá skip þeira um haf innan; fóru aftr um haustit ok váru allmjök væstir ok þrekaðir; koma við vetr sjálfan á Eiríksfjörð. Þá mælti Eiríkr: „Kátari sigldu vér í sumar út ór firðinum enn nú eru vér, ok eru þó enn mörg góð (ráð) at. Þorsteinn svarar: „Þat er nú höfðinglegt bragð, at sjá nökkut gott ráð fyrir þeim mönnum öllum, sem hér eru nú ráðstafalausir, ok fá þeim vist í vetr.“ Eiríkr svarar: „Þat er jafnan satt sem mælt er, at eigi veit fyrr enn svarat er, ok svá mun hér fara; skal nú hafa ráð þín um þetta.“ Fóru nú allir, þeir er eigi höfðu aðrar vistir, með þeim feðgam; síðan fóru þeir heim í Brattahlíð, ok váru þar um vetrinn.

5. (Þorsteinn Eiríksson fekk Guðríðar. Aftregöngur). Nú er frá því at segja, at Þorsteinn Eiríksson vakti bónorð við Guðríði, ok var því máli vel svarat

bæði af henni ok af föður hennar; er þetta at ráði gert. Þorsteinn gengr at eiga Guðriði og var þetta brúðkaup í Brattahlíð um haustit; fór sjá veizla vel fram ok var all-fjölment. Þorsteinn átti bú í Vestrbygð á bæ þeim er hét í Lýsufirði, enn sá maðr átti þar helming í búi er Þorsteinn hét; Sigríðr hét kona hans. Fór Þorsteinn í Lýsufjörð um haustit til nafna síns ok þau Guðriðr bæði. Var þar við þeim vel tekit; váru þau þar um vetrinn. Þat gerðist þar til tíðinda, at sótt kom í bæ þeira er lítit var af vetri. Gardarr hét þar verkstjóri; hann var ekki vinsæll maðr; hann tók fyrst sótt ok andaðist; síðan var skamt at biða, at hverr lézt at öðrum. Þá tók sótt Þorsteinn Eiriks-son ok Sigríðr kona Þorsteins nafna hans. Ok eitt kveld fýstist Sigríðr at ganga til náðahúss er stóð í gegn útidyrum. Guðriðr fylgdi henni, ok horfðu þær móti útidyrunum. Þá kvað hon við hátt, Sigríðr. Guðriðr mælti: „Vit höfum óvarlega farit, ok áttu engan stað við, at kalt komi á þik, ok förum vit heim sem skjótast“. Sigríðr svarar: „Eigi er fært at svá búnu; hér er nú liðit þat alt hit dauða fyrir dyrunum, ok Þorsteinn bóndi þinn, ok þar kenni ek mik, ok er slíkt hörmung at sjá“. Ok er þetta leið af mælti hon: „Föru vit nú, Guðriðr, nú sé ek ekki liðit“. Var þá Þorsteinn horfinn henni; þótti hann áðr laft hafa svipu

í hendi ok vilja berja liðit. Síðan gengu þær inn, ok áðr morgun kæmi, þá var hon látin, ok var ger kista at líkinu. Ok þenna sama dag ætluðu menn at róa, ok leiddi Þorsteinn þá til vara, ok í annan lit fór hann at sjá veiðiskap þeira. Þá sendi Þorsteinn Eiríksson nafna sínum orð, at hann kæmi til hans, ok sagði svá, at þar væri varla kyrt, ok húsfreyja vildi færast á fætur og vildi undir klæðin hjá honum. Ok er hann kom inn, var hon komin upp á rekkjustokkinn. Þá tók hann hana höndum ok lagði bolöxi fyrir brjóst henni. Þorsteinn Eiríksson andaðist nær dagsátri. Þorsteinn bóndi bað Guðríði leggjast niðr ok sofa, enn hann kveðst vaka mundu um nóttina yfir líkinu. Hon gerir svá, ok er skamt leið á nóttina. settist Þorsteinn Eiríksson upp ok mælti, — kveðst vilja at Guðríðr væri þangat kölluð, ok kveðst vilja tala við hana — „guð vill at þessi stund sé mér gefin til leyfis ok umbótar míns ráðs“. Þorsteinn bóndi gengr á fund Guðríðar, ok vakti hana, biðr hana signa sik ok biðja sér guðs hjálpar og segir, hvat Þorsteinn Eiríksson hafði talað við hann — „ok hann vill finna þik; verðr þú ráð fyrir at sjá hvat þú vilt upptaka, því at ek kann hér um hvárkis at fýsa“. Hon svarar: „Vera kann, at þetta sé ætlat til nökkurra þeira bluta, er síðan sé í minni hafðir, þessi hinn undarlegi hlutr;

enn ek vænti at guðs gæzla muni yfir mér standa; mun ek ok áhætta með guðs miskunn, at fara til móts við hann, ok vita, hvat hann vill tala, því at ek mun eigi forðast mega, ef mér skal mein at verða; vil ek síðr at hann gangi viðara; enn mik grunar at þat man á liggja“. Nú fór Guðriðr ok hitti Þorstein; sýndist henni sem hann feldi tár; hann mælti í eyra henni nökkur orð hljótt svá at hon ein vissi, enn þat mælti hann svá at allir heyrðu, at þeir menn væru sælir, er trúna heldu, ok henni fylgdi öll hjálp ok miskunn; ok sagði þó at margir heldu hana illa — „er þat engi hátt, sem hér hefir verit á Grænlandi, síðan kristni kom hér, at setja menn niðr í óvígða mold við litla yfirsöngva; vil ek mik láta flytja til kirkju ok aðra þá menn, sem hér hafa andast, enn Garðar vil ek láta brenna á báli sem skjótast, því at hann veldr öllum aftrgöngum þeim er hér hafa verit í vetr“. Hann sagði henni svá um sína hagi, ok kvað hennar forlög mikil mundu verða, enn bað hana varast at giftast grænlenskum mönnum, bað at hon legði fé þeira til kirkju ok sumt fátækum mönnum, ok þá hné hann aftr öðru sinni. Sá hafði hátt verit á Grænlandi, síðan kristni kom þangat, at menn vóru grafnir í bæjum, þar sem önduðust, í óvígðri moldu, skyldi setja staur upp af brjósti hinum dauða: enn síðan er kenni-

menn kómu til, þá skyldi upp kippa staurinum ok hella þar í vigðu vatni, ok veita þar yfirsongva, þótt þat væri miklu síðar. Lík þeira Þorsteins váru færð til kirkju í Eiríksfjörð, ok veittir þar yfirsongvar af kennimönnum. Tók Eiríkr við Guðríði, ok var henni í föðurstað. Litlu síðar andaðist Þorbjörn; bar þá alt fé undir Guðríði; tók Eiríkr hana til sín ok sá vel um hennar kost.

6. (Af höfða-Þórði). Þórðr hét maðr, er bjó at Höfða á Höfðaströnd; hann átti Friðgerði, dóttir Þóris himu ok Friðgerðar, dóttur Kjarvals Írakonungs. Þórðr var son Bjarnar byrðusmjörs. Þorvaldssonar hryggs Ásleikssonar, Bjarnarsonar járn síðu, Ragnarssonar loðbrékar. Þau áttu son er Snorri hét; hann átti Þórhildi rjúpu, dóttur Þórðar gellis. Þeira son var Þórðr hesthöfði. Þorfinnr karlsefni hét sonr Þórðar; móðir Þorfinns hét Þórunn. Þorfinnr var í kaupferðum, ok þótti góðr fardrengr. Eitt sumar býr Karlsefni skip sitt, ok ætlar til Grænlands. Snorri Þorbrandsson ferr með honum ór Álftafirði, ok vóru fjórir tígir manna á skipi. Maðr hét Bjarni Grímólfsson breiðfirzkr at ætt; annarr hét Þórhallr Gamlason, austfirzkr maðr; þeir bjoggu hit sama sumar skip sitt, ok ætluðu til Grænlands; þeir vóru fjórir tígir manna á skipi. Látu þeir Karlsefni í haf þessum tveim skipum, þegar þeir vóru búnir.

Ekki er um þat getit hversu langa útivist þeir höfðu; enn frá því er at segja, at bæði þessi skip kómu á Eirikssfjörð um haustit. Eiríkr reið til skipa ok aðrir landsmenn; tókst með þeim greiðleg kaupstefna; buðu stýrimenn Eiríki at hafa slíkt af varningi sem hann vildi, enn Eiríkr sýnir þeim stórmensku af sér á móti, því at hann bauð þessum tveim skipshöfnum til sín heim um veturinn í Brattahlíð; skorti þar eigi útibúr stór til at varðveita í varning þeira; skorti þar ekki mat þat er hafa þurfti ok líkaði þeim vel um vetrinn. Enn er dró at jólum, tók Eiríkr fæð mikla ok var ógladari enn hann átti vanda til. Eitt sinn kom Karlsefni at máli við Eirík, ok mælti: „Er þér þungt, Eiríkr bóndi? menn þykjast finna at þú ert ógladari enn þú átt vanda til. Þú hefi veitt oss með hinni mestu rausn, ok erum vit skyldir til at launa þér slíku góðu, sem vér höfum föng á; nú segðu hvat ógleði þinni veldr“. Eiríkr svarar: „Ér þiggit vel ok góðmannlega; nú leikr mér þat eigi í hug at á yðr verði halt um vár skifti: hitt er heldr, at mér þykki ugglegt, þá er þér komið. annarstaðar, at þat flytist, at þér hafið engi jól verri haft enn þessi, er nú koma ok Eiríkr hinn rauði veitti yðr í Brattahlíð á Grænlandi“, „Þat mun eigi svá fara, bóndi“, segir Karlsefni, „vér höfum á skipi váru bæði malt ok

korn, ok hafð þar af slikt er þér vilið, ok ger-
ið veizlu svá stórmannlega sem yðr líkar fyrir
því“. Þetta þiggr Eiríkr ok var þá búit til
jólaveizlu, ok var hún hin sæmilegasta, svá at
menn þóttust trautt þvilíka rausn sét hafa í
fátæku landi. Ok eftir jólin vekr Karlsefni
bónorð fyrir Eiríki um Guðriði, því at honum
leizt sem hann mundi forræði á hafa“. Eiríkr
svarar vel ok segir, at þon man sínum forlög-
um verða at fylgja, ok kveðst góða eina frétt
af honum hafa; ok lauk svá, at Þorfinnr festi
Guðriði, ok var þá aukin veizlan ok drukkit
brullaup þeira, ok var þetta í Brattahlíð um
vetrinn.

7. (Hófst Vínlandsferð). Í Brattahlíð hófust mikl-
ar umræður, at menn skildu leita Vínlands ens
góða, ok var sagt at þangat mundi vera at
vitja góðra landskosta; ok þar kom at Karls-
efni ok Snorri bjoggu skip sitt, at leita lands-
ins um várit. Með þeim fór ok sá maðr er
Bjarni hét ok annarr Þórhallr, er fyrr eru
nefndir, með sínu skipi. Maðr hét Þorvarðr;
hann átti Freydísi, dóttur Eiríks rauða laun-
getna; hann fór ok með þeim ok Þorvaldr son
Eiríks, ok Þórhallr sem kallaðr var veiðimaðr;
hann hafði lengit verit með Eiríki, veiðimaðr
hans um sumrum, enn bryti um vetrum. Hann
var mikill maðr ok sterkr ok svartr ok þursa-
legr, ljóðlyndr ok illorðr, þat er hann mælti,

ok eggjaði jafnan Eirík ens verra; hann var illa kristinn; honum var víða kunnugt í óbygðum; hann var á skipi með Þorvarði ok Þorvaldi. Þeir höfðu þat skip, er Þorbjörn hafði út haft. Þeir höfðu alls fjóra tígi manna ok hundrat, er þeir sigldu til Vestribygðar ok þaðan til Bjarneyjar. Þaðan sigldu þeir í tvö dægr í suðr; þá sjá þeir land ok skutu báti ok könnuðu landit, ok fundu þar hellur stórar ok margar tólf álna víðar; fjöldi var þar melrakka. Þeir gáfu þar nafn ok kölluðu Helluland. Þaðan sigldu þeir tvau dægr, ok brá til landsuðrs ór suðri ok fundu land skógvaxit, ok mörg dýr á; ey lá þar undan í landsuðr; þar í drápu þeir einn björn ok kölluðu síðan Bjarney, enn landit Markland. Þaðan sigldu þeir suðr með landinu langa stund, ok kómu at nesi einu; lá landit á stjörn; váru þar strandir langar ok sandar. Þeir reru til lands ok fundu þar á nesinu kjöl af skipi ok kölluðu Kjalarnes; þeir kölluðu ok strandirnar Furðustrandir, því at langt var með at sigla. Þá gerðist landit vágskorið; þeir heldu skipunum í einn vág. Óláfr konungr Tryggvason hafði gefit Leifi tvá menn skozka; hét maðrinn Haki, enn hon Hekja; þau váru dýrum skjótari; þessir menn váru á skipi með Karlsefni; enn er þeir höfðu siglt fyrir Furðustrandir, þá létu þeir ena skozku menn á land, ok báðu þau hlaupa suðr á landit,

at leita landkosta, ok koma aftr áðr þrjú dægr væri liðin. Þau höfðu þat klæði er þau kölluðu kjafal; þat var svá gert, at höttr var á upp, ok opit á hliðunum, ok engar ermar á, knept saman milli fóta með knappi ok hnezlu, enn ber váru þau annarsstaðar. Þeir biðu þar þá stund; enn er þau kómu aftr, hafði annat í hendi vínberja köngul, enn annat hveitíax nýsát; gengu þau á skip út, ok sigldu þeir síðan leiðar sinnar. Þeir sigldu á fjörð einn; þar lá ein ey fyri utan; þar um váru straumar miklir; því kölluðu þeir hana Straumey. Svá var mörg æðr í eyinni, at varla mátti ganga fyrir eggjum. Þeir kölluðu þar Straumfjörð. Þeir báru þar farma af skipum sínum ok bjoggest þar um; þeir höfðu með sér allskonar fénad. Þar var fagrt landslag. Þeir gáðu einskis utan at kanna landit; þeir váru þar um vetrinn, ok var ekki fyrir unnit. Um sumarit tókust af veiðarnar, ok gerðist ilt til matar; þá hvarf brátt Þórhallr veiðimaðr; þeir höfðu áðr heitit á guð til matar, ok varð eigi við svá skjótt sem þeir þóttust þurfa; þeir leituðu Þórhalls um þrjú dægr ok fundu hann á hamargnipu einni; hann lá þar ok horfði í loft upp, ok gapti bæði munni ok nösun. ok þuldi nökkut; þeir spurðu því hann var þar kominn; hann kvað þá þat engu varða; þeir báðu hann fara heim með sér, ok hann gerði svá. Litlu síðar

kom þar hvalr, ok fóru þeir til ok skáru, ok kendi engi maðr hvat hvala var, ok er mat-sveinar suðu, þá átu þeir ok varð öllum ilt af. Þá mælti Þórhallr: „Drjúgari varð enn rauð-skeggjaði nú enn Krístr yðvarr; hefir ek þetta nú fyrir skáldskap minn, er ek orta um Þór fulltrúann; sjaldan hefir hann mér brugðizt“. Ok er menn vissu þetta, báru þeir hvalinn allan í kaf, ok skutu sínu máli til guðs; batnaði þá veðráttu, ok gaf þeim útróðra ok skorti þá síðan eigi föng, því at þá var dýraveiðr í landinu, enn eggver í eygni, enn fiski ór sjónum.

8. (Af Karlsefni ok Þórhalli). Svá er sagt, at Þórhallr vill fara norðr fyrir Furðustrandir, at leita Vínlands, enn Karlsefni vill fara suðr fyrir landit; býst Þórhallr út undir eygni ok verða þeir eigi fleiri saman enn níu menn; enn alt annat lið fór með Karlsefni. Enn er Þórhallr bar vatn á skip sitt, ok drakk, þá kvað hann vísu:

- (1) Hafa kváðu mik meiðar
 walmþings es komk hingat —
 mér samir land fyr lýðum
 lasta — drykkinn bazta;
 Bils hattar verðr buttu
 beiði-Týr at stýra,
 heldr 's svát ek krýp at keldu,
 komat vín á grön mína.

Ok er þeir váru búnir, undu þeir segl. Þá kvað Þórhallr:

- (2) Förum aftr þars órir
 eru sandhimins landar
 látum keuni val kanna
 knarrar skeið en breiðu,
 meðan bilstyggvir byggja
 bellendr ok hval vella
 laufa veðrs, þeirs leyfa
 lönd á Furðuströndum.

Síðan sigldu þeir norðr fyrir Furðustrandir ok Kjalarnes, ok vildu beita vestr fyrir; þá kom móti þeim vestanveðr, ok rak þá upp á Írlandi, ok váru þeir þar bardir ok þjáðir, ok lét Þórhallr þar lif sitt, eftir því sem kaupmenn hafa sagt.

9. Nú er at segja af Karlsefni, at hann fór suðr fyrir landit ok Snorri ok Bjarni með sínu fólki. Þeir fóru lengi og alt þar til er þeir kómu at á einni er fell af landi ofan ok í vatn eitt til sjóvar; eyrar váru þar miklar, ok mátti eigi komast í ána utan at hálfslæðum. Þeir Karlsefni sigldu í ósinn, ok kölluðu í Hópi. Þeir fundu þar á landi sjálfsána hveitakra, þar sem lægðir váru, enn vínvið alt þar sem holta vissi. Hverr lækr var þar fullr af fiskum. Þeir gerðu grafir, þar sem mættist landit ok ilóðit gekk ofarst; ok þá er út fell sjórinn, váru helgir fiskar í gröfunum. Þar var mikill fjöldi dýra í skóginum meðr öllu móti. Þeir váru þar hálfan mánuð, ok skemtu sér ok urðu við ekki varir; fé sitt höfðu þeir

meðr sér. Ok einn morginn snemma er þeir lituðust um, sá þeir mikinn fjölda húðkeipa, ok var veift trjám á skipunum, ok lét því líkast sem í halmbúst, ok var veift sólarsinnis. Þá mælti Karlsefni: „Hvat man þetta hafa at teikna?“ Snorri Þorbrandsson svarar honum: „Vera kann at þetta sé friðarmark, ok tökum skjöld hvítan, ok berum at móti“, ok svá gerðu þeir. Þá reru þeir á móti ok undruðust þá er fyrir váru ok gengu á land upp. Þeir váru svartir menn ok illilegir, ok höfðu ilt hár á höfði. Þeir váru mjök eygðir ok breiðir í kinnum. Dvöldust þeir at stund ok undruðust þá sem fyrir váru ok reru síðan í brott ok suðr fyrir nesit.

10. Þeir Karlsefni höfðu gert búðir sínar upp frá vatninu, ok váru sumir skálarnir nær vatninu, enn sumir fírr. Nú váru þeir þar þann vetr; þar kom enginn snjór, ok alt gekk fé þeira sjálfali fram. Enn er vára tók, sá þeir einn morgin snemma at fjöldi húðkeipareri sunnan fyrir nesit, svá mart sem kolum væri sát fyrir Hópit; var þá ok veift af hverju skipi trjánum. Þeir Karlsefni brugðu þá skjöldum upp, ok er þeir fundust, tóku þeir kaupstefnu sín á milli, ok vildi þat fólk helzt hafa rautt skrúð; þeir höfðu á móti at gefa skinnvöru ok algrá skinn. Þeir vildu ok kaupa sverð ok spjót, enn þat bönnuðu þeir Karlsefni

ok Snorri. Þeir Skrælingjar tóku spannarlangt rautt skrúð, fyrir ófölván belg, ok bundu um höfuð sér. Gekk svá kaupstefna þeira um hrið; tók at fættast skrúðit með þeim Karlsefni, ok skáru þeir þá svá smátt í sundr, at eigi var breiðara enn þversfingrs ok gáfu Skrælingjar þó jafnmikið fyrir sem áðr eða meira.

11. Þat bar til, at gríðungr hljóp ór skógi, er þeir Karlsefni áttu, ok gellr hátt; þetta fælast Skrælingjar, ok hlaupa út á keipana, ok reru síðan suðr fyrir landit; verðr þá ekki vart við þá þrjár vikr í samt. Enn er sjá stund var liðin, sjá þeir fara sunnan mikinn fjölda Skrælingja skipa, svá sem straumar stæðu; var þá trjánnum öllum veift andsælis; ok ýla upp allir mjök hátt. Þá tóku þeir Karlsefni rauðan skjöld, ok báru at móti. Skrælingjar hlupu af skipum ok síðan gengu þeir saman. ok börðust; var þar skothrið hörð, því at Skrælingjar höfðu valslöngur. Þat sá þeir Karlsefni at Skrælingjar færðu upp á stöng knött stundar mikinn, því nær til at jafna sem sauðarvömb, ok helzt blán at lit, ok fleygðu af stönginni upp á landit yfir lið þeira Karlsefnis, ok lét illilega viðr þar sem niðr kom. Við þetta sló ótta miklum á Karlsefni ok alt lið hans svá at þá fýsti enginn annars enn flýja, ok halda undan upp með ánni, því at þeim þótti lið Skræl-

ingja drífa at sér öllum megin, ok léttu eigi fyrr enn þeir kómu til hamra nökkurra, ok veittu þar viðtöku harða. Freydis kom út ok sá at þeir Karlsefui heldu undan, ok kallaði: „Hví rennið þér undan þessum auvirðismönnum, svá gildir menn sem þér eruð, enn mér þótti sem þér mættið drepa niðr svá sem búfé; ok ef ek hefða vápn, þótti mér at ek skyldi betr berjast enn einhverr yðvarr.“ Þeir gáfu engan gaum hennar orðum. Freydis vildi fylgja þeim ok varð seinni, því at hon var eigi heil; gekk hon þá eftir þeim í skóginn. Enn Skrælingjar sækja at henni; hon fann fyrir sér mann dauðann; þar var Þorbrandr Snorrason, ok stóð hellusteinn í höfði honum; sverðit lá bert í hjá honum; tók hon þat upp, ok býst at verja sik. Þá kómu Skrælingjar at henni; hon dró þá út brjóstit undan klæðunum, ok slettir á beru sverðinu; við þetta óttast Skrælingjar, ok hljópu undan á skip sín, ok reru í brott. Þeir Karlsefni finna hana ok lofa kapp hennar. Tveir menn fellu af þeim Karlsefni, enn fjöldi af þeim Skrælingjum. Urðu þeir Karlsefni ofrliði bornir, ok fóru nú heim eftir þetta til búða sinna, ok bundu sár sín, ok ihuga hvat fjölmenni þat myndi verit hafa, er at þeim sótti af landinu ofan; sýnist þeim nú sem þat eina mun liðit verit hafa, er af skipunum kom, enn hitt fólk-it mun verit hafa sjónhverfingar. Þeir Skræl-

ingjar fundu ok mann dauðau, ok lá öxi í hjá; einn þeira tók upp öxina, ok höggr með tré, ok þá hverr af öðrum, ok þótti þeim vera gersimi, ok bíta vel; síðan tók einn ok hjoggu í stein, svá at brotnaði öxin, ok þá þótti þeim engu nýt, er eigi stóðst grjótit, ok köstuðu niðr.

12. Þeir Karlsefni þóttust nú sjá, þótt þar væri landkostir góðir, at þar myndi jafnan ótti ok ófriðr á liggja af þeim er fyrir byggja. Síðan bjoggust þeir í brott, ok ætluðu til síns lands, ok sigldu norðr fyrir landit, ok fundu fim Skrælingja í skinnhjúpum, sofnaða nær sjó; þeir höfðu með sér stokka ok í dýramerg dreyrablandinn; þóttust þeir Karlsefni þat skilja, at þessir menn myndu hafa verit gervir brott af landinu; þeir drápu þá. Síðan fundu þeir Karlsefni nes eitt, ok á fjölda dyra; var nesit at sjá sem mykiskán væri, af því at dýrin lágu þar um næturnar. Nú kómu þeir Karlsefni aftr í Straumfjörð ok váru þar fyrir alls gnóttir, þess er þeir þurftu at hafa. Þat er sumra manna sögn, at þau Bjarni ok Guðriðr hafi þar eftir verit, ok tíu tígir manna með þeim, ok hafi eigi farit lengra; enn þeir Karlsefni ok Snorri hafi suðr farit, ok fjórir tígir manna með þeim, ok hafi eigi lengr verit í Hópi enn vart tvá mánuði, ok hafi sama sumar aftr komit. Karlsefni fór þá á einu skipi at leita Þór-halls veiðimanns, enn annat liðit var eftir, ok

fóru þeir norðr fyrir Kjalarnes, ok berr þá fyrir vestan fram, ok var landit á bakborða þeim; þar váru þá eyðimerkr einar alt at sjá fyrir þeim, ok nær hvergi rjóðr í. Ok er þeir höfðu lengi farit, fellr á aflandi ofan, ór austri í vestr; þeir lögðu inn í árósin, ok lágu við hinn syðri bakkann.

13. (Víg Þorvalds Eiríkssonar). Þat var einn morgin, er þeir Karlsefni sá fyrir ofan rjóðrit flekk nökkurn sem glitraði við þeim, ok æptu þeir á þat; þat hrærðist, ok var þat Einfætingr, ok skaut ofan á þann árbakkann, sem þeir lágu við. Þorvaldr, Eiríksson rauða, sat við stýri, ok skaut Einfætingr ör í smáþarma honum. Þorvaldr dró út örina, ok mælti: „Feitt er um ístruna; gott land höfum vér fengit kostum, enn þó megum vér varlanjóta.“ Þorvaldr dó af sári þessu litlu síðar. Þá hleypr Einfætingr á braut ok norðr aftr. Þeir Karlsefni fóru eftir honum, ok sá hann stundum. Þat sá þeir síðast til hans, at hann hljóp á vág nökkurn. Þá hurfu þeir Karlsefni aftr. Þá kvað einn maðr kviðling þenna:

- (3) Eltu seggir,
 allsatt var þat,
 einn Einfæting
 ofan til strandar;
 enn kynlegr maðr
 kostaði rásar

hart um slóðir;
heyrðu Karlsefni!

Þeir fóru þá í brott ok norðr aftr, ok þóttust sjá Einfætingaland; vildu þeir þá eigi hætta liði sínu lengr. Þeir ætluðu öll ein fjöll, þau er í Hópi váru, ok þessi er nú fundu þeir, ok þat stæðist mjök svá á, ok væri jafnlangt ór Straumfirði beggja vegna. Hinn þriðja vetr váru þeir í Straumfirði. Gengu menn þá mjök í sveitina ok varð þeim til um konur, ok vildu þeir er ókvæntir váru sækja til í hendr þeim sem kvæntir váru, ok stóð af því hin mesta óró. Þar kom til hit fyrsta haust Snorri son Karlsefnis, ok var hann þá þrevetr. er þeir fóru brott. Þá er þeir sigldu af Vínlandi, tóku þeir suðræn veðr ok hittu þá Markland, ok fundu þar Skrælingja fim, ok var einn skeggjaðr; konur váru tvær ok börn tvau, tóku þeir Karlsefni sveinana, enn hinir kómust undan, ok sukku þeir Skrælingjar í jörð niðr. Sveina þessa tvá höfðu þeir með sér. Þeir kendu þeim mál ok váru skírðir. Þeir nefndu móður sína Vethildi ok föður Óvægi. Þeir sögðu at konungar stjórnðu Skrælingjum, ok hét annarr þeira Ávalldania. enn annar Vallidida. Þeir kváðu þar engin hús; lágu menn í hellum eða holum. Þeir sögðu þar liggja land öðrum megin gagnvart sínu landi, er þeir menn bygðu, er váru í hvítum klæðum ok bæru

stangir fyrir sér, ok váru festar við hikar, ok æptu hátt, ok ætla menn at þat hafi verit Hvítramannaland eða Írland it mikla.

14. Þá Bjarna Grimólfsson bar í Írlands haf, ok kómu í maðksjá, ok sökk drjúgum skipit undir þeim. Þeir höfðu bát þann, er bræddr var með seltjöru, því at þar fær eigi trémaðkr á; þeir gengu í bátinn, ok sá þeir þá, at þeim mátti hann eigi öllum vinnast. Þá mælti Bjarni: „Af því at bátrinn tekr eigi meira enn helming manna várra, þá er þat mitt ráð, at menn séu hlutaðir í bátinn, því at þetta skal ekki fara at mannvirðingu. Þetta þótti öllum svá drengilega böðit, at engi vildi móti mæla; gerðu þeir svá, at þeir hlutuðu mennina, ok hlaut Bjarni at fara í bátinn, ok helmingr manna með honum, því at bátrinn tók ekki meira. Enn er þeir váru komnir í bátinn, þá mælti einn íslenzkr maðr, er þá var í skipinu, ok Bjarna hafði fylgt af Íslandi: „Ætlar þú Bjarni hér at skiljast við mik?“ Bjarni svarar: „Svá verðr nú at vera.“ Hann svarar: „Öðru hézt þú föður mínum, þá er ek fór at Íslandi með þér, enn skiljast svá við mik, þá er þú sagðir at eitt skyldi ganga yfir okkr báða.“ Bjarni svarar: „Eigi skal ok svá vera, gakk þú hingat í bátinn, enn ek mun upp fara í skipit, því at ek sé at þú ert svá fúss til fjörsins.“ Gekk Bjarni þá upp í skip-

it, enn þessi maðr í bátinn, ok fóru þeir síðan leiðar sinnar, til þess er þeir koma til Dýflinnar á Írlandi, ok sögðu þessa sögu, enn þat er flestra manna ætlan, at Bjarni ok hans kumpánar hafi látizt í maðksjónum, því at ekki spurðist til þeira síðan.

15. (Ettartala frá Karlsefni ok Þuríði konu hans). Annat sumar eftir fór Karlsefni til Íslands, ok Guðríðr með honum, ok fór heim í Reynisnes. Móður hans þótti sem hann hefði litt til kostar tekit, ok því var Guðríðr eigi heim, enn fyrsta vetr. Enn er hon prófadi, at Guðríðr var kvenskörungr mikill, fór hon heim og váru samfarir þeira góðar. Dóttir Snorra Karlsefnissonar var Hallfríðr, móðir Þorláks biskups Runólfssonar. Þau áttu son er Þorbjörn hét; hans dóttir hét Þórunn, móðir Bjarnar biskups. Þorgeirr hét sou Snorra Karlsefnissonar, faðir Ingvildar, móður Brands biskups hins fyrra. Dóttir Snorra Karlsefnissonar var ok Steinunn, er átti Einarr, son Grundar-Ketils, Þorvaldssonar króks, Þóris sonar á Espihóli; þeira son var Þorsteinn rang'átr; hann var faðir Guðrúnar, er átti Jörundr at Keldum; þeira dóttir var Halla, móðir Flosa, föður Valgerðar, móður herra Erlonds sterka, föður herra Hauks lögmanns. Önnur dóttir Flosa var Þórdís móðir frú Ingigerðar ríku; hennar dóttir var Hallbera,

abbadis í Reynisnesi at Stað. Mart stórmenni er komit annat á Íslandi frá Karlsefni ok Guðriði, þat er ekki er hér skráð.

Veri guð með oss. Amen!

Vísaskýringar.

1. (Þórhallr veiðimaðr). Malmþings meiðar¹ kváðu mik (skyldu) hafa bazta drykkinn es ek kom hingat. Mér samir lasta land fyr lýðum. Bilds hattar beiði-Týr² verðr at stýra buttu³; svá es heldr at ek krýp at keldu; vín komat³ á grön mína.

1. *malmþings meiðar menn*. 2. *Bidr*, Óðinn; Óðins *hött*, hjálmr; hjálms *beiði-týr*, maðr. — 2. *butta*, kirna eða fata (*bötte* á dönsku). — 3. *komat* = kom eigi.

Að öðru leyti þarf vísau ekki skýringar við.

2. (Þórhallr veiðimaðr). Förum aftr þars órir landar eru; látum kenni-val sandhimius¹ kanna en breiðu knarrar skeið, meðan bilstyggvir² bellendr laufa veðrs³. Þeir es leyfa⁴ lönd, byggja á Furðuströndum ok vella hval⁵.

1. *sandhiminn*, sjór; *kenni-valr sandhimins*, skip. — 2. *bilstyggvir*, styggvir í bili, skapbráðir. — 3. *bellendr laufa* (sverða) *veðrs*, bardagamenn. — 4. *leyfa* = lofa. — 5. *vella*, sjóða.

3. (Einn maðr). Þessi vísa þarf engrar skýringar við.

NÖFN.

- Álftafjörðr vestra 2, 6.
Arnóra Einarisdóttir 3.
Arnarstapi, bær á Snæfellsnesi 3.
Áslákr ór Laugadal 2.
Ásleikr Bjarnarson járnsíðu 6.
Ásvaldr Úlfsson 2.
Auðr (Unnr) djúpauðga 1.
Avalldania, Skrælingja konungr 13.
- Bjarney við Grænland 7.
Bjarnarhöfn 1.
Bjarni Grímólfsson 6, 7, 9, 12.
Björn buna 1.
Björn byrðusmjör 6.
Björn Ketilsson flatnefs 1.
Björn járnsíða Ragnarsson 6.
Bláserkr, jökull á Grænlandi 2.
Brattablið, bær á Grænlandi 3, 4, 5, 6, 7.
Breiðabólstaðr, bær (nú prestsetr) á Skógarströnd 2.
- Breiðafjörðr 2, 3.
Brokey á Breiðafrði 2.
- Dalalönd 1.
Dimunarvágr á Breiðafrði 2.
Drangar, bær í Strandas. 2.
Dýfinnarakiri 1.
Dýblin (Dublin) 1, 14.
Dögurðará í Dalas. 1.
- Einarr Grundar-Ketilsson 15.
Einarr Sigmundsson á Laugarbrekku 3.
Einarr Þorgeirsson 3.
Einfætingaland 13.
Eittætingar (undrapjóðkyn í trú miðaldanna) 13.
Eiríkr rauði 2, 3, 6, 7.
Eiríksey á Grænlandi 2.
Eiríksey fyrir mynni Eiríkstjarðar 2.
Eiríksfjörðr á Grænlandi 2, 4, 6.
Eiríksbólmr á Grænlandi 2.
Eiríksstaðir, bær í Haukadal í Dalas. (nú í eyði) 2.

- Eiríksstaðir, bær í Öxney á Breiðafirði 2.
- Eiríksvágr á Breiðafirði 2.
- Erlendr sterki 15.
- Eyjólfr ór Svíney 2.
- Eyjólfr saurr 2.
- Eysteinn glumra 1.
- Flosi 15.
- Freydís Eiríks dóttir rauða 7, 11.
- Friðgerðr Kjarvalsdóttir 6.
- Friðgerðr Þórisdóttir 6.
- Furðustrandir í Norðr-Ameríku 7, 8.
- Garði** verkstjóri í Lýsu-
firði 5.
- Grelöð kona Þorfinns hausa-
kljúfs 1.
- Gróa Þorsteinsdóttir rauðs
1.
- Gruudar Ketill 15.
- Grænland 2, 3, 4, 5, 6.
- Guðríðr Þorbjarnardóttir 3,
5, 6, 12 (?), 15.
- Guðrún Þorsteinsd. rang-
láts 15.
- Guðröðr Hálfðanarson 1.
- Gunnbjarnarsker 2.
- Gunnbjörn Úlfs son kráku
2.
- Halla** Jörundardóttir 15.
- Hallbera, frú abbadís á Stað
í Reynisnesi 15.
- Haldís kona Orms 3.
- Hallfríðr Snorradóttir Karls-
efnissonar, móðir Þorláks
biskups 15.
- Hallveig Einarsdóttir 3.
- Haki, skozkr maðr 7.
- Hálfðan hvítbeinn Upplend-
ingakonungur 1.
- Haukadalur í Dalas. 2.
- Haukr lögmaðr 15.
- Helgi magri 1.
- Helgi Ólafsson 1.
- Hekja, skozk stúlka 7.
- Hellisvellir í Snæfellsnes-
sýslu 3.
- Helluland 7.
- Herjólfssnes á Grænlandi 3.
- Hólmgöngu-Hrafn 2.
- Hólmlátr, bær í Breiðafirði
2.
- Hóp í Vinlandi 9, 12, 13.
- Hornstrandir 2.
- Hrafnstjörðr á Grænlandi 2.
- Hraunhafnaróss í Snæfells-
ness. 3.
- Hvarfagnúpr á Grænlandi 2.
- Hvammr, bær (nú prestsetr)
í Dalasýslu 1.
- Illugi Áslásson 2.
- Ingjaldr konungur Helgason
1.

- Ingigerðr ríka, frú, abbadis 15.
 Ingólfr á Hólmlátri 2.
 Írland 1, 4, 14.
 Írlands haf 14.
 Ísland 1, 2, 3, 4, 14, 15.
 Jörvi, bær í Dalas. 2.
 Jörundr Atlason 2.
 Jörundr at Keldum 15.
 Katanes á Skotlandi 1.
 Ketill flatnefr 1.
 Kjalarnes í N.-Am. 7, 8.
 Kjarval'Íra konungr 6.
 Krosshólar í Hvammssveit 1.
 Langidalr, bær vestra 2.
 Laugabrekka, bær í Snæfellsnessýslu 3.
 Leifr hinn heppni Eiríksson 4, 5, 6, 7.
 Leikskálar í Dalas. 2.
 Lýsufjörðr í Vestrbygð 5.
 Markland í Norðr-Ameríku 7, 13.
 Mærævi á Skotlandi 1.
 Noregr 1, 3, 4.
 Óláfr Guðröðarson 1.
 Óláfr konungr hvíti 1.
 Óláfr konungr Tryggvason 4, 7.
 Orkneyjar 1.
 Ormr at Arnarstapa 3.
 Óvægir, Skrælinga piltr 13.
 Ragnarr loðbrók 6.
 Reynisnes, bær í Skagafirði = Staðr í Reynisnesi = Reynistaðr 15.
 Ros í Skotlandi 1.
 Sigríðr, kona í Lýsufirði 5.
 Sigmundr Ketilsson þistils 3.
 Sigurðr jarl Eysteinnsson 1.
 Skeiðsbrekkur í Dalas. 2.
 Skotar 1.
 Skotland 1.
 Skraumuhlaupsá í Dalas. 1.
 Skrælingjar 10, 11, 12.
 Söjófell á Grænlandi 2.
 Snæfellsjökull 2.
 Snjófellsströnd = Snæfellsnes 3.
 Snorri Karlsefniðsson 15.
 Snorri Þorbrandsson ór Álftafirði 2, 6, 7, 9, 10.
 Snorri Þórðarson 6.
 Steinunn Snorradóttir 15.
 Stokkanes á Grænlandi 3.
 Straumfjörðr í Vinlandi 7, 12, 13.
 Straumey við Vinland 7.
 Styrri Þorgrímsson (víga-Styrri) 2.
 Suðrey á Breiðafirði 2.

- Suðreyjar 1, 4.
 Suðrey á Breiðafirði 2.
 Suðrland 1.
Traðir, bær í Suðrey á Breiðafirði 2.
Úlfr kráka 2.
 Úlfr Öxna-Þórisson 2.
Valdidida, Skrælingja konungr 13.
 Valgerðr 15.
 Vethildr, {Skrælingja barn 13.
 Vinland 7, 8.
 Vestrbygð = vestri bygð 2, 5, 7.
 Valþjófr á Valþjófsstöðum 2.
 Valþjófsstaðir, bær í Dalas. 2.
 Vatnshorn, bær í Dalas. 2.
 Vifill í Vifilsdal 1.
Þistilsfjörðr 3.
 Þjóðhildr sbr. Þórhildr Jörundardóttir.
 Þorbjörg knarrarbringa 2.
 Þorbjörg spákona 3.
 Þorbjörn 1.
 Þorbjörn enn haukdælski 2.
 Þorbjörn Snorrason Karlsefnissonar af Bjarnar biskups 15.
 Þorbjörn Vífilsson 2, 3, 4, 7.
 Þorbrandr í Álftafirði 2.
 Þorbrandr Snorrason 11.
 Þórdís 15.
 Þórðr at Höfða Bjarnarson byrðusmjörs 6.
 Þórðr gellir 2.
 Þórðr hesthöfði Snorrason 6.
 Þorfinnr hausakljúfr 1.
 Þorfinnr karlsefni Þórðarson 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 15.
 Þorgils Leifsson 4.
 Þorgeirr ór Hitardal 2.
 Þorgeirr Snorra son Karlsefnissonar af Brands biskups 15.
 Þorgeirr at Þorgeirsfelli 3.
 Þorgeirsfell, bær á Snæfellsnesi 3.
 Þorgeirr Vífilsson 1, 3, 5.
 Þorgestr enn gamli Steinson 2.
 Þórgunna 4.
 Þórhallr Gamlason 6, 7.
 Þórhallr veiðimaðr 7, 8, 12.
 Þórhildr Jörundardóttir 2, 3.
 Þórhildr rjúpa Þórðardóttir gellis 6.
 Þórir á Espihóli 15.
 Þorkell á Herjólfsnesi 3.
 Þorlákr biskup Runólfsson 15.
 Þórsnesþing 2.
 Þorsteinn Eiríksson rauða 4, 5.
 Þorsteinn í Lýsufirði 5.
 Þorsteinn rauðr 1.
 Þorsteinn ranglátr 15.
 Þorvaldr Ásvaldsson 2.
 Þorvaldr Eiríks son rauða 7, 13.
 Þorvarðr mágr Eiríks rauða 7.
 Þorvaldr hryggr 6.
 Þorvaldr krókr 15.
 Þuríðr Eyvindardóttir 1.
Öxna-Þórir 2.
 Öxney á Breiðafirði 2.

KJALNESINGA SAGA.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMÁÐUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1902.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Kjalnesinga saga hefir verið gefin út tvisvar sinnum. Hún er gefin út í bókinni „Agiætar Fornmanna Sögur“, sem prentuð er á Hólum 1756, og síðan er hún gefin út í „Íslendinga sögum“ II. bindi, Kaupmannshöfu 1847, sem Jón Sigurðsson hefir búið undir prentun.

Saga þessi er allgömul, og virðist vera frá fyrra hlut 13. aldar, eftir því sem ráða má af ummælum í sögunni, þar sem talað er um Óláf Jónsson og Árna biskup. Árni biskup dó 1297. Saga er auðsjáanlega rituð af manni, sem hefir verið mjög kunnugr þar sem sagan á að hafa gerzt, því örnefni eru þar rétt nefnd og heita svo egn í dag. Egn að öðru leyti hefir sagan eflaust við litil söguleg rök að styðjast. Nafnið Esja er að öllum líkindum búið til af höfundí sögunnar, því Esjuberg mun ekki vera lengið af mannsnafni, og að mestu leyti mun sagan vera tilbúningr, þó hún kunni að vera að einhverju eyti bygð á munnmælum. Örnefnið Búahellir hefir tilkamms tíma verið haft um helli í fjallinu í grend við Esjuberg. Nú er hann víst að mestu eða öllu horfinn,

enda hefir fyrr og síðar verið mikið hrún úr fjallinu og skriðuföll mjög tíð.

Dáttrinn um Búa er miklu yngri enn sagan og hefir honum verið bætt aftan við hana, enn ekki verið látinn vera sérstakr. Hann er auðvitað einkisverður og á hann það tæplega skilið að hann sé gefinn út.

Hins vegar eru kaflar í sögunni sjálfri dável sagðir.

Misprentað er á bls. 48: Stað fyrir stað (er Árni biskup réð fyrir stað), og á bls. 50 öllum lengri fyrir Öllumlengri.



Kjalnesinga saga.

Helgi bjóla, son Ketils flatnefs, nam Kjalarnes millum Leiruvágs ok Botnsár ok bjó at Hofi á Kjalarnesi. Hann var nýtmenni mikit í fornum sið, blótmaðr litill, spakr ok hægr við alla. Helgi átti Þórnýju dóttur Ingólfs í Vik, er fyrst bygði Ísland. Þeira synir váru þeir Þorgrímr ok Arngrímr. Þeir váru báðir miklir ok sterkir ok hinir vasklegustu menn. Helgi skipaði skipverjum sínum lönd þau, sem hann hafði numit; hann fekk Þrándi á Þrándarstöðum, Eilífi í Eilífsdal, Hækingi í Hækingisdal, Tindi á Tindsstöðum, ok þar hverjum sem honum þótti fallit vera. Maðr hét Örlýgr. Hann var írskr at allri ætt. Í þann tíma var Írland kristit; þar réð fyrir Konufögr Íca konungr. Þessi fyrrnefndr maðr varð fyrir konungs reiði. Hann fór at finna Patrók biskup frænda sinn, enn hann bað hann siðla til Íslands — „því at þangat er nú“, sagði hann,

„mikil sigling ríkra manna, enn ek vil þat leggja til með þér, at þú hafir þrjá hluti: þat er vígð mold, at þú látir undir hornstafi kirkjunnar, ok plenarium ok járnklukku vígða. Þú munt koma sunnan at Íslandi; þá skaltu sigla vestr fyrir, þar til er fjörðr mikill gengr vestan í landit; þú munt sjá í fjörðinn inn þrjú fjöll há ok dali í öllum; þú skalt stefna inn fyrir hit synnsta fjall, þar muntu fá góða höfn, ok þar er spakr formaðr, er heitir Helgi bjóla. Hann mun við þér taka, því hann er lítill blótmaðr, ok hann mun fá þér bústað sunnan undir því fjalli, er fyrr sagða ek þér frá; þar skaltu láta kirkju gera ok gefa hinum heilaga Kolumba. Far nú vel“, sagði biskup, „ok geym trú þinnar sem bezt, þótt þú verðir með heiðnum“. Eftir þat býr Örlygr ferð sína, ok er frá ferð hans þat fyrst at segja, at alt gekk eftir því sem biskup sagði. Hann tók í Þerneyjarsundi höfn; síðan fór hann at finna Helga bjólu, ok tók hann vel við honum; reisti Örlygr þar nú bú ok kirkju ok bjó þar síðan til elli.

2. Á ofanverðum dögum Konufögurs kom skip í Leiruvág; þar váru á írskir menn. Maðr hét Andriðr, ungr ok ókvangaðr, mikill ok sterkr. Þar var á kona sú, er hét Esja, ekkja ok mjök auðig. Sá maðr er nefndr Kolli, er þar var á skipi með þeim. Helgi tók við þeim

öllum; Kolla setti hann niðr í Kollafjörð, enn með því at Örlygr var gamall ok barnlauss, þá gaf hann upp land ok bú ok tók Esja við; settist hon þá at Esjubergi. Allir þessir menn váru kallaðir skírðir, enn þó var þat margra manna mál, at Esja væri forn í brögðum. Andriðr fór um vetrinn til vistar til Hofa; var þar þá fóstbræðralag ok með sonum Helga. Andriðr bað Helga fá sér bústað ok kvánfang; hann hafði auð fjár. Þá var skógi vaxit alt Kjalarnes, svá at þar at eins var rjóðr, er menn ruddu til bæja eða vega. Braut mikil var rudd eftir holtunum frá Hofi; þangat riðu þeir Helgi ok Andriðr um várit, ok er þeir kómu út á holtit, þá mælti Helgi: „Hér vil ek, Andriðr“, sagði hann, „gefa þér jörð, ok at þú reisir hér bæ; mér þykkir sem þér synir mínir vilið at þér sitid nær. Eftir þat reisti Andriðr bæ í brautinni ok kallaði Brautarholt, því at skógrinn var svá þykkur, at honum þótti alt annat starfameira. Andriðr setti þar reisu-legt bú saman. Maðr hét Þormóðr; hann bjó í Þormóðsdal; með honum var systir hans, er Þuriðr hét; hon var frið sýnum ok auðig at fé. Þessar konu bað Helgi til handa Andriði, ok þessi konu var honum heitit. Þetta sumar var ok heitit Þorgrími Helgasyni Arndísi dóttur Þórðar skeggja af Skeggjastöðum, ok váru brullaupin bæði saman at Hofi, ok var veitt

með hinu mesta kappi; var þar ok allfjölment. Eftir boðit fór Þuriðr í Brautarholt ok tók við búi fyrir innan stökk; var þat brátt auðsætt, at hon var mikill skörungr. Þau höfðu margt gangandi fjár ok gekk alt nær sjálfala úti í skógium um nesit. Þetta haust var honum vant kvígu þrevetrar myrkrar; hon hét Mús. Þessi kvíga fanst þrim vetrum síðar á nesi því, er liggir til vestrs undan Brautarholti, ok hafði hon þá með sér tvá dilka, annan vetr-gamlan, en annan sumargamlan; því kölluðu þeir þat Músarnes. Þann vetr er Andriðr bjó fyrstan í Brautarholti, andaðist Helgi bjóla; þat þótti mönnum hinn mesti skaði, því at hann var hinn vinsælasti maðr. Um várit skiftu þeir bræðr föðurarfi sínum; hafði Þorgrimr föðurleifð þeira ok mannaforráð, því at hann var eldri, enn Arngrimr útjarðir. Hann reisti bæ við fjörðinn, er hann kallaði Saurbæ. Hann fekk borgfirzkrar konu, er Ólof hét. Þau gátu tvá sonu saman, er hét Helgi ok Vagr; þeir urðu fræknir menn, enn ekki miklir á vöxt. Þorgrimr reisti bú um várit at Hofi; var þat brátt stórkostlegt, enda stóðu margar stoðir undir, vinir ok frændr; gerðist hann heraðsrikr; hafði hann mannaforráð alt til Nýjahrauns ok var kallað Brundælagoðorð; hann var kallaðr Þorgrimr goði. Hann var blótmaðr mikill; lét hann reisa hof mikit í túni

sínu; þat var hundrað fóta langt, enn sextugt á breidd; þar skyldu allir menn hof-toll til leggja. Þórr var þar mest tignaðr; þar var gert af innar kringlótt svá sem húfa væri; þat var alt tjaldat ok gluggat. Þar stóð Þórr í miðju ok önnur goð á tvær hendr; frammi fyrir þar stóð stalle með miklum hagleik gerr ok þiljaðr ofan með járn; þar á skyldi vera eldr, sá er aldri skyldi slökna; þat kölluðu þeir vígðan eld. Á þeim stalli skyldi liggja hringr mikill af silfri gerr; hann skyldi hof-goði hafa á hendi til allra mannfunda; þar at skyldu allir eida sverja um kenlumál öll. Á þeim stalli skyldi ok standa bolli af kopar mikill; þar í skyldi láta blóð þat alt, er af því fé yrði. er Þór var gefit, eðr mönnum; þetta kölluðu þeir hlaut ok hlautbolla. Hlautinu skyldi dreifa yfir menn ok fé, enn fé þat, sem þar var gefit til, skyldi hafa til mannfagnaðar þá er blótveizlur eru hafðar. En mönnum, er þeir blótudu, skyldi steypa ofan í fen þat, er úti var hjá dyrunum; þat kölluðu þeir Blótkeldu. Þau þvertré váru í skálanum at Hofi, er verit höfðu í hofinu, þá er Óláfr Jónsson lét bregða; lét hann þá öll kljúfa í sundr, ok váru þá enn alldigr. Þorgrimr lét setja várþing á Kjalarnesi suðr við sjóinn. Enn sér stað búðanna; þar skyldi öll mál sækja, ok þau ein til alþingis leggja, er þar yrði eigi sótt eða stærst

væri. Þau Þorgrímur ok Arndís gátu son saman; sá hét Þorsteinn; hann var snemmindis uppvöðslumaðr mikill ok þótti alt lágt hjá sér. Kolli bjó í Kollafirði, sem fyrr var sagt; hann fekk þeirar konu, er Þorgerðr hét, dóttur Eilífs ór Eilífsdal; þau gátu dóttur saman, er Ólof hét. Þat var at ágætum gert, hversu fögr hon var, ok því var hon kölluð Ólof hin væna.

3. Þá er þau Andriðr höfðu búit nökkura vetr í Brautarholti gátu þau son saman; sá var vatni ausinn ok kallaðr Búi. Hann var brátt mikit afbragð annarra manna ungra, meiri ok sterkari enn aðrir menn ok fríðari at sjá. Esja bjó at Esjubergi, sem fyrr var sagt; hon bauð til fósturs Búa, syni Andriðs, ok tæddist hann upp at Esjubergi. Búi var kallaðr einrænn í uppfæðslu. Hann vildi aldri blóta, ok kveðst þat þykkja lítilmannlegt at hokra þar at. Hann vildi aldri með vápu fara, heldr fór hann með slöngu eina ok knýtti henni um sik jafnan. Kona er nefnd Þorgerðr; hon bjó á þeim bæ er heitir at Vatni, er síðan er kallað Elliðavatn. Með henni fæddist upp son beanar, er Kolfinnr hét; hann var snemma mikill ok ósýnilegr, svartr á hár. Hann lagðist á eldgróf ok beit börk af viði sleiktan ok gætti katla móður sinnar. Þorgerði þótti á þessu mein mikit; þó vildi Kolfinnr ráða. Þorgrímur

goði gaf mikinn gaum at þeim mönnum, sem ekki vildu blóta; sættu þeir af honum hinum mestu afarkostum; létu þeir Þorsteinn son hans þá fara mikil orð til Búa, er hann vildi eigi blóta, ok kölluðu hann Búa hund. Þat vár er Búi var tólf vetra, enn Þorsteinn son Þorgríms var átján vetra, stefndi Þorsteinn Búa um raugan átrúnað til Kjalarness þings, ok lét varða skóggang. Þessa sök sótti Þorsteinn ok varð Búi sekr skógarmaðr. Ekki lét Búi sem hann vissi, ok öllum ferðum sínum háttaði hann sem áðr; hann fór jafnan í Brautarholt, at finna föður sinn ok móður, ok svá gerði hann enn Af þessu öllu saman urðu fáleikar miklir millum húsa. Um várit, er á leið, er þess getit at Búi fór til Brautarholts; hann fór jafnan einn saman; ekki hafði hann vápnaburð meira enn fyrr; hann hafði knýtt um sik slöngu sinni. Þorsteinn sá för Búa ok kendi manninn. Hanu gekk þá til föður síns ok mælti: „Hversu lengi skal svá fram fara, faðir, at sjá hundr er ek sóttá til skógar í sumar, skal hér ganga um tún svo frjálslega, sem hann eigi oss engu at svara? Sýnist mér, ef slikt þolist af þínum nábúum, sem öðrum muni ekki mikit þykkja fyrir at brjóta þitt boð, eða hirða eigi hvat vér mælum“. Þorgrími kveðst mikit þykkja til slíks haft, eða hvat viltu nú at hafast?“ Þorsteinn segir: „Ljóss er ek í því; ek vil at þú

fáir mér menn; vil ek taka Búa af lífi, er hann ferr heim; mér þykkir eigi þat í atvirða, at faðir hans bjóði nökkura sæmd fyrir hann. Þetta staðfestist með þeim feðgum; halda þeir nú til njósnum, nær Búi gengr heim hjá. Búi dvaldist nökkurar nætr í Brautarholti, ok er hann bjóst heim, kom Þuríðr móðir hans at honum ok mælti: „Þat vilda ek son minn, at þú færir eigi svá óvarlega; mér er sagt, at Þorsteinn hafi hörd orð til þín; vilda ek at þú létir fara með þér it fæsta tvá vaska menn ok bærir vápn enn færir eigi slyppr sem konur“. Búi segir: „Skyldr er ek at gera eftir þínum vilja; enn þungt er fósturu minni at annast slíka fleiri sem ek er; enn vant er at sjá, þótt fund okkarn Þorsteins beri saman, hverir frá kunna at segja, þótt ek eiga við liðsmun nökkurn; mun ek fara at sinni sem ek hef ætlat. Eftir þat ferr Búi leið sína austr með sjá, ok þegar fekk Þorsteina njósn af. Þeir tóku þá vápn sín ok urðu saman tólf. Búi var þá kominn á hæð þá er heitir Kléberg, er hann sá eftirförina; nam hann þá staðar ok tók at sér steina nökkura. Þeir Þorsteinn fóru mikit ok er þeir kvámu yfir læk þann er þar var, þá heyra þeir at þaut í slöngu Búa ok fló steinn; sá kom fyrir brjóstit á einum manni Þorsteins ok fekk sá þegar bana. Þá sendi Búi steina nökkura ok hefir mann fyrir hverjum; váru

þeir Þorsteinn þá mjök komnir at Búa; sneri Búi þá af hæðinni annan veg; var þá leitit eitt í millum þeira. Í því laust yfir myrkri því, at hvergi sá af tám sér. Þorsteinn mælti þá: „Nú er við ramman reip at draga, er bæði er at eiga við hund og tröll, enn aftr munu vér nú fara fyrst at sinni; enn vilja skal ek til hafa at sá verði fundr okkar Búa, at vit eigum ekki báðir frá at segja“. Eftir þat sneru þeir aftr, ok báru förunauta sína með sér, ok undu allilla við sína ferð. Var þat ok mál manna, at þeim hefði allilla til tekist ferðin.

4. Búi fór heim, ok var Esja fóstura hansúti í dyrum ok heilsaði vel Búa. Hann tók ok vel kveðju hennar. Esja mælti: „Þóttist þú nú ekki liðfár vera um hrið“. Búi mælti: „Eigi þurfti nú fleiri“. Esja mælti: „Ekki varstu nú einn í bragði með öllu“. Búi mælti: „Gott þykki mér góðs at njóta“. Esja mælti: „Mun þér ekki enn leiðast eltingar Þorsteins?“ „Þá vissi þat“. sagði Búi, „ef ek ætta nökkurs trausts ván“. Esja mælti: „Til margs verðr hætt jafnan“. Eftir þat skildu þau talit. Nú liðr á til vetrar. Þá ferr Búi einn aftan seint út í Brautarholt, ok var þar um nóttina. Um morguninn fyrir dag var hann á lötum; sneri hann þá austr á holtit, þar er hann sá gerla til bæjarins at Hofi; veðr var beiðrikt ok bjart. Hann sá, at maðr kom út snemma at

Hofi í linklæðum. Sá sneri ofan af hliðinu ok gekk stræti þat er lá til hofsins; kenna þóttist Búi at þar var Þorsteinn. Búi sneri þá til hofsins, ok er hann kom þar, sá hann at garðrinn var ólæstr ok svá hofit. Búi gekk þá inn í hofit; hann sá at Þorsteinn lá á grúfu fyrir Þór. Búi fór þá hljóðlegar þar til er hann kom at Þorsteini. Hann greip þá til Þorsteins með því móti, at hann tók annarri hendi undir knésbætr honum, enn annari undir herðar honum með þeim hætti at hann brá Þorsteini á loft ok keyrði höfuð hans niðr við stein, svá fast at heilinn hraut um gólfít. Var hann þá þegar dauðr. Búi bar hann þá út ór hofinu ok kastaði honum undir garðinn; síðan sneri hann inn aftr í hofit. Hann tók þá eldinn þann hinn vígða ok tendraði; síðan bar hann login um hofit ok brá í tjöldin; las þar brátt hvat af öðru; logaði nú hofit innan á litilli stundu. Búi sneri þá út ok læsti bæði hofinu ok garðinum, ok fleygði luklunum í loganu. Eftir þat gekk Búi leið sína. Þorgrímr goði vaknaði um morguninn ok sá út. Hann gat at líta logann til hofsins; hét hann á menn sína, bæði konur ok karla, at hlaupa til með vatnkeröld ok hjálpa við hofinu; hann kallar ok á Þorstein son sinn ok fanst hann hvergi. Enn er þeir kvámu til garðshliðsins, var þar ekki greiðfært, því at hliðit var læst, enn þeir fundu hvergi luklana; urðu þeir at

brjóta upp hliðit, því at garðrinn var svá hár, at hvergi mátti at koma; brutu þeir þá upp hliðit. Ok er þeir kvámu inn um hliðit ok í garðinn, sá þeir hvar Þorsteinn lá dauðr; hofit var ok læst, ok mátti því öngu bjarga er inni var; váru þá gervir til krakar, ok varð dregit í sundr hofit ok náðist við þat nökkut af viðinum.

Nú er at segja frá Búa, at hann kom á þann bæ er heitir í Hólum; lýsti hann þar vigi Þorsteins sér á hönd; gekk eftir þat heim; var Esja fyrir vestan garð ok heilsaði Búa. Hann tók vel kveðju hennar. Hon mælti: „Hefir þú rökkut eltr verit í morgin af Þorsteini eða hefir nökkut nú tekit brýningunni?“ Búi kveðst nú ekki þræta, at þeim Hofverjum þætti í orðit nökkut svarf. Esja mælti: „Hefir þú nökkut lýst víginu?“ Hann kveðst þat gert hafa. Esja mælti: „Ekki hefi ek til þess traust, at halda þik fylgnislaust fyrir Þorgrimi, því at ek veit, at hann kemr hér í dag“. Búi mælti: „Muntu nú eigi sjá fyrir sem þér likar“. Sneru þau þá fyrir ofan garð með fjallinu, ok þar yfir ána, ok síðan gengu þau einstigi upp á fjallit ok til gnipu þeirar er heitir Laugargnípa; þar varð fyrir þeim hellir fagr. Var þar gott herbergi. Þar var undir niðri fögr jarðlaug. Í hellinum voru vistir ok drykkir ok klæði. Þá mælti Esja: „Hér muntu nú fyrst verða at byggja“. Búi kvað svá vera skulu.

Esja sneri þá heim, ok þegar hon kom heim, lét hon gera elda í húsunum af vatntorfi því er sviðnaði, enn yrði sem mestr reykr eða remma.

5. Bóndi sá er bjó í Hólum reið þegar á fund Þorgrims goða, er Búi var í brott, ok sagði honum hvárt erindi Búi hafði þangat haft; ok þegar Þorgrímur var þessa viss, þá sendi hann fyrst eftir mönnum, sonum Arngrims bróður síns, Helga ok Vakri, ok öðrum fleirum, svá at þeir urðu saman þeir tígir manna. Þorgrímur reið með flokk þenna til Esjubergs, ok er sán varð ferð þeira, þá lét Esja bera sorp á eldana ok horn, enn hon stóð úti í dyrum er þeir Þorgrímur kvámu. Esja heilsaði þeim ok bauð þeim þar at vera. Þorgrímur sagði annat erindi sitt enn eta þar mat — „viljum vér“, sagði hann „at þú selir fram Búa hund, fóstur þinn, ok skulu vér fá honum herfilegan dauða, sem maklegt er“. Esja mælti: „Hvat hefir fóstur minn þess til gert, at hann sé dauður verður?“ Þorgrímur segir: „Þat mun þér eigi allókunnigt; kantu at láta marga vega. Hann hefir unnit þau ódæma verk, at því er betr at til mun finnast; hann hefir drepit Þorstein son minn, enn þat þó með, at þetta er litils vert; hann hefir brent upp hofit ok goð vár“. Esja mælti: „Þótt Búi fóstur minn væri hér, ok hefði hann dauðaverk gert, þá munda ek þér hann

aldri til dauða fram selja, enn nú hefir Búi ekki hér komit síðan gærdag, er hann gekk braut“. Þorgrímur mælti: „Vér trúum því eigi at hann sé eigi hér, ok viljum vér rannsaka“. Esja mælti: „Finn ek nú þat, at Helgi bjóla faðir þinn, er dauðr; aldri mundi hús mín rannsökuð, ef hann mætti um mæla; enn vera mun sá ríkis munr nú, at þú munt ráða ætla; enn ekki skulu at vilja mínum fleiri menn fara um hús mín enn þú við hinn fimta mann“. Þorgrímur kvað svá vera skyldu. Þorgrímur gekk þá inn ok þeir fim. Esja stóð í dyrum ok kvaddi til gríðkonu, at bera ljós fyrir þeim. Enn er þeir Þorgrímur kvámu inn, þá váru hús-in full af reyk, ok af svá mikilli remmu, at varla máttu þeir draga öndina nema þeir byrgði fötum yfir höfuð sér, en heimakonu tókst seint at kveikja ljósit. enn þó varð þat um síðir, at þat var borit fyrir þeim at kalla; enn þeir váru þó miklu skemr inni, ok fóru óviðara, ok forvitnuðust færra, enn þeir mundu. ef nökkurum væri inni vært. Eftir þat kómu þeir út, ok kváðu þar engum manni innkvæmt. Þorgrímur mælti: „Þat höfum vér fyrir satt, Esja, at þú hafir Búa undan brugðit; mundu vér nú gangast nær, ef eigi nytir þú föður míns ok þess. at mér þykkir til einskis at taka þik höndum“. Esja mælti: „Eigi mun Búi hér finnast, því at hann hefir hér ekki í dag komit“.

Eftir þat reið Þorgrímur í brott ok heimleiðis. Hann mælti þá til sinna manna: „Miklu liggur mér þetta alt saman í meira rúmi enn eigi verði nokkur niðr at koma mín reiði; skal fara í Brautarholt ok drepa Andrið. Helgi ok Vakr sögðu þat ilt verk at drepa hann gamlan. Þorgrímur kveðst þat nú gera skyldu. Ríða þeir þá í Brautarholt; var þar engi vörn fyrir, því at Andriðr var tekinn í öndugi sinu ok leiddr út. Þuriðr húsfreyja bauð fé fyrir Andrið bónda sinn, enn þat tjáði ekki; fekk Þorgrímur til mann at drepa hann ok varð hann drengilega við dauða sinn; eftir þat riðu þeir á braut. Þuriðr húsfreyja lét búa um lík Andriðs, ok var hann fluttr í ey þá er þar liggur fyrir landi, ok var þar heygðr; er sú ey kölluð síðan Andriðsey.

6. Þetta sama haust, sem nú var frá sagt, kom skip af hafi; stýrimaðr hét Örn, vikverskr at ætt. Örn stýrimaðr fór til vistar í Kollafjörð, enn er austmaðr hafði þar eigi lengi verit, leiddi hann augum til, hversu fögr Ólof var Kolladóttir; tók hann þá í vana at sitja á tali við hana hvern dag. Kolli hafði þrúð hýbýli; vildi hann þá ok halda til gleði sakir stýrimanns; lét hann þá efla til leika. Enn er þat spurðu ungir menn um sveitina, þá drifu þeir til, ok urðu þar leikar fjölmennir. Esja kom brátt at finna Búa fóstra sinn, ok

sagði dráp föður hans; ekki brá Búi sér við þat; kvað falls von at fornu tré. Þess er nú getit, at einn dag kom Esja at finna Búa. Hann spurði þá, hvat hon hafði honum at segja í ný-ungu. Hon kvað leika lagða í Kollafirði, — „enn hitt er meira“, sagði hon, „at Ö n stýri-maðr sitr á tali við Ólofu hina vænu hvern dag, ok ætla menn at hann muni gleppja hana“. Búi mælti, hon skyldi fá gott forlag. Esja mælti: „Allvesalmannlega koma þér stundum orð upp, þar sem ek hefi þér þessa konu ætlat: nú vil ek at þú gangir til leika þangat ok hættir svá lífi þínu; ekki má varðveita þik þannig, ef þér er dauði ætlað“. Búi kvað hana ráða skyldu. Eftir um morguninn gekk Búi til leiks í Kolla-fjörð; hann kom heldr síð ok var tekit til leiks-ins; hinn sama hafði hann búning: gyrt at sér slöngu sínni. Ólof sat á palli ok Örn stýri-maðr á aðra hönd henni, ok töludust þau við. Búi gekk at palli ok kipti upp þeim tveim er sátu á aðra hönd Ólofu; síðan settist hann niðr ok sat þar þann dag; gekk heim um kveldit í helli sinn. Svá breytti hann annan dag og hinn þriðja. Örn austmaðr helt hætti sínum, enn hvárrgi talaði svá við Ólofu, at eigi heyrði annarr.

7. Nú er þar til at taka, er Þorgerðr hús-freyja var at Vatni. Hon kom í eldhús um dag. Þar lá Kolfríðr son hennar, ok rétti býf-

ur helzti langar. Hon mælti: „Mikit má skilja“, sagði hon, „til hvers menn eru fæddir í heiminn, ok at hverju getit skal verða; þeir sitja tveir menn í Kollafirði ok keppast um Ólofu hina vænu, ok mörg karlmannleg brögð eru frá þeim sögð. Nú ganga þangat allir ungir menn til leika, enn þú ert sú vanmenna, at þú liggr í eldgrófum til hrellingar þinni móður, ok væri betra at þú værir dauðr, enn vita slíka skömm í ætt sinni“. Kolfiðr segir: „Áköf ertu nú móðir, ok mun brátt betr verða“. Þorgerðr snýr á brott. Litlu síðar rís Kolfiðr upp ok gengr út ok litast um; sér at ekki er framorðit. Kolfiðr var svá búinn, at hann var í kollhettu, ok hafði knept blöðum milli fóta sér; hann hafði hökulbrækr ok kálfskinnskó loðna á fótum. Viðarbolungr stóð á hlaðinu; gekk hann þangat til, ok tók eitt tré hátt í hönd sér; sneri síðan ór garði. Hann skaut stönginni fram fyrir sik, ok hljóp þar eftir síðan; hann fór stórlega mikit. Eigi létti hann fyrr enn hann kom í Kollafjörð. Var þá tekit til leiks. Ólöf sat á palli, ok á sína hönd henni hvárr: Örn austmaðr ok Búi. Enn er Kolfiðr kom í stofu, svá búinn sem fyrr var sagt, þótti flestum mönnum hann vera heldr hræðilegr. Hann nam staðar á gólfinu ok litast um; hann sá hvar reiðustóll stóð á gólfinu; hann gekk þangat ok tók stólinn, ok setti at framan þar sem Ólof sat. Kolfiðr sett-

ist síðan á stólinn ok sat þar þann dag allan. Um kveldit gekk hann heim. Hann gekk þá til stofu. Móðir hans heilsaði honum ok spurði hvar hann hefði verit; hann sagði henni. Hon mælti: „Hversu þótti þér þar at litast um?“ „Gott“ sagði hann. „Skaltu fara þangat oftar?“ sagði hon. Kolfiðr segir: „Ekki þykkjumst ek lausgeðjaðr“, sagði hann, „í athöfnum mínum; þykki mér nú ván, at ek veita þér þetta, at ganga þangat um hrið“. Hon mælti: „Þat vil ek þó, at þú hafir klæði sæmileg, son minn, ok vápn góð ok mann til fylgðar“, sagði hon. „Þat vil ek ei“, sagði hann, vil ek halda búnaði mínum svá búit; mun ek ok öngvan mann með mér draga“. „Þú munt ráða vilja“, sagði hon. Eftir um morguninn gekk Kolfiðr til Kollafjarðar, ok háttaði öllu sem hinn fyrra dag. Svá fór fram öndverðan vetr, at þessir þrír menn háttuðu svá ferðum sínum. Engi þeirra mælti við annan hvárki gott né ilt: engi mælti ok þat við Ólofu, at eigi heyrði annarr. Öllum svaraði hon þeim kurteislega. Þorgrímur goði spyr nú athæfi Búa, enn sakir þess at hann hafði nær höggvit honum í drápi föður hans, þá gerði hann nú eigi til hans, ok hefir þetta nú svá liðit nökkura stund.

S. Þess er nú getit einn tíma, at Örn austmaðr kemr at máli við Kolla bónda. Hann mælti svá: „Hér horfði til þess, Kolli“, sagði

hann, „at hér mundi verða góð hífýli, ok þat eina leiðir af þér til, er vel er; enn þat má þykkja mikil ófyrirsynja, er þessir tveir menn hafa vanit hingat kvámur sínar, ok þykki mér þat þolanda, ef illa skal vera, at Búi hafi slíka meðferð, enn hitt óræsi, er þar sitr ok hlýðir til tals manna, þá er ek á enda kljáðr at þola þat lengr“. Kolli svarar: „Hér vil ek at þú hafir þá meðferð, er þér likar“. Þenna sama aftan bað Örn svein sinn taka vápn þeira, ok ganga með suðr ór túni, ok biða sín þar; enn með því at þyss var mikill, enn margir menn bjoggust, þá gáfu öngvir menn gaum at austmanni, hvert hann gekk. Sneri austmaðr þá suðr um holt þat er þar var; sátu þeir þar tveir fyrir Kolfinni. Eftir leikinn gekk Kolfiðr út at vanda, ok fór leið sína; enn er hann kom suðr af holtunum, hlupu þeir Örn austmaðr upp ok sóttu at honum. Kolfiðr varðist með lurkinum ok barði vápnin fyrir þeim; varð þeim hann torsóttari enn þeir hugðu. Ok er þeir höfðu saman átt um hrið, sló Kolfiðr sveininn í rot; hraut þá frá honum bæði skjöldrinn ok sverðit. Kolfiðr greip þá upp hvártveggja; sótti hann þá at Erni austmanni, ok lauk svá at Örn fell, enn Kolfiðr varð sár. Í því raknaði sveinninn við, ok vildi Kolfiðr ekki gera honum meira; gekk hann þá leið sína. Sveinninn sá austmanninn veginn; skaut hann

þá yfir hann skildi; gekk síðan heim í Kollafjörð. Kolli lét flytja heim lík hans, ok búa um eftir síðvenju. Nú er at segja frá ferð Kolfínns. Hann var sárr mjök, sem sagt var; ár stórar váru á leið hans; enn er hann kom at Leiruvágsá, þá gerði honum kalt mjök ok stírðnaði hann. Frost var á nökkut. Maðr hét Korpólfr. Hann bjó á Korpólfsstöðum. Hann var gamall maðr ok kallaðr heldr forn í brögðum; son átti hann þann, er Grímr hét; hann var ungr ok frálegt mannsefni. Korpólfr var móðurbróðir Kolfínns. Þangat sneri Kolfiðr sinni ferð, ok fekk þar góðar viðtökur; batt Korpólfr sár hans; dvaldist Kolfiðr þar um hríð, enn sendi móður sinni orð. hvat hann dvaldi. Þenna sama morgin, sem Örn var veginn, kom Esja snemma til fóstura sins; hann fagnaði henni vel ok spurði at tíðindum. Esja sagði honum víg Arnar austmanns ok alla atburði, þá er þar urðu — „nú vil ek at þú breytir búnaði þínum, hefi ek hér nú loðkápu er ek vil at þú berir; skyrta er hér annat klæði; þat þykir mér líkara at hon slitni ekki skjótt, hvárki fyrir vápnum né fyrnsku; sax er hér hinn þriði gripr; þess væntir mik, at þat nemi hvergi í höggvi stað, því at þú munt nú skjótt verða at reyna, hversu þér bita vápnin“. Búi kvað hana ráða skyldu. Búi helt ferðum sínum í Kollafjörð; var nú engin þröng

á palli hjá Ólofu; samt lét hon til Búa nú sem fyrr. Þá er Kolfiðr var gróinn sára sinna, sagði hann Korpólfi, frænda sínum, at hann vill finna móður sína. Korpólfr bað hann því ráða — „enn því vil ek ráða, at þú hafir eigi lengr tötra þessa“, sagði Korpólfr, „vil ek, at þú hafir heðan góð klæði ok vápn, er ek vil gefa þér; muntu þeira brátt þurfa; þar með vil ek gefa þér Grím son minn til fylgdar ok föruneysis; Kolfiðr kvað svá vera skyldu. Eftir þat fóru þeir frændr til Vatns, at finna Þorgerði; varð hon þeim fegin, ok spurði hvat Kolfiðr vildi at hafast. Kolfiðr mælti: „Ek ætla nú á fund Búa; skulu vit eigi lengr sitja báðir á tali við Ólofu“. Þorgerðr mælti: „Sú fyrirætlan er ei vænleg, at skifta höggum við Búa, við margkunnandi Esju, enn harðfengi hans“. Kolfiðr segir: „Tveir eru í hættu hverri; annarhvárt mun ek lifa eða deyja“. „Þú munt ráða vilja, son minn“, segir hon.

9. Um morguninn fóru þeir frændr snemma ok kvámu í Kollafjörð; bjoggust menn þá til leiks; Búi sat á palli hjá Ólofu. Kolfiðr sneri til stofu og gekk at pallinum þar sem Búi sat, ok mælti: „Tveir eru þér kostir gervir“, sagði Kolfiðr, „sá annarr, at þú léttir kvámum þínum hingat með öllu; hinn annarr, at þú gakk á hólmi við mik á morgun á hólmi þeim er liggur suðr í Leiruvágsá“. Búi segir: „Því

heldr skal kjósa, sem kos'ir eru ójafnari; ek hefi verit sjálfráðr ferða minna hér til, ok svá ætla ek enn; enn hólmgöngu skal veita þér þegar þú vilt“. Eftir þat tóku þeir höndum saman ok bundu þetta sín á milli. Þeir Kolfiðr ok Grímr höfðu sik þegar á braut; fóru þeir um kveldit á Korpólfsstaði, ok sögðu Korpólfi hvat komit var. Hann segir: „Nú stefnir þú, frændi, ekki vænt; hefir þeim orðit þungt at skifta við Esju, er meira hafa átt undir sér, enn þat mun nú fram verða at ganga sem ætlat er“. Þar váru þeir um nóttina, enn er þeir bjoggust mælti Korpólfr: „Litit lið má ek veita þér, Kolfiðr“, sagði hann, „enn sverð er hér, er ek vil gefa þér; þetta bar ek öndverða daga mína, enn ekki mun þér þat fyrir mikit koma í þetta sinn“. Eftir þat fóru þeir frændr leið sína. Búi var eftir hjá leik, er þeir Kolfiðr skildu; gekk hann ekki heim fyrr enn at vanda; var Esja þar fyrir ok heilsaði fóstura sínum, ok spurði hvort honum væri á hólmi skorat? Hann kvað svá vera. Esja mælti: „Þar er harðfengr maðr, er Kolfiðr er, ok fjörmikill; enu hér verð ek nú at sofa í nótt hjá þér“. Hon gerði honum þá laug, ok strauk hvert bein í honum. Síðan klæddi hon hann um morguninn, sem henni líkaði ok bað hann vel fara. Búi fór nú til þess er hann kom í hólminn. Var þar Kolfiðr fyrir, ok fjöldi manns; því at

forvitni mikil var mönnum, at sjá atgang þessa unga manna, því at báðir váru þeir sterklegir. Þat var þá siðr. at kasta feldi undir fætr sér; þat váru lög þeira, at sá þeira er af feldi hopaði, skyldi leysa sik þrim mörkum silfrs; sá þeira var óvígr, er fyrri lét sitt blóð á jörð. Eftir þat váru sögð upp hólmgöngulög milli þeira. Búi átti fyrr at höggva, því at honum var á hólm skorat. Hvárrtveggi hafði góðan skjöld ok önnur vápn. Búi hjó þá til Kolfinns, Kolfiðr brá þá við skildinum ok tók af öðrum megin mundriða. Eftir þat hjó Kolfiðr þvilíkt högg til Búa. Búi hjó þá til Kolfinns, ok gerði ónýtan fyrir honum skjöldinn, ok særði hann miklu sári á höndina; var Kolfiðr þegar óvígr. Menn hlupu þá í millum þeira, ok váru þeir skildir. Eftir þat fór hvárr leið sína; fór Kolfiðr á Korpólfsstaði ok batt Korpólfr sár hans, ok kvað eigi minna at ván um skifti þeira Búa; dvaldist Kolfiðr nú þar um stund. Búi sneri frá hólmstefnu heim til Kollafjarðar, ok var Ólof við laug ok heilsaði Búa. Hann tók kveðju hennar ok mælti: „Svá hefir nú borið til um fund okkar, Ólof, at ek mun eigi einn saman fara til hellis míns; þykki mér ok leiðinlegt at ganga hingat hvern dag til tals við þik; muntu nú fara með mér at sinni“. Ólof segir: „Þat mun föður mínum illa hugna“. Búi segir: „Hann mun nú ekki at spurðr“; tók

hann þá Ólofu upp á handlegg sér. ok gekk leið sína. Fóru þau þar til er þau kómu í helli Búa; var Esja þar fyrir ok heilsaði þeim. „Þykkir mér þú, Búi, nú haft hafa vel at máli varit hana Ólofu fyrir vanmennum, enda flutt hana nú ór klandri þeira; skaltu Ólof mín vera hér velkomin“. Ólof kvað nú Búa mundu ráða sínum vistum at sinni. Kolfiðr spurði brátt töku Ólofar. Hann mælti þá við Korpólfr frænda sinn: „Til fjarri var ek nú, eigi skyldi Ólof svá farit hafa, enda skal ek þegar leita á fund Búa, er sár mitt er gróit“. Korpólfr segir: „Illu gerir þú þat“, sagði hann, er þú leggr eftir Ólofu hug þinn; skaltu ok eigi at mínu ráði leita á fund Búa, nema þú hafir menn marga“.

10. Nú liðr á vetrinn ok gerast gróin sár Kolfinn. Þá mælti hann: „Nú mun ek fara at finna móður mína, ok fá mér þaðan menn, enn Grímr son þinn skal vera á morgin fyrir mér við Leiruvágsá, ok þeir menn er þú sendir til liðs við mik“. Korpólfr kvað svá vera skyldu. Um morguninn fundust þeir frændr, þar sem Kolfiðr hefði ákveðit, ok urðu þeir saman fimtán. Fóru þeir síðan alla þá leið þar til er þeir kómu undir fjallit hjá helli Búa; var þar einstigi bratt. Þar váru uppi tveir varðmenn, vel vápnaðir; höfðu þeir ok nóg grjót; sá Kolfiðr, at þeir máttu með engu móti

viðna einstigit. Kolfiðr kallar þá, ok mælti: „Ef Búi má heyra mál mitt, þá gangi hann ór einstiginu, ef hann hefr heldr manns hug enn berkykvendis“. Búi heyrði gerla orð Kolfinns; hljóp hann þá upp ok greip vápns sín, ok kveðst aldri skyldi þola klækisorð Kolfinns. Ólof kvað óráðlegt út at ganga við þann liðsmun, sem vera mundi. Búi kvaðst eigi þat hirða. Ok er Búi var vápnaðr, þá laust þeim verk í augu hans bæði, at hann varð þar báðum höndum til að grípa. Ólof spurði, hvat honum væri. Búi kvað þá seinkast um útgönguna, — „get ek“ sagði hann „at fóstura mín hlutist nú til“. Ólof kvað þat vel vera. Þá er Kolfiðr þóttist vita, at ekki mundi verða útgangan Búa, sneri hann á braut ok hans menn; létti hann þá ekki fyrr enn hann kom heim ok undi illa við sína ferð. Þegar er Kolfiðr sneri braut frá einstiginu bætist Búa auguaverkjarins. Leið nú af vetrinn.

11. Enn er sumra tók, ræddust þau Búi við ok Esja: „Vil ek nú“ sagði hon, „at þú liggir eigi hér lengr, heldr skaltu fara norðr til Hrutafjarðar; þar hefir skip uppi staðið í vetr á Borðeyri; þar skaltu utan fara, ok freista, hvat þar liggi fyrir þer; ek gerumst nú gömul ok mun ek eiga fá vetr ólifat. Þessu næst bjó hon ferð hans ok fekk honum mann til fylgdar ok þrjá hesta. Ólof skyldi fara heim í

Kollafjörð ok biða hans um þrjá vetr. Búi fór með fjalli inn, þegar hann var búinn, sem leið liggr. Esja fóstura hans fór á leið með honum, ok þótti mikit fyrir at skilja við hann. Síðan reið Búi leið sína; ok er hann kom inn fyrir Blikdalsá, fann hann þar smalamann ór Saurbæ. Hann spurði, hverir þessir menn væru. Búi sagði honum alt hið sanna. Ok þegar þeir váru skildir, ok leiti bar á milli þeira. tók smalamaðrinn á rás heim, ok sagði þeim bræðrum alt um ferðir Búa. Þeir þökkðu honum sitt starf; létu þeir þegar taka hesta, ok kölluðu með sér heimamenn sína; vápnuðust þeir skjótt, ok urðu saman tólf menn; riðu þeir mikit. Búi sá eigi eftirreiðina fyrr enn hann kom ofan hjá Skeiðhlið; hann reið þá þar til er sá hóll varð fyrir honum, er síðan heitir Orrustuhóll; þar nam Búi staðar, ok bað förunaut sinn geyma hesta þeira ok gagna; Búi gekk upp á hólann ok bar upp grjót að sér; hann hafði öll góð vápn, ok skyrtu þá er fóstura hans hafði gefit honum. Þá bræðr bar brátt at, ok hlupu þeir þegar af hestum sínum ok veittu Búa atsókn harða. Búi varðist drengilega, ok lét hann ganga grjót í fyrstu. Var þat jafnsnemma, at fallnir váru fjórir menn af þeim bræðrum, enda hafði Búi þá lókit grjótinu; hann tók þá skjöld sinn ok sverð. Þeir bræðr sóttu at með miklu kappi, því at þeir váru báðir hug-

prúðir; fellu þá enn tveir förunautar þeira. Váru þeir bræðr þá sárir ok allir þeira menn. Búi var þá enn ósárr enn ákaflega vigmóðr. Í því bili kom til Eilífr bóndi ór Eilífsdal við hinn sétta mann ok gekk á milli þeira, ok með því at þeir bræðr váru sárir, Helgi ok Vakr, þá gáfu þeir upp. Eilífr bað Búa fara leið sína, ok svá gerði hann. Eilífr lét jarða dauða menn, enn lét binda sár hinna. Eftir þat fóru þeir bræðr heim í Saurbæ, ok undu illa sinni ferð. Búi létti eigi fyrr sinni ferð, enn hann kom norðr í Hrutafjörð, tók hann sér þar fari, ok er þeir váru búnir sigldu þeir á haf. Þeir bræðr Helgi ok Vakr tóku sér fari um sumarit í Kollafirði ok fóru utan báðir. Þeir tóku Noreg ok fóru til hirðar Haralds konungs hins hárfagra; váru þeir með konungi um vetrinn, ok þokkuðust hverjum manni vel. Þeir sögðu konungi frá skiftum þeira Búa; lét konungr illa yfir því, er Búi hafði brent hofit, ok kallaði þat niðingsverk.

12. Nú er at segja frá Búa; þeim byrjaði seint, ok tóku Orkneyjar um haustit síðarla; þá réð eyjunum Einarr jarl Rögnvaldsson. Búi fór til hirðar jarls, ok gekk fyrir hann, ok kvaddi hann. Jarl spurði hvern hann væri. Búi sagði af hit ljósasta – „ok vilda ek þiggja vetrvist með yðr, herra“. Jarl segir: „Fylgd góð mun í þér; skaltu vist vera með oss í vetr, ef þú

vilt“. Búi var með hirð jarlsins um vetrinn. Einarr jarl hafði starfsamt um vetrinn. Var Búi hinn öruggasti í öllum mannaunum. Ean um várit, er skip þat bjóst til Noregs, er Búi hafði þangat á farit, þá gekk Búi fyrir jarl ok bað hann orlofs. Jarl segir: „Hitt þykkir mér ráðlegra, Búi, at þú dvelist með oss; höfum vér þik at röskum manni reynt; munum vér leiða þik í hirðlög ok láta þik taka þar með aðrar sæmdir, ef þú vilt hér vera.“ Búi þakkaði jarli með fögrum orðum, enn kveðst vilja til Noregs. Jarl kvað svá vera skyldu. Eftir þat sigldu þeir til Noregs, ok kómu at norðanlega. Spurðu þeir at Haraldr konungr sat í Þrándheimi. Fór Búi til Þrándheims á einum byrðingi; ok er hann kom til Steinkera, þá gekk hann fyrir konung, er hann sat yfir borðum, ok kvaddi hann vel. Konungr spurði hver sá væri hinn mikli maðr. Búi sagði til alt hit sanna. Konungr spurði, hvar hann hefði verit um vetrinn. Búi sagði honum — „ok er ek því hér kominn, herra,“ sagði hann, „at ek vil bjóða yðr mína þjónustu“. Konungr mælti: „Muntu nokkut eiga hér vel kvæmt?“ Búi kvaðst þat eigi vita. Konungr bað kalla til sín Helga ok Vagr. Ok er þeir kómu fyrir konung mælti hann: „Kenni þit nökkut þenna hinn mikla mann?“ „Já“, sögðu þeir. „þat mundi hann reyna, ef þér væruð eigi svá nær,

ok gjarna biðjum vit yðr, at þér gefit okkr orlof til at hefna á honum harma okkarra“. Konungr mælti: „Á öngum manni niðumst ek, þeim er gengr á mitt vald; sé ek ok ykk öngvan ágóða, þótt þér reynið með yðr jafnbúnum; enn af því, Búi, at þú vanst þat niðingsverk, at þú brendir inni goð vár, er öllum mönnum hæfir at tigna, þar fyrir skylda ek hafa látit drepa þik ef þú hefðir eigi á vart vald gengit, enn nú skalt þú leysa höfuð þitt með einni sendiferð: Þú skalt sækja tafl til Dofra fóstura míns, ok færa mér“. Búi mælti: „Hvert skal ek þá fara?“ Konungr mælti: „Hygg þú sjálfr fyrir því“. Búi mælti: „Þat mundu margir mæla, herra, at þetta sé forsending, enn þó mun ek undir játast, ok vil ek þá at þér festið mér grið, þar til er ek kann aftr at koma“. Konung kvað svá vera skyldu. Búi fór þá braut ór bænum ok var um sumarit inn í Þrándheimi. Hann fréttist þá fyrir um örnefni; var honum þá sagt, hvar Dofrafjall var.

13. Öndverðan vetr, þó er snjó lagði á fjöll, sneri Búi ferð sinni upp í bygðina; dvaldist hann þá í ofanverðri bygðinni um hríð, með bónda þeim, er Rauðr hét. Búi spurði Rauð, ef hann kynni nökkut ráð til at leggja með honum, at hann kæmi fram ferðinni. Rauðr mælti: „Marga menn hefir konungr sent þessa erindis

ok hefir engi aftr komit, ok auðsýnt er mér, at konungr vill þik feigan; enn öngra manna veit ek þeira ván, at viti hvar Dofri ræðr fyrir, nema Haraldr konungr. Enn þar þú hefir mik sóttan, þá skal ek til leggja nökkut. Ek mun vísa þér leið til Dofrafjalls, ok svá gnípu þeir-ar, er flestir menn ætla at hellir Dofra muni í vera; haga þú ok svá til, at þú komir undir þá gnípu jólaaftan, enn síðan verðr þú at leitast um. Ekki kann ek meira at at gera. Búi bað hann hafa þökk fyrir; ok gaf Rauði fingrgull gott ok mikit. Rauðr þakkaði honum gjöfina — „ok kom þú hér, Búi“, sagði hann, „ef svá ólíklega er at þú komir aftr.“ Búi kvað svá vera skyldu. Hann háttar nú svá öllu sem Rauðr hafði mælt: Kom jólaaftan undir þessa gnípu, ok dvaldist þar um hríð, ok sá þar ekki líklegt til dyra. Búi drap þá hjöltum sínum á hamrinum ok mælti: „Þú Dofri,“ sagði hann, „lúk upp þú höll þína, ok lát inn farmóðan mann, ok langt at kominn, þat byrjar þinni tign.“ Enn er Búi hafði þetta mælt þrim sinnum, þá lét í hamrinum, sem er gengr reið, ok í því spratt í sundr hamarrinn ok urðu á dyr, ok því næst gekk kona í dyrnar. Hon var mikil á allan vöxt; hon var fögr at áliti ok vel búin, í rauðum kyrtli ok allr hlöðumbúinn, ok digrt silfrbelti um sik. Hon hafði slegit hár, sem meyja siðr er, var þat mikit ok fagrt;

hon hafði fagra hönd ok mörg gull á, ok sterklegan handlegg, ok öll var hon listuleg at sjá. Hon heilsaði hinum komna; hann tók því vel. Hon spurði hann at nafni; hann sagði henni, — “æða hvert er þitt nafn eða kyn?” Hon segir: „Ek heiti Friðr, dóttir Dofra konungs, eða því ber þú maðr, um herbergi vár?“ sagði hon. „Ek vil hitta föður þinn, ok biðja hann jólavistar; hann er einn frægstr konungr“. Friðr mælti. „Ekki ertu ólíklegr maðr at sjá; kalla ek ráð at þú gangir inn með mér. Búi gerði svá. Friðr bað þá aftr lúkast hellinn, ok svá var. Þau gengu þá um stund, ok lýsti af eldi. Hon sneri þá út at bjarginu í einum stað; var þar fyrir hurð, ok önnur; ok þá kómu þau í litit herbergi; þat var alt tjaldat, ok ágætavel um búit. Friðr mælti: „Hér skaltu, Búi, setjast niðr ok hvíla þik, ok leggja af þér vápn þín ok vásklæði“. Hann gerði svá. Síðan skaut hon fyrir þau fögru borði, ok bjó þat; bar síðan at honum munnlaug af silfri ok dýran dúk; því næst bað hon hann sitja ok snæða; tók hon þá góða vist ok ágætan drykk. Allr borðbúnaðr var þar af silfri, ok við gull búinn, diskar ok ker ok spænir. Friðr settist þá niðr hjá Búa, ok snæddu ok drukku bæði saman. Hon bað hann þá segja sér alt af sínum ferðum. Búi gerði nú svá, at hann sagði henni alt af þarkvámu sinni. „Nú hefir þú vel gert“,

sagði hon, at þú hefir ekki dult mik hins sanna; má vera at þér verði ekki mein at því; enn vita þóttumst ek áðr; enn marga menn hefir Haraldr konungr sent eftir taffi þessu, ok hefir faðir minn öllum tortímt, enn nú mun ek ganga ok finna hann, ok segja honum hvar komit er. Friðr gekk þá á braut, ok var á braut um hríð. Búi fagnaði henni vel ok spurði, hvat þau faðir hennar hefðu við talast. Hon kveðst hafa sagt honum, — at skóbarn eitt litit væri komit. Hann lézt vilja sjá þat — „ek sagði at þat varð at hvílast í nótt. Skaltu nú hér sofa í nótt í mínu herbergi“. Hann lét sér þat vel líka. Skemtu þau sér þar um kveldit.

14. Búi vaknaði um morguninn ok var þá ljóst af degi. Friðr spurði, hversu sofast hafði Hann lét vel yfir. Hon bar þá at honum ágæt klæði ok mælti: „Nú skaltu halda þér upp vel, er þú gengr fyrir föður minn ok kref hann djarflega jólavistar. Gengu þau þá fram í hellinn. Síðan gekk hon fyrir, þar til er fyrir urðu hurðir, ok því næst kómu þau í mikit herbergi; þat var alt altjaldat, ok hálmr á gólfi. Maðr sat í öndugi á hinum æðra bekk, mikill og friðr; hann hafði skegg mikit ok hvítt af hæru; þessi maðr var vel búinn, ok allr sýndist Búa hann öldrmannlegr. Hvártrveggi bekkur var skipaðr af fólki, ok váru þeir margir heldr atórleitir. Konur sátu um þvert herbergit, ok

var sú bezt farandi er í miðju sat. Borð stóð um alt herbergit, ok vist fram sett, ok sú ein, er mönnum sómdi þann tíma at neyta; þar gengu ok ungir menn ok skenktu. Friðr gekk fyrir hásetismanninn ok heilsaði á föður sinn. Þessi hinn skeggjaði maðr svaraði vel dóttur sinni; þóttist Búi nú vita, at þat mundi vera Dofri; gekk hann þá fyrir hann ok mælti svá: „Sit heill, Dofri konungr, með hirð glaða!“ Dofri tók vel orðum hans og mælti til dóttur sinnar: „Er þetta þat skóbarn, er þú sagðir mér frá í gær?“ „Svá er, faðir,“ sagði Friðr. Dofri mælti: „Fáir koma slíkir úr mannheimum, nema Haraldr konungr fóstri min; hann er langt fyrir alla; eða hvert er þitt erindi til vár?“ Búi mælti: „Því er ek hér kominn, at biðja yðr jólavistar, er ek útlenzkr maðr, enn heyri heyri mart sagt af frægð yðvarri; nú þótti mér ófróðlegt at sjá eigi svá tigulegan höfðingja.“ Dofri segir: „Vel mælist þér; vil ek at þú sért með oss; skaltu drekka inni með oss um daga; viljum vér þá eiga tal við þik; skaltu skipa öndvegi hit óæðra; enn á kveldum skulu þit Friðr dóttir mín skemta ykkir í stofu hennar; því at þér mun þá þykkja húskarlar mínir heldr leikmiklir. Búi þakkaði með fögrum orðum höfðinglegt boð ok fagra tilskipan; gekk hann þá um þvert gólf, ok Friðr með honum. Hon bað þá upp standa þrjá, er þar sátu áðr, ok

svá var. Síðan lét hon taka undir þau fögr hægindi, ok settust þau þar á; sátu þar um daginn. Dofri spurði Búa margra hluta; enn Búi leysti ór öllum vel. Enn er aftna tók, gengu þau fyrir Dofra ok heilsuðu á hann. Hann bað þau vel fara. Gengu þau þá til herbergis hennar, ok váru þar um nóttina. Með þeim hætti liðu jól ór garði. Affaradag jóla gekk Búi fyrir Dofra ok mælti: „Þér hafið veitt mér höfðinglega sem ván var at. Nú þó at mér þykki hér gott, þá skal ek þó eigi ásækni við yðr hafa“. Dofri mælti: „Þú Búi skalt vera hér velkominn í allan vetr, ef þér þykkir þat betra.“ Búi þakkar honum nú af nýju sinn velgerning. Heldu þau Friðr nú sínum háttum, sem fyrr er sagt. Leið nú á vetrinn; ok er fár nætr váru til sumars mælti Búi til Friðar: „Hverja ætlan hefir þú á. at verða skuli mitt erindi? Ek vil biðja þik, at þú leggir til nökkur orð við föður þinn.“ Friðr segir: „Kemr þér ekki þat í hug, at þú munir svá hafa verit hér í vetr, at þú eigir öngva ván síðan at koma í Mannheima? Er þér þat at gera í kunnleika, at ek geng með barni þínu.“ Búi kveðst því ekki vilja í móti mæla; enn þó væntir ek, at þér mun nökkurninn vel fara til mín“. Friðr mælti: „Ilt mun nú þér þykkja, at þú sért drepinn, þótt þú værir þess verðr; mun ek nú heldr ganga til föður míns í dag ok vita, hvar

komit er þínu máli.“ Um daginn er fólk var komit í sæti, gekk Friðr til föður síns ok settist í kné honum ok lagði hendr um háls honum ok mælti: „Hvernig ætlar þú, faðir, at skiljast við Búa, vetrgezt þinn? Væri þat nú höfðinglegt at gera vel til hans; munu at gjarnara ágætir menn yör heimsækja.“ Dofri segir: „Hvernig vel vildir þú, dóttir, at ek lúka við hann?“ Friðr mælti: „Gef honum ágætar gjafir, faðir, þá má þat sjá, at hann hefir mikinn höfðingja ok ágætan heim sótt.“ Dofri mælti: „Hvat skal þar til velja?“ Friðr mælti: „Gef honum tafi þat, er Haraldr konungr hefir oft eftir sent ok þar með fingrgull; má hann þá kaupa sik í frið við konung með taffinu, enn fingrgullit skal hann eiga til menja.“ Dofri mælti: „Ráða skaltu þessu, dóttir, at sinni, því at ek má þér eigi synja“. „Þá gerir þú vel faðir, sem ván var. Gekk hon þá braut til sætis síns. Liðu þessir dagar til sumars ok sumarardag hinn fyrsta mælti Friðr til Búa: „Nú skulu vit snæða hér í stofu minni; síðan taktu klæði þín ok vápn, ok lát þat til reiðu; þú skalt hér skamma dvöl eiga frá því þit faðir minn skilið.“ Eftir þat gengu þau á fund Dofra; var hann þá kominn undir borð. Dofri heilsaði þeim; ok bað þau sitja ok drekka; þau gerðu svá. Þá mælti Dofri: „Þú, Búi, hefir hér vel verit í vetr at várri vitund, ok til marks vil-

jum vér at þat sjáist með sönnum jarteiknum, at þú hefir oss heim sótt: Tafl er hér, er ek vil gefa þér; þenna grip veit ek svá, at Haraldur konungi föstra mínum leikr mestr hugr á; gullhring þenna skaltu þiggja af mér.“ Búi þakkaði honum með mörgum fögrum orðum sinnu velgerning, ok þá miklu sæmd, er hann gerði til hans, ok bað hann sitja allra konunga heilastán. Eftir þat tóku þau orlof til handa Búa, ok sneru þá í brott. Sem þau kómu til hellisdyra, þá laukst upp hellirinn; gekk Friðr þá út ok mælti til Búa: „Nú er svá komit, Búi, sem ek sagða þér, at ek geng með barni þínu; skal ek nú segja þér, hver skipan á því skal vera: Ef þat er meybarn, þá skal þat hér vera með mér, enn af þat er sveinn, þá mun ek þér senda hann, er hann er tólf vetra gamall; skaltu vel við honum taka; enn ef þú gerir eigi svá, þá munt þú á þínum hlut kenna. Hvergi mun ek leiða þik, far þú vel“, segir Friðr. Eftir þat skilja þau.

15. Gekk Búi leið sína, ok létti eigi fyrr enn hann kom til Rauðs; tók hann vel við honum ok spurði at ferðum hans, enn Búi sagði af hit sanna. Rauðr mælti: „Mikla gæfu hefir þú borit til um þína för; enn svá muntu eiga við at búast, at eigi mun Haraldur konungr þessu einu við þik hlíta; því at nú mun hann etja á þik því tröllu, er ek veit mest í Noregi,

enn þat er blámaðr, sá er mörgum manni hefir at bana orðit; nú vil ek gefa þér fangastakk þann er þú skalt þá hafa; væntir ek þá, at þú munir eigi allmjök kenna, hvar sem hann leggr at þér krummur sínar; því at hann brýtr bein í flestum, ef hann deyðir eigi“. Búi þakkaði Rauð sinn velgerning; dvaldist hann þar nökkurar nætr, ok fór síðan ofan í Þrándheim; spurði hann þá til konungs at hann var at Steinkerum. Sem Búi kom þar gekk hann á konungsfund ok kvaddi hann. Konungr leit við honum ok mælti: „Ertu þar Búi, hversu tók Dofri þér?“ „Já, herra,“ sagði Búi. „yðar naut ek at, því at vel fór Dofra til mín“. Konungr mælti: „Vartu með Dofra í vetr? eða fektu tafli?“ „Já, herra,“ sagði Búi, „fekk ek tafi“. Konungr mælti: „Kom til mín á morgun með þat“. Búi kvað svá vera skyldu. Um daginn eftir kom Búi fyrir konung, er hann sat yfir drykkjarborðum, ok færði honum tafli, ok er konungr sá þat, mælti hann: „Þú ert mikill maðr fyrir þér, Búi“, sagði konungr; „hefir þú sannar jarðteiknir, at þú hefir Dofra fundit; þetta tafi hefir hann aldri viljat fyrir mér laust láta, enn svá gildir sem þú ert, þá verðum vér at sjá nökkut af þínu afli, ok skaltu fást við blámann várn“. Búi segir: „Þat hugða ek, ef ek fengi tafli, at þér mundið mik láta fara í friði“. Konungr mælti: „Þetta er lítils vert, at taka eitt fang“.

Búi segir: „Dýrt er drottins orð; vil ek þat nú skilja til við yðr, herra, ef svá ólíklegt er, at ek beri af honum, at þér gefið mér upp reiði yðra ok gott orlof til Íslands“. Konungr játaði því. Eftir þat lagði konungr til hölmstefnunnar frest, at þetta fang tækist, því at hann vildi at sem flestir sæi. Enn er sú stund var liðin, þá lét konungr blása til öllu fólki út á víðan völl. Sem konungr ok mikit fjölmenni var þar komit, þá bjóst Búi til fangs. Hann fór í skyrta sína, þá er Esja hafði gefit honum, ok fyrr gátum vér; síðan steypti hann yfir sik fangastakki þeim er Rauðr gaf honum; fór þá til leikmótsins. Konungr lét þá leiða fram blámanninn ok heldu á honum fjórir menn; hann grenjaði fast ok lét trölslega. Þar var svá háttat, at þar var sléttr völlr, enn þar um utan hæðir miklar; sat þar á fólkit umhverfis. Á vellinum stóð ein hella mikil ok upphunn niðr í völlinn; þat kölluðu þeir fanghelli. Búi gekk þá fram fyrir konung ok mælti: „Hvar er sá maðr, herra, er þér ætlið mér fang við“ Konungr mælti: „Sé hvar þeir halda honum fram á völlinn“. Búi mælti: „Ekki sýnist mér þat maðr; trölli sýnist mér þat líkara“. Konungr mælti: „Vér skulum freista þín skamma stund, ef vér sjáum at þú hefir ekki við“. Búi mælti: „Þér munuð ráða vilja“. Eftir þat gekk Búi fram á völlinn, ok er fólkit sá hann, þá mæltu

margir, at þat væri illa, er trölfi skyldi etja upp á jafn-dreugilegan mann. Þeir létu þá lausan blámanninn; hljóp hann þá grenjandi at Búa; ok er þeir mættust, tókust þeir afar fast ok sviftust; skildi Búi þat skjótt, at hann var mjök afvana fyrir þessu kykvendi; forðaði hann sér þá við föllum, enn stóð þó fast ok fór undan víða um völlinn. Skildi Búi þat, at hann tók svá, at bein hans mundu brotna, ef eigi blífði honum klæðin. Þat skildi Búi, at blámaðrinn vildi færa hann at hellunni. Enn er þeir höfðu at gengist um stund, þá mæddist blámaðrinn ákaflega, ok tók at láta í honum sem þá at lætr í göltum, þá er þeir gangast at, ok á þann hátt feldi hann froðu. Ok er Búi fann þat lét hann hörfast undan at hellunni. Blámaðurinn herti þá at, af nýju, ok váru ógurleg hans læti at heyra, því at hann var drjúgum sprunginn af sókn. Enn er Búi kom at hellunni, svá at hann kendi hennar með hælunum, þá herti blámaðrinn at, slíkt er hann mátti. Búi brá þá við er minst var ván, ok hljóp hann þá öfugur yfir helluna, enn blámanninum urðu lausar hendrnar ok skruppu af fangastakkinum. Búi kipti þá at sér blámanninum, slíkt er hann mátti; hrataði hann þá at hellunni svá at bringsspelir hans tóku þar sem hvössust var. Þá hljóp Búi ofan á hann með öllu affi; gengu þá í sundr bringsspelirnir í blámann-

inum, ok því næst var hann dauðr. Margir töluðu um at þetta væri mikit þrekvirki. Búi gekk þá fyrir Harald konung. Konungr mælti: „Mikill maðr ertu fyrir þér Búi, ok mun nú skilja með okkr; ok far nú til áttjarða þinna í friði fyrir oss“. Búi þakkaði þat konungi. Fór Búi þá til hafs út ok fekk sér fari til Íslands.

16. Þat sumar er Búi fór utan, gekk Ólof hin væna með barni, fæddi hon um haustit mey, er hon kendi Búa, ok var kölluð Þuríðr. Esja bauð meynni til fósturs til sín, ok þat þágu þau Kolli. Enn þat sumar er Búi var í Þrándheimi fóru til Íslands Helgi ok Vakr; sögðu út þau tíðindi, at Búi væri látinn ok Haraldr konungr hefði sent hann forsending, þá er engi hefði aftr komit. Enn er þat spurðist, fór Kolfinnr til Kollafjarðar ok tók þaðan á brott Ólofu hina vænu nauðga, ok at óvilja föður hennar. Kolfiðr fór þá með Ólofu út til Vatns; var hon þar sumar ok vetriunn eftir. Enn um sumarit eftir kom skip suðr á Eyrarbakka, í höfn þá er heitir í Einarshöfn; spurðist þat þar af, at þar var á Búi Andriðarson. Ok þegar þetta spurðist ofan yfir heiði, helt Kolfiðr til njósnum um ferðir Búa, ok spurði er hann kom í Ölfus. Þá reið Kolfiðr heiman upp til Öxnaskarðs við tólfta mann. Þar var með honum Grímr frændi hans, ok tíu menn aðrir; þeir sátu þar fyrir Búa. Í því bili reið Búi

ofan ór skarðinu; hann sá mennina vápnaða; þóttist vita, hverir vera mundu. Búi hafði öll góð vörn; hann var í skyrtu sinni Esjunaut. Búi reið til steins eins mikils, er stóð undir skarðinu, ok sté þar af hesti sínum. Þeir hlupu þá þangat til. Búi hafði haft snarspjót lítit í hendi; fleygði hann því til þeira; þat kom í skjöld Gríms neðanverðan; þá brast út ór skildinum, og hljóp þá spjótit í fót Grími fyrir ofan kné, ok þar í gegnum; var Grímr þegar óvígur. Búi sneri þá baki at steininum, því at hann er svá mikill sem hamarr; mátti þá fram- an at at eins at honum ganga. Kolfiðr mælti þá: „Vel er þat, Búi, at vér höfum hér mæzt; mun nú eigi hlífa hellir Esju tröllsins sem næst“. Búi segir: „Ekki kann ek at kasta löstum á þat; hafa þeir einir orðið fundir okk- rir, er þú munt svá lítit hafa í unnit; vænti ek at svá muni enn vera; er þat nú drengs- verk at einn gangi at einum.“ Kolfiðr mælti: „Þess skulu vér nú njóta, at vér erum fleiri“. Búi mælti: „Þá skal vel við því taka“. Þá veittu þeir honum atsókn, enn hann varðist prúðlega. Kolfiðr eggjaði sína menn, enn hlífð- ist sjálfr við, því at hann ætlaði sér afburð; enn þeim var Búi torsóttr, því at þótt þeir kæmi höggum eða lögum á hann, þá varð hann ekki sárr, þar er skyrtan tók, enn hverr sem hann kom höggum á, þá þurfti eigi um at binda.

Var þá svá komit. at sex menn váru fallnir af Kolfinni, enn hinir allir sárir. Búi var sárr á fæti. Kolfiðr mælti þá: „Mikit tröll ertu, Búi“, sagði hann, „er þú verst svá lengi jafn-mörgum“. Búi mælti: „Þú hefir í leikandi einni haft, ok er þat klækilegt at þora eigi at sækja at mér“. Kolfiðr mælti: „Þat munda ek vilja, at þú ættir þat at segja, at ek hlífðumst eigi við áðr enn lúki.“ Hljóp Kolfinnr þá at Búa með brugðit sverð, ok hjó hvert af öðru. Búi hlífði sér með skildinum. Kolfinnr hjó hart ok tíðum, ok sótti alldrengilega, ok hjóst þá allmjök skjöldr Búa. Enn er Kolfinni rénaði hin mesta atsókn, ok hann mæðist, þá herti Búi at honum, ok gekk þá fram frá steininum; hann hjó þá eigi mörg bögg áðr hann ónýtti skjöld Kolfinns. Síðan veitti hann Kolfinni þat slag, at hann tók sundr í miðju. Búi var þá ok sár nökkut bæði á höndum ok fótum, þar sem eigi hafði skyrtnan hlift, enn ákafl-ga var hann vígmóðr. Búi gekk þá þangat til sem Grímr var, son Korpólfs, ok spurði, hvárt hann vildi grið hafa; hann kvaðst þat vildu. „Þá skaltu þat sverja“, segir Búi, „at vera mér trúr heðan af. Grímr kvað svá vera skyldu. Förunautar Kolfinns tóku þá ok grið af Búa; bað hann þá taka lik Kolfinns ok sjá fyrir því. Búi tók þá hest sinn; reið hann þar til er hann kom ofan til Elliðavatns. Ólof var úti, ok heilsaði

Búa; hann bað hana taka klæði sín ok fara með sér. Hon gerði svá; reið hon með Búa til Kollafjarðar. Kolli var úti ok fagnaði vel Búa ok bauð honum þar at vera. Búi kvaðst mundu eiga þar dvöl nökkura við laugina ok binda sár sín; var nú svá gert. Búi mælti þá til Kolla: „Nú er svá Kolli“, sagði Búi, „sem þér er kunnugt um skifti okkur Ólofar; hefi ek launat Kolfinni sína djörfung; enn nú skal Ólof dóttir yðar vera með þér þar til er henni býðst forlag, því at ek vil nú þó ekki elska hana, síðan Kolfinnr hefir spilt henni.“ Nú varð svá at vera sem Búi vildi.

17. Búi reið þá til Esjubergs, ok var Esja fóstra hans enu á lífi; varð hon honum alls hugar fegin. Búi fór brátt í Brautarholt, at finna móður sína; var hon þá enn hraust kona; dvaldist Búi þar um hríð. Þorgrímr bjó þá enn at Hofi. ok var þá gamall mjök. Hann átti dóttir eina barna, er Helga hét; hon var ung ok hin skörulegasta kona. Arngrímr bróðir hans var þá ok andaðr, enn þeir bræðr höfðu skift arfi með sér: hafði Helgi land í Saurbæ, enn Vagr gerðist kaupmaðr. ok þóttí vera hinn vaskasti. Enn er svá var komit, völdust til vitrir menn ok góðgjarnir ok báru sáttmál í millum þeira Búa ok Þorgríms, ok hversu margt sem hér var um talat, þá fór þat fram, at þeir festu öll þessi mál, Búi ok Þorgrímr, undir

dóm hinna beztu manna. Þeim málum var upp lokit um várit, á várþingi; höfðu þeir þat upphaf at þessum málum ok sættum, at Búi skyldi fá Helgu Þorgrímsdóttur; enn fégjöld þau, er dæmdust á Búa, skyldu vera heimanfylgja Helgu; sá þeir þat sem var, at þau Búi áttu hvern pening eftir hans dag. Helgi Arngrímsson skyldi fá Ólofar Kolladóttur. Eftir þat veittu hvarir öðrum trygðir. Eftir þeir nú til veizlu mikillar að Hofi, því at þar skyldu vera bæði brullaupin. Tókust þessi ráð um sumarit hvártveggi. Litlu síðar andaðist Esja; hon gaf alt fé sitt Búa ok Þuríði dóttur hans. Búi tók þá við búi á Esjubergi, ok setti þar á rausnar bú. Eftir brullaupit um sumarit fór Helga til Esjubergs með Búa; var þat brátt auðsætt, at hon var hinn mesti skörungr. Tókst nú vinátta með þeim Þorgrími goða með mægðum; helt Þorgrímr nú öllu Búa til sæmdar; var þá þangat skotit öllum málum. Búi færði sér þat all-vel í nyt; varð hann hinn vinsælasti maðr. Þeim Búa ok Helgu varð barna auðit; þau áttu son þann er Ingólfr hét, ok annarr hét Þorsteinn; dóttur áttu þau er Hallbera hét. Annat sumar eftir tók Þorgrímr sótt ok andaðist; var hann út leiddr at þeim síð er þá var, ok drukkit eftir hann erfí. Í þann tíma lét Vagr af förum; tók hann við landi í Saurbæ, enn Helgi tók þá Hofs land

af Búa. Tók þá Búi við manna forræði; hafði hann alt út at Nýjahrauni ok inn til Botnsár. Búi bjó at Esjubergi tólf vetr, ok átti mikit rausnarbú. Á þeiri stundu fekk Vagr Þuríðar dóttur Búa ok Ólofar.

18. Enn er svá var komit, kom skip norðr í Eyjafirði; þar váru á þrænzkir menn. Á því skipi var sá maðr er Jökull hét, ungr og stórþriflegr. Þegar Jökull kom á land, keypti hann sér hest ok föruneysi; reið hann síðan suðr um land, ok er ekki fyrr frá hans ferð sagt, enn hann kom aftan dags til Esjubergs; lét hann litit yfir sér. Þeir váru þar um nóttina, því at þar var öllum mönnum matr til reiðu. Um morguninn gekk Jökull til tals við Búa ok mælti: „Svá er mál með vexti, at ek á við þik erindi, Búi“. sagði hann. Búi spurði hvernig þat var. Jökull mælti: „Mér er sagt at þú sért faðir minn; enn Friðr er móðir mín, dóttir Dofra konungs“. Búi mælti: „Ólíkleg sögn er á at þú sért minn son, því at mér þótti ván, at sá mundi vera gildir maðr, er undir okkr ælist, enn mér sýnist þú heldr auðþriflegr“. Jökull mælti: „Ek hefi enn ekki marga vetr á baki; enn móðir mín bað mik þat segja þér til jartegna, at hon kvaðst hafa sagt þér, at þú mundir kenna á þínum hlut. ef þú tækir eigi vel við frændsemi minni“. Búi segir: „Ekki hirði ek um sögur þínar, þyki mér þær ómerki-

legar; vil ek, at vit tökum fang; því at þú ert ekki okkarr son ef engi mátt er í þér“. Jökull mælti: „Þat er fáheyrt, at ek, tólf vetra gamall, þurfa at taka fang við þik, þar sem þú deyddir blámann Haralds konungs í fangbrögðum þínum; enn þó muntu ráða vilja“. Þeir Búi gengu þá austr undir fjallit til laugar, þar vóru vellir fagrir. Síðan klæddust þeir til fangs, ok tókust allsterklega, ok gekk svá lengi at hvárrgi fell. Búi varð móðr mjök. Jökull mælti: „Þreytum þetta ekki meir, ok tak við frændsemi minni“. „Nei“, kvað Búi. „Fallaskal annarr hvárr okkarr“. Jökull mælti: „Eigi mun þá betr“. Eftir þat réðust þeir á í annat sinn; vóru þá allmiklar sviftingar; var þá við sjálft búit, at Jökull mundi falla, ok í því var sem kipt væri báðum fótum í senn undan Búa, ok fell hann áfram, ok þar varð við brestr hár ok mikill. Búi mælti: „Felt mun nú til hlítar, ok mátti móðir þín eigi hlutlaust láta vera“. Þá blupu at aðrir menn, ok sá þar vegsummerki, at bringsmelirnir vóru í sundur í Búa, ok hafði orðit undir steinn. Búi mælti þá til Jökuls: „Ekki hefir nú orðit erindi þitt hingat hagfelt; því at þú hefir verit mannsefni; enda mun nú skömm saga frá mér ganga“. Eftir þat var Búi borinn heim á rauðum skildi, ok lifði þrjár nætr ok andaðist síðan. Jökli þótti verk sitt svá ilt, at hann reið

þegar í brott, ok til skips, er búit var suðr á Eyrarbakka, ok fór þar utan um sumarit; enn síðar höfum vér önga sögu heyrt frá honum. Helga Þorgrímsdóttir bjó at Esjubergi með börnum þeira Búa. Þá stóð enn kirkja sú at Esjubergi, er Örlygr hafði látit gera; gaf þá engi maðr gaum at henni; enn með því at Búi var skirðr maðr, enn blótaði aldri, þá lét Helga húsfreyja grafa hann undir kirkjuveggnum hinum syðra, ok leggja ekki fémætt hjá bonum nema vápn hans. Sú hin sama járnklukka hekk þá fyrir kirkjunni á Esjubergi, er Árni biskup réð fyrir Stað, Þorláksson, ok Nikolás Pétursson bjó at Hofi, ok var þá slitin af ryði. Árni biskup lét og þann sama plenarium fara suðr í Skálholt, ok lét búa og lima öll blöðin í kjólinn, ok er írskt letr á. Frá Búa Andriðssyni er komin mikil ætt; ok lúku vér þar Kjalnesingasögu.

Viðbætur.

Jökuls þáttur Búasonar.

Jökli þótti nú ilt verk sitt; reið því þegar í burt ok til skips, er þá var á Eyrarbakka, ok sigldi með Úlfi stýrimanni; gaf þeim litt byri ok rak á fyrir þeim myrkr ok hafvillar, svá þeir váru úti alt sumarit; enn er hausta tók, gerði storma með miklum hriðum ok frostum, svá sýldi hvern dropa er inn kom; urðu allir í austri at standa bæði nætr ok daga, ok gerðust allir mjök dasaðir ok gáfust upp um síðir nema Jökull einn; hann gekk at ausa aleinu í fjóra daga. Um síðir rak skipit at skerjaklasa miklum með boðaföllum stórum; var þá allsterk hriðin, svá skipit braut í spán ok týndist góðsit; komst Jökull í sker upp með Úlfi stýrimanni ok sumir skipverjar, enu sumir druknuðu; váru þá allir yfirkomnir af mæði ok kulda, nema Jökull einn. Jökull spyr nú Úlf hvat til ráða skyldi taka — „hvært skulum vér láta hér yfir drífa?“ „Nei“ segir Úlfr, „þat dugir ekki er nú þar til órræða at leita sem þú ert“. Jökull segir þeim skuli at því verða, — „ok mun ek nú til lands leita“. Síðan kastaði hann sér til sunds ok lagðist inn at landinu; þar var brim mikit ok stór áföll, svá at honum var

bágt at koma þar við sundi, ok því kafaði hann til lands; enn er hann var á land kominn, sýldi um hann öll klæðin, enn hriðin var svá sterk, at hann mátti varla ráða sér; vissi hann ok aldri hvar hann fór. Honum var þá reikat með sjónum ok um síðir kom hann at skála nökkurum sterkum ok fornum; var skál anum læst, enn lykillinn greyptr í stafinn. Hann lauk upp ok gekk þar inn; þreifar síðan fyrir sér, ok fann stóran ás ok eld í; síðan lagði hann skið á eldinn; varð þá skjótt bjart um allan skálann; sá hann tvau rúm váru í innanverðum skálanum; þat þóttist hann vita, at þar höfðu menn í verit; sér hann at þar mætti vel um búast, er nóg væri föng til. Þessu næst hugleiðir hann, at menn mundu leggja þat sér til orðs, at hann skildi svá við sína menn, ok snýr því út aftr í hriðina, ok ferr hinn sama veg, ok syndir í skerit, ok kemr til manna sinna; eru þá sjau dauðir enn átján lifa, at fram komnir fyrir kulda sakir, nema Úlfr einn. Jökull mælti: „Ætli þér hér lengr at vera?“ Úlfr svarar: „Annarstaðar þætti mér betra heldr enn hér til lengdar“. „Vili þér þá hlíta minni forsjá?“ segir haan. Þeir kváðust þat gjarna vilja. Fleytti hann þá Úlfi stýrimanni til lands ok eigi létti hann fyrri enn hann hafði þeim öllum til lands komit; gengr Jökull þá undan þeim til skálans, ok gerðu þeir þá stóran eld;

Eru þeir þá skjótt lífvænir kompánar hans; þykir honum þat þá á vanta, at þeir vissu ekki hvar þeir váru komnir, ok þat þeir váru kostarlausir; leið svá á kvöld. Jökull spyrr: „Hverr er sveina fúss til at vaka í nótt?“ Úlfr svarar: „Ek ætla af mér sé færleikrinn eða viltu at ek vaki?“ „Nei“ segir Jökull. Lögðu þeir sik þá til svefnis, enn Jökull vakti einn. Þá sá lítit af tungli ljóst, ok dró ýmist til eða frá. Jökli var reikat til sjávar ok með ströndinni; hann sér at mikit er rekit af góðsi þeira; hann þykist ok þá sjá einhver tvau kvikindi bera saman góðsit í einn stað; hann nemr staðar, byggir at ok hlustar til, ok heyrir þá þessar tvær syrpur talast við. Gnípa segir: „Eitt-hvat fór þar eftir sandinum?“ „Eigi veit ek hvat vera má“, segir Geit. „Ek þykjumst gerla vita“, segir Gnípa; — „hér er kominn Jökull, son Búa ok Friðar Dofradóttur; af honum gengr nú mest frægð, ok hefði sú betr er slíkan mann ætti“. Geit segir þá við Gnípu: „Göngum til móts við hann, ok bjóðum honum tvá kosti, þann eina at hann eigi aðra hvára okkar; hinn annan, at vit skulum drepa hann ella“. „Svá skal vera systir sæl“, segir hon. Eftir þat gengu þær til móts við Jökul, ok stigu heldr stórum; þær váru næsta ófrýnlegar, nefsiðar, ok hekk vörin ofan á bringu; skinnstökkum váru þær klæddar síðum í fyrir, svá þær stigu at mestu á

þá, enn bak til fylgdu þeir ofanverðum þjóhnöppunum; þær skeldu á lærin ok fóru mjök ókvenlega. Jökull sá þetta, ok brá sverðinu, er Friðrmóðir haus hafði gefit honum, ok hjó til Geitar á hálsinn, svá af fauk höfuðit. Í því kom Gnípa at, ok réði á Jökul; tókst þar hin hardasta glima; varð flestalt, sem fyrir var, upp at ganga. Gnípa gekk allfast fram, svá Jökull varð orkuvana fyrir henni, ok alt hans hold blátt ok blóðrisa; sá Jökull, at eigi mátti svá lengi fram fara, ok sló til sniðglímu við Gnípu, enn er hana varði minst, brá hann henni lausamjöðm, ok kom fyrst niðr höfuðit ok síðan búkrinn; varð þetta fall mikit. Gnípa mælti: „Njótta nú fallsins, karlmaðr“. Jökull mælti: „Fyrr skaltu fara sem Geit, systir þín“. Gnípa mælti: „Eigi máttu svá gera; þú munt vilja gefa mér líf, ok seg mér, hvers þínir menu við þurfa“. „Svá skal vera“, segir Jökull. „enda vert mér trú ok líðsinnandi“. Þessu játar Gnípa; síðan stóð hon upp ok mælti: „Ódrengilega fór þér áðan, Jökull, er þú drapt Geit systur mína, tólf vetra gamalt barnit, enn ek er nú þrettán vetra; erum vér nú sjau systkinin eftir ok ek yngst af öllum“. Eigi ferr ek svá grant at alíku“, segir Jökull, enn hvar eru vit nú at komnir, félagar mínir?“ „Þér eruð komnir at óbygðum í Grænlandi“, segir Gnípa, „ok inn á fjörðinn Öllumlengri; er heðan skamt frá bygð föður míns,

er Surtr heitir, enn móðir mín Syrpa; er faðir minn afgangall, enn systkin mín vilja at ek hafi ekki af arfinum, ok gezt mér ekki at því, þó ek verði svá búit at hafa; munum vér skilja at sinni at sýn, enn ekki at vináttu“. Gekk Jökull þá heim til skálans.

2. Úlfr vaknaði snemma um morguninn, fann Jökul og spyrr tíðenda. Hann segir slíkt sem farit hafði,— „ok er mál“, segir „Jökull, „at leita oss matarfanga“. Enn er þeir gengu út, sá þeir at þar var kominn nógur kostur ok drykkur, þó þeir væru þar um næstu tólf mánuði; gengu síðan inn og settust til matar. Enn er þeir váru mettir, mælti Jökull: „Nú skal skifta liði váru í dag; skulum vit Úlfr ganga tveir á jökla, enn þér sveinar skuluð fara með fjörum, ok henda saman góðs vart ok bera til skálaus. Þeir gerðu svá; fóru nú hvárir sína leið. Jökull ok Úlfr gengu á jöklana, ok leið ekki langt um áðr enn Gnípa kom til þeira ok heilsar á þá kærlega. „Hvert ætlar þú at reika, karlmaðr?“ segir hon. Jökull mælti: „Til hellis föður þíns, ok vil ek at þú segir mér leið“. „Svá skal vera“, segir Gnípa; gekk hon þá fyrir, ok létti eigi fyrr enn þau kvámu öll at stórum helli. Gnípa mælti: „Ekki ferr ek lengra, ok er hér nú hellirinn Surts föður míns; vil ek gera þér kunnugt, Jökull, at bræðr mínir eru ekki heima,

Sámr, Sniðill ok Eitill; er hann þeira bræðra verstr viðreignar, ok eru þeir farnir til skála þíns ok ætla at drepa menn þína alla, enn ræna góðsinu, ok ferr ek nú at hjálpa þeim; lífið vel“. Gekk hon svá sína leið, enn þeir gengu inn í hellinn. Var þá orðit myrkt af kveldi. Þeir sáu at þrjú flögð sátu við eldinn, ok var ketill yfir eldinum. Jökull lætr sér óbylt verða, bregðr sverðinu ok höggr á háls jötninum, svá aftók höfuðit, ok hraut ofan í ketilinn. Þá brugðu flögðkonurnar við, ok stóðu upp; í því viðbragði leggr Úlfr í gegnum aðra með spjóti, enn önnur hleypr á Jökul, svá honum var búit við falli, ok hörfaði fast. Síðan réðust þau á ok glímdu lengi. ok rákust um hellinn ok at eldinum; urðu þá allmiklar sviftingar, því at hvárt vildi færa annat á eldinu niðr; tók þá tröllkonan óðum at blása. Í því varð Jökli höndin laus ok hljóp undir hana, ok færði yfir höfuð sér ok steypiti henni á höfuðit í ketilinn ok lét hon þar sitt líf. Síðan gengu þeir innar eftir hellinum, ok kómu at einum afhelli; þar heyrðu þeir mannamál, ok þóttust vita, at þau hjónin, Surtr ok Syrpa kerling mundu þar inni vera. Surtr mælti: „Seint þykki mér synir okkar koma heim“. Syrpa mælti: „Hvert fóru þeir, karl minn?“ „Spyrr þú at því, kerling“, segir hann; „ek sendi þá bræðr Sám, Sniðil ok Eitil til skála

þeira Jökuls ok Úlfs, þess erendis at drepa þá alla, enn flytja hingat góðsit; kemr þó ekki mikit fyrir þær dætr okkar. Geit ok Gnipu, sem Jökull drap“. „Satt segir þú þat, karl minn sæll“, segir Syrpa, „ok förum vit brátt til móts við þá, ok vitum hvat þá tefr“. Þau gerðu svá; hljóp Surtr fyrr enn Syrpa seinna fram ór hellinum. Þetta sér Jökull, ok slæmir sverðinu til Surts ok á höndina, svá af tók í olbogabótinni; rak Surtr þá upp stóran skræk, ok réð á Jökul; varð þeira atgangr mikill ok harðr; barst Jökull allr fyrir orku sakir, enn þó var hann svá mjúkr, at Surtr kom honum aldri af fótunum; veitti Surti mædit mjök, því at hann sótti blóðrás ákaflega; þess neytti Jökull, og brá Surti hælkrók, svá hann fell ok snaraði Jökull hann ór hálsliðnum; fór síðan at leita Úlfs, ok kom hann þar at, er þau Syrpa ok hann áttust við, ok hafði hon komit Úlfu undir, ok grúfði niðr at honum, ok ætlaði at bita hann á barkann. Jökull tók þá báðum höndum undir kjálkana á kerlingu enn setti knén á bakit. Syrpa mælti: „Skal mik svá grátt leika, Jökull“. „At því mun þér verða“, sagði hann, ok braut hana síðan á bak aftr ór hálsliðunum, ok var hon þegar dauð; fór Úlfr þá á fætr ok var stíðr mjök. Þeir könnuðu síðan hellinn ok fundu þar yfrit mikit góðs, gull ok silfr ok góð klæði, ok marga fá-

séða gripi; enn er þeir höfðu kannat hellinn, eftir því sem þeira hugr var til, gengu þeir í burt ok vildu vitja aftr manna sinna, ok er þeir váru komnir skamt á leið, heyrðu þeir óþ ok háreysti mikit, ok allmikla skellihlátra. Jökull ok Úlfr sá þá hvar þeir bræðr váru komnir, ok höfðu byrðir stórar á herðum sér, ok hlupu hverr um annan fram. Enn er þá bræðr minst varði, kom Jökull at þeim ok hjó til Sáms í höfuðit, ok klauf hann í axlir niðr. Þá hleypr Úlfr at Snidli með spjótit, ok sló undir hnakka honum, svá hann lá þar ok sparkaði fótunum. Þetta sá Eitill ok kastaði af sér byrðinni; hann hafði bitrlega skálm í hendi ok æddi fram til móts við þá með miklum jötunmóð, ok hjó til Jökuls; þat kom á lærit ok varð allmikit sár; kom þá Úlfr, ok sóttu þeir báðir at Eitli, enn hann varðist all-drengilega. Þar kom um síðir, at þeir gátu drepit hann; váru þeir þá bæði móðir ok sárir. Þar kom þá Gnipa ok spyr: „Eru þit sárir sveinar?“ „Litit er alt um þat“, segir Jökull. „Mál er heim at fara“, segir Gnipa. Þeir gerðu svá; enn er þeir váru komnir í skálann sagði Jökull Gnipu alt sem farit hafði. Gnipa mælti: „Mikil eru þessi tíðendi, at þit hafit drepit föður minn ok móður, ok systkin min, enn ek hefi hjálpat mönnum ykkar, því bræðr mínir hefðu drepit þá alla, ef ek hefða ekki hér verit; eru

sex dauðir enn tólf lífa; hefir þú nú fullhefnt þinna manna, Jökull; enn ætla máttu þit, at mér mundi þykja mikill frændaskaðinn, enda vona ek at þú munir bæta mér þat áðr enn vér skiljum“. „Svá skal vera“, segir Jökull. Þatt hann um sár manna sinna ok Gnípa með honum, ok váru þeir skjótt grónir ok albata; skorti þá ei þat þeir þurftu at hafa, ok var Gnípa þar jafnan; liða nú svá tímar; enn nökkurum dögum fyrir jól kom Gnípa eigi til þeira, ok þóttust þeir eigi vita, hvat af henni mundi orðit.

3. Atfangadagskveldit fyrir jól gekk Jökull seint út; hann sér hvar Gnípa gengr ok heilsar honum. Hann spyr, hvar hon hafi verit, eða hvat hon segði tíðenda. Gnípa segir: „Viða hefi ek nú sveimat síðan, ok er mér boðit til jólaveizlu, ok vilda ek at þú færir með mér“. „Þú skalt því ráða“, segir Jökull, „eða hvern bauð þér?“ „Þat gerði Skrámr er konungr er yfir öllum óbygðum, ok allir jötnar eru hræddir við hann. Son á hann sér er Grímnir heitir, allgott mannsefni, ok verðr í engan máta föður síns eftirbátr; ber hann svá hér af ungum mönnum, at vér vildum meyjarnar hann gjarnan eignast hver fyrir sik; er hann nú tólf vetra; ok þá þætti mér þú vel fram ganga, Jökull vinr, ef ek fengi hann“. „Ek skal nökkut til sjá“, segir Jökull. „Mál er komit

at ferðast“, segir Gnípa. „Ekki dvelr mik“, segir Jökull. Fara þau þá leið sína, gengr Gnípa fyrir, enn Jökull eftir; verðr hon heldr greiðfara. Þau ganga inn með firðinum, þar til er hann þrýtr; er þá langt af nóttu. Þá koma þau at hömrum stórum ok bröttum björgum: hon víkr þar upp at, sem einstigit er, ok koma þau þá at helli stórum. Gnípa mælti: „Hér er hellirinn Skráms konungs; hefir hann boðit hingat öllum jötnum ok flagðkonum, er í óbygðum búu, ok munu þeir færa þik til heljar er þeir sjá þik, hverju ek vilda ekki valdit hafa. Hér er gull eitt, er ek vil gefa þér; þar er í sá náttúrusteinn, at ef þú dregr gullit upp á fingr þér, þá sér þik enginn framr enn þú vilt“. Jökull þakkar henni gjöfina, ok ganga þau síðan í bellinn. Jökull sá at þar var tröllum skipat á báða bekki, ok heilsuðu allir Gnípu. Skrámr bað hana ganga um beina þeira; hon kvað svá vera skyidu; lét hon þá bera inn öl, þat sem áfengast var, enn þeir slokuðu stórum, ok var drykkjan óstjórnleg, svá þeir urðu allskjótt druknir; þá mátti heyra illyrði nóg ok árásir, einnig sjá margan hnefapústr ok hárrykkjur. Þetta þolir Jökull ekki, ok bleypr inn í þvöguna, ok drepr hvern af öðrum, ok hvern um þveran annan, ok er nú eigi traust um, at hverr kendi öðrum þessi fádæmi ok undr, enn engi sér Jökul. Er nú næsta gangmikít í

hellinum. Rotslær hverr annan ok drepr um síðir, þar til allir váru fallnir, konur ok karlar, utan Skrámr ok sonr hans. Jökull gekk innar at Skrámi, ok leggr sverðinu í gegnum hann, ok dettr hann þá fram á gólfitt, svá þá varð dynkr mikill. Þetta undrast Grímnir, hverju gegna muni að faðir hans var veginn, enn sér öngvan mann, stölkkr upp ok lætr sópa greiprnar um allan hellinn. Þetta þykir Jökli allmiklit gaman, tekr af sér gullit ok vill eigi leynast lengr. Þat sér Grímnir ok ræðr á hann, ok takast þeir fangbrögðum ok glíma allsterklega, svá flest hlýtr upp at ganga; verðr þat um síðir, at Grímnir fellr. Þetta sér Gnípa, skellir upp ok hlær, ok mælti: „Nú gerði gæfumuninn, sem betr var, ok munðu. Jökull minn, hverju þú hefir lofat“. Jökull mælti: „Góðs ertu makleg af mér; nú eru tvenn kostaboð. Grímnir, sá eini ek drep þik nú þegar í stað. Sá annarr, at þú eigir Gnípu vinkonu mína, ok skaltu vera konungr yfir Jötunheimum, sem faðir þinn var: vil ek ok gefa þér allan auð eftir föður sinn. Grímnir játar þessu: lætr Jökull hann nú upp standa, ok ganga inn eftir hellinum; þar var fagrt um at sjást, gull ok silfr nóg ok góð klæði. Hann skimast um hellina, ok sér at þar eru tveir menn, lítt haldnir, karlmaðr ok kona; sitja þau bæði á einum stól, ok eru strengd niðr við stólinn með járnhlekkjum sterk-

um. Þau váru bæði mögr, ok þó fögr at álitu. Jökull gekk at stólnum ok spyrr þau at heiti. Hann segir: „Ek heiti Hvítsekr, son Soldáns konungs af Serklandi, enn systir mín Marcibilla. Skrámr jötunn heillaði okkr hingat, ætlaði hann Grími syni sínum systur mína, höfum vit verit hér fim vetr. ok er ek nú fimtán vetra, enn systir mín þrettán vetra; hefir því valdit Marcibilla, at ek hefi svá lengi lifat, því at hon sagði þeim feðgum, at norrir hefðu spáð henni að hon mundi deyja þegar í stað, ef ek væra í hel sleginn, enn þeir trúðu því; nú ef Skrámr vissi þat þú værir hér, mundi hann láta drepa þik, ok hafa þik í spað, því svá hefir hann fleirum gert“. Jökull svarar: „Ekki þurfum vit at óttast hann, því at hann er nú dauðr ok alt hans hyski, utan Grímnir, því ek gaf honum líf“. Slíkt eru góð tíðindi“, segir Hvítsekr, „ok muntu gera vel ok gefa okkr líf“. „Svá skal vera“ segir Jökull; eftir þat leysti hann þau, ok gaf þeim vín at drekka; váru þau þar þrjár nætr, enn fjórða daginn bjóst Jökull til heimferðar; gáfu þau honum góðar gjafir, Grímnir ok Gnípa: tafl vænt ok góð klæði með guðvef, ok sverð hit þriðja, er Jökull bar síðan alla sína æfi, ok kallaði þat Grímnisnaut, ok marga aðra fáséna gripi, ok hvat hann vildi eiga ok í burtu hafa; báðu hvárir aðra vel fara. Var Grímnir þar eftir ok Gnípa, enn þau syst-

kin gengu með Jökli ok kómu til skálans. Allir fögnuðu vel Jökli ok félögum hans. Leið nú svá vetrinn. Ean sumardag hinn fyrstakom Grímnir ok Gnípa, ok heilsuðu hvárir öðrum vel. Grímnir bað Jökul ganga með ær ofan til sjávar; hann gerði svá; enn er þeir kómu þar, sá hann skip með rá ok reiða fljóta fyrir landi með farmi. Grímnir mælti: „Hér er bátur, er ek vil gefa þér ok Gnípa vinkona þín; höfum vit barit hann saman í vetr“. Jökull þakkaði þeim vel, ok mælti: „Ek vil hér í mót gefa þér, Gnípa, alt þat góðs, er var í helli föður þíns“. Þau þökkðu honum bæði, ok báðu hann kalla á sik, ef hann þyrfti lítils við; skal okkr ekki hægt um vera, ef eigi förum; munum vér skilja hér at sinni at sýn, enn eigi at vináttu“. Gengu síðan heim, enn Jökull bað menn sína at hraða sér; þeir gerðu svá, stigu á skip ok létu í haf. Jökull mælti: „Hvat skulum vér heðan halda?“ Hvitserkr svarar: „Ef ek réða, þá skyldum vér fara til Serklands“. Jökull segir, at hann skyldi því ráða —: „tak til ok seg fyrir leiðinni“. Hann segist svá gera mundu. Gaf þeim síðan vel byri, ok kómu við Serkland, í þá höfn er þeir vildu kjósa, fyrir höfuðborg Soldans konungs. Konungr sendi til skips, ok þegar hann vissi hverir menn at landi vóru komnir, gekk hann sjálfr til strandar. Hvitserkr ok Marcibilla runnu í móti honum;

varð þá mikill fagnaðarfundr. Konungr. bauð Jökli heim með sér til veizlu með alla sína menn, ok þat þáði hann; ganga síðan heim til hallar; settist konungr í há sæti, ok á aðra hönd honum Jökull enn sonr hans á aðra; var Jökli þar leitat hinna helztu virðinga. Konungr spyr Hvítserk, hvat fram hafði farit um hans æfi, síðan þeir skildu; hann segir honum alt sem greinilegast, ok hversu Jökull hefði hjálpat honum, ok hverr afreksmaðr hann var. Konungr lét vel yfir, ok kvað hann afbragð flestra manna. Var nú gleði mikil í höllinni ok glaumr, ok drukkit fimet ok klaret. Þar var sungit, básúnat ok leikit með allra handa hljóðfærum er fá kunni. Enn annan dag veizlunnar hefr Jökull upp bónorð sitt, ok biðr sér til handa Marcibíllar konungsdóttur. Konungr tók því vel, ok segir at þat væri maklegast, at hann nyti hennar ásta; var þetta at ráði gert, ok brúðkaup sett, ok Marcibílla inn leidd í höllina með allri gleði, þeiri er fást mátti í því landi; var nú aukin veizlan at nýju. Konungr gaf dóttur sinni hálftr Serkland. Veizlan stóð hálfan mánuð, enn at henni liðinni, leiddi konungr ok Jökull með góðum gáfum út hvern mann, ok hurfu þeir síðan heim aftr. Jökull gaf Hvítserki tafnit góða, ok skrúðann þann er Grímnir gaf honum; var þat allgóð gersemi, ok sórust þeir í fóstbræðralag

ok lögðust í hernað ok leituðu sér fjár ok frægðar, drápu berserki ok illþýðisfólk, enn kaupmönnum gáfu þeir grið ok heldu heim at hausti; gerðu þeir svá sex sumur í samt. Enn er þeim leiddist í hernaði at vera, settust þeir at löndum. Þá andaðist Soldán konungr faðir Hvítserks; var hann þá til konungs tekinn yfir alt Serkland. ok fekk sér drotningar, dóttur konungs í Blálandi. Þá gaf hann ríkit í vald Jökli fóstbróður sínum, ok þar með konungs nafn; stýrði Jökull ríki sínu alt til dauðadags; átti hann mörg börn með sinni drotningu Marcibilla, ok tók sinn konungdóm ok ríki eftir hann; ok lýkr svá frá honum at segja.

N Ö F N.

- Andriðr** í Brautarholti 2
—4, 6.
Andriðsey fyrir Kjalarnesi
14.
Austmenn 14, 18—19.
Arndís Þórðar dóttir skegg-
ja 3, 6.
Arngrímur Helga son bjólu
1, 4, 12, 42.
Árni biskup Þorláksson 46.
- Etikdalsá** á Kjalarnesi 25.
Blótkelda at Hofi á Kjal-
arnesi 5.
Borðeyrr í Hrútafirði 24.
Botnaá í Hvalfirði 1.
Brautarholt, bær á Kjalarnesi 3—4, 6—9, 14, 42.
Brundæla (= Bryndæla?)
godorð 4.
Búi Andriðarson 6—17, 19
—46.
- Dofrafjall** í Noregi 29.
Dofri konungr í Dofrafjalli
28—36, 44.
- Eilifr** í Eilífsdal 1, 6, 26.
Eilífsdalr bær í Kjós 1, 6, 26.
Einarr jarl Rögnvaldsson
(Torf-Einarr) í Orkney-
jum 26—27.
Einarshöfn 39.
Eitill jötunn 52, 54.
Ellidavatn, bær í Gullbringu-
sýslu 6, 15, 20, 39, 41.
sbr. Vatn.
Esja á Esjubergi 2, 6, 9,
11—15, 19—21, 24, 37.
Esjuberg, bær á Kjalarnesi
3, 6, 12, 42, 44, 46.
Eyjafjörðr 44.
- Fríðr**, dóttir Dofra konungs
29—35, 44, 49.
- Gáseyrr** í Eyjafirði 44.
Geit tröllkona 49—50, 53.
Gnípa tröllkona 49—51, 53
—59.
Grítanir jötunn 55, 57—59.
Grímnisnautr, sverð 58.

- Grímr Korpólfsson 19—20,
23, 39—41.
- Hallbera Búadóttir 43.
- Haraldr konungur hinn hárfagri 27—28, 32, 35—37,
39, 45.
- Heiðr (Mosfellsheiðr eða
Hellisheiðr) 39.
- Helga Þorgríms dóttir goða
42—43, 46.
- Helgi Arngrímsson 4, 12,
14, 26, 27, 39, 42—43.
- Helgi bjóla Ketils son flat-
nefs 2—4, 13.
- Hof, bær á Kjalarnesi 1, 3,
5, 9—10, 42—43.
- Hofverjar 11.
- Hólar, bær á Kjalarnesi,
nú Sjávarhólar 11—12.
- Hrútafjörðr 24.
- Hvítserkr sonr Soldans kon-
ungs af Serklandi 58—61.
- Hækingr í Hækingsdal 1.
- Hækingsdalr, bær í Kjós 1.
- Ingólfr Arnarson í Vik 1.
- Ingólfr Búason 43.
- Jötunheimar 57.
- Ketill flatnefr 1.
- Kjalarnes 1, 3, 5.
- Kjalarnesþing 7.
- Kléberg á Kjalarnesi 8.
- Kolfiðr (= Kolfinnr) á Ell-
iðavatni 6, 15—24, 39—42.
- Kollafjörðr, bær á Kjalar-
nesi 3, 6, 14—15, 19—20,
22, 39, 42.
- Kolli í Kollafirði 3, 6, 14,
17—18, 39, 42.
- Kolumba hinn heilagi 2.
- Konufögr Írakonungur 1.
- Korpólfsstaðir, bær í Mos-
fellssveit 19, 21, 22.
- Leiruvágr fyrir neðan Heiði
1—2.
- Leiruvágsá, bær í Mosfells-
sveit 20—23.
- Marcibilla dóttir Soldans
konungs 58—60.
- Noregr 26—27, 35.
- Nýjahraun 4, 44.
- Óláfr Jónsson á Hofi 5.
- Ólof hin væna Kolladóttir
6, 14—17, 20, 22—24,
39, 41—43.
- Ólof húsfreyja í Saurbæ 4.
- Orkneyjar 26.
- Patrekr biskup hinn helgi
1—2.

- Pétr faðir Nikoláss í Hofi 46.
- Rauðr bóndi í Noregi 28—29, 35.
- Rögnvaldr Mærajarl 26.
- Sámr jötunn 52, 54.
- Saurbær á Kjalarnesi 4, 25, 26, 42, 43.
- Sjávarhólar á Kjalarnesi sbr. Hólar.
- Skálholt 46.
- Skeggjastaðir, bær í Mosfellssveit 3.
- Skeiðhlíð í Kjós 25.
- Skrámr jötnakonungur 55—58.
- Sniðill jötunn 52—54.
- Soldán konungur af Serklandi 58.
- Steinker í Drándheimi 25, 36.
- Surtr jötunn 51—53.
- Syrpu tröllkona 51—53.
- Tindsstaðir, bær á Kjalarnesi 1.
- Tindr landnámsmaðr á Tindsstöðum 1.
- Torf-Einarr sbr. Einarr Rögnvaldason.
- Vakr Arngrímsson 4, 12, 26—27, 39, 42, 43.
- Vatn sbr. Elliðavatn. Vik = Reykjarvík 1.
- Þerneyjarsund við Kjalarnes 2.
- Þórðr skeggi (Hrappsson) á Skeggjastöðum í Mosfellssveit 3.
- Þorgerðr húsfreyja í Kollafirði Ellifsdóttir 6.
- Þorgerðr húsfreyja á Elliðavatni 6, 15, 17, 20.
- Þorgrímur goði Helgason bjólu 1—6.19—14,42—43.
- Þormóðr í Þormóðsdal 3.
- Þormóðsdalur, bær í Mosfellssveit 3.
- Þorsteinn Búason 43.
- Þorateinn Þorgrímsson goða 6—12.
- Þrándarstaðir í Brynjúdal 1.
- Þrándheimur í Noregi 27—28, 36, 39.
- Þuríðr húsfreyja í Brautarholti 3—4, 8, 14.
- Þuríðr Búadóttir 39, 43.
- Ölfus 39.
- Öllumlengri fjörðr á Grænlandi 50.
- Örlygr hinn gamli 1—2, 46.
- Örn, austmaðr 14—15, 17—19.
- Öxnaskarð(=Hellisskarð)39.

BÁRDAR SAGA

SNÆFELLSÁSS.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNADARMADUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.

1902.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Bárðar saga Snæfellsáss hefir verið prentuð tvisvar áðr. Dr. Guðbrandr Vigfússon hefir búið hana til prentunar ásamt Viglundar sögu, Þórðar sögu, Draumvitrunum og Völsapætti, og er sú bók gefin út af „Nordisk literatur-samfund“ og prentuð í Kaupmannahöfn 1860. En áðr var sagan gefin út í bókinni „Margfrooder Sögu þættir Íslendinga,“ Hólum 1856.

Sagan er til á skinni frá 14. og 15. öld. Hún er allgömul, og er að minsta kosti rituð á 14. öld; gæti verið rituð á síðari hlut 13. aldar. Málið er gott og fornt, og vísurnar eru fornlegar.

Dr. Guðbr. Vigfússon álítr, að örnefnið í sögunni sé yngri en hún, gerð eftir henni. En það er alveg þveröfugt við venjuna. Hitt er all-títt, að munnumæla-sögur hafi myndast um örnefni. Enginn efi er á því, að þessi örnefni eru eldri en sagan.

Örnefnið í 13. og 14. kapítula eru í Húnavatnssýslu og Strandasýslu, enda ber sagan það með sér, að höfundurinn er ekki síðr kunnugr um þær slóðir enn á Snæfellsnesi. Þessi örnefni eru því ekki rétt skýrð í ritgerð Árna Thorlacíuss í Safni til sögu Íslands I, 299—303.

Sagan hefir að líkindum⁶ við lítið annað sannsögulegt að

IV

styðjast eun það, sem söguritariinn hefir skrifað upp úr Landnámu, enn líklegt að hún eigi að einhverju leyti kyn sitt að rekja til fornra munnmæla eða þjóðsagna. Saga er að ýmsu leyti vel sögð, og alls ekki ómerkileg.



Bárðar saga Snæfellsáss.

Dumbr hefir konungr heitit. Hann réð fyrir hafsbotnum þeim, er ganga norðr um Helluland, ok nú er kallat Dumbshaf ok kent er við Dumb konung. Hann var kominn af risakyni í föðurætt sína, ok er þat vænna fólk ok stærra enn aðrir menn, enn móðir hans var komin af tröllættum, ok brá því Dumbi í hváratveggju ætt sína. því hann var bæði sterkr ok vænn ok góðr viðskiftis, ok kunni því at eiga alt sambland við menska menn. Enn um þat brá honum í sitt móðurkyn, at hann var bæði sterkr ok stórvirkr ok umskiftasamr ok illskiftinn, ef honum eigi líkaði nökkut; vildi hann einn ráða við þá, er norðr þar váru, enda gáfu þeir honum konungs nafn, því at þeim þótti mikil forstöð í honum vera fyrir risum ok tröllum ok óvættum; var ok hann hinn mesti bjargvættir öllum þeim, er til hans kölluðu. Hann tók tólf vetra konungdóm.

Hann nam í burt af Kvænlandi Mjöll dóttur Snæs hins gamla, ok gekk at eiga hana. Hon var kvenna fríðust ok nær allra kvenna stærst þeira sem menskar váru. Enn sem þau höfðu einn vetr ásamt verit, ól Mjöll sveinbarn; sá sveinn var vatni ausinn ok nafn gefit ok Bárðr kallaðr, því at svá hafði heitit faðir Dumbs, Bárðr risi. Þessi sveinn var bæði mikill ok vænn at sjá, at menn þóttust engan fegra karlmann sét hafa; var hann furðu líkr móður sinni, því at hon var svá fögr ok hvít á skinnlit, at sá snjór tók þar nafn af henni, er hvít astr er, ok í logni fellr ok mjöll er kallaðr. Litlu síðar gerðist ósamþykki í millum þursa ok Dumbs konungs, ok vildi Dumbr konungr eigi hætta þar Bárði syni sínum í ófriði þeim, ok flutti hann suðr í Noreg til fjalla þeira, er Dofrafjöll heita. Þar réð fyrir sá bergbúi, er Dofri er nefndr; hann tók vel við Dumbi; þar var hin mesta vinátta með þeim; leitaði Dumbr þar fósturs syni sínum, enn Dofri tók við honum; var Bárðr þá tíu vetra. Síðan vandi Dofri hann á alls kyns íþróttir ok ættvísi ok vígfimi, ok eigi var traust, at hann næmi eigi galdra ok forneskju, svá at bæði var hann forspár ok margviss, því at Dofri var við þetta slunginn; váru þetta alt saman kallaðar listir í þann tíma af þeim mönnum, sem miklir váru ok burðugir, því at menn vissu þá engin dæmi

at segja af sönnum guði norðr hingat í hálfuna. Dofri átti sér dóttur eina, er Flaumgerðr hét, allra kvenna stærst ok djarfmannleg um at sjá, enn þó ekki dævæn; þó var hon mensk í móðurætt sína, ok var móðir hennar þá önduð; váru þau þar þrjú saman í hellinum. Vel fell á með þeim Bárði ok Flaumgerði, ok meinaði Dofri þat eigi. Enn þá Bárðr var þrettán vetra, gifti Dofri honum dóttur sína Flaumgerði, ok váru þau þar með Dofra þar til Bárðr var átján vetra. Þá var þat á einni nótt, at Bárðr lá í sæng sinni, at hann dreymdi, at honum þótti tré eitt mikit koma upp í eldstó föstra síns Dofra. Þat var harðla margkvíslótt upp til limanna. Þat óx svá skjótt, at þat hrökk upp í hellisbjargit, ok því næst út í gegnum hellisgluggann. Þar næst var þat svá mikit, at bruni þess þótti honum taka um allan Noreg, ok þó var á einum kvistinum fegursta blóm, ok váru þó allir blómamiklir. Á einum kvistinum var gullslitr. Þann draum réð Bárðr svá, at í hellinn til Dofra mundi koma nökkurr konungborinn maðr ok fæðast þar upp, ok sá sami maðr mundi verða einvaldskonungr yfir Noregi. Enn kvistr sá hinn lagri mundi merkja þann konung, er af þess ættmanni væri kominn, er þar yxi upp, ok mundi sá konuugr boða annan sið en þá gengi; var honum draumr sá ekki mjög skapfeldr; hafa menn

þat fyrir satt, at þat hit bjarta blóm merkti Óláf konung Haraldsson. Ok eftir draum þenna fóru þau Bárðr ok Flaumgerðr í burt frá Dofra. Enn litlu síðar kom þar Haraldr Hálfðanarson, ok fæddist þar upp með Dofra jötni; efldi Dofri hann síðan til konungs eftir því sem segir í sögu Haralds konungs Dofrafóstra.

2. Bárðr fór norðr á Hálogaland ok hafðist þar við; hann átti þrjár dætr við Flaumgerði konu sinni; hin elzta hét Helga, önnur Þórdís, þriðja Guðrún. Enn sem Bárðr hafði einn vetr verit á Hálogalandi, þá andaðist Flaumgerðr kona hans. ok þótti honum þat hinn mesti skaði. Síðan bað Bárðr Herþrúðar, dóttur Hrólfs hersis hins auðga; við henni átti hann sex dætr; hét ein Ragnhildr, önnur Flaumgerðr, Þóra, Þórhildr, Geirriðr ok Mjöll. Nú er þar til að taka, at vex at eins ófriðr milli þursa ok Dumbs konungs; þótti þeim hann afargrimmr viðreignar. Bundust þeir þá saman og gerðu þat statt með sér, at ráða hann af. Hét sá Harðverkr, er fyrir þeim var. Gekk þetta fram, at þeir mættu honum einn dag á steinnökkva einum; váru þeir átján saman; sóttu þeir at honum ok börðu hann með járnstöngum, enn hann varðist með árum, ok lauk með því, at Dumbr konungr fell, enda hafði hann þá drepit tólf af þeim, enn Harðverkr var eftir ok þeir sex saman; gerðist

hann þá konungr yfir þeim norðr þar. Mjöll giftist aftr Rauðfeldi hinum sterka, syni Svada jötuns norðan frá Dofrum; þau áttu þann son, er Þorkell hét; hann var mikill ok sterkr; hann var svartr á hár ok hörund. Enn þegar hann hafði aldr til, varð hann hinn mesti ójafnaðarmaðr. Litlu síðar andaðist Mjöll móðir hans, enn Þorkell kvæntist ok fekk Eygerðar Úlfsdóttur af Hálogalandi. Móðir Eygerðar var Þóra dóttir Mjallar, Áns dóttur bogsveigis. Fór Þorkell þá bygðum til Hálogalands ok var í nágrenni við Bárð bróður sinn; bjuggu þeir í firðinum Salpta norðarlega á Hálogalandi. Nökkuru síðar fóru þeir bræðr norðr yfir Dumbshaf ok brendu inni Harðverk hinn sterka ok þrjátígu þursa með honum. Síðan treystist Bárðr eigi þar að festast. Fóru þeir þá heim aftr í Salpta, ok bjuggu þar til þess er Haraldr konungr lúfa efdist til ríkis í Noregi. Ok er hann var fullgerr í því starfi, varð hann svá ríkr og ráðgjarn, at sá skyldi engi maðr vera í milli Raumeðlar suðr til Finnabús norðr, sá er nökkurs var ráðandi, svá at eigi gyldi honum skatt, jafnvel þeir sem saltit brendu, svá sem hinir, sem á mörkinni yrktu. Enn er Bárðr frétti þetta, þóttist hann vita, at hann mundi eigi heldr undan ganga þessum hans álögum enn aðrir; vildi hann þá heldr forláta frændr og fósturjarðir enn lifa undir slíku ánaud-

aroki, sem hann frétti, at allr almúginn var þá undirgefiun. Kom honum þat þá helzt í hug at leita annarra landa.

3. Maðr er nefndr Bárðr, Heyangrs-Bjarnarson, háleygskr at ætt; þeir lögðu lag sitt nafnar, ok urðu á þat sáttir, at leita Íslands, því at þaðan váru sagðir landkostir góðir, enda sagði Bárðr Dumbsson sér hafasvo drauma gengit, at hann muni á Íslandi sinn aldr ala. Stýrðu sínu skipi hvárr þeira, ok váru vel þrír tigur menn með hvárum. Á skipi með Bárði var Herprúðr kona hans ok dætr hans allar. Þar var mestr virðingarmaðr, annarr enn Bárðr, Þorkell Rauðfeldsson, bróðir Bárðar Dumbssonar. Þar var ok á skipinu mikill bóndi, er Skjöldr hét, háleygskr at ætt, ok kona hans, er Gróa hét. Þau váru mjök ósamykk at skapsmunum. Var ok á skipi sá maðr er Svalr hét ok Þúfa kona hans; þau váru tryld mjök bæði, óhæg ok at öllu illa fallin. Þar váru á ambáttir tvær, hét önnur Kneif, enn önnur Skinnbrók, ok sveinn einu ungr, er Þorkell hét, ok var kallaðr skinnvefja; hann var manni firnari enn systrungr við Bárð at frændsemi, ok hafði verit fæddr upp fyrir norðan Dumbshaf. Þar var ilt til vaðmála, ok var sv iunninn vafinn í selskiunnum til skjóls, ok hafði þat fyrir reifa, ok því var hann kallaðr Þorkell skinnvefja; hann var þá frumvaxta, er hér var komit sögunni.

Hann var hár maðr ok mjór ok langt upp klofinn, handsíðr ok liðaljótr, ok hafði mjóva fingr ok langa, þunnleitr ok langleitr, ok lágu hátt kinnarbeinin, tannberr ok tannljótr, úteygr ok munnviðr, hálslangr ok höfuðmikill, herðalítill ok miðdigr, fæturnir langir og mjóvir; frárr var hann ok fimr við hvatvetna, örúðigr ok erjusamr, ok hollr um hvatvetna þeim er hann þjónaði. Þar var ok skipmaðr með Bárði sá er Þórir hét, mikilhæfr ok ræmmr at afli. Hann var Knarrarson, Jökulssonar, Bjarnarsonar hins suðreyska. Með Bárði var ok Ingjaldr Alfarinsson, Válasonar, bróðir Hólmkels, föður Ketilríðar, er Víglundr orti flestar vísur um. Margir menn aðrir váru á skipi með Bárði, þó hér sé eigi nefndir. Enn þegar þeir nafnar váru burt búnir; létu þeir í haf ok höfðu harða úti-vist ok váru í sjó hálftr hundrad dægra, ok kómu sunnan at landinu ok heldu vestarlega. Þeir sjá þá fjall eitt mikit ok lukt alt ofan með jöklum; þat kölluðu þeir Snjófell, enn nesit kölluðu þeir Snjófellsnes. Þar fyrir nesinu skildi með þeim nöfnum; helt Bárðr Heyangrs-Bjarnarson vestr fyrir landit ok svá í norðr, ok var hann enn úti hálftr hundrad dægr í annat sinn, ok kom loks í Skjálfandafljótsós ok nam Bárðardal allan upp frá Kálfsborgará milli ok Eyjardalsár ok bjó á Lundarbrekku um hrið. Þá þótti honum landviðri betri enn hafviðri, ok

meinti af því löndin betri fyrir sunnan heiðar, ok sendi syni sína suðr um góí, ok fundu þeir þá góibeitla ok annan gróðr; fór þá annarr aftr, enn annarr varð eftir. Þá gerði Bárðr kjálka hverju kvikindi því er gengt var, ok lét hvat draga sitt fóðr ok fjárblut. Hann fór Vánarskarð; þat heitir nú Bárðargata. Hann nam síðan Fljótshverfi ok bjó at Gnúpum, ok var kallaðr þaðan af Gnúpa-Bárðr; hann átti mörg börn; hans son var Sigmundr, faðir Þorsteins, er átti Æsu, dóttur Hrólfs rauðskeggs; þeira dóttir var Þórunn, er átti Þorkell leifr, ok var þeira son Þorgeirr Ljósvetningagoði. Annarr son þeira Bárðar ok Herþrúðar var Þorsteinn; faðir Þóris, er var á Fitjum með Hákonu konungi, ok skar rauf á húð ok hafði þat fyrir hlif; því var hann leðrháls kallaðr. Hann átti Fjörleifu Eyvindardóttur; þeira synir váru Hávarðr á Fellsmúla ok Herjólftr at Mývatni ok Ketill í Húsavík, Vémundr kögurr, er átti Halldóru dóttur Þorkels svarta, ok Áskell ok Háls. Hann bjó á Helgastöðum.

4. Bárðr Dumbsson lagði sínu skipi inn í Lón þat sunnan gengr í nesit ok þeir kölluðu Djúpalón; þar gekk Bárðr á land ok hans menn ok er þeir kómu í gjárskúta einn stóran, þá blótuðu þeir til heilla sér; þat heitir nú Tröllakirkja. Síðan settu þeir upp skip sitt í vik einni. Þar á lóninu höfðu þeir gengit á borð

at álfreka, ok þann sama vallengang rak upp í þessarri vík, ok því heitir þat Dritvik. Síðan fóru þeir at kanna lönd, ok er Bárðr kom á vikrnes eitt, þá bað Kneif ambátt, at Bárðr skyldi gefa henni nesit, ok svá gerði hann, ok er þat nú kallat Kneifarnes. Þá fann Bárðr helli stóran ok þar dvöldu þeir um hríð. Þar þótti þeim svara öllu því er þeir mæltu. því at dverg mála kvað fast í hellinum. Hann kölluðu þeir Sönghelli, ok gerðu þar öll ráð sín, ok helzt þat alla stund síðan meðan Bárðr lifði. Síðan fór Bárðr þar til hann kom at tjörn einni; þar fór hann ór klæðum sínum öllum ok þó sér í fjörunni, ok hana kalla menn Bárðarlaus. Þaðan skamt í frá gerði hann bæ stóran ok nefndi hann at Laugarbrekku ok bjó þar nökkura stund. Sá maðr kom út með Bárði bónda, er Sigmundr hét; hann var sonr Ketils þistils, er nam Þistilsfjörð. Hildigunnr hét kona hans; þau váru með Bárði at Laugarbrekku. Þorkell rauðfeldr nam sér land, er á Arnarstapa heitir, enn Skjöldr bjó í Tröð; enn Gróa kona hans undi eigi bjá honum sakir skapsmuna sinna, því at hon þóttist honum ofgóð, ok fór í hellisskúta einn, ok ruddi með bjarghöggum, svá at þar varð stór hellir, ok bjóst þar um með fong sín, svá at hon hafði engan bústað annan meðan Skjöldr lifði, ok var hann kallaðr Gróuhellir. Enn eftir Skjöldr dauðan

bað Þorkell skinnvefja Gróu, ok með atgangi Bárðar frænda hans fekk hann hennar, ok bjuggu þau síðan at Dögurðará. Þórir Knarrarson varðveitti bæ Bárðar at Öxnakeldu. Skinnbrók ambátt Bárðar bjó at bæ þeim er Skinnbrókarlækr heitir. Ingjaldr fór fram fyrir nesit ok fann sér land at ráði Bárðar þar sem heitir at Ingjaldshváli. Svalr ok Þúfa hurfu frá skipinu þegar hina fyrstu nótt, ok spurðist eigi til þeira nökkura stund, enn reyndar váru þau í fjallinu ok tryldust þar bæði. Ok er á leið, gerðust margar óspektir af þeim, ok treystust menn ekki at at gera sakir trölldóms þeira. Þat var einn tíma, at hvalr kom á reka Bárðar, ok hafði Svalr þá vanda sinn, ok fór til um nótt at skera hvalinn; ok sem hann hafði skorit hvalinn um stund, kom Bárðr þar; tókst þar glíma sterkleg með þeim. Tryldist Svalr þá, svá at Bárði varð aflsfátt, enn þó kom svá um síðir, at Bárðr braut hrygg í Sval ok kasaði hann þar í mölinni, ok heitir þar Svalsmöl. Aðra nótt eftir fann hann Þúfu á hvalnum ok drap hana með sama móti. Þetta þótti hin mesta landhreinsan.

5. Þorkell Rauðfeldsson átti tvá sonu við konu sinni; hét annarr Sölvi, enn annarr Rauðfeldr eftir föður hans. Þeir uxu upp á Arnarstapa ok váru efnilegir menn. Dætr Bárðar vaxa upp at Laugarbrekku, bæði miklar ok á-

sjálegar. Helga var þeira elzt. Þorkelssynir ok Bárðardætr höfðu saman leika sína á vetrinn á svellum við ár þær er þar eru ok Barnár heita. Þau höfðu löngum leikmikit ok gengu með hinu bezta kappi. Vildu Þorkelssynir meir ráða, því at þeir váru sterkari. Enn Bárðardætr vildu ekki láta sinn hlut lakari verða um þat þær máttu. Þat var einn dag, at þau váru at leik ínum, ok gekk þeim þá enn með kappi, Rauðfeld ok Helgu. Hafisar lágu við. Þenna dag var þoka mikil. Þau höfðu þá leikinn alt við sjóinn niðri. Rauðfeldr hratt þá Helgu út á sjó með jakanum, enn vindr stóð mikill af landi; rak þá jakann út til hafíssins: fór Helga þá upp á hafisinn. Hina sömu nótt rak ísinn undan landi ok út í haf. Hön fylgdi þá ísinum, enn hann rak svá ört at innan sjau daga kom hon með ísinum til Grænlands. Þá bjó í Brattahlíð Eiríkr rauði, Þorvaldson, Ásvaldssonar, öxna-Þórissonar. Eiríkr átti Þjóðhildi dóttur Jörundar Atlaonar ok Þorbjargar knarrarbringu, enn stjúpdóttur Þorbjarnar hins haukdælska. Þeira son var Leifr hinn bepní. Þá hafði Eiríkr einum vetri áðr bygt Grænland. Helga þá hjá Eiríki vetrvist. Þá var sá maðr á vist með Eiríki er Skeggi hét skinna-Bjarnarson. Skútadar-Skeggjasonar. Hann var íslenzkr ok var kallaðr Miðfjarðar-Skeggi, því hann bjó at Reykjum í Miðfirði, enn var löngum í kaupferð-

um. Helga var kvenna vænst. Hon þótti ok með undarlegu móti þar hafa komit, ok fyrir þat var hon tröll köllut af sumum mönnum; svá var hon ok karlgild at afli til hvers sem hon tók. Hon sagði alt hit sanna af ferðum sínum. Vaknaði Eiríkr við ætt hennar, því hann þekti Bárð, þó Eiríkr væri þá ungr, er Bárðr kom til Íslands. Þat var einn dag, at Helga stóð úti ok litaðist um ok kvað visu:

- (1) Sæl værak,
 ef sjá mættak
 Búrfell ok Bala,
 báða Lóndranga,
 Aðalþegushóla
 ok Öndvertnes,
 Heiðarkollu
 ok Hreggnasa,
 Dritvik ok möl
 fyr dyrum fóstra.

Þessi örnefni öll eru á Snjófellsnesi. Skeggi tók Helgu at sér ok hafði við hana fylgjulag. Um vetrinn kómu tröll ok óvættir ofan í Eiríksfjörð ok gerðu mönnum hit^umesta mein, lömdu skip, enn beinbrutu menn. Þau váru þrjú saman, karl ok kerling ok son þeira. Skeggi bjóst til at ráða þau af, ok^u þat^u fór fram með því at Helga hjálpaði honum^u til ok gaf honum nálega líf. Um sumarit eftir fór Skeggi til Noregs ok Helga með honum, ok var hann þar vetr annan. At sumri eftir fór

hann til Íslands ok heim til Reykja til bús síns. Helga fór ok heim með honum. Ekki hafa þau barna átt, svá at getit sé. Nú er þar til at taka, at þær systr, dætr Bárðar, kómu heim til Laugarbrekku ok segja föður sínum, hversu farit hafði með þeim Rauðfeld ok Helgu dóttur hans. Bárðr varð við þat mjök reiðr ok spratt þegar upp ok gekk í burtu ok til Arnarstapa. Hann var þá mjök dökkr yfirlits Eigi var Þorkell heima; hann var genginn til sjávar. Piltarnir Rauðfeldr ok Sölvi váru úti; þá var annar þeira ellefu vetra, enn annarr tólf. Bárðr tók þá báða, undir sina hönd hvárn, ok gekk með þá til fjalls. Ekki gerði þeim um at brjótast, því at svá var Bárðr sterkr, at hann mátti svá halda, þó at væri fullrosknir menn. Enn er hann kom í fjallit upp, kastaði hann Rauðfeld í gjá eina stóra ok svá djúpa, at Rauðfeldr var þegar dauðr er hann kom niðr. Þar heitir nú Rauðfeldsgjá. Hann gekk með Sölva nökkuru lengra, þar til er hann kom á einn hamar hávan. Þar kastaði hann Sölva ofan fyrir; enn er hann kom niðr, brotnaði hausinn, ok dó hann svá. Þar heitir síðan Sölvahamarr. Eftir þat gekk hann aftr til Arnarstapa ok segir dauða þeira bræðra ok gekk síðan heim á leið. Þá kom Þorkell heim og spurði, hversu at hefði borizt um líflát sona sinna. Hann snýr þá í veginn

eftir bróður sínum, ok er þeir fundust, varð ekki af kveðjum, utan þeir ráðast þegar á, ok gekk flest upp fyrir þeim. Þat varð um síðir, at Þorkell fell. því at Bárðr var þeira sterkari. Þorkell lá eftir fallit stund þá, enn Bárðr gekk heim. Brotnat hafði lærleggr Þorkels í glímu þeira bræðra. Þá stóð hann upp ok hnekti heim; síðan var bundit um fót hans ok greri hann mjök at heilu. Hann var síðan kallaðr Þorkell bundinfoti. Þegar er hann var gróinn, fór hann burt af Snjófellsnesi með alt sitt ok austr til Hængs Þorkelssonar; hans móðir var Hrafnhildr dóttir Ketils hængs ór Hrafnistu. Hann hafði numit alla Rangárvöllu ok bjó at Nedra-Hofi. Með ráði Hængs nam Þorkell land umhverfis Þrihyrning ok bjó þar undir fjallinu sunnan; er hann þar talinn með landnámsmönnum. Hann var hamrammr mjök. Þá átti hann þessi börn með konu sinni: Börk blátannarskegg, föður Starkaðar undan Þrihyrningi, ok Þórný, er átti Ormr Stórolfsson ok Dagrún móðir Bessa.

6. Svá brá Bárði við alt saman, viðreign þeira bræðra ok hvarf dóttur sinnar, at hann gerðist bæði þögull ok illr viðskiftis, svá at menn höfðu engar nytjar hans síðan. Þess er getit, at Bárðr kom einn dag at máli við Sigmund féлага sinn, ok mælti svá: „Ek sé þat“, segir hann, „at sakir ættar minnar ok harma stórra ber ek eigi náttúru við alþýðu manna,

ok því mun ek leita mér nokkurra annarra ráða, enn fyrir langa ok dyggilega þjónustu við mik vil ek gefa þér jörðina hér at Laugarbrekku með því búi er því fylgir. Sigmundur þakkar honum gjöfina. Þóri Knarrarsyni gaf hann landit at Öxnakeldu enn Þorkalti skinnvefju gaf hann Dögurðará, ok þar var hin mesta vin-átta með þeim með frændsemi, ok helzt langa æfi. Eftir þetta hvarf Bárðr í burtu með alt búferli sitt, ok þykkir mönnum sem hann muni í jöklana horfit hafa ok bygð þar stóran helli, því at þat var meir ætt hans, at vera í stórum hellum enn húsum, því at hann fæddist upp með Dofra í Dofrafjöllum; var hann tröllum ok líkari at afli ok vexti enn meniskum mönnum, ok var því lengt nafn hans ok kallaðr Bárðr Snjófellsáss, því at þeir trúðu á hann rálega þar um nesit ok höfðu hann fyrir heitguð sinn; varð hann ok mörgum hin mesta bjargvættur. Sigmundur ok Hildigunnr bjuggu síðan at Laugarbrekku, er Bárðr hvarf, alt til dauðadags, ok er Sigmundur þar heygðr. Hann átti þrjá sonu; einn var Einarr, er bjó at Laugarbrekku; hann átti Unni, dóttur Þóris, bróður Ásláks í Langadal. Hallveig var dóttir þeira; hana átti Þorbjörn Vífilsson. Breiðr hét annar; hann átti Gunnhildi dóttur Ásláks í Langadal; þeira son var Þormóðr, er átti Helgu Önuðardóttur systur skáld-Hrafnis; þeira

dóttir var Herþrúðr, er Símun átti; þeira dóttir var Gunnhildr, er Þorgils átti; þeira dóttir var Valgerðr, móðir Finnboga hins fróða í Geirshlíð. Þorkell hét hinn þriði; hann átti Jóreiði dóttur Tinds Hallkelssonar. Eftir andlát Sigmundar bjuggu þau Hildigunnr þar ok Einarr son hennar. Þat var talat, at Hildigunnr væri fjölkunnig, ok fyrir þat var henni stefnt af þeim manni er Einarr hét ok var kallaðr lón-Einarr, ok fór til Laugarbrekku með sjaunda mann ok stefndi Hildigunni um fjölkyngi, enn Einarr sonr hennar var þá ekki heima. Hann kom þá heim, er Lón-Einarr var nýfarinn á brott; hon segir honum þessi tíðindi ok færði honum kyrtil nýgervan. Einarr tók skjöld sinn ok sverð ok verkhest ok reið eftir þeim. Hann sprengdi hestinn á björgum þeim, er Bárðr Snæfellsáss deyddi Þúfu konu Svals ok Þúfubjörg eru köllut. Einarr gat farit þá hjá brekkum stórum ok þar börðust þeir, ok fellu sjau menn af Lón-Einari, enn þrælar hans tveir runnu frá honum. Þeir nafnar sóttust lengi. Þat segja menn, at Einarr Sigmundarson hafi kallað á Bárð til sigrs sér; þá gekk í sundr bróklindi Lón-Einars, ok er hann tók þar til, hjó Einarr hann banahögg. Þræll Einars Sigmundarsonar, er Hreiðarr hét, hljóp eftir þeim, ok sá af Þúfubjörgum hvar þrælar Lón-Einars hlupu. Hann rann eftir þeim ok

drap þá báða í vik einni. Þat heitir nú í Þrælavík. Fyrir þat gaf Einarr honum frelsi ok land svá vítt, sem hann fengi unnit og gert um þrjá daga; þat heitir Hreiðarsgerði, ok bjó hann þar síðan. Einarr bjó at Laugarbrekku alt til elli, ok er heygðr skamt frá Sigmundar haugi föður hans. Haugr Einars er ávalt vallgróinn vetr ok sumar.

7. Þat er nú þessu næst, sem fyrr var frá sagt, at Helga Bárðardóttir var hjá Miðfjarðar-Skeggja, ok er Bárðr spurði þat, sótti hann hana um haustit ok hafði heim með sér. Því at Skeggi var þá kvæntr. Engu undi hon sér síðan, er hon skildi við Skeggja; mornaði hon ok þornaði æ síðan. Þat var einn dag, at hon kvað vísu þessa:

(2) Braut vilk bráðla leita,
 brestr eigi stríð í flestu
 mér fyr menja rýri,
 mun ek dálega kálast,
 þvit auðþenni unnak
 allteitum sefa heitum,
 sorg mák sízt þvi byrgja,
 sitk ein, trega greinum.

Eigi undi Helga hjá föður sinum ok hvarf þaðan í burt, ok þýddist hvárki nálega menn né fénað eða herbergi. Var hon þá oftast í hreysum eða hólum. Við hana er kendr Helguhellir í Drangahrauni ok miklu víðar eru örnefni við hana kend um Ísland. Hon þá vetr-

vist at Hjalla í Ölfusi, enn ekki Guðrún Gjúka-dóttir, þó þat segi nökkurir menn, hjá þeim feðgum Þóroddi ok Skafta. Var Helga þar með dul, ok lá í yztu sæng í skála um vetrinn ok hafði fortjald fyrir. Hon sló hörpu nær allar nætr, því at henni varð þá enn sem oft-
ar ekki mjök svefnsamt. Austmaðr var með þeim feðgum, er Hrafn hét. Oft töluðu menn um þat, at eigi þóttust vita, hver þessi kona var. Hrafn leiddi þar einhverr mestan grun á, ok eina nótt forvitnaðist hann undir tjaldit; sá hann at Helga sat uppi í einum serk. Hon-
um sýndist konan frið mjök. Vildi hann upp í sængina ok undir klæðin hjá henni, enþ hon vildi þat eigi. Tókust þau þá til, ok skildu með því, at sundr gekk í Hrafn austmanni hinn hægri handleggj ok hinn vinstri fótleggj. Litlu síðar hvarf Helga þaðan í burt ok fór víða um Ísland ok festi hvergi yndi; var hon allstaðar með dul, enn oftast fjarri mönnum; var hon ok nökkurum stundum hjá feðr sínum.

S. Hetta er nefnd tröllkona; hon átti byggð í Ennisfjalli ok var hin mesta hamhleypa ok ill viðskiftis bæði við menn ok fénað. Þat var einn tíma, at hon drap mart fé fyrir Ingjaldi at Hváli; enn er hann varð þess viss, fór hann til móts við hana; leitaði hon þá undan, enn hann elti hana alt í fjall upp. Miklir váru í þann tíma fiskiróðrar á Snjófellsnesi, ok lét þó

engi betr sækja enn Ingjaldr; var hann ok hinn mesti sagnarpr sjálfr. Enn er Hetta dró undan, mælti hon: „Nú mun ek launa þér fjártjón þat er ek veld ok vísa þér á mið þat, er aldri mun fiskr bresta, ef til er sótt: þarftu ok ekki at bregða vanda þínum at vera einn á skipi, sem þú ert vanr at vera.“ Hon kvað þá vísu:

- (3) Róa skaltu fjall firðan
fram á lög stirðan;
þar muu gaurr glitta,
ef þú vilt Grímsmið hitta;
þar skaltu þó liggja —
Þórr er viss til Friggjar—;
rói Norpr enn neífsammi
Nesit í Hjúkhvammi.

Skildi þar með þeim. Þetta var um hausttíma. Annan dag eftir rerí Ingjaldr á sjó ok var einn á skipi, ok rær alt þar til er frammi var fjallit ok svá nesit. Heldr þótti honum lengra enn hann hugði. Veðr var gott um morgininn; enn er hann kom á miðit, var undir fiskr nógr. Litlu síðar dró upp flóka á Ennisfjalli ok gekk skjótt yfir. Þar næst kom vindr ok fjúk með frosti. Þá sá Ingjaldr mann á báti ok dró fiska handstinnan; hann var rauðskeggjaðr. Ingjaldr spurði hann at nafni; hann kvaðst Grímr heite. Ingjaldr spurði, hvárt hann vildi ekki at landi halda. Grímr kveðst eigi búinn, — „ok máttu bíða þar til er ek

hefi hlaðit bátinn“. Veðr gekk upp at eins ok gerði svá sterkt ok myrkt. at eigi sá stafna í milli. Tapat hafði Ingjaldr önglum sínum öllum ok veiðarfærum; váru ok árar mjök lúnar. Þóttist hann þá vita, at hann mundi ekki at landi ná sakir fjölkyngis Hettu ok þetta mundu alt hennar ráð verit hafa. Kallaði hann þá til fulltingis sér Bárð Snæfellsáss. Tók Ingjaldr þá fast at kala, því at drjúgum fylði skipit, enn frýs hvern ádrykk þann er kominn var. Ingjaldr var vanr at hafa yfir sér einn skinnfeld stór-an, ok var hann þar í skipinu hjá honum; tók hann þá feldinn ok lét yfir sik til skjóls; þótti honum sér þá vísari dauði enn líf. — Þat bar til um daginn heima at Ingjaldshváli um mið-degi, at komit var upp á skjá um máltíð í stofu, ok kveðit þetta með dimmri raust:

- (4) Út reri einn á báti
 Ingjaldr í skinnfeldi
 týndi átján önglum
 Ingjaldr í skinnfeldi,
 ok fertugu færi
 Ingjaldr í skinnfeldi,
 aftr kom aldri síðan
 Ingjaldr í skinnfeldi.

Mönnum brá mjök við þetta, enn þat hafa menn fyrir satt, at Hetta tröllkona muni þetta kveðit hafa, því at hon ætlaði sem hon vildi at væri, at Ingjaldr skyldi aldri aftr hafa komit, sem hon hafði ráð til sett. Enn er Ingjaldr

var nálega at bana kominn, sá hann hvar ma'r reri einn á báti; hann var í grám kufli ok hafði svarðreip um sik. Ingjaldr þóttist þar kenna Bárð vin sinn. Hann reri snarlega at skipi Ingjalds ok mælti: „Lítt ertu staddr, kumpán minn, ok váru þat mikil undr, at þú jafnvitr maðr lézt slíka óvætt ginna þik sem Hetta er; ok far nú á skip með mér ef þú vilt, ok prófa at þú fáir stýrt, enn ek mun róa.“ Ingjaldr gerði svá. Hvarf Grímr þá á bátinum, er Bárðr kom; þykkir mönnum sem þat muni Þórr verit hafa. Bárðr tók þá at róa allsterklega, ok alt þar til er hann dró undir land; flutti Bárðr Ingjald heim ok var hann mjök þakaðr, ok varð hann alheill, enn Bárðr fór heim til síns heimilis.

9. Óvætt ein, er Torfár-Kolla hét, enn Skinnhúfa öðru nafni, hon átti heima at Hnausum; hon gerði mart ilt bæði í stuldum ok manndrápum. Þórir at Öxnakeldu fann hana á fé sínu um nótt. Þau réðust þegar á ok glímdu. Fann Þórir brátt at hon var hit mesta tröll; var þeira atgangr bæði harðr ok langr, enn þó lauk með því, at hann braut í henni hrygginn, ok gekk svá af henni dauðri. Enn er hann stóð upp, þá kvað hann vísu:

- (5) Tröll er Torfár-Kolla,
trautt er hon laus, frá Hnausum
hon gekk leið, sem ljóðak,

lotin um eystri Botna;
 hugðak heimsku flagði
 hryggspenning dag þenna;
 misti tröll hit trausta
 tír, enn ek beygði svíra.

Töluðu þat margir menn, at Bárðr mundi enn í þessu hafa hjálpat Þóri, því at allir vinir hans kölluðu á hann, ef í nökkurum nauðum váru staddir. Oft sveimaði Bárðr um laudit ok kom víða fram. Var hann svá oftast búinn, at hann var í grám kuffi ok svarðreip um sik, klafakerlingu í hendi ok í fjaðrbrodd langan ok digran; neytti hann ok hans jafnan, er hann gekk um jökla. Þess er getit, at þeir bræðr hafi fundizt ok sæzt heilum sáttum, Bárðr ok Þorkell; áttu þeir síðan mörg skifti saman, ok höfðu löngum samvistir saman í Brynjudal, í helli þeim, er Bárðarhellir er kallaðr síðan. ok haft hafa þeir leika hjá Eiríki í Skjaldbreið á Eiríksstöðum. Þangat sótti ok norðan af Siglunesi Lágálfr litillar drósar son; þeir höfðu glímur. ok váru þeir jafnir Lágálfr ok Eiríkr, enn Eiríkr hafði áðr borit af Þorkatli bundinfóta, enn síðan glímdu þeir Bárðr ok Eiríkr ok brotnaði hönd hans. Lágálfr gekk heiman til leiks ok heim at kveldi; hann glímdu um leið við sauðamann Hallbjarnar af Silfrastöðum, er Skeljungr hét; hann var hamrammr. Skeljungr fell ok brotnaði fótr hans.

Bar Lágálfr hann til bæjar ok fór síðan veg sinn, ok er hann gekk fram eftir Blönduhlíð, kom hann á Frostastaði ok sunnan undir húsin ok at vindglugginum, ok sá inn í húsit, enn bóndi talaði við húsfreyju, at hon hefði tekit ór mjölbelg þeim, er hekk yfir þeim, ok sló hana pústr, enn hon grét við. Lágálfr rétti inn öxina í glugginn ok hjó ofan belginn; kom hann í höfuð bónda ok fell hann í óvit. Lágálfr sneri á leið ok ferr heim á Siglunes um kveldit, ok er hann ór þessarri sögu. Bóndi raknar við ok ætlar belginn sjálfan ofan hafa dottit. Segja þat ok nökkurir menn, at verit hafi at leikum í Skjaldbreið Ormr Stórólfsson ok glímdi við Bergþór Bláfelling, ok hafi Ormr af borit. Þar var ok Ormr skógarnefr ok var þá ungr; hann glímdi við Þóri ór Þórisdal; sá dalr er í Geitlandsjökli; var Þórir þeira drjúgari. Þar var ok Þórálfr Skólmsson, er glímdi við Hallmund ór Balljökli; var nær um með þeim, enn Bárðr þótti þeim sem sterkastr mundi vera. Skildi svá þessa leika, at ekki varð fleira til tíðenda.

10. Önundr hét maðr ok kallaðr breiðskeggr; hann var Úlfarsson, Úlfssonar af Fitjum, Þórissonar hlammandi. Hann bjó í Reykjardal hinum efra á þeim bæ, er á Breiðabólsstað heitir. Hann átti Geirlaugu dóttur Þormóðar af Akra-nesi, systur Bessa. Þórodda hét dóttir þeira;

hennar fekk Torfi Valbrandsson, Valþjófssonar, Örlygssonar frá Esjubergi. Henni fylgdi heiman hálfur Breiðabólstaðr, ok váru gervir ór tveir bæir. Sjá Torfi drap Kroppsmenn tólf saman, ok hann réð mest fyrir drápi Hólmsmanna, ok var þar fyrirmaðr víga-Hörðr, systirson Torfa, ok Geirr, er hólmrinn er við kendr, Geirshólmr. Torfi var ok á Hellisfítjum ok Illugi svarti, Sturla goði; þá váru átján Hellismenn drepnir, enn Auðun Smiðkelsson brendu þeir inni á Þorvarðsstöðum. Son Torfa var Þorkell á Skáney. Oddr hét son Önundar, mikill maðr ok efnilegr; eigi þótti annarr maðr efnilegri til höfðingja þar í sveitum enn Oddr. Þá er hann var tólf vetra, gerði hann ferð sína út á Snjófellsnes til skreiðarkaupa, ok er hann fór heim, reið hann um Drangahraun; þá bar menn hans alla undan fram, því Oddr gerði at hesti, ok varð honum ekki fljótt um; þá gerði á þoku dimma; ok er hann rak fyrir sér hestinn um göturnar, sá hann kvar maðr gekk ór hrauninu ofan at sér; sá var í grám kuffi ok hafði klafastaf í hendi; hann veik at Oddi ok heilsaði honum með nafni. Oddr tók vel kveðju hans ok spyr hann at nafni. Hann segist Bárðr heita ok eiga heima þar á nesinu, — „á ek við þik erindi; þat fyrst. at ek vingast við þik ok bjóða þér til jólaveizlu; þykki mér ok betr, at þú játir ferðinni.“ Oddr svarar: „Þat

skal þá ok vera, síðan þú leggur þat til.“ „Þá gerir þú vel“, segir Bárðr, „enn þó vil ek þú segir engum frá þessu“. Oddr játar því, — „enn vita vil ek, hvert ek skal þessarar veizlu vitja“. „Þú skalt“, segir Bárðr, „fara til Dögurðarár ok láta Þorkel skinnvefju vísa þér réttan veg til heimilis míns.“ Síðan skildu þeir, ok ferr Oddr heim ok gat ekki um þetta. Enn um vetrinu. sjau nóttum fyrir jól, reið Oddr heiman einn samt ok út á Nes, ok létti eigi fyrr enn hann kom til Dögurðarár; þat var síð um kveld; þá vóru tvær nætr til jóla; var lúinn hestr hans mjök, því hann hafði átt færðir illar ok veðráttu harða. Oddr klappar á dyrum ok var langt áðr til hurðar var gengit; þó var þat um síðir, ok hurðu upp lokit á miðjan klofa; þar kom út höfuð heldr ámátlegt, því at sjá gæðist út hjá gáttinni; hann belgdi augun ok vildi sjá hvat komit væri úti. Mjök var sjá þunnleitr ok ljótr ásýndar; enn er hann sá maunninn, vildi hann aftr reka hurðina, enn Oddr setti á milli öxarskaftit, svá eigi gekk aftr hurðin. Því næst fell Oddr á hurðina svá fast at hon brotnaði í mola. Gekk hann þá inn í bæinn ok þar eftir sem undan var gengit, ok alt þar til er hann kom í stofu; þar var bjart ok heitt. Þorkell sat á palli; var hann þá allkátr ok bauð Oddi gisting; var hann þar um nóttina í góðum beina. Enn um morgin-

inn var Oddr snemma á fótum ok bjuggust þeir til ferðar: var þá veðr kalt ok frost mikit. Kollheið upp í himininn ok eskingr með fjöllum. Þorkell var á göngu, enn Oddr reið. Stefndu þeir til fjalls ok gekk Þorkell fyrir. Enn er þeir kvámu í fjallit, gerði á myrkr mikit með drífu ok því næst tók at fjúka ok gerði á hina sterkustu hrið. Fóru þeir svá lengi þar til Oddr tók at ganga, enn Þorkell leiddi hestinn; enn er minst var ván, hvarf Þorkell frá honum í hriðinni, svá at hann vissi aldri hvat af honum varð; bæði var þá hvast ok kalt, bratt ok hált at ganga; hvarflaði hann þá lengi svá, at hann vissi aldri hvar hann fór; ok nökkuru síðar verðr Oddr varr við at maðr gengr í dimmunni í grám kufli við stóran klafastaf; lætr hann gnauða broddinn í jöklinum. Enn er þeir finnast, kennir Oddr þar Bárð Snæfellsás; heilsar hvárr öðrum ok spyrjast almæltra tíðinda; biðr Bárðr hann með sér fara. Ganga þeir ekki lengi áðr þeir koma í helli stóran ok því næst í annan helli, ok var þar bjart í honum; þar sátu konur heldr stórar ok þó hreinlegar; váru þá dregin af Oddi klæðin ok veittr hinn bezti beini; var hann þar um jólin at öllu vel haldinn. Ekki var þar fleira enn heimamenn Bárðar. Á Þórdísi leizt Oddi bezt af dætrum Bárðar ok við hana talaði hann flest; skjótt fann Bárðr þat ok gaf sik ekki at

því. Bárðr bauð Oddi þar at vera um vetrinn ok þat þá hann. Síðan lagði Bárðr ástfóstr við Odd ok kendi houum lögspeki um vetrinn; var hann síðan kallaðr lögvittrari maðr enn aðrir menn. Enn er Bárðr fann, at hugir þeira Þórdísar ok Odds fóru saman, spurði hann Odd, hvárt hann vildi eiga Þórdísi. Oddr segir: „Ekki er því at leyna, at ek hefi meira hug lagt á hana enn á nökkura konu aðra; er þat ok mála sannast, ef þú vill mér hana gifta, at ek skal ekki undan ganga.“ Var þat ok gert, at Bárðr gifti dóttur sína Oddi ok gaf henni fáséna gripi heiman; skyldi Bárðr sækja brulaupit til Odds ok færa þangat brúðina. Síðan skildu þeir með vináttu. Fór Oddr heim ok bjóst við boðinu, ok at nefndum tíma kom Bárðr í Tungu með brúðina ok þau tólf saman. Þar var Þorkell bundinfóti með bróður sínum ok Ormr hian sterki mágr hans; Þorkell skinnvefja var ok þar með Bárði ok tók Oddr allvel við þeim. Þar var ok Ingjaldr frá Hváli ok Þórir Knarrarson vinr Bárðar, Einarr Sigmundarson frá Laugarbrekku ok sjau menn aðrir ok þektu menn þá ekki. Þar váru margir boðsmenn fyrir: Torfi Valbrandsson mágr Odds, Illugi svartí ok Geirr hinn auðgi ór Geirshlið; Arngrímr goði ór Norðtungu. Þar var ok Galti Kjölvararson, frændi Odds, ok mart annarra manna. Ekki varð til tíðenda at boðinu. Síðan

fór hverr heim til sinna heimkynna. Góðar urðu ástir þeira Odds ok Þórdísar. Þrjá vetr váru þau ásamt, þá andaðist Þórdís, ok áttu þau ekki barn. Þat þótti Oddi mikill skaði. Síðan fekk Oddr Jörunnar Helgadóttur; þeira son var Þorvaldr er réð fyrir brennu Blund-Ketils ok Þóroddr, er átti Jófriði Gunnars-dóttur. Dætr þeira Tungu Odds váru þær Þuridr, er Svarthöfði átti, ok Húngerðr er Svertingr Hafrbjarnarson átti, ok Hallgerðr, er Hallbjörn átti son Odds frá Kiðjabergi. Kjöl-vör var móðursystir Odds, móðir Þorleifar, móður Þuridar, móður þeira Gunnhildar, er Kelli átti ok Glúms, föður Þórarins, föður Glúms at Vatnsleysu.

11. Nú er þar til at taka, at Miðfjarðar-Skeggi bjó at Reykjum í Miðfirði. Hann hafði fengit þeirar konu, er Hallbera hét og var Grímsdóttir; þeira son var Eidr, er síðan átti Hafþóru dóttur Þorbergs kornamúla ok Ólofar elliðaskjaldar systur Þorgeirs gollnis. Annan son áttu þau er Kollr hét, faðir Halldórs, föður þeira Þórdísar ok Þórkötl, er skáld-Helgi þráði. Skeggi átti þrjár dætr; ein hét Hróðný, er átti Þórðr gellir, önnur hét Þorbjörg, er átti Ásbjörn hinn augði Harðarson; þeira dóttur var Ingibjörg, er átti Illugi svartí; þeira synir váru þeir Gunnlaugr ormstunga ok Her-mundr ok Ketill. Hin þriðja dóttir Skeggja

hét Þórdís; hon óx upp á Reykjum; hon var kvenna fríðust ok ger at sér um flest. Þórðr gellir bjó í Hvammi í Hvammssveit, höfðingi mikill. Þorbjörn öxnamegin bjó á Þóroddsstöðum í Hrútafirði; hann var sonr Arnórs hýnefs, Þóroddssonar, er þar nam land. Þorbjörn var hinn mesti garpr; hann drap Atla Ásmundarson, enn Grettir hefndi bróður sinn ok vá Þorbjörn. Bróðir Þorbjarnar var Þóroddr drápu-stúfr. Grenjuðr son Hermundar hokins bjó at Melum í Hrútafirði. Hann átti dóttur, er Þorgerðr hét. Þau Grenjuðr ok Þorbjörg áttu einn son, er Þorbjörn hét, manna gervilegastr. Þat var um haustit á Reykjum í Miðfirði, at barit var á dyrum síð um kveldit, þá Eiðr var sextán vetra; hann gekk til dyra. Maðr stóð fyrir dyrum mikill vexti ok var í grám kufli ok studdist fram á klafastaf, er hann hafði í hendi. Sjá maðr heilsar bóndasyni með nafni, enn Eiðr spyr hvern hann var; hann kveðst Gestr heita. Hann spurði hvárt Eiðr væri nökkurs ráðandi. Eiðr segist ráða því hann vill. „Viltu þá“, segir Gestr, „veita mér vetrvist í vetr“. „Ekki er ek ráðinn í því“, segir Eiðr. „Litla geri þér yðr uppvaxandi menn“, segir Gestr, „at þér takist eigi á hendr at gefa einum manni mat nökkurar nætr, enda skal ek fara í burt ok bera hróðr þinn hvar sem ek kem“. Eiðr mælti: „Hví skaltu eigi vera hér

í vetr, heldr enn fara burt á náttarþeli?“ Gekk Gestr þá inn með bóndasyni. Spurði bóndi hvaðan þessi maðr væri. enn Eiðr segir alt frá viðtali þeira Gestis. Skeggja fanst lítit um, enn lét Eið þó ráða. Þar var Gestr um vetrinn, er reyndar var Bárðr Snæfellsáss. Bárðr kendi Eið lögspeki ok mannfræði; varð Eiðr allra manna lögvitrastr, svá at hann var af því laga-Eiðr kallaðr. Þá var Þórdís dóttir Skeggja fimtán vetra; töluðu þat sumir menn, at Gestr mundi fifla hana um vetrinn. At sumri ferr Gestr í brott ok þakkaði Eiðr vistina. Enn er leið sumarit, digraðist Þórdís í gerðunum, enn um haustist varð hún léttari í seli. Þat var sveinbarn frítt ok mikit; hon jós sveininn vatni, ok kvað hann skyldu heita í höfuð föður sínum, ok var hann kallaðr Gestr. Annan dag eftir kom kona í selit, ok bauð at taka við sveininum ok fóstura. Þórdís lét þat eftir henni. Litlu síðar hvarf hún brott ok sveinninn; var þetta reyndar Helga Bárðardóttir. Fæddist Gestr upp með henni nökkura stund. Lilta rækt lagði Skeggi á Þórdísi síðan þetta var. Fám vetrum síðar bað Þorbjörn Grenjaðarson Þórdísar Skeggjadóttur, ok var hon honum gift. Setti Þorbjörn þá bú saman í Tungu fram frá Melum. Váru þau ekki lengi ásamt áðr þau gátu tvá sonu; hét hinn eldri Þórðr, enn hinn yngri Þorvaldr; þeir váru báðir efni-

legir menn ok þar Þórðr þó langt af. Þorbjörn gerðist auðigr maðr at ganganda fé, svá at hann hafði í geymslu fim hundruð sauða.

12. Sá maðr bjó at Lækjamóti í Viðidal, er Þorgils hét, ýmist kallaðr Þorgils gjallandi eða spaki; hans son var Þórarinn spaki, fóstri viga-Bárða. Þá bjó Audunn skökull á Audunarstöðum, ok var þá gamall, ok hafði verit hinn mesti maðr ok mikill garpr. Þorbjörn bóndi í Tungu hafði mörg órræði til penninga; hann hafði selför fram í Hrutafjardardali ok lét þar vinna öndverð sumur. Þórdís húsfreyja var jafnan í seli. Þá var Þórðr sex vetra, enn Þorvaldr fim Eitt kveld var Þórdís við læk ok þó hár sitt; þá kom Helga Bárðardóttir þar með Gest, ok var hann þá tólf vetra. Hon mælti: „Þar er sonr þinn, Þórdís, ok væri eigi víst, at hann hefði meira vaxit, þó hann hefði hjá þér verit“. Þá spurði Þórdís, hvat konu hon væri. Hon segist Helga heita ok vera dóttir Bárðar Snæfellsáss, — „enn víða höfum vit Gestr verit, því at heimili mitt er eigi á einum stað; vil ek þat ok segja þér, at vit Gestr erum systkin, ok er Bárðr faðir okkar beggja. Þórdís segir: „Þat er ólíklegt“. Ekki dvaldist hon þar ok fór þegar á burt, enn Gestr var eftir hjá móður sinni, ok var hann bæði mikil ok friðr, því at hann var svá stórr þegar sem þeir menn, er á tvítugs-

aldri váru“. Gestr var í Tungu hinn næsta vetr, ok þá sótti Bárðr faðir hans hann ok flutti hann heim með sér í Snæfellsjökul. Fært hafði Bárðr Þórdisi vænan kvenmanns-búning. Gestr óx upp með föður sínum ok kendi hann honum allar þær listir, sem hann kundi. Gerðist Gestr svá sterkr, at engi var líki hans þeira er þá váru uppi.

13. Í þann tíma var Hít tröllkona uppi ok bygði Hundahelli í þeim dal, er síðan var kallaðr Hítardalr. Hít setti þá jólaveizlu sterka. Hon bauð þar fyrstum Bárði Snæfellsás ok fór Gestr með honum son hans ok Þorkell skinnvefja. Þangat var ok boðit Guðrúnu knapaekkju ok Kálfi syni hennar. Þangat var ok boðit Surt af Hellisfitjum ok Jóru ór Jórukleif. Sá þurs var þangat boðinn, er Kolbjörn hét; hann bygði þann helli, er stendr í Breiðdalsbotnum, enn þat er í framanverðum Hrutafjarðardal, þar sem grynnir dalinn vestr undir Sléttafelli. Kolbirni fylgdu þeir Gapi ok Gljúfra-Geir, er heima átti í Hávagnúpi í Gnúpsdal; Glámr ok Ámr ór Miðfjarðarnessbjörgum; þar var ok Guðlaugr ór Guðlaugshöfða. Svá var sætum skipat í Hundahelli, at innar um þvert á miðjan bekk sat Guðrún knapaekkja; á aðra hönd henni sat Jóra úr Jórukleif Egilsdóttir, enn á aðra hönd henni sat Helga Bárðardóttir, enn eigi váru þá fleiri; enn Hít gekk

um beina. Í öndugi sat Bárðr Snæfellsáss, enn utar frá Guðlaugr ór Guðlaugshöfða, enn innar frá Gestr Bárðarson; þá Kálfr ok Þorkell skinnvefja. Gegnt Bárði sat Surtr af Fitjum, enn innar frá honum sat Kolbjörn ór Breiðdal; þá Glámr ok Ámr, enn utar í frá Geirr ok Gapi. Váru þá borð upp tekin ok matr á borinn heldr stórkostlegr. Drykkja var þar mjök óstjórnleg, svá at allir urðu þar gintir. Enn er máltíð var úti, spurðu þursar ok Hít, hvat Bárðr vildi til gamans hafa; kváðu hann þar skyldu hífýlum ráða. Bárðr bað þá fara til skinnleiks. Stóðu þeir þá upp Bárðr ok Surtr, Kolbjörn, Guðlaugr ok Gljúfra-Geirr, ok höfðu hornaskinnleik; var þá ekki svá lítit um þá; þó var þat auðsét, at Bárðr var sterkastr, þó hann væri gamall. Bjarnfeld einn stóran höfðu þeir fyrir skinn, ok vöfðu hann saman ok köstuðu honum á milli sín fjórir, enn einn var úti ok skyldi sá ná. Ekki var gott at vera fyrir hrundningum þeira. Flestir stóðu upp í bekkjum, nema Gestr; hann sat kyrr í rúmi sínu. Enn þá (er) Kolbjörn var úti, ætlaði hann at ná skinni fyrir Bárði ok hljóp at heldr snarlega. Enn er Gestr sá þat, skaut hann fætinum fyrir Kolbjörn, svá at þursinn hraut þegar út á bergit svá hart at brotnaði í honum nefit; fell þá blóð um hann allan; varð þá upphlaup ok hruðningar heldr sterklegar; vildi

Kolbjörn hefna sín á Gesti. Bárðr segir, at þat skal engum duga, at gera nökkut ómak í herbergjum Hítar vinkonu sinnar, — „þar sem hon hefir boðit oss með kærleikum“. Varð nú svá at vera sem Bárðr vildi, enn þó undi Kolbjörn illa við, er hanu gat eigi hefnt sín. Fór nú hverr til síns heimkynnis. Síndist þat enn sem oftast, at allir þursar váru við Bárð hræddir. At skilnaði, er Gestr fór í burtu, gaf Hít honum hund, er Snati hét; hann var grár at lit. Hin mesta fylgd var í rakkanum sakir ails ok speki. Hon segir, at hann væri betri til vigs enn fjórir karlar. Síðan fór Bárðr heim ok höfðust þeir Gestr þá heima við um tíma.

14. Gustr hét sauðamaðr Þorbjarnar bónda í Tungu; hann geymdi fjár vetr ok sumar; hann sýndi bónda hina mestu dygd í öllum hlutum. Gustr var frækinn ok fóthvatr, enn ekki sterkr. Tiu vetrum síðar enn Gestr fór ór Tungu, þar þat til tíðenda, at alt sauðfé hvarf í brott, þat er Þorbjörn bóndi átti í geymslu Gusts sauðamanns, ok leitaði (hann) þrjá daga í samt svá at hann fann engan sauð, ok kom svá heim at kveldi, ok sagðist mundu upp gefa leitina fjárens, — „því at ek hefi þessa daga leitat í allar ættir, ok þær leitir, er mér þykkir nökkur líkindi vera, at fénaðr megi verit hafa“. Bóndi gaf honum stór ávit ok kvað féit nærri liggja mundu. Gustr kvað þó eigi lengr leita

mundu. Um morgininn reið Þorbjörn til Reykja í Miðfjörð at hitta Skeggja mág sinn. Skeggi tók allvel við honum ok fréttir tíðenda. Þorbjörn segist eigi segja tíðendi, — „utan horfit er mér sauðfé mitt alt í burt, ok hefir leitat verit þrjá daga í samt ok fiast eigi. Er ek því hér kominn, at ek vilda þiggja af þér heil ráð, hversu með skal fara, ok at þú segir mér, hvat þér þykkir líklegast, at af sé orðit, því at engi líkindi eru á um hvarf fjár þessa“. „Sjá þykkjumst ek“, segir Skeggi, „hvat af fé þínu mun orðit; þat hafa tröll tekit einhver ok hafa huldu yfir; mun þat ekki öðrum vianast enn sonum þínum at ná því aftr, því at til þeira mun leikr gerr; má vera, at þeir þykkist sín eiga í at hefna ok hafi orðit halloka fyrir einhverjum þeira náungi, þó hann geti eigi á þeim hefnt; ok er þat mitt ráð, at þeir bræðr leiti“. Reið Þorbjörn heim aftr við svá búit ok talar við sonu sína at þeir leiti fjárins. Þórðr segir: „Skeggi frændi minn mun þetta til hafa lagt, enn þó þykki mér sem sá muni í tröllahendr sendr, enn þó má vera, at Skeggi frændi minn hafi nökkut í sét, at okkr aukist framkvæmd við, ok skulu vit fara at vísu“. Ok eian morgin snimma bjuggust þeir til ferðar bræðr fram á heiðar, ok nær miðjum degi höfðu þeir ekki til fundit, enn váru þó komnir langt fram. Þá mælti Þórðr: „Nú skulu vit skilja, ok

skaltu ganga upp undir Snæfell ok kanna allar Hvammsártungur, ok ganga svá hit efra aftr um fjöllin, ok svá til Svínaskarðs ok Hauka-dalsskarðs ok þaðan heim, enn ek ætla at kanna Hrótafjarðardal állan fram í botn, ok ef ek kem eigi heim í kvöld. Þá heilsa föður mínum ok móður ok vinum ok frændum, því at þat er þá líkast, at mér verði eigi aftrkvámu audit“. Síðan skildu þeir bræðr. Gekk Þorvaldr allan greindan veg ok kom heim um kveldit ok hafði ekki fundit af fénu. Enn frá Þórði er þat at segja, síðan þeir bræðr skildu, at hann gengr fram á dalinn ok ætlar hann at kanna hann á enda. Ok er hann hefir gengit um hríð gerir á svarta þoku svá mikla, at hann sá hvergi frá sér; ok er minst ván er, varð hann varr við at maðr var nærr honum í þokunni. Þórðr stefndi þangat. ok er hann nálgast sér hann at þetta var kona ein Þórði sýndist hon fríð ok vel á sik komin ok ekki stærri enn at meðallagi. Enn er hann hugðist mundu ná henni, hvarf hon honum svá skjótt, at hann gat eigi auga á fest, hvat af henni varð í þokunni. Eftir þat reikar Þórðr eftir dalnum, ok ekki lengi áðr hann heyrir í dimmunni dyn mikinn, ok vánum bráðara sér hann mann, ef svá skal kalla. Þessi maðr var mikill vexti ok mjök stórskorinn; bjúgr var hans hryggr ok bogiun í knjám; ásjónu hafði hann

ljóta ok leiðilega, svá hann þóttist enga slíka sét hafa. Nef hans brotit í þrim stöðum, ok váru á því stórir knútar; sýndist þat af því þríbogit sem horn á gömlum hrútum. Hann hafði stóra járnstöng í hendi; ok er þeir mættust, heilsaði þessi dólgr á Þórð með nafni. Þórðr tók kveðju hans ok spurði í mót hvert nafn hans væri. Hann kveðst Kolbjörn heita ok ráða fyrir dal þessum. Þórðr spyrr, hvárt hann hefði eigi orðit varr við fé föður síns. Kolbjörn segir: „Ekki er því at l-yngja, at ek veld fjárhvarfi föður þíns. Er nú svá til borit sem ek munda kjósa, at hann mundi at þér víkja um leitina, eða hefir þú nökkut fundit manna, síðan þú fórt heiman, annat enn mik?“ Þórðr kallaðist víst sét hafa eina konu, enn talat ekki við hana, — „því at hon hvarf mér svá skjótt“. „Þat mun verit hafa“, segir Kolbjörn, „Sólrún dóttir mín. Er þat nú boð mitt við þik, at þú kjós hvárt þú vilt heldr missa fjár föður þíns ok fá aftr engan sauð, því at mér líkar ekki allvel við frændr þína suma, eða hitt ellegar, at vit semjum til ok gifta ek þér Sólrúnu dóttur mína; mun þá ok laust féit fyrir þér“. Þórðr segir: „Þat mun frændum mínum þykkja skjótkeypt minna vegna, enn svá at einu leizt mér á konu þessa, at því mundi ekki mjök misráðit, þó hennar fengi röskr maðr“. „Þessa ráðahags skyldi ekki

öllum kostr“. segir Kolbjörn, „enn ekki vilda ek fyrir muna dóttur minni góðs gjaforðs“. Ferr þat fram, at Kolbjörn fastnar Þórði dóttur sína Sólrúnu með þeim skilmála, at á hálfsmánaðar fresti skal hann sækja brullaupit heim til Kolbjarnar. Sagði hann heimili sitt vera í helli þeim, er í Brattagili er. Bað hann hafa með sér svá marga menn sem hann vildi, fráteknum Miðfjarðar-Skeggja ok Eið syni hans, Þórði gelli ok Þorgilsi spaka ok Þorbirni öxnamegin, ok sízt Auðuni skökli ór Víðidal. „Ekki vil ek at þú bjóðir þursum né bergbúum, ok einna sízt Bárði Snæfellsás ok hans fylgjurum“. Þessu játar Þórðr ok skildu við svá búit. Víkr Kolbjörn þá í veg með Þórði. Sjá þeir þá hvar féit liggr í einum dyn alt í dalverpi einu; rekr Þórðr þat þá heim með sér í Tungu. Allir menn fagna honum vel ok fréttu hann tíðenda, enn hann segir slík sem váru ok orðit höfðu í hans ferð. Þorbirni bónda faust mikit um þetta, ok sagði líklegt, at hann mundi heillaðr af tröllum. Þórðr kvað mega takast betr, — „ok segir mér ekki illa hugr um þessa ráðabreytni“. „Hitt þykki mér ráð, frændi“, segir Þorbjörn, „at þú sækir ekki þetta brullaup ok segir engum manni frá, ok látir sem ekki hafi í orðit“. Þórðr gaf sér þá fátt um. Leið nú fram til ánefndrar stefnu.

15. Þórðr talar við Þorvald bróður sinn:

„Viltu, frændi, fara með mér at sækja brullaup mitt?“ Þorvaldr segir: „Feigð ætla ek at þér sækja, er þú vilt fara í flagða hendr; enn þó at ek vissi þat fyrir, at ek kæma ekki aftr, þá vilda ek þat þó heldr at fylgja þér enn at vera heima, ef þú skyldir þar deyja; skal ek at vísu fara, ef þú ert ráðinn í at hitta Kolbjörn“. Bjuggust þeir til ferðar ok gengu fram í Hrutafjarðardal þar til þeir fundu helli stóran; gengu þar inn, ok var þar bæði fúlt ok kalt. Enn er þeir höfðu setit um stund, kom maðr stórr inn í hellinn ok rann með rakki furðulega mikill. Þeir spurðu hann at nafni. Hann kveðst gestr þar vera. Þeir sögðu þat satt vera. „Ertu Þórðr“, segir hann, „kominn tíi at sækja brullaup sitt? Hann kvað það satt vera. „Viltu þat“, segir Gestr, „at ek sé umboðsmaðr þinn, ok sé ek í boði þínu ok rakki minn?“ Svá lízt mér á þik“, segir Þórðr, „at mér megi at þér fullting verða, hvers sem við þarf, ok vil ek því játa“. „Standið þá upp“, segir Gestr; „þú munt vilja sjá brúðarefni þitt eða hversu sæmlegra þat er sett.“ Gengu þeir innar eftir hellinum þar til þeir kvámu í afhelli. Þar sá Þórðr Sólrúnu sitja á stóli ok var hár hennar bundit við stólbrúðirnar; hendr hennar váru bundnar, enn matr svá nærri, at hon þefaðiaf, enn hafði ekki af meira enn hon mátti sem

minst lifa við; var hon svá mögr ok máttðreg-
in, sem henni væri kastat skinni á bein. Þó
sá Þórðr at konan var fögr. Þórðr leysti
hana. Fullan ástarþokka lagði Þórðr til henn-
ar ok kysti hana kærlega. Hon mælti: „Kosti
þér ok farið í brottu áðr enn Kolbjörn kemr
heim“. Þeir spurðu hvar hann var, enn hon
segir hann farinn at bjóða flögðum til brul-
laupsins. „Ætlar hann ekki annat enn drepa
ykkv bræðr báða, enn halda mér hér í slíkum
kvölum sem ek hefi áðr haft“. Þórðr spurði
hvært hon væri dóttir Kolbjarnar. Hon sagðist
eigi hans dóttir vera, segir hann hafa numit
sik á burt af Grænlandi undan Sólarfjöllum, —
„frá Bárði föður mínum með fjölkyngi, ok ætl-
ar mik sér til handa ok frillu; enn nú hefi ek
ekki viljat samþykkjast honum, ok því hefir
hann jafnan illa haldit mik, enn þó verst síðan
hann játaði mik þér. Fyrirman hann hverjum
manni at eiga mik, hverjar glósur sem hann
gerir þar á“. Þórðr kveðst lifið skyldu á leggja,
at ná henni í burt. Síðan gengu þeir í burt
frá henni, enn hon var eftir. Ok er þeir höfðu
verit í hellinum um stund, heyrðu þeir dynki
mikla ok skvoldr mikit. Kom þá Kolbjörn ok
þrír tígir þursa með honum ok mörg flögð önn-
ur. Þórðr ok hans félagar gengu í móti Kol-
birni ok hans félögum ok heilsuðu þeim. Kol-
björn var heldr ófrýnlegr ok í illu skapi ok

leit ekki vinaraugum til Gests. Síðan váru borð sett ok sæti skipuð. Sátu þeir á annan bekk Gestr, Þórðr ok Þorvaldr. Hundrinn Snati lá fyrir fótum þeira. Annars vegar á miðjan bekk sat Gljúfra-Geirr; hann var mestr vin Kolbjarnar ok honum líkastr um þat er ilt var; þar innar frá sat Ámr ok Gapi, þá Glámr ok síðan hvárr af öðrum, svá at skipaðr var hellirinn þeim megin sem þeir váru. Ekki kom brúðrin í sæti. Kolbjörn gekk um beina. Var nú matr borinn fyrir þá Gljúfra-Geir ok hans bekkjunauta; var þat bæði hrossakjöt ok manna. Tóku þá til matar ok rifu sem ernir ok etjutíkr hold af beinum. Matr var borinn fyrir þá Þórð ok hans féлага sá hverjum manni var vel ætr; drykkur var þar áfengur ok lítt sparðr. Kolbjörn átti móður, er Skrukka hét; hon var hit mesta tröll, ok þá þó afgömul. Vildi Kolbjörn ekki at hon væri í þys þeira ok ónáðum; var hon í afhelli einum; var þat þó fátt, at henni kæmi á óvart sakir fjölkyagi sinnar. Nú tóku menn Kolbjarnar at drekka með lítilli stillingu, ok urðu þeir skjótt allir svingalnir ok váru ekki lágtalaðir, enn hellirinn hljóðaði mjök undir. Kolbjörn gekk at Þórði ok mælti: „Hvat viltu til gamans eða skemtunar láta hafa, mágsefni, því at þú skalt hér mestu ráða um hífýlaháttu?“ Gestr segir, því hann varð skjótari til andsvara: „Hafi þat þínir menn

helzt til gamans, sem þeim er skapfeldast; hafið þá hvárt þér vilid knútukast eða glímur“. Síðan tók Glámr eina stóra knútu ok sendir af hendi heldr sterklega ok stefndi á Þórð miðjan. Þetta sér Gestr ok mælti: „Láttu mik sjá við þessum leik, því at ek mun þóttum vanari enn þit“, ok svá gerði hann, ok tók á lofti knútuna ok sendi síðan aftr; leitaði hon sér staðar svá at hon kom í augat Glámi svá snart, at þat gekk út á kinnarbeinit. Varð Glámr illa við þetta ok grenjaði upp sem varghundr. Þenna áverka sér Ámr fóstbródir hans ok tekr þegar knútuna ok lætr fjúka at Þorvaldi. Þetta sér Þórðr ok tekr í móti ok sendir aftr. Knútan kemr á kinnbein Áms svá kjálkinn brotnaði í stykki. Varð nú óhljóð mikít í hellinum. Skrámr ór Þambárdal greip þá upp furðulega stóran langlegg ok snaraði af hendi heldr sterklega ok stefndi á Gest, því at hann sat þóttum jafngegnt. Gestr tók á mót ok lét eigi langt at biða áðr hann sendir aftr með engri vægð. Kemr leggrinn á kerit ok höndina á Skrámm með svá miklu affli, at hvárttveggja brotnaði. Þursarnir gera nú miklu meira óhljóð enn frá megi segja, því svá má at kveða, at þeira hljóð væri líkari nágöllum enn nökkurs kykvendis látum. Kolbjörn mælti þá: „Gefið upp þenna leik, því at af Gestum munu vér allir ilt hljóta; var þat ok þvert í móti mínum vilja, at hann

var hingat boðinn“. „Svá búit muntu þat hafa“, segir Gestr. Síðan tóku þeir at drekka í annan tíma alt þar til er allir dattu niðr með svefni hverr í sínu rúmi, nema Gljúfra-Geirr ok Gapi. Kolbjörn segir, at þar skal hverr liggja sem kominn er, — „utan þit Geirr skuldu fara í svefnhelli minn“, ok svá gerðu þeir. Gestr segir, at þeir félagar skulu fá sér sæng í öðrum stað; lögðust þeir niðr. Ok er þeir váru sofnaðir, stendr Gestr upp ok tekr sverð sitt ok gengr aftr í hellinn ok höggr höfuð af hverjum sem einum bergbúa þeim sem inni var. Ok er hann hafði lókit þessu starfi, gengr hann fram ok leitar ef hann yrði varr við hvar þeir Kolbjörn lægi. Finnir hann þá hurð eina í hellsberginu; hon var svá sterklega læst, at Gestr þóttist vita, at þeir mundi vakna við, ef hann ætti þar nökkut við. Síðan gengr hann í heilinn til Sólrúnar; hann biðr hana upp standa ok fara með sér. Hon gerir svá, ok kveðst þó hyggja, at þat mundi bæði hennar bani ok allra þeira. Þau koma þar sem þeir bræðr váru. Gestr biðr þá upp standa sem hvatlegast ok verða í burtu ór helli þessum áðr enn Kolbjörn vaknar, — „ef svá má verða; er Sólrún hér komin“. Síðan standa þeir bræðr upp ok fara ofan eftir dalnum veg sinn.

16. Nú er þar til at taka, at Skrukka móðir Kolbjarnar vaknar nökkuru síðar enn þau

eru í burtu; verðr nú þegar vís af sínum tröll-
dómi, hvat þeir félagar höfðu til ráðs tekit;
sprettr þá upp sem isheil væri. Hon hleypr
þegar á hurðina. Þar sem Kolbjörn svaf inni,
svá hart, at þegar stökk hurðin í marga hluti.
Kolbjörn vaknar ok spyrr, hverr þar ferr með
svá miklum hávaða. Skrukka segir til sín
ok mælti: „Hitt er ráð, Kolbjörn frændi, at
liggja eigi lengr, því at burt er Þórðr farinn
með Sólrúnu ok hans félagar; hefir Gestr þessu
öllu ráðit; hefir hann drepit alla þína boðs-
menn, nema þá er hér eru. Er nú ekki ann-
at til ean fara eftir þeim ok drepa þau öll“.
Kolbjörn segir: „Oft sýnist þat, at þú ert ekki
mörgum lík sakir þinnar vizku. Munda ek oft
flatt af fara, ef ek nyta eigi þin við. Skaltu
nú, móðir, fara fyrst, sakir þess at þú ert albu-
inn ok vit at þú komist fyrir þau. Far þú
hit efra um hálsa ok kom þeim á óvart, enn
vér skulum fara hit neðra um dalin“, ok munu
vit þá geta fundit þau“. Síðan fór Skrukka,
enn Kolbjörn ok þeir félagar bjuggust sem hvat-
legast. Fara þau síðan þar til þau sjá at þeim
er eftirför veitt. Kolbjörn kallar þegar hann
sér þau; bað eigi lengra renna. Sólrúnu varð
ilt við þetta ok mælti: „Þóttumst ek vita, at
þetta mundi eftir koma, því at þat er nú ráð-
it, at þér eruð drepnir allir. Er Kolbjörn svá
mikit tröll, at ekki stendr við honum“. Gestr

mælti: „Því mun nú hamingjan ráða; munu vér nú skifta liði. Þórðr skal í móti Kolbirni mági sínum; er þat maklegt, at hann hafi mesta raun, því at hann hefir oss öllum í þessa þraut komit. Þorvaldr skal í mót Gapa, enn ek mun þreyta við Gljúfra-Geir. Flestra mun nú neyta verða. Snati, þú skalt móti kerlingu, enn Sól-rún skal sjá á leik várn“. Ok þegar Kolbjörn kom þá ráðast þeir allir á ok glíma allsterklega. Snati fór upp á hamarrinn, þar sem Skrukka var undir niðri, ok velti ofan stóru grjóti at henni. Hon grettist ekki vel við þetta ok færði upp á móti steinana. Svá lauk með þeim, at Snati velti einu stóru bjargi ok kom þat á hrygg kerlingar, þá er hon ætlaði at taka upp einn stein, svá hann gekk í sundr, ok dó af því. Gestr ok Gljúfra-Geirr gengust fast at, ok lauk svá, at Gestr leiddi hann á mjöðm ok brá honum á loft með svá miklu afli, at höfuðit kom fyrst niðr á honum svá hart, at haussinn brotnaði í smán mola ok var dauðr innan lítils tíma. Þá kemr Gestr þar at sem Þorvaldr var búinn til falls, ok hjó Gestr undan Gapa báða fætrna fyrir ofan kné. Fell Gapi þá á bak aftr. Þeir Þórðr ok Kolbjörn áttu mikinn atgang ok harðan ok lauk með því at Þórðr fell. Í því kom Gestr at ok þreif í hjassann á Kolbirni, enn setti knéin í bakit svá hart, at þegar gekk ór hálsliðinum; hratt

Gestr honum þá of.n af Þórði. Stóð Þórðr þá upp ok var mjök stirðr af handagangi Kolbjarnar. Deytt hafði Þorvaldr þá Gapa. Gestr mælti: „Nú er svá komit, Sólrún, at vér höfum sigr fengit, enn þú ert frelst ór tröllahöndum“. „Þér eigum vér þat at kenna“, segir Þórðr, „ok vil ek at þú kjósir þér laun fyrir sjálfr“. „Eigi vil ek fè ykkar bræðra hafa“, segir Gestr, „enn ef ykkir þykkir nökkurra launa vert vera, þá taki þit mér far til Noregs því at mér er forvitni á at sjá þann konung, er þar ræðr fyrir, er svá mikit er af sagt“. Þeir sögðust þat skyldu gera. „Enn nú vil ek ekki dyljast fyrir ykk“, segir Gestr, „at ek er bróðir ykkarr sammæddr; munu vér hér nú skilja fyrst at sinni; skal ek koma at vári til skips“. Fór Gestr þá sinn veg, enn þeir bræðr sinn veg með Sólrúnu heim í Tungu, ok sögðu alt frá sínum ferðum sem farit hafði, ok þótti flestum, sem heyrðu, Þórð mikla lukku á hafa haft.

17. Kolbeinn hét stýrimaðr, er skip átti uppi á Borðeyri í Hrutafirði; þar réðu þeir bræðr til ok tóku þar Gesti far at sumri. Létu þeir í haf þegar byr gaf. Þar fór utan Gestr ok hundr hans Snati, Þórðr ok Sólrún ok Þorvaldr. Þeim gaf vel byri ok kvámu við Þrándheim. Þá réð Óláfr konungr fyrir Noregi Tryggvason. Þeir bræðr kvámu á hans fund

ok Sólrún með þeim. Þeir kvöddu konung ok báðu hann vetrvistar, enn konungr spurði, hvárt þeir vildi skírast láta. Þeir létu seint við því. Þat fór þó fram, at þeir váru skírðir ok svá Sólrún. Váru þau með konungi um vetrinn í góðu yfirlæti. Gestr sat eftir við skip ok hafði hrauktjald. Hundr hans var hjá honum, enn ekki manna. Þat var einn dag, at konungr var kátr ok mælti til Þórðar: „Hvar fekk þú konu þessa hina vænu? „Út á Íslandi“, segir Þórðr. „Hversu gamall maðr ertu?“ Þórðr segir: „Nítján vetra er ek“. Konungr segir: „Þú ert rösklekr maðr, eða hvar þykkist þú í mestri mannaun verit hafa?“ „Út á Íslandi“, segir Þórðr, „þá er ek fekk konu þessar“. „Hverr barg þér?“ „Sá heitir Gestr“, segir Þórðr. „Fór hann hingat?“ sagði konungr. Þórðr sagði þat satt vera, — „enn vil ek segja yðr, hvat ek vil af yðr þiggja; ek vil gerast hirðmaðr yðvarr“. „Kom þú þá Gesti á minn fund, ef þú vilt gerast minn maðr“. Síðan fór Þórðr á fund Gestis; var hann tregr til þess ok mælti: „Ekki er ek fúss til at finna konung, því at mér er sagt, at hann sé svá ráðgjarn, at hann vill öllu ráða, jafnvel því, á hvern menn trúa“. Verðr svá um síðir, at Gestr ferr með Þórði ok kemr á konungsfund. Gestr heilsar á konung, enn konungr tekr honum vel. Gestr spurði: „Hvat erendum, herra,

hafi þér við mik?“ Konungr mælti: „Slikt sem við æðra menn, at þú trúir á sannan guð“. Gestr segir: „Alls ekki er mér um at láta þá trú, sem hinir fyrri frændr mínir hafa haft; er þat hugboð mitt, ef ek læt þann sið, at ek muna ekki lengi lifa“. Konungr mælti: „Líf manna er í guðs valdi, enn þat skal engum manni hlýða í mínu ríki á lengdar, at fága heiðinn sið“. Gestr segir: „Líklegt þykki mér herra, at yðvarr siðr muni betri vera, enn fyrir heit eða kúgan læt ek ekki mína trú.“ „Svá skal vera“, segir konungr; „því at þann veg lízt mér á þik, at þú munir af sjálfs þíns hendi vilja heldr þann átrúnað niðr leggja enn nökkurs manns harðindum, ok muntu ekki öldungis giftulauss vera, ok ver með oss í vetr velkominn“. Gestr þakkaði konungi sín ummæli ok segist þat munu þiggja. Var Gestr með konungi um bríð, ok ekki lengi áðr hann var prímsigndr. Líðr nú svá fram til jóla.

18. Ok atfangakvöld fyrir jól sat konungr í háseti sínu ok öll birðin, hverr í sínu rúmi; váru menn gladdir ok kátir, því at konungr var hinn glaðasti. Ok er menn höfðu drukkit um stund gekk maðr inn í höllina; hann var mikill ok illilegr, skrámleitr ok skoteygr, svartskeggjaðr ok síðnefjaðr. Þessi maðr hafði hjálm á höfði ok var í bringabrynju ok girðr sverði. Gullegt men hafði hann á hálsi ok digran glulhring á

hendi; hann gengr innar eftir höllinni ok at háseti konungs; engan mann kveðr hann. Mönn-um fanst mikit um sýn þessa. Engi maðr beiddi hann orða; ok er hann hafði staðit um stund fyrir konungi, mælti hann: „Hér hefi eg svá komit, at mér hefir sízt nökkurr greiði boð-inn verit af jafnmiklu stórmenni; skal ek vera því örvari, at ek skal bjóða til eignar gripi þessa sem ek hefi hér nú, þeim manni, sem þá þorir at sækja til mín, enn sá mun engi hér inni vera“. Síðan gekk hann í burt, ok varð illr þefr í höllinni; varð öllum at þessu mikill ótti. Konungr bað menn sitja kyrra, þar til sem þefr sjá þyrri, ok gerðu menn svá sem konungr bauð. Enn er skoðat var, lágu margir menn sem hálfdauðir ok í óviti. þar til er konungr kom sjálfr til ok less yfir þeim. Dauðir váru allir varðhundar, nema Vígi einn ok Snati hundr Gestr. Konungr mælti: „Hvat ætlar þú, Gestr, hverr maðr sjá mun vera, er hér kom inn“? Gestr segir: „Ekki hefi ek sét hann fyrr, enn sagt hefir mér verit af frændum mínum, at konungr hefir heitit Rakni, ok af þeiri sögn þykkjumst ek kenna hann; hefir hann ráðit fyrir Hellulandi ok mörgum öðrum löndum. Ok er hann hafði lengi löndum ráðit, lét hann kviksetja sik með fim hundruð manna á Rakna-slóða; hann myrði föður sinn ok móður ok mart annat fólk; þykki mér ván, at haugr hans muni

vera norðarlega í Hellulands óbygðum at annarra manna frásögn“. Konungr mælti: „Líklegt þykki mér, at þú munir satt segja; er þat nú bæn mín, Gestr,“ segir konungr, „at þú sækir gripri þessa“. „Forsending má þat heita, herra“, segir Gestr, „enn eigi mun ek undan skorast ef þér búið ferð mína eftir því sem þér vitið mér á liggja“. Konungr segir: „Ek skal þar allan hug á leggja, at þín ferð takist vel“. Síðan bjóst Gestr. Konungr fékk honum fjóra tigu járnská ok váru dyndir innan. Hann fékk honum seiðmenn tvá eftir bæn Gestr; hét hann Krókr, enn hon Krekja. Síðan fékk hann honum til fylgdar prest þann er Jósteinn hét; hann var ágætr maðr ok mikils virðr af konungi. Ekki kvaðst Gestr um hann vera. Konungr mælti: „Þá mun hann þér bezta raun gefa, er þér liggr mest á“. „Því skal hann eigi fara þá“, segir Gestr; „mörgu geti þér nærri, enn eigi þykki mér á manni mega sjá, ef hann dugir vel í mikilli raun“. Sax gaf konungr Gestri, ok sagði þat bita mundu, ef til þyrfti at taka; dúk gaf hann honum, ok bað hann vefja honum um sik áðr enn hann gengi í hauginn. Konungr gaf Gestri kert, ok sagði sjálfst kveikjast mundu, ef því væri á loft haldit, — „því at svart mun í haugi Rakna, enn vertu eigi lengr enn lokit er kertinu, ok mun þá hlýða“. Þriggja missera björg fékk

konungr Gestir. Síðan sigldi hann norðr með landi ok alt fyrir Hálogaland ok Finnmörk til Hafsbotna; ok er þeir kvámu norðr fyrir Dumbshaf, kom maðr af landi ofan ok réðst í ferð með þeim; hann nefndist Rauðgrani; hann var eincygr; hann hafði bláflekkótta skautheklu og knepta niðr í milli fóta sér. Ekki var Jósteini prestir mikitt um hann. Rauðgrani taldi heiðni ok forn-eskju fyrir mönnum Gestis ok taldi þat beztt at blóta til heilla sér. Ok einn dag, er Rauðgrani taldi fyrir þeim slíka valtrú, reiddist prestir ok þreif róðukross ok setti í höfuð Rauðgrana; hann steptist fyrir borð ok kom aldri upp síðan. Þóttust þeir þá vita, at þat hefði Óðinn veritt. Fátt gaf Gestir sér at prestir. Litlu síðar kvámu þeir við Grænlands óbygðir; var þá komitt at vetri. Þeir vóru þar um vetrinn. Hjá björgum nökkurum sjá þeir strengir tvær af gulli, ok fastan við ketil fullan með gull. Gestir sendi Krók ok Krekju at sækja stengurnar ok ketilinn. Enn er þau kvámu at fram ok ætluðu at taka, þá rifnaði jörðin undir fótum þeim ok svalg hon þau, svá at jörðin luktist fyrir ofan höfuð þeim, enn horfitt alt saman, ketillinn ok stengurnar, er til var lititt. Gestir vakti hverja nótt í skáladyrnum um vetrinn. Þat var einn nótt at gríðungr ógurlegr kom at skálanum ok öskraði mjök ok lét illilega. Gestir réðst í móti bola ok hjó til hans með

öxi. Boli bristi sik við, enn ekki beit á, enn öxin brotnaði. Þá tók Gestr báðum höndum í hornin á bola ok glímdu þeir heldr sterklega; faun Gestr, at honum varð affátt við þenna ófagnað. Ætlaði hann at færa hann þá at skálaveggnum ok stanga hann þar upp við. Í því bili kom Jósteinn prestur at ok slær með róðukrossi á hrygg bola; við þat högg steyptist boli í jörð niðr, svá at aldri varð síðan mein at honum. Ekki bar þar fleira til tíðinda.

19. At vári fóru þeir þaðan, ok bar hverr sínar vistir. Þeir gengu fyrst eftir landinu milli vestr ok útsuðrs, síðan sneru þeir um þvert landit; váru fyrst jöklar ok þá tóku við brunahraun stór. Tóku þeir þá járnsko þá, er konungr hafði fengit þeim; þeir váru fjórir tigur, enn menn váru tveir tigur ok Gestr umfram. Enn er allir höfðu tekið skóna, nema Jósteinn prestur, gengu þeir á hraunit. Ok er þeir höfðu gengit um stund, varð prestur ófærr; gekk hann þá blóðgum fótum hraunit. Gestr mælti þá: „Hverr yðar sveina vill hjálpa skráfinni þessum svá hann komist af fjallinu?“ Engi tók undir þat, því at allir þóttust nóg bera. „Þat mun ráð at hjálpa honum“, segir Gestr, „því at konungr mælti þar mikit um; enn oss mun þat bezt gegna, at bregða ekki af hans ráðum, ok far nú hingat, prestur, ok sezt upp á bagga minn ok haf með þér füng þín“. Svá gerir prestur.

Gestr gekk þá fyrir ok gekk þá harðast. Svá gengu þeir upp þrjá daga. Enn er hraunit þraut, kvámu þeir at sjó fram; þar var hólmr stórr fyrir landi; út til hólmsins lá eitt rif mjótt ok langt. Þar var þurt um fjöru, ok svá var þá þeir kvámu at. Gengu þeir þá út í hólminn, ok þar sá þeir standa haug einn stóran. Segja sumir menn, at sjá haugr hafi staðit norðarlega fyrir Helliulandi; enn hvar sem þat hefir verit, þá hafa þar engar bygðir í nánd verit.

20. Gestr lét fara til at brjóta hauginn um daginn. At kveldi höfðu þeir brotit glugg á hauginn með atgangi prests. enn um morgininn var hann gróinn sem áðr. Brutu þeir dag annan, enn at morgni var sem fyrr. Þá vildi prestr vaka í haugbrotinu; sat hann þar alla nóttina, ok hafði hjá sér vígt vatn ok róðukross; ok er á leið at miðri nótt, sá hann Raknar, ok var hann fagrbúinn; hann bað prest fara með sér, ok kveðst góða skyldu hans ferð gera, — „ok er hér hringr, er ek vil gefa þér, ok men“. Engu svarar prestr ok sat kyrr sem áðr. Mörg fádæmi sýndust honum, bæði tröll ok óvættir, fjáendr ok fjölkunnigar þjóðir; sumir blíðkuðu hann, enn sumir ógnuðu honum, at hann skyldi þá heldr burtu ganga enn áðr. Þar þóttist hann sjá frændr sína ok vini, jafnvel Óláf konung með hirð sinni, ok bað hann

með sér fara. Sá hann ok, at Gestr ok hans félagar þjuggust ok ætluðu í burt, ok kölluðu, at Jósteinn prestur skyldi fylgja þeim ok flýta sér í burt. Ekki gaf prestur um þetta, ok hvat undrum sem hann sá, eða hversu ólmlega þessir fjáendr létu. Þá kvámu þeir þó aldri nærr presti sakir vatns þess er hann stökti. Í móti degi hurfu þessi undr öll af; kom Gestr þá ok hans menn til haugsins. Ekki sá þeir presti brugðit um nökkut. Þá létu þeir Gest síga í hauginn, enn prestur ok aðrir menn heldu festi. Fimmtigi faðma var niðr á haugsgólfrit. Vafit hafði Gestur sik með dúkinum konungsnaut, enn gyrt sik með saxinu. Kertit hafði hann í hendi ok kveiktist þat þegar hann kom niðr. Gestur sá nú víða um hauginn. Hann sér skipit Slóðanr ok í fim hundruð manna. Þat skip hafði svá stórt verit, at þat var eigi fært við færri menn. Þau váru kölluð jafastór ok Guoðin, er Ásmundur stýrði. Gestur gekk þá upp í skipit; sá hann, at þeir váru allir búnir til uppstöðu áðr enn kertisljósit kom yfir þá, ok þá gátu þeir hvergi hrært sik, ok blöskruðu augunum ok blésu nösunum. Gestur hjó af þeim öllum höfuð með saxinu og beit þat sem í vatn brygði. Renti hann drekann öllu skróði ok lét upp draga. Síðan leitaði hann Raknars. Fann hann þá niðrgang í jörð; þar sá hann Raknar sitja á stóli. Furðu var hann illilegr at sjá.

Bæði var þar fúlt ok kalt. Kistill stóð undir fótum hans fullr af fé; men hafði hann á hálsi sér harðla glæsilegt ok digran gullhring á hendi. Í brynju var hann ok hafði hjálm á höfði ok sverð í hendi. Gestr gekk at Raknari, ean kvaddi hann virðulegri konungs kveðju, enn Raknarr hneigði honum á móti. Gestr mælti: „Bæði er, at þú ert frægr, enda þykkir mér þú allitrlegr vera at sjá; hefi ek langan veg sótt þik heim; muntu mik ok góð erindislaun láta hafa, ok gef mér gripuna þá hina góðu, er þú átt; skal ek þá víða þína risnu bera“. Raknarr veik þá at honum höfðinu með hjálminum. Tók Gestr hann, ok því næst færði Gestr hann ór brynjunni. ok var Raknarr hinn auðveldasti. Alla gripina hafði hann af Raknari, nema sverðit, því at þá er Gestr tók til þess, spratt Raknarr upp ok rann á Gest. Hvártki fann þá á honum, at hann væri gamall né stirðr. Þá var ok albrunnit kertit konungsnautr. Tryldist Raknarr svá, at Gestr varð allr forviða fyrir. Þóttist Gestr þá sjá vísan dauða sinn. Upp stóðu ok allir þeir sem í skipinu váru. Nógt þótti Gestri þá um vera. Kallaði hana þá á Bárð feðr sinn, ok litlu síðar kom hann ok orkaði Bárðr engu; færðu þeir hinir dauðu hann í reikuð, svá at hann náði hvergi í nánd at koma. Þá hét Gestr á þann, er skapat hafði himin ok jörð, at taka við trú þeiri, er Óláfr konungr

boðaði, ef hann kæmist í burtu lífs ór hauginum. Fast herti Gestr þá á Óláf konung, ef hann mætti meira enn sjálfum sér, þá skyldi hann duga honum. Eftir þat sá Gestr Óláf konung koma í hauginn með ljósi miklu. Við þá sýn brá Raknari svá at ór honum dró afl alt. Þá gekk Gestr svá fast at, at Raknarr fell á bak aftr með tilstilli Óláfs konungs. Þá hjó Gestr höfuð af Raknari ok lagði þat við þjó honum. Allir hinir dauðu settust niðr við kvámu Óláfs, hverr í sitt rúm. At þessu starfi enduðu hvarf Óláfr konungr at sýn frá Gesti.

21. Þat er nú at segja frá þeim, er á hauginum váru, at þann tíma, sem þessi undr váru, sem nú var frá sagt, brá þeim svá við, at þeir ærðust allir nema prestur; hann fór aldri frá festinni. Enn er Gestr knýtti sik í festina, þá dró prestur hann upp með allan fjárhlut ok fagnaði Gesti, ok þóttist hann ór helju heimt hafa. Fara til þar er menn þeir váru ok heldust á, ok stökti prestur á þá vatni; tóku þeir þegar vit sitt; bjuggust þeir í burt. Nálega þótti þeim jörðin skjálfa undir fótum þeim; gekk ok sjórinn yfir alt rifit með svá stóru boðafalli, at mjök svá gekk sjór yfir allan hólminn. Aldri hafði Snati gengit frá hauginum meðan Gestr var inni. Nú þóttust þeir eigi vita, hvar þeir skyldu rífsins leita. Vísaði hann Snata út á boðana, enn rakkinn hljóp þegar út á boðana ákaft, þar

sem rífsins var ván, ok stóðst eigi kyngi Raknars, ok druknaði hundrinn þar í bárunni. Þat þótti Gesti hinn mesti skaði. Jósteinn prestur gekk þá fram fyrir þá ok hafði róðukross í hendi, enn vatn í annarri ok stökti því. Þá klufðist sjóinn svá, at þeir gengu þurum fótum á landi. Fóru þeir allan hinn sama veg. Gestur færði konungi alla gripina ok sagði alt sem farit hafði. Konungur bað hann þá skírast láta. Gestur sagðist því heitit hafa í Raknarshaugi; var þá ok svá gert. Hina næstu nótt eftir er Gestur var skírðr, dreymdi hann, at Bárðr faðir sinn kæmi til hans og mælti: „Illu hefir þú gert, er þú hefir látit trú þína, þá er langfeðgar þínir hafa haft, ok látit kúga þik til siðaskiftis sakir lítilmensku, ok fyrir þat skaltu míssa bæði augu þín“. Tók Bárðr þá at augum hans heldr óþyrmilega ok hvarf síðan. Eftir þetta, er Gestur vaknaði, hefir hann tekit augnaverki svá strangan, at hinn sama dag sprungu þau út bæði. Síðan andaðist Gestur í hvítaváðum. Þótti konungi þat hinn mesti skaði.

22. Um sumarit eftir bjuggust þeir bræðr, Þórðr ok Þorvaldr, til Íslands, ok kvámu skipi sínu á Borðeyri í Hrutafirði; fóru síðan heim til föður síns ok þóttu hinir mestu menn. Þórðr bjó í Tungu eftir föður sinn, enn Þorvaldr fekk Herðisar, dóttur Óspaks af Óspaksstöðum, ok bjó at Hellu í Helludal. Þeir váru syst-

kinasynir Þorbjörn faðir þeira ok Hjalti Þórðarson, er nam Hjaltadal. Synir Hjalta váru þeir Þórðr ok Þorvaldr, sem fjölmennast erfi hafa haldit á Íslandi eftir föður sinn; þar váru tólf hundruð boðsmanna. Þar færði Oddr Breiðfirðingr drápu, sem hann hafði ort um Hjalta. Áðr hafði Glúmr Geirason stefnt Oddi um ányt til Þorskafjarðarþings. Þá fóru þeir bræðr norðan á skipi til Steingrímsfjarðar. Þar kvámu þeir bræðr Þorbjarnarsynir ór Hrútafirði til móts við þá, ok gengu allir samt norðan yfir heiðina þar sem heitir Hjaltadælalaut. Enn er þeir kvámu á þingit, váru þeir svá vel búnir at menn hugðu þar væri komnir Æsir. Þá var þetta kveðit:

(6) Mængi hugði manna
 morðkaunaðir annat
 ísarns meiðr enn Æsir
 allmærir þar færi,
 þás á Þorskafjarðar
 þing með ennitinglum
 holtvaltaria Hjalta
 harðfengs synir gengu.

Vörðu þeir mál fyrir Odd með styrk þeira bræðra ór Hrútafirði. Síðan fóru hvárirtveggja með hinum mestum kærleikum heim aftr til heimkynnis síns ok skildu þeir frændr með mestu kærleikum. Er mikil ætt komin af

þeim Þorbjarnarsonum ok svá Hjaltasonum.
Ekki er getit, at Gestr Bárðarson hafi nökkur
börn átt, ok lýkr hér sögu Bárðar Snæfellsáss
ok Gests sonar hans.



Vísaskýringar.

1. (Helga Bárðardóttir). Þessi vísa þarf ekki skýringar við.

2 (Helga Bárðardóttir). Ek vil bráðla leita á braut. Mér breatr eigi stríð í flestu fyr menja rýri. Ek mun kálast¹ dálega², því ek unna auðspenni³ allteitum, heitum sefa⁴. Ek má því sízt byrgja sorg. Ek sit ein. Greinum trega⁵.

1. kálast, deyja. — 2. dálega, illa, kálast dálega, deyja illum dauða. — 3. auðspennir, manukenning. — 4. sefi, hugr. — 5. Greinum trega, eg tel rauvir mínar.

3 (Hetta tröllkona). Róa skaltu firðan(?) fjall fram á stirðan lög. Þar mun gaurr glitta, ef þú vilt hitta Grímsmið; þar skaltu þó liggja. Enn nefskammi Norpr rói nesit í Hjúkhvammi. Þórr er viss til Friggjar.

Róa skaltu firðan (bát) (og) fjall fram á stirðan lög. Þar mun þorskr glitta, ef þú vilt hitta Grímsmið. Þar skaltu þó liggja. Enn nefskammi Norpr (líklega sem norpar) á að róa Nesið í Hjúkhvammi.

Orðatiltækin að róa fjallið og róa nesið eru eins og gerist um fiskimið. Þórr er viss til Friggjar, sem skotið er inn í, bendir á að vísan sé afargömul.

4 (Hetta tröllkona). Þessi vísa þarf engrar skýringar við.

5 (Þórir at Öxnakeldu). Þessi vísa þarf engrar skýringar við; tír heiðr.

6 Þessi vísa er skýrð í Landnámu.

N ÖFN.

- A**ðalþegnshólar, örnefni á Snæfellsnesi 5.
- Án** bogsveigir 5.
- Arnarstapi** bær í Snæfellsnessýslu 4, 5.
- Ásmundr** (Gnoðar-Ásmundr) 20.
- Ásvaldr** öxna-Dórisson 5.
- Atli** 5.
- Bali**, örnefni á Snæfellsnesi 5.
- Balljökull** 9.
- Bárðardalur** 3.
- Bárðargata** 3.
- Bárðarhellir** 9.
- Bárðarlaug** 4.
- Bárðr** Dumbsson Snæfellsáss 1—7, 8—13, 21.
- Bárðr** á Grænlandi 15.
- Bárðr** Heyjangrs Bjarnarson 3.
- Bárðr** risi faðir Dumbs 1.
- Barnár**, þverár í Snæfellsnessýslu 4.
- Bergþórr** Bláfellingr 9.
- Björn** suðreyski 3.
- Breiðdalsbotnar** í framanverðum Hrútafjarðardal 26.
- Búrfell** (*nú* Matarfell) 5.
- Djúpalón**, stöðuvatn í Snæfellsnessýslu 4.
- Dofrafjöll** 1, 6.
- Dofrar** — Dofrafjöll 2.
- Dofri** jötunn 1, 6.
- Drangahraun**, útsunnan undir Snæfellsjökli 7, 10.
- Dritvík** í Snæfellsnessýslu 4, 5.
- Dumbr** risakonungr 1, 2.
- Dumbshaf** 1, 2, 18.
- Dögurðará** (*nú* Dagverðará) á Snæfellsnesi 4, 6, 10.
- Eiríkr** í Skjaldbreið 9.
- Eiríkr** rauði 5.
- Eiríkastaðir**, bær í Skjaldbreið 9.
- Ennisfjall** í Snæfellsnessýslu 7.
- Eygerðr** Úlfsdóttir á Hálogalandi 2.
- Fellsmúli** (= Múli í Þingeyjarsýslu) 3.
- Flaumgerðr** Bárðardóttir 1.

- Fljótshverfi 3.
 Fjörleif Eyvindardóttir 3.
 Frigg, Ásynja 8.
 Frostastaðir, bær í Blöndu-
 hlið 19.
 Gapi jötunn 12.
 Geirriðr Bárðardóttir 2.
 Geitland-jökull 9.
 Glámr jötunn 13.
 Gjúfra-Geirr jötunn 13.
 Gnúpsdalr (= Núpadalr) í
 Húnavatnssýslu 13.
 Gnoðin, skip 20.
 Grímr (= Þórr) 8.
 Grímsmið, fiskimið (enn
 kallað svo) 8.
 Gróa, kona Skjaldar 3—4.
 Gróuhellir, örnefni í Snæ-
 fellsnessýslu 4.
 Guðlaugr ór Guðlaugshöfða
 13.
 Guðlaugshöfði í Bitra 13.
 Guðrún Bárðardóttir 2.
 Guðrún Gjúkadóttir 7.
 Guðrún knapaekkjá 13.
 Gustr sandamaðr 14.
 Hafsbotnar 18.
 Hallbera Grímsdóttir 11.
 Hallbjörn bóndi á Silfra-
 stöðum 9.
 Hallmundr ór Balljökli 9.
 Hálogaland 1, 2.
 Helga á Helgastöðum 3.
 Haraldr (Dofrafóstri) hár-
 fagri 1, 2.
 Harðverkr risi 2.
 Haukadalsskarð milli Dala
 og Strandasýslu Hávarðr
 á Fellsmúla 3.
 Hávignúpr = Núpr í
 Núpsdal í Miðfirði í
 Húnavatnssýslu 13.
 Heiðarkolla (= Blákolla)
 hnúkr við Snæfellsjökul
 5.
 Helga Bárðardóttir 2, 5, 7,
 11, 13.
 Helgastaðir, bær í Þingey-
 jarsýslu 3.
 Helguhellir í Drangahrauni
 undir Jökli (enn nefndr
 svo) 7.
 Hellisfitjar á Arnarvatns-
 heiði 13.
 Helluland 1, 18.
 Hellulands óbygðir 18.
 Herdis (Þórdís) Óspaka-
 dóttir 22.
 Herjólftr at Mývatni 3.
 Herþrúðr Hrólfdóttir hers-
 ir 2—3.
 Hetta, tröllkona 8.
 Hit, tröllkona 13.
 Hitardalr í Mýrasýslu 13.
 Hjúkhvammr (nú Hrak-
 hvammr) 8.

- Hnausar** (= stóru-Hnausar) bær á Snæfellsnesi 9.
Hólmkell at Fossi 3.
Hrafn austmaðr 7.
Hreggnes, fell undir Jökli 5.
Hrólfr hersir auðgi 2.
Hrólfr rauðskeggr 3.
Hrútafjardardalir 12—13.
Hundahellir 12—13.
Hvammisártungur upp af Norðrárdal í Mýrasýslu 14.
Ingjaldr á Ingjaldshváli 3—4, 8, 10.
Ingjaldshváll, bær á Snæfellsnesi 4.
Jóra Egilsdóttir ór Jórukleif 13.
Jórukleif 13.
Jósteinn prestur 18—21.
Jökull Bjarnarson hins suðreyska 3.
Kálfur, son Guðrúnar knappaekku 13.
Ketill í Húsavík 3.
Ketilríður Hólmkelsdóttir 5.
Kneif ambátt 3—4.
Kneifarnes (= Hellanes) í Snæfellsnessýslu 4.
Knörr 3, 4.
Kolbeinn stýrimaðr 17.
Kolbjörn jötunn 13—17.
Krekja, seiðkona 18.
Krókr seiðmaðr 18.
Kvænland 1.
Lágólfur af Siglunesi 9.
Laugarbrekka, bær á Snæfellsnesi 4.
Lóndrangar við Malarrif undir Jökli 5.
Miðfjarðar-Skeggi 5, 7, 11.
Miðfjarðarnesbjörg (= Heggastaðnesbjörg) 13.
Miðfjörður í Húnavatnssýslu 5.
Mjöll Aus dóttir bog sveigis 2.
Mjöll Bárðardóttir 2.
Mjöll Snæsdóttir gamla 1—2.
Oddr = Tungu-Oddr 10.
Ólafur konungur Tryggvason 17—18.
Ormr skógarnef 9.
Ormr Stórolfsson 9—10.
Óspakr á Ó-paksstöðum 22.
Ragnhildr Bárðardóttir 2.
Raknar (= ? Ragnarr) konungur 18, 20.
Raknarshaugr 19, 20.
Raknarseiði, skip 18, 20.
Rauðfeldr jötunn 2—3.
Rauðfeldr Þorkelsson 5.
Rauðfeldsgjá 5.
Rauðgrani 18.
Reykir, bær í Miðærði 9.
Risaland 1.

- Sálpti í Noregi 2.
 Skafti lögsögumaðr 7.
 Skeggi skinna-Bjarnarson
 = Miðfjarðar-Skeggi
 Skeljungur á Silfraetöðum 9.
 Skinnbrók ambátt 3—4.
 Skinnbrókarlækr 4.
 Skinnhúfa = Torfár-Kolla
 9.
 Skjaldbreið 9.
 Skjöldur bóndi 3—4.
 Skrámr þurs ór Þambárdal 15.
 Skrukka tröllkona 14—16.
 Sléttafell á Tvidægri 13.
 Snati hundr 13.
 Snjófell = Snæfellsjökull
 3.
 Snjófellsnes 3, 5.
 Snær gamli 1.
 Snæfell, sunnanvert við
 Haukadalsskarð 14.
 Sólrún Bárðardóttir 14, 15.
 Sólarfjöll á Grænlandi 15.
 Surtr af Helliðitjumi 13.
 Svæði jötunn í Dofrum 2.
 Svalsmöl (í Malarrífi?) 4.
 Svínaskarð 14.
 Svalr 3, 4, 6.
 Sölvi Þorkelsson, rauðfeldar
 5.
 Sölvahamarr, örnefni í Snæfellsnessýslu 11.
 Sönghellir, hellir í Snæfellsnessýslu 3.
 Torfár-Kolla = Skinnhúfa
 9.
 Tröð, bær í Snæfellsnes-
 sýslu (= Skjaldartröð)
 4.
 Tröllakirkja 4.
 Tunga = Grænumýrar-
 tunga bær í Hrútafirði
 12.
 Úlfr á Hálogalandi 2.
 Vigi hundr 18.
 Þambárdalur í Bitru 15.
 Þóra Bárðardóttir 2.
 Þóra Mjallardóttir 2.
 Þorbjörn Grenjaðarson í
 Tungu 11, 12, 14.
 Þórdís Bárðardóttir 2, 10
 Þórdr Þorbjarnarson í
 Tungu 11—12 14, 18.
 Þórhildr Bárðardóttir 2.
 Þórir Knarrarson at Öxna-
 keldu 3, 4, 6, 9—10.
 Þórir ór Þórisdal 9.
 Þórisdalur í Geitlandsjökli
 9.
 Þorkell Rauðfeldarson bund-
 infóti 23.
 Þórr 8.
 Þorvaldr Þorbjarnarson 11
 —12.
 Þúfa, kona Svals 3.
 Þúfubjörg örnefni í Snæfellsnessýslu 6.
 Þrælavík 6.
 Æsa Hrólfsdóttir rauð-
 skeggs 3.
 Öndvert nes, bær á Snæfellsnesi 5.
 Öxnakelda, bær á Snæfellsnesi 4.

VÍGLUNDAR SAGA.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.

KOSTNAÐARMANUR: SIGURÐUR KRISTJÁNSSON
1902.

FÉLAGSPRENTSMIDJAN.

FORMÁLI.

Víglundar saga er áðr útgefin af hinu norræna fornritafélagi (nord. lit.-samf.), ásamt Bárðar sögu Snæfellsáss o. fl. og prentuð í Khöfn 1860.

Þessi saga mun ekki einu sinni styðjast við nein munnmæli, og mun hún því ekki hafa neinn sögulegan sannleika að geyma. Hún er seint samín, og mun líklega ekki vera eldri en frá 14. öld. Sumar af vísunum virðast þó vera eldri, og er þá sagan búin til utan um þær. Vísurnar „Stóðum tvau í túni“ o. s. frv. eru sýnishorn ástakvedskapar frá fornöldinni og prýðisfagrar, enda munu þær vera elztar. Aðrar eru illa ortar, og líklega um leið og sagan er rituð. Það má ráða af kenningunum, sem í þeim eru, að höfundrinn hefir litla grein kunnað á kveðskap hinna fyrri manna. Vísurnar eru svo ljósar, að engin þörf er á að skýra þær, því síður sem flestar þeirra eru mjög ómerkilegar.

Sagan er því skáldsaga eða róman, og ein hin elzta þess kyns á íslenzku.





Víglundar saga.

Haraldr hinn hárfagri, son Hálfðanar svarta, var þá einvaldr yfir Noregi, er saga þessi gerðist; hann tók ungr konungdóm. Haraldr var allra manna vitrastr ok vel búinn at íþróttum öllum þeim er konunglegri tign byrjaði. Konungr hafði marga hirð um sik, ok valdi þar til ágæta menn, þá sem reyndirváru at harðfengi ok mörgum frægðarverkum. Ok sem konungr girntist at hafa með sér hit bezta mannval, svá váru þeir ok betr haldnir enn nökkurir menn aðrir í því landi, því at konungr spærði hvárki við þá fé né fullting, ef þeir kynni til at gæta, enn eigi var hitt þó með minna móti, at þrifust engir, er í móti gerðu hans vilja, sumir urðu landflótta, enn sumir drepnir; kastaði konungr þá sinni eign á alt þat, er þeir áttu eftir, enn margir mikils háttar menn flýðu ór Noregi, ok þoldu eigi

álögur konungs, þeir sem váru af stórum ættum, ok vildu heldr fyrirláta óðul sín ok frændr ok vini enn liggja undir þrælkan ok ánauðaroki konungs, ok leituðu mjök til ýmissa landa. Um hans daga bygðist mjök Ísland, því at þangat leituðu margir þeir, sem eigi þoldu ríki Haralds konungs.

2. Þórir hét hersir, er ríki átti at ráða í Noregi; hann var ágætr maðr ok kvænt; hann hafði fengit ágætrar konu. Jarl ól við konu sinni eina dóttur barna, er Ólof hét; hon var þegar á unga aldri furðu-kurteis; hon var allra kvenna fríðust sköpuð þeira er þá váru í Noregi, ok því var lengt nafn hennar ok var hon kölluð Ólof geisli. Jarl unni mikit dóttur sinni, ok var svá vandlátr um hana, at enginn karlmaðr mátti tala við hana. Jarl lét gera henni eina skemmu; þat hús lét hann vanda með allri smíð. Skemman var víða grafin ok gagnskorin, ok rent gulli í skurðina. Þetta herbergi var þakit með blýi ok steint alt innan. Skiðgarðr hár var um skemmuna ok læst grindhlið með sterkum jarnhurðum. Eigi var þetta hús miðr vandat at utan enn innan. Þessa skemmu bygði jarlsdóttir ok hennar þjónustukonur. Jarl sendir ok eftir þeim konum, sem hann vissi kurteisastar, ok lætr kenna dóttur sinni allar þær kvenlistir, er burðugum konum byrjaði at kunna. Þat hug-

saði jarl sér sem honum gafst, at svá skyldi hans dóttir bera af öllum konum hannyrðir sem hon var hverri þeira fríðari. Enn þegar hon hafði aldr til, þá völdust til margir ágætir menn at biðja hennar. Jarl var mjök kostvandr fyrir hennar hönd, ok kom sá engi, at hann vildi hana gifta; vísaði hann þeim frá með hæversklegum orðum, enn engan smáði hon með sínum orðum eða gerðum, ok leið svá fram um hríð at hon hafði almanna lof.

Nú skal nefna fleiri menn til sögunnar. Ketill er maðr nefndr; hann átti at ráða fyrir Raumaríki. Hann var mikilhæfr maðr ok ríkr at auðæfum, vitr ok vinsæll. Ketill var kván-gaðr ok hét Ingibjörg kona hans, ok var hon af dýrum ættum. Þau áttu tvá sonu; hét annarr Gunnlaugr, enn annarr Sigurðr. Þeir bræðr áttu kenningarnafn; var Gunnlaugr kallaðr ofláti, enn Sigurðr spaki. Ketill lét kenna sonum sínum allar þær íþróttir, sem þá var siðr at nema, því at Ketill var betr búinn at íþróttum enn flestir menn aðrir. Þeir heldu sér leiksveina ok gáfu þeim gull ok aðra góða gripi. Riðu þeir bræðr jafnan út með sína menn at skjóta dýr ok fugla, því at þeir vǫru hinir mestu atgervismenn. Ketill bóndi var hinn mesti bardagamaðr; hann hafði áttar fjórar ok tuttugu hólmgöngur ok hafði í öllum sigr. Vingott var með þeim Haraldi konungi

ok Katli. Ketill var málamaðr svá mikill, at aldri átti hann því máli at skifta, at hann eyddi eigi, við hvern sem hann átti at skifta, því at þegar hann tók at tala, þá þótti svá vera sem hann talaði. Konungr bauð Katli at taka hærrí nafnbót, ok segir honum þat vel sæma, bæði sakir ríkdóms ok margra hluta annarra, enn Ketill vildi þat eigi; segist heldr vildu vera einfaldr bóndi ok halda sik til jafns við þá, sem meiri nafnbætr hefði. Ketill unni svá mikit konu sinni, at hann mátti hennar ekki mein vita. Leið svá fram um tíma.

3. Svo bar til einn tíma, at Haraldr konungr bauð út leiðangr ok ætlaði suðr með landi; vandaði hann þá ferð bæði at skipum ok mönnum. Ketill fekk til sonu sína at fylgja konungi ok margt frítt lið, enn sjálfr hann sat heima, því hann var þá hniginn at aldri. Þegar konungr var búinn, siglir hann suðr með landi; enn er hann kom suðr á Rogaland, réð þar fyrir jarl sá, er Eiríkr hét; hann var mikill höfðingi ok vinsæll af sínum mönnum. Enn er hann fréttir hans tilkvámu, þá lét hann búa fagra veizlu, ok til þeirrar veizlu býðr hann konungi með öllu liði sínu, ok þat þá konungr, ok gekk á land með lið sitt, enn jarl leiddi konung heim með allri hirð sinni til hallar með allra handa

hljóðfærum, með söngum ok strengleikum ok alls konar skemtan, er til kunni at fá; með þessum fagnaði leiddi jarl konung til hallar ok setti hann í háseti. ok var þar hin fegrsta veizla, ok var konungr hinn kátasti ok allir hans menn, því at jarl sparði ekki af at veita konungi með bliðu, ok var hinn beztu drykkur fram borinn, ok urðu menn skjótt druknir. Konungr setti sonu Ketils jafnan nær sér ok höfðu mikil metorð af konungi. Jarl stóð frammi fyrir konungi sjálfr ok þjónaði at konungs borði, ok eflidist þá mikil gleði í höllunni; skipaði konungr þeim bræðrum at skenkja, enn hann setr jarl í háseti hjá sér, enn þeir bræðr gerðu þegar sem konungr bauð ok fengu þar mikla virðing fyrir sína hæversku. Enn er borð váru upp tekin, lætr jarl fram bera góða gripi, er hann valdi konungi, ok öllum hans mönnum gaf hann nökkura góða gripi, ok at enduðum gjöfunum lætr jarl fram bera eina hörpu; annarrhvárr hennar strengr var með gull, enn annarr með silfr; var þetta smíði hið virðulegasta; seildist konungr í móti ok tók at slá; enn þessi harpa bar svá mikit hljóð ok fagrt, at allir undrudust ok þóttust eigi fyrr slíkt heyrt hafa. Þá mælti jarl: „Þat vilda ek, herra, at þér gengið með mér at skemta yðr; vil ek sýna yðr alla eigu mína úti ok inni, akra ok aldingarða“. Konungr

gerði sem jarl beiddi, ok gekk til ok sá ok leizt vel upp á. Þeir gengu þá at einum eplagarði; þar stóð einn fagr lundr, enn undir þeim lundi léku þrír piltar; þeir váru allir vænir ok bar þó einn af öllum; þeir sátu at tafli ok léku tveir til jafns við einn; þá þóttust þeir verða varhluta fyrir honum ok rótuðu fyrir honum taflinu. Þá þyktist sá við, er betr gekk, ok sló sinn þústr hvárn þeira. Síðan reiddust þeir ok glímdu, ok váru tveir í móti einum, ok skakkaði eigi minna um glímuna enn um taflbrögðin. Þá bað jarl þáætta ok vera sátta, ok svá gerðu þeir, ok tefldu síðan sem áðr. Konungr ok hans fylgd fór heim til hallar ok settust í sín sæti. Þat var auðfundit á konungi, at honum fanst mikit um hinn unga mann, ok fréttir jarl eftir hvat sveinum þeir væri. „Þeir eru synir mínir“, segir jarl. „Eiga þeir eina móður?“ segir konungr. „Eigi er þat“, segir jarl. Þá fréttir konungr at hvat þeir heita. Jarl segir: „Sigmundur ok Helgi, Þorgrímr hinn þriði ok er frilluborinn“. Enn litlu síðar kvámu þeir í höllina bræðr allir; gekk Þorgrímr síðast þeira bræðra. Svá var um önnur metorð þeira, at hann var minst metinn. Jarl kallar þá sveinana til sín ok bað þá ganga fyrir konung. Þeir gerðu svá ok kvöddu konung. Enn er þeir kvámu fyrir konung, þá tók Þorgrímr

sinni hendi hvárn þeira bræðra ok veik þeim frá sér ok gekk fram á millum þeira, ok sté upp á fótborðit ok kvaddi konung ok hvarf til hans, enn konungr tók sveininn brosandí ok setti hann niðr hjá sér ok frétti hann at móður sinni, enn hann kveðst vera systurson Þóris hersis ór Sogni. Konungr rendi gullhringi af hendi sér ok gaf Þorgrími. Síðan gekk Þorgrímr aftr til bræðra sinna, enn veizlan stóð með hinni mestu sæmd. alt þar til er konungr sagðist vilja í burt. Enn sakir stórmensku þeirar, er þú hefir mér veitt, þá skaltu kjósa þér sjálfr laun fyrir. Jarl varð glaðr við þetta, ok kvað at konungr mundi taka at sér Þorgrim son sinn, ok segir sér þat þykkja penningum betra, — „því at öll sú gerð, er þér gerið mér, þá þykki mér sú miklu betri, er þér gerið honum. Vilda ek ok þat, at hann færi til yðvar, at ek ann honum mest allra sona minna“. Enn konungr játar því. Síðan ferr konungr í burt ok Þorgrímr með honum; var hann þegar hinn auðmjúkasti í allri þjónustu við konung, ok öfunduðu hann þegar margir menn konungs.

4. Einn tíma er þess getit. at konungr fór at veizlum til þess manns, er Sigurðr hét; þessi veizla var vönduð mjök at öllum föngum. Konungr skipar Þorgrími at standa frammi um daginn at skenkja sér ok sínum vildarmönnum.

Þótti hans mönnum mörgum þat við of, hversu konungr lagði mikit til Þorgríms í allri virðingu. Sigurðr átti frænda einn. er Grímr hét; hann var ríkr maðr at penningum; hann var metnaðarmaðr svá mikill, at honum þótti flest alt lágt hjá sér. Hann var í veizlu þessi ok skipaði öndvegi á hinn æðra bekk. Þorgrímr þjónaði um daginn; ok þá er Þorgrímr bar eitt stórt drykkjuker fyrir Grím, þá stöplaðist út af kerinu, því at Þorgrímr drap við fæti, ok kom á klæði Gríms. Hann varð illa við ok hljóp upp með stóryrðum, ok kvað þat auðsét, at pútuson væri vanari at geyma svína ok gefa þeim soð at drekka enn þjóna nökkurum dugandi mönnum. Þorgrímr reiddist orðum hans ok brá sverði ok lagði í gegnum hann; drógu menn hann undan borðum dauðan. Sigurðr kallaði á sína menn ok bað þá standa upp ok hafa hendr á Þorgrími. Konungr mælti: „Ger eigi svá, Sigurðr; Grímr mælti til óhelgi sér, enn ek vil bæta manninn fullum bótum, ef þú vilt at ek skifti sem ek vil, því at svá mun bezt haldast okkar vinfengi“. Varð svá at vera sem konungr vildi, ok galt konungr þar alt fét, svá Sigurði líkaði alt vel. Leið nú af veizlan ok varð ekki til tíðenda fleira. Fór konungr heimleiðis. Konungr bauð til sín stórmenni mörgu; fyrstum bauð hann Þóri jarli ok Katli bónda af Raumaríki; var

hann orðinn konulauss, því at Ingibjörg kona hans var þá önduð af sængrför ok fæddi dóttur áðr ok hét Ingibjörg eftir móður sinni; ok síðan býðr konungr múg ok margmenni, því at eigi skorti þat er hafa þurfti. Kvámu menn eftir því sem boðit var til veizlunnar. Fór Ólof geisli til veizlunnar með föður sínum. Var nú skipat mönnum í sæti ok borinn drykkur ágætr. Þorgrímur gekk um beina ok fanst mönnum mikit um, hversu gildir maðr ok sæmilegr hann var. Hann var sæmilega klæddr, því at konungr lagði mikla virðing á hann, ok þótti þat mörgum hans mönnum við of, ok lögðu mikla þykkju á Þorgrim þar fyrir. Lengt var nafn hans ok var kallaðr Þorgrimr þrúði. Enn er Þorgrimr sá Ólofu, lagði hann þegar ástarhug til hennar, ok svá fór henni til hans, at hon unni honum, ok fundu þat þó ekki aðrir menn; enn þegar þau gátu fengit sér stund til, þá bar saman fundi þeira, ok fell þar hvárutveggju vel í skap. Spurði Þorgrimr, hversu hon mundi svara, ef hann bæði hennar, enn hon kvað engi mótmæli af sinni hendi, e: faðir hennar vildi. Ok at liðinni veizlunni hóf Þorgrimr upp bónorð sitt ok bað Ólofar geisla. Tók Þórir jarl því ekki fljótt, ok skildu við svá búit.

5. Nökkuru síðar kom Þorgrimr at máli við konung ok bað hann gefa sér orlof at finna

Þóri jarl, enn konungr veitti honum þat. Enn er Þorgrímr kom til Þóris jarls, var honum þar vel fagnat. Hóf Þorgrímr þá enn upp bónorðit, ok vildi nú til staðins vita, hver svör jarl mundi veita, enn jarl segist eigi mundu gifta honum dóttur sína. Var Þorgrímr þar þrjár nætr ok fell vel á með þeim Ólofu, ok segja þat nökkurir menn, at þá hafi þau bundit sitt eiginorð. Fór Þorgrímr þá aftr til konungs at sinni. Fór hann nú í hernað ok var þá fulltíða at aldri; lá hann í hernaði um sumarit ok þótti allra manna röskvastr í öllum mannraunum; bæði aflaði hann í þessari ferð fjár og frama. Þat var nú þessu næst, at Ketill af Raumaríki var riðinn til Þóris jarls við þrjá tigu manna. Þar var þá ok Haraldr konungr at veizlu. Ketill hóf þá upp bónorð sitt ok biðr Ólofar geisla sér til handa, ok með fulltingi konungs þá giftir Þórir jarl Ólofu dóttur sína Katli. Lagði Ólöf þar ekki jáyrði til né samþykki, ok er kaupit skyldi fram fara, þá kvað Ólof visu þessa :

- (1) Veitk at gullhrings gætir
 glaðr kveðr betr enn aðrir,
 sá mun hljómr í heimi,
 hlökk banda, mér granda;
 engi er hirðir hringa
 hvítr svát ek til líta;
 einum vann ek eiða,
 ann ek vel björtum manni.

Flestir höfðu þat fyrir satt, at Ólöf mundi heldr viljat átt hafa Þorgrím, enn þó varð svá at vera. Var nú ákveðit brúðhlaupit nær þat skyldi vera; átti þat at vera at vetrnóttum heima hjá Þóri jarli. Líðr nú af sumarit. Um haustit kom Þorgrím ór hernaði; fréttir hann at Ólof var gift; fór hann þegar á konungs fund, at biðja hann liðveizlu at ná konunni, hvort Þóri jarli líkaði betr eða verr ok þeim Katli, enn konungr skarst undan allri liðveizlu við Þorgrím, sagði Ketil vera sinn hinn bezta vin. „Ráð vil ek leggja til með þér“. segir konungr, „at þú deilir eigi kappi við Ketil. Vil ek biðja Ingibjargar dóttur hans þér til handa ok sættist svá heilum sáttum“. Þorgrím kveðst þat eigi vilja gera, — „vil ek halda orð mín ok eiða, er vit Ólof höfum bundit með okkr; ætlar ek mér annathvært hana at eiga ella enga aðra. Vili þér ok ekki mik til styrkja, þá mun ek eigi lengr yðr þjóna“. Konungr segir hann því ráða mundu, — „enn þat er líkast, at ekki sé þinn heiðr í öðrum stað meiri enn með mér“. Síðan tók Þorgrím orlof af konungi; gaf konungr Þorgrími gullhring at skilnaði, þann er stóð mörk. Fór hann síðan til sinna manna. Þá vóru þrjár nætr til þess er brúðhlaupit mundi verða. Gengr Þorgrím þá á land einn saman sinna manna, ok þar til er hann kemr í garðinn

Þóris jarls. Þat var í þann tíma, er brúðrin var á bekk sett ok öll drykkjustofan alskipuð af mönnum ok konungr í háseti, ok var veizlan hin bezta. Þorgrímr gekk inn í drykkjustofuna ok á mitt gólfít ok stendr þar. Svá váru mörg ljós í stofunni, at hvergi bar skugga á. Allir menn þektu Þorgrím, ok var hann þó mörgum enginn aufúsugestr. Þorgrímr mælti: „Hefir þú, Ketill, keypt Ólofu?“ Ketill kvað þat satt vera. „Var þat nökkut með hennar ráði gert?“ segir Þorgrímr. „Ek ætlaða, at Þórir jarl mundi sjálfr eiga at ráða dóttur sinni“, segir Ketill, „ok mundi það kaup löglegt vera sem hann gerði“. Þorgrímr segir: „Þat segir ek, at vit Ólof höfum eiða bundit, at hon skyldi engan mann eiga nema mik, ok segi hon hvárt eigi er svá“. Enn Ólof kvað þat satt. „Þá þykjumst ek eiga konuna“, segir Þorgrímr. „Hana skaltu aldri fá“, segir Ketill, „ok hefir ek deilt kappi við þér meiri menn ok haldit þó meira enn þeir“. Þorgrímr mælti: „Þá þykjumst ek sjá, at þú gerir þetta í konungs trausti, ok sakir þess þá býð ek þér á hólmi, ok berjumst vit, ok eigi sá konuna, er annan vinnr á hólmi“. „Þess ætla ek at njóta, at ek er mannfleiri enn þú“, segir Ketill. Ok sem þeir höfðu þetta at tala, bar svá við, at öll ljósin sloknuðu í stofunni; var þá upphlaup mikil ok hrundningar. Enn er ljósit

kom var brúðurin horfin ok svá Þorgrímr. Þóttust nú allir vita, at hann mundi þessu valda; var þat ok satt, at Þorgrímr hafði tekit brúðrina ok bar bana til skips. Menn hans höfðu um búizt eftir því sem hann hafði skipat fyrir, svá at þeir váru búnir til hafs; vinda þeir nú upp segl sín þegar at Þorgrímr var búinn, því at vindr stóð af landi. Þá var landnáma tími sem mestr á Íslandi; þóttist Þorgrímr vita, at hann mundi eigi geta haldit sik í Noregi eftir þetta verk. Fýstist hann þá til Íslands. Létu þeir í haf ok fengu byri góða ok váru skamma stund úti; kvámu við Snæfellsnes ok tóku land í Hraunhöfn. Spurði konungr ok jarl til ferða Þorgríms, ok þóttist Ketill hafa fengit hina mestu sneypu, mist konuna, enn þótti óvist, hvárt hann gæti þetta nökkut við Þorgrím rétt eða eigi. Konungr gerði Þorgrím útlægan fyrir þetta verk af atgangi Ketils. Hverfum hér frá at sinni.

6. Hólmkell hét maðr. Hann bjó á Fossi á Snæfellsnesi við Hólmkelsá. Hann átti þá konu, er Þorbjörg hét, Einarsdóttir frá Laugarbrekku; hann átti tvá sonu með henni; hét annarr Jökull, enn annarr Einarr. Hólmkell var Alfarinsson, Válasonar. Bróðir hans var Ingjaldr at Ingjaldshváli ok Höskuldr at Höskuldsstöðum ok Goti á Gotalæk. Þorgrímr hinn þrúði keypti land at Ingjaldshváli, enn Ingjaldr fór

kaupferðum í annan stað, ok kemr hann ekki við þessa sögu. Þorgrímr gerðist brátt höfðingi mikill ok hinn mesti ristnarmaðr. Þeir gerðust vinir miklir ok Hólmkell at Fossi. Þat er sagt, at Þorgrímr gerði brúðhlaup til Ólofar. Hinn næsta vetr, er þau bjuggu at Ingjaldshváli, fæddi Ólof barn, ok var þat sveinn ok var nefndr Trausti. Vetri síðar fæddi Ólof annan svein, ok var sá Viglundr nefndr; hann var snemma bæði mikill ok vænn, ok á því sama ári fæddi Þorbjörg meybarn ok var nefnd Ketilríðr. Þau váru jafngömul ok Viglundr, enn Trausti vetri eldri. Þau eru upp fædd í heraðinu, ok var þat allra manna mál, at eigi karl né kona fæddist fegri upp ok at öllu kurteisari menn í sveitum enn þau Viglundr ok Ketilríðr. Hólmkell unni dóttur sinni mikit, svá hann mátti ekki í mót henni láta, enn Þorbjörg unni henni minna. Þá er Viglundr var tíu vetra, enn Trausti ellefu, váru engir þar í sveitum jafnsterkir, ok var Viglundr sterkari. Þar fóru eftir aðrar þeira listir, enda sparaði Þorgrímr ekki af at kenna sonum sínum. Engar hannyrðir vildi Þorbjörg at Fossi kenna dóttur sinni. Þat þótti Hólmkeli bónda mikill skaði; tekr síðan þat ráð, at hann riðr til Ingjaldshváls með dóttur sína; fagnar Þorgrímr honum vel, því at vinátta mikil var með þeim. Leitaði Hólmkell þangat

til fósturs dóttur sinni til Ólofar, at hon kendi henni hannyrðir, því at Ólof var köllut bezt ment allra kvenna á Íslandi; tók hon fegins hendi við henni ok lagði ástfóstr við hana. Þá átti Ólof unga dóttur, er Helga hét; var hon vetri yngri enn Ketilríðr; löðuðust þau öll saman með skemtan ok gleði þessir ungu menn, enn at hverju gamni sem þau váru, hlotnaðist svá til, at jafnan váru þau sér Víglundr ok Ketilríðr, enn þau systkin sér, Trausti ok Helga. Festi nú hvárt þeira Víglundar ok Ketilríðar mikla ást saman; töluðu þat ok margir, at þat þætti jafnræði fyrir flestra hluta sakir. Þat var jafnan, er þau váru bæði saman, at hvárki gáði annars, enn horfa upp á annat. Talaði Víglundr þat einn tíma, at hann vildi at þau byndi með fastmælum sína ást, enn Ketilríðr gaf sér fátt um þat, — „eru þar“, segir hon, „margir blutir í móti, þat fyrst, at þér megi þetta ekki í hug vera, er þú ert eigi fulltíða; verði þér jafnan hverflyndir, karlmennirnir, um slíka hluti. Þat er annat, at mér stendr þat ekki, enda vil ek þat ekki, at fara eigi at föður ráðum. Enn þat er hit þriðja, at fyrir má bita, at ek sé mín eigi ráðandi, ok veit ek, at þar ganga mest at ráð móður minnar; hefir hon lítit ástriki á mér, enn engan veit ek þann, at ek vilda heldr eiga enn þik, ef ek skyldi ráða, enn hitt segir mér

hugr um, at þar muni meinbugir stórir við liggja, hversu sem at lyktum gengr“. Oft kom Víglundr at máli við Ketilríði um þetta, enn hon svarar honum hinu sama; enn þó segja menn, at þau muni eiðum hafa bundit sitt eiginorð.

7. Nú er þar til at taka, sem þeir bræðr Jökull ok Einarr gerðust mjök óspakir í heraðinu; gengu þeir mjök í fótspor móður sinnar um slíka hluti, enn Hólmkeli var þat leitt, ok gat þó ekki at gert; verða þeir ok óvinsælir sakir síns framferðis. Þeir bræðr áttu einn graðan hest, brúnan at lit; hann var ólmr; hverjum hesti rendi hann, sem honum var við att; hann hafði vígtennr svá stórar, at þær vǫru engum hesttönnum líkar. Víglundr átti graðan hest fíflbleikan at lit, hesta beztr ok fegrstr; hann hafði mikil mæti á hestinum. Þorgrímr hinn prúði átti tvau yxn brandkrossótt at lit; beinslitr var á hornum þeira; honum þótti yxnin góð. Þat var einn tíma, at Einarr kom at máli við móður sína: „Illa þykki mér, at Þorgrímr hinn prúði hefir svá mikil metorð hér í heraðinu; ætla ek mér at vita, ef ek get komizt á muni við Ólofu konu hans; mundi þá verða annathvart, at hann mundi leita at hefna eða metnaðr hans mundi lægjast, ok er þó óvíst, þó at hann leiti at hefna, at hann beri hærra hlut“. Hon kvað þetta vera vel

mælt ok væri nærri sínu skapi. Ok einuhvern dag, er Þorgrímr var ekki heima, reið Einarr til Ingjaldshváls ok Jökull bróðir hans með honum. Ólof húsfreyja hafði þat boðit einni heimakonu sinni, at hvern morgin skyldi hon læsa karldyrum, er karlmenn færi til verks síns, ok svá gerði hon. Ok þenna morgin kvámu þeir at bænum. Varð heimakona vör við ok gengr til svefnhúss Ólofar ok segir henni, at þeir Fossverjar eru komnir. Stendr hon upp ok klæðir sik ok gengr til saumastofu sinnar, ok setr þar niðr á miðjan pall griðkonu sína ok leggr yfir hana möttul sinn ok mælti: „Bregðst þú eigi ókunnig við, þó þeir ætli mik þik vera; enn ek skal svá til sjá, at þú fáir enga skömm af honum“. Aðra heimakonu sendi hon til dyranna, því at ekki var karlmanna heima. Einarr spurði, hvar Ólof væri, enn hon sagði hana vera í saumastofu sinni. Þangat snýr Einarr ok þeir bræðr báðir; enn er þeir kvámu í stofu, sá þeir at Ólof sat á palli; settist Einarr niðr hjá henni ok talaði við hana. Í þessu kom maðr í stofuna bláklæddr ok helt á brugðnu sverði. Maðrinn var ekki stórr vexti, enn allreiðulegr var hann. Þeir spurðu hann at nafni, enn hann nefndist Óttarr. Ekki þektu þeir þenna mann, enn þó stóð þeim nökkurr ótti af þessum manni. Hann tók til orða: „Út er at

ganga ok fagna Þorgrími bónda, því at hann riðr at garði“. Þeir spretta upp báðir ok ganga út ok sjá hvar bóndi ferr við mikinn flokk manna; stökkva þeir á bak ok riðu í burt ok heim; enn reyndar var þetta búsmali heim rekinn, enn hinn bláklæddi maðr var Ólof sjálf. Enn er Fossverjar vissu þat, þóttust þeir hafa farit mikla smánarferð. Vex nú af nýju mikill óþokki þeira í millum. Enn er Þorgrímr bóndi kom heim, sagði Ólof honum hversu farit hafði. Þorgrímr mælti: „Ekki skulu vit okkr at þessu gefa, sakir Hólmkels vinar míns, með því er Einarr kom ekki sínum vilja fram“.

8. Þat var einn dag, er þeir bræðr Jökull ok Einarr riðu til Ingjaldshváls; þeir váru allir heima feðgar ok úti staddir. Jökull spurði, hvárt Víglundr vill gefa honum hestinn hinn fífilbleika. Víglundr kveðst ekki ráðinn í því. Jökull kvað fornmannlega við orðit, enn Víglundr kvað ekki verða farit at því. „Þá muntu vilja etja við mik hestunum“. „Þat þykkir mér mega“, segir Víglundr. „Þá þykki mér betr enn gefinn“, segir Jökull. „Mun þat eigi fara sem má“, segir Víglundr. Kveða þeir á dag nær vera skal hestaatið. Enn er sú stund kom, er hestum skal etja, þá var fram leiddr Brúnninn þeira bræðra ok lætr hann ógurlega. Þeir bjuggust til bræðr báðir

at fylgja honum. Því næst kom fram Bleikrinn Víglundar; enn þegar er hann kom í hringinn, þá snerist hann í kringlu, alt þar til er hann hóf upp báða fætr hina fyrri ok setti framan á snoppu Brúns, svá at ór honum hrutu allar vígtennrnar. Síðan lagði hann at tennrnar sínar ok náði aftrhuppinum á Brún ok reif þar á hol; datt Brúnn þá niðr dauðr. Ok er Fossverjar sá þat, hlupu þeir til vápna ok svá hváirtveggju ok börðust þar til er þeir Þorgrímr ok Hólmkell gátu skilið þá, ok var þá fallinn einn maðr af Víglundi, enn tveir af þeim Jökli, ok skildu við svá búit. Enn helzt vinátta með þeim Þorgrími ok Hólmkeli sem áðr; spurði hann ok kærleika, er var með þeim Víglundi ok Ketilríði, ok meinaði hann þat ekki, enn Þorbjörgu ok sonum hennar þótti þat mjök illa vera. Liðu nú svá fram stundir, at þat var allra manna mál, at engir menn væri jafnvænir sem þau Víglundr ok Ketilríðr á Íslandi þeim samtíða, sakir lista ok kurteisí.

9. Einn tíma er þess getit, at þeir bræðr, Jökull ok Einarr, fóru heiman frá Fossi um nótt, hon var þá björt, ok fram á afrétt, sem hestrinn sá hinn fífilbleiki, er Víglundr átti, stóð í. Þeir kvámu til hrossanna ok vildu reka heim, enn þat gekk þeim með engu móti; svá varði þeim hestrinn, at þeir gátu hvergi rekit hrossin; enn þeir höfðu ætlat at reka

hrossin öll í langreið með hestinum. Enn er þeir gátu eigi þat gert, urðu þeir harðla reiðir, ok sóttu at hestinum með vápnum ok vildu drepa hann, enn hestrinn varðist með tönnum ok fótum svá rammlega, at þat var lengi nætr, at þeir gátu ekki at gert; enn þat varð um síðir, at þeir kvámu á hann spjótalögum ok drápu hann svá. Enn er þat var gert, nentu þeir ekki at reka heim hrossin, því at þeim þótti sem þá mundi víst verða, at þeir höfðu drepit hestinn, enn þeir vildu leyna, ok drógu hann ofan fyrir einn klett til þess at þat væri ætlat, at hann hefði þar ofan fyrir dottit sjálfr. Fóru þeir síðan heim ok létu sem ekki hefði í gerzt. Nökkuru síðar fóru þeir bræðr Jökull ok Einarr í afrétt, þá er Þorgrímr hinn þrúði átti ok geldneyti hans gengu í. Þar gengu í fim tigir uxa í flokki, er Þorgrímr átti. Þar þektu þeir Brandkrossana hina góðu, tóku þá ok slógu við togi ok leiddu heim til Foss ok drápu af báða ok gengu til ok festu upp síðan í útibúri. Þetta var nátt eina; höfðu þeir ok lokit þessu starfi áðr enn heimamenn stóðu upp. Alt vissi móðir þeira þetta með þeim, ok var heldr tasvíg at starfiuu með þeim sonum sínum.

10. Nú er þar til at taka, er þeir bræðr Víglundr ok Trausti gengu einn dag til hrossa sinna, ok er þeir kvámu í afréttina til hross-

anna, þá sakna þeir hestsins ok leitudu víða, ok fundu hann um síðir undir einum klett stórum dauðan. Finna þeir á honum stór sár ok mörg; hafði hann verit lagðr á hol. Þóttust þeir Víglundr vita, at þeir Fossverjar mundu gert hafa. Gengu þeir bræðr heim ok sögðu, at hestr þeira var dauðr ok Fossverjar mundu gert hafa. Þorgrímr bað þá láta vera kyrt, — „hafa þeir mist sinn hest áðr. Mun yðr nökkut til verða annat, ef svá ferr sem ek ætla, þótt þetta liði um“. Létu þeir þá kyrt fyrst at sinni. Eigi löngu síðar var sagt Þorgrími, at í burtu væri uxar hans hinir góðu, Brandkrossarnir, þeir sem hann hafði mest mæti á, ok þat með, at menn hugðu af mannavöldum vera. Þorgrímr gaf sér fátt um þetta, enn sagði þó meiri ván, at þjófar mundi liggja úti á fjöllum, þeir sem slíku ylli. Lét hann ekki leita uxanna. Spyrst nú þetta víða ok þykkir mönnum þeir á Ingjaldshváli verða fyrir miklum sköðum. Þorbjörg at Fossi hefir þetta í miklum fleymingi; hon lætr neyta slátruxanna. Enn er Hólmkell bóndi verðr þess varr, hvar uxarnir eru niðr komnir, er Þorgrímr bóndi átti, tekr hann einn dag hest sinn ok riðr til Ingjaldshváls. Enn er hann finnr Þorgrím bónda segir Hólmkell honum, at hann hyggur at þar muni niðr komnir uxar hans hinir góðu hjá honum ok synir hans muni

valda. „Vil ek“, segir hann, „lúka verð fyrir uxana, svá mikit sem þú vilt sjálfr hafa, ef þú sækir þá eigi saksóknunum“. Þorgrímr segir at svá skyldi vera. Tók hann þá svá mikla penninga sem honum vel líkaði, ok skildu þeir Hólmkell ok Þorgrímr með mikilli vináttu.

11. Kjölvör hét kona, er bjó í Hraunskarði; hon var fjölkunnig mjök ok at öllu illa fallin, harðla óvinsæl við alþýðu manna. Mikil vináttu var með þeim Þorbjörgu at Fossi. Þau mæðgin öll saman, Þorbjörg, Jökull ok Einarr, keyptu at Kjölvöru, ok gáfu henni til hundrað silfrs, at hon skyldi fyrir koma þeim bræðrum Víglundi ok Trausta með einhverjum gerningum, eftir því sem hon sæi ráð til, því at þeim lék hin mesta öfund á þeim, enn höfðu spurt hvær kærleikr var með þeim Víglundi ok Ketilríði, enn fyrirmundu þeim at njótast, sem síðar gaf raun á. Enn þau unnust því heitara með leynilegri ást ok fölginni elsku þeim í brjósti þegar í fyrstu, er þau váru uppvaxandi, svá at rætr elskunnar ok uppvöxtr ástarinnar, er aldri varð upprætr ór þeira hjörtum, eftir því sem náttúra er amorsins, at eldr yndisins ok logi elskunnar brennr því heitara ok sækir því meir brjóst ok hjörtu mannanna saman sem fleiri vilja þeim meina ok stærri skorður við settar þeira vandamanna, er áðr hefir ást ok elska saman fallit þeira á millum, sem nú

Þessara manna Víglundar ok Ketilríðar, því at þau unnust alla æfi svá heitt meðan þau lifðu bæði, at hvárki mátti af öðru sjá þaðan af er þau sáust með fyrsta, ef þau skyldu eftir því gera sem hugir þeira stóðu til. Maðr hét Björn; hann var heimamaðr Þorgríms prúða; hann var sjógarpr svá mikill, at honum þótti ekki veðr ófært á sjó at fara; kveðst hann aldri hirða um glettings báru. Hann hafði komit út með Þorgrími, ok hafði þá iðju, at hann var fyrir skipum hans, enn þá var fiskgangr mikill á nesinu. Aldri rerir hann við fleiri menn enn við þriðja mann ok hafði þó rösquan teinæring. Þat bar til, at liðsmenn hans báðir sýktust um haustit af göldrum Kjölvarar; váru þá allir menn at heyverkum. Þá vildi Björn róa til fiski ok biðr þá bræðr Víglund ok Trausta at róa með sér um daginn. Þeir gerðu svá, því at veðr var gott ok var vingott með þeim. Alt vissi Kjölvör þetta, ok fór upp á hús ok veifði kofra sínum í austrætt ok þyknaði skjótt veðrit. Enn er þeir kvámu út á miðit, var fiskr nógr undir. Þá sá þeir at dró upp flóka einn við austr ok landnorðr. Víglundr mælti: „Þat þykkir mér ráð, at vér haldim at landi; mér lízt ekki á veðr þetta“. Björn segir: „Eigi munu vér þat gera fyrr enn hlaðit er skipit“. „Þú munt“, segir Víglundr, „ráða því“. Flókann dró

skjótt yfir ok fylgdi bæði vindr ok frost ok svá mikil sjóilska, at sjórinn var hvergi kyrr ok rauk sem saltkorn. Björn kvaðst þá vildu at landi halda. Víglundr kvað betr fyrr, — „enn þó skal nú ekki at telja“. Þeir róa þá Björn ok Trausti ok gengr hvergi á fyrir þeim; rekr þá í útsuðr til hafs; tekr þá at fylla undir þeim skipit. Víglundr biðr Björn ausa, enn Trausta stýra, enn hann sezt til ára ok rær svá sterklega at hann nær landi við Dögurðarnes. Þar bjó Þorkell skinnvefja, er út kom með Bárði Snæfellsás, ok var þá gamall. Enn er sagt var Ketilriði, at þá hefði undan rekit ok þeir væri dauðir, þá sé á hana ómegin. Enn er hon raknaði við, kvað hon visu þessu, er hon leit til sjóvarins:

(2) Eigi mák á ægi
 ógrátandi lita
 sízt málvinir mínir
 fyr marbakkann sukku;
 leiðr er mér sjóvar sorti
 ok súgandi bára;
 heldr gerði mér harðan
 harm í unna farmi.

Þorkell tók vel við þeim bræðrum ok fóru þeir heim annan dag; varð þar fagnafundr með þeim Víglundi ok Ketilriði.

12. Nú er þar til at taka, er fyrr var frá horfit, at Ketill raumr unir illa við málalyktir þær, er urðu með þeim Þorgrími hinum þrúða;

tók hann fast at eldast ok þótti eigi hægt til atgerða. Synir hans Sigurðr ok Gunnlaugr gerðust hraustir menn ok vænir, enn Ingibjörg dóttir hans var allra kvenna fríðust. Hákon hét maðr. víkverskr at ætt ok ríkr at penningum ok kappsamr; hann byrjar ferð sína til Ketils af Raumaríki ok biðr dóttur hans sér til handa, enn hann svaraði svá því máli: „Ek mun gifta þér dóttur mína með þeim skilmála, at þú skalt fara áðr út til Íslands, ok drep áðr Þorgrím þrúða ok fær mér höfuð hans“. Hákon kvað sér ekki þykkja þat mikils vert, ok þessu keyptu þeir. Fór Hákon til Íslands þat sumar. Hann kom skipi sínu við Fróðárós. Þeir Fossverjar kvámu til skips fyrst, Jökull ok Einarr. Tók stýrimaðr vel við þeim ok spurði þá margt. Þeir váru ok léttir af tíðindum. Spurði hann at hibýlum, enn þeir sögðu hvergi betra enn at Fossi hjá föður sínum. „Eigum vit systur svá fríða ok kurteisa, at engin finst hennar líki; vilju vit gera hvárt er þú vilt, einn eiga hana eða takir þú hana frillutaki; vilju vit bjóða þér þangat til vistar með okkr“. Stýrimanni þótti þetta mjök fýsilegt; segist hann ok þangat fara mundu ok segir þeim þá, hvert erindi hann hefir til Íslands, ok þótti þeim þat vel vera, ok bundust nú allir í þessum ráðum. Nökkuru síðar fór stýrimaðr heim til Foss ok var

Þat fjarri vilja Hólmkels bónda, enn þó varð svá at vera, ok nökkuru síðar kom stýrimaðr sér í vináttu við Þorbjörgu; gaf hann henni marga góða gripi. Þat var einn tíma, at Hákon kom at máli við þau mæðgin; hann spurði hvar sú kona væri, er þeir bræðr höfðu honum af sagt; — „vilda ek sjá hana“. Þau sögðu hana vera á fóstri hjá Ólofu at Ingjaldshváli. Hákon bað, at hon skyldi heim fara,— „ok treysti ek því, at ek skal af yðr mæðginum fullting til hafa, at ek fái hennar vilja sakir várrar vináttu“. Litlu síðar kom Þorbjörg at máli við Hólmkel bónda. „Þat vil ek“, segir hon, „at Ketilriðr dóttir mín fari heim til mín“. „Hitt þykki mér ráð“, segir bóndi, „at hon sé þar kyrr sem hon er komin“. „Eigi skal þat vera“, segir hon, „skal ek fyrr sækja hana enn hon sé þar lengr ok fái þvílíkt orð af Viglundi sem á horfist; vil ek fyrr gifta hana Hákoní, því at þat lízt mér sómaráð“. Skilja þau sitt tal at því. Þykist Hólmkell vita, at Þorbjörg lætr sækja Ketilríði, ok vill hann heldr sækja hana sjálfr. Riðr hann síðan til Ingjaldshváls; var honum þar vel fagnat. Enn er hann var kominn, gengr Viglundr til Ketilríðar ok mælti svá: „Hér er kominn faðir þinn; þykkjumst ek vita, at hann ætlar at sækja þik ok flytja þik heim með sér; mun hann ok því ráða; enn þat vilda ek, Ketilriðr,

at þú myndir öll okkar einkamál, því at ek veit, at ek verð þér aldri afhuga“. Ketilríðr mælti ok grét við mjök: „Fyrir löngu þóttumst ek vita, at vit mundum eigi njótast mega í náðum. Þætti mér nú betr, at vit hefðim þar færra um talat, enn ekki er víst, at þú unnir mér meira enn ek ann þér, þótt ek tala þar um færa enn þú; enn sé ek at þetta eru ráð móður minnar; hefir ek lítt ástir af henni haft um langan tíma. ok er þat líkast, at farnar sé gleðistundir okkrar ef hún ræðr; enn þó munda ek vel una, ef ek vissa at þér gengi vel til, ok annathvárt munu vit njótast aldri eða munu þar ráð föður míns til koma, enn þó á hann við þungt at etja, þar sem eru bræðr mínir ok móðir, því at þau vildu alt í móti mínum vilja gera, enn lát þú sem sízt á þér festa“. Síðan gekk Víglundr at Ketilríði ok kysti hana. Var þá auðfundit á henni ok þeim báðum, at þeim þótti mikit fyrir at skilja at því sinni, ok kvað Víglundr vísu:

(3) Öngri skal ek þó ungrí
 unna silki-Gunni
 enn svá at ýtar finni,
 annarri ena þér svanni;
 frið man orð ok eida
 ár þá er fyrri váru
 Hlökk, þót spreytinn sprakki
 spilli vár á milli.

Ketilríðr gekk þá inn í bæinn at finna föður sinn. Sagði hann þegar, at hon skyldi heim með sér. Ketilríðr kvað hann ráða skyldu, — „enn gott þykkir mér hér at vera“, segir hann, „enn þó verðr nú svá at vera“. Öllum þótti mikit at skilja við Ketilríði, því at hon var hugþekk hverjum manni. Riðu þau nú heim til Foss. Ok er Ketilríðr var heim komin, varð stýrimaðr harðla feginn, enn Þorbjörg móðir hennar skipaði henni at þjóna Hákonu, enn hon vildi þat með engu móti gera. Sagði hon þetta föður sínum með gráti, enn hann sagði: „Þú skalt ekki Hákonu þjóna nema þú vilir, ok þat eina gera sem þú vilt, ok vertu jafnan hjá mér nætr ok daga“. Hon kvaðst þat gjarna vilja. Leið svá fram nökkura stund, at hann náði aldri at tala við hana.

13. Nú eru teknir upp leikar á Esjutjörn, ok gengu Fossverjar fyrir gleði. Ok hinn fyrsta dag, er menn kvámu heim frá leik þessum spurði Ketilríðr, hvárt ekki hefði komit frá Ingjaldshváli. Henni var sagt, at þeir hefði allir komit feðgar ok Ólof ok Helga dttir hennar. Ketilríðr bað föður sinn annan dag at fara til leiksins. Hann játar því, ok fóru þau nú öll saman um daginn ok varð gleði góð. því at Þorgrímssynir kvámu, enn ekki fleiri frá Ingjaldshváli. Þeir gengu þangat á brekkuna sem konurnar sátu. Ketilríðr stóð

upp í móti þeim ok fagnar þeim blíðlega; settust þeir niðr hjá henni á sína hönd hvárr Ketilríði Víglundr ok Trausti. Þá mælti Ketilríðr: „Nú mun ek gera mér jafnkært við báða ykkar at yfirvarpi“. Ketilríðr horfði jafnan á Víglund ok mælti: „Nú mun ek lengja nafn þitt ok kalla þik Víglund hinn væna, ok er hér bringr, er ek vil gefa þér, er faðir minn gaf mér í tannfé, ok hann vil ek gefa þér í nafnfesti“. Hann tók við bringnum ok dró á hönd sér. Víglundr gaf henni á mót bringinn Haraldsnaut, því at faðir hans hafði gefit honum hann. Varð þeim nú drjúgtalat. Sem þeir Fossverjar sá þetta, fekst þeim mikit um. Fara nú hvárir tveggju heim um kveldit. Kom Hákon at máli við Þorbjörgu ok bað hana ekki láta dóttur sína fara til mannfurda nökkurra, — „með þvílíka skapsmuni sem hún hefir“. Hon játar því, ok talar Þorbjörg við Hólmkel bónda at hann skyldi eigi Ketilríði láta fara til nökkurra leika, ok láta hana heldr sitja heima, ok svá gerði hann, ok varð Ketilríðr óglöð við þat. Faðir hennar kvaðst þá heima skyldu vera hjá henni, ef henni þætti svá betr, enn hon kvaðst þat gjarna vilja. Fóru menn nú til leika sem áðr, ok stóðu menn þar sínu megin at hvárir at leik, Fossverjar ok Þorgrímssynir. Þat var einn tíma, at Víglundr sló knöttinn út fyrir Jökli. Jökull reiddist þá

ok tók knöttinn, er hann náði, ok setti framan í andlit á Viglundi, svá at ofan hljóp brúnin. Trausti reist af skyrtu sinni ok batt upp brúna á bróður sínum; enn þá er þat var gert, váru Fossverjar heim farnir. Þeir bræðr fóru heim, ok er þeir kvámu til stofu, sat Þorgrímr á palli ok mælti svá: „Heil, systkin“. „Hvárn okkar kvenkennir þú nú, faðir?“ segir Trausti. „Mér þykkir“, segir Þorgrímr, „sem þat muni kona vera, er faldinn hefir“. „Eigi er ek kona“, segir Viglundr, „enn vera má at skamt sé frá“. „Hvi hefndir þú þín eigi á Jökli?“ segir Þorgrímr. „Þeir váru heim farnir“, segir Trausti. „þá er ek hafða bundit um andlitit“. Fell þar þetta skraf niðr at sinni. Annan dag fóru þeir til leiks báðir bræðr, ok þá er minst var ván at, sló Viglundr knettinum framan í brún Jökli, svá at sprakk fyrir. Jökull ætlaði at slá Viglund með knattdreppni. Viglundr hljóp undir Jökul ok færði hann niðr við klakanum, svá at Jökull lá lengi í óviti; váru þeir þá skildir ok fóru hváirtveggju heim. Eigi var Jökull sjálfkrafi á bak; var hann fluttr í fjórum skautum heim; batnar honum bráðlega; váru þá teknir upp leikar at Fossi. Bjuggu þeir Þorgrímssynir sik til leika. Latti Þorgrímr þess, ok kvaðst þat ætla, at stór vandræði mundi af standa, enn þeir fóru eigi að síðr. Enn er þeir kvámu í stofu at Fossi,

var tekit til leiks. Alskipuð var stofan. Víglundr gengr innar at pallinum, þar sem bóndi sat ok dóttir hans. Ketilríðr fagnar vel Víglundi. Hann tók hana ór sæti ok settist þar niðr, enn setti hana í kné sér. Enn er bóndi sá þat, þá þokaði hann um manns rúm; settist Ketilríðr niðr í millum þeira; tóku þau tal með sér. Þá lét bóndi fá þeim tafl ok tefdu þau þar um daginn. Illa gazt Hákonni at því. Oft kom Hákon at því máli við Hólmkel um vetrinn, at hann skyldi gifta honum Ketilríði dóttur sína, enn Hólmkell bóndi svarar æ hinu sama ok lézt þat eigi gera mundu. Líðr nú daginn þar til sem þeir bræðr þjuggust heim; enn er þeir váru út komnir á blað, var Ketilríðr þar fyrir ok bað þá bræðr ekki fara heim um kveldit, — „sagir þess“, segir hon, „at ek veit, at bræðr mínir sitja fyrir ykkur“. Víglundr kvaðst fara sem áðr eftir því sem hann hafði áðr ætlað ok svá gerðu þeir. Sína öxi hafði hvárr þeira bræðra í hendi sér. Enn er þeir kvámu at stakkgarði einum, sá þeir, at þar váru Fossverjar tólf saman. Þá mælti Jökull: „Þat er vel, Víglundr, at vit höfum fundizt; skal nú laupa þér fallit ok svá knatt-höggit“. „Ek kann eigi at lasta“, segir Víglundr. Síðan sækja þeir at þeim bræðrum, enn þeir verjast vel ok drengilega. Eigi hafði Víglundr lengi barizt áðr enn hann varð manns-

bani ok annars, enn Trausti hafði drepit hinn þriðja. Þá mælti Jökull: „Nú skulu vér frá halda ok snúa öllum sökum á hendr þeim bræðrum“, — ok svá gerðu þeir; fóru þá hvárritveggju heim. Segir Jökull föður sínum, at Víglundr ok Trausti hefði drepit þrjá heima-menn hans, — „enn vér vildum ekki á hluta þeira gera fyrr enn vér fundum þik“. Hólmkell varð þá reiðr mjök við sögu þessa.

14. Jökull eggjaði föður sinn á at gifta Hákonu Ketilríði dóttur sína, ok með atgangi þeira bræðra gifti Hólmkell dóttur sína, ok lagði hon þar ekki samþykki til. Ætlaði Hákon at festast hér á Íslandi, því at hann sá, at hann kom því ekki fram, at drepa Þorgrímprúða. Spurðist þetta nú til Ingjaldshváls ok brá Víglundi mjök við þetta. Enn er Hólmkell sá hit sanna um fyrirsátir þeira bræðra, þá þóttist hann hafa ofgert, er hann gifti Hákonu Ketilríði. Sækja þeir nú leika sem áðr Þorgrímssynir til Foss. Kom Víglundr at máli við Ketilríði ok gaf henni stór ávit, er hon var gift. Eunn er þeir bjuggust heim um kveldit, var Hákon horfiun ok þeir Hólmkelssynir ok margir menn með þeim. Bóndi leitaði um við Víglund: „Þat vilda ek“, segir hann, „at þit færið ekki heim í kveld, því at mér þykkir eigi trúleg ferð þeira bræðra“; enn hann kveðst fara mundu sem hann hefði ætlat fyrir því.

Enn er þeir kvámu út fyrir dyr, var Ketilríðr þar fyrir ok það Víglund fara aðraleið. „Ekki mun ek stórt fyrir þín orð gera“, segir hann ok kvað vísu:

- (4) Trúði málmþings meiðir
 marglóðar þér trúða,
 hugðak sízt at hefði
 hringlestir þik festa;
 eigi tjáðu eidar
 oss né margir kossar,
 seint er kvenna geð kannna,
 kona sleit við mik heitum.

„Ekki þykkjumst ek þat gert hafa“, segir Ketilríðr, „ok vilda ek at þú færir hvergi“. „Eigi skal þat vera“, segir Víglundr, „því at mér er meiri hugr á, at vit Hákon reyndim með okkr, enn hann spennir þik, ok sjái ek þar upp á“, ok kvað vísu:

- (5) Þola mun ek eld sem aðrir,
 þótt eggviðr á mik leggi,
 ráð eru þengleg Þrúðar,
 þann sem maðr eða annarr;
 hiun þykki mér meiri,
 ef menbreunnir þik spennir
 iðinn axlarmeiðum
 annarr enn ek þik, svanni.

15. Síðan fóru þeir veg sinn ok alt þar til er þeir kvámu at stakkgarðinum, þar sem þeir höfðu ázt við fyrr. Þar vóru Fossverjar tólf saman. Þeir Þorgrímssynir kvámust upp á heyit, er í garðinum var, svá at hinir urðu

ekki fyrr varir við enn þeir höfðu leyst upp stórt klakatorf ok mikit; enn er þeir höfðu þat gert, sjá þeir þá Þorgrímssonu ok hlupu þeir upp ok sóttu at þeim, ok varð þar hinn snarpasti bardagi, ok þóttust þeir Fossverjar sjá, at þeir mundu seint geta unnit þá Þorgrímssonu meðan þeir váru á heyinu. Þá mælti Jökull: „Þat er nú ráð, Víglundr, at hvika eigi undan, ok höfum vér þat fyrir satt, at þú sért eigi fullröskr karlmaðr, nema þú farir ofan af heyinu, ok berjumst svá til þrautar“. Ok við áeggjan Jökuls stökk Víglundr ofan af heyinu, ok svá Trausti bróðir hans. Varð þá svipan hörð, ok fellu þá menn þeira Hákonar allir, svá at þeir stóðu uppi þrír einir Fossverjar, Jökull, Einarr ok Hákon, ok enn tveir menn, ok váru þá óvígir. Jökull mælti: „Nú skal með prúðvígi at vinna; þeir skulu berjast Trausti ok Einarr, Víglundr ok Hákon, enn ek skal sitja hjá“. Trausti var bæði sárr ok móðr; berjast þeir Trausti ok Einarr til þess er hvárttveggi fellr. Þá tóku þeir til at berjast Víglundr ok Hákon; var Víglundr ákaflega móðr, enn ekki sárr. Þeira atsókn var bæði hörð ok löng, því at Hákon var bæði sterkr ok fullhugi, enn Víglundr var bæði sterkr ok vápnfímr ok ákafr, ok svá lýkr þeira viðskiftum, at Hákon fellr dauðr niðr, enn Víglundr er þá mjök sárr. Jökull sprettr þá upp; hann

var þá ómóðr ok ekki sárr. Þá snýr hann til móts við Víglund ok taka þeir til at berjast, ok varð þeira atgangr lengi dags bæði harðr ok langr, svá at ekki mátti á millum sjá, hvárr at sigrast mátti; þó þóttist Víglundr sjá, at honum mundi eigi endast at berjast við Jökul til þrautar sakir sára sinna ok mæði. Kastar hann þá upp skildinum ok öxinni, því hann var jafnvígr báðum höndum; tók hann þá hinni hægri hendi skjöldinn, enn hinni vinstri öxina; við því gat Jökull ekki sét, ok hjó Víglundr af honum höndina hægri í olboga-bótinni. Þá leitaði Jökull undan. Eigi gat Víglundr eftir honum farit; greip hann þá spjót eitt, því mörg lágu hjá honum, ok skýtr eftir Jökli. Spjótit kom á millum herða honum ok flaug út um brjóstit; fell Jökull þá dauðr niðr, enn Víglund mæddi blóðrás ok fellr í óvit ok lá sem hann væri dauðr. Þetta sá þeir tveir menn, sem eftir váru af Fossverjum; leituðu þeir þá á bak ok riðu heim til Foss ok kvámu í stofu. Sat bóndi á palli ok dóttir hans, enn húsfreyja á aðra hönd. Þeir segja þá tíðindin, at Hákon var fallinn ok þeir bræðr ok sjau menn aðrir, ok svá væri fallnir Þorgrímssynir. Ok er Ketilriðr heyrði þat, fell hon í óvit, enn er hon vitkaðist, mælti Þorbjörg móðir hennar: „Nú sýnir þú lauslæti þitt“, segir hon, „ok hverja ást er þú

hefir haft á Viglundi; er nú vel er þit skuluð skilja“. Hólmkell bóndi mælti: „Því skal svá virða fyrir henni; svá mikit unni hon bræðrum sínum, at henni brygði eigi síðr við þat, er hon spurði þeira fall“. „Vera má þat“, segir Þorbjörg, „at þat sé svá, enn eigi ætlaði ek, at svá mundi verða, ok er mál at safna liði ok mönnum ok drepa Þorgrím hinn þrúða ok hefna sem greypilegast“. „Mun því vel ráðit?“ sagði bóndi, „þykki mér sem hann sé saklauss af drápi þeira bræðra, enn Þorgrímssynir máttu eigi meira fyrir týna enn lífinu; lá þeim þat fyrir at verja hendr sínar“.

16. Þeir Viglundr ok Trausti liggja nú í valnum; raknar Viglundr við ok leitar at bróður sínum ok finnar at líf er með honum; ætlar hann at veita honum umbúð, því hann treystist eigi at bera hann til bygða; þá heyrði hann til ishöggva-gangs; var þar þá kominn faðir þeira með sleða; lætr hann Trausta í sledann ok ekr honum heim til Ingjaldshváls. Viglundr reið einn saman. Lætr hann þá undirsæng sína í jarðhús eitt, ok var þar þá Ólof fyrir ok batt sár þeira; váru þeir þar á laun ok urðu græddir at heilu, ok lágu þeir alla tólf mánuði í sárum. Hólmkell lét heygja sonu sína ok þá menn sem með þeim höfðu fallit; heita þat nú síðan Kumlahaugar. Spurd-ist þetta nú víða ok þótti öllum þetta mikil

tíðindi; höfðu þat ok allir nær fyrir satt, at Þorgrímssynir væri fallnir. Fundust þeir Hólmkell ok Þorgrím ok skildi ekki þetta þeira vinfengi, ok urðu á þat sáttir, at leggja eigi þessi mál til laga né dóma. Enn er Þorbjörg vissi þat, þá sendi hon á laun til föður síns Einars, at hann skyldi taka vígsmálit eftir sonu sína ok sækja sonu Þorgríms til fullra sekta ef þeir lifði. Enn þótt Einarr væri gamall, ræðst hann fyrir málit ok sótti sonu Þorgríms bónda á Þórsnesþingi til fullra sekta. Spurðist þetta heim í heruð. Hásetar Hákonar sigldu fram um sumarit, þegar þeir váru búnir, ok kvámu við Noreg ok fundu Ketil, ok segja honum alt sem farit hafði, ok þótti honum seinlega á horfast um hefndina við Þorgrim ok sonu hans. Synir Ketils váru þá nýkomnir ór víkingu Gunnlaugr ok Sigurðr. Þeir váru hinir frægustu menn. Gunnlaugr ofláti hafði þess heit strengt, at synja engum manni fars ef líf lægi við. Sigurðr hinn spaki hafði þess heit strengt, at launa aldri illu gott. Ketill segir nú sonum sínum fall Hákonar ok biðr þá at fara til Íslands ok hefna sinnar svivirðingar ok drepa Þorgrim þrúða. Þeir létu seint við því ok fóru þó sakir bænarstaðar föður síns; ok þegar er þeir kvámu í haf, rak á fyrir þeim storma ok stórviðri ok velktust þeir úti alt til vetrnátta. Kvámu þeir þá við Snaefells-

nes í þoku mikilli; brutu skipit við Öndverðanes; kvámust menn allir lífs á land, enn litit nökkut af fé. Þorgrímur spurði þat, ok hverir menn á váru; reið hann til móts við þá ok bauð þeim til sín við alla sína menn ok þat þágu þeir ok váru þar um vetrinn. Mikit fanst Sigurði um Helgu, enn þó talaði hann fátt við hana. Aldri urðu þeir varir við Þorgrímssonu. Þat var einn tíma, er Gunnlaugr kom at máli við Sigurð bróður sinn ok mælti: „Skulu vit ekki leita til hefnda við Þorgrím? Því at þat veit ek, at vit fáum fullgott færi á honum“. Sigurðr mælti: „Þetta er betr ótalat; þætti mér ek þá launa illu gott, ef ek skylda þann mann drepa, er mik hefir áðr tekit af skipbroti, enn gert við mik hvern hlut öðrum betr; skylda ek heldr verja hann enn vont gera, ef því væri at skilfa“. Skildu þeir sitt tal ok kom Gunnlaugr aldri at því máli oftar við Sigurð. Líðr nú vetrinn, ok láta þeir bræðr búa skip sitt ok vilja vera búnir at sumri til burtferðar. Töluðu þat sumir menn, at vel mundi hafa fallit á með þeim Helgu ok Sigurði, enu þó kom þat eigi mjök á loft fyrir alþýðu manna.

17. Nú vikr sögunni til Eiríks jarls Hann gerðist maðr gamall ok dó af elli, ok tók Sigmundr son hans eignir eftir hann, ok fekk enga nafnbót af Haraldi konungi, því at kon-

ungr lagði heldr þykkju á alla frændr Þorgríms sakir vináttu við Ketil. Helgi hafði kvángast í Noregi, ok var kona hans önduð, er hér var komit sögunni. Hann átti eina dóttur barna, er Ragnhildr hét, kvenna fríðust. Helgi undi eigi í Noregi ok fór til Íslands ok kom í Austfjörðu seint í landnámatíma. Hann keypti land í Gautavík, at Gauta þeim, er þat land hafði numit, ok bjó þar til elli. Nú skal nefna fleiri menn til sögunnar. Steinólfr hét maðr, er bjó í Hraunsdal; hann átti þann son, er Þorleifr hét, mikill maðr ok efnilegr. Hann bað Ketilríðar, enn hon vildi eigi eiga hann. Þorleifr talaði þar mikit um, at hann skyldi fá hennar, þótt hon vildi eigi þar samþykki til gefa. Mjök var Þorbjörg honum samþykk. Ean er svá var komit, at Þorgrímssynir váru mjök alheilir orðnir sinna sára, spurðu þeir föður sinn, hvat hann legði til með þeim. Hann segir: „Þat þykki mér ráð, at þit komið ykkir í skip með þeim bræðrum Gunnlaugi ok Sigurði, ok biðið þá fars um Íslandshaf, ok segið lif ykkart við liggja, sem satt er; þit skuluð dyljast, enn Sigurðr mun halda heitstrenging sína ok flytja ykkir; er Sigurðr góðr drengr ok munu þit af honum gott hljóta, enda munu þit ok þess við þurfa, því at þar munu þit mín gjalda“. Var þetta statt gert. Þat segja menn, at Ketilríðr væri mjök harm-

þrungin um vetrinn; svaf hon oft litit ok vakti í saumastofu sinni um nætr. Þá sömu nótt, er Víglundr ætlaði til skips um daginn eftir, því at þeir Ketilssynir váru þá búnir til hafs, fóru þeir til Foss ok gengu til stofu. Ketilriðr sat þar fyrir ok vakti, enn þjónustukonur hennar sváfu. Hon fagnaði vel þeim bræðrum; -- „hefir nú langt verit“, segir hon, „síðan er fundi vára bar saman, ok þykki mér nú allvel“, segir hon, „er þit eruð heilir ok vel til reika“. Settust þeir bræðr þá niðr hjá henni ok töluðu lengi. Sagði Víglundr henni þá alla ætlan sína. Lætr hon vel yfir því, -- „þykkir mér vel“, segir hon, „þegar þér gengr vel til, hversu sem um mik ferr“. „Gifzt þú eigi meðan ek er í burt“, segir Víglundr. „Faðir minn mun því ráða“, segir Ketilriðr, „því at ek má eigi, enda vil ek ekki í móti honum gera, enn vera má, at mér sé ekki hægra enn þér, ef öðruvísi verðr, enn þó mun þat sínu fram fara“. Víglundr bað hana skera hár sitt ok þvá hár sitt; hon gerði ok svá. Enn er þat var gert, mælti Víglundr: „Þat læt ek um mælt, at engin skeri hár mitt né þvoi höfuð mitt önnur enn þú á meðan þú ert á lífi“. Síðan gengu þau út öll saman. Þau skildu í túninu úti. Mintist Víglundr við Ketilriði, enn hon grét sárlega; var þá auðfundit, at þeim þótti mikit fyrir at skilja, enn þó varð svá at

vera. Gekk hon þá inn í stofu sína, enn þeir fóru veg sinn. Þá kvað Víglundr vísu áðr enn þau Ketilríðr skildu:

- (6) Mær, nem þú mínar vísur,
 munnfögr, ef þú vilt kunna,
 þær munu þér at gamni,
 þorngrund, koma stundum;
 enn ef itrust verðr úti,
 eygerðr, litin freyja,
 þá muntu mín, in mjóva,
 minnast hverju sinni.

Enn er þeir váru komnir skamt ór garði, þá kvað Víglundr aðra vísu:

- (7) Stóðum tvau í túni,
 tók Lín um mik sínum
 höndum, hauklegt kvendi,
 hárfögr ok grét síran;
 titt flugu tár of tróðu,
 til segir harmr um vilja,
 strauk drifhvítum dúki
 drós um hvarminn ljósa.

Litlu síðar, er Ketilríðr kom í stofu sína, kom Hólmkell bóndi þar ok sá dóttur sína grátna mjök. Hann spýrr, hví henni yrði svá ósvefn-samt. Hon svarar ok kvað vísu:

- (8) Skamt leidda ek skýran
 skranta-Njörð ór garði,
 þó fylgdi hugr miun honum
 hverskyns kouar lengra;
 mundak leitt hafa lengra,
 ef land fyrir lægi væri

ok ægis-mar yrði
allr at grænum velli.

Síðan mælti Ketilríðr ok svaraði föður sínum: „Mér kemr í hug fall bræðra minna“. „Vildir þú láta hefna þeira?“ segir hann. „Þat skyldi prófast, ef ek væri svá karlmaðr ok mikils ráðandi sem nú er ek kona“. Bóndi segir: „Vit þat fyrir satt, dóttir, at ek hefir þat fyrir þína skuld gert, at ganga ekki at þeim bræðrum, því at ek veit at þeir lifa, ok dylst þú ekki fyrir mér, á hvárn máta er þú vilt vera láta. því at ek skal þegar ek get drepa þá, ef þat er þinn vili“. Hon svaraði þá: „At því síðr skyldu þeir drepnir, ef ek skyldi ráða, at hvárrgi skyldi hafa verit sekr gerr, ef ek skyldi ráða, ok svá penninga til gefa þeim til farareyris, ef ek ætta, ok svá skyldi ek engan mann eiga nema Víglund, ef ek skyldi kjósa“. Hólmkell stóð þá upp ok gekk út ok tók hest sinn ok reið eftir þeim bræðrum. Enn er þeir sá hann, þá mælti Trausti: „Þar riðr Hólmkell ok er einn saman, ok er eitt til, ef þú vilt fá Ketilríðar, ok er þat þó eigi gott, at drepa Hólmkel. enn taka Ketilríði“. Víglundr segir: „Þó at þat væri á baugi, at ek sæi aldri Ketilríði heðan af, þá vilda ek þat þó heldr, enn gera Hólmkeli nökkut mein, ok lítt mynda ek honum þá dygd, er hann hefir mér veitta, slíka harma sem hann ætti mér at

launa, enda mun Ketilríðr nóga harma bera, þó eigi sé drepinn faðir hennar, sá sem henni vildi alt gott“. „Svá er ok bezt“, segir Trausti. „Nú skulu vit“, segir Víglundr, „ríða í túnit fyrir hann; er honum þat sæmdarauki“. Ok svá gerðu þeir. Ok riðr Hólmkell fram um þá ok snýr síðan heim aftr. Þeir bræðr fara nú aftr á götuna ok sjá þar fé ok gullhring með rúnakefli; þar eru ristin á öll orð þeira Ketilríðar ok Hólmkels, ok þat með, at þetta fé gefr hon Víglundi.

18. Síðan fóru þeir til skips ok váru þeir Gunnlaugr til hafs búnir ok stóð vindr af landi. Víglundr kallar út á skipit ok spyr, hvárt Gunnlaugr væri á skipinu, eða hvárt hann vildi veita honum far um Íslandshaf. Enn hann spyr, hverir þeir væri. Annarr nefndist Vandráðr, enn annarr Torráðr. Gunnlaugr spyr, hvat þá dragi til utanferðar, enn þeir segja líf sitt við liggja. Hann bað þá ganga út á skipit, ok svá gerðu þeir. Draga þeir síðan segl sín ok sigla þeir í haf. Enn er þeir höfðu siglt um stund, spyr Gunnlaugr hinn mikla mann, hví hann nefndist Vandráðr. „Því nefndist ek Vandráðr“, segir hann, „at þar eru nóg til vandræði mín, enn ek heiti Víglundr, enn bróðir minn Trausti; eru vit synir Þorgríms príða“. Þá þagnar Gunnlaugr ok mælti síðan: „Hvat er nú til ráða, Sigurðr

bróðir?“ mælti hann, „því at nú er ór vöndu at ráða, því at ek veit, at Ketill faðir okkar mun láta drepa þá þegar þeir koma til Noregs“. Sigurðr segir: „Ekki spurðir þú mik þessa þá er þú tókt við þeim, enn þekta ek Viglund af Helgu systur sinni, er ek sá hann; þykkir mér þér vera sjálfrátt, at Ketill faðir minn hafi ekki meira vald á þeim enn þú vilt; mættir þú ok svá helzt launa þeim fyrir þat, er Þorgrímr hefir vel til okkar gert“. „Þetta er vel mælt“. segir Gunnlaugr, „ok gerum svá“. Þeir fá nú góða byri ok kvámu við Noreg ok fara heim í Raumsdal. Var Ketill ekki heima; enn er hann kom heim, váru synir hans í stofu ok sátu Þorgrímssynir í millum þeira. Þeir váru saman fjórir ok tuttugu. Ekki heilsa þeir föður sínum. Settist hann í háseti sitt. Hann þekti þar sonu sína, enn ekki þá Þorgrímssonu. Hann spurði, því þeir heilsndu honum ekki, eða hverir þeir væri hinir ókunnu menn. Sigurðr mælti: „Annarr heitir Viglundr, enn annarr Trausti, synir Þorgríms prúða“. Ketill mælti: „Standið upp, allir mínir menn ok takið þá; vilda ek, at svá væri hér kominn Þorgrímr hinn prúði ok skyldi þeir svá allir fara“. Sigurðr spaki svarar: „Mikill er þá munr várr Þorgríms prúða, enn hann tók okkr bræðr af skipbroti ok gerði við okkr hvern hlut öðrum betr, enn hann átti

alls kost við okkr, enn nú viltu drepa sonu hans saklausa; munu vér kompánar verða yðr skeinubættir áðr enn Þorgrimssynir eru drepnir, því at eitt skal yfir oss ganga alla saman“. Ketill segir, at ófært sé at berjast við sonu sína; rennr honum þá reiði. Sigurðr mælti: „Þá vil ek þat til leggja, at Gunnlaugr bróðir minn geri um öll málin, því at hann er reyndr at réttðæmi“. Ketill segir: „Þat mun verða at vera, heldr enn vér feðgar deilim illdeilum“. Varð þetta statt gert. Gunnlaugr mælti: „Þat er þá mín gerð, at Þorgrímur skal eiga sjálfr konuna; svá skal hon hafa fyrir gert öllum arfi eftir Þóri jarl föður sinn; skal faðir minn at réttu taka arf eftir hann, enn faðir minu skal gifta Ingibjörgu dóttur sína Trausta Þorgrimssyni, enn Sigurðr spaki skal eiga Helgu Þorgrímsdóttur. Læt ek þessa mína gerð standa“. Öllum þótti þetta vel gert ok vitrlega; undi Ketill vel við þar sem þá var komit. Sátu þeir þar um vetrinn í góðu yfir-læti. Fekk Trausti Ingibjargar; enn at sumri fóru þeir í hernað allir fóstbræðr; váru þeir hinir frægustu menn ok bar þó Víglundr langt af þeim öllum. Váru þeir þrjá vetr hina næstu í þessum hernaði. Var Víglundr þó aldri með meira gleðibragði þá enn fyrr. því at honum gekk Ketilríðr aldri ór hug.

19. Nú er þar til máls at taka, sem Hólmkell bóndi sat heima at Fossi. Þat var einn dag, er hann reið til Ingjaldshváls, ok vissi engi maðr tal þeira Þorgríms. Eftir þat fór Hólmkell heim. Þorleifr Steinólfsson helt enn á bónorðinu við Ketilríði, enn hon tók ekki fljótt. Litlu síðar sendir Þorgrímr heiman menn sína þrjá ok váru þeir í burtu þrjár vikur ok kvámu heim síðan, ok vissu engir hvert þeira erindi var. Þat bar til tíðinda einn dag at Fossi, at þar kvámu þrjátígi menn. Hólmkell spyr foringja þeira at nafni, enn hann kvaðst Þórðr heita ok eiga heima í Austfjörðum, enn kvað þat erindi sitt, at biðja Ketilríðar. Bóndi veik til dóttur sinnar; varð hon þá spurð at, ok tók hon þessu fjarri, ok þótti vera maðrinn gamall, enn kvaðst engan hug hafa á at giftast. Þorbjörg fýsti mjök at kaupit skyldi fram ganga, ok þær urðu mála-lyktir, at Hólmkell gifti konuna Þórði, hvárt henni var ljúft eða leitt, ok fór hon þangat með Þórði; skyldi brúðhlaupit vera í Austfjörðum. Linna þau eigi fyrr enn heima; tók Ketilríðr þar við öllum ráðum. Þó sá menn aldri gleðimót á henni. Eigi gerði Þórðr brúðhlaup til hennar. Í einni sæng lágu þau bæði saman; eitt sparlak var þar fyrir. Leið svá fram langar stundir. Þorleifr undi illa við er Ketilríðr var gift, enn þótti ekki hægt til atgerða,

er hon var svá langt í burtu. Þórðr gerði alla hluti vel til Ketilríðar, ok gagnaðist henni þat ekki fyrir þeiri ást, er hon hafði á Viglundi, því at hon bar logandi ástareld sér í brjósti fyrir hans skuld.

20. Viglundr ok þeir föstbræðr allir kvámu þetta sumar ór hernaði. Tók Ketill vel við þeim. Einn dag, er þeir váru kallaðir til höfuðþvátta, þá svarar Viglundr: „Engan höfuðþvált mun ek hafa ok engan hefir ek haft síðan vit Ketilríðr skildum“. Hann kvað þá vísu:

- (9) Laugauðig strauk lauðri
lineik um skör mína.
því er mér enn til annars
óbrátt höfuðþvátta;
öllungis skal engi
auði glæst hit næsta
ein á aldri mínum
asklaugar mér vaska.

Lét Viglundr ekki vaska sér. Sátu þeir um kyrt þann vetr; enn at sumri bjuggust þeir til Íslands á sínu skipi hvarir ok sigldu þeir í haf, ok skildu þeir í hafi ok kvámu Ketils-synir í Hvítá ok fóru vistum til Ingjaldshváls; segja Þorgrími af sættum þeira Ketils. ok svá, at sona hans væri út ván; gladdist Þorgrímr við þetta alt saman. Þeir Viglundr sigldu þar til er þeir sá Snæfellsjökul. Þá kvað Viglundr vísu:

- (10) Sék á fjall þats fjötra
 framlunduðust sitr undir,
 þó renn ek til hennar,
 hugrekk, vinaraugum;
 þá brekku kveð ek mér þekka,
 Þrúðr er þar sitr hjá þrúðri,
 hlaðs sem hlíðir aðrar
 hugþekkk er mér nökkut.

Enn kvað hann:

- (11) Ljóst er út at líta,
 laukareið, yfir heiði;
 sól gengr síð und múla,
 slíkt langar mik þangat;
 fjöll eru mér þekkk af þellu,
 því er ek hljóðr, valin tróða,
 víf á ek vænst at leyfa,
 valgrund, er þar sitr undir.

Þar næst kom vindr ofan af nesinu svá mikill, at þá rak á haf út, ok kom þá at vestanveðr ok gerði veðráttu harða, ok stóðu menn jafnan í austri. Þat var einn dag, at Víglundr sat á bunka; var þá veðr allhvast. Hann kvað þá vísu:

- (12) Ketilríðr bað ei kvíða
 karlmann í för snjallri
 ungan þót öldur gangi
 jafnhátt skeiðar stafni
 enn er á orð at minnst,
 verum hraustir nú, Trausti,
 verð ek af harmi hörðum
 hriðlundr, Ketilríðar.

„Mikit er nú um“, segir Trausti, „er þú nefnir hana við niðrlag ok upphaf í vísu þinni“. „Þykki þér svá, frændi?“ segir Víglundr. Þeir váru úti sextigi daga. Tóku land með nauðum í Austfjörðum, í Gautavík. Víglundr mælti þá: „Þat þykki mér ráð, bróðir, því at vit eigum sökótt, at þú nefnist Hrafn, enn ek Örn“. Bóndi ór Gautavík kom til skips. Stýrimenn tóku vel við honum ok buðu honum at taka þat af varningi er hann vildi. Bóndi segist eiga konu unga, — „skal hon koma til skips ok taka af varningi ykkrum slíkt er hon vill“. Reið bóndi nú heim, enn húsfreyja kom um morguninn. Þekti hon þegar Víglund, er hon sá hann, ok gaf sér fátt at, enn Víglundi brá mjök við, er hann þekti hana. Tók hon slíkt af varningi, er hon vildi; var henni alt til reiðu. Bóndi hafði boðit heim stýrimönnum, ok er þeir kvámu heim, gekk bóndi ok húsfreyja í móti þeim; þá skriðuðu bónda fætr, því hann var stirðr af elli. Húsfreyja mælti ok þó heldr lágt: „Ilt er at eiga gamlan mann“. „Þar var ok sleipt næsta“, kvað bóndi. Váru þeir síðan inn leiddir með mikilli sæmd. Ekki ætlaði Víglundr at Ketilríðr mundi kenna hann. Þá kvað Ketilríðr vísu:

- (13) Kennik Víglund vænan
 vánar-elds at kveldi,
 firn er at fund minn gírnist,

flaustra eims ok Trausta ;
 gift er gullhlaðs þófta
 grannvaxin nú manni,
 ei mun eldri finnast
 annarr þeim í heimi.

Nú sátu þeir þar um vetrinn, ok var Víglundr harðla óglaðr, enn Trausti var hinn kátasti ok bóndi var hinn kátasti ok veitti þeim með blíðu. Svá er sagt, at Ketilríðr hafi haft hinu fyrir andliti sér ok hafi eigi viljat at Víglundr hafi þekt sik, ok þat, at Víglundr hafi eigi verit ráðinn í því at þekkja hana.

21. Þat var einn dag, er Ketilríðr var úti stödd. Henni var þá varmt mjök. Hon hafði sprett hinnunni frá andliti sér. Víglundr gekk út í því ok sá gerla ásjónu hennar. Honum brá mjök við þetta ok setti rauðan sem blöð. Hann gekk þá inn í stofu ok var Trausti þar fyrir ok spyr hvat honum væri, eða hvat hann hafi þess sét, at honum brygði svá við. Víglundr kvað vísu :

(14) Leitk aldri(gi) auga
 ormasetrs til betra,
 ek lýg at þér eigi,
 auðar Bil sízt vit skildum ;
 þess skalk háls frá herðum,
 hart biðk þeim, eníða,
 angr hlautk auðs af spöngu,
 args karls er þá faðmar.

Aldri hafði Ketilríðr hinu fyrir andliti sér

þaðan frá, er hon vissi at Víglundr kendi hana. Trausti segir: „Þat er hit mesta óráð, at gera bónda nökkut mein, svá vel sem hann hefir gert til okkar, ok mundi okkr þat til ógæfu verða, ef þú dræpir bónda hennar saklausan, ok leið þik þar frá“, ok kvað vísu:

(15) Þit munuð, brendra bauga
brjótr, aldrigi njótast,
ef þú gæðingi góðum
grandar Fáfnis landa;
áhlaup munu eigi
einhlit vera rítar;
taka skulum rétt til ráða,
raunfróðlegr bróðir.

Liðr nú á kveldit ok fara menn til náða. Um nóttina stóð Víglundr upp ok gengr til sængr þeirar, er þau Ketilriðr ok bóndi sváfu í. Ljós var upp dregit í skálanum, svá at sjá mátti alt hit efra, enn dimt var hit neðra. Hann hleypti upp fortjaldinu; sér hann at Ketilriðr horfir til þils, enn bóndi horfir fram at stokki, ok hefir lagt höfuðit fram á stökkinn sem bezt undir höggit. Þá ætlaði Víglundr at bregða sverðinu, ok í því kom Trausti at ok mælti: „Varast þú“, segir Trausti, „ok ger ekki það fordæðuverk at drepa sofandi mann. Lát engan á þér finna, at þú hafir hug á konu þessi, ok ber þik sem karlmannlegast“. Þá kvað Trausti vísu:

- (16) Mundu mey þá er grandar,
 minn viur, gleði þinni;
 líttu hér fremdar flýti,
 feginlitr gerir segja,
 skalattu, skrautleg silkis
 skorð, þó at þér hafi orðit,
 ein at yndis tjóni,
 upp-kátt um þat láta.

Þá sefaðist Víglundr; enn þat undraðist hann, at svá var í millum þeira langt í sænginni. Gengu þeir bræðr þá til sængr sinnar ok svaf Víglundr litit þá nótt. Um morgininn eftir var Víglundr allókátr, enn bóndi allkátr, ok spyrr Víglund, hvat honum væri at ógleði. Víglundr kvað þá vísu, er allir ætluðu Örn heita:

- (17) Mik hefir mundar jökla
 mjallhvít numit allan
 strangr í storma bingi
 straumr, mik kona flaumi;
 aldri gengr hin unga
 eik þót við mik leiki,
 fljóð hygg ek at kvell kunni,
 kona þín ór hug mínum.

„Vera má at svá sé“, segir bóndi. „Þykkir mér nú ráð, at vit skemtim okkr ok teflim“. Ok svá gerðu þeir. Lítt gáði Örn at tafinu fyrir hug þeim, er hann hafði á húsfreyju, svá at honum var komit at máti. Ok í því kom húsfreyja í stofuna, ok sá á tafnit ok kvað þenna vísuhelming:

(18) Þoka mundir þú Þundar
þinni töflu hinn gjöfli,
ráð eru tjalda trúðn,
teitr at öðrum reiti.

Bóndi leit til hennar ok kvað:

Ean er mótsnúin manni
menlín í dag sínum,
einskis má nema elli
auð-Baldr frá þér gjalda.

Örn tefdi þat er til var lagt ok var þá jafu-
tefli. Fátt töludust þau við húsfreyja ok Örn.
Þat var einn tíma, er þau fundust úti tvau
ein Víglundr ok Ketilríðr; þau töludust við
nökkut, ok þó ekki lengi, ok kvað Víglundr
vísu þessa, er þau skildu talit:

(19) Svá lízt mér, in mjóva,
maðr þinn, in brúnfagra,
sem fáneytr fljóti
ferjubátr með skerjum;
enn þá ek sé þik sjálfa
strangvaxna fram ganga
er sem skrautleg skríði
skeið yfir máva heidi.

Síðan skildu þau tal sitt ok gekk Ketilríðr inn,
enn Örn gengr þá til tals við bónda; var
hann þá glaðr við stýrimann. Örn kvað vísu:

(20) Haltu vörð á vænni,
vinr minn, konu þinni;
láttu eigi Gná geira
ganga mér at augri;
eigi veit, ef úti

oft finnumst Bil tvinna
hlökk at hvárum okkrum
heimilari verðr seima.

Ok enn kvað hann þessa aðra :

(21) Vildak verða aldri
Viglunðr, at því fundinn,
at vera svá tamr við tróðu
at takik manns konu annars,
nema at mér í myrkri
mannlegr kemr svanni,
þat tek ek undan eiði
at ei til hennar þreifir.

Bóndi segir vel dugi, þó at hon sæi fyrir. Skildu þeir sína ræðu. Hvern hlut gerði bóndi öðrum betr til stýrimanns, enn þat gagnaðist honum ekki; var hann ógláðr maðr, svá at hann kvað aldri gleðiorð, enn þetta þótti bróður hans Trausta svá mikit mein, ok talaði oft um fyrir honum, at hann skyldi af hyggja ok fá sér aðra konu. Enn Örn segir, at þat mundi ekki verða, — „mun ek því engri slíkt unna, enda mun ek ok ekki því fram fara“, ok kvað þá vísu :

(22) Ann ek þó úthalt renni
eikikjölr inn fölvi,
muna minn hagr þykkja
manulegr, konu annars.
Eigi kann ek ef önnur
jafnblíð verðr mér síðan,
vindr rak knör úr klandri,
kvinna nökkuru sinni.

„Svá má vera“, segir Hrafn. Gengu þeir þá til stofu. Sat bóndi þar fyrir ok húsfreyja í knjám honum; helt bóndi um hana miðja; sá Örn, at henni var ekki mikit um þat. Fór hon ór knjám honum ok settist niðr í bekkinn ok grét. Örn gekk þangat ok settist niðr hjá henni, ok töluðust við hljótt. Hann kvað þá visu:

(23) Svá vildak þik ealdan,
 svinn brúðr, koma at finna
 hörvi glæst at hristi
 hrumr maðr at þér krumur;
 heldr vildak halda,
 Hlín at vilja mínum
 lýsigulls í landi,
 liðar elds, um þik miðja.

„Eigi er þat víst“, segir húsfreyja, „at þat muni svá verða“. Stendr hon þá upp ok gengr í burt; enn bóndi var þá allkáttr ok mælti: „Þat vil ek nú, Örn“, segir bóndi, „at þú hugsir um bú mitt, ok annat þat er mik varðar, á meðan ek er í burtu, því at ek hefir ætlat mér heimanferð ok mun ek skemst í burtu mánuð; treysti ek þér bezt til alls þess er mik varðar mestu“. Enn Örn gefr sér fátt um.

21. Síðan fór bóndi heiman við hinn fimtánda mann. Örn talar þá við bróður sinn: „Þat þykki mér ráð“, segir hann, „at vit riðim heiman ok sém eigi heima, á meðan bóndi er í burtu, því at þat mun ellegar ætlat, at ek

fíflí konu hans, ok er þá mikill mannamunr okkar bónda“. Riðu þeir nú heiman ok váru hjá kaupunautum sínum þar til at bóndi kom heim í nefndan tíma, ok var nú heldr fjölmennari enn áðr. Þar var í för Þorgrímur hinn prúði ok Ólof kona hans ok Helga dóttir hans ok Sigurðr spaki ok Gunnlaugr bróðir hans, Hólmkell bóndi frá Fossi. Váru þeir saman fim tigur. Þá kvámu ok heim stýrimennirnir. Ketilríðr hafði við búizt eftir því sem bóndi hafði henni fyrir sagt; ætlaði hann nú at veita brúðblaup sitt. Enn er þeir sátu í stofu allir, stóð bóndi upp ok mælti: „Svá er mál með vexti, Örn stýrimaðr, at þú hefir verit hér í vetr ok þit báðir bræðr, ok veit ek, at þú heitir Víglundr, enu bróðir þinn Trausti, ok eru þit synir Þorgríms prúða, ok eigi síðr vissi ek hvern hug er þú hafðir á Ketilríði. Hefir ek þér margar skapraunir gervar, ok hefir þú þær allar vel borit; enn þó hefir bróðir þinn því ollat, at þú hefir þik í engri óhæfu haft eða gert, enn ávalt átta ek meira undir mér. Nú skal ek ekki leyna þik lengr at ek heitir Helgi, ok er ek son Eiríks jarls, enu föðurbróðir þinn. Bað ek því Ketilríðar, at ek vilda geyma hana þér til handa, ok er hon óspilt af mér. Hefir Ketilríðr alt þat vel borit ok kvenlega; var hon þess alls duld af mér ok öðrum; höfum vit

ok aldri undir einum klæðum legit, því at rekkjustokkr tekr upp á millum rúma okkarra, þó at vit höfum haft eitt áklæði; ætla ek, at henni hafi þat engin raun verit né skrift, þó at hon kenni engan mann á meðan þú lifir. Er þetta alt ráð Hólmkels bónda, ok þykkir mér nú ráð, at þú sættist við Hólmkel bónda enn biðir síðan dóttur hans; mun hann láta þik ná sættum; miklu hefir honum betr farit ok prýðilegar í yðrum viðskiptum“. Víglandr gengr þá at Hólmkeli bónda ok leggr höfuð sitt í kné honum, ok biðr hann gera af slíkt er hann vill; enn hann svaraði á þá lund: „Á þinum hálsi mun þat vera bezt komit, því at svá mun Ketilriði minni bezt lika, ok skulu vit at vissu sættast“. Var nú svá at Hólmkell gifti Ketilriði dóttur sína Víglandi, enn Þorgrímur Sigurði spaka Helgu dóttur sína, enn Helgi Gunnlaugi ofláta Ragnhildi dóttur sína, ok var nú setit at þessum brúðhlaupum öllum í senn. Síðan fór hverr heim til síns heimilis. Undu þau Víglandr ok Ketilriðr nú allvel sínu ráði ok bjuggu at Fossi eftir Hólmkel bónda föður Ketilriðar, enn Gunnlaugr ofláti ok Sigurðr bróðir hans fóru utan ok staðfestust í Noregi, enn Trausti at Ingjaldshváli eftir Þorgrím bónda föður sinn, ok lýkr hér þessi sögu. At henni má þykkja mikit gaman, geymi guð oss alla saman; lyktist svá endir, at vér sém

allir guði sendir; sá þessar sögur gírnist segja, hann þarf ekki löngum þegja; vér köstum allir kvölum ok mæði, ef kappar gírnast ágætt æði; sögur ok mentir ok signuð fræði ok síðan eftir sannleiks gæði. Hafi þeir þökk er hlýddu, þeir er söguna þýddu. ok Þorgeirr, er letrið skráði; sjálfir guð ok María þá alla náði. Þeir feðgar hafa skrifat bók þessa ok biði til guðs fyrir þeim öllum. Amen.

NÖFN.

- Alfarinn** Válasón (hins sterka) 13.
Austfirðir 39, 46, 49.
- Bárðr** Snæfellsás 24.
Björn (Báru-Björn) 23—24.
Bleikr, hestr Viglundar 19.
Brandkrossar, yxn Þorgríms prúða 20—21.
Brúnn, hestr Fossverja 18—19.
- Dögurðarnes**, fyrir austan Dögurðará á Snæfellsnesi 24.
- Einarr** Hólmkelsson á Fossi 13, 16—20, 22, 25, 34—35.
Einarr (Sigmundarson) á Laugarbrekku (Laugarbrekku-Einarr) 13, 37.
Eiríkr jarl á Rogalandi 4—7, 38, 56,
Esjutjörn (nú Æsutjörn) á Snæfellsnesi (há Þrándarstöðum) 28.
- Foss**, bær á Snæfellsnesi, í Nesshreppi utan Ennis 13—14, 20—22, 25, 28, 30, 32, 35, 40, 46, 56—57.
Fossverjar 17—19, 21, 25, 28—31, 33—35, abr. Hólmkelssynir.
Fróðárós í Snæfellsnes-sýslu 25.
- Gautavík** í Austfjörðum 39, 49.
Gauti í Gautavík 39.
Gotalæk (nú Goddastaðir, eða Gotastaðir, og Gotastadalæk), eyðijörð á Snæfellsnesi (bærinn hefir staðið við Hólmkelsá, að vestanverðu) 13.
Goti Alfarínsson, Válasonar, á Gotalæk 13.
Grímr, frændi Sigurðar 8.
Gunnlaugr ofláti Ketilsson raums 3, 25, 37—39, 43—45, 56—57.

- Hákon víkverski** 25—26, 28—29, 31—35, 37.
- Hálfðin hinn svartí konungr** 1.
- Haraldr hinn hárfagri Hálfðanarson, konungr** 1—13, 29, 38.
- Haraldsnautr, bringr** 29.
- Helga Þorgrímsdóttir hins prúða** 15—16, 28, 38, 44—45, 56—57.
- Helgi Eiríksson jarls af Rogalandi, bóndi í Gautavík** 6, 39, 56—57, sbr. Þórodr bóndi í Gautavík.
- Hólmkell Alfarinsson bóndi á Fossi** 13—14, 16, 18—19, 21—22, 26, 29, 31—32, 36—37, 41—43, 46, 56—57.
- Hólmkellssynir** 32, sbr. Fossverjar.
- Hólmkelsá (Hólmkíla), á Snæfellsnesi vestanverðu** 13.
- Hrafa** 49, 55, sjá Trausti Þorgrímsson.
- Hraunhöfu í Snæfellsnes-sýslu** 13.
- Hraunsdalr (Hraundalr) bær í Mýrasýslu** 39.
- Hraunskarð, bær undir Jökli** 22.
- Hvítá í Borgarfirði** 47.
- Höskölðr Alfarinsson** 13.
- Höskuldsstaðir (Höskuldsár), bær á Snæfellsnesi norðanverðu** 13.
- Ingibjörg kona Ketils raums** 3, 9.
- Ingibjörg Ketilsdóttir raums** 9, 11, 25, 45.
- Ingjaldr Alfarinsson á Ingjaldshváli** 13—14.
- Ingjaldshváll, bær á Snæfellsnesi** 13—14, 18, 21, 26, 28, 32, 36, 46—47, 57.
- Ísland** 2, 13, 15, 19, 25, 32, 37, 39, 43, 47.
- Íslandshaf** 39.
- Jökull Hólmkellsson á Fossi** 13, 16—20, 22, 25, 29—32, 34—35, sbr. Fossverjar.
- Ketill raumr í Raumsdal** 3—5, 8—13, 24—25, 37, 39—40, 44—45, 47.
- Ketilssynir** 40, 47.
- Ketilriðr Hólmkelsdóttir** 14—16, 19, 22—29, 31—33, 35—36, 39—43, 45—53, 56—57.
- Kjölvör seiðkona í Hraunskarði** 22—23.
- Kumlahaugur (Kumlahrygg-**

- ir), örnefni á milli Keflavíkr og Hellu á Snæfellsnesi 36.
- Laugarbrekka** á Hellisvöllum, á Snæfellsnesi sunnanverðu 13.
- María** mæð 58.
- Noregr** 1—2, 13, 37, 39, 44, 57.
- Ólof** geisli Þórisdóttir jarls 2, 9—18, 26, 28, 36, 56.
- Óttarr** 17 (= Ólof geisli Þórisdóttir).
- Ragnhildr** Helgadóttir, Eiríkssonar 39, 57.
- Raumaríki** í Noregi 3, 8, 10, 25.
- Raumsdalr** í Noregi 44.
- Rogaland** 4.
- Sigmundur** Eiríksson jarls á Roglandi 6, 38.
- Sigurðr**, norrænn maðr 7—8.
- Sigurðr** hinn spaki Ketilsson raums 3, 25, 37—39, 43—45, 56—57.
- Snæfeilsás**, sjá Bárðr.
- Snæfellejökull** 4, 7,
- Snæfellsnes** 13, 37.
- Sogn** í Noregi 7.
- Steinólfr** (landnámsmaðr) í Hraunsdal & Mýrum 39, 46.
- Torráðr** 43 (= Trausti Þorgrímsson).
- Trausti Þorgrímsson** á Ingjaldshváli 14—15, 18, 20—24, 29—32, 34—37, 39, 42—45, 48—51, 54, 56—57, sbr. Hrafn og Torráðr.
- Váli** (hinn sterki) faðir Alfarins 13.
- Vandráðr** 43 (= Viglundr Þorgrímsson).
- Viglundr** hinn væni Þorgrímsson hins þrúða 14—16, 18—24, 26—27, 29—37, 39—45, 47—54, 56—57, sbr. Vandráðr og Örn.
- Þorbjörg** Einarsdóttir frá Laugarbrekku, kona Hólmkels á Fossi 13—14, 16, 19—22, 26, 29, 35—37, 39, 46.
- Þórðr** bóndi í Gautavík 46—47, sjá Helgi Eiríksson.
- Þorgeirr**, ritari Viglundarsögu 58.
- Þorgrímr** hinn þrúði Eiríksson jarls, bóndi á Ingjaldshváli 6—14, 16—25, 28—30, 32—39, 43—47, 56—57.
- Þorgrímssýnir** (= Trausti

og Viglundr hinn væni) 28—30, 32—39, 43—45, 56—57.	Þorleifr Steinólfsson í Hraunsdal 39, 46. Þórsneessþing 37.
Þórir hersir í Sogni 7.	
Þórir jarl í Noregi 2, 8— 13, 45.	Öndverðanes (Öndvert-nes) á Snæfellsnesi 38.
Þorkell skinnvefja á Dög- urðarnesi 24.	Örn stýrimaðr 49, 52—56 (=Viglundr Þórigrimsson).

Prentvillur og leiðréttingar.

- Bls. 1²: einvaldr, les: einvaldskonungur.
- Bls. 2⁸: hersir, les: jarl, því að það er samkvæmt öðrum stöðum sögunnar, þar sem hún nefnir Þóri jarl, enda stendr svo í sumum handritum, einmitt á þessum stað.
- Bls. 2²⁴: at, þar sem það stendr eitt út af fyrir sig, í þessari línu, ætti að falla burt.
- Bls. 6₂: kvöddu konung, les: kvöddu þeir konung.
- Bls. 10⁶: banda (hlökk banda, í 4. hendingu vísunnar), er tilgáta V. Á., fyrir: *landa*, sem stendr í texta-útgáfunnar 1860 (þar í vísunni, á bls. 54), og hefir Guðbrandr Vigfússon því álitid að *hlökk landa* væri hið rétta; en hvorugt verður skilið samkvæmt öðrum orðum og efni vísunnar, enda mun hér réttara *hauklanda*, sem finnst í tveim handritum sögunnar. Yrði þá *heimr hauklanda* líkl. = höfuð; verður það bezt skilið, með því að taka vísuna saman á þessa leið: Ek veit at glaðr gullhrings-gætir kveðr betr enn aðrir; — sá hljómr mun granda mér í heimi hauklanda (o: trylla höfuð mitt).
- Bls. 11₇: meiri, les: (meiri).
- Bls. 14²¹⁻²²: váru engir, les: váru þar engir, o. s. frv.
- Bls. 17¹¹: saumastofu, les: saumstofu.
- Bls. 23⁴: þau sáust með fyrsta, les: þau sáust (með) fyrsta.
- Bls. 24¹³: Eunn er sagt var, les: Eunn (er) sagt var.

- Bls. 25¹⁶: Jökull ok Einarr, les: Jökull (ok) Einarr.
 Bls. 26¹⁰: fullting, les: (full)ting.
 Bls. 27⁸: Þetta eru, les: þetta (eru).
 Bls. 27¹⁰: langan, les: langa.
 Bls. 27₄: (í vísunni): man orð, les: mun þú orð.
 Bls. 28⁴: Á Eptir orðunum: „enn gott þykkir mér hér at vera“, stendr eyða fyrir orði eða stuttri setningu í handritum sögunnar og í útg. 1860; ætti eyða sú einnig að vera sýnd í þessari útgáfu, því að engi orð standa þar frammar en í útg. 1860, er fylli eyðuna.
 Bls. 28⁵: verðr nú svá at vera, les: verðr nú (svá) at vera.
 Bls. 30₃: ok kvaðst þat ætla, les: ok kvaðst hann þat ætla.
 Bls. 32₈: ok gaf, les: (ok) gaf.
 Bls. 33₂: Þeir Þorgrímssynir, les: Þeir (Þorgrímssynir).
 Bls. 35₁₂: fellr, les: féll.
 Bls. 36₄: undirsæng, les: undir sæng.
 Bls. 36₄: mánuði, les: mánaði.
 Bls. 39¹³: ef því væri, les: ef (því) væri.
 Bls. 40²: Saumastofu, les: Saumstofu.
 Bls. 41¹⁴: Stóðum tvau í túni (fyrsta hending vísunnar), les: Stóðu vit tvau í túni.
 Bls. 44¹: mælti hann, les: segir hann.
-



PT
7260
I6A1
1891
v.6

Íslendinga sögur

PLEASE DO NOT REMOVE
CARDS OR SLIPS FROM THIS POCKET

UNIVERSITY OF TORONTO LIBRARY

